Frumvarp til fjárlaga

fyrir

árin 1898 og 1899.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1898 og 1899 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,266,400 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,003,600 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000.	17,000.	34,000.
b) á lausafje	28,000.	28,000.	56,000.
2. húsaskattur	4,800.	4,800.	9,600.
3. tekjuskattur	13,000.	13,000.	26,000.
4. aukatekjur	25,000.	25,000.	50,000.
5. erfðafjárskattur	2,000.	2,000.	4,000.
6. vitagjald	8,000.	8,000.	16,000.
7. gjöld fyrir leyfisbrjef. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.	2,000.	2,000.	4,000.
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2 % í innheimtulaun	40,000.	40,000.	80,000.
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	120,000.	120,000.	240,000.
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	70,000.	70,000.	140,000.
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	145,000.	145,000.	290,000.
12. tekjur af póstferðum	25,000.	25,000.	50,000.
13. óvissar tekjur	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	501,800.	501,800.	1,003,600.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 48,600 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls..... 9,000 —	23,000.	23,000.	46,000.
2. Tekjur af kirkjum	300.	300.	600.
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli,	1,000.	1,000.	2,000.
samtals...	24,300.	24,300.	48,600.

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	34,000.	34,000.	68,000.
Uppí lán verður borgað: á árinu 1898 25,854 kr. 02 a. - — 1899 23,095 — 40 - 48,949 kr. 42 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans..	5,000.	5,000.	10,000.
samtals...	39,000.	39,000.	78,000.

5. gr.

Ymislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000.	2,000.	4,000.
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna...	600.	600.	1,200.
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum ..	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	4,600.	4,600.	9,200.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 127,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000.	60,000.	120,000.
Aukatillag	4,500.	2,500.	7,000.
samtals...	64,500.	62,500.	127,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1898 og 1899 veitast til útgjalda 1,379,703 kr. 67 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1898: 12,400 kr., og árið 1899: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 310,686 kr. 67 a.

A.	1898.	1899.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	17,866. 67	17,900.	35,766. 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl. ..	3,800.	3,800.	7,600.
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun ..... 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður ..... 800 —			
	3,300.	3,300.	6,600.
	24,966. 67	25,000.	49,966. 67
flyt...	.....	.....	49,966. 67

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
fluttar...	.....	.....	49,966. 67
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,100.	68,100.	
b. til hreppstjóra.....	8,000.	8,000.	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík....	1,400.	1,400.	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
a. laun umsjónarmannsins ..... 1898. 1,000 kr. 1899. 1,000 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ..... 200 — 200 —			
þóknun handa dómkirkjuprestinum .... 100 — 100 —			
þóknun handa lækni 60 — 60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag. 1,225 — 1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e..... 230 — 230 —			
þvottur ..... 30 — 30 —			
til eldiviðar og ljósa 520 — 520 —			
útgjöld við byggingarnar sjálfa og áhöld. 400 — 400 —			
til þess að útvega verkefni ..... 500 — 500 —			
ýmisleg útgjöld..... 150 — 150 —			
4,415 kr. 4,415 kr.			
arður af verkum talinn..... 615 — 615 —			
3,800 kr. 3,800 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna ..... 1,400 — 300 —			
	5,200.	4,100.	
flyt...	82,700.	81,600.	49,966. 67

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
	fluttar...	82,700.	81,600.	49,966. 67
4.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn 1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn. 50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum 40 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl. ..... 60 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál ..... 3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál .... 300 —			
	g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk..... 150 —			
	h. útgjöld við sáttamál ..... 50 —	5,250.	5,250.	
	i. til að útvega eldtrausta járnskápa til amtmannsembættisins norðan og austan og til allra sýslumannsembætta í þeim ömtum, fyrra árið.....	1,000.		
		88,950.	86,850.	
	C.			175,800.
	Ýmisleg útgjöld:			
1.	til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
	b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrlna (30 arkir), 43 kr. örkin..... 2,580 —			
	c. til kostnaðar við sending með póstum ..... 350 —			
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina..... 1,200 —	4,580.	4,580.	
2.	endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.....	1,900.	1,900.	
3.	brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	900.	900.	
4.	styrkur til eflingar búnaði:			
	a. til búnaðarskóla:			
	1. til skólans í Ólafsdal ..... 2,500 kr.			
	2. til skólans á Hólum ..... 3,500 —			
	flyt... 6,000 kr.	7,380.	7,380.	225,766. 67

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
	fluttar...	6,000 kr.	7,380.	7,380.	225,766. 67
	3. til skólans á Eyðum	2,000 —			
	4. — — - Hvanneyri	2,000 —			
		10,000 kr.			
	b. til búnaðarfjelaga	15,000 —			
	c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins .	2,000 —			
	d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240 —			
			27,240.	27,240.	
5.	laun handa tveim dýralæknum		2,400.	2,400.	
6.	a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa	kr. 300			
	b. til eptirlitsferða	100			
	c. til vitans á Reykjanesi:				
	1. til launa vitamannsins ...	1,200			
	2. til að kaupa olíu	300			
	3. — — lampakveiki o. fl.	100			
	4. til að kaupa steinkol	150			
	5. til viðhalds á húsum og áhöldum	200			
	6. eptirgjald eptir lóðina....	30			
		1,980			
	d. til vita á Skagatá:				
	1. til vitamanns	400			
	2. til að kaupa olíu	150			
	3. — — lampakveiki o. fl.	50			
	4. til viðhalds á húsi og áhöldum.....	200			
		800			
	e. til vita við Gróttu:				
	1. til vitamanns	400			
	2. til að kaupa olíu	150			
	3. — — lampakveiki o. fl.	50			
	4. til viðhalds á húsi og áhöldum				
		760			
	f. til árlegra útgjalda við vita á Daltanga við Seyðisfjörð	500			
	þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.				
			4,440.	4,440.	
		flyt...	41,460.	41,460.	225,766. 67

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
fluttar...	41,460.	41,460.	225,766. 67
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000.	1,000.	
	42,460.	42,460.	84,920.
samtals...	.....	.....	310,686. 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 145,446 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	37,974.	37,974.	75,948.
2. styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnesssýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
flyt...	37,974.	37,974.	75,948.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	37,974.	37,974.	75,948.
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum, n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu. o. til læknis í Bólstaðahlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu; p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	16,000.	16,000.	32,000.
3. fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100.	100.	200.
4. fyrir 3 læknisferðir á ári til Eyjahrepps og Múla- og Gufudalshreppa í Barðastrandarsýslu, meðan þar er ekki skipaður aukalæknir	200.	200.	400
Styrkirnir undir 3. og 4. tölulið veitast með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.			
5. a. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000.	2,000.	4,000.
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi, hvort árið allt að 300 kr.	300.	300.	600.
6. styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík	1,000.	1,000.	2,000.
7. árs útgjöld við holdsveikraspítalann.....	4,250.	17,000.	21,250.
8. útgjöld við bólusetningar....	500.	500.	1,000.
9. önnur útgjöld: a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr. b. — — á Akureyri 400 — c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..... 24 —			
flyt... 1,624 kr.	62,324.	75,074.	137,398.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	62,324.	75,074.	137,398.
d. til náms yfirsetukvenna ..... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 400 —			
	4,024.	4,024.	8,048.
samtals...	66,348.	79,098.	145,446.

12. gr.

Til samgöngumála veitast 448,200 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... 2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum .... 6,700 —			
c. — brjefhirðingamönnum ..... 4,500 —			
	13,600.	13,600.	
2. póstflutningur.....	38,000.	38,000.	
3. önnur útgjöld: 1898. 1899.			
kr. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans 1,800 1,800			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1 ‰ um 200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama..... 200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu..... 800 800			
e. til áhalda 1,200 1,200			
f. 1 brjefberi í Reykjavík..... 100 100			
g. óviss útgjöld 200 200			
	4,500.	4,500.	
samtals...	56,100.	56,100.	112,200.
B.			
Til vegabóta:			
a. til verkfræðings til aðstoðar land-			
flyt...	.....	.....	112,200.

	kr.	kr.	1898. kr.	1899. kr.	alls. kr.
fluttar...			.....	.....	112,200.
stjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur;					
1. laun.....	3,000				
2. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandskipum	500				
		3,500			
b. til flutningabrauta		50,000			
c. til þjóðvega		25,000			
d. til fjallvega		3,500			
			82,000.	82,000.	
					164,000.
C.					
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags			35,000.	35,000.	
2. Til gufubátaferða:		kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að.....		7,500			
b. í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa, allt að		10,000			
c. í Norðlendingafjórðungi, allt að...		10,000			
d. í Austfirðingafjórðungi, allt að ...		6,000			
Styrkurinn undir stafliðunum a—d greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti $^1/_4$ á móti $^3/_4$ úr landssjóði, og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.					
			33,500.	33,500.	
			68,500.	68,500.	
D.					137,000.
Til frjettaþráðar milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, allt að			.....	35,000.	35,000.
samtals...			.....	.....	448,200.

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 316,771 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,000.	9,500.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	2,000.	2,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600.	600.	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200.	200.	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000.	3,000.	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000.	1,000.	
7. til að útvega harmóníum í Vestmannaeyja kirkju	350.		
	23,150.	23,300.	46,450.
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,200.	9,200.	
b. önnur útgjöld:			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1898 og 16 1899, 80 kr. handa hverjum. 1898. 960 kr. 1899. 1,280 kr.			
2. ölmusustyrkur. 800 — 1,000 —			
3. til tímakennslu. 100 — 100 —			
4. til bókakaupa.. 300 — 300 —			
5. til eldiviðar og ljósa..... 100 — 100 —			
6. til umsjónar... 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld 250 — 250 —			
flyt... 2,610 kr. 3,130 kr.	9,200.	9,200.	46,450.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
	1898. 1899.		
fluttar...	2,610 kr. 3,130 kr.	9,200.	9,200.	46,450.
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum 25 kr. fyrir örkina, allt að...	250 — 250 —	2,860.	3,380.	
		12,060.	12,580.	
II. til læknaskólans.				24,640.
a. laun		3,200.	3,200.	
b. önnur útgjöld:	1898. 1899.			
1. 6 ölmusur, 200 kr. hver.....	1,200 kr. 1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	150 — 150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	800 — 500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum ...	300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum.	1,280 — 1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að...	200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld.	100 — 100 —	4,130.	3,830.	
		7,330.	7,030.	
III. til hins lærða skóla:				14,360.
a. laun		19,200.	19,200.	
b. aðstoðarfje:				
handa söngkennaranum	600 kr.			
— fimleikakennaranum ...	700 —			
— dyraverði	1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	200 —	2,500.	2,500.	
	fluttar...	21,700.	21,700.	85,450.

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...	21,700.	21,700.	85,450.
c. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan .	9,345 —	1,400 —			
4. til tímakennslu.	1,700 —	1,700 —			
5. ölmusur.....	5,000 —	5,000 —			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum.	720 —	720 —			
7. þóknun handa lækni.....	100 —	100 —			
8. ýmisleg útgjöld	800 —	800 —			
9. fyrir prestsverk.	48 —	48 —			
10. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu.	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði..	400 —	400 —			
11. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina ...	600 —	600 —			
12. til áhalda við leikfimiskennslu	200 —	200			
13. styrkur handa leikfimiskennaranum til þess að fullkomnast í kennslugrein sinni í Danmörku	1,000 —				
			22,033.	13,088.	
			43,733.	34,788.	
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					78,521.
a. laun			6,600.	6,600.	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
flyt...	400 kr.	400 kr.	6,600.	6,600,	163,971.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
	1898.	1899.	
fluttar...	400 kr.	400 kr.	6,600.	6,600.	163,971.
2. til eldiviðar og ljósa	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan..	200 —	200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum....	400 —	400 —			
			2,000.	2,000.	
			8,600.	8,600.	17,200.
V. til stýrimannaskólans:					
a. laun			2,500.	3,000.	
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakennslu.	1,000 kr.	1,000 kr.			
2. til áhaldakaupa o. fl.....	600 —	200 —			
3. til eldiviðar og ljósa.....	400 —	400 —			
4. til húsnæðis ...	200 —				
5. til að byggja skólahús .....17,000 —					
6. ýmisleg útgjöld	200 —	300 —			
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara, fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans.	600 —				
			20,000.	1,900.	
			22,500.	4,900.	27,400.
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík, þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.		1,800 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey		1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi		1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi		2,000 —			
			6,200.	6,200.	
		flyt...	6,200.	6,200.	208,571.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	6,200.	6,200.	208,571.
Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.			
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum, öðrum en kaupstöðum	4,500.	4,500.	
Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.			
2. til sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers.	5,500.	5,500.	
Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.			
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500.	2,500.	
d. til kennarafræðslu.....	2,200.	2,200.	
e. til skólaiðnaðar-kennslu	500.	500.	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000.	1,000.	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....	300.	300.	
h. til kennslu heyrnar- og málleysingja	5,000.	5,000.	
i. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja...	150.	150.	
	27,850.	27,850.	55,700.
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík.....	200.	200.	
Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.			
b. til sundkennslu annarsstaðar	1,000.	1.000.	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.			
	1,200.	1,200.	2,400.
flyt...	.....	.....	266,671.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	.....	.....	266,671.
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,800.	1,800.	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	1,000.	1,000.	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	3,000.	3,000.	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450.	450.	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300.	300.	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600.	600.	
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500.	1,500.	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	500.	500.	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.			
4. til þjóðvinafjelagsins	750.	750.	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —	1,400.	1,400.	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800.	800.	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800.	800.	
flyt...	12,900.	12,900.	266,671.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	12,900.	12,900.	266,671.
8. styrkur til kennara Dr. phil. Þorv. Thóroddsen til að halda áfram safni til jarðfræðislýsingar Íslands og til að undirbúa ritið 1,000 kr. hvort árið	1,000.	1,000.	
9. til fornleifafjelagsins	300.	300.	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til náttúrufræðisfjelagsins	500.	500.	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.			
11. styrkur til kand. mag. Boga Melsteð til að safna til sögu Íslands	600.	600.	
12. til sjera Matthíasar Jochumssonar	600.	600.	
13. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800.	800.	
14. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði.	600.	600.	
15. til þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	600.	600.	
16. til rektors Jóns Þorkelssonar til útgáfu orðasafns 30 kr. fyrir örkina, allt að	300.	300.	
17. til kand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiski veiðarannsókna	1,000.	1,000.	
18. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	600.	600.	
19. til Jóh. Nordals og Ísaks Jónssonar fyrir kostnað við ferð þeirra fra Vesturheimi til Íslands 1894 til þess að leiðbeina mönnum við byggingu og not íshúsa, 500 kr. handa hvorum	1,000.		
20. styrkur til Ísaks Jónssonar fyrir að leiðbeina mönnum á Íslandi við byggingu og notkun íshúsa	500.	500.	
21. styrkur til Otta Guðmundssonar til þess að kynnast erlendis skipasmíðum	1,000.		
22. styrkur til timburmanns Guðmundar Jakobssonar til þess að kynna sjer erlendis byggingarháttu og byggingarefni, er helzt mætti nota við byggingu sveitabæja á Íslandi	1,500.		
flyt...	23,800.	20,300.	266,671.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	23,800.	20,300.	266,671.
23. styrkur til kand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi og til vísindaiðkana	2,500.	2,500.	
24. styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar til að safna og gefa út íslenzka þjóðsöngva	1,000.		
	27,300.	22,800.	50,100.
samtals...	.....	.....	316,771

14. gr.

Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 84,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjóhnsen 300 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til frökен Sigríðar Árnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 113,303 kr. 67 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þessi eru vaxtalaus 5 fyrstu árin, en ávaxtast síðan með $3^1/_2$ %, og endurborgast á 10 árum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi virðingarverðs, sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 4,000 kr. til hvers skips.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

I. kafli.

Tekjur.

Við 2. gr.

1. a. og b.: Ábúðar- og lausafjárskattur. Skattar þessir hafa á 5 ára tímabilinu 1891—95 numið að meðaltali 18,095 kr. 38 a. hinn fyrnefndi og 27,957 kr. hinn síðarnefndi á ári, og á 3 ára tímabilinu 1893—95 að meðaltali 17,345 kr. 81 e. og 28,063 kr. 47 a. á ári, virðist því mega telja hinn fyrnefndna 17,000 kr. og hinn síðarnefnda 28,000 kr. hvort árið.

2. Húsaskattinn, sem stöðugt eykst um hjerumbil 200 kr. á ári, og á 3 ára tímabilinu 1893—95 hefur numið að meðaltali 4,650 kr. 80 a. á ári (árið 1895 4,854 kr.), virðist mega telja 4,800 kr. hvort árið.

3. Tekjuskattinn, sem á 5 ára tímabilinu 1891—95 hefur numið 13,814 kr. 56 a. að meðaltali á ári og 3 árin 1893—95, 13,863 kr. 91 e., virðist mega telja eins og á fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897, 13,000 kr. hvort árið.

4. Aukatekjur hafa á 5 ára tímabilinu 1891—95 numið að meðaltali 25,228 kr. 10 a. og á 3 ára tímabilinu 1893—95 26,938 kr. 76 a. að meðaltali á ári. Þótt enn þá sje ekki fullreynt, hvaða áhrif lög um aukatekjur til landssjóðs 2. febrúar 1894 hafi á þessa tekjugrein, virðist þó mega telja þær 25,000 kr. hvort árið.

6. Vitagjald, er á árunum 1891—95 hefur numið 7,544 kr. 15 a. að meðaltali á ári, og síðustu 3 árin að meðaltali 8,495 kr. á ári, þykir mega telja 8,000 kr. hvort árið.

7. Gjöld fyrir leyfisbrjef hafa árin 1891—95 numið að meðaltali 2,496 kr. 91 e. á ári og árin 1893—95 2,809 kr. 11 a.; en af því tekjugrein þessi er mjög mismunandi, þykir eigi rjett að telja hana hærri en á núgildandi fjárlögum, 2,000 kr. hvort árið.

8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m. hefur á árunum 1891—95, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 42,421 kr. 98 a. á ári, og á 3 ára tímabilinu 1893—95 að meðaltali 49,063 kr. 12 a. Tekjugrein þessi fer að miklu leyti eptir síldarveiðunum, en þær eru mjög stopular, og þykir því ekki rjett að telja hana hærri en 40,000 kr. hvort árið 1898 og 1899.

9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum hefur á árunum 1891—95, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 121,258 kr. 40 a. á ári og árin 1893—95

124,775 kr. 67 a. á ári, þykir því mega telja það 120,000 kr. hvort árið 1898 og 1899.

10. Aðflutningsgjald af tóbaki hefur á 5 ára tímabilinu 1891—95, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið að meðaltali 64,482 kr. 82 a. á ári og á 3 ára tímabilinu 1893—95 69,454 kr. 22 a. á ári. Þareð tekjugrein þessi virðist stöðugt vaxa, — 1895 var hún 74,580 kr. 13 a., — þykir mega telja hana 70,000 kr. hvort árið, eða 5,000 kr. hærri en á núgildandi fjárlögum.

11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, sem á 5 ára tímabilinu 1891—95, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, hefur numið að meðaltali 141,268 kr. 14 a. á ári. og á 3 ára tímabilinu 1893—95 149,791 kr. 88 a. á ári, þykir mega telja 145,000 kr. hvort árið 1898 og 1899.

12. Tekjur af póstferðum, sem á 5 ára tímabilinu 1891—95 hafa numið að meðaltali 24,715 kr. 53 a. á ári og á 3 ára tímabilinu 1893—95 26,836 kr. 77 a. ár hvert, virðist mega telja eins og á núgildandi fjárlögum, 25,000 kr. hvort árið.

13. Ovissar tekjur hafa á 5 ára tímabilinu 1891—95 numið 4,294 kr. að meðaltali á ári, en þareð hækkun þessarar tekjugreinar stafar af sektum fyrir ólöglegar fiskiveiðar o. fl., er útlendir fiskimenn hafa verið í dæmdir, og eigi er hægt að ætla á, að slíkt viðhaldist eptirleiðis, er hjer farið fram á, að telja tekjur þessar, einsog á núgildandi fjárlögum, 2,000 kr. hvort árið.

Við 3. gr.

1. Tekjur af fasteignum landssjóðs hafa á 5 ára tímabilinu 1891—95, að frádregnum umboðslaunum o. fl., numið að meðaltali 27,603 kr. 35 a. á ári, en árið 1895 voru þær aðeins 25,772 kr. 41 a., og þareð þegar hafa verið seldar allmargar landssjóðsjarðir á yfirstandandi fjárhagstímabili og líkur eru til að ennþá fleiri verði seldar, virðist eigi rjett að telja þessar tekjur hærri en 32,000 kr. ÷ 9,000 = 23,000 kr. hvort árið.

2. og 3. Tekjugreinir þessar eru taldar einsog á núgildandi fjárlögum, og skal þess jafnframt getið, að ennþá er engin reynsla fengin fyrir því, hve miklum tekjum landssjóður muni geta vonast eptir af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli.

Við 4. gr.

1. Hjer skal sýnt yfirlit yfir tekjur þær, sem ætla má að landssjóður hafi af viðlagasjóði árin 1898 og 1899:

	1898.	1899.
1) Leigur af 3½ % ríkissuldabrjefum, samkvæmt innritunarskýrteini að upphæð: 207,800 kr.	7.273 kr. 00 a.	7,273 kr. 00 a.
2) a) Leigur af skuldabrjefum, sem hljóða uppá afborgun ..... (Eptirstöðva-eign 31/12 97: 339,739 kr. 47 a.).	13,557 — 95 -	12,729 — 59 -
b) Leigur af láni til þilskipakaupa til fiskiveiða..... (Eptirstöðva-eign 31/12 97: 11,857 kr. 21 a.).	430 — 56 -	337 — 91 -
flyt...	21,261 kr. 51 a.	20,340 kr. 50 a.

	1898.	1899.
fluttar...	21,261 kr. 51 a.	20,340 kr. 50 a.
c) Leigur af hallærislánum ..... Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 97: 1,140 kr. 19 a.).	45 — 61 -	» — » -
d) Leigur af skuldabrjefum með veði í seldum þjóðjörðum ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 97: 53,423 kr. 15 a.).	2,136 — 93 -	2,087 — 39 -
e) Leigur af láni til brúargjörðar yfir Ölvesá..... ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 97: 19,484 kr. 16 a.).	779 — 37 -	771 — 93 -
3) Leigur af skuldabrjefum með hálfs árs uppsagnarfresti ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}$ 96: 266,901 kr.)	10,676 — 04 -	10,676 — 04 -
alls...	34,899 kr. 46 a.	33,875 kr. 86 a.

Tekjur þessar virðist því mega telja 34,000 kr. hvort árið.

Af skuldabrjefum þeim, sem nefnd eru í 2. lið, verða á árunum 1898 og 1899, samkvæmt ákvæðum þeirra borgaðar þessar fjárupphæðir:

	1898.	1899.
af þeim er taldar eru við a.....	20,822 kr. 25 a.	20,361 kr. 76 a.
— — — b.	2,467 — 07 -	1,252 — 15 -
— — — c.....	1,140 — 19 -	» — » -
— — — d.....	1,238 — 63 -	1,288 — 17 -
— — — e.....	185 — 88 -	193 — 32 -
alls...	25,854 kr. 02 -	23,095 kr. 40 a.

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer fullkomna skrá, er landfógeti hefur samið yfir þessi skuldabrjef, og skýrir frá upphæðum hinna einstöku lána, afborgunarskilmálum o. fl.

2. Smbr. athugasemdirnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895.

Við 5. gr.

Upphæðir þær, sem hjer eru taldar undir 1.—3. lið, sem sje það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum $^{27}/_{2}$ 1880, endurgjald skyndilána til embættismanna og endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum, þykir mega telja eins og á fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871: Aukatillagið verður 1898: 4,500 kr. og 1899: 2,500 kr. Af þessum tekjugreinum greiðast fyrirfram útgjöldin í 8. gr. til hinnar æðstu stjórnar innanlands og til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1899; og eru síðast töldu gjöldin með sjerstökum konungsúrskurði 13. apríl þ. á. ákveðin 2,000 kr.

2. kafli.

Gjöld.

Við 8. og 9. gr.

Gjöldin í þessum greinum eru talin eins og að undanförnu.

Við 10. gr.

Þessi gr. liðast sundur á þessa leið:

	1898.	1899.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu, laun ..... 5,000 kr. viðbót fyrir hann sjálfan ..... 1,000 —	6,000.	6,000.	12,000.
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, laun	5,000.	5,000.	10,000.
Landfógetinn á Íslandi, skipaður 18. febr. 1861, laun ..... 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 1,600 —	5,100.	5,100.	10,200.
Skrifarinn við landshöfðingjaembættið, skipaður 28. febrúar 1896	1,766. 67	1,800.	3,566. 67
samtals...	17,866. 67	17,900.	35,766. 67

Laun þeirra 3 embættismanna, sem fyrst voru nefndir, eru talin samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. oktbr. 1875, 9. og 11. gr., og lögum um breyting á þeim lögum 9. des. 1889 2., 3. og 7. gr., smbr. fjárlög fyrir árin 1894 og 1895 og athugasemd við 10. gr. A. 1. frumvarpsins.

Með tilliti til viðbótar þeirrar (1,100 kr.), sem talin er landfógetanum samkvæmt 7. gr., 3. tölulið í lögunum frá 1875, skal þess getið, jafnframt og vísað er til athugasemdanna við 10. gr. A. 1. í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, að hann samkvæmt hinum fyrri launaákvörðunum hefði verið búinn að ná 5,100 kr. launum 1. marz 1881.

Laun landshöfðingjaskrifarans eru talin samkvæmt konungsúrskurði 29. júní 1872, og skal þess getið, að embættismanni þessum, sem skipaður er 28. febrúar 1896, bera 1,800 kr. í árslaun frá 1. marz 1898 að telja.

A. 2. Í þessari grein er talið:

1. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu	1,400 kr. árlega
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu	1,000 — —
3. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa landfógeta	1,000 — —
4. þóknun til sama fyrir að taka við póstávísana-upphæðum þeim, sem borgaðar eru í jarðabókarsjóð Íslands, og fyrir ábyrgð þá, sem er þessu samfara, ef honum mistelst	200 — —
5. útgjöld til yfirskattanefnda og við virðingar til að ákveða húsaskatt	200 — —
	3,800 kr. árlega.

Endurgjöldin fyrir skrifstofukostnað eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 14. gr. Um 4. og 5. lið skal vísað til athugasemdanna þar um á fjárlagafrumvörpunum fyrir 1876—77 og 1888–89.

A. 3. a og b. Þessi liður er eins og í fjárlögunum fyrir 1896 og 1897.

B. 1. a. Þessi útgjöld liðast þannig sundur:

	1898.	1899.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Forstjórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 16. apríl 1889, laun ..... 4,800 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 1,000 —	5,800.	5,800.	11,600.
Fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður s. d., laun ..... 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 500 —	4,000.	4,000.	8,000.
Annar dómandi í sama rjetti, skipaður 9. ágúst 1889, laun ..... 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 500 —	4,000.	4,000.	8,000.
Bæjarfógetinn í Reykjavík, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Árnessýslu, laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, laun	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, laun.....	3,500.	3,500.	7,000,
Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, laun	3,000.	3,000.	6,000.
flyt...	39,800.	39,800.	79,600.

	1898.	1899.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	39,800.	39,800.	79,600.
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn í Ísafjarðar kaupstað, laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, laun.....	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetinn í Akureyrar kaupstað, laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu, laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 300 —	3,300.	3,300.	6,600.
Sýslumaðurinn í Dalasýslu, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Barðarstrandarsýslu, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Strandasýslu, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu, laun	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	68,100.	68,100.	136,200.

Laun og viðbót forstjórans og dómendanna í yfirrjettinum eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 10. gr., og lögum um breyting á þeim lögum 9. des. 1889, 3. og 7. gr., en laun sýslumanna og bæjarfógeta samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, 4., 5. og 7, gr., sbr. lög 24. oktbr. 1879, lög 8. nóvbr. 1883 og lög 8. maí 1894.

B. 1. b. Af því lög nr. 33, 13. desember 1895, hækka laun hreppstjóra úr landssjóði, er farið fram á, að liður þessi verði hækkaður um 2000 kr. á ári eða upp í 8000 krónur.

B. 2. Upphæð þessi er talin eins og í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 og eptirfylgjandi fjárlögum.

B. 3. a—b. Þessar upphæðir eru taldar einsog á núgildandi fjárlögum, nema að því leyti, að árslaun umsjónarmannsins eru talin 200 kr. meiri, en því er þannig varið, að 4. og 5. gr. laga nr. 28, 8. nóvember 1895, kveða svo á, að greiða skuli hjereptir úr landssjóði þann hlauta launa hans, 200 kr., er samkvæmt brjefi dómsmálastjórnarráðsins 21. febrúar 1874, smbr. 6. gr. tilskipunar 4. marz 1871, hefur verið greiddur úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins og bæjarsjóði Reykjavíkur.

B. 3. c. Samkvæmt 4. gr. nefndra laga 8. nóvember 1895 skal eptirleiðis greiða kostnað þann til fangelsanna, er 6. gr. tilskipunar 4. marz 1871 ræðir um, úr landssjóði og er því farið fram á, að gjaldliður þessi verði hækkaður um 200 kr. á ári. Auk þess er farið fram á 1,100 kr. viðauka 1898 til þess að gera við fangelsið á Eskifirði. Eptir skýrslu sýslumannsins í Suður-Múlasýslu er bráðnauðsynlegt, að rækilega sje gert við húsið, því í fellibyljum, er tíðir eru á Austurlandi, fjúka tígulsteinar opt úr þakinu, og því næst er grindin, borðklæðnaður utan og innan, gólf og lopt víða fúið, og verður því að setja nýtt í þess stað, og loks verður að gera við grunnmúrinn og útvega nýjar ofnpípur. Til þess að fá gott þak á húsið, virðist bezt að þekja það með galvaníseruðu járni í stað tígulsteina. Tveir byggingafróðir menn hafa gjört áætlun um kostnað við viðgjörðir þessar og talið hann alls 1,095 kr.

B. 4. a.—g. Þessir gjaldaliðir eru taldir eins og á núgildandi fjárlögum.

B. 4. h. 3. gr. laga nr. 28, 8. nóvember 1895, ákveður, að sáttamála kostnað, sem eptir 41. gr. tilskipunar 20. janúar 1797 hvílir á jafnaðarsjóðunum, skuli eptirleiðis greiða úr landssjóði, og er því undir þessum lið talin upphæð til þess. Hjer ræðir aðeins um kostnað við útvegun sáttanefndabóka og aðeins einstöku sinnum um ferðakostnaðarendurgjald til sáttanefndarmanna, og má því ætla, að 50 krónur á ári muni nægja.

B. 4. i. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefur sótt til amtmannsins í Norður- og Austuramtinu um, að embættinu yrði útvegaður eldtraustur járnskápur til þess að geyma í peninga og áríðandi skjöl og embættisbækur. Út af þessu hefur amtmaðurinn skýrt frá því, að slíkir járnskápar sjeu eigi til í neinni sýslu í ömtum hans og að amtmannsembættið sjálft sje eigi betur statt, því þar sje aðeins gamalt og ljelegt og alt of lítið járnskrín, og hefur hann jafnframt sótt um, að veittar verði 1000 kr. í eitt skipti, til þess að útvega amtmannsembættinu og 7 sýslum þeim, er undir það liggja (þar á meðal Austur-Skaptafellssýslu), eldtrausta peningaskápa, því hann telur þá ómissandi, bæði til þess að geyma í fje það, sem embættismenn þessir hafa í sínum vörzlum og stundum er æði mikið, sumpart landssjóðs tekjur sveita- og sýslusjóða, sumpart eignir opinberra stofnana, ómyndugra o. fl., og ennfremur til þess að varðveita áríðandi skjöl og embættisbækur, er mikill bagi væri að fyrir hið opinbera og aðra hlutaðeigendur, ef týndust í eldi. Landshöfðingi mælir með umsókninni og stjórnarráðið verður að álíta þessar ráðstafanir mjög æskilegar, er því hjer farið fram á, að nefnd upphæð verði veitt.

Við C.

1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur.

a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna. Með brjefi dómsmálastjórnarráðsins 17. júní 1874 var, samkvæmt konungsúrskurði 13. s. m., smbr. alþingistíðindin fyrir 1875 I. bls. 31—32, ákveðið, að þóknun fyrir útgáfu B. deildar stjórnartíðindanna skyldi vera 20 kr. fyrir örkina, allt að 300 krónum, og var gert ráð fyrir, að deildin að meðtöldum lands-

hagsskýrslunum — en til þess að semja þær voru veittar 300 krónur — mundi verða nálægt 15 örkum að stærð á ári. B-deild stjórnartíðindanna er nú ein sjer og án tillits til landshagsskýrslanna orðin helmingi stærri en áætlað var, og öll sanngirni mælir því með, að þóknun fyrir útgáfu ritsins sje hækkuð, og það því fremur sem þóknunin eigi aðeins er fyrir útgáfu B-deildarinnar, heldur einnig landshagsskýrslnanna, en á núgildandi fjárlögum er gert ráð fyrir, að þær einar verði 25 arkir að stærð. Stjórnarráðið fer því fram á, að upphæð sú, er til þess er veitt, verði hækkuð uppí 450 kr. á ári.

b. Til pappírs og prentunar B-deildarinnar og landshagsskýrslanna. B-deildin hefur 2 síðustu árin verið 30 arkir að stærð á ári og vegna ákvæðanna í lögum nr. 29, 8. nóvember 1895 um landshagsskýrslur, mun verða að stækka C-deildina svo, að hún verði að minnsta kosti 30 arkir á ári. Útgjöld til pappírs og prentunar beggja deildanna, 60 arkir alls og 43 kr. fyrir örkina, eru því talin 2,580 kr. hvort árið.

c. Til kostnaðar við sending með póstum. Liður þessi er talinn einsog á fjárlögunum fyrir núlíðandi fjárhagstímabil.

d. Þóknun fyrir að semja landhagsskýrslurnar ásamt prófarkalestri, 40 kr. fyrir örkina. Samkvæmt því, er undir lið b er sagt um stækkun skýrslnanna verður að hækka þennan gjaldlið upp í 1,200 kr. hvort árið.

2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir ónaðareyri undir embættisbrjef er talið einsog á núgildandi fjárlögum.

3. Brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar. Opinberar byggingar í Reykjavík eru nú samkvæmt lögum nr. 32, 13. desember 1895, tryggðar gegn eldsvoða með þeirra fulla verði í brunabótafjelagi kaupstaðanna í Danmörku, — en brunabótagjald fyrir þær er talið undir þessum gjaldlið — og hefur gjaldið við þessa breytingu lækkað svo, að gjöld þessi mun mega færa niður í 900 kr. hvort árið.

4. Styrkur til eflingar búnaði.

a. Styrkur til búnaðarskólanna. Styrkur þessi er talinn eins og fyrir árið 1897, smbr. athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

b. Styrkur til búnaðarfjelaga. Stjórnin fer fram á, að styrkur til fjelaganna, er stöðugt fjölga, verði hinn sami og í ár.

c. Styrkur til búnaðarfjelags Suðuramtsins, og

d. Styrkur handa Hermanni Jónassyni til að gefa út búnaðarrit.

Upphæðir þessar eru taldar eins og á núgildandi fjárlögum.

5. Laun tveggja dýralækna. Samkvæmt lögum nr. 22, 2. október 1891, eru hjer talin útgjöld til launa handa 2 dýralæknum, öðrum í Suður- og Vesturamtinu, og hinum í Norður- og Austuramtinu, 1,200 kr. handa hvorum, eða 2,400 kr. alls á ári, og skal þess jafnframt getið, að nú þegar, frá 1. nóvember f. á., er skipaður maður í hið fyrnefnda embætti, og að vænta má, að fyrir árslok verði skipað í hitt embættið.

6. a.—f. Til vita. Gjöldin undir þessum liðum, eru aðeins talin alls 80 kr. hærri en veitt var á núgildandi fjárlögum til ársútgalda við Reykjanesvitann og vitana á Skagatá, Gróttu og Dalatanga, en um sundurliðun þessara gjalda skal vísað til athugasemdanna við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897, er lagt verður fyrir alþingi; fjárveitingin til vitans á Dalatanga er óbreytt einsog á núgildandi fjárlögum, en hækkunin stafar af því, að eptir tillögum landshöfðingja hefur stjórnarráðinu virst óhjákvæmilegt að setja útgjöld til olíu og kolakaupa nokkru hærri, en vitaforstjórinn áætlar, því flutningskostnaðurinn er hærri en hann hefur gert ráð fyrir, enda hefur fje það, er til þessa hefur veitt verið og sem er jafnt því, sem hann hefur stungið uppá, reynzt ónógt.

7. Kostnaður við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði; gjald þetta er talið einsog að undanförnu.

Við 11. gr.

Útgjöld við læknaskipunina.

1. Þessi grein liðast í sundur á þennan hátt:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Landlæknirinn á Íslandi, að auki forstöðumaður læknaskólans í Reykjavík	4,000.	4,000.	8,000.
læknirinn í 1. læknishjeraði	1,900.	1,900.	3,800.
— í 2. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 3. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 4. —	1,900.	1,900.	3,800.
— í 5. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 6. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 540 —			
	2,440.	2,440.	4,880.
læknirinn í 7. læknishjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 8. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 9. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 10. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 11. —	1,900.	1,900.	3,800.
— í 12. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 13. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 14. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 15. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 484 —			
	2,384.	2,384.	4,768.
flyt...	29,524.	29,524.	59,048.

	1896.	1897.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	29,524.	29,524.	59,048.
læknirinn í 16. læknishjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 17. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 18. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 19. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 20. —			
laun..... 1,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann..... 950 —			
	2,450.	2,450.	4,900.
samtals...	37,974.	37,974.	75,948.

Laun landlæknisins eru talin samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1883. Laun læknanna eru talin samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeröðunum á Íslandi og fl., 15. oktbr. 1875, 3. gr., fyrsta kafla hennar, og fjárlögum fyrir 1888 og 1889.

2. Styrkur til 16 aukalækna. Þessi liður er óbreyttur einsog á núgildandi fjárlögum.

3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga.

4. Fyrir 3 læknisferðir á ári í Eyjahrepp o. fl.

5. a.—b. Styrkur og endurgjald ferðakostnaðar til augnalæknis Björns Ólafssonar.

Þessi gjöld eru einnig talin einsog á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

6. Styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík.

Kandídat frá læknaskólanum, Vilhelm Bernhöft, er í $1^1/_2$ ár hefur numið tannlækningar í Kaupmannahöfn og síðan haustið 1896 stundað þær lækningar í Reykjavík, og fengið hlutfallslegan part af ársstyrk þeim, 500 kr., er á núgildandi fjárlögum er veittur til tannlæknis þar, hefur nú sótt til landshöfðingja um, að styrkurinn verði hækkaður upp í 1,000 kr. á ári, og mælir landlæknir með umsókninni. Til stuðnings umsókninni telur hann, að hann hafi varið alt að 3,000 kr. til að setja sig niður sem tannlæknir, því tannlæknar þurfi að hafa mörg dýr verkfæri og áhöld, en af lækningum sínum hafi hann ekki svo miklar tekjur, að þær ásamt þeim 500 kr., sem nú eru veittur, nægi til þess að lifa áhyggjulausu lífi og fá inn aptur kostnaðinn við að koma sjer fyrir sem tannlæknir; að vísu hafi margir notið læknishjálpar hjá sjer, en bæði sje það, að margir af sjúklingunum sjeu svo fátækir, að þeir geti ekki greitt nema lítilfjörlega borgun, og hinsvegar sje borgun fyrir læknisstörf á Íslandi svo lág, í samanburði við borgun til lækna annarsstaðar, að enginn læknir, hvort sem hann stundar sjerstaka grein læknisfræðinnar eða ekki, geti lifað eingöngu á tekjunum fyrir læknisstörfin. Í umsögn sinni um umsóknina segir landlæknir, að nú sje svo komið, að nauðsynlegt sje, að lærður tannlæknir sje í Reykjavík, og að tannlæknir Bernhöft hafi sýnt dugnað í iðn sinni. Auk þess hefur hann staðfest þau ummæli umsækjandans, að styrkur sá, er nú er veittur, 500 kr., sje of lítil viðbót við tekjur þær, er vænta megi fyrir læknisstörfin, og jafnframt bent á, að styrkurinn til tannlæknisins sje of lítill í samanburði við styrk þann, er nú er veittur augnalæknunum

í Reykjavík. Landshöfðingi hefur einnig mælt með umsókninni, og fer stjórnarráðið því fram á, að fje það, er til þess þarf, verði veitt.

7. Útgjöld til holdsveikisspítala. Hjer skal þess aðeins getið, að fyrir 1898 er aðeins farið fram á að veita útgjöld þessi fyrir síðasta ársfjórðunginn, en að öðru leyti skal vísað til athugasemdanna við frumvarp til laga um búning og stjórn holdsveikisspítala.

8. Bólusetningarkostnaður. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 28, 8. nóvember 1895, skal greiða bólusetningarkostnað, sem ræðir um í konungsbrjefi 24. marz 1830, úr landssjóði. Til þess eru áætlaðar 500 kr. hvort árið.

9. a—e. Önnur útgjöld. Allar fjárupphæðir á þessum liðum eru taldar einsog á núgildandi fjárlögum.

Við 12. gr.

Útgjöld við póststjórnina.

1. Laun.

a. Laun póstmeistarans eru talin einsog að undanförnu.

b. Farið er fram á, að fjárupphæðin til launa póstafgreiðslu manna sje hækkuð um 500 kr. á ári eða uppí 6,700 kr. Að vísu var þessi liður hækkaður um 1,500 kr. á síðustu fjárlögum, en þó hefur eigi verið hægt að hækka laun allra póstafgreiðslumanna svo, að þau sjeu sanngjarnlega há, og það því síður sem störf þeirra aukast stöðugt, meðal annars fyrir þá sök, að póstferðum hefur verið fjölgað nýlega. Nauðsýn virðist því vera til þess, að þessi gjaldliður sje hækkaður, einsog hjer er farið fram á.

c. Fjárveitingin til launa brjefhirðingamanna var einnig hækkuð að mun á síðustu fjárlögum, en jafnframt var þeim fjölgað úr 115 uppí 140, og varð fjárveitingin því ónóg til sanngjarnra launa handa þeim. Stjórnarráðið leggur það því til, að gjaldliður þessi sje einnig hækkaður um 500 kr. á ári, eða uppí 4,500 kr.

2. Póstflutningur. Af því póstferðum hefur verið fjölgað og bætt við aukapóstum, verður ekki hjá því komizt að hækka gjöldin til póstflutninga um 1,000 kr. hvort árið.

3. Önnur útgjöld.

a. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans. Af því bæði póstskipsferðum og ferðum landpóstanna hefur verið fjölgað, hafa störf póstmeistarans aukizt að mun og virðist því sanngirni mæla með því, að bætt sje við skrifstofufje hans, er menn verða að játa, að nú er of lítið, og skal því eptir umsókn í þá átt farið fram á, að þessi útgjaldaliður verði hækkaður uppí 1,800 kr, á ári.

b. Endurgjald til póstmeistarans fyrir ábyrgð á mistalningi,

c. Fæðispeningar og ferðakostnaður sama,

d. Fyrir prentun á ýmsu.
Gjöld þessi eru talin einsog á núgildandi fjárlögum.

e. Til áhalda. Margir póstafgreiðslumenn hafa æskt þess, að þeim yrðu útvegaðar eldtraustar hirzlur til að geyma í peningasendingar og ábyrgðarbrjef, og hefur póstmeistarinn því sótt um, að fje til áhalda verði aukið svo, að smámsaman verði hægt að útvega járnskápa á helztu póstafgreiðslustaðina. Vegna þeirrar ábyrgðar, er póststjórnin ber á þessum sendingum, verður að álíta þessa ráðstöfun mjög æskilega, og er því farið fram á, að gjaldliður sá, er hjer ræðir um, sje talinn 1,200 kr. hvort árið.

f. Brjefberi í Reykjavík. Vegna þess hve póstferðir hafa aukizt, bæði á sjó og landi, verður að álíta að laun brjefberans í Reykjavík sjeu allt af lítil og er því hjer farið fram á, að þau sjeu hækkuð upp í 100 kr. á ári.

B.

Til Vegabóta.

A. 1. og 2. Laun vegfræðingsins eru talin einsog að undanförnu, en jafnframt er farið fram á, að undir sjerstökum staflið skuli veitt fje til ferðakostnaðar- og fæðispeninga handa honum á ferðum hans með strandferðaskipunum; því opt er það vafasamt til hvaða vegabóta eigi að telja slík útgjöld, t. d. þegar ferðin er gjörð vegna ýmiskonar vegagerða, eða sumpart vegna vegabóta, er landssjóðar kostar, og sumpart vegna vegabóta, er sveitasjóðir kosta.

B. c. og d. Hjer er farið fram á, að fjárveitingin til flutningabrauta verði hækkuð um 5,000 kr. á ári, upp í 50,000 kr., og fjárveitingin til fjallvega um 1,500 kr. á ári, uppí 3,500 kr., en til þjóðvega er fjárveitingin talin einsog á núgildandi fjárlögum. Landshöfðingi hefur skýrt frá því, að fyrirætlunin sje, að verja fjenu til flutningabrauta, sumpart til að að ljúka við flutningabrautina úr Reykjavík austur í Rangárvallasýslu, sumpart til flutningabrautarinnar frá Blönduós vestur eptir Húnavatnssýslu. Síðastliðið sumar voru lagðir um 10 kílometrar af hinni fyr nefndu braut eða rúmur helmingur af akveginum gegnum Flóann, og í sumar vonast menn eptir að ljúka við veginn austur að þjórsárbrúnni við Þjótanda. Til þess að ljúka við þessa flutningabraut verður þá enn að leggja veg gegnum Asahrepp í Rangárvallasýslu sem leið liggur frá þjórsárbrúnni að Ytri—Rangá; er sú veggajörð alveg nauðsynleg, til þess að brúin geti orðið Rangæingum og Skaptfellingum að tilætluðum notum. Fjeð til þjóðvega er ætlað til vegabóta, sumpart í Dala- og Mýrasýslum og sumpart á ýmsum stöðum í Norður- og Austuramtinu, t. d. á Vatnsskarði milli Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu og í Þingeyjar- og Suðurmúlasýslum. Úr ýmsum áttum hafa komið umsóknir um vegabætur á fjallvegum, sem æskilegt er að fullnægt yrði bráðlega, og er því farið fram á að hækka fjárveitinguna til þeirra.

C.

1. Gufuskipaferðir.

Stjórn hins sameinaða gufuskipafjelags í Kaupmannahöfn hefur sent stjónarráðinu tilboð um, frá ársbyrjun 1898 að halda uppi auknum gufuskipaferðum milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Islands, 19 ferðum á ári, og er frumvarp til ferðaáætlunar, er fjelagið býður, prentað hjer á eptir sem fylgiskjal 2.

2. Tilboðið er bundið því skilyrði að hætt verð við eimskipaútgerð þá á kostnað landssjóðs, er sett var á stofn með lögum 24. október 1895, og ætlar fjelagið að láta skipið »Vesta«, er það hefur leigt landssjóðs útgerðinni, ganga einsog nú, þannig að það sigli beina leið til Íslands og frá, fram hjá Færeyjum. Fyrir þessar auknu ferðir vill fjelagið fá 35,000 kr. styrk á ári auk þeirra 40,000 kr., er það nú fær frá hinni dönsku póststjórn, og hefur auk þess úskilið sjer, að samningur verði gjörður fyrir 5 ára tíma, en hvað tillagið úr landsjóði snertir, hefur stjórnarráðið ástæðu til að halda, að það mundi mega fá lækkað nokkuð.

Stjórnarráðinu virðist auðsætt, að gufuskipaferðir þær, sem hjer eru í boði, sjeu miklu betri en fyrirkomulag það, er nú er, þarsem tvær, hver annari óháðar útgerðir, önnur beinlínis á kostnað landssjóðs og hin með styrk af opinberu fje, keppa hvor við aðra. Í þessu efni skal bent á, að verði þessu tilboði tekið, losnar landssjóður við þá áhættu, er eimskipa útgerð á kostnað hans hlýtur að hafa í för með sjer, en hið fyrsta ár útgerðarinnar hefur sýnt og sannað, að þessi áhætta er talsverð, og að ætla má, að krðfum manna um tíðari og fljótari samgöngur við önnur lönd og stöðugri og vissari samgöngur innanlands geti orðið betur fullnægt, ef allar samgöngurnar eru á einni hendi og ferðum skipanna allra hagað eptir fyrirfram lögð ráði og án þess, að samkeppnin hafi nokkur áhrif á ferðalagið. Stjórnarráðinu virðist ferðaáætlunin, einsog hún er, uppfylla allar aðalkröfur í þessu efni, en aðvitað má breyta einstökum atriðum í henni, og skal þess getið, að sameinaða gufuskipafjelagið ætlar að senda fulltrúa fyrir sig í sumar til Íslands, er hafi umboð til að semja um slíkar breytingar við þingnefnd þá, er sett verður í þetta mál.

Verði fjárupphæð þessi veitt, fylgir þar með, að eimskipaútgerð á kostnað landssjóðs eptir lögum 25. október 1895 fellur burt, og verður því jafnframt lagt fyrir alþingi frumvarp til laga um, að nefnd lög skuli úr gildi numin.

C.

2. Gufubátaferðir.

Allar 4 fjárveitingarnar undir þessum lið eru óbreyttar einsog á núgildandi fjárlögum.

Hjer skal þess getið, að kaupmaður Thor E. Tulinius í Kaupmannahöfn, sem í fyrra hafði á hendi strandferðirnar undir staflið c. og d. í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi og að nýju í ár hefur gjört samning um strandferðir í báðum þessum landsfjórðungum, hefur sent stjórnarráðinu tilboð um að halda uppi strandferðum kringum landið með 2 gufuskipum, eptir ferðaáætlun, er hann ljet fylgja tilboðinu, og jafnframt boðizt til að halda uppi gufuskipsferðum á Faxaflóa. Bæði tilboðin eru bundin þeim skilyrðum, að gjörðir verði samningar fyrir 6 ár og að veittar verði 32,000 kr. á ári til hins fyrrra og 8000 kr. á ári til hins síðara. Landshöfðingja voru send tilboðin til umsagnar og skýrir hann frá því, að því er snertir gufubátsferðir á Faxaflóa, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög hafi nú gjört samning við norskan skipaútgerðarmann um þessar ferðir ásamt gufuskipaferðum meðfram suðurströnd landsins að Vík, og hafi það verið meiningin, að sá samningur hjeldist í 5 ár, ef fjárupphæð sú, er hingaðtil hefur veitt verið, yrði einnig veitt eptirleiðis. Landshöfðingi hefur ráðið frá því, að tilboðinu um að halda uppi strandferðunum sje tekið, og hefur hann talið til þess, sumpart að þær vart mundu gjöra það gagn, er ætlast væri til, og sumpart að áætlun þeirri, er í boði er, ekki gæti orðið fylgt.

D.

Til frjettaþráðar milli Íslands og útlanda

Eptir síðasta þing hafa úr tveimur áttum komið umsóknir til stjórnarráðs Íslands um einkaleyfi til að leggja frjettaþráð frá Íslandi yfir Færeyjar til Hjaltlandseyja (Shetlandseyjanna), og þvínæst að fá til þess styrk á ári hverju um tiltekinn áratíma. Umsóknirnar eru frá þeim herrum J. M. Mitchell og V. B. D. Cooper í London, og stóra norræna frjettaþráðafjelaginu (Det Store Nordiske Telegrafselskab) í Kaupmannahöfn. Hinir fyrnefndu sækja um í allt 9,000 £ á ári í 25 ár úr ríkissjóði Dana og landssjóði Íslands, og gera þeir ráð fyrir, að landssjóður borgi í minnsta lagi 2500 £ á ári af þessari upphæð. Í brjefi því, er fylgdi umsókninni, gefa þeir í skyn, að færi svo, að allt þetta fje fengist ekki í Danmörku og á Íslandi, mundu þeir ef til vill geta fengið það, er á vantaði, annarsstaðar. Stóra norræna frjettaþráðafjelagið sækir aðeins um þann hluta styrksins, sem það gerir ráð fyrir að greiddur verði úr landssjóði Íslands, og biðja þeir um 40,000 kr. á ári í 20 ár. Alþingi mun fá kost á að kynna sjer báðar umsóknirnar ásamt ýmsum fylgiskjölum, er fylgja hinni síðarnefndu.

Einsog skjölin bera með sjer er hjer af hálfu umsækjandanna aðeins gerð byrjun til að undirbúa mál þetta, og hvort það fái framgang, er sumpart undir því komið, hvernig löggjafar- og stjórnarvöldin í konungsríkinu taka í það, og sumpart undir því, hvort hægt verður að fá styrk annarsstaðar. Hvorugur umsækjandinn, englendingarnir eða stóra norræna frjettaþráðafjelagið, hafa ennþá gjört annað í þessu máli en að koma fram með þessar umsóknir, og stjórnarráðinu er ókunnugt um, hvort hinn fyrnefndi umsækjandi hafi nægt fje til umráða, til þess að koma þessu fyrirtæki fram.

Það er engum vafa bundið, að stóra norræna frjettaþráðafjelagið er svo efnum búið, að því er innan handar að koma þessu í verk, og bæði vegna þess, að það hefur nú líka að nýju tekið þetta mál upp, og hinsvegar vegna undirtekta þeirra, er málið fjekk á síðasta alþingi, hefur stjórnarráðinu virzt rjett nú þegar að leita fjárveitingar úr landssjóði, svo að það, ef annað verður ekki málinu að fótakefli, hafi þann árstyrk til taks til að bjóða fjelaginu eða hverjum öðrum, er vera skal, og fullnægir þeim skilyrðum, er sett verða. Styrk þennan virðist stjórnarráðinu ekki rjett að hafa hærri en 35,000 kr. á ári í 20 ár.

Stjórnarráðið hefur fengið vissu fyrir því, að stjórnarráð innanríkismálanna er fúst til að styðja að framgangi þessa máls, og ef til kemur að leita ríflegs ánsstyrks úr ríkissjóði, en álítur fyrir sitt leyti rjettast að sækja um styrk þennan til handa stóra norræna frjettaþráðafjelaginu, en telur þó ekki neitt því til fyrirstöðu, að fjárveiting þessi, að því er Ísland snertir, verði ekki fyrirfram bundin við neinn ákveðinn umsækjanda.

Fyr en 1899 verður, hvernig sem fer, mál þetta ekki komið svo vel á veg, að taka þurfi til fjárins, og er því ekki farið fram á ársstyrk fyr en síðara ár fjárhagstímabilsins

A.

A. a. Í þarfir andlegu stjettarinnar.

Árslaun biskups, er skipaður var 25. maí 1889, eru samkvæmt 8. gr. laga 15. oktbr. 1875 og 1. og 7. gr. laga 9. desbr. 1889: laun 5,000 kr., og viðbit fyrir sjálfan hann 2,000 kr.

A. b. 1. og 2. Fjárveitingar þessar eru taldar einsog á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, og skal því vísað til athugasemda við frumvarp til þeirra;

skal þess jafnframt getið, að ástæður þær, sem þar getur um, og það fer eptir, hve mikil tillögin til prestakalla eru og til bráðabirgðar uppbótar á fátækustu brauðunum, hafa ekki breyzt síðan.

A. b. 3. Eins og í síðustu fjárlögum.

A. b. 4. Smbr. athugasemdirnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 og fjárlög fyrir árin 1890 og 1891.

A. b. 5. Viðbótin við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum, er talin 3,000 kr.

A. b. 6. Eins og í síðustu fjárlögum.

A. b. 7. Eptir áskorun safnaðarfundar á Vestmannaeyjum hefur presturinn þar sótt um 600 kr. úr landssjóði, til að kaupa „harmonium“ handa kirkjunni á eyjunum, sem ekki á hljóðfæri, er brúkað verði við guðsþjónustugjörð, og ekki við því að búast, að organlejkarinn láni framvegis hljóðfæri, einsog hann hefur gjört hingaðtil, þareð þann þurfi nú að brúka það sjálfur; mæla stiptsyfirvöldin með umsókn þessari. Líkt og áður hefur gjört verið, er slíkar umsóknir hafa komið fyrir hönd annara landssjóðskirkna, smbr. 10 gr. C. 4. d. fjárlaganna fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, skal hjer eptir tillögum landshöfðingja farið fram á, að veitt verði fje til þessa, en þó ekki meir en 350 kr., þareð ætla má, að auðvelt sje að fá hljóðfæri, er hæfilegt sje handa kirkjunni, fyrir þá upphæð.

B.

I. Prestaskólinn.

a. Útgjöldin í þessari grein liðast í sundur eins og hjer segir:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Forstöðumaður prestaskólans: launa	4,000.	4,000.	8,000.
Fyrsti kennari við tjeðan skóla: laun	2,800.	2,800.	5,600.
Annar kennari við sama skóla: laun	2,400.	2,400.	4,800.
samtals...	9,200.	9,200.	18,400.

Launin eru tilfærð samkvæmt lögum 9. desbr. 1889 5. gr.

b. 1. Nemendur á prestaskólanum hafa að vísu þetta fjárhagstímabil ekki verið eins margir og búizt var við, þegar húsaleigustyrkur var veitur til þessara tveggja ára, en af því nú eru svo margir lærisveinar í lærða skólanum, og gera má ráð fyrir, að 5—6 verði að ljúka prófi við skólann á ári til þess að fylla uppí skörðin eptir presta, er deyja eða á annan hátt fara úr embætti, má ætla, að nemendum fjölgi svo aptur á næsta fjárhagstímabili, að þeir verði eins margir og gjört var ráð fyrir á fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897, og fer stjórnarráðið því fram á, að fjárveitingin til húsaleigustyrks fyrir árin 1898 og 1899 verði talin einsog fyrir nefnd 2 ár.

b. 2. Verði nemendur á prestaskólanum eins margir og gert er ráð fyrir hjer að framan, virðist mjög æskilegt, að ölmusustyrkurinn yrði aukinn. Í brjefi til stiptsyfirvaldanna hefur forstöðumaður skólans bent á, að verði ölmusustyrkurinn ekki aukinn verði styrkveitingarnar til hvers nemanda svo lágar, að námið verði dýrara við skólann en við Kaupmannahafnar háskóla, og mundi af því leiða, að nálega þeir einir stúdentar færu á skólann, er hefðu svo lága einkunn, að þeir gætu ekki farið á háskólann, en það mundi vera skaðlegt bæði fyrir prestaskólann sjálfan og fyrir hina íslenzku prestastjett. Stiptsyfirvöldin og landshöfðingi hafa verið þessu samdóma og hafa því mælt með, að ölmusustyrkurinn verði aukinn, og er því farið fram á, að á þessum lið verði veittar 800 kr. fyrir árið 1898 og 1,000 kr. fyrir 1899.

b. 3—8. Gjöldin í þessum liðum eru talin einsog í fjárlögunum fyrir 1896 og 1897, og skal þess getið, að þar sem hjer er farið fram á, að gjaldliður 7., ýmisleg útgjöld, er var hækkaður 1895, skuli talinn einsog þá, þótt eigi sje að gera ráð fyrir aukaútgjöldum þeim, er þá voru talin (til þess að járnklæða stafna og suðurhlið skólahússins), þá er því þannig varið, að fyrst og fremst þarf talsvert fje til viðhalds hússins, og svo er í ráði að gefa út minningarrit við 50 ára afmæli skólans 1898, er segi frá starfi hans þau 50 árin, en kostnað við það yrði að greiða af þessum gjaldlið, og yrði þá svo lítið eptir til viðhaldsútgjalda, að úr þyrfti að bæta næsta ár. Forstöðumaður skólans hefur ennfremur látið þá ósk sína í ljósi, að þetta minningarrit gæti orðið byrjun þess, að eptirleiðis yrði á ári hverju gefin út prentuð skýrsla um starf skólans á umliðnu ári, en því verður ekki komið við, nema þessi gjaldliður verði talinn einsog hjer er farið fram á.

II. Læknaskólinn.

a. Utgjöldin á þessum gjaldlið liðast sundur á þennan hátt:

Þóknun sú, sem veitt er lækninum í fyrsta læknishjeraði fyrir kennslu á skólanum, nemur samkvæmt lögum 11. febrúar 1876.....	800 kr.
Laun hins fasta kennara eru samkvæmt lögum 8. nóvember 1883	2,400 —
alls á ári...	3,200 kr.

b. 1. Af því aðsókn er svo mikil að læknaskólanum — nú eru þar 13 nemendur og næsta ár má búast við, að þar verði 15 eða 16 —, virðist nauðsyn bera til þess, að fjárveitingin til ölmusustyrks verði aukin. Þótt í raun og veru væri mjög æskilegt, að fjárveiting þessi yrði hækkuð miklu meir, skal þó ekki farið fram á meira, en að hún verði færð upp í 1,200 kr. hvort árið.

b. 2. Einsog á núgildandi fjárlögum.

b. 3. Forstöðumaður læknaskólans hefur sótt um, og stiptsyfirvöldin mælt með því, að fjárveitingin til bóka- og verkfærakaupa verði hækkuð uppí 800 kr. fyrir árið 1898 og 1,000 kr. fyrir 1899, svo að skólinn geti haldið útlend læknisfræðis-tímarit handa nemendunum, og til þess að hægt sje að kaupa nokkur verkfæri, sjerstaklega líkskurðarverkfæri, er skólann nú vantar, og loks til þess að kaupa glerílát til að geyma í læknisfræðisleg „præparöt“. Stjórnarráðið verður að telja þessar kröfur rökstuddar, og fer því eptir tillögum landshöfðingja fram á, að gjaldliður þessi verði hækkaður einsog forstöðumaður læknaskólans leggur til.

b. 4. Þessi liður er óbreyttur einsog á núgildandi fjárlögum.

b. 5. Einsog að framan er sagt er aðsókn mikil að skólanum, og þykir því nauðsyn bera til að fjölga húsaleigustyrknum upp í 16 skammta hvort árið einsog hjer er farið fram á.

b. 6—8. Þessi gjöld eru talin einsog á fjárlögunum fyrir 1896 og 1897.

III. Hinn lærði skóli.

a. laun.

forstjóri hins lærða skóla	3,600 kr.
yfirkennarinn	3,200 —
fyrsti kennari	2,800 —
annar kennari	2,800 —
þriðji kennari	2,400 —
fjórði kennari	2,400 —
fimmti kennari	2,000 —
samtals...	19,200 kr.

Launin eru talin eptir lögum 9. desbr. 1889, 6. gr.

b. Þóknun handa söngkennara, fimleikakennara og dyraverði er óbreytt, en eptir tillögum rektors, er stiptsyfirvöldin og landshöfðingi mæla með, er farið fram á, að hjer verði veitt þóknun fyrir yfirumsjón með skólahúsinn og áhöldum skólans líkt og gjört var á fyrri ára fjárlögum frá 1882—83 þangað til 1894—95. Við umræður fjárlagafrumvarpsins fyrir 1896 og 1897 var þessi þóknun, að upphæð 300 kr. felld burt, og var það byggt á því, að svo yrði að líta á málið, að þessi yfirumsjón væri ein af embættisskyldum rektors. En í álitsgerð sinni um fjárhagsáætlun fyrir skólann næsta fjárhagstímabil hefur rektor haldið því fram, að aðrar embættisskyldur sínar gefi sjer ekki tíma til að hafa, einsog vera bæri, stöðugt og nákvæmt eptirlit með hinum margvíslegu áhöldum skólans, að sjá um og líta eptir öllum aðgerðum og að annast kaup og útvegun á öllum nauðsynjum skólans, enda álítur hann sjer ekki skylt að taka þessi störf að sjer, þareð þau ekki hafi heyrt undir rektorsembættið, þegar hann var skipaður í það. Stjórnarráðið getur fallizt á það, er að framan er sagt, og fer því fram á, að þóknunin verði veitt að nýju, en þó þannig, að hún verði ákveðin 200 kr. á ári.

c. Önnur útgjöld. Skólalæknirinn hefur vakið eptirtekt manna á því, að heilsufar væri verra í skólanum, en æskilegt væri, og sjerstaklega á því, að brjóstveiki væri algengari meðal lærisveina skólans en annara manna á sama aldri. Læknirinn hyggur, að þetta sje að kenna ýmsum göllum á skólahúsinu og úthýsum, telur hann þar til, að kennslustofurnar, sem bæði eru brúkaðar við kennsluna og til undirbúningslesturs o. fl., og einnig svefnloptin sjeu af lítil í samanburði við lærisveina fjöldann, og auk þess sje þar illa búið um loftumrás, að leikfimishúsið sje gisið og kalt, og að salernin sjeu of fá og illa útbúin o. s. frv. Til þess að bæta úr þessu leggur læknirinn það einkum til, að hætt verði að leyfa lærisveinunum að sofa í skólahúsinu, að svefnloptunum verði breytt þannig, að þau verði notuð til að lesa í undir kenslustundirnar, og að betur verði búið um loftumrás í öllum herbergjum, sem piltar eru í. Rektor hefur mælt eindregið með þessum tillögum læknisins, þannig, að svefnloptunum verði breytt í 3 lestrarherbergi handa 36 lærisveinum og 1 herbergi handa kennara þeim, er umsjón hefur á hendi, og að hverjum þessara 36 lærisveina verði veittar 20 kr. á ári til að leigja svefnherbergi úti í

bæ. Ennfremur heldur rektor því fram, að byggja verði nýtt leikfimishús í stað þess sem nú er, sem bæði er of lítið og mjög hjörlegt, að rækilega verði að gjöra við bókhlöðuna, að rífa verði niður trjegirðinguna kringum lóð skólans, er bæði er fallin og fúin, og byggja í hennar stað nýja úr steini og gjöra á hana 3 ný hlið, að byggð verði ný salerni, er betur uppfylli heilbrigðiskröfurnar, og loks, að settur verði kringstigi úr járni frá bústað rektors, sem ásamt svefnloptunum handa piltum er á öðru gólfi, niður á neðsta gólf, til þess að fyrirbyggja mannhættu, ef skólahúsið brynni, því nú sje aðeins einn uppgangur og hann sje rjett við eldhúsið. Samkvæmt upplýsingum þeim, er rektor hefur útvegað, munu byggingar þessar og breytingar kosta í eitt skipti:

Breyting á svefnloptunum í lestrarherbergi o. fl.	1,133 kr
Nýtt leikfimisihús með ofni	2,975 —
Aðal-aðgjörð við bókhlöðuna og kaup á nýjum ofni í hana	925 —
Girðing kringum lóð skólans	1,832 —
Ný salerni	560 —
Hringstigi upp á 2. gólf	120 —
Samtals...	7,545 kr.

Ársútgjöldin munu aukast um hjerumbil 200 kr. til eldiviðar og um 720 kr. til húsaleigustyrks handa 36 lærisveinum. Hinsvegar mun mega gera ráð fyrir, að um 1500 kr. fáist í eitt skipti við sölu á rúmstæðum og sængurfötum og fyrir timbur úr gamla leikfimishúsinu og girðingunni; þvottur á líni skólans fellur burt og mun þar sparast um 200 kr. á ári á gjaldliðnum: »ýmisleg útgjöld«.

Yfirstjórn skólans og landshöfðingi mæla eindregið með öllum þessum ráðstöfunum, og stjórnarráðið verður að álíta sumar þeirra alveg óhjákvæmilegar og hinar að minnsta kosti mjög æskilegar fyrir skólann; er því hjer farið fram á, að fje það, er til þess þarf, verði veitt.

Að því er snertir hina einstöku liði, er hjer ræðir um, skal þessa getið:

1. Til bókasafns skólans. Engin fullkomin bókaskrá er til yfir bókasafn skólans, er nú nemur um 12,000 bindum, því bækur þær, er útvegaðar hafa verið eptir 1870, hafa aldrei verið færðar inn á skrá; af þessu leiðir, að talsverðir örðugleikar eru á að nota safnið, og hefur rektor því lagt það til, að veittar verði 120 kr. á ári til þess að semja skrá yfir safnið og raða því, og gerir hann ráð fyrir, að 60 kr. sje hæfileg borgun fyrir hver 1000 bindi, og verði þetta fje veitt, muni mega ljúka starfinu á 6 árum. Fjárupphæð þessa má ekki taka af því fje, er á ári hverju er veitt safninu til bókakaupa o. fl., því þá yrði of lítið eptir til þess, og er því hjer farið fram á, að fjárveiting þessi verði hækkað um þessa upphæð á ári.

2. Til eldiviðar og ljósa. Verði ný lestrarherbergi búin til í skólahúsinu, byggt nýtt leikfimishús með ofni og nýr ofn keyptur í bókhlöðuna, verður, einsog að framan er drepið á, að hækka þennan gjaldlið um 200 kr. á ári.

3. Til skólahússins utan og innan. Til þess að koma í verk byggingum þeim o. fl., er að framan er getið, verður að veita í eitt skipti, 1898, alls 7,545 kr. Eptir skýrslu rektors verður auk þess ekki hjá því komizt, að hækka hina venjulegu fjárveitingu undir þessum lið, því útgjöldin til viðhalds á skólahúsinu sjálfu, svosem til að mála það að utan, til að gjöra við gólf og veggi, til að kaupa 2 nýja loftræsingar ofna í kennslustofurnar, og til að endurnýja áhöld skólans, svosem kaupa ný borð og bekki, með því lagi er nú tíðkast, í eina kenslustofu á ári að minnsta kosti, 15 nýja stóla í

stað annara, er orðnir eru óhafandi, fara talsvert fram úr því, er veitt hefur verið hingað til. Eptir áætlun rektors, sem stiptsyfirvöldin og landshöfðingi hafa fallizt á, skal farið fram á að hækka fjárveitinguna um 800 kr. 1898 og 400 kr. 1899, og verður fjárveitingin þannig fyrra árið 9,345 kr. (7,545 kr. + 1,800 kr.) og síðara árið 1,400 kr.

4. og 5. þessir liðir eru óbreyttir.

6. og 8. Samkvæmt því er að framan er sagt um að leggja niður svefnloptin í skólanum og breyta þeim í lestrarherbergi, er hjer farið fram á undir nýjum lið að veita 720 kr. hvort árið til húsaleigustyrks handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum, og um leið lagt til, að 8. liðurinn, ýmisleg útgjöld, verði færður niður um 200 kr. á ári.

7. og 9—11. þessi gjöld eru talin einsog á núgildandi fjárlögum.

12. og 13. Eptir tillögum rektors, sem stiptsyfirvöldin og landshöfðingi mæla með, skal hjer farið fram á, að veittar verði 200 kr. hvort árið til þess að útvega verkfæri til leikfimiskennslunnar. Um leið og vísað er til fjárlagafrumvarpanna fyrir 1894—95 og 1896—97, skal hjer að nýju tekin upp tillaga um að veita fimleikakennaranum í eitt skipti 1000 kr. styrk, til þess að afla sjer meiri þekkingar í námsgrein sinni í Danmörku, og eru allir hlutaðeigandi samdóma um, að æskilegt sje að styrkurinn verði veittur.

IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

Öll útgjöld eru hjer hin sömu og á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.

V. Stýrimannaskólin.

a. Laun. Með lögum 22. maí 1890 voru laun forstöðmanns skólans ákveðin 1,500 kr. á ári, á fjárlögunum fyrir 1894 og 1895 voru þau hækkuð upp í 1,800 kr., nú sækir hann um meiri launahækkun, allt að 2,400 kr. Til stuðnings þessari umsókn sinni skýrskotar hann einkum til þess, að aðsóknin að skólanum, er mjög hefur aukizt, hafi aukið störf hans og ábyrgð, og að skólastarfið leyfi honum ekki tómstundir til að leita sjer atvinnu á annan hátt, en að launin, einsog þau nú eru og þótt þeim fylgi leigulaus bústaður, sjeu ekki svo há, að hann komist sæmilega af, og jafnist heldur ekki við þær tekjur, sem hann gat unnið sjer inn, áður en hann gekk í þjónustu hins opinbera. Umsækjandinn hefur jafnan sýnt af sjer mikinn dugnað, áhuga og samvizkusemi við störf sín, og með því unnið skólanum, er hann veitir forstöðu, góðan orðstír og álit, og verður því stjórnarráðið að vera stiptsyfirvöldunum og landshöfðingja samdóma um, að full ástæða sje til að hækka laun hans, en eptir atvikum hefur ekki virzt rjett að setja þau hærri en 2,000 kr. á ári, og er það hjermeð lagt til.

Jafnframt þessu skal hjer einnig eptir tillögum hinna sömu yfirvalda farið fram á, að annar fastur kennari verði skipaður við stýrimannaskólann. Einsog að framan er getið, hefur aðsókn að skólanum aukizt mjög síðustu árin, þannig hafa 3 síðustu árin á honum verið 24, 27 og 32 lærisveinar (árin 1891—94 voru þar 15, 13 og 18), og á síðari árum hefur sú stefna rutt sjer meir og meir til rúms, að reka fiskiveiðar á haffærum þilskipum, en til þess þarf menn, er vel sjeu að sjer í siglingafræði, og má því ætla, að aðsóknin aukist enn þá meir næstu árin. Innan skamms mun því ekki verða hjá því komizt að mynda nýja deild í skólanum, og þegar svo er komið, verður naumast takandi í mál og til lengdar ekki mögulegt að láta 1 fastan kennara ásamt tímakennurum annast alla kennsluna. Annarsvegar er það eigi víst, að ætíð verði duglegir

tímakennarar til taks, og hinsvegar er það óheppilegt, að hafa ekki neinn annan fastan kennara við skólann, er gæti tekið að sjer stjórn hans fyrst um sinn, ef forstöðumaðurinn sýktist eða fjelli frá. Menn hafa hugsað sjer, að forstöðumaðurinn og annar kennari skiptu þannig verkum með sjer, að hinn síðarnefndi aðallega kenndi í annari deildinni, aunað hvort þannig, að hann aðeins kenndi singlingafræði, ef nýrri deild er bætt við, eða, ef það verður ekki, að hann þá einnig kenni stærðfræði. Annar kennari mundi þannig venjulega hafa lokið kennslustörfum sínum í byrjun marz mánaðar, þegar flestir lærisveinarnir fara úr skólanum og ráða sig á fiskiskip, mundi hann því hafa 5 til 6 mánaða sumarfrí og því líklega geta útvegað sjer svo miklu aukaatvinnu, að hann mundi geta látið sjer nægja 1,000 kr. laun á ári. Stjórnarráðið leggur það því til, að laun annars kennara verði ákveðin þannig, en fyr en í byrjun skólaársins 1898—99 verður hann ekki skipaður, og er því í þessu frumvarpi aðeins farið fram á að veitt verði ½ árs laun handa honum fyrir árið 1898, eða 500 kr., en fyrir 1899 eru öll kennara launin talin, eða alls 3,000 kr.

b. Önnur útgjöld.

1. Til tímakennslu. Verði ný deild stofnuð við skólann, verður ekki hjá því komizt að hækka fjárveitinguna til tímakennslu, og það þótt skipaður verði annar fastur kennari. Hve mikið fje muni til þess þurfa, verður enn þá ekki sagt með neinni vissu, en ætla má að ekki veiti af að minnsta kosti 1,000 kr. á ári til þess, og er því hjer farið fram á, að á þessum lið verði sú upphæð veitt.

2. Til áhaldakaupa o. fl. Verði á fjárhagstímabilinu byggt hús handa stýrimannaskólanum, en um það skal vísað til þess, er hjer fer á eptir, mun og verða að kaupa ýms áhöld, sjerstaklega borð, stóla, lampa og reikningsspjöld í 2 hinar nýju kennslustofur, er gert er ráð fyrir. Þetta mun kosta alltað 400 kr. og eru því útgjöldin til þessara kaupa talin 600 kr. fyrir árið 1898, en 1899 mun mega komast af með hið sama og nú er veitt, eða 200 kr.

3. Til eldiviðar og ljósa. Þegar farið er að nota hið nýja skólahús, en ætlast er til að það verði í byrjun skólaársins 1898—99, og verði þar 3 kennslustofur, má, eptir áætlun þeirri, er forstöðumaðurinn hefur gert og sem stiptyfirvöldin og landshöfðingi hafa fallizt á, gjöra ráð fyrir um 400 kr. útgjöldum til eldiviðar- og ljósa á ári. 1898 þarf eigi að gera ráð fyrir öllum þessum kostnaði, heldur aðeins fyrir eldivið og ljós í þá 3 til 4 síðustu mánuði ársins, er búast má við, að hið nýja hús verði notað, og mun sá kostnaður verða um 250 kr., enn samkvæmt ummælum stiptsyfirvaldanna mun sanngjarnt að greiða forstöðumanninum 150 kr. endurgjald fyrir eldivið og ljós fyrir þann hluta skólaársins, sem það húsnæði, er skólinn nú hefur, er notað. Þessi gjöld eru því talin 400 kr. hvort árið.

4 og 5. Til húsnæðis handa skólanum og til að koma upp nýju skólahúsi. Á fjárlögunum voru, eins og kunungt er, fyrir 1897 veittar 8,000 kr. í 13. gr. B. V. b. 5., til þess að koma upp skólahúsi handa stýrimannaskólanum, en þessi fjárveiting var ekki byggð á neinum byggingaruppdrætti eða kostnaðaráætlun. Vegna þess ljet landshöfðingi forstöðumann skólans koma fram með tillögur um það, hvernig hin fyrirhugaða skolahúsi ætti að vera hagað. Forstöðumaðurinn bjó þá til 2 lauslega uppdrætti að skólahúsi úr timbri; var öðru húsinu aðeins ætlað að bæta úr bráðustu þörfinni, að því er aðeins snerti kennsluherbergin, en eptir hinum uppdrættinum var haft tillit til hinnar vaxandi aðsóknar að skólanum og fyrirhugaðs kennslufyrirkomulags þar. Eptir ummælum framsögumanns fjárlaga nefndarinnar í neðrideild, var forstöðumanninum eptir hvorugum uppdrættinum ætlaður bústaðar í hinu fyrirhugaða skólahúsi, enda var fjárveitingin svo lítil, að auðsætt var, að því ekki mundi komið við. Forstöðumaður

skólans kemst að þeirri niðurstöðu, að hið veitta fje mundi jafnvel verða oflítið til að byggja skólahús eptir hinum minna uppdrætti, er hann hefði gert, og jafnframt hjelt hann því fast fram, að brýn nauðsyn væri á að forstöðumaður skólans hefði bústað í skólahúsinu, bæði til þess að geta litið eptir sjálfu húsinu og hinum dýru verkfærum skólans, og svo einnig vegna kennslunnar sjálfrar. Landshöfðingi og stiptsyfirvöldin voru forstöðumanninum samdóma um nauðsyn á þessu, og jafnframt ljet landshöfðingi það álit sitt uppi, að til þess að fá vel viðunandi kennsluherbergi þyrfti að minnsta kosti hús eptir hinum stærri uppdrætti forstöðumannsins, og skaut því til stjórnarráðsins, að leitað yrði upplýsinga um það hjá byggingafróðum manni, er kunnugur væri öllum ástæðum í Reykjavík, og benti í því efni á timburmeistara Bald í Kaupmannahöfn, hvort mögulegt væri að byggja fyrir 8000 kr. hús handa stýrimannaskólanum, er hagað væri líkt og bent var á. Samkvæmt þessu spurðist stjórnarráðið fyrir hjá timburmeistara Bald, og svaraði hann á þá leið, að álíka stórt hús, er væri líkt háttað og hið stærra, er forstöðumaður stýrimannaskólans stakk upp á, mundi mega byggja svo, að það væri að öllu leyti vel viðunandi, fyrir 11,000 kr., en þó væri þarí ekki gert neitt fyrir kostnaði við lóðarkaup, við byggingu á salerni eða öðru úthýsi og girðing, en fyrir 8000 kr. væri ekki einusinni unnt að byggja hús eins og hið minna, er forstöðumaður stakk uppá, nema að það þá yrði miður vel byggt.

Vegna þessara ummæla hins byggingarfróða manns, þótti stjórnarráðinu, sem að öðru leyti var samdóma forstöðumanninum ásamt stiptsyfirvöldunum og landshöfðingja um, að forstöðumaðurinn ætti að hafa bústað í skólanum, mjög varhugavert að fara að byggja skólahúsið eptir fjárveiting þeirri, er fengin var, og var því afráðið, að fresta málinu samkvæmt tillögum landshöfðingja til næsta þings, og veit honum jafnframt heimild til að greiða öll gjöld til skólans árið 1897 upp á væntanlega fjáraukaveiting með sömu upphæðum og þeim, er veittar voru fyrir árið 1896. Jafnframt þessu fól stjórnarráðið timburmeistara Bald að gjöra uppdrætti og áætlun um byggingu skólahúss, samkvæmt ummælum landshöfðingja og forstöðumannsins, og þannig, að forstöðumanninum væri ætlaður bústaður í húsinu, skyldi það byggt úr steini eða timbri og var um leið skorað á hann að gera tilboð um byggingu hússins.

Hr. Bald hefur síðan gjört teikningar og áætlun að slíku húsi og er þar gjört ráð fyrir, að úr steini muni það kosta 26,933 kr., en 16,619 kr. 49 a. úr timbri; jafnframt býðst hann til að byggja húsið, hvort heldur úr steini eða trje, fyrir það verð, er í áætluninni er talið. Þessar áætlanir hafa verið bornar undir landshöfðingja og stiptsyfirvöldin og forstöðumann skólans, og hafa þeir allir fallizt á aðalatriði þeirra, og lagt það til, að skólahús verði byggt eptir þeim; jafnframt hefur landshöfðingi látið þá skoðun sína uppi, að hann kysi að vísu fremur steinhús en timburhús, en þareð það yrði 10,000 kr. dýrara og auk þess naumast búið svo snemma, að flutt yrði í það í byrjun skólaársins 1898—99, þá væri rjettast að láta við það sitja að sækja um, að fje verði veitt til að byggja skólahús úr timbri.

Samkvæmt þessari tillögu skal því hjer farið fram á, að í 5. lið verði veittar 17,000 kr. til þess að byggja skólahús úr timbri eptir teikningum þeim og áætlunum, sem nefndar hafa verið og sem lagðar verða fyrir þingið; auk hins áætlaða byggingarkostnaðar er í tillögunni gert ráð fyrir fjárupphæð til þess að kaupa lóð undir húsið, en fyrirfram verður ekki með vissu sagt, hve mikið fje muni til þess þurfa. Hjer er ennfremur farið fram á, að veittar verði í 4. lið 200 kr. til þess að borga fyrir húsnæði handa skólanum fyrir 1898, þangað til flutt verður í hið nýja hús, en vonandi er að það verði með haustinu það ár.

6. Ýmisleg útgjöld. Til þessara útgjalda (þar á meðal viðhald á húsinu, brunabótargjald, skattar o. s. frv.) er farið fram á að veittar verði 300 kr. á ári, en fyrir 1898 þó aðeins 200 kr., því það ár verður húsið ekki til afnota allt árið.

7. Á tilsvarandi lið var á fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1797 veitt fje til hins núverandi fasta kennara við skólann, sem endurgjald fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans, en af því ekki varð úr byggingunni á fjárhagstímabilinu, hefur fje þetta ekki verið borgað. Er því fjárveitingin endurtekin hjer, svo fjeð megi útborga, ef hið nýja hús verður byggt á fjárhagstímabilinu.

VI. Önnur kennsla.

a. Til kvennaskóla. Allir 4 gjaldliðirnir eru taldir eins og á núgildandi fjárlögum. Athugasemdin á núgildandi fjárlögum um það, hvernig skipta skuli styrknum á 4. lið, ef annarhvor skólinn verður lagður niður, er ekki tekinn upp hjer, því eptir ummælum landshöfðingja er engin ástæða til að gera ráð fyrir, að svo fari. Á fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 er hjer í 5. lið veitt fje til að byggja einn sameiginlegan kvennaskóla fyrir alt Norðurland, en eptir skýrslu landshöfðingja verður þetta fje ekki notað á þessu fjárhagstímabili, og hefur ekki virzt ástæða til að taka þessa fjárveiting upp að nýju. Fjárveitinguna í 6. lið fyrir 1897, til kvennaskóla á Austurlandi, virðist stjórnarráðinu heldur ekki ástæða til að taka upp að nýju; húsið hefur ekki verið byggt, og engin umsókn komið fram um það mál.

b. 1. og 2., c., d., e., f. og g. Öll þessi gjöld eru talin eins og á nugildandi fjárlögum.

h. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28, 8. nóvember 1895, skal hjer eptir úr landssjóði greiða kostnað þann við kennslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra og ferð til kennslustofnunar, sem samkvæmt tilskipun um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl. 26. febrúar 1872, hefur greiddur verið hingaðtil úr jafnaðarsjóðum. Til þessa kostnaðar verður og að telja kostnað við að koma einstöku heyrnar- og málleysingjum fyrir á heyrnar- og málleysingjastofnunum í Danmörku, því kennslustofnun sú, er sjera Ólafur Helgason á Stokkseyri stendur fyrir, getur ekki tekið á móti meir en 12 nemendum, mun því ekki mega gjöra ráð fyrir minna en 5,000 kr. útgjöldum á ári í þessar þarfir.

i. Einsog á fjárlögunum fyrir 1896 og 1897.

VII. Til sundkennslu.

Þessi liður er óbreyttur einsog á núgildandi fjárlögum.

C.

1. Til landsbókasafnsins. a. og b. Laun bókavarðar og aðstoðarmanns við safnið. Bókavörðurinn við landsbókasafnið hefur sótt um launaviðbót, bæði handa sjálfum sjer og handa aðstoðarmanninum við safnið. Stiptsyfirvöldin og landshöfðingi hafa mælt með því, að laun hans sjeu hækkuð uppí 1,800 kr. á ári að minnsta kosti, þar sem hann sje bundinn við safnið allan árshringinn og hafi að meðaltali 4—5 klukkustunda vinnu á dag; og að laun aðstoðarmannsins sjeu jafnframt hækkuð uppí 1000 kr. á ári. Þareð stjórnarráðið eptir framansögðu verður að álíta, að þessi launa-

hækkun sje rökstudd og sannsjörn, skal hjer farið fram á, að þessar fjárveitingar verði hækkaðar eins og hjer er farið fram á.

c. Eptir tillögum stiptsyfirvaldanna, sem landshöfðingi hefur fallizt á, um að fjárveitingin til bóka- og handritakaupa, bókbands og prentunar á ritaukaskrá, verði hækkuð, en þar er sjerstaklega bent á, að allmikið fje gangi til bókbands, skal hjer farið fram á að sú fjárveiting verði færð uppí 3000 kr. á ári.

d. og e. Þessir gjaldliðir eru taldir einsog að undanförnu.

2, 3. a. og b. og 4. Þessir liðir eru einnig óbreyttir einsog í fjárlögunum fyrir 1896 og 1897.

5. Til forngripasafnsins. Af því vænta má, að áður langt um líður verði safnið flutt í stærri og betri húsakynni, hafa stiptsyfirvöldin og fyrverandi umsjónarmaður safnsins verið samdóma um, að rjett sje að fresta útgáfu skrár þeirrar, með myndum, á íslenzku og ensku, er fjárveitingin í þessum lið á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil gjörir ráð fyrir, þangaðtil búið sje að flytja safnið og koma því fyrir í hinum nýju húsakynnum, með því að niðurröðun safnsins í skránni verði að fara eptir niðurröðun sýnishlutanna. Af þessum ástæðum hefur fje það, sem ætlað var til að gefa þessa skrá út, ekki verið notað á þessu fjárhagstímabili, og er heldur ekki farið fram á, að það verði veitt fyrir næsta fjárhagstímabil. Liðirnir a. og b. eru því einsog venja er til, en liðurinn c., viðbót til hins fyrverandi umsjónarmanns, fellur burt, af því hann er farinn frá safninu, og liðurinn d. fellur einnig burt af sömu ástæðu og að framan er getið um.

6—13. Gjöldin eru hjer hin sömu og á fjárlögunum fyrir 1896 og 1897.

Að því er snertir styrkinn í 8. tölulið, skal þess getið, að dr. Þorvaldur Thóroddsen hefur í umsókn sinni um, að styrkveitingunni til hans verði haldið áfram fyrir árin 1898 og 1899, skýrt frá, að rannsóknum þeim, viðvíkjandi jarðfræði og landfræði Íslands, sem hann hóf 1882, muni lokið verða sumarið 1898, og að þá muni hann hafa rannsakað allt Ísland einsog hann gerði ráð fyrir í byrjun. En þá er eptir að vinna vísindalega úr verkefni því, er hann hefur safnað; það sem einkum þarf að gjöra er að semja stór vísindaleg rit, er gefi greinilegt yfirlit yfir allt hið nýja, er uppgötvazt hefur og eykur þekkinguna á jarðfræði og landfræði Íslands. Dr. Þorvaldur Thóroddsen hefur þannig til efni í jarðfræðis- og landfræðis-uppdrætti af Íslandi, í jarðfræðis-lýsingu Íslands og í greinilega jarðfræðis- og staðlýsing á eldfjöllum á Íslandi, og auk þess efni í margar minni vísindalegar ritgerðir um náttúru Íslands. Til þess að ljúka svo yfirgripsmiklu starfi, verður að vinna látlaust að því í nokkur ár og auk þess er nauðsynlegt, að hafa til stuðnings ýms vísindaleg hjálparmeðöl, sem ekki eru til á Íslandi og ekki fást nema á vísindastöðvum einsog í Kaupmannahöfn. Um styrk þennan er því eiginlega sótt til þess, að dr. Þorvaldur Thóroddsen geti, ef honum verður leyft að láta annan mann þjóna kennara embætti hans við lærða skólann í Reykjavík, dvalið í Kaupmannahöfn og unnið þar að og gefið út vísindarit þau, er að framan eru nefnd.

Að því er snertir styrkveitinguna í 11. tölulið skal þess getið, að kandídat Bogi Melsteð hefur skýrt stjórnarráðinu frá, að hann síðustu 2 árin sumpart hafi haldið áfram að safna til sögu Íslands á þjóðveldistímanum, sumpart samið og útbúið nokkuð af því verkefni, er hann hafði safnað til utanríkissögu Íslands á sama tíma. Ennfremur hefur hann haldið áfram að safna úr óprentuðum heimildarritum til nýrri sögu Íslands, fram að 1848. Auk þessa er hann byrjaður að rita ítarlega Íslands sögu, sem hann hefur safnað til, og hefur fyrir stóra kafla raðað efninu og lagt niður með sjer, hvernig það skuli samið. Í þessu starfi sínu hefur hann orðið að gera umfangsmiklar rannsóknir á rjettarsögu

Íslands, og vonast umsækjandinn eptir að hafa lokið þeim rannsóknum í ágústmánuði í sumar, og muni hann upp frá því geta varið mestöllum tímanum til þess að rita hið umrædda sögurit.

14. og 15. Stjórnarráðið álítur rjett að taka þessar styrkveitingar upp aptur á fjárlögin, því hlutaðeigendur hafa báðir lagt fram hrósandi vottorð frá kennurum sínum við listaskólann, og námi þeirra er ekki lokið ennþá, og er jafnframt farið fram á, að styrkveitingarnar verði færðar upp í 600 kr. á ári handa hvorum þeirra, hafa þeir sótt um þessa styrkhækkun og skýrt frá, að þeir geti ekki komizt af með þær 500 kr. á ári, er veittar hafa verið hingað til.

16. Einsog á yfirstandandi fjárhagstímabili.

17. Á fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 var kand. mag. Bjarna Sæmundssyni veittur styrkur til fiskiveiðarannsókna, en þareð hann hefur ekki getað lokið þeim rannsóknum á þessum 2 árum, sækir hann um að fá að halda styrknum næsta fjárhagstímabil og jafnframt um, að hann verði færður uppí 1,000 kr. á ári, því minni styrkur nægi ekki fyrir útgjöldum við rannsóknirnar, einkum þar sem um ferðir í fjárlægari hjeröðum landsins er að ræða, og skal því eptir tillögum landshöfðingja farið fram á, að honum verði veittar 1,000 kr. hvort árið.

18. Um leið og vísað er til athugasemdanna við 15. og 16. tölulið, skal hjer, eptir umsókn frá hlutaðeiganda, farið fram á, að þessi styrkveiting verði einnig færð upp í 600 kr. á ári, og skal þess jafnframt getið, að hlutaðeigandi hefur lagt fram mjög hrósandi vottorð frá listaskólanum um góða hæfilegleika og iðni.

19. og 20. Jóh. Nordal og Ísak Jónsson, er átt hafa heima í Manitoba í Norður-Ameríku, en eptir áskorun fóru til Íslands aptur haustið 1894 til þess að leiðbeina mönnum við útbúning og notkun íshúsa, hafa hver í sínu lagi sótt til landshöfðingja um hæfilegan styrk í eitt skipti, til endurgjalds fyrir ferðakostnað þeirra til Íslands aptur, og auk þess hefur Ísak Jónsson, sem ekki hefur fengið fasta atvinnu á Íslandi, jafnframt sótt um, að sjer verði úr landssjóði veittur 500 kr. styrkur á ári til þess að ferðast um og leiðbeina mönnum við byggingu íshúsa og notkun þeirra íshúsa, er þegar eru byggð. Landshöfðingi hefur, um leið og hann bendir á hið stórvægilega gagn, sem þau íshús, er þegar hafa byggð verið, hafa gert fiskiveiðunum, látið þá skoðun sína í ljósi, að sanngirni mæli með, að umsækendurnir, sem fóru frá atvinnu í Kanada til þess að stuðla að framförum í öðrum helzta atvinnuvegi landsins, að nokkru leyti fái kostnað við ferð sína endurgoldinn, og að honum einnig virðist full ástæða til, að veita árlegan styrk til að leiðbeina mönnum við byggingu íshúsa og til að nota þau til að halda beitu óskemmdri. Hann leggur því til, að farið verði fram á 500 kr. fjárveitingu handa hvorum umsækjandanum til endurgjalds fyrir ferðakostnað til Íslands, og ennfremur, að Ísaki Jónssyni verði veittur 500 kr. styrkur á ári til að leiðbeina við útbúning íshúsa og notkun þeirra. Stjórnarráðið fer því hjer fram á, að nefndar upphæðir verði veittar.

21. Timbursmiður Otti Guðmundsson hefur sótt til landshöfðingja um, að honum yrðu veittar 1000 kr. til að dvelja eitt ár í Danmörku til að læra skipasmíðar, sjerstaklega smíðar á þilskipum til fiskiveiða. Útaf þessu hefur landshöfðingi getið þess, að

umsækjandinn sje honum kunnur sem reglusamur og duglegur smiður, og að við Faxaflóa — en þar aukist þilskipaveiðar stöðugt — sje mikil þörf á manni, er vel kunni að skipasmíðum. Auk þess hefur hann skýrt frá því, að umsækjandinn, er hefur fyrir konu og börnum að sjá, sje ekki fær um af eigin rammleik að kosta þessa menntun sína, og því mælt með því, að þess verði farið á leit, að styrkur þessi verði veittur. Stjórnarráðið fer því fram á, að þessi upphæð verði veitt fyrir árið 1898.

22. Timbursmiður Guðmundur Jakobsson í Keflavík hefur sótt um 1500 kr. styrk úr landssjóði til þess að geta farið til útlanda til að kynna sjer, hvernig bústaðir alþýðufólks eru byggðir í löndum, þar sem loptslag og veðrátta er lík og á Íslandi, og til þess jafnframt að kynna sjer, hvaða efni væri bezt til bygginga á Íslandi. Landshöfðinginn hefur í umsögn sinni um umsóknina getið þess, að nú, sjerstaklega eptir jarðskjálftana síðastliðið haust, sje vaknaður áhugi á því að bæta úr þeim miklu og bersýnilegu göllum á byggingarlagi bændabæja og annara sveitahúsa úti um landið, og að umsókn þessi sje meðal margs annars vottur um þennan áhuga, og álítur hann að það sje fyrst og fremst skylda hins opinbera að styðja þessa viðleitni. Eptir því er landshöfðingi hefur getað komizt næst, er umsækjandinn duglegur iðnaðarmaður, sem hefur staðið fyrir byggingu margra timburhúsa, þar á meðal einnig kirkna, og hefur leytazt við að afla sjer nauðsynlegrar þekkingar í iðn sinni, og má því ætla, að verði hann styrktur til rannsókna þeirra og náms, sem talað er um í umsókninni, megi honum takazt að komast að þeirri niðurstöðu, sem gæti orðið til þess að bæta húsakynni á Íslandi. Landshöfðingi hefur því lagt það til, að farið verði fram á að veita umsækjandanum hinn umbeðna styrk.

Samkvæmt því er hjer að framan er sagt og að því viðbættu, að umsækjandi hefur lagt fram góð vottorð frá ýmsum málsmetandi mönnum, þar á meðal frá ýmsum, er hafa notið aðstoðar hans við byggingu íbúðarhúsa og kirkna, skal hjer farið fram á, að honum verði veittur 1,500 kr. styrkur árið 1898.

23. Kand. mag. Helgi Jónsson hefur sótt til stjórnarráðsins um 2,500 kr. styrk á ári í 2 ár til grasafræðisrannsókna á Íslandi og til þess að halda áfram námi sínu. Að því er hinar fyrirhuguðu rannsóknir snertir hefur hann skýrt frá því, að hann hafi hugsað sjer aðallega að rannsaka plöntulíf og jurtir á sjávarbotni við Ísland og jurtagróður á landi. Af þessum efnum er hið fyrnefnda mjög lítið rannsakað og því er það ekki aðeins merkilegt í vísindalegu tilliti, heldur getur það einnig haft hagfræðislega þýðing, því eptir jurtagróðri á sjávarbotni fer dýralíf þar; aptur á móti hafa verið gjörðar miklar rannsóknir í þessu efni bæði við Grænland, Færeyjar, Skotland, Noreg og Spitzbergen. Umsækjandinn er þegar byrjaður, við jurtafræðissafnið í Kaupmannahöfn, á rannsókn og lýsingu á safni því af sjávarjurtum, sem þar er, og sem stafar sumpart frá Ingólfssendiferinni síðasta ár, sumpart frá ferðum hans sjálfs um Austur-Ísland, og ætlar hann í sumar komandi að ferðast fyrir styrk úr Carlsbergssjóðnum um Suður- og Vestur-Ísland til þess að safna meiru, en til þess að komast að því takmarki, er hann hefur sett sjer, að lýsa sjávarjurtum við Ísland, verður að halda áfram rannsóknum á ýmsum stöðum við landið og á ýmsum tímum árs.

Að því er landgróðurinn snertir, þá er þekkingin á honum nokkru meiri, en þó vantar mikið á, að sú þekking sje fullkomin, ekki aðeins að því er sjálfa grasafræðina snertir, heldur sjerstaklega að því er snertir eðli gróðursins, líffræði o. fl. Í umsókninni, er alþingi mun gefast kostur á að kynna sjer, skýrir umsækjandinn nákvæmar frá, hvernig hann hafi hugsað sjer að haga rannsóknarferðum sínum og hefur hann jafnframt bent á, að við slíkar rannsóknir komist maður fljótt inn á hagfræðislegar rannsóknir um það, hvort hægt sje að rækta landið meira en gert er, og hvernig það verði framkvæmt, og lætur hann þá skoðun sína í ljósi, að mikið megi gera í því efni, því rækta muni mega stór

svæði, er vel liggi fyrir, miklu betur en nú er gjört, ef landsmönnum að eins er sagt til um, hvernig hyggilegast sje að gjöra það.

Rannsóknir þessar hugsar umsækjandinn sjer að gera á ferðum um landið og með skafningum á sjáfarbotni um sumarleiti bæði árin, og einnig á vetrum, ef það virðist nauðsynlegt, til þess að komast að hinu setta takmarki, en annars ætlar hann að vera á vetrum í Kaupmannahöfn, þarsem hann getur notað jurta- og bókasöfn, til þess að vinna úr því, er hann hefur safnað, og halda áfram námi sínu meðal annars einnig í hagfræðislega átt, sjerstaklega að því er snertir ræktun landsins.

Umsókninni fylgja mjög hrósandi vottorð um hæfilegleika og dugnað umsækjandans við vísindaiðkanir, frá prófessor í grasafræði Warming, docent Kolderup-Rosenvinge, prófessor Grönlund og dr. Þorvaldi Thóroddsen. Landshöfðingi hefur haft málið til umsagnar og mælir hann með því, að farið verði fram á, að hinn umsótti styrku verði veittur, og eins virðist stjórnarráðinu full ástæða til að styrkja of opinberu fje þessar rannsóknir, sem virðast vera mjög þýðingarmiklar, bæði að því er vísindin snertir og í hagfræðislegu tilliti, og skal því farið fram á, að umsækjandanum verði veittur 2,500 kr. styrkur hvort árið.

24. Eptir að sóknarpresturinn í Siglufirði Bjarni Þorsteinson, með meðmælum frá tónlistafræðingum, hafði sótt til kirkju- og kennslumálastjórnarráðsins um styrk til að safna og gefa út íslenzk þjóðlög, hefur kirkju- og kennstumála stjórnarráðið látið í ljósi, að það sje ekki alveg fráhverft því, að styrkja þetta fyrirtæki, sjerstaklega að því leyti, sem umsækjandinn sæki um styrk til að fara til Kaupmannahafnar til þess að rannsaka söfnin þar, en jafnframt sagt, að skilyrðið fyrir því, að það ljeti nokkuð af hendi rakna, væri, að Ísland einnig veitti honum styrk til hins fyrirhugaða fyrirtækis, og hefur því spurzt fyrir hjá stjórnarráði Íslands, hvort það gæti gefið loforð um slíkan styrk. Landshöfðingja var send umsóknin til umsagnar og hefur hann, um leið og hann vísar til umræðanna og atkvæðagreiðslunnar um umsókn frá sama manni um styrk til þessa safns, látið í ljósi, að alþingi ef til vill mundi taka betur í málið, þegar líkur væru til, að það yrði styrkt úr ríkissjóði og að umsækjandinn, að því er honum væri kunnugt, yrði að álítast hæfur til að leysa þetta starf af hendi svo vel væri. Stjórnarráð Íslands hefur því svarað kirkju- og og kennslumálastjórnarráðinu því, að það hefði í huga að sækja um 1000 kr. fjárveiting til þessa fyrirtækis á frumvarpi til fjárlaga fyrir 1898 og 1899, en þó aðeins með því skilyrði, að kirkju- og kennslumálastjórnarráðið lofi, ef styrkurinn verður veittur, að veita líka fje til þess. Kirkju- og kennslumálastjórnarráðið hefur svarað þessu því, að fái það fyrir 1. apríl n. á. vitneskju um, að hlutaðeiganda hafi verið veittur styrkur, einsog að að framan er nefnt, sje það fúst á að veita honum næsta fjárhagsár 500 kr. styrk af fje því, er það þá mun hafa til umráða til vísindalegra fyrirtækja.

Samkvæmt því er hjer að framan er greint, skal hjer farið fram á, að umsækjandanum verði veittur 1,000 kr. styrkur árið 1898.

Við 14. gr.

Gjöldin samsvara tekjum þeim, sem taldar eru í 2. og 3. lið 5. gr.

Við 15. gr.

Gjöld þessi er farið fram á að telja 84,000 kr. og skal í því efni vísað til skrár þeirrar yfir eptirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, er hvíldu á landssjóði í árslok 1896, og prentuð er aptan við frumvarp þetta sem fylgiskjal 1.

Við 16. gr.

Einsog á núgildandi fjárlögum.

Samkvæmt tillögum landshöfðingja er farið fram á, að heimildin á fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 til að veita allt að 40,000 kr. lán úr viðlagasjóði til þilskipakaupa verði tekin upp af nýju á fjárlögunum fyrir 1898 og 1899. en til þess að örfa menn enn þá meir til að kaupa þilskip til fiskiveiða, sem er svo áríðandi fyrir framfarir landsins, er farið fram á, að heimilað sje, að lánin verði veitt vaxtalaust fyrstu 5 árin, en að þau síðan verði endurborguð á 10 árum og af þeim goldið $3^1/_2$ % í vexti á ári.

Skrá

yfir

eptirlaun þau til embættismanna og embættismanna ekkna og barna, sem hvíla á landssjóði.

		kr. a.
	A. Embættismenn.	
1	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu	982. 18
2	Arni Gíslason, sýslumaður í Skaptafellssýslu.....	1,686. 16
3	Benedikt Gröndal, kennari við lærða skólann í Reykjavík .... kon. úrsk. 13. apr. 1883, stj. br. 14. apr. s. á.; frá 1. maí 1883.	800.
4	Halldór Guðmundsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík ..... kon. úrsk. 19. marz 1885.	1,200.
5	Stefán Thórarensen, sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri ..... kon. úrsk. 17. apríl 1891.	2,660.
6	Páll Melsteð, sögukennari..... ..... lög 16. septbr. 1893.	1,800.
7	Guðmundur Guðmundsson, hjeraðslæknir..... kon. úrsk. 26. febr. 1895.	1,000.
8	Skúli Thóroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði. kon. úrsk. 31. maí 1895.	1,500. 54
9	Jón Þorkelsson, rektor við lærða skólann í Reykavík..... kon. úrsk. 26. febr. 1895.	3,066. 66
10	Halldór Kr. Friðriksson, yfirkennari við lærða skólann í Reykjavík.. kon. úrsk. 24. Júlí 1895.	2,133. 33
11	Þorgrímur Johnsen, hjeraðslæknir..... kon. úrsk. 14. apr. 1896.	1,586. 20
12	Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu ..... kon. úrsk. 29. maí 1896.	1,593. 78
	alls...	20,008. 85
	B. Embættismanna ekkjur og börn:	
1	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsen kon. úrsk. 20. febr. 1856; fra 1. ágúst 1855..... .. 69 rd. 36 sk. = 138 kr. 75 a. og eptir fjárlögunum fyrir 1882 og 83 viðbót.. 150 — » — frá 1. jan. 1882.	288. 75
	flyt...	288. 75

		kr. a.
	fluttar...	288. 75
2	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensen í Strandasýslu	100. 79
3	Clara Margrete Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu	212. 87
	ennfremur styrkur til húsaleigu á ári	40.
4	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesen í Þingeyjarsýslu	416. 60
5	Antonía Jósefína Thorarensen, ekkja sýslumanns B. Thorarensen í Dalasýslu	228.
6	Maren Ragnheiður Friðrikka Lárusdóttir, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadalssýslu	289. 83
7	Ingibjörg Magnússen, ekkja sýslumanns í Dalasýslu Kristjáns Magnússen	262. 89
8	Ragnheiður Thorarensen ekkja hjeraðslæknis, kancelliráðs Skúla Thorarensens	273. 33
9	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar frá 1. desbr. 1873 ..... 184 kr. kon. úrsk. 20. júní 1874. viðbót frá sama tíma ..... 13 — stj. br. 18. nóvbr. 1876.	197.
10	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Havsteins kon. úrsk. 12. nóvbr. 1875.	529. 16
11	Hildur Sólveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. M. Magnússonar.	538. 27
12	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts... frá 1. nóvbr. 1881.	81. 25
13	Ragnheiður Kristjánsson, ekkja amtmanns Kr. Kristjánssonar ..... frá 1. júní 1882.	750.
14	Guðrún Guðjohnsen, ekkja organsleikara P Guðjohnsens ..... frá 1. jan. 1880, fjárlögin fyrir 1880 og 1881.	300.
15	Sígríður Blöndal, ekkja sýslumanns Blöndals ..... frá 1. júní 1884.	300. 45
16	Elínborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorberg..... frá 1. febr. 1886.	919. 17
17	Christiane Caroline Bolbroe, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Bolbroe á Vestmannaeyjum, frá 1. maí 1888	75.
18	Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar ..... frá 1. jan. 1890. Samkv. kon. úrsk. 9./maí 1890 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Skúla, fæddum 15. júní 1881 ..... 2. Pjetri, fæddum 14. desbr. 1882	187. 50 70. 70.
19	Sígríður Bogadóttir Pjetursson, ekkja biskups P. Pjeturssonar ..... frá 1. júní 1891.	954.
20	Karen Bjarnarson, ekkja sýslumanns Stefáns Bjarnarsonar í Árnessýslu frá 1. ágúst 1891.	405. 96
21	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassen ..... frá 1. október 1891.	750.
	flyt...	8,240. 82

		kr. a.
	fluttar...	8,240. 82
22	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja hjeraðslæknis Einars Guðjohnsen....	187. 50
	frá 1. ágúst 1891.	
	Samkv. kon. úrsk. 13. apríl 1892 handa stjúpbarni hennar og dóttur til fullra 18 ára:	
	1. Önnu Ragnheiði, fæddri 18. desember 1881	80.
	2. Sigríði, fæddri 11. júli 1885	80.
23	Oline Marie Christine Vigfússon, ekkja Sigurðar Vigfússonar, eptirlaun sem ekkja sýslumanns J. Árnasonar í Þingeyjarsýslu, er dó árið 1840	40.
	frá 9. júli 1892.	
24	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja lektors theol., forstöðumanns prestaskólans Helga Hálfdánarsonar	575.
	frá 1. febrúar 1894.	
25	Guðlaug Jensdóttir, ekkja sýslumanns Sigurðar Jónssonar í Snæfellsnessýslu.....	370. 28
	frá 1. desember 1893.	
26	Ásta Hallgrímsson, ekkja læknaskólakennara Tómasar Hallgrímssonar	350.
	frá 1. janúar 1894.	
	Samkv. kon. úrsk. 26. febrúar 1894 handa börnum hennar til fullra 18 ára;	
	1. Guðmundi Hallgrími, fæddum 17. desember 1880....	100.
	2. Sýlvíu, fæddri 28. maí 1884	100.
	Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa	
	3. Tómasi syni hennar, fæddum 9. ágúst 1894, til fullra 18 ára	100.
27	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja sýslumanns H. E. Johnsen í Rangárvallasýslu frá 1. maí 1894	412. 59
	Samkv. kon. úrsk. 30. maí 1894 handa syni hennar Oddi, fæddum 23. júní 1884, til fullra 18 ára	100.
28	Kristín Blöndal, ekkja sýslumanns Lárusar Blöndals í Húnavatnssýslu.....	582. 45
	frá 1. júní 1894.	
	Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa syni hennar Haraldi, fæddum 10. septbr. 1882, til fullra 18 ára..	100.
29	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja hjeraðslæknis Hjörts Jónssonar í Stykkishólmi	305.
	frá 1. maí 1894.	
30	Guðríður Kjerúlf, ekkja hjeraðslæknis Þorvarðar Kjerúlf	187. 50
	frá 1. júlí 1893.	
	Samkv. kon. úrsk. 30. maí 1894 handa Sigríði dóttur hennar, fæddri 25. maí 1891, til fullra 18 ára	80.
31	Ástríður Melsted, ekkja lectors Sigurðar Melsted.....	634.
	frá 1. júní 1895.	
	flyt...	12,625. 14

		kr. a.
	fluttar...	12,625. 14
32	Þuríður Johnsen, ekkja sýslumanns Jóns Johnsen í Suður-Múlasýslu.. frá 1. nóvemb. 1895.	430. 80
	Samkv. kon. úrsk. 16. júní 1896 handa börnum hennar til fullra 18 ára:	
	1. Guðrúnu, fæddri 11. jan. 1880	100.
	2. Ásmundi, fæddum 13. maí 1885	100.
33	Sígríður Friðriksdóttir, ekkja justitiarii Jóns Pjeturssonar frá 1. febr. 1896.	725.
34	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Ólafs Sigvaldasonar frá 1. júní 1896	187. 50
	alls...	14,168. 44

C. Uppgjafaprestar,

er eptirlaun þeirra eru greidd úr landssjóði.

1	Þórarinn Erlendsson, fyrv. prestur að Hofi í Álptafirði: frá 6. júní 1882	455. 32
2	Einar Vernharðsson, fyrv. prestur að Stað í Grunnavík: frá 6. júní 1883	370.
3	Benedikt Eiríksson, fyrv. prestur í Efri-Holtaþingum: frá 6. júní 1884	370.
4	Jón Brynjólfsson, fyrv. prestur að Kálfholti: frá 6. júní 1886	303. 53
5	Benedikt Kristjánsson, fyrv. prestur að Múla: frá 6. júní 1890	500.
6	Jón Bjarnason, fyrv. prestur í Skarðsþingum: frá 6. júní 1891	350.
7	Gunnar Ólafsson, fyrv. prestur að Höfða: frá 6. júní 1892	260.
8	Jón Jónsson, fyrv. prestur að Stað á Reykjanesi: frá 6. júní 1895	34. 84
9	Daníel Halldórsson, fyrv. prestur að Hólmum í Reyðarfirði: frá 6. júní 1895, sbr. lög 13. des. 1895	583. 83
	alls...	3,227. 52

D. Prestsekkjur.

	Eptir landsreikningnum fyrir árið 1895 numu eptirlaunin til prestsekkna við árslok	3,948. 82
	Af þeim hafa síðan fallið burtu	100.
		3,848. 82
	en bætzt við	279. 27
	alls...	4,128. 09

E. Samkvæmt 15. gr. fjárlaganna.	kr.
Styrkur til ekkjufrú Torfhildar Hólm	200.
Styrkur til Oline Vigfússon, ekkju eptir Sigurð Vigfússon	160.
Styrkur til Sigríðar Árnadóttur	200.
alls...	560.

I.

Frumvarp til ferðaáætlunar um gufuskipaferðir fram og aptur milli Kaupmannahafnar—Leith—Færeyja og Íslands.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.	16.	17.	18.	19.
	Laura	**Vesta**	**Laura**	**Thyra**	**Vesta**	**Laura**	**Thyra**	**Vesta**	**Laura**	**Botnia**	**Laura**	**Thyra**	**Vesta**	**Laura**	**Vesta**	**Laura**	**Thyra**	**Vesta**	**Laura**
Frá Kaupmannahöfn	16. janúar	11. febrúar	1. marz	13. marz	22. marz	22. apríl	13. maí	29. maí	5. júní	18. júní	10. júlí	22. júlí	2. ágúst	17. ágúst	6. septbr.	20. septbr.	27. septbr.	12. oktbr.	11. nóvb
— Leith	20. —	15. —	5. —	17. —	26. —	26. —	17. —	2. júní	9. —	22. —	14. —	26. —	6. —	21. —	10. —	24. —	1. oktbr.	16. —	15
— Trangisvaag	»	»	7. —	19. —	»	»	19. —	»	»	24. —	»	28. —	»	23. —	»	»	»	»	17. —
— Thorshavn	23. —	»	8. —	20. —	»	28. —	20. —	»	11. —	25. —	16. —	28. —	»	23. —	»	26. —	4. —	»	18. —
— Klaksvig	24. —	»	9. —	»	»	»	20. —	»	12. —	26. —	17. —	29. —	»	24. —	»	27. —	»	»	19. —
— Reykjavík	»	»	»	»	»	»	»	9. —	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Berufirði	»	»	»	»	»	»	22. —	10. —	»	»	»	30. —	»	»	14.	»	»	»	»
— Fáskrúðsfirði	»	20. —	»	»	30. —	»	22. —	11. —	»	»	»	31.	10. —	»	14. —	»	6. —	19. —	»
— Eskifirði	»	21. —	»	»	30. —	»	23. —	11. —	»	»	»	1. ágúst	10. —	»	15. —	»	6. —	20. —	»
— Norðfirði	»	»	»	»	31. —	»	23. —	12. —	»	»	»	1. —	11. —	»	15. —	»	7. —	20. —	»
— Seyðisfirði	»	22. —	»	»	1. apríl	»	25. —	13. —	»	28. —	»	2. —	11. —	»	17. —	»	8. —	21. —	»
— Vopnafirði	»	»	»	»	1. —	»	25. —	13. —	»	»	»	2. —	»	»	»	»	9. —	»	»
— Húsavík	»	»	»	»	2. —	»	26. —	14. —	»	29. —	»	3. —	»	»	»	»	10. —	»	»
— Eyjafirði	»	»	»	»	4. —	»	28. —	16. —	»	3. júlí	»	5. —	»	»	»	»	12. —	»	»
— Siglufirði	»	»	»	»	4. —	»	28. —	16. —	»	»	»	5. —	»	»	»	»	12. —	»	»
— Sauðárkróki	»	»	»	»	5. —	»	29. —	17. —	»	»	»	6. —	»	»	»	»	13. —	»	»
— Skagaströnd	»	»	»	»	6. —	»	30. —	17. —	»	»	»	6. —	»	»	»	»	13. —	»	»
— Blönduósi	»	»	»	»	6. —	»	30. —	18. —	»	»	»	7. —	»	»	»	»	»	»	»
— Borðeyri	»	»	»	»	»	»	»	19. —	»	»	»	8. —	»	»	»	»	»	»	»
— Reykjarfirði	»	»	»	»	7. —	»	31. —	19. —	»	»	»	9. —	»	»	»	»	»	»	»
— Ísafirði	»	»	»	»	9. —	»	2. júní	21. —	»	»	»	11. —	»	»	»	»	15. —	»	»
— Önundarfirði	»	»	»	»	9. —	»	2. —	21. —	»	»	»	11. —	»	»	»	»	»	»	»
— Dýrafirði	»	»	»	»	10. —	»	2. —	21. —	»	5. —	»	12. —	»	»	»	»	15. —	»	»
— Arnarfirði	»	»	»	»	10. —	»	3. —	22. —	»	»	»	12. —	»	»	»	»	»	»	»
— Patreksfirði	»	»	»	»	»	»	3. —	22. —	»	»	»	13. —	»	»	»	»	16. —	»	»
— Flatey	»	»	»	»	11. —	»	4. —	23. —	»	»	»	14. —	»	»	»	»	»	»	»
— Stykkishólmi	»	»	»	»	11. —	»	4. —	23. —	»	»	»	14. —	»	»	»	»	»	»	»
I Reykjavík	29. janúar	24. febrúar	14. marz	24. marz	14. apríl	2. maí	7. júní	27. júní	16. júní	6. júlí	20. júlí	18. ágúst	13. ágúst	28. ágúst	20. septbr.	2. oktbr.	18. oktbr.	24. oktbr.	24. nóvb
Til Vesturlandsins. Frá Reykjavík	»	»	»	»	»	4. maí	»	»	»	»	22. júlí	»	»	»	»	6. oktbr.	»	»	»
— Stykkishólmi	»	»	»	»	»	4. —	»	»	»	»	22. —	»	»	»	»	»	»	»	»
— Flatey	»	»	»	»	»	5. —	»	»	»	»	23. —	»	»	»	»	»	»	»	»
— Patreksfirði	»	»	»	»	»	5. —	»	»	»	»	23. —	»	»	»	»	»	»	»	»
— Arnarfirði	»	»	»	»	»	6. —	»	»	»	»	24. —	»	»	»	»	»	»	»	»
— Dýrafirði	»	»	»	»	»	7. —	»	»	»	»	24. —	»	»	»	»	»	»	»	»
— Önundarfirði	»	»	»	»	»	7. —	»	»	»	»	25. —	»	»	»	»	»	»	»	»
Á Ísafirði	»	»	»	»	»	8. —	»	»	»	»	25. —	»	»	»	»	7. oktbr.	»	»	»

Komið verður við í Vestmannaeyjum í hverri ferð sunnan um land á austur eða vestur leið, ef kringumstæður leyfa.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.	16.	17.	18.	19.
	Laura	**Vesta**	**Laura**	**Thyra**	**Vesta**	**Laura**	**Thyra**	**Vesta**	**Laura**	**Botnia**	**Laura**	**Thyra**	**Vesta**	**Laura**	**Vesta**	**Laura**	**Thyra**	**Vesta**	**Laura**
Frá Vesturlandinu. Frá Ísafirði	»	»	»	»	»	9. maí	»	»	»	»	26. júlí	»	»	»	»	9. oktbr.	»	»	»
— Dýrafirði	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	10. —	»	»	»
— Arnarfirði	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	11. —	»	»	»
— Patriksfirði	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	12. —	»	»	»
— Flatey	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	13. —	»	»	»
— Stykkishólmi	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	14. —	»	»	»
Í Reykjavík	»	»	»	»	»	11. maí	»	»	»	»	28. júlí	»	»	»	»	17. oktbr.	»	»	»
Frá Reykjavík	5. febrúar	1. marz	20. marz	28. marz	20. apríl	13. maí	11. júní	2. júlí	22. júní	13. júlí	30. júlí	28. ágúst	19. ágúst	2. septbr.	26. septbr.	21. oktbr.	24. oktbr.	27. oktbr.	2. desbr.
— Stykkishólmi	»	»	»	28. —	»	»	11. —	2. —	»	»	»	28. —	»	»	»	»	»	»	»
— Flatey	»	»	»	29. —	»	»	11. —	2. —	»	»	»	28. —	»	»	»	»	»	»	»
— Patriksfirði	»	»	»	30. —	»	»	12. —	3. —	»	»	»	29. —	»	»	»	»	»	»	»
— Arnarfirði	»	»	»	31. —	»	»	12.	3. —	»	»	»	29. —	»	»	»	»	»	»	»
— Dýrafirði	»	»	»	1. apríl	»	»	13. —	4. —	»	»	»	30. —	»	»	»	»	»	30. —	»
— Önundarfirði	»	»	»	1. —	»	»	13. —	4. —	»	»	»	30. —	»	»	»	»	»	»	»
— Ísafirði	»	»	»	3. —	»	»	15. —	6. —	»	»	»	31. —	»	»	»	»	»	31. —	»
— Reykjarfirði	»	»	»	4. —	»	»	»	7. —	»	»	»	1. septbr.	»	»	»	»	25. —	»	»
— Borðeyri	»	»	»	»	»	»	»	8. —	»	»	»	2. —	»	»	»	»	»	»	»
— Blönduósi	»	»	»	»	»	»	»	9. —	»	»	»	3. —	»	»	»	»	»	»	»
— Skagaströnd	»	»	»	5. —	»	»	16. —	9. —	»	»	»	3. —	»	»	»	»	»	»	»
— Sauðárkróki	»	»	»	»	»	»	17. —	10. —	»	»	»	4. —	»	»	»	»	27. —	2. nóvbr.	»
— Siglufirði	»	»	»	»	»	»	17. —	10. —	»	»	»	4. —	»	»	»	»	28. —	»	»
— Eyjafirði	»	»	»	7. —	»	»	19. —	12. —	»	»	»	6. —	»	»	»	»	30. —	5. —	»
— Húsavík	»	»	»	»	»	»	19. —	12. —	»	»	»	7. —	»	»	»	»	»	»	»
— Vopnafirði	»	»	»	»	»	»	20. —	13. —	»	»	»	8. —	»	»	»	»	31. —	»	»
— Seyðisfirði	»	3. —	»	11. —	23. —	16. —	21. —	15. —	»	»	»	9. —	»	»	»	»	1. nóvbr.	7. —	»
— Norðfirði	»	4. —	»	»	23. —	16. —	21. —	15. —	»	»	»	»	»	»	»	»	1. —	7. —	»
— Eskifirði	»	4. —	»	»	24. —	17. —	22. —	15. —	»	»	»	9. —	»	»	»	»	»	8. —	»
— Fáskrúðsfirði	»	5. —	»	»	24. —	»	22. —	16. —	»	»	»	»	»	»	»	»	»	9. —	»
— Berufirði	»	»	»	»	25. —	»	23. —	16. —	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»	»
— Klaksvig	8. —	»	23. —	13. —	»	19. —	»	»	24. —	15. —	1. ágúst	11. —	»	4. —	»	24. —	»	»	6. —
— Thorshavn	9. —	»	23. —	13. —	»	19. —	25. —	»	24. —	16. —	2. —	11. —	»	5. —	»	25. —	3. —	»	7. —
— Trangisvaag	»	»	24. —	14. —	»	»	»	»	25. —	16. —	2. —	»	»	»	»	»	»	»	8. —
— Leith	12. —	9. —	27. —	17. —	29. —	22. —	28. —	20. —	28. —	19. —	5. —	14. —	24. —	8. —	1. oktbr.	28. —	6. —	13. —	11.
Í Kaupmannahöfn	18. febrúar	13. marz	2. apríl	21. apríl	4. maí	26. maí	4. júlí	24. júlí	2. júlí	22. júlí	9. ágúst	18. septbr.	28. ágúst	12. septbr.	5. oktbr.	2. nóvbr.	10. nóvbr.	18. nóvbr.	16. desbr.

Komið verður við í Vestmannaeyjum í hverri ferð sunnan um land á austur eða vestur leið ef kringumstæður leyfa.

Frumvarp

til

laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

		Fjárveiting.		Reikningur.	
	I. Tekjur:	kr.	a.	kr.	a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	84,000.	»	93,120.	53
2.	Húsaskattur	8,000.	»	9,656.	16
3.	Tekjuskattur	26,000.	»	27,958.	20
4.	Aukatekjur	44,000.	»	58,706.	44
5.	Erfðafjárskattur	4,000.	»	5,252.	51
6.	Gjöld af fasteignasölum	2,600.	»	1,546.	40
7.	Vitagjald	12,000.	»	17,539.	50
8.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000.	»	6,340.	42
9.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	60,000.	»	99,572.	02
10.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	240,000.	»	264,015.	36
11.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	100,000.	»	142,497.	48
12.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	250,000.	»	312,496.	19
13.	Tekjur af póstferðum	40,000.	»	56,044.	66
14.	Óvissar tekjur	4,000.	»	13,803.	32
15.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	50,000.	»	56,001.	50
16.	Tekjur af kirkjum	700.	»	839.	36
17.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	56,000.	»	71,634.	02
	Borgað upp í lán, veiting: 45,479 kr. 80 a., reikningur: 114,323 kr. 85 a.				
18.	Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000.	»	12,003.	82
19.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000.	»	7.953.	55
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200.	»	1,571.	88
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.	»	4,812.	36
22.	Tillag úr ríkissjóði	143,000.	»	143,000.	»
	alls...	1,147,500.	»	1,406,365.	68

II. Gjöld:	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi ..	26,800. »	27,800. »
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600. »	62,260. 93
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	49,816. 66	47,378. 77
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,995. 14	167,207. 62
C. Ýmisleg útgjöld	73,600. »	71,077. 77
4. Til útgjalda við læknaskipunina	117,844. »	106,086. 19
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	93,500. »	97,265. 54
B. Til vegabóta	141,000. »	141,535, 64
C. Til strandferða	98,000. »	45,440. 63
D. Til annara samgöngumála	16,000. »	10,000. »
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	47,100. »	45,083. 12
B. Til kennslumálefna	175,566. »	169,198. 56
C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta.	42,000. »	41,830. 45
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200. »	8,743. 50
8. Eptirlaun og styrktarfje	86,000. »	81,909. 93
9. Til óvissra útgjalda	3,000. »	2,694. 21
10. Fjárankaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum	.....	77,935. 59
11. Tekjuafgangur	.....	202,917. 23
alls...	1,181,021. 80	1,406,365. 68

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1895	924,126 kr.	35 aur.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1895	37,881 —	64 —
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1895	465,659 —	35 —
Í landsbánkanum á hlaupareikningi	100,000 —	» —

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, og fylgir því sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugasemdum þeim, er hjer fara á eptir, vísað til þeirra tekju- og gjaldagreina, er í yfirlitinu standa undir samslags tölulið.

Yfirlit

yfir

tekjur og gjöld Íslands á árunum 1894 og 1895.

Tekjur.	Fjárveiting. kr.	a	Reikningur. kr.	a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:				
a. á ábúð og afnotum jarða	34,000.	»	93,120.	53
b. á lausafje	50,000.	»		
2. Húsaskattur	8,000.	»	9,656.	16
3. Tekjuskattur	26,000.	»	27,958.	20
4. Aukatekjur	44,000.	»	58,706.	44
5. Erfðafjárskattur	4,000.	»	5,252.	51
6. Gjöld af fasteignasölum	2,600.	»	1,546.	40
7. Vitagjald	12,000.	»	17,539.	50
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000.	»	6,340.	42
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	60,000.	»	99,572.	02
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	240,000.	»	264,015.	36
11. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	100,000.	»	142,497.	48
12. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	250,000.	»	312,496.	19
13. Tekjur af póstferðunum	40,000.	»	56,044.	66
14. Óvissar tekjur	4,000.	»	13,803.	32
15. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl.	50,000.	»	56,001.	50
16. Tekjur af kirkjum	700.	»	839.	36
17. Leigur af fje viðlagasjóðs	56,000.	»	71,634.	02
borgað upp í lán, fjárveiting: 45,479 kr. 80 aur. reikningur: 114,323 — 85 —				
18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000.	»	12,003.	82
19. Borgað frá brauðum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880.	4,000.	»	7,953.	55
20. Endurborgun á skyndilánum til embættismanna	1,200.	»	1,571.	88
21. Endurgjald á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.	»	4,812.	36
22. Tillag úr ríkissjóði:				
Fast tillag	120,000.	»	120,000.	»
Aukatillag	23,000.	»	23,000.	»
	1,147,500.	»	1,406,365.	68

	Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. »	27,800. »
2.	Til kostnaðar við alþingi og við yfirskoðun landsreikninganna	33,600. »	62,260. 93
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:		
3.	1. Laun	36,216. 66	34,025. »
4.	2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	7,600. »	7,353. 77
5.	3. a. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 5,000 kr. b. Launaviðbót til hins núverandi endurskoðara 1,000 —	6,000. »	6,000. »
	B. Dómgæzla og lögreglumál:		
6.	1. Laun: a. til dómara og sýslumanna	139,395. 14	137,152. 44
	b. til hreppstjóra	12,000. »	11,289. »
7.	2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavik	2,800. »	2,800. »

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
8.	3. Til hegningarhússins og fangelsanna:				
	a. laun umsjónarmannsins 1,600 kr. Viðbót við hinn núverandi umsjónarmann .. 400 —	2,000. »	2,000. »		
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	200. »	200. »		
	— — lækni	120. »	120. »		
	b. viðurværi handa föngum	2,450. »	2,504. 48		
	miðdagsmatur handa fangaverði, 3 skamtar	460. »			
	þvottur	60. »	51. 28		
	til eldiviðar og ljósa	1,040. »	1,094. 37		
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	800. »	902. 48		
	til þess að útvega verkefni	1,000. »	428. 90		
	ýmisleg útgjöld	300. »	218. 20		
		8,430. »	7,519. 71		
	flyt...	8,430. »	7,519. 71	264,411. 80	288,681. 14

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
fluttar. .	8,430. »	7,519. 71	264,411. 80	288,681. 14
arður af verkum.....	1,230. »	1,028. 49		
	7,200. »	6,491 22		
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	200. »	286. 62		
			7,400. »	6,777. 84
9. 4. Önnur útgjöld:				
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn.	3,200. »	3,200. »		
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn .	100. »	100. »		
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum.	80. »	69. 20		
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.....	120. »	120. »		
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	6,000. »	4,820. 52		
f. kostnaður við gjafsóknarmál.....	600. »	595. 49		
g. til útgáfu á dómasafni	300. »	283. 13		
			10,400. »	9,188. 34
C. Ýmisleg útgjöld:				
10. 1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.....	600. »	600. »		
b. til pappírs og prentunar	4,000. »	4,556. 02		
c. til kostnaðar við sending með póstum.....	600. »	626. 40		
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur, með prófarkalestri...	1,800. »	1,560. »		
			7,000. »	7,342. 42
11. 2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			2,400. »	3,986. 99
12. 3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			3,200. »	1,972. 45
		flyt...	294,811. 80	317,949. 18

		Fjárveiting. kr a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar....			294,811. 80	317,949. 18
13.	4. styrkur til eflingar búnaði:				
	a. til búnaðarskóla:				
	Fjárveiting. kr. / Reikningur. kr.				
	1. til skólans í Ólafsdal.... 5,000. / 5,000.				
	2. til skólans á Hólum ..... 9,000. / 9,000.				
	3. til skólans á Eyðum ..... 5,500. / 5,500.				
	4. til skólans á Hvanneyri .. 5,000. / 5,000.				
		24,500. »	24,500. »		
	b. til búnaðarfjelga	24,000. »	23,884. 40		
	c. styrkur til Hermanns Jónassonar til þess að gefa út búnaðarrit ..	480. »	475. »		
	d. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum.....	600. »	300. »		
	e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla.....	600. »	» »		
	f. styrkur til verklegs laxaklaks i Dalasýslu	400. »	» »		
	g. til þess að varna skemmdum á Steinsmýra engjum	750. »	750. »		
				51,330. »	49,909. 40
14.	5. til vitans á Reykjanesi:				
	a. til launa vitamannsins	2,400. »	2,400. »		
	b. til eptirlits með vitanum	120. »	79. 20		
	c. til að kaupa olíu.....	2,400. »	1,650. 61		
	d. — — lampakveiki o. fl.	300. »	300. 79		
	e. — — steinkol	240. »	245. 80		
	f. til viðhalds á húsum og áhöldum.....	400. »	825. 66		
	g. eptirgjald eptir lóðina.....	60. »	60. »		
				5,920. »	5,562. 06
	flyt.....			352,061. 80	373,420. 64

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	352,061. 80	373,420. 64
15.	6. Til vörðuvita.....	1,250. »	822. 85
16.	7. Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði.....	2,000. »	981. 60
17.	8. Til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók.....	500. »	500. »
	Útgjöld við læknaskipunina:		
18.	1. Laun.....	79,196. »	77,712. 67
19.	2. Styrkur til 13 aukalækna: a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu, b. til læknis í Seyðisfirði, Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði, c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum í Borgarfjarðarsýslu, d. til læknis í Dyrhólahreppi og eystri og vestri Eyjafjallahreppum, e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði, f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá, g. — læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár, h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum, i. til læknis í Eyjarhreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu, j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu, k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu, l. til læknis í Strandasýslu, m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum. 1000 kr. til hvers, hvort árið.....	26,000. »	18,500. »
20.	3. Styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum.....	4,000. »	4,000. »
21.	4. Styrkur til Ó. Nickolins tannlæknis	1,000. »	708. 33
	flyt...	466,007. 80	476,646. 09

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar ...			466,007. 80	476,646. 09
22.	5. Önnur útgjöld:				
	a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík ...	2,400. »	2,400. »		
	b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri ...	800. »	800. »		
	e. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík, fyrir hana sjálfa ...	48. »	48. »		
	f. til náms yfirsetukvenna ...	4,000. »	1,824. 99		
	g. til verkfæra handa yfirsetukonum ...	400. »	92. 20		
				7,648. »	5,165. 19
	Til samgöngumála.				
	A. Útgjöld við póststjórnina:				
23.	1. Laun:				
	a. handa póstmeistaranum ...	4,800. »	4,800. »		
	b. — póstafgreiðslumönnum .	9,400. »	9,400. »		
	c. — brjefhirðingamönnum ..	5,400. »	6,000. 43		
				19,600. »	20,200. 43
24.	2. Póstflutningur ...			68,000. »	68,477. 21
25.	3. Önnur útgjöld:				
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ...	3,000. »	3,000. »		
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 ‰ ...	400. »	316. 66		
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama ...	400. »	121. 80		
	d. fyrir prentun á ýmsu ...	400. »	1,461. 71		
	e. til áhalda ...	1,200. »	2,241. 49		
	f. 1 brjefberi í Reykjavík ...	100. »	100. »		
	g. óviss útgjöld ...	400. »	1,346. 24		
				5,900. »	8,587. 90
	B. Útgjöld til vegabóta:				
26.	a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum ...	6,000. »	6,000. »		
	b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum ...	100,000. »	100,271. 26		
	c. til fjallvega ...	30,000. »	30,264. 38		
	d. til brúargjörðar á Hjeraðsvötnum ...	5,000. »	5,000. »		
				141,000. »	141,535. 64
	flyt..			708,155. 80	720,612. 46

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar			708,155. 80	720,612. 46
27.	C.				
	a. til strandferða:				
	1. til hins sameinaða gufuskipafjelags	36,000. »	36,000. »		
	2. til strandferða samkvæmt ferðaáætlun þingsins	50,000. »	»		
	b. til gufubátsferða á Faxaflóa	6,000. »	5,578. 13		
	c. til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins, austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja	6,000. »	3,862. 50		
				98,000. »	45,440. 63
28.	D.				
	a. til bryggjugjörðar á Blönduós	5,000. »	5,000. »		
	b. til gufubátsferða um Lagarfjótsós	5,000. »	5,000. »		
	c. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð	6,000. »	»		
				16,000. »	10,000. »
	Útgjöld til kirkju- og kennslumála.				
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:				
29.	a. laun biskups			14,000. »	14,000. »
	b. önnur útgjöld:				
30.	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			17,500. »	16,720. 02
31.	2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum			6,000. »	4,675. »
32.	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti			1,200. »	1,288. 10
33.	4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar prestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi			400. »	400. »
34.	5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum			6,000. »	6,000. »
35.	6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað			2,000. »	2,000. »
	B. Kennslumálefni:				
	I. Til prestaskólans:				
36.	a. laun			19,600. »	17,433. 33
	flyt...			888,855. 80	838,569. 54

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar			888,855. 80	838,569. 54
37.	b. önnur útgjöld:				
	1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,920. »	1,200. »		
	2. ölmusustyrkur	400. »	400. »		
	3. til tímakennslu	200. »	200. »		
	4. til bókakaupa	600. »	600. »		
	5. til eldiviðar og ljósa	200. »	195. 13		
	6. til umsjónar	200. »	200. »		
	7. ýmisleg útgjöld	400. »	400. 57		
	8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina	500. »	500. »		
				4,420. »	3,695. 70
	II. Til læknaskólans:				
38.	a. laun			7,200. »	5,800. »
39.	b. önnur útgjöld:				
	1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	800. »	750. »		
	2. eldiviður, ljós og ræsting	290. »	272. 74		
	3. til bókakaupa og verkfæra	600. »	598. »		
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum	600. »	600. »		
	5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	960. »	800. »		
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	200. »	200. »		
	7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«	400. »	385. 60		
	8. ýmisleg útgjöld	200. »	168. 14		
				4,050. »	3,774. 48
	III. Til hins lærða skóla:				
40.	a. laun			39,600. »	39,449. 79
41.	b. aðstoðarfje:				
	1. handa söngkennaranum	1,200. »	1,200. »		
	2. handa fimleikakennaranum	1,400. »	1,400. »		
	3. handa dyraverði	2,000. »	2,000. »		
	4. til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	600. »	600. »		
				5,200. »	5,200. »
	flyt...			949,325. 80	896,489. 51

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar			949,325. 80	896,489. 51
42.	c. önnur útgjöld:				
	1. til bókasafns skólans.....	1,200. »	1,200. »		
	2. til eldviðar og ljósa	2,000. »	1,936. 62		
	3. til skólahússins utan og innan	2,000. »	1,918. 94		
	4. til tímakennslu	3,200. »	3,060. 90		
	5. ölmusur	11,000. »	11,000. »		
	6. þóknun handa lækni.....	200. »	200. »		
	7. ýmisleg útgjöld	2,000. »	1,993. 70		
	8. fyrir prestsverk	96. »	96. »		
	9. til vísindalegra áhalda við kennslu:				
	a. í náttúrusögu	400. »	399. 96		
	b. í eðlisfræði	800. »	797. 44		
	10. til að gefa út visindalegt rit, er fylgi skólaskýrslunni	600. »	595. 58		
				23,496. »	23,199. 14
	IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
43.	a. laun			13,200. »	13,200. »
44.	b. önnur útgjöld:				
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna.....	800. »	795. 05		
	2. til eldiviðar og ljósa	1,000. »	941. 73		
	3. til skólahússins utan og innan.	400. »	268. 41		
	4. ýmisleg útgjöld	1,000. »	980. 69		
	5. til styrkveitingar námspiltum	800. »	800. »		
	6. til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum fyrir bæ þann, er hingað til hefur verið notaður við ábúð á jörðinni	4,000. »	4,000. »		
				8,000. »	7,785. 88
	V. Til stýrimannaskólans:				
45.	a. laun			3,600. »	3,600. »
	flyt...			997,621. 80	944,274. 53

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar			997,621. 80	944,274. 53
46.	b. önnur útgjöld:				
	1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa	1,000. »	1,000. »		
	2. til tímakennslu	1,200. »	1,161. 90		
	3. til áhaldakaupa o. fl.	400. »	313, 34		
				2,600. »	2,475. 24
	VI. Til annarar kennslu:				
47.	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík	3,600. »	3,600. »		
	2. — — á Ytriey	2,400. »	2,400. »		
	3. — — á Laugalandi	2,400. »	2,400. »		
	4. til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi	4,000. »	4,000. »		
				12,400. »	12,400. »
48.	b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum, öðrum en kaupstöðum			8,000.	7,865. »
49.	2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers			9,600. »	9,600. »
50.	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			5,000. »	5,000. »
51.	d. til kennarafræðslu			3,200. »	3,200. »
52.	e. til skóla-iðnaðar kennslu			1,000. »	1,000. »
53.	f. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík			2,000. »	2,000. »
54.	g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur			600. »	500. »
55.	h. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja			300. »	300. »
	VII. Til sundkennslu.				
56.	a. í Reykjavík			400. »	400. »
57.	b. til að gera við sundlaugina í Laugarnesi			500. »	500. »
58.	c. til sundkennslu annarsstaðar			1,600. »	820. »
	C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta.				
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
59.	1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga:				
	a. laun bókavarðar	2,000. »	2,000. »		
	flyt...	2,000. »	2,000. »	1,044,821. 80	990,334. 77

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	2,000. »	2,000. »	1,044,821. 80	990,334. 77
	b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	1,400. »	1,400. »		
	c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	200. »	200. »		
	d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá....	5,000. »	5,000. »		
	e. til eldiviðar og áhalda m. m.	900. »	900. »		
	f. brunabótagjald fyrir safnið ..	600. »	600. »		
				10,100. »	10,100. »
60.	2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra			1,200. »	1,200. »
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
61.	3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík ...	2,000. »	2,000. »		
	b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	1,000. »	1,000. »		
				3,000. »	3,000. »
62.	4. til þjóðvinafjelagsins			1,000. »	1,000. »
63.	5. til forngripasafnsins:				
	a. til að útvega forngripi og til áhalda.....	2,000. »	2,000. »		
	b. til umsjónar.....	800. »	800. »		
	c. til þess að semja skrá yfir forngripina og setja tölur á þá	1,200. »	1,200. »		
				4,000. »	4,000. »
64.	6. Styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið			1,600. »	1,600. »
65.	7. til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni			1,600. »	1,600. »
			flyt...	1,067,321. 80	1,012,834. 77

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	fluttar...	1,067,321. 80	1,012,834. 77
66.	8. styrkur til kennara Þorv. Thóroddsen til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið ..	2,000. »	2,000. »
67.	9. til fornleifafjelagsins..	600. »	600. »
68.	10. til náttúrufræðisfjelagsins	800. »	800. »
69.	11. styrkur handa tveimur mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	2,400. »	2,400. »
70.	12. styrkur til kand. mag. Boga Melsteð til að safna til sögu Íslands	1,200. »	1,200. »
71.	13. til sjera Mathíasar Jochumssonar	1,200. »	1,200. »
72.	14. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,000. »	1,000. »
73.	15. til kand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir skjöl og skjalapakka stiptamtsins í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra	1,000. »	1,000. »
74.	16. til umbúða um skjalapakka stiptamtsins og sýslnanna í landsskjalasafninu og til prentunar á skrá yfir þá m. m.	200. »	30. 45
75.	17. til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði	700. »	700. »
76.	18. til Tryggva Gunnarssonar fyrir það sem hann hefur unnið fram yfir umsamið verk við Ölfusárbrúna	5,000. »	5,000. »
77.	19. til síra Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka orðabók	800. »	800. »
78.	20. til Geirs Zoega kennara til að gefa út ensk-íslenzka orðabók	800. »	800. »
79.	21. Ferðastyrkur til verzlunarmanns D. Thomsen til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og í Portúgal, og gefa skýrslu um það mál	1,800. »	1,800. »
80.	til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200. »	8,743. 50
81.	til eptirlauna og styrktarfjár o. fl.	86,000. »	81,909. 93
82.	Til óvissra útgjalda	3,000. »	2,694. 21
83.	Gjöld samkvæmt nýjum lögum	.....	74.291. 33
84.	Gjöld samkvæmt fjáraukalögum	.....	3,644. 26
85.	Tekjuafgangur	.....	202,917. 23
	alls...	1,181,021. 80	1,406,365. 68

Athugasemdir

við

yfirlit yfir tekjur og gjöld á árunum 1894 og 1895.

Tekjur:

1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, sbr. fjárlögin 2. gr. 1.
   a. á ábúð og afnotum jarða.
   b. á lausafje.

Þessar tekjur hafa numið eptir reikningnum 1894:		
a.....	17,214 kr. 79 a.	
b.....	27,567 — 01 —	
		44,781 kr. 80 a.
og eptir reikningnum 1895:		
a.....	17,598 kr. 98 a.	
b.....	29.426 — 28 —	
		47,025 — 26 —
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....		2,757 — 28 —
	alls...	94,564 kr. 34 a.
Af þessu er borgað:		
1894.....	43,256 kr. 62 a.	
1895.....	49,863 — 91 —	
		93,120 — 53 —
	Tekjueptirstöðvar...	1,443 kr. 81 a.

2. Húsaskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 2.

Tekjur þessar hafa numið:		
eptir reikningnum 1894.....	4,649 kr. 75 a.	
— — 1895.....	4,854 — • —	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	459 — • —	
alls...		9,962 kr. 75 a.
Af þessu er borgað:		
1894.....	4,830 kr. 75 a.	
1895.....	4,825 — 41 —	
		9,656 — 16 —
	Tekjueptirstöðvar...	306 kr. 59 a.

3.	Tekjuskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 3. Þessar tekjur hafa numið:		
	eptir reikningnum 1894	13,889 kr. 75 a.	
	— — 1895	13,926 — 25 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum....	454 — 70 —	
	alls...		28,270 kr. 70 a.
	Af þessu er borgað:		
	1894.....	14,319 kr. 45 a.	
	1895.....	13,638 — 75 —	
			27,958 — 20 —
	Tekjueptirstöðvar...		312 kr. 50 a.
4.	Aukatekjur, sbr. fjárlögin 2. gr. 4, hafa numið:		
	eptir reikningnum 1894	27,502 kr. 08 a.	
	— — 1895	31,384 — 22 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	1,857 — 92 —	
	alls...		60,744 kr. 22 a.
	Af þessu er borgað:		
	1894.....	27,046 kr. 81 a.	
	1885.....	31,659 — 63 —	
			58,706 — 44 —
	Tekjueptirstöðvar...		2,037 kr. 78 a.
5.	Erfðafjárskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 5, hefur numið:		
	eptir reikningnum 1894	2,327 kr. 95 a.	
	— — 1895	2,968 — 42 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	23 — 91 —	
	alls...		5,320 kr. 28 a.
	Af þessu er borgað:		
	1894	2,324 kr. 66 a.	
	1895	2,927 — 85 —	
			5,252 — 51 —
	Tekjueptirstöðvar...		67 kr. 77 a.
6.	Gjöld af fasteignasölum, sbr. fjárlögin 2. gr. 6, hafa eptir reikningnum numið:		
	1894.....	1,024 kr. 23 a.	
	1895.....	499 — 02 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	23 — 15 —	
	alls...		1,546 kr. 40 a.
	Af þessu er borgað 1894	1,026 kr. 43 a.	
	og 1895	519 — 97 —	
			1,546 — 40 —
7.	Vitagjald, sbr. fjárl. 2. gr. 7, hefur eptir reikningnum numið:		
	1894.....	8,590 kr. 20 a.	
	1895.....	8,624 — 25 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	325 — 05 —	
	alls...		17,539 kr. 50 a.
	flyt...		17,539 kr. 50 a.

	fluttar...	17,539 kr. 50 a.
Af þessu er borgað 1894	8,915 kr. 25 a.	
og 1895	8,624 — 25 —	
		17,539 — 50 —

8. Gjöld fyrir leyfisbrjef, sbr. fjárl. 2. gr. 8,

hafa eptir reikn. numið 1894.....	2,615 kr. 49 a.	
— — — — 1895.....	3,724 — 93 —	
alls...		6,340 kr. 42 a.
Hjer af borgað 1894.....	2,615 kr. 49 a.	
og 1895.....	3,724 — 93 —	
		6,340 — 42 —

9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjarl. 2 gr. 9,

hefur eptir reikn. numið 1894.....	43,945 kr. 04 a.	
og 1895.....	57,675 — 21 —	
fyrri ára eptirstöðvar	9,246 — 32 —	
alls...		110,866 kr. 57 a.
Hjer af borgað 1894.....	51,041 kr. 16 a.	
1895.....	48,530 — 86 —	
		99,572 — 02 —
	Tekjueptirstöðvar ..	11,294 kr. 55 a.

10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárl. 2. gr. 10,

hefur eptir reikn. numið 1894.....	123,684 kr. 18 a.	
og eptir reikn. 1895.....	139,091 — 99 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....	5,262 — 99 —	
alls...		268,039 kr. 16 a.
Hjer af borgað 1894	126,552 kr. 77 a.	
1895	137,462 — 59 —	
		264,015 — 36 —
	Tekjueptirstöðvar...	4,023 kr. 80 a.

11. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í inheimtulaun, sbr. fjárl. 2. gr. 11,

hefur eptir reikn. numið 1894.....	67,756 kr. 20 a.	
1895.....	74,580 — 13 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....	3,618 — 01 —	
alls...		145,954 kr. 34 a.
	flyt...	145,954 kr. 34 a.

		fluttar...	145,954 kr. 34 a.
Hjer af borgað 1894.....	70,602 kr. 66 a.		
1895.....	71,894 — 82 —		
			142,497 — 48 —
		Tekjueptirstöðvar...	3,456 kr. 86 a.

12. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárl. 2. gr. 12,

hefur eptir reikn. numið 1894.....	148,072 kr. 80 a.		
og 1895.....	163,950 — 14 —		
fyrri ára eptirstöðvar.....	7,477 — 63 —		
			319,500 kr. 57 a.
Hjer af borgað 1894.....	152,346 kr. 38 a.		
1895.....	160,149 — 81 —		
alls...			312.496 — 19 —
		Tekjueptirstöðvar...	7,004 kr. 38 a.

13. Tekjur af póstferðum, sbr. fl. 2. gr. 13,

hafa eptir reikn. numið 1894.....		26,767 kr. 52 a.
1895.....		29,277 — 14 —
	alls...	56,044 kr. 66 —

14. Ovissar tekjur, sbr. fl. 2. gr. 14,

hafa eptir reikningnum numið 1894....	4,128 kr. 81 a.		
1895....	9,654 — 51 —		
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	20 — » —		
alls...			13,803 kr. 32 a.
Af þessu er borgað 1894.....	3,948 kr. 81 a.		
og 1895.....	9,854 — 51 —		
			13,803 — 32 —

15. Tekjur af fasteignum landssjóðs, sbr. 3. gr. fjárl. 1,

hafa eptir reikningnum numið 1894 ...	37,302 kr. 23 a.		
gjöldin voru það árið	10,060 — 61 —		
		27,241 kr. 62 a.	
og eptir reikningnum 1895	35,565 kr. 81 a.		
flyt...	35,565 kr. 81 a.	27,241 kr. 62 a.	

fluttar...	35,565 kr. 81 a.	27,241 kr. 62 a.	
gjöldin voru það árið	9,793 — 40 —		
		25,772 — 41 —	
fyrri ára tekjueptirstöðvar		6,635 — 22 —	
alls...			59,649 kr. 25 a.
Af þessu er borgað 1894.....		29,945 kr. 40 a.	
og 1895.....		26,056 — 10 —	
			56,001 — 50 —
			3,647 kr. 75 a.
Þegar hjer frá dragast, samkv. athgr. 3 á fylgiskjali 15 við reikninginn 1894, 99 kr. 21 e., og samkv. athgr. 3 á fylgiskjali 15 við reikninginn 1895, 97 kr. 28 a.			196 — 49 —
verða tekjueptirstöðvar...			3,451 kr. 26 a.

16. Tekjur af kirkjum, sbr. fl. 3. gr. 2,

hafa eptir reikn. numið 1894.....		437 kr. 61 a.	
1895.		370 — 97 —	
fyrri ára tekjueptirstöðvar		30 — 88 —	
alls...			839 kr. 46 a.
Af þessu er borgað 1894		468 — 49 —	
1895		370 — 87 —	
			839 — 36 —
Tekjueptirstöðvar...			» kr. 10 a.

17. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs, sbr. fjárl. 4. gr. 1,

hafa eptir reikningnum numið 1894....		34,876 kr. 84 a.	
og eptir reikningnum 1895		35,885 — 54 —	
fyrri ára eptirstöðvar		1,656 — 68 —	
alls...			72,419 kr. 06 a.
Hjer af er borgað 1894, sbr. áðurnefnda athugagr.		35,972 kr. 07 a.	
1895		35,661 — 95 —	
			71,634 — 02 —
Tekjueptirstöðvar...			785 kr. 04 a.
Upp í lán er borgað 1894			52,272 kr. 50 a.
1895			62,051 — 35 —
alls...			114,323 kr. 85 a.

18. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans, sbr. fjárl. 4. gr., 2.

hafa eptir reikn. numið 1894.....	6,000 kr. 88 a.	
1895.....	6,002 — 94 —	
alls...		12,003 kr. 82 a.
Hjer af er borgað 1894	6,000 kr. 88 a.	
1895	6,002 — 94 —	
		12,003 — 82 —

19. Innborganir frá brauðum, smkv. lögum 27. febr. 1880, sbr. fl. 5. gr. 1,

hafa numið eptir reikn. 1894.....	3,865 kr. 10 a.	
1895.....	3,877 — 55 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....	3,908 — 10 —	
alls...		11,650 kr. 75 a.
Hjer af borgað 1894	4,274 kr. 82 a.	
1895	3,678 — 73 —	
		7,953 — 55 —
Tekjueptirstöðvar...		3,697 kr. 20 a.

20. Endurborgun skyndilána til embættismanna, sbr. fjárl. 5. gr. 2,

hefur eptir reikn. numið 1894	993 kr. 75 a.
1895	578 — 13 —
alls...	1,571 kr. 88 a.

21. Endurborgun á öðrum fyrirframgreiðslum, sbr. fl. 5. gr. 3,

hefur numið eptir reikn. 1894.....	910 kr. 44 a.
1895.....	3,901 — 92 —
alls...	4,812 kr. 36 a.

22. Tillag úr ríkissjóði, sbr. fl. 6. gr.,
hefur numið samkv. lögum 2. janúar 1871:

1894.	fast tillag	60,000 kr. » a.	
	aukatillag	12,500 — » —	
			72,500 kr. » a.
1895.	fast tillag	60,000 kr. » a.	
	aukatillag	10,500 — » —	
			70,500 — » —
		alls...	143,000 kr. » a.

II. Gjöld.

1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, sbr. fjárl. 8. gr.,

voru borgaðar 1894	13,400 kr.	» a.
1895	14,400 —	» —
alls...	27,800 kr.	» a.

2. Til alþingis og yfirskoðunar landsreikninganna, sbr. fjárl. 9. gr.,

voru borgaðar 1894	23,898 kr.	65 a.
1895	38,362 —	28 —
alls...	62,260 —	93 a.

3—5. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál, sbr. fjárl. 10. gr. A. 1—3.

Gjöldin hafa hjer verið:

		1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
3. A. 1.	Laun ...	16,225. »	17,800. »	34,025. »
4. A. 2.	Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,660. 80	3,692. 97	7,353. 77

		1894. kr. a.	1895. kr. a.			
5. A. 3. a.	Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2,500. »	2,500. »			
b.	viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara.	500. »	500. »			
				3,000. »	3,000. »	6,000. »
			alls...			47,378. 77

6—9. Dómgæzla og lögreglustjórn, sbr. fl. 10. gr. B. 1—4.

Gjöldin hafa hjer orðið:

		1894. kr. a.	1895. kr a.	alls. kr. a.
6 B. 1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna..... Eptirstöðvar samkvæmt reikningi 1895: 166 kr. 68 a.	68,905. 19	68,247. 25	137,152. 44
	b. til hreppstjóra.....	5,530. »	5,759. »	11,289. »
7. B. 2.	Ritfje handa bæjarfógetanum i Reykjavík..	1,400. »	1,400. »	2,800. »
	flyt...	75,835. 19	75,406. 25	151,241. 44

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar ..	75,835. 19	75,406. 25	151,241. 44

8. B. 3. til hegningarhússins og fangelsanna:

	kr.	1894. kr. a.	1895. kr. a.			
a. laun umsjónarmannsins	800					
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ..	200					
		1,000. »	1,000. »			
þóknun handa dómkirkjuprestinum .		100. »	100. »			
þóknun handa lækni		60. »	60. »			
b. viðurværi handa föngum. ..... miðdagsmatur handa fangaverði		1,210. 12	1,294. 36			
þvottur.....		27. 88	23. 40			
til eldiviðar og ljósa		560. 88	533. 49			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld		606. 13	296. 35			
til þess að útvega verkefni.....		282. 18	146. 72			
ýmisleg útgjöld ..		105. 18	113. 02			
		3,952. 37	3,567. 34			
arður af verkum .		410. 88	617. 61			
		3,541. 49	2,949. 73			
kostnaður við viðhald fangelsanna.....		213. 51	73. 11			
				3,755. »	3,022. 84	6,777. 84

9. B. 4. Önnur útgjöld:

a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...		1,600. »	1,600. »			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...		50. »	50. »			
flyt...		1,650. »	1,650. »			158,019. 28

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1995. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,650. »	1,650. »			158,019. 28
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum...	35. 20	34. »			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum og fleira.....	60. »	60. »			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	2,850. 17	1,970. 35			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	290. »	305. 49			
g. til að gefa út dómasafn	105. »	178. 13			
			4,990. 37	4,197. 97	9,188. 34
				alls...	167,207. 62

10—17. Ýmisleg útgjöld, sbr. fjárl. 10. gr. C. 1—8.

10. C. 1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna og fl...	300. »	300. »			
b. til pappírs og prentunar.....	2,193. 96	2,362. 06			
c. til kostnaðar við sending með póstum	310. 40	316. »			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur, með prófarkalestri.....	780. »	780. »			
			3,584. 36	3,758. 06	7,342. 42
11. C. 2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.....			1,914. 63	2,072. 36	3,986. 99
12. C. 4. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar.....			1,108. 07	864. 38	1,972. 45
		flyt...			13,301. 86

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...			13,301. 86

13. C. 4. styrkur til eflingar búnaði

	1894. kr.	1895. kr.	1894. kr.	1895. kr.			
a. til búnaðarskóla:							
1. til skólans í Ólafsdal ..	2,500.	2,500.					
2. til skólans á Hólum ...	5,000.	4,000.					
3. til skólans á Eyðum ...	3,000.	2,500.					
4. til skólans á Hvanneyri.	2,500.	2,500.					
			13,000.	11,500.			
b. til búnaðarfjelaga.....			12,000.	11,884. 40			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit			235.	240.			
d. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum			300.	»			
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla			»	»			
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu.....			»	»			
g. til að varna skemmdum á Steinsmýra engjum ..			750.	»			
					26,285.	23,624. 40	49,909. 40

14. C. 5. til vitans á Reykjanesi:

a. til launa vitamannsins..	1,200.	1,200.			
b. til eptirlits með vitanum	24.	55. 20			
flyt...	1,224. »	1,255. 20			63,211. 26

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,224. »	1,255. 20			63,211. 26
c. til að kaupa olíu.....	832. 26	818. 35			
d. til að kaupa lampakveiki o. fl.	150. 25	150. 54			
e. til að kaupa steinkol...	120. 50	125. 30			
f. til viðhalds á húsum og áhöldum	187. 01	638. 65			
g. eptirgjald eptir lóðina..	30. »	30. »			
			2,544. 02	3,018. 04	5,562. 06
Af gjöldum þessum er í fjáraukalagafrumvarpinu fyrir árin 1894 og 1895 farið fram á að veitt verði: til viðhalds á húsum og áhöldum 1895: 450 kr.					
15. C. 6. til vörðuvita.....			423. 50	399. 35	822. 85
16. C. 7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði.			871. 60	110. „	981. 60
17. C. 8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkróki			500. »	». »	500. »
				alls...	71,077. 77

18—22. Útgjöld við læknaskipunina, sbr. fjárl. 11. gr. 4—5:

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
18. 1. Laun	39,237. 98	38,474. 69	77,712. 67

19. 2. Styrkur til 13 aukalækna:

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	
a. til læknis í Dalasýslu m. m.....	1,000.	1,000.	
b. til læknis á Seyðisfirði m. m.	1,000.	1,000.	
c. til læknis á Skipaskaga m. m.	1,000.	1,000.	
d. til læknis í Dyrhólahr. o. fl. hreppum.	1,000.	1,000.	
e. til læknis í Dýrafirði m. m.....	1,000.	1,000.	
f. til læknis í Þingeyjarsýslu austan Jökulsár.....	1,000.	1,000.	
g. til læknis í Ólafsvík m. m.....	1,000.	1,000.	
flyt...	7,000.	7,000.	77,712. 67

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	7,000.	7,000.			77,712. 67
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.	500.	1,000.			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu.	»	»			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu.	»	»			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu	»	»			
l. til læknis í Strandasýslu	»	1,000.			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum.	1,000.	1,000.			
			8,500.	10,000.	18,500.
20. 3. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum.....			2,000.	2,000.	4,000.
21. 4. styrkur til O. Nickolins tannlæknis			500.	208. 33	708. 33
22. 5. önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200. »	1,200. »			
b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400. »	400. »			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..	24. »	24. »			
d. til náms yfirsetukvenna	1,000. 05	824. 94			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum	1. 50	90. 70			
			2,625. 55	2,539. 64	5,165. 19
				alls...	106,086. 19

23—28. Útgjöld til samgöngumála, sbr. fjárl. 12 gr. a—d.

23—25. a. Útgjöld við póststjórnina.

		1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
23. 1.	Laun:					
	a. handa póstmeistaranum	2,400. »	2,400. »			
	b. handa póstafgreiðslumönnum.....	4,700. »	4,700. »			
	c. handa brjefhirðingamönnum	2,907. 43	3,093. »			
				10,007. 43	10,193. »	20,200. 43
24. 2.	Póstflutningur.....			34,206. 47	34,270. 74	68,477. 21
25. 3.	önnur útgjöld:					
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans....	1,500. »	1,500. »			
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰	172. 65	144. 01			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	121. 80	» »			
	d. fyrir prentun á ýmsu	349. 11	1,112. 60			
	e. til áhalda.....	1,010. 84	1,230. 65			
	f. 1 brjefberi í Reykjavík.....	50. »	50. »			
	g. óviss útgjöld	1,318. 64	27. 60			
				4,523. 04	4,064. 86	8,587. 90
					alls...	97,265. 54

Í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árin 1894 og 1895 er farið fram á fjárveiting á þessum upphæðum, er borgaðar hafa verið fram yfir það, sem veitt var: 1) til brjefhirðingamanna 1894 og 1895: 207 kr. 43 a. + 393 kr. = 600 kr. 43 a.; 2) póstflutningur 1894 og 1895: 206 kr. 47 a. + 270 kr. 74 a. = 477 kr. 21 a.; 3) fyrir prentun 1894 og 1895: 149 kr. 11 a. + 912 60 a. = 1,061 71 a., og 4) til áhalda 1894 og 1895: 410 kr. 84 a. + 630 kr. 65 a. = 1,041 kr. 49 a.

26. B. Til vegabóta:

		1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
	a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum	3,000. »	3,000. »			
	b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum....	63,924. 25	36,347. 01			
	c. til fjallvega.....	15,290. 53	14,973. 85			
	d. til brúargjörðar á Hjeraðsvötnum ...	5,000. »	» »			
				87,214. 78	54,320. 86	141,535. 64
					alls...	141,535. 64

		1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
27. C.	a. til strandferða.					
	1. til hins sameinaða gufuskipafjelags ..	10,000.	26,000.			
	2. til strandferða samkvæmt ferðaáætlun þingsins.....	„	„			
	b. til gufubátsferða á Faxaflóa	3,000.	2,578. 13			
	c. til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins...	2,062. 50	1,800. „			
				15,062. 50	30,378. 13	45,440. 63
					alls...	45,440. 63
28. D.	a. til bryggjugerðar á Blönduós.....	5,000.	„			
	b. til gufubátsferða um Lagarfljótsós.....	5,000.	„			
	c. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð	„	„			
				10,000. „	„ „	10,000. „
					alls...	10,0000. „

29—79. Kirkju- og kennslumál, sbr. fjárl. 13. gr. a—c.

29—35. A. í þarfir andlegu stjettarinnar:

		1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
29.	a. laun biskups	7,000. „	7,000. „	14,000. „
	b. önnur útgjöld:			
30.	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,172. 51	8,547. 51	16,720. 02
31.	2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	2,525. „	2,150. „	4,675. „
32.	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	634. 05	654. 05	1,288. 10
33.	4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar prestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi.....	200. „	200. „	400. „
34.	5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum.....	3,000. „	3,000. „	6,000. „
35.	7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000. „	1,000. „	2,000. „
			alls...	45,083. 12

36—58. B. Til kennslumála.

36—37. I. Prestaskólinn.

		1894.	1895.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
36.	a. laun	8,233. 33	9,200. »	17,433. 33

		1894.	1895.			
		kr. a.	kr. a.			
37.	b. önnur útgjöld:					
	1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum .	600. »	600. »			
	2. ölmusustyrkur ..	200. »	200. »			
	3. til tímakennslu .	100. »	100. »			
	4. til bókakaupa ..	300. »	300. »			
	5. til eldiviðar og ljósa	99. 79	95. 34			
	6. til umsjónar ...	100. »	100. »			
	7. ýmisleg útgjöld.	200. »	200. 57			
	8. til þess að gefa út kennslubækur handa skólanum	250. »	250. »			
				1,849. 79	1,845. 91	3,695. 70
					alls...	21,129. 03

38—39. II. Læknaskólinn.

		1894.	1885.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
38.	a. laun	2,600. »	3,200. »	5,800. »
39.	b. önnur útgjöld:			
	1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	350. »	400. »	
	2. eldiviður, ljós og ræsting.....	153. 24	119. 50	
	3. til bókakaupa og verkfæra.....	298. »	300. »	
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum	450. »	150. »	
	5. húsaleiga handa 6 lærisveinum..	320. »	480. »	
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100. »	100. »	
	flyt...	1,671. 24	1,549. 50	5,800. »

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,671. 24	1,549. 50			5,800. »
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik «.....	185. 60	200. »			
8. ýmisleg útgjöld.	98. 15	69. 99			
			1,954. 99	1,819. 49	3,774. 48
				alls...	9,574. 48

40—42. III. Hinn lærði skóli.

	1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
40. a. laun.....			19,800. »	19,649. 79	39,449. 79
41. b. aðstoðarfje:	1894. kr. a.	1895. kr. a.			
1. handa söngkennaranum	600. »	600. »			
2. handa fimleikakennaranum.....	700. »	700. »			
3. handa dyraverði ..	1,000. »	1,000. »			
4. til yfirumsjónar með skólabúsinu og áhöldum skólans...	300. »	300. »			
			2,600. »	2,600. »	5,200. »
42. c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans.....	600. »	600. »			
2. til eldiviðar og ljósa.....	939. 62	997. »			
3. til skólahússins utan og innan....	919. 02	999. 92			
4. til tímakennslu...	1,521. 90	1,539. »			
5. ölmusur.....	5,500. »	5,500. »			
6. þóknun handa lækni	100. »	100. »			
7. ýmisleg útgjöld ..	999. 75	993. 95			
8. fyrir prestsverk ..	48. »	48. »			
9. til vísindalegra áhalda við kennsluna:					
a. í náttúrusögu	200.	199. 96			
b. í eðlisfræði ..	399. 10	398. 34			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300. »	295. 58			
			11,527. 39	11,671. 75	23,199. 14
				alls...	67,848. 93

43—44. IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

		1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
43.	a. laun			6,600 »	6,600. »	13,200 »
44.	b. önnur útgjöld:					
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400. »	395. 05			
	2. til eldiviðar og ljósa	467. 30	474. 43			
	3. til skólahússins utan og innan	170. 90	97. 51			
	4. ýmisleg útgjöld	480. 99	499. 70			
	5. til styrkveitingar námspiltum	400. »	400. »			
	6. til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum fyrir bæ þann, er hingað til hefur verið notaður við ábúð á jörðinni	4000. »	» »			
				5,919. 19	1,866. 69	7,785. 88
					alls ..	20,985. 88

45—46. V. Stýrimannaskólinn:

		1894. kr. a.	1995. kr. a.	1894. kr. a.	1995 kr. a.	alls. kr. a.
45.	a. laun			1,800. »	1,809. »	3,600. »
46.	b. önnur útgjöld:					
	1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa	500. »	500. »			
	2. til tímakennslu	561. 90	600. »			
	3. til áhaldakaupa	197. 30	116. 04			
				1,259. 20	1,216. 04	2,475. 24
					alls...	6,075. 24

47—55. VI. Til annarar kennslu:

		1894. kr. a.	1885. kr. a.
47.	a. til kvennaskóla:		
	1. til kvennaskólans í Reykjavík	1,800. »	1,800. »
	2. til kvennaskólans á Ytriey	1,200. »	1,200. »
	flyt...	3,000. »	3,000. »

		1894. kr. a.	1895. kr. a.	1994. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	3,000. »	3,000. »			
	3. til kvennaskólans á Laugalandi.....	1,200. »	1,200. »			
	4. til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi.....	2,000. »	2,000. »			
				6,200. »	6,200. »	12,400. »
48.	b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum, öðrum en kaupstöðum.....			3,865. »	4.000. »	7,865. »
49.	2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers			4,800. »	4.800. »	9,600. »
50.	c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2.500. »	2,500. »	5,000. »
51.	d. til kennarafræðslu.....			1,600. »	1,600. »	3.200. »
52.	l. til skóla-iðnaðar kennslu.....			500. »	500. »	1.000. »
53.	f. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.			1,000. »	1,000. »	2,000. »
54.	g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....			200. »	300. »	500. »
55.	h. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja.....			150. »	150. »	300. »
					alls...	41,865 »

56—58. Til sundkennslu:

		1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
56.	a. í Reykjavík.....	200. »	200. »	400. »
57.	b. til að gera við sundlaugina í Laugarnesi	500. »	» »	500. »
58.	c. til sundkennslu annarsstaðar.....	320. »	500. »	820. »
			alls...	1,720. »

59—79. C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta.

		1894. kr. a.	1895. kr. a.
59.	1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:		
	a. laun bókavarðar..	1,000. »	1,000. »
	b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og		
	flyt...	1,000. »	1,000 »

			1894. kr. a.	1895. kr. a.	1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
		fluttar...	1,000. »	1.000. »			
		við samningu á skrá yfir handrit og bækur.....	700. »	700. »			
		c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því millum þinga	100. »	100. »			
		d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500. »	2,500. »			
		e. til eldiviðar og áhalda m. m.	450. »	450. »			
		f. brunabótagjald fyrir safnið	300. »	300. »			
					5,050. »	5,050. »	10,100. »
60.	2.	til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins.....			600. »	600. »	1,200. »
			1894. kr.	1895. kr.			
61.	3a.	til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags i Reykjavík	1,000.	1,000.			
		b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn.....	500.	500.			
					1,500. »	1,500. »	3,000. »
62.	4.	til þjóðvinafjelagsins.....			500. »	500. »	1,000. »
63.	5.	til forngripasafnsins:					
		a. til forngripakaupa og áhalda	1,000.	1,000.			
		b. til umsjónar	400.	400.			
		c. til þess að semja skrá yfir forngripina og setja tölur á þá	600.	600,			
					2,000. »	2,000. »	4,000. »
64	6.	Styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. hvort árið, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi, 200 kr. hvort árið.....			800. »	800. »	1,600. »
65.	7.	til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni			800. »	800. »	1,600 »
66	8.	styrkur til kennara Þorv. Thóroddsen til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands			1,000. »	1,000. »	2,000. »
				flyt...			24,500. »

		1894. kr. a.	1895. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...			24,500.
67. 9.	til fornleifafjelagsins	300.	300.	600.
68. 10.	til náttúrufræðisfjelagsins	400.	400.	800.
69. 11.	styrkur handa tveimur mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi...	1,200.	1,200.	2,400.
70. 12.	styrkur til kand. mag. Boga Melsteð til að safna til sögu Íslands	600.	600.	1,200.
71. 13.	til sjera Matthíasar Jochumssonar	600.	600.	1,200.
72. 14.	til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til efl-ingar bindindi	500.	500.	1,000.
73. 15.	til kand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir skjöl og skjalapakka stiptamtsins í landsskjalasafninu og endur-skoða niðurröðun þeirra	750.	250.	1,000.
74. 16.	til umbúða um skjalapakka stiptamtsins og sýslnanna í landsskjalasafninu og til prent-unar á skrá yfir þá m. m.	„	30. 45	30. 45
75. 17.	til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði	500.	200.	700.
76. 18.	til Tryggva Gunnarssonar fyrir það sem hann hefur unnið fram yfir umsamið verk við Ölf-usárbrúna	5,000.	»	5,000.
77. 19.	til síra Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka orðabók	»	800.	800.
78. 20.	til Geirs Zoega kennara til að gefa út ensk-íslenzka orðabók	800.		800.
79. 21.	ferðastyrkur til verzlunarmanns D. Thomsen til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum einkum á Bretlandi, Spáni og í Portúgal, og gefa skýrslur um það mál	1,800.	»	1,800.
			alls...	41,830. 45

80. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirfram-greiðslna, sbr. fjárl. 14. gr.,

hafa gengið 1894	2,508 kr. 08 a.
1895	6,235 — 42 —
als...	8,743 kr. 50 a.

81. Til eptirlauna, styrktarfjár o. fl., sbr. fjárl. 15. gr.,

hafa gengið 1894	41,378 kr. 57 a.
1895	40,531 — 36 —
alls...	81,909 kr. 93 a.

82. Til óvissra útgjalda, sbr. fjárl. 16. gr.,

hafa gengið 1894	1,488 kr. 30 a.
1895	1,205 — 91 —
alls...	2,694 kr. 21 a.

83. Gjöld samkvæmt nýjum lögum, sbr. fjárl. 19. gr.,

hafa verið 1894	35,854 kr. 57 a.
1895	38,436 — 76 —
alls...	74,291 kr. 33 a.

84. Gjöld samkvæmt fjáraukalögum

hafa verið 1894	1,180 kr. 76 a.
1895	2,463 — 50 —
alls...	3,644 kr. 26 a.

Á fjáraukalagafrumvarpi fyrir 1894 og 1895 er farið fram á fjárveiting á 220 kr. 76 au., er borgaðar hafa verið til þess að hlaða steingarð um svæði það við hegningarhúsið, er ætlað er föngunum.

85. Tekjuafgangur á fjárhagstímabilinu:

Samkvæmt reikningunum fyrir árin 1894 og 1895 hafa tekjurnar numið:

1894	686,660 kr. 61 a.
1895	719,705 — 07 —
alls...	1,406,365 kr. 68 a.

Gjöldin hafa alls numið 1894.	611,494 kr. 67 a.	
og 1895	591,953 — 78 —	
		1,203,448 — 45 —
Tekjuafgangur...		202,917 kr. 23 a.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1894—1895.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. grein.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895, veitast 3,851 kr. 60 au. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. grein.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. B. 3. (til hegningarhússins og fangelsanna) veitast 220 kr. 76 a., — auk þess, er veitt var á fjáraukalögum fyrir árin 1892 og 1893, 26. október 1893— til þess að hlaða grjótgarð um svæði það við hegningarhúsið í Reykjavík, sem ætlað er föngum.

3. grein.

Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. C. 5. veitast:

Undir lið f. til viðhalds á húsum og áhöldum 1895: 450 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin til samgöngumála í 12. gr. veitast:

Undir A.: til útgjalda við póststjórnina:

Undir 1. lið e.: til brjefhirðingamanna:

1894	207 kr.	43 au.
1895	393 —	» —

undir 2. lið: póstflutningur:

1894	206 —	47 —
1895	270 —	74 —

undir 3. lið: önnur útgjöld:

d. fyrir prentun 1894	149 —	11 —
1895	912 —	60 —
e. til áhalda 1894	410 —	84 —
1895	630 —	65 —
samtals...	3,180 kr.	34 au.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Að því er snertir upphæðir þær, er ræðir um í hinum einstöku greinum frumvarpsins, skal til skýringar skýrskotað sumpart til athugasemdanna við reikningslagafrumvarpið fyrir árin 1894 og 1895 og sumpart til svara landshöfðingja upp á athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna, sjálfra athugasemdanna og tillagna yfirskoðunarmannanna.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1896 og 1897.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897 og í fjáraukalögunum fyrir árin 1894 og 1895, veitast 18,051 kr. 39 a. til útgjalda þeirra, sem talin eru í 2.—6. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin til vitanna í 10. gr. fjárlaganna undir staflið C., töluliðunum 9 og 10, veitast

		kr.
1)	til nýrra ljósfæra í Reykjanesvitann.....	5,500
2)	til forstöðumanns stýrimannaskólans M. Bjarnasonar til þess að fara til Danmerkur og kynna sjer þar hirðingu minni vita	700
	Samtals....	6,200

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna, tölulið 7, til annara útgjalda til læknaskipunarinnar, undir staflið f. til undirbúnings holdsveikisspítala, veitast 200 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, undir staflið B. til vegabóta, veitast:

1)	undir b. til flutningabrauta.....	10,000
2)	tillag til þess að byggja hús handa brúarverðinum við þjórsárbrúna	300
	Samtals...	10,300

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin til kirkju- og kennslumála í 13. gr. fjárlaganna veitast:

	kr.	a.
B. til kennslumála: II. Læknaskólinn:		
undir lið b. 5: Húsaleigustyrkur 1897 handa 5 stúdentum, 80 kr. handa hverjum þeirra	400.	„
III. Hinn lærði skóli:		
undir lið c: Önnur útgjöld 7: Kostnaður við prentun á minningarriti, er gefið var út við 50 ára afmæli skólans	338.	57
V. Stýrimannaskólinn.	kr.	a.
undir b. Önnur útgjöld, 3: til eldiviðar og ljósa 1897	30.	„
4: fyrir húsnæði handa skólanum 1897	300.	„
	330.	„
alls...	1,068.	57

6. gr.

Sem viðbót við fjárveitinguna í 4. gr. fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 til ráðstafana gegn bráðafárinu veitast 282 kr. 82 a.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. gr.

Í 10. gr. fjárlaga fyrir 1896 og 1897 voru undir staflið C., tölulið 10, veittar 11,000 kr. fyrir árið 1896 til þess að byggja 2 vita, annan á Skagatá og hinn við Gróttu á Seltjarnarnesi. Í tilefni af fjárveiting þessari spurðist stjórnarráðið fyrir hjá sjóliðsstjórnarráðinu, hvort ætla mætti að fyrir þetta fje mætti byggja á þessum stöðum hentuga eða brúklega vita. Sjóliðsstjórnarráðið svaraði, að ef til vill mætti koma upp 2 vitum, með stöðugu hvítu ljósi og með nægu ljósmagni, fyrir þetta fje, en þó væri það ekki víst, en gat þess jafnframt, að ekki væri rjett að hafa vita með stöðugu hvítu ljósi á Skagatá, því þá væri hægt að villast á honum og Reykjanesvitanum, og að þessvegna ætti að hafa annaðhvort öðruvísi litan ljósvita á Skagatá eða þá vita með hvítu blikljósi. Vitaforstjórinn áleit, að ódýrast og bezt mundi verða, að byggja lítinn blikljósvita á Skagatá og fastan ljósvita við Gróttu, er væri af 4. styrkleik og þannig útbúinn, að hann kastaði lituðu (ekki hvítu) ljósi í suðvestur og norður af Gróttutanga. Tveim slíkum vitum væri þó ekki hægt að koma upp fyrir hið veitta fje, en af því vitarnir mundu verða til mikils gagns fyrir siglingar Dana til Íslands, gat sjóliðsráðaneytið von um, að ríkissjóður mundi veita styrk til þess, einsog gert var þegar Reykjanesvitinn var byggður. Styrkveiting þessi mundi þó því skilyrði bundin, að á fjárlögunum fyrir Ísland yrði veitt nægilegt fje til viðhalds vitunum og eptirlits með þeim, svo að þeir eigi skemmdust einsog Reykjanesvitinn, sem, eptir því sem sjóliðsráðaneytinu hefur verið skýrt frá, hefur hin síðari árin tapað mjög ljósmagni. Sjóliðsstjórnarráðið lagði það til, að senda skyldi danskan vitamann til Íslands sumarið 1896, til þess að rannsaka, eptir því sem þörf er á, allar ástæður, þar sem vitana ætti að byggja, og jafnframt til þess að skoða Reykjanesvitann, þannig að landssjóður endurborgaði allan kostnað við ferðina.

Stjórnarráð Íslands tók þessu boði og var maðurinn síðan sendur til Íslands síðastliðið sumar. Eptir skýrslu hans hefur sjóliðsstjórnarráðið skrifað stjórnarráði Íslands það, er hjer fer á eptir:

Bæði á Skaganum og við Gróttu virtust allar ástæður fremur hagfeldar til þess að byggja þar vita, og sjávarleið þangað fremur hæg. Á Skaganum yrði þó að byggja bústað handa vitaverðinum, því vitinn yrði meira en í 1000 álna fjarlægð frá næsta býli. Við Gróttu mundi mega nota neðri hlutann af vörðunni þar, yrði hann hækkaður að mun, sem vitastöpul.

Ef vitagæzluskip hins danska herskipaflota yrði látið flytja vitafærin og ljóskerin til Íslands og hjálpa til að koma þeim fyrir, mætti gera ráð fyrir að útgjöldin yrðu þessi:

Skagavitinn.

	kr.
Vitastöpullinn	3,500
Ljósker ásamt rúðum	1,500
Bústaður handa vitaverði	1,000
Kostnaður við aðflutninga og eptirlit	1,500
Ljósfæri og áhöld	6,100
Kostnaður við að koma vitafærunum fyrir	900
Samtals...	14,500

Gróttu vitinn.

	kr.
Kostnaður við að hlaða ofan á neðrihluta vörðunnar og við að búa hann út sem vitastöpul	1,500
Ljósker ásamt rúðum	1,500
Kostnaður við aðflutninga og eptirlit	500
Ljósfæri og áhöld	3,100
Kostnaður við að koma vitafærunum fyrir	900
Samtals...	7,500

Öll útgjöld til beggja vitanna yrðu þannig, eptir því sem hjer er gert ráð fyrir, 22,000 kr.

Að því er Reykjanesvitann snertir, kom það í ljós, að ljósfærin eru mjög illa farin, og verða innan fárra ára alveg óbrúkandi. Nauðsyn ber því til að útvega ný ljósfæri í þenna vita, sem er svo þýðingar mikill fyrir siglingar, og eptir því sem sjóliðsstjórnarráðið síðar hefur skýrt frá, mun það, að meðtöldum kostnaðinum við að koma þeim fyrir, kosta 5,500 kr.

Hin nýju ljósfæri, en það eru geislagler af 4. styrkleik og þannig útbúin, að þau gefa ljósblik hverja hálfa mínutu, mun hafa það ljósmagn, að vitaljósið sjáist í 18. mílufjórðunga fjárlægð, og er það töluvert meira en ljósmagn vitans sem nú er. En þessi ljósfæri eru þannig útbúin, að svo mikið mun mega spara af útgjöldunum til olíukaupa, að upphæð sú sem nú er veitt til viðhalds og hirðingar á vitunum eða 3,860 kr., semsje 2,960 kr. til Reykjanes vitans, 500 kr. til Skaga vitans og 400 kr. til Gróttu vitans, muni nægja til þess að vitarnir verði vel hirtir. Upphæð þessi mun, eptir áætlun vitaforstjórans, mega sundurliðast þannig:

	kr.
Til umsjónarmanns við alla 3 vitana á ári	300
Fyrir eptirlitsferðir	100

Til Reykjanesvitans.

	kr.	
Árslaun vitavarðar	1,200	
Til olíukaupa	250	
Lampakveikir og fægingarefni	100	
Kol	120	
Viðhald húsa og áhalda	200	
Leiga af lóðinni	30	
		1,900

Til Skagavitans.

	kr.	
Árslaun vitavarðar á ári	400	
Til olíukaupa	150	
Lampakveikir og fægingarefni	50	
Viðhald húsa og áhalda	200	
		800

Til Gróttu vitans.

Árslaun vitavarðar	400	
Til olíukaupa	150	
Lampakveikir og fægingarefni	50	
Viðhald húsa og áhalda	160	
		760
Samtals..		3,860

Að því er snertir launin til umsjónarmanns við vitana hefur sjóliðsstjórnarráðið getið þess, að það sje mjög áríðandi að samviskasamur maður, sem hefur allvel vit á þesshättar, líti eptir vitunum, og hefur stjórnarráðið bent á forstöðumann stýrimannaskólans sem þann mann er vel sje fallinn til þessa starfa, þareð hann hafi mikinn áhuga á umbótum í vitamálum Íslands, og sje auk þess sjómaður og þekki því þýðingu vitanna. En áður en hann tekst þann starfa á hendur, er nauðsynlegt að hann afli sjer þekkingar á meðferð vita, og verður þann því að fara til Danmerkur, til þess að dvelja þar nokkra stund við 1 eða 2 velvalda minni vita til að kynna sjer hirðing þeirra.

Um leið og sjóliðssjórnarráðið skýrði frá því, er að framan er sagt, ljet það í ljósi, að það samkvæmt áðursögðu, væri fúst á að taka upp á frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagsárið 1897—98 11,000 kr. fjárveitingu til að kaupa og koma fyrir vitafærum í báða nýju vitana, en þó aðeins með því skilyrði, að landssjóður Íslands beri öll önnur útgjöld við að koma báðum vitunum upp — en þessi útgjöld munu samkvæmt áætlun þeirri, er að framan er skráð, nema 11,000 kr. eða einmitt þeirri upphæð, sem veitt var í fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 til þessara vita —, og kostaði ennfremur endurbætur á Reykjanesvitanum, og að veitt yrði auk þess, úr landssjóði nægilegt fje til viðhalds og hirðingar vitunum. En nú er svo ástatt að vitagæzluskip herskipaflotans, sem í áætluninni hjer að framan um kostnað við að koma upp nýju vitnnum og breyta Reykjanesvitanum er gert ráð fyrir að verði notað til að flytja vitafærin og til að koma þeim fyrir, mun aðeins geta orðið notað til þessa í sumar komandi, því næsta sumar er mjög óvíst að menn geti verið án þess í Danmörku, og sjóliðsstjórnarráðið hefur því sett það skilyrði fyrir að það hjálpaði til að koma þessu máli fram á þann hátt, er að framan er getið, að fje það er þarf til að gera við Reykjanesvitann, sje til taks í sumar.

Vegna hins bersýnilega hagnaðar er af framanlýstri ráðstöfun mundi leiða fyrir Ísland, hefur stjórnarráðið álitið, að það ætti að taka boði sjóliðsstjórnarráðsins, og því hefur það lofað að fá sjóliðsráðaneytinu fje það, er áætlað er til þess að kaupa og koma fyrir nýjum vitafærum við Reykjanesvitann, 5,500 kr., til umráða þegar í sumar upp á væntanlega fjárveitingu eptir á, og að láta þar til hæfan mann fara til Danmerkur í sumar til þess með aðstoð tjeðs stjórnarráðs þar að afla sjer þeirrar þekkingar, er við þarf til þess síðar að geta tekizt á hendur umsjón með vitum á Íslandi, og loks að fara fram á, að á fjárlögum fyrir Ísland verði hjereptir veitt fje til umsjónar við vitana, viðhalds þeirra o. fl., einsog farið er fram á í áætlun sjóliðsstjórnarráðsins, sem getur um að framan. Samkvæmt samkomulagi þessu er þegar tekið til starfa og samvinna komin á milli landshöfðingja og vitaforstjórans, og mun verkinu verða lokið í sumar komandi.

Samkvæmt því, er hjer að framan er skráð og að því viðbættu, að ætla má, eptir atkvæðagreiðslum í ríkisþinginu um það mál í vetur, að styrkur sá, er sjóliðsstjórnarráðið gaf von um, verði veittur á fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1897—98, skal hjer farið fram á að veitt verði til viðbótar við fjárveitingarnar á fjárlögunum fyrir 1896 og 1897, 10 gr. C., 9 og 10:

1. Til nýrra ljósafæra til Reykjarnesvitans	5,500 kr.
2. Til ferðakostnaðarendurgjalds og dagpeninga m. m. handa forstöðumanni stýrimannaskólans M. Bjarnasyni til þess að fara til Danmerkur og kynna sjer þar hirðing minni vita	700 —
Samtals...	6,200 kr.

Við 3. gr.

Af þeim 1,800 kr., er í 11. gr. fjárlaganna fyrir 1896 og 1897, undir lið 7, f., voru veittar til undirbúnings holdsveikisspítala (smbr. þingsályktun neðri deildar alþingis um það mál),

voru til ferðastyrks handa lækni (hjeraðslækni Guðmundi Björnssyni) til að fara til Noregs til þess að búa sig undir læknisstarf við hinn fyrirhugaða spítala, samkvæmt athugagreininni við gjaldlið þenna, veittar ..... 1,000 kr.

Ennfremur hafa timburmeistara Bald sem þóknun fyrir eptir samráði við hjeraðslækni Guðm. Björnsson að semja bráðabirgðaráætlun o. fl. fyrir spítalann verið veittar ..... 200 —

og byggingameistara Alb. Jensen og timburmeistara Bald fyrir í sameiningu og undir yfirumsjón byggingaumsjónarmanns og kammerherra Meldahls að gera teikningar og áætlun að sama spítala ..... 800 —

2,000 kr.

Hjer er farið fram á, að mismunurinn á fjárveitingunni og því, er útborgað hefur verið til þessa ..... 200 —
verði veittur eptir '..

Við 4. gr.

1. Sökum ótíðar og af því landslag var svo örðugt viðfangs gengu vegabæturnar síðastliðið sumar ver en gert hafði verið ráð fyrir, sjerstaklega að því er snertir flutningabrautina frá Reykjavík til Þingvalla; auk þess skemmdu jarðskjálptarnir í ágúst og september bæði brýrnar á Ölvesá og Þjórsá og veginn gegnum Ölfusið, og kostaði að-

gerð á skemmdunum talsvert fje. Af þessum ástæðum mun það sem nú er eptir af fje því, er veitt var til flutningabrauta þetta fjárhagstímabil, ekki endast nema til að ljúka við Flóaveginn að þjórsárbrúnni og flutningabrautina til þingvalla að Öxará, og verður þá ekkert fje eptir til að brúa ána, en áætlað er að sú brú muni kosta um 7,000 kr., og heldur ekki til þess að bæta veginn vestan til á Mosfellsheiði, er lagður var fyrir 12 árum síðan af mönnum, er ekki kunnu að vegabótum, og þarf því umbóta.

Það er næsta áríðandi fyrir vegagerðir á næsta fjárhagstímabili, að veginum til þingvalla verði alveg lokið á þessu fjárhagstímabili og það svo vel, að hann ekki þarfnist aðgerðar fyrst um sinn; skal því hjer farið fram á, að sem viðbót við fjárveitinguna í 12. gr. fjárlaganna fyrir 1896 og 1897 staflið B. b. verði veittar 10,000 kr.

2. þar eð svo langt er frá Þjórsárbrúnni við Þjótanda til næstu bæja, að brúarvörðurinn getur eigi búið þar, hefur brúarvörður sá er nú er, að tilhlutun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu, byggt brúarvarðarhús við brúna og hefur sýslunefndin lagt 600 kr. til þessa húss. Í húsi þessu er geymsluherbergi fyrir ýmsa muni, sem brúin á, brúarhluta til vara, verkfæri og efni í smíðapalla o. fl., er hafa verður þegar brúin er máluð, og hefur sýslunefndin sótt um til landshöfðingja, að sýslusjóði verði endurborgaðar úr landssjóði 300 kr. af því fje er veitt var til hússins í endurgjaldsskyni fyrir afnot þau, er landssjóður þannig hefur af því. Um leið og landshöfðingi sendi stjórnarráðinu umsóknina, gat hann þess, að húsasmiðurinn hafi gefið út skuldabrjef fyrir þessum 600 kr. með fyrsta veðrjetti í húsinu, sem tryggt er fyrir eldsvoða fyrir 1,850 kr., og auk þess skuldbundið sig og síðari eigendur hússiss til að geyma vandlega muni þá, er brúin á. Landshöfðingi álítur, að vextirnir af 300 kr. sje lágt gjald fyrir geymslu á hlutum þessum, og þareð fengin er trygging fyrir að geymsluskyldan fylgi húsinu, hefur hann lagt það til, að farið verði fram á, að hið umbeðna verði veitt.

Samkvæmt þessu er hjer farið fram á að veittar verði, sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna, staflið B. b., 300 kr.

Við 5. gr.

Á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil er aðeins veittur húsaleigustyrkur handa 8 nemendum á læknaskólanum (samtals 640 kr.), en nemendur eru þar nú 13. Forstöðumaður skólans hefur því sótt um, að auk þessa fjár verði fyrir yfirstandandi ár veittar 400 kr. til húsaleigustyrks handa hinum 5 nemendunum, og hafa stiptsyfirvöldin mælt með því. Eptir tillögum landshöfðingja skal því hjer farið fram á, að upphæð þessi verði veitt sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna B. II. b. 5.

Í tilefni af, að 1. október f. á. voru liðin 50 ár frá því lærði skólinn í Reykjavík byrjaði starf sitt, var síðastliðið sumar með samþykki yfirumsjónarráðssins gefið út minningarrit, er rektor skólans hafði samið, og sem fylgdi skólaskýrslunni fyrir 1895 og 1896; í ritinu voru taldir upp rektorar, yfirkennarar, fastir kennarar og tímakennarar skólans þessi 50 ár, og fylgdu þeirri upptalningu æfiágrip þeirra allra, og ennfremur skrá yfir alla, er tekið höfðu próf við skólann. Af þessari ástæðu hefur verið brúkað 338 kr. 57 a. meira en veitt var til ýmislegra útgjalda til skólans og er því hjer farið fram á, að þessi upphæð verði veitt sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna B. III. c. 7.

Að því er snertir viðbótina við gjöldin til stýrarmannaskólans skal um leið og vísað er til athugasemdanna við frumvarp til fjárlaga fyrir 1898 og 1899 getið þess, að þareð fje það, er á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil var veitt til að byggja hús handa skólanum, eigi hafði verið notað, hefur enn þá í ár orðið að nota húsnæði það handa skólanum, er hingaðtil hefur verið leigt til þess.

Af þessari ástæðu verður að hafa fje einsog að undanförnu til húsaleigu þetta árið, og auk þess að bæta svo við fjárvejtinguna undir b. 3. til eldiviðar og ljósa, að hún verði

einsog að undanförnu. Jafnframt þessu skal þess ennfremur getið, að af framangreindum ástæðum hafa fjárveitingarnar undir b. 6 og b. 7. til ýmislegra útgjalda við skólahúsið og til endurgjalds til hins núverandi fasta kennara fyrir byggingarkostnað í þarfir skólans að undanförnu, ekki verið notaðar á þessu ári, en hin síðarnefnda fjárveiting er hinsvegar að nýju tekin upp á frumvarpið til fjárlaga fyrir 1898 og 1899.

Við 6. gr.

Á fjáraukalögunum fyrir 1894 og 1895 var veitt fje til að útvega hæfan mann frá Noregi til að rannsaka og leggja ráð við bráðafári. Amtsdýralæknir Bruland, sem stjórnarráðið rjeði til þessa starfs, áskyldi sjer 1500 kr. þóknun að minnsta kosti auk endurgjalds fyrir ferðakostnað og allan annan kostnað meðan hann væri að heiman en þessi kostnaður nam samkvæmt sundurliðuðum reikningi 1282 kr. 82 a., og hefur þannig verið útborgað 282 kr. 82 a. meir en veitt var. Hjer skal því farið fram á, að þessi upphæð verði veitt, og þess jafnframt getið að þinginu mun verða gefinn kostur á að kynna sjer skýrslu Brulands til stjórnarráðsins um árangurinn af ferð hans.

Frumvarp til laga

um

aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. grein.

Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu hjeraði, rita alla holdsveika í hjeraðinu í bók, er til þess sje gerð á þann hátt, er landlæknir ákveður. Kostnað við kaup bókanna skal greiða úr hlutaðeigandi jafnaðarsjóði.

Einu sinni á ári semur læknir, eptir fyrirsögn landlæknis, útdrátt úr bók þessari og sendir honum.

2. grein.

Þá er holdsveikur maður flytur úr einu læknisumdæmi í annað, ber lækni þess umdæmis, er sjúklingurinn fer úr, að tilkynna vistferlin lækni þess hjeraðs, sem sjúklingurinn flytur í.

3. grein.

Læknum ber að hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í hjerðuðum sínum. Þeir eiga að skýra sjúklingunum og samvistarmönnum þeirra frá því, hvers þeir eigi að gæta, til þess að sjúkdómurinn ekki berist á aðra, og sjá um, að ekki sje út af brugðið. Skyldir eru hreppstjórar og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita læknum lið við þessi störf, eptir því sem þeim er unnt.

4. grein.

Holdsveikir menn skulu jafnan gæta þess, er hjer segir:

1) Holdsveikir mega ekki sofa hjá öðrum í rúmi; þó eru hjón undanþegin þessu banni.
2) Holdsveikir menn skulu hafa sjer hrákadalla og mega ekki hrækja á gólf í húsum manna.
3) Þeir skulu hafa matarílát og borðbúnað hverskonar, er þeir einir noti.
4) Rúmföt, íveruföt, matarílát og hverskonar borðbúnað holdsveikra skal þvo útaf fyrir sig. Umbúðir af sárum þeirra skal brenna, eða sjóða að minsta kosti hálfa stund í vatni.

5) Holdsveikir menu mega ekki stunda börn, ekki þjóna óholdsveikum mönnum og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig.
6) Þeir mega eigi að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka á móti gestum.

Nú álítur læknir, að frekari varúðar sje þörf og megi viðkoma, og eru þeir þá skyldir að hlýða honum.

5. grein.

Íbúðarhús eða herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikir hafa notað, mega menn ekki nota, eða láta aðra fá, fyr en þau hafa hreinsuð verið á þann hátt, er læknir skipar fyrir.

6. grein.

Þá er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, skal húsráðandi á heimilinu þegar í stað skýra hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því, en hann lætur hjeraðslækni vita um það innan hálfs mánaðar. Nú hefur hjeraðslæknir fengið fregnina, og ber honum þá þegar að annast, að íveruhús eða herbergi hins holdsveika manns, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eptir hann finnast, sjeu tafarlaust hreinsaðir eptir þörfum.

7. grein.

Holdsveika menn, er njóta sveitarstyrks, skal setja á holdsveikisspítala, þá er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn æskir þess eða hjeraðslæknir telur nauðsyn á því. Sjeu þeir eigi þar settir, skal þeim komið fyrir á þann hátt, að sem fyllst trygging sje fyrir því, að farið verði eptir fyrirmælum 4. greinar.

Ef þess er kostur, skal þessu komið svo fyrir, að hjón sjeu ekki skilin að nauðugu. Hafi ráðstafanir sveitarstjórnar slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því aðeins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af amtmanni, enda hafi álits hlutaðeigandi sóknarprests og læknis verið leitað.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

8. grein.

Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar og læknis, lagt fyrir, að einnig aðrir holdsveikir menn verði fluttir á spítala. Þetta má þó því aðeins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki eigi fylgt sem vera bar fyrirmælum 4. greinar eða varúðarreglum þeim, er læknirinn eptir síðasta lið sömu greinar hafði lagt fyrir hann, eða læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til að flytja sjúklinginn á sjúkrahús.

Þess skal einnig í þessum tilfellum gætt, að hjón sjeu eigi skilin að nauðugu, ef hjá því verður komizt.

9. grein.

Ef þörf gjörist, annast lögreglustjóri eðe hreppstjóri flutning holdsveikissjúklinga, er samkvæmt lögum þessum eiga að fara á spítala.

10. grein.

Kostnað við flutning holdsveikra á spítala samkvæmt 7. grein skal greiða úr hlutaðeigandi sveitarsjóði; greiðir hann einnig nokkurn hluta af kostnaðinum við veru þeirra þar. Stjórn spítalans ákveður í hvert skipti, hve há þessi meðgjöf skuli vera, þó skal hún eigi vera minni en 50 kr. og eigi meiri en 100 kr. á ári, en gætt skal þess, að hún fari eigi fram úr því, sem framfærsla hins holdsveika mundi hafa kostað sveitar- eða bæjarfjelagið, ef hann hefði eigi verið fluttur á spítala.

Kostnað við flutning holdsveikra á spítala eptir 8. grein og veru þeirra þar skal greiða úr landssjóði.

Nú hefur sjúklingur án leyfis forstöðamannanna farið af spítalanum, og skal hann þá sjálfur greiða kostnað þann, er af því leiðir að flytja hann þangað aptur, sje hann svo efnum búinn.

11. grein.

Fyrir ferðir þær, er læknar verða að fara samkvæmt ákvæðum laga þessara, fá þeir sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.

Þau gjöld og kostnað við hreinsanir eptir 6. grein skal greiða úr jafnaðarsjóði.

12. grein.

Brot gegn ákvæðum 5. gr. og á skýrslu-skyldu þeirri, er getur um í 6. gr., varða alt að 200 kr. sektum.

Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

13. grein.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eptir að það hefur auglýst verið í B-deild stjórnartíðindanna, að spítali fyrir holdsveika sje fullgjör og til afnota, eða verði það innan ákveðins tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Vegna þess að alþingi samþykkti ekki frumvarp það um stofnun holdsveikisspítala, er stjórnin lagði fyrir það 1895, gerði það um leið þá aðalbreytingu á frumvarpi því um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, er stjórnin jafnframt lagði fyrir þingið, að fella burt öll þau ákvæði þessa frumvarps, er gerðu ráð fyrir, að til væri holdsveikisspítali, og eigi gátu staðizt án þess.

Einsog útdráttur úr brjefi landshöfðingja 24. september 1895, sem prentaður er hjer á eptir, ber með sjer, hafði hann eigi mikið traust á því, að frumvarpið, einsog því var breytt, gæti gert neitt verulegt gagn, en virtist hinsvegar ekki ástæða til að leggja á móti staðfestingu þess. Stjórnarráðið varð aptur á móti að vera þeirrar skoðunar, að ákvæði frumvarpsins væru svo þýðingarlítil, að eigi væri rjett að láta það, eins ófullkomið einsog það er, verða að lögum og þannig verða í fyrirrúmi fyrir einangrunarákvæðum þeim, er hægt yrði að fyrirskipa, þegar spítala- eða aðhjúkrunarstofnunin, er mest um varðar, væri fengin, þar sem þá mætti vísa öllum fjölda hinna holdsveiku þangað, enda virtist af undirtektum þingsins viðvíkjandi stofnun holdsveikisspítala mega ráða, að þess-

um hluta málsins, er langmesta þýðingu hefur, væri aðeins frestað í bráð, en að þar mundu koma framkvæmdir innan skamms. Eptir að spítalamálið síðan eptir ósk þingsins hefur verið undirbúið af nýju, fór stjórnin í þegnsamlegum tillögum sínum til konungs um framangreint frumvarp því fram, að það yrði eigi staðfest, en að ofanskráð frumvarp yrði lagt fyrir alþingi í þess stað, og hefur Hans Hátign konunginum þóknast allramildilegast að fallast á þessar tillögur 26. maí þ. á.

Þegar athugasemdir þessar eru skrifaðar, er eigi ennþá fullráðið, hvort komið verður fram með tillögur til þingsins um að veita fje úr landssjóði til þess að stofna holdsveikra-spítala eptir undirbúningi þeim, er þegar er fenginn, eða hvort komizt verði hjá því, af því landinu verði gefið spítalahús; en af því að annað þessa verður ofan á og ákvæði þau, er hjer er farið fram á, eru jafn nauðsynleg og eiga jafn vel við, hvort af þessu sem verður, hefur eigi verið ástæða til að bíða eptir því, að þessu yrði ráðið til lykta.

Í aðalatriðunum er frumvarp þetta sniðið eptir frumvarpi stjórnarinnar 1895. Við það er bætt einu ákvæði, er alþingi vildi hafa og jafnframt er eptir tillögum hjeraðslæknis Guðmundar Björnssonar, er stjórnin sendi til Noregs til þess að kynna sjer ráðstafanir þær, er þar hafa gerðar verið gegn holdsveikinni, álitið heppilegast að taka upp í sjálf lögin ákvæði um varúðarreglur þær fyrir holdsveika og samvistarmenn þeirra, er allstaðar verður að fylgja og allstaðar verður komið við, og er það gert í þeim tilgangi, að þesskonar reglur sjeu í öllum aðalatriðum hinar sömu um land allt, og í því skyni, að menn hlýði þeim því betur.

Af athugasemdunum við hinar einstöku greinar frumvarpsins, er hjer fara á eptir, má sjá nánari upplýsingar í þessu efni.

Við 1.—3. grein.

Sje ákvæðunum í greinum þessum, er hjeraðslæknir Guðmundur Björnsson hefur komið fram með, vel fylgt, má ætla, að með því sje stigið drjúgt skref í þá átt, að koma hverjum einasta holdsveikum manni á landinu undir stöðuga umsjón læknis, en það er fyrsta skilyrðið fyrir því, að holdsveikin verði stöðvuð og henni útrýmt með tímanum.

Í 4. grein

eru eptir tillögum hjeraðslæknis Guðmundar Björnssonar teknar upp þær aðalreglur um varúð í allri framgöngu og umgengni við heilbrigða menn, er holdsveikir menn verða að fara eptir, og er ætlazt til, að hlutaðeigandi læknir bæti, ef þörf gerist, við þessar varúðarreglur, eptir því sem á stendur, og lífskjörum þeirra, er í hlut eiga.

5. grein

er samhljóða 1. lið í 7. grein stjórnarfrumvarpsins 1895, smbr. 3. gr. í frumvarpi alþingis.

Við 6. grein.

Eptir tillögum hjeraðslæknis Guðmundar Björnssonar er húsráðendum á heimilum, þar sem eru holdsveikir menn, gert að skyldu að skýra yfirvöldum frá dauða eða vistferlum þeirra, en hlutaðeigandi yfirvöld skýra síðan lækni frá því, og ber honum þá að sjá um, að nægileg hreinsun fari fram; er þetta gert til þess, að læknar geti haft stöðugt eptirlit með hverjum holdsveikum manni og einkanlega sjeð um, að hreinsanir fari fram.

Við 7. grein.

Ákvæði greinarinnar svara í öllum aðalatriðum til ákvæðanna í 1. grein stjórnarfrumvarpsins, en þó þannig, að orðalagið er lagað eptir hinum nýju ákvæðum í 4. gr. frum-

varpsins, og að bætt er við ákvæði, er alþingi tók upp í frumvarp sitt, að börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skuli jafnan komið í fóstur á önnur heimili, og loks er eptir tillögu hjeraðslæknis Guðmundar Björnssonar bætt við ákvæði um, að ekki megi koma sveitarlimum fyrir á heimilum, þar sem holdsveiki er fyrir, nema læknir leyfi.

Við 8. grein.

Þessi grein er samhljóða 3. greininni í frumvarpi stjórnarinnar frá 1895.

Í 2. grein í frumvarpi alþingis, er svarar til þessarar greinar, er bætt við ákvæði um, að amtmaður geti og lagt fyrir, að börnum holdsveikra foreldra, þeirra er ræðir um í þessari grein, skuli komið fyrir til uppeldis á öðrum heimilum. Í frumvarpi alþingis var gert ráð fyrir, að hinir holdsveiku foreldrar dveldu heima, og var því full ástæða til að taka þetta ákvæði upp í frumvarpið, en sje gert ráð fyrir því, að foreldrarnir sjeu teknir að heiman, virðist engin ástæða til þess.

9. grein

er samhljóða 5. grein stjórnarfrumvarpsins 1895.

Við 10. grein.

Ákvæði þau, sem hjer er farið fram á, eru hin sömu og eru í 2. og 4. greininni í frumvarpi stjórnarinnar 1895, nema hvað sagt er með berum orðum, til þess að taka af öll tvímæli, að kostnað við veru holdsveikra manna á spítalanum, þeirra er eigi njóta sveitarstyrks og settir eru þar inn að nauðugu, skuli greiða úr landssjóði, enda var það tilætlun frumvarpsins 1895.

Hjeraðslæknir Guðmundur Björnsson hefur lagt það til, að allir holdsveikir skuli, einsog á sjer stað í Noregi, vera ókeypis á stofnuninni, hvort sem þeir eru sendir þangað að tilhlutun yfirvalda eða þeir fara þangað sjálfkrafa, aptur á móti hefur landshöfðingi látið þá skoðun í ljós i, að allir holdsveikir menn skuli borga fyrir sig á spítalanum, ef og meðan þeir geta, hvort sem þeir hafa farið þangað sjálfkrafa eða eptir yfirvalda boði. Stjórnarráðið getur á hvoruga þessa tillögu fallizt. Annarsvegar virðist engin ástæða til að láta efnamenn, er æskja inntöku á spítalann, vera þar ókeypis, eða sveitar- eða bæjarfjelög, er setja sveitarlimi sína á spítalann, losast á þann hátt við þá byrði, er framfærsla þeirra mundi hafa í för með sjer, væri sjeð fyrir þeim á annan hátt, en hinsvegar virðist eigi rjettlátt að skipa þeim, er nauðugir eru settir á spítalann, að borga fyrir sig sjálfir, þó þeir hafi efni á því. Innlagning að nauðugu á spítalann verður ekki varin á annan hátt, en að heill þjóðfjelagsins heimti það, og af því virðist sanngjarnt, að það og beri kostnaðinn við veruna á spítalanum. Að vísu mundi það fyrirkomulag, er landshöfðingi mælir með, — en af því leiddi meðal annars, að hlutaðeigandi framfærslusveit yrði að borga með þessum sjúklingum eptir að eigur þeirra hefðu þrotið, — verða, eins og hann segir, mjög góð trygging gegn því, að menn misbrúkuðu rjettinn til að setja menn nauðuga á spítalann; en þessa tryggingu mun mega fá á þann hátt, er í frumvarpi þessu er gjört ráð fyrir, með því að láta æðri yfirvöld, semsje amtmann, hafa það vald í höndum, er getur um í greininni.

11. grein

er samhljóða 6. greininni í frumvarpi stjórnarinnar 1895, nema hvað bætt er við því ákvæði, að kostnað við hreinsanir eptir 6. gr. skuli greiða úr jafnaðarsjóði.

Við 12. og 13. grein

virðist ekki þurfa að gera neinar athugasemdir, smbr. 2. lið 7. gr. og 8. gr. í frumvarpi stjórnarinnar 1895.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til stjórnarráðs Íslands, dags. 24 september 1895.

Einsog að framan er getið, samþykkti alþingi frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, er lagt var fyrir það, með þeim breytingum, sem að sjálfsögðu leiddu af því, að málinu um stofnun holdsveikisspítala var frestað fyrst um sinn. Í frumvarpi því um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, er þingið þvínæst samþykkti og sem jeg skal leyfa mjer að senda stjórnarráðinu ásamt danskri þýðingu, er því sleppt öllum ákvæðum stjórnarfrumvarpsins um flutning holdsveikra á spítala og í stað þess sett ákvæði um, að þeim skuli komið fyrir í sjerstökum herbergjum og hjúkrað á þann hátt, er lækni þykir tryggilegt vera. Auk þess hefur alþingi sleppt ákvæðunum í 6. gr. stjórnarfrumvarpsins, um borgun til hjeraðslækna fyrir ferðir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, en það má víst telja það sjálfsagt, að hlutaðeigandi læknar fái endurgoldinn ferðakostnað og dagpeninga, þá er þeir að tilhlutun hins opinbera vitja holdsveikra manna, rjett einsog fyrir önnur störf í þarfir hins opinbera, og ætti þá hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóður eptir lagafrumvarpi þessu að greiða kostnaðinn til læknis, þegar hinn holdsveiki þyggur af sveit, en þá er um aðra holdsveika er að ræða, skuli hann greiddur að hálfu úr landssjóði og að hálfu af hinum holdsveika sjálfum, sje hann svo efnum búinn, að hann geti það, að öðrum kosti úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði. Þýðingarmesta nýmælið í frumvarpi alþingis er, að börnum holdsveikra foreldra, er sveitarstyrks njóta, ætíð skuli komið fyrir til uppeldis á öðrum heimilum, og að amtmaður geti fyrirskipað hið sama um börn annara haldsveikra manna, ef hlutaðeigandi lækni virðist nauðsyn til þess bera. Nýtt er einnig ákvæði 4 gr. frumvarpsins, en þar er hjeraðslæknum og aukalæknum, undir yfirumsjón landlæknis, falið á hendur að sjá um, að ákvæðum frumvarpsins sje hlýtt.

Þótt jeg hafi eigi mikið traust á því, að frumvarp þetta geti orðið að verulegu gagni, þó það verði gjört að lögum, þar sem jeg, einsog jeg gat um í brjefi minu 4. febrúar í ár um þetta mál, verð að álíta, að erfitt mundi verða, einsog hagar til hjer á landi, að koma á aðskilnaði holdsveikra frá öðrum mönnum á þann hátt, að þeir fái íverurherbergi útaf fyrir sig, og enn þá torveldara eptirlitið með þessu, þá finn jeg þó ekki ástæða til að ráða frá, að það verði lagt til, að frumvarpið öðlist staðfestingu konungs.

Frumvarp til laga

um

aðra skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

Íslandi skal skipt í 40 læknahjeröð, þau er hjer segir:

1. Reykjavíkur hjerað: Reykjavíkur kaupstaður og Seltjarnarnes, Bessastaða- og Garðahreppur í Gullbringusýslu;
2. Keflavíkur hjerað: hinn hluti Gullbringusýslu;
3. Kjósar hjerað: Kjósarsýsla og þingvallahreppur í Árnessýslu;
4. Skipaskaga hjerað: 5 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu;
5. Borgarfjarðar hjerað: hinn hluti Borgarfjarðar sýslu og Mýrasýsla austan Langár;
6. Mýra hjerað: hinn hluti Mýrasýslu og Hnappadalssýsla;
7. Ólafsvíkur hjerað: syðri hluti Snæfellsness sýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða;
8. Stykkishólms hjerað: hinn hluti Snæfellsness sýslu; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og Skarðsstrandarhreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, að undanskildum Rauðseyjum, Rúfeyjum og Akureyjum;
9. Dala hjerað: Dalasýsla að undanskildum Rauðseyjum og Rúfeyjum;
10. Reykhóla hjerað: Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar þess er leitað, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og Hjarðarnesi;
11. Flateyjar hjerað: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals;

12. Barðastrandar hjerað: hinn hluti Barðastrandarsýslu;

13. Þingeyrar hjerað: Vestur-Ísafjarðarsýsla;

14. Ísafjarðar hjerað: Ísafjarðar kaupstaður ásamt Eyrar-, Holts- og Súðavíkurhreppum.

15. Nauteyrar hjerað: Ögur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar;

16. Hesteyrar hjerað: Grunnavíkur og Sljettu hreppar;

17. Stranda hjerað: Strandasýsla að undanskildum Bæjarhreppi;

18. Miðfjarðar hjerað: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu;

19. Blöndnós hjerað: hinn hluti Húnavatns sýslu;

20. Sauðárkróks hjerað: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Rípur, Viðvíkur, Hóla og Hofs hreppar;

21. Akra hjerað: Seilu, Lýtingsstaða og Akra hreppar;

22. Siglufjarðar hjerað: Fells og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu, og Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu;

23. Svarfaðardals hjerað: Vallna og Arnarnes hreppar í Eyjafjarðarsýslu og Grýtubakkahreppur í Þingeyjarsýslu;

24. Akureyrar hjerað: hinn hluti Eyjafjarðarsýslu, að undanskildri Grímsey, og Svalbarðsstrandar hreppur og suðurhluti Hálshrepps (Háls prestakall) í Þingeyjarsýslu;

25. Reykdæla hjerað: syðri hluti Ljósavatns hrepps (Ljósavatns og Lundarbrekku sóknir), Reykdæla og Skútustaða hreppar;

26. Húsavíkur hjerað: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, norður hluti Háls hrepps (Flateyjardalur og Flatey), norðurhluti Ljósavatnshrepps (Þóroddsstaða sókn), Aðaldæla, Húsavíkur og Kelduness hreppar;

27. Þistilfjarðar hjerað: Norður-Þingeyjarsýsla að undanskyldum Keldunesshreppi;

28. Vopnafjarðar hjerað: Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar;

29. Jökuldals hjerað: Jökuldalshreppur að undanskilinni Brúarsókn, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða og Eiða hreppar;

30. Seyðisfjarðar hjerað: Borgarfjarðar, Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppar;

31. Fljótsdals hjerað: Brúarsókn í Jökuldalshreppi, Fellna, Fljótsdals, Skriðdals og Vallna hreppar:

32. Reyðarfjarðar hjerað: Norðfjarðar, Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hreppar;

33. Berufjarðar hjerað: Breiðdals, Beruness og Geithellna hreppar;

34. Austur-Skaptafellssýslu hjerað: Austur-Skaptafellssýsla;

35. Síðu hjerað: Vestur-Skaptafellssýsla frá Skeiðarársandi að Mýrdalssandi;

36. Mýrdals hjerað: Hvamms og Dyrhóla hreppar í Skaptafellssýslu og báðir Eyjafjalla hreppar í Rangárvallasýslu;

37. Vestmannaeyja hjerað: Vestmannaeyjasýsla;

38. Rangár hjerað: Rangárvallasýsla að undanskildum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppum;

39. Grímsness hjerað: Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu;

40. Eyrarbakka hjerað: hinn hluti Arnessýslu að undanskildum þingvallahreppi.

Landshöfðingi getur eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða.

2. grein.

Í hvert læknisumdæmi skal skipa hjeraðslækni, og er hann skyldur til að setjast að í þeim hluta hjeraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita álita hlutaðeigandi sýslunefnda um það.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Stykkishólms, Ísafjarðar og Akureyrar hjerðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað eða verzlunarstað, er hjeraðið er kennt við. Hjeraðslæknirinn í Reyðarfjarðar hjeraði skal vera búsettur á Eskifirði.

Þessir læknar, svo og læknirinn í Vestmannaeyjum skulu skyldir til, þegar komið verður upp á þessum stöðum, samkvæmt lögum nr. 30, 17. desember 1875, sjúkrahúsum, þar sem tekið er við mönnum, sem veikir eru af kóleru eða þesskonar sjúkdómum, að takast á hendur umsjónina með húsum þessum, án sjerstakrar þóknunar.

3. grein.

Að því er laun snertir, er læknahjerðunum skipt í 3 flokka: í 1. flokki eru launin 2,000 kr., í 2. 1,800 kr. og í 3. 1,500 kr.

Í 1. flokki eru Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjerð.

Í 2. flokki eru Keflavíkur, Borgarfjarðar, þingeyrar, Blönduóss, Sauðárkróks, Svarfaðardals, Reyðarfjarðar, Rangár, Grímsness og Eyrarbakka hjerð.

Í 3. flokki eru öll hin læknishjerðin.

Launin greiðast úr landssjóði.

Hafi nokkur hjeraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eptir lögum þessum, heldur hann því sem fram yfir er sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

4. grein.

Fyrir læknisstörf, er eigi eru í þarfir hins opinbera, skal læknum heimilt að taka þá þóknun, er þeir geta orðið ásáttir um við þann, er í hlut á.

Þegar eigi er öðruvísi um samið ber þeim, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera, eða einstakra manna:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn, geri lítilsháttar skurði og bindi um, dragi út tönn, nái þvagi af manni eða því um líkt ..... 1 kr.

2) Fyrir læknishjálp á skipi, er liggur á höfn ..... 4 —

3) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá ..... 2 —

4) Fyrir að binda um beinbrot ..... 3 —

5) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera því líkan meiri háttar líkamsskurð.. 8 —

6) Fyrir að ná barni með töngum ..... 4 —

7) Fyrir að hjálpa sængurkonu án verkfæra ..... 4 —

Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu við það, sem hjer er talið.

Læknum ber eigi borgun eptir þessari grein fyrir að líta eptir gæzluföngum og vitja sjúklinga, er fátækrastjórn sækir þá til.

5. grein.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu, ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun ..... 2 kr.

2) Fyrir uppskurð á líki ..... 16 —

Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiptist borgunin jafnt á milli þeirra.

3) Fyrir »kemiska« eða »mikroskopiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið ..... 4 —

Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sjerstaklega.

4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sje fullburða, eða því um líkt ..... 3 —

Sjeu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó aðeins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.

5) Fyrir að rannsaka sjóskemmdar vörur, meðöl, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði ..... 3 —

Sje læknir lengur en 5 tíma að ljúka starfinu, skal borga það tvöfalt.

6. grein.

Verði læknir, til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, að takast ferð á hendur, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eptir 4. og 5. grein 4 kr. fyrir hvern heilan dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir part úr degi. Sjái hann sjer sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í því byggðarlagi

7. grein.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeröðunum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þótt fengnar væru góðar umbætur á læknaskipuninni á Íslandi með lögum 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeröðunum, hefur það þegar í nokkur ár verið almanna dómur, að sú tala lækna, er þar er tiltekin, sje ónóg til að fullnægja kröfum þjóðarinnar, er með aukinni menningu og velmegun finnur æ betur og betur þörfina á því, að um land allt sje hvar sem er nokkurnveginn auðvelt að ná í lækni. Aðferð sú, er höfð hefur verið á síðari árum til að bæta úr þessu, að stofna smámsaman aukalæknisstöður með því að veita á fjárlögunum 1000 kr. árlegan styrk hverjum slíkum aukalækni, hefur nú að því leyti bætt úr skák, að læknunum hefur smámsaman fjölgað með því móti, alls nú um 16, svo að þeir eru nú orðnir nærri því helmingi fleiri en nefnd lög tiltaka. En bæði er það, að ekki hefur verið farið fram eptir fyrirfram lögðu ráði um stofnun þessara nýju embætta, heldur hefur tilviljun opt ráðið nokkru, og meðal annars einkum opt verið farið eptir því, hvort komið hafa fram bænaskrár um það efni, og hafa því læknahjeröðin orðið mjög misstór og allir landshlutar eigi jafnt notið góðs af læknafjölguninni, og í annan stað verður stjórnin að vera þeirrar skoðunar, að aukalæknafyrirkomulagið sje heldur eigi að öðru leyti vel fallið til þess, að verða fastur liður í læknaskipun Íslands. Fjárhagskjör aukalækna eru, að því er stjórninni virðist, svo bágborin, að eigi má búast við að til lengdar verði hægt að fá hæfa menn til að þjóna embættunum, því eins og kunnugt er, eru þeir ekki skipaðir af konungi og hafa engan rjett til eptirlauna, og fá aðeins 1000 króna árstyrk hver, en tekjur af læknastörfum þeirra eru víðast mjög litlar. Með þessum kjörum getur læknir alls eigi lifað sómasamlegu lífi eða komizt vel af í efnalegu tilliti. Menn geta því eigi vonazt eptir, að duglegur og vel undirbúinn læknir sæki um aukalæknisembætti, eða þegar bezt lætur, geri þeir það aðeins til bráðabirgða og í þeim tilgangi, að komast sem fyrst úr þeim aptur. Margir aukalæknar hafa nú sem stendur stærri hjeröðum að þjóna en hjeraðslæknarnir og sumir eru jafnvel á verzlunarstöðum, þar sem mörg verzlunar- og fiskiskip koma, og þar sem því er hætt við næstum sjúkdómum frá útlöndum. Þar sem svo hagar til, er mjög ísjárvert að trúa ungum og óreyndum mönnum fyrir læknisstörfunum.

Stjórnin hefur því nú um stund haft athygli sitt á þessu máli, og eptir að neðri deild alþingis 1895 hafði samþykkt þingsályktun, er skorar á stjórnina, að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraðanna, og þannig hert á henni með að taka þetta mál upp, hefur hún því fyrir milligöngu amtmannanna leitað umsagna allra sýslunefnda á landinu um aðra skipun læknahjeraðanna, og einnig hefur málið verið rætt á læknafundi þeim, er haldinn var í Reykjavík sumarið 1896, og samdi fundurinn álitsskjal um það. Alþingi mun gefinn kostur á, að kynna sjer öll þessi skjöl og einnig umsagnir amtmannanna.

Um leið og vísað skal að öðru leyti til athugasemdanna við hinar einstöku greinar frumvarpsins, sjerstaklega 1. gr., skal hjer nú aðeins tekið fram það aðalatriði frumvarpsins, að farið er fram á, að aukalækna-embættin verði alveg afnumin og að öllu landinu verði skipt í 40 hjerröð, sem fastir embættislæknar þjóna, er rjett hafi til eptirlauna. Jafnframt hefur virzt rjett að fara því fram, að embættunum verði, að því er laun snertir, skipt í flokka nokkuð á annan veg en nú er, þannig að laun nokkurra hækka dálítið, en aptur á móti eru laun tveggja látin vera nokkru lægri en þau nú eru.

Þegar burtfallnar væru launaviðbætur, er nú eru greiddar nokkrum læknum, yrði gjaldhækkun sú til launa handa læknum, er lagafrumvarp þetta, yrði það að lögum, mundi hafa í för með sjer, alls 17,000 kr. á ári; þar við bættust svo aukin gjöld til eptirlauna, af því allir læknar hefðu eptirlaunarjett. Þegar litið er á fjárhagslegar framfarir landsins og til þess, að hagur landssjóðs er góður sem stendur, virðist þessi útgjaldahækkun eigi neitt ísjárverð, enda verður og að hafa tillit til þess, að hjer fæst í aðra hönd fullkomnari læknaskipun í landinu, sumpart með því að hjerröðunum er haganlegar skipt, og sumpart með því að 4 nýjum hjerröðum er bætt við.

Eptir áskorun læknafundar þess, er að framan er nefndur, er jafnframt því, er að ofan getur, farið fram á nokkrar smávægilegar breytingar á verðskránni fyrir einstök læknisverk í lögum 15. október 1875, og bætt við hana ákvæðum um borgun fyrir störf lækna í þarfir heilbrigðis- og rjettar-gæzlu.

Að því er snertir hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þessa getið:

Við 1. grein.

Í Suðuramtinu er yfir höfuð haldið þeirri læknaskipun, sem nú er, þó er 1. læknishjeraði skipt í 2 hjerröð, nær annað þeirra yfir Reykjavíkur sókn og Bessastaða og Garða hreppa, hitt yfir Mosfells, Kjalarness og Kjósar hreppa og Þingvallahrepp í Árnessýslu. Sýslunefndin í Kjósar- og Gullbringusýslu hafði lagt það til, að 1. læknishjeraði væri skipt í 3 hjerröð, þannig að Reykjavík og Seltjarnarneshreppur væru hjerað útaf fyrir sig, Mosfells, Bessastaða og Garða hreppar ásamt dálitlu horni af Vatnsleysustrandarhreppi annað hjerað, og Kjósar og Kjalarnes- hreppar ásamt Þingvallahreppi og horni af Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu þriðja hjeraðið; en hjeraðið er hvorki svo víðlent nje mannmargt, að ástæða virðist til að skipta því í meira en 2 hjerröð, enda hefur bæði læknafundurinn og amtsráðið í Suðuramtinu lagt það til, að því yrði aðeins skipt eins og hjer er farið fram á. Sýslunefndin í Vestur-Skaptafellssýslu hefur lagt það til, að sýslunni yrði skipt í 2 læknishjerröð; þannig að í öðru hjeraðinu væru Hörgslands, Kirkjubæjar, Leiðvalla og Skaptártungna hreppar, en í hinu Álptavers, Hvamms og Dyrhóla hreppar, en sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefur farið því fram, að hinir 2 síðastnefndu hreppar, er Mýrdalssandur er á milli og Álptaversbrepps, ásamt Austur- og Vestur-Eyfjalla hreppum og Austur-Landeyjahreppi yrði sjerstakt læknishjerað, og loks hefur amtsráðið í Suðuramtinu lagt það til, að Álptavers, Hvamms, Dyrhóla og Austur-

Eyjafjalla hreppar yrðu hjerað útaf fyrir sig. Ef fallizt væri á tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu, yrði eigi hjá því komizt að skipta einnig Rangárvallasýslu í 2 hjerðð, því bæði er hún svo stór og mannmörg, að einum lækni yrði um megn að þjóna henni allri, og eins mundi verða, ef aðeins Austur-Eyjafjallahreppur yrði skilin frá; en ef báðum sýslunum, einsog sýslunefndin í Rangárvallasýslu, amtsráðið í Suðuramtinu og læknafundurinn hefur lagt til, er skipt í 3 hjerðð, og svo er það nú, virðist hentugast og bezt eptir landslagi og staðháttum, að halda þeirri skiptingu sem nú er; skilur þá Mýrdalssandur austasta og miðhjeraðið, en Markarfljót miðhjeraðið frá hinu vestasta, og verða þau skipti jöfnust bæði að vegalengd og mannfjölda. Að því er hin önnur læknahjerðð í Suðuramtinu snertir, hafa allir verið á einu máli um, að halda þeirri skiptingu, sem nú er.

Í Vesturamtinu er skiptingu þeirri, er nú er, að mestu leyti haldið; þó er 6. læknishjeraði (Ísafjarðarsýsla) — en af því eru nú tekin 2 aukalæknishjerðð, smbr. 11. gr. tölul. 2 staflið e og k, — eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar, amtráðs og læknafundarins skipt í 2 hjerðð, eru í öðru þeirra Ísafjarðarkaupstaður, Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppar, en í hinu Ögur, Reykjarfjarðar og Snæfjalla hreppar. Ennfremur er Gufudalshreppur í Barðastrandarsýslu eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar, amtsráðs og læknafundarins, skilinn frá aukalæknishjeraðinu í 11. gr. fjárlaganna tölulið 2, staflið i., og lagður undir 7. læknishjerað, en frá því er Strandasýsla skilinn, smbr. 11. gr. fjárlaganna tölulið 2, staflið l.; ennfremur er Bæjarhreppur í Strandasýslu eptir tillögum sýslunefndarinnar í Dalasýslu og að nokkru leyti sýslunefndarinnar í Strandasýslu, amtsráðsins í Vesturamtinu og amtmannsins í Norður- og Austuramtinu, skilin frá aukalæknishjeraðinu í 11. gr. fjárlaganna tölulið 2, staflið a, og lagður undir Miðfjarðar hjerað (nr. 18 hjer að framan), því hrepp þennan skilur frá Dalasýslu torsótt heiði, sem einkum á vetrum er ill yfirferðar. Loks fóru sýslunefndirnar í Snæfellsness- og Dalasýslu og amtsráðið í Vesturamtinu fram á, að nokkrir bæir vestan til í Fellstrandarhreppi í Dalasýslu og syðri hluti Skarðsstrandarhrepps að Ballará í sömu sýslu, ásamt flestum eyjum í hinum síðarnefnda hreppi væru lagðir undir Stykkishólms hjerað (nr. 8 hjer að framan); en bæði er það, að frá Stykkishólmi er að minnstakosti 2 mílna sjóferð í þessa hreppshluta, og svo eru á Breiðafirði sjóferðir örðugar sökum strauma í sundunum milli eyjanna. Þareð þvínæst virðist rjettast að haga skiptingu hjeraðanna þannig, að læknar geti komizt sem mest hjá löngum sjóferðum, þá hefur eptir tillögum læknafundarins verið haldið þeirri skiptingu, er nú er, þannig að öll Dalasýsla er eitt læknishjerað, þó svo, að Rauðseyjar og Rúfeyjar eru eptir tillögum amtsráðsins lagðar undir Flateyjar hjerað. En vegna þess að læknar á Íslandi eru tregir á að vitja sjúklinga utan umdæma sinna, hefur stjórninni virzt rjett að gera lækninum í Stykkishólmi að skyldu, að vitja sjúklinga í nefndum hreppshlutum, þegar hans er leitað og veður og straumar leyfa; og einnig er lækninum í Reykhólahjeraði, eptir tillögum amtsráðsins, lögð hin sama skylda á herðar við íbúana í Múlahreppi og Hjarðarnesi, og lækninum í Flateyjar hjeraði við Barðstrendinga milli Vatnsdalsár og Hagavaðals.

Í Norðuramtinu er bætt við 2 læknishjerððum, því að 9. læknishjeraði einsog það er nú (smbr. landshöfðingjabrjef 16. október 1877), er eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar og amtmanns skipt í 2 hjerðð, nær annað þeirra yfir Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Rípur, Viðvíkur, Hóla og Hofs hreppa eða norðurhluta læknishjeraðsins, einsog það er nú, en hitt yfir Seilu, Lýtingsstaða og Akra hreppa, eða suðurhluta þess; og þvínæst er 11. læknishjeraði eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar og amtmanns einnig skipt í 2 hjerðð, þannig að í öðru þeirra eru Vallna og Arnarness hreppar í Eyjafjarðarsýslu og Grýtubakkahreppur í Þingeyjarsýslu, en í hinu Skriðu, Glæsibæjar, Hrafnagils, Saurbæjar og

Öngulstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu, og Svalbarðsstrandarhreppur og syðri hluti Hálshrepps (Háls prestakall) í Þingeyjarsýslu. Við niðurskiptingu þessara 4 hjeraða hefur stjórnin farið eptir tillögum amtmanns, því þær virtust vera betur sniðnar eptir staðháttum, vegalengdum og mannfjölda, en tillögur hlutaðeigandi sýslunefnda og læknafundarins. Eins skal þess getið, að auk þessa hafa eptir tillögum hlutaðeigandi amtmanns verið gjörðar þær breytingar á læknaskipuninni í Norðuramtinu, er nú skal greina: Bæjarhreppur í Strandasýslu hefur verið lagður undir 8. læknishjerað, en Ás og Sveinsstaða hreppar verið skildir frá því og lagðir undir aukalæknishjeraðið í 11. gr. fjárlaganna, tölul. 2, staflið o, og er það samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar og læknafundarins; Grímsey er skilin frá 10. og lögð undir 12. læknishjerað, því eyjarskeggjar hafa mestar samgöngur og viðskipti við Húsavíkur verzlunarstað og sveitirnar við Skjálfandaflóa; loks er læknaskipuninni í Suður-Þingeyjarsýslu breytt þannig, að nokkur hluti aukalæknishjeraðsins í 11. gr. fjárlaganna, tölulið 2, staflið m, er lagt undir Svarfaðardals og Akureyrar hjerað (nr. 23 og 24 hjer að framan), en hinum hluta þessa hjeraðs og 12. læknishjeraðinu er skipt í 2 hjerð, eptir staðháttum og öðrum ástæðum, þannig að nyrðri kirkjusóknirnar eru í öðru hjeraðinu, en hinar syðri í hinu.

Í Austuramtinu eru læknahjerðin jafnmörg og áður. Sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafði að vísu farið fram á, að aukalæknishjeraðið í 11. gr. fjárlaganna, tölulið 2, staflið f, yrði skipt í 2 læknishjerð, en amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu hefur eigi getað mælt með umsókninni, þareð íbúatala í hjeraðinu væri aðeins rúm 1000 og að menn ættu víðast hvar þar í hjeraði eigi óhægra með að leita læknis, en í öðrum hjerðum landsins. Múlasýslunum er nú skipt í 6 læknishjerð, eru 3 þeirra aukalæknishjerð. Hlutaðeigandi sýslunefndir hafa farið þess á leit, að læknum yrði fjölgað þar upp í 8, en læknafundinum virtist nóg að hafa þar 5 læknishjerð. Amtmanninum í Norður- og Austuramtinu hefur virzt læknaskipunin fullnægjandi, einsog hún nú er, og væru Múlasýslubúar eins vel staddir að því er læknisaðstoð snertir og aðrir íbúar Norður- og Austuramtsins. Eptir tillögum amtmanns hefur því læknaskipuninni þar verið haldið óbreyttri, nema í einu lítils háttar atriði. Sýslunefndin í Vestur-Skaptafellssýslu hefur látið sjer lynda, að sýslan væri öll aðeins 1 læknishjerað, ef tilskilið yrði, að hjeraðslæknirinn færi 2 ferðir á ári í Hofshrepp, á þeim tímum á árinu, er hreppsbúar óskuðu þess (smbr. 11. gr. fjárlaganna, lið 3.). Hefur því eigi virzt ástæða til að taka tillögu læknafundarins til greina, um að sýslunni yrði skipt í 2 læknahjerð, þannig að Hofshreppur (Öræfi), en þar eru aðeins 250 íbúar, væri annað þeirra.

Við 2. grein.

Þessi grein samsvarar alveg 2. gr. laga um aðra skipun á læknahjeröðunum 15. október 1875.

Við 3. grein.

Eptir núgildandi lagaákvæðum um laun lækna, hafa 5 hjeraðslæknar 1900 kr. og hinir 15 1500 kr. árslaun. Í frumvarpinu er farið fram á, að hin síðarnefnda launa-upphæð, er ætla má að sje hin minnsta, er læknir geti lifað sómasamlega af á Íslandi, verði lægstu laun hjereptir, en að læknar í 10 örðugustu og mannflestu hjerðunum utan kaupstaðanna — af þeim eru 6 læknar á verzlunarstöðum — fái 1800 kr. laun. Í kaupstöðunum 4 eru hjeraðslæknunum ætluð 2000 kr. árslaun, enda má ætla, að þar sje mest að gera, og lífsviðurværi auk þess í sumum greinum kostnaðarmeira en til sveita.

3 hjeraðslæknar eru nú launaðir eptir launalögum, sem eru eldri en lög 15. októ-

ber 1875; hafa tveir þeirra húsaleigustyrk og 1 embættisjörð, og er því hjer, líkt og í 3. grein nefndra laga, ákvæði um, að ef hjeraðslæknar hafa nú hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en þeim bæri eptir lögum þessum, þá haldi þeir því, sem umfram er, sem viðbót fyrir sjálfa þá, og þvínæst, að þegar læknisembættið losnar næst, skuli embættisjörðin lögð til landssjóðs. Loks er hjer eptir 3. gr. optnefndra laga sett ákvæði um, að þangað til smámsaman sje búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skuli læknahjeraða skipting sú, sem nú er, haldast að því leyti, er snertir þau embætti.

Við 4. grein.

Að vísu er það sjálfsagt, að hin fastsetta verðskrá fyrir störf lækna því aðeins er bindandi, að annað sje eigi um samið, og að hinir einstöku liðir verðskrárinnar aðeins segi, hvað sjúklinginn má skylda til að greiða, þegar engir samningar hafa gjörðir verið, en til þess að taka fyrir allan misskilning hefur þó virzt rjett að taka þetta fram með berum orðum. Taxtarnir í lögum 1875 eru að mestu látnir óbreyttir, þó er hjer eptir tillagi læknafundarins í Reykjavík farið fram á, að borgunin fyrir að leita ráða til læknis heima hjá honum eða fyrir að vitja sjúklings eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað læknis sje hækkuð úr 25 aurum, enda er sú borgun ófað alltof lág, þarsem opt þarf um leið að rannsaka sjúklinginn nákvæmlega, og er farið fram á að færa borgunina uppí 1 kr., en þó svo, að hún verði eigi hærri fyrir það, þó læknirinn um leið gefi út læknisfyrirsögn, geri minni háttar skurði og bindi um á eptir, dragi út tönn, nái þvagi af manni, eða því um líkt. Hinir sjerstöku taxtar fyrir þessi störf eru því felldir úr verðskránni. Ennfremur er farið fram á, að borgun fyrir meiri háttar aflimanir og fyrir að hjálpa sængurkonu án verkfæra verði ákveðin 8 og 4 kr., í staðinn fyrir 4—8 kr. og 2—4 kr. eptir lögum 1875.

Ákvæðið í síðasta lið greinarinnar, um eptirlit með gæzlufóngum og sjúkum sveitarómögum, virðist vera eðlilegt og eiga vel við, úr því verðskráin einnig gildir fyrir störf í þarfir hins opinbera, smbr. lög fyrir Færeyjar 8. janúar 1872 um borgun fyrir læknisstörf á Færeyjum.

Við 5. grein.

4. gr. laga 1875 mælir svo fyrir, að fyrir ferðalög og störf lækna í þarfir hins opinbera beri þeim endurgjald eptir reglum þeim, er „gilt hafa hingað til", en í íslenzkum lögum eru engin sjerstök ákvæði um borgun fyrir þesskonar störf, og er því hjer farið fram á, að bæta úr þessu, og er greinin að mestu sniðin eptir framangreindum lögum fyrir Færeyjar, og má ætla að sú borgun, er þar er ákveðin, sje og við hæfi á Íslandi.

Við 6. grein.

Grein þessi samsvarar 2. lið 4. gr. í lögum 1875, þó svo, að farið er fram á, að ákvæðin um ókeypis ferðir og dagpeninga skuli og eiga við ferðir í þarfir hins opinbera.

Við 7. og 8. grein.

Greinar þessar virðast engra skýringa þurfa.

Frumvarp til laga

um

ráðstafanir til að eyða refum með eitri.

(Lagt fyrir alþingi 1897).

1. grein.

Leitast skal við að gjöreyða refum með því að bera út eitur á alla þá staði, þar sem menn vita eða halda að refar hafist við.

Eptir tillögum sýslunefnda semur amtsráðið í hverju amti nánari reglur um eitrun; en eitrun skal gera að minnsta kosti tvisvar á ári,

2. grein.

Í hverri sýslu landsins nema Vestmannaeyjasýslu kýs sýslunefndin 2—4 áreiðanlega menn, til þess, hver í sínum hluta sýslunnar, undir umsjón sýslunefndarinnar, að annast um framkvæmdir á reglugjörð þeirri, er amtsráðið setur samkvæmt 1. gr. Kosningin gildir í 3 ár í senn.

3. grein.

Allan kostnað við ráðstafanir eptir 2. gr. greiðir hlutaðeigandi sýslusjóðnr. Menn þeir, er kosnir eru til að annast framkvæmdir á eitrun fyrir refi, fá, meðan á þeim stendur, dagpeninga, 3 kr. á dag, og endurgoldinn ferðakostnað. Senda skal sýslunefndinni sundurliðaðan reikning yfir öll útgjöld. Finni sýslunefndin eitthvað að reikningnum, úrskurðar amtsráðið hann.

4. grein.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert senda hinir kosnu menn sýslunefnd nákvæmar skýrslur um þær ráðstafanir, er þeir á því ári hafa gjört til eyðingar refum, og um árangur af þeim.

Á næsta sýslunefndarfundi þar á eptir skal yfirfara skýrslurnar, og skulu þær síðan sendar amtsráðinu með næstu póstferð, ásamt umsögn sýslunefndarinnar, en amtsráðið hefur yfirumsjón með, að reglum þeim, er það samkvæmt 1. gr. fyrirskipar, sje fylgt.

5. grein.

Hreppsnefndir og, að því er snertir afrjettarlönd, er einstakir menn eiga, eigendur eða hafendur þeirra eru skyldir að skýra hinum kosnu mönnum frá, hvar grenja sje að leita, og hvar vart hafi orðið við refi, og einnig frá ráðstöfunum þeim, er þeir kunna að hafa gjört eða ætla að gjöra til eyðingar refum, smbr. lög um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda 22. marz 1890 og lög um breyting á þeim 24. nóvember 1893.

6. grein.

Brot gegn lögum þessum eða reglum þeim, er settar eru samkvæmt 1. gr., varða frá 10 til 300 króna sektum, er renna í sýslusjóð. Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir áskorun alþingis í þingsályktun um eyðingu refa, er það samþykkti 1895, hefur landshöfðingi (smbr. stjórnartíðindi 1895 B. bls. 240), fyrir milligöngu amtmanna, leitað umsagnar allra sýslunefnda og amtsráða um, hvort hægt mundi vera að gjöra tryggilegri ráðstafanir en hingað til, til eyðingar refum, og hvernig þeim ráðstöfunum ætti að haga. Umsagnir hafa komið frá öllum 4 amtsráðum og öllum sýslunefndum, nema sýslunefndunum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og Vestmannaeyjasýslu, en í Vestmannaeyjasýslu eru, eins og mönnum er kunnugt, engir refar.

Af álitsgjörðum þessum, er þinginu mun gefast kostur á að kynna sjer — samanber, að því er sumar af þeim snertir, reglugjörð fyrir hlutaðeigandi sýslur landsins, svo sem er: 35. gr. í reglugjörð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 3. júlí 1895, stjórnartíðindi 1895, B., bls. 114—122; 2. gr. í reglugjörð fyrir Ísafjarðarsýslu sama dag, stjórnartíðindi 1895 B., bls. 123—24; 52 gr. í reglugjörð fyrir Norðurmúlasýslu 22. ágúst 1893, stjórnartíðindi 1893 B., bls. 166—75; 12. grein í reglugjörð fyrir vestari hluta Þingeyjarsýslu 15. júní 1893, stjórnartíðindi 1893 B., bls. 101—3; 6. gr. í reglugjörð fyrir Suðurmúlasýslu 4. júní 1892, stjórnartíðindi 1892 B., bls. 195—206, og 63. gr. í reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu 25. júní 1894, stjórnartíðindi 1894 B., bls. 75—87, — má ráða, að menn eru yfirhöfuð sammála um það, að til þess að eyða refum muni bezt að nota aðallega eða þó að mestu leyti eitrunaraðferðina; 9 sýslunefndir hafa látið þá skoðun í ljósi, að engin þörf sje á að semja ný lög um þetta efni, en 8 sýslunefndir hafa lagt það til, að samin verði ný almenn lög, er skipi fyrir um eyðingu refa. Af amtsráðunum hefur amtsráð Vesturamtsins látið þá skoðun sína í ljósi, að engin nauðsyn sje á að gefa út ný lög um þetta efni, en amtsráð Suður- Norður- og Austur- amtanna hafa lagt það til, að slík lög yrðu samin.

Um leið og landshöfðingi sendi stjórnarráðinu framangreindar álitsgerðir, lagði hann það til, að hinum síðarnefndu tillögum verði fylgt, þar sem ætla megi, að með almennum lögum gæti komizt á meiri samkvæmni og samtök í tilraunum manna til þess að gjöreyða refum, þessari landplágu fyrir íslenzkan landbúnað. Einsog tekið var fram við umræðurnar í neðri deild alþingis um framannefnda þingsályktun, mun mega álíta það víst, að núgildandi lagaákvæði um eyðing refa sjeu eigi nógu öflug til þess að geta náð tilganginum, og að meinið sje einkum það, að hin einstöku sveitarfjelög sjeu eigi nógu samtaka og samhuga, og þvínæst fátækt þeirra, er geri það að verkum, að mörg sveitarfjelög kinoki sjer við að leggja á sig kostnað þann, sem ráðstafanir þessar hafa í för með sjer, og sem opt er talsverður og getur komið ójafnt niður, þar sem ráðstafanirnar opt komi að fullt eins miklu gagni fyrir önnur sveitarfjelög, sem þó sje eigi skylt að taka þátt í kostnaðinum. Af þessum ástæðum hefur og stjórnarráðinu virzt rjett, að samin verði almenn lög um eyðing refa með eitrun, er feli sýslunefndunum stjórn á öllum ráðstöfunum í því efni, en amtsráðunum eptirlitið, og leggi útgjöld öll á sýslusjóðina. Jafnframt er gert ráð fyrir, að núgildandi ákvæði um eyðing refa að tilhlutun sveitarstjórna eða einstakra manna, haldi gildi sínu.

Að því er snertir hinar einstöku greinar frumvarpsins, skal þessa getið.

Við 1. grein.

Ákvæði greinarinnar um að eitra skuli tvisvar á ári að minnsta kosti, eru í samræmi við fyrirmæli núgildandi reglugjörða um refaveiðar í flestum sýslum landsins.

Við 2. grein.

Til þess að sem dyggilegast verði unnið að eyðing refa, virðist bezt að fela þau störf einstökum þar til kosnum mönnum, hverjum í sínu umdæmi. Rjett virðist vera að skipta hinum stærri sýslum í 4 umdæmi, en hinum minni í færri.

Við 3. grein.

Ef duglegir menn eiga að fást til að annast eyðing refa, má borgun til þeirra varla vera minni, en hjer er farið fram á. Stjórninni virðist heppilegast, að sýslusjóður greiði bæði þann og allan annan kostnað, er að þessu lýtur.

Við 5. grein.

Það virðist sjálfsagt, að hreppstjórnir og einstakir menn, er eiga afrjettarlönd, láti hinum kosnu mönnum í tje allar nauðsynlegar upplýsingar um, hvar refar sjeu o. fl., og um þær ráðstafanir til eyðingar þeim, er þeir kynnu að hafa gert.

Frumvarp til laga

um

lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. grein.

Gjald það til landssjóðs, að upphæð 100 kr. á ári, er samkvæmt 1. grein laga 27. febrúar 1880 greiðist frá Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi,, fellur burt.

2. grein.

Af skuld prestakallsins við landssjóð, er stafar af byggingu Ásólfsskála-kirkju, skulu því gefnar upp 1300 kr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðari árum hefur Holtsprestakall í Rangárvallaprófastsdæmi hvað eptir annað orðið fyrir allmiklu tjóni af völdum náttúrunnar. Holtsá hefur skemmt túnið á prestsetrinu og jafnframt er mikið af enginu eytt af sandfoki; á 10 af jörðum kirkjunnar hefur áin gjört þau spell á túnum og engjum, að þær verða eigi byggðar og hafa lagst í eyði. Auk þessa vildi prestakallinu það óhapp til 1888, að kirkjan í Holti, er fáum árum áður hafði verið endurbyggð, fauk í ofviðri. Til þess að reisa kirkjuna að nýju, er jafnframt var flutt að Ásólfsskála, varð að bæta við skuldir prestakallsins og komust þær þá upp í 2900 kr. Vextir og afborgun af láni þessu, er nú er komið niður í 2655 kr. 70 au., 6% á ári í 28 ár, nema 174 kr. árlega; af upphæð þessari hefur kirkjan af tekjum sínum eigi getað borgað meira en um 74 kr. á ári, og hefur því sóknarpresturinn orðið að greiða afganginn um 100 kr. af sínum eigin tekjum, og á hann því allstóra upphæð hjá kirkjunni, er stafar af byggingu hennar.

Eins og kunnugt er, sótti sóknarpresturinn til alþingis 1895 um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á prestakallinu, en umsókn þessi varð árangurslaus. Nú hefur

hann sótt til landshöfðingja sumpart um að gjald það til landssjóðs, er með 1. gr. laga 27. febrúar 1880 var lagt á brauðið, verði afnumið sökum þess að tekjur þess hafa rírnað svo mjög, eins og að framan er ávikið, og sumpart um, að Ásólfsskálakirkju verði gefið svo mikið upp af skuld sinni til viðlagasjóðs, að árstekjur kirkjunnar hrökkvi til þess að greiða vexti og afborgun af skuldinni, og hefur hlutaðeigandi hjeraðsfundur og stiptsyfirvöldin mælt með umsókninni.

Það er skoðun stjórnarinnar, að umsókn þessi hafi við góð rök að styðjast, því bæði er það, að eigi virðist sanngjarnt að gjald það til landssjóðs, er lagt var á prestakallið með lögum 17. febrúar 1880, haldist eptir að tekjur þess hafa rírnað að miklum mun, og þvínæst verður stjórnin að álíta, að þegar kirkja hefur eyðilagst af völdum náttúrunnar, og líkt er ástatt fyrir henni og hjer ræðir um, sje það skylda þess opinbera að rjetta hjálparhönd til að byggja hana að nýju, og leggur stjórnarráðið það því til, samkvæmt tillögum landshöfðingja, að umsókn prestsins verði tekin til greina og verði brauðinu gefnar upp 1300 kr. af áður talinni skuld.

Frumvarp til laga

um

að stjórninni veitist heimild til að hafa skipti á 7 hundruðum, er landssjóður á í jörðinni Nesi í Norðfirði, og kirkjujörðinni Grænanesi samastaðar.

(Lagt fyrir alþingi 1897).

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að hafa jarðaskipti á 7 hundruðum, er landssjóður á í jörðinni Nesi í Norðfirði, og kirkjujörðinni Grænanesi í sama firði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kirkjujörðin Grænanes, er í jarðabókinni er metin 9 hundruð að dýrleika, var með lögmætri skoðunargjörð, er þinginu mun gefinn kostur á að kynna sjer, virt 1389 kr., en um leið voru 7 landssjóðshundruðin í jörðinni Nesi aðeins virt 1244 kr.; ennfremur er afgjald fyrnefndrar jarðar nokkru hærra en landssjóðshundraðanna í Nesi, má því ætla að jarðaskipti þau, er hjer er farið fram á, sjeu landssjóði í hag. Þótt þessi verðmunur sje á jarðeignunum, hafa jarðaskiptin þó einnig verið talin hagkvæm fyrir hlutaðeigandi prestakall, Skorrastað í Suðurmúla-prófastsdæmi, og hefur því sóknarpresturinn sótt um þau og öll hlutaðeigandi yfirvöld, meðal annara stiptsyfirvöldin og landshöfðingi, mælt með umsókninni; er það fyrir þá sök að jörðinni Nesi er miklu betur í sveit komið til þess að vera kirkjustaður og prestssetur í prestakallinu, en Skorrastað, er til þessa hefur verið það. Skorrastaðakirkju, er fauk í ofviðri, á því að byggja upp að nýju á Nesi og mun það einnig vera fyrirætlun manna, að prestssetrið verði þar framvegis, ef arðaskiptunum verður framgengt.

Stjórnarráð Íslands fjekk þessvegna 21. janúar í ár konungs leyfi, að því er kirkjuna snertir, til að framkvæma jarðaskiptin, og fer nú með frumvarpi þessu fram á, að fá til þess nægja lagaheimild, að því er landssjóð snertir.

Frumvarp til laga

um

að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. grein.

Samkvæmt 15. grein laga, nr. 15, 8. maí 1894 skal stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

2. grein.

Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, aðeins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni.

3. grein.

Til þess að kaupstaðurinn hjer eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli stræti; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er þegar eru byggðar; skal nefndin svo rita þær í sjerstaka bók, ásamt lóðum þeim, er síðar verður byggt á. Kostnað þann, sem leiðir af að útvega bók þessa og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni þykja viðþurfa til að rita í gjörðir sínar og brjef, skal greiða úr bæjarsjóðnum.

4. grein.

Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar í kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sjerhver sá, sem á óbyggða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný, að færa það aptur á við, eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefur orðið fyrir, við það að af því hefur verið tekið eður hús flutt aptur á við, og skal greiða kostnað þann, sem af því rís, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sje nokkur óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefur ákveðið, getur hann lagt málið undir úskurð amtsins.

B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, og skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eða aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir.

C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar móti húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess, svo sem verður, að hús, er ætluð eru til að reka atvinnuvegi, er hafa eldshættu í för með sjer, verði byggð á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum, og sjer í lagi hæð undir loptum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grannt reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sjerhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hjer á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sje gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í sektir frá 10 til 50 kr. í bæjarsjóð; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sje rifið niður á hans kostnað, að því leyti, sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið, og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefur eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu sektir skal og sá greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefur sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hjer að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka sektirnar allt að 4 kr.; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

5. grein.

Það sem ákveðið er í lögum þessum, skal einnig gilda um hús þau á kaupstaðarlóðinni, sem eru byggð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

6. grein.

Með mál um brot á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 15. gr. laga 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði er ákveðið, að stofna skuli byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn, og hefur verið leitað umsagnar bæjarstjórnarinnar þar um efni laga, er gefa verður út um stofnun slíkrar nefndar. Lagafrumvarp það, er að framan er skráð, er aðallega samið eptir álitsgerð nefndarinnar og tillögum landshöfðingja, og er, að undanskildum nokkrum óverulegum orðabreytingum, samhljóða ákvæðum um sama efni fyrir Ísafjarðar kaupstað, í opnu brjefi 26. janúar 1866 (sambr. og opin brjef um sama efni fyrir Reykjavík 23. maí 1839 og fyrir Akureyri 6. janúar 1857), en þó er 1. lið 3. greinar sleppt. 5. grein tilskipunar 17. nóvember 1786, sem þar er vísað til, gildir sem sje ekki fyrir Seyðisfjörð, enda er öll kaupstaðarlóðin þar, eptir því sem stjórnarráðinu hefur verið skýrt frá, eign einstakra manna.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 16. september 1893 um hafnsögugjald í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1897)

Gjald það, er fyrirskipað er með 1. gr. laga 16. september 1893 um hafnsögugjald í Reykjavík, greiða útlend fiskiskip því aðeins, að þau noti hafnsögu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sendiherra Frakka í Kaupmannahöfn hefur fyrir milligöngu utanríkisráðaneytisins skýrt stjórnarráði Íslands frá því, að foringi hins frakkneska strandgæzluskips við Ísland í skýrslu sinni til hins franska sjóliðsráðaneytis hafi bent á, að þrátt fyrir það að Frakkastjórn hafi forðabúr í Reykjavík fyrir frönsk fiskiskip og ennfremur sjúkrahús, og sje læknir við það, er þeir þekki og hafi mætur á, og loks franskan verzlunarfulltrúa, sjeu þau þó á síðari árum meir og meir farin að sneiða hjá að koma þangað, og sje orsökin til þessarar breytingar víst aukin gjöld á útlend fiskiskip, er þangað koma.

Út af þessu hefur stjórnarráðið fyrir milligöngu landshöfðingja leitað álits bæjarstjórnar Reykjavíkur, og ber umsögn hennar saman við þau ummæli hins frauska skipstjóra, að frönsk fiskiskip sjeu síðustu árin farin að sneiða hjá Reykjavík, en hafist í þess stað við undir austurströndinni, og að aðalorsökin til þess muni að öllum líkindum vera gjaldhækkun sú, er innleidd var með lögum 16. september 1893 um hafnsögugjald í Reykjavík, því að síðan 1879 hafi engin önnur gjaldhækkun verið í lög leidd, en komum franskra fiskiskipa til Reykjavíkur hafi eigi fækkað fyr en allra síðustu árin. Bæjarstjórninni virðist því æskilegt, að lögum þessum verði breytt á þá leið, að fiskiskip, er eigi nota hafnsögu, skuli undanþegin hafnsögugjaldi, enda mundi það baka landssjóði og hafnarsjóði Reykjavíkur eigi all-lítinn tekjumissi á vitagjaldi og hafnargjöldum, ef Reykjavík missti aðsókn franskra fiskiskipa, er verið hefur talsverð, og jafnframt hafa í för með sjer allmikið atvinnutjón fyrir bæjarmenn sjálfa. Vitagjald og hafnsögugjald hafi, segir hún, á fimmáratímabilinu 1890—94 numið að meðaltali á ári 1,322 kr. og 330 kr., en þessi ár hafi komið á ári hverju um 100 frönsk fiskiskip inn á Reykjavíkurhöfn, en vorið 1896 aðeins 27 frönsk fiskiskip, og muni sum þeirra auk þess, eptir því sem skipstjórar ljetu í ljósi, eigi koma þar aptur að ári. Loks er það tekið fram af bæjarstjórninni, að nálega engir aðrir útlendir fiskimenn en Frakkar komi til Reykjavíkur, svo ef hin frönsku fiskiskip hætti að koma þangað, verði tilgangi laganna frá 16. sept. 1893 síður en svo náð, að því er fiskiskip snertir.

Landshöfðingi hefur fallizt á álitsgjörð þessa, og þareð stjórnarráðið einnig verður að álíta æskilegt, að greindum lögum verði breytt á þá leið, er bæjarstjórn Reykjavíkur bendir á, fer það hjermeð fram á, að slík breyting verði gjörð.

Frumvarp til laga

um

að umsjón og fjárhald Bjarnaneskirkju í Austur-Skaptafells prófastsdæmi skuli fengið hlutaðeigandi söfnuði í hendur.

(Lagt fyrir Alþingi 1897).

Stjórninni veitist heimild til, að selja söfnuðinum í Bjarnanessókn í hendur umsjón og fjárhald Bjarnaneskirkju í Austur-Skaptafells prófastsdæmi, með þeim kjörum, að sá helmingur jarðarinnar Bjarnanes með hjáleigum, er landssjóður á, verði afhentur söfnuðinum ásamt kirkjunni

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Útaf ítrekaðri áskorun alþingis 1895 um, að stjórnin leitaði samninga við hlutaðeigandi söfnuði um, að þeir tækju að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landssjóður á, hefur landshöfðingi fyrir milligöngu amtmanna leitað umsagnar hlutaðeigandi safnaða á þann veg sem sagt er í lögum nr. 13, 12. maí 1882; en í brjefi til stjórnarráðs Íslands, dagsettu 30. marz þ. á., hefur hann skýrt frá, að þá hafi aðeins verið komin svör frá tveim söfnuðum, eru það Vestmannaeyjakirkjusöfnuður og Bjarnaneskirkjusöfnuður í Austur-Skaptafells prófastsdæmi. Að því er Vestmannaeyjakirkju snertir, hafði fyrirspurnin eigi náð tilgangi sínum, þar sem eigi var nein löngun hjá söfnuðinum til að taka að sjer umsjón með kirkjunni. Í Bjarnanes sókn var aptur á móti á fundi, er boðað var til, til þess að gjöra út um þetta mál, með 25 atkvæðum móti einu samþykkt tillaga, er sóknarnefndin bar fram, um að söfnuðurinn tæki að sjer umsjón og fjárhald söknarkirkjunnar, með þeim kjörum, að sá helmingur jarðarinnar Bjarnaness með hjáleigum, er landssjóður á, verði afhentur söfnuðinum ásamt kirkjunni.

Jörðin Bjarnanes er í jarðabókinni með hjáleigum metin 86,5 hundruð að dýrleika; hefur hálflendan til þessa gefið á ári um 200 króna tekjur í landssjóð, og mun því meiga telja hana að minnsta kosti 4000 króna virði. Kjör þau, er söfnuðurinn býður, virðast því í frekara lagi og það því fremur sem kirkja þessi, er að vísu við skoðun á henni var talin í fremur ljelegu standi, er aðeins um 10 ára gömul og því eigi líklegt, að hún innan skamms muni þarfnast verulegrar viðgerðar, því síður að hún verði byggð upp að nýju. En landshöfðingi hefur þó engu að síður látið þá skoðun í ljósi, að landssjóður mundi naumast tapa við að taka þessum kostum, og telur sjerstaklega til þess, að viðhald landssjóðskirknanna verði með ári hverju dýrara, þar sem menn sjeu nú vandari að búnaði kirkna en áður.

Af þessum ástæðum kemur stjórnarráðið fram með frumvarp þetta og er það samið eptir tillögum landshöfðingja.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. grein.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Gefa skal hlutaðeigendum kost á að kynna sjer skýrslur þessar fyrri hluta febrúarmánaðar, og álíti einhver sig ranglega talinn á gjaldskránni, er honum heimilt að kæra það mál fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðar-úrskurð í því. Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan loka febrúarmánaðar.

2. grein.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta gjaldið á manntalsþingunum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Fyrir ómak sitt ber þeim 4 % af hinu innheimta gjaldi.

3. grein.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppunum sýslumenn hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og kýs bæjarstjórnin eða hreppsnefndin 2 menn til að endurskoða þá, en hinir kosnu meðlimir bæjarstjórnarinnar eða sýslunefndarinnar fella úrskurð um reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin amtmanni árlega skýrslu um hag styrktarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir sýslunefndin formanni amtsráðsins.

4. grein.

Amtmenn hafa í kaupstöðum og amtsráðin í hreppunum eptirlit með, að ákvæðunum um styrktarsjóði handa alþýðufólki sje hlýtt.

5. grein.

4.—6. og 8.—9. gr. í lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 eru úr lögum numdar.

6. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1899.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við endurskoðun á reikningum Söfnunarsjóðsins fyrir 1892 kom það í ljós, að ákvæðunum í 6. gr. laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 um að gjald það,

er lögin lögðu á, skyldi sett á vöxtu í aðaldeild sjóðsins, hefði eigi verið fylgt svo sem vera skyldi, og hefðu margir hreppar alls ekkert lagt í Söfnunarsjóðinn til þess að stofna styrktarsjóði. Við rannsókn þá, er hafin var útaf þessu að tilhlutun landshöfðingja, kom það enn fremur fram, að nokkrar hreppsnefndir höfðu vanrækt að semja skrár þær um gjaldskylda menn í hreppnum, er 4. grein laganna talar um, og að gjaldið hafði alls eigi verið innkallað, eigi aðeins í þessum hreppum, heldur og í öðrum. Vanræksla þessi og óregla stafar, að menn halda, sumpart af því, að innheimting gjaldsins og reikningsfærsla er í hreppunum falin hreppstjórunum, er opt eru eigi svo vel að sjer í reikningsfærslu sem við þarf, sumpart af því, að eptirlitinu með stjórn sjóðanna er miður vel fyrirkomið.

Sýslunefndirnar í Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu hafa í þeim tilgangi, að ráðið yrði bót á göllum þessum, farið þess á leit við hlutaðeigandi amtsráð, að gjörð verði breyting á lögunum í þá átt, að sýslumönnunum verði falin innheimta gjaldsins í hreppunum og að sýslunefndirnar verði látnar fella úrskurð um reikninga þeirra. Í tillögum sínum til amtsráðsins hefur formaður þessara sýslunefnda tekið það fram, að meiri trygging mundi fást fyrir því, að reikningsfærslan færi vel úr hendi, væri hún falin sýslumanninum, er hefði vit á reikningsfærslu, og að gjaldheimtan mundi eigi baka þeim neina verulega fyrirhöfn, ef hún færi fram á manntalsþingunum, og mundi að minnsta kosti ekki íþyngja þeim meira en eptirlit það, er þeir nú hafa á hendi, ef það á að verða að fullu gagni. Þegar sýslumaðurinn sjálfur innheimti gjaldið og jafnframt hjeldi reikningana, gæti hann ábyrgzt, að þeir væru rjettir, en sem eptirlitsmaður eptir því fyrirkomulagi, er nú er, gæti hann það eigi. Loks virtist eins eðlilegt að láta sýslumennina hafa innheimtu gjaldsins eptir lögum 1890 á hendi, einsog að láta þá innheimta annað gjald, er rennur í styrktarsjóðinn, sem sje gjald fyrir lausamennskuleyfi eptir lögum nr. 3, 2. febrúar 1894.

Amtsráðið í Vesturamtinu hefur þvínæst samþykkt að mæla með framangreindri tillögu sýslunefndanna, og hefur formaður ráðsins, um leið og hann bar málið undir landshöfðingja, getið þess, að reynslan hafi nægilega sýnt og sannað, að margar hreppsnefndir og hreppstjórar sjeu eigi færir um að annast þau störf, er lög 1890 leggja þeim á herðar, og sje það hans sannfæring, að eigi muni komast regla á innheimtu og reikningsfærslu þessa gjalds til styrktarsjóðanna að því er hreppana snertir, nema sýslumönnum sjeu falin störf þessi, sýslunefndunum sje veitt úrskurðarvald að því er reikninga sýslumannanna snertir, og yfirumsjónin fengin hlutaðeigandi amtsráðum í hendur.

Landshöfðingi hefur fallizt á skoðanir þær, er þannig hafa komið í ljós, og hefur því í tillögum sínum um málið til stjórnarráðsins farið því fram, að lagafrumvarp, er hann hefur samið og sem fer í þá átt að breyta lögum 11. júlí 1890 líkt og nefnt hefur verið hjer að framan, yrði lagt fyrir alþingi í sumar.

Lagafrumvarp það, er að framan er skráð, er samið eptir frumvarpi landshöfðingja, enda gat stjórnarráðið í öllum aðalatriðum fallizt á það.

Að því, er snertir hinar einstöku greinar frumvarpsins, skal þessa getið:

1. gr. svarar til 4. og 5. gr. laganna og hefur þótt rjettast að draga þær saman í eina gr. Aðrar breytingar á ákvæðum greinanna eru allar afleiðingar þess, að gjaldheimtan er falin sýslumönnum og eru þær í því fólgnar, að skrár yfir þá, er gjaldskyldir eru í hreppunum, skuli sendar sýslumönnum, og að búið skuli vera að semja skrárnar og þær lagðar fram tveim mánuðum fyr en lögin gera ráð fyrir, og er það fyrir þá sök, að manntalsþingin eru haldin fyr en hreppaþing á vorin.

2. gr. er samhljóða 6. grein laganna að öðru leyti en því, að innheimta gjaldsins í hreppunum er falin sýslumönnum og fer fram á manntalsþingunum.

3. gr. svarar til 8. gr. laganna, en eins og að framan er ávikið, er henni breytt þannig, að reikningsfærslan fyrir styrktarsjóðina í hreppunum er falin sýslumönnunum og velja sýslunefndirnar endurskoðendur reikninganna, en úrskurðarvaldið er falið hinum kosnu meðlimum nefndanna. Í sambandi við þetta hefur einnig virzt rjettara að fela bæjarstjórnunum í stað amtmanna að fella úrskurð um reikninga styrktarsjóðanna í kaupstöðum, og loks er farið fram á, að ársskýrslur um hag styrktarsjóðanna í hreppunum skuli sendar til formanns hlutaðeigandi amtsráðs.

4. gr. er samhljóða 9. gr. laganna að öðru leyti en því, að æðsta eptirlit með styrktarsjóðunum í hreppunum er falið amtsráðunum, og er sú breyting eðlileg afleiðing af breytingum þeim, er að framan er farið fram á.

Við 6. gr.

Rjett virðist að láta lögin öðlast gildi 1. janúar 1899.

Frumvarp til laga

um

að lög 25. október 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs, skuli úr gildi numin.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

Lög um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs eru úr gildi numin frá 31. desember 1897 að telja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er snertir ástæður fyrir frumvarpi þessu, skal vísað til athugasemdanna við 11. gr. C. 1. í frumvarpi til fjárlega fyrir árin 1898 og 1899, er lagt verður fyrir þingið jafnframt frumvarpi þessu.

Frumvarp til laga

um

undirbúning verðlagsskráa.

(Lagt fyrir alþingi 1897).

1. grein.

Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður kosinn af hreppsnefnd eða bæjarstjórn, skulu í hreppi hverjum eða bæjarfjelagi í samvinnu ár hvert í októbermánaðarlok, semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og innlendum vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eptir því peningagangverði, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfjelags á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar. Sjeu fleiri en einn prestur í hreppnum, ákveða stiftsyfirvöldin hver þeirra skuli vera í nefndinni. Formaður skattanefndarinnar er einnig formaður þessarar nefndar.

Nú er einhver tegund landaura, sem hefur ekki gengið kaupum nje sölum mót peningum það ár í hreppnum eða bæjarfjelaginu, þótt hún sje þar til og gangi þar ella venjulega kaupum og sölum, og má þá setja það verð á þessa vörutegund, er semjendum verðlagsskýrslunnar kemur saman um, að muni vera hæfilegt, með tilliti til þess, hvað sú eða samskonar vörutegund hefir gengið kaupum eða sölum í næstu sveitum eða verzlunarstað. Nú hefir einhver vörutegund að vísu verið seld eða keypt fyrir peninga en með óvanalega lágu eða háu verði, sem sjerstakar ástæður hafa valdið, skal þá ekki leggja það verð til grundvallar fyrir samningu verðlagsskýrslunnar. Nú geta semjendur ekki orðið á eitt sáttir um verðlagið, og skal þá meðaltal ráða. Skýrsla þessi undirskrifuð af öllum semjendum skal lögð fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfjelaginu í tvær vikur.

2. grein.

Verðlagsskýrslur hreppa og bæjarfjelaga skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður semur eptir þeim eina aðalskýrslu fyrir hjerað hvert, og sendir hana með tilheyrandi fylgiskjölum til stiptsyfirvaldanna, en stiptsyfirvöldin staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hjerað, og annast um prentun hennar og birtingu. Kostnaður við prentunina greiðist úr landsjóði. Nú er eigi verðlag sett á einhverja vörutegund í tveim þriðjungum skýrslna þeirra, er til sýslumanns koma, og skal þá eigi verð lagt á þá vörutegund í aðalskýrslu þeirri, er sýslumaður semur.

3. grein.

Verðlagsskrá gildir frá 16. degi maímánaðar næsta eptir að hún er staðfest, til jafnlengdar næsta ár, og skal birta hana á manntalsþingum vor það, er hún gengur í gildi.

4. grein.

Numin eru úr gildi ákvæði þau í konungsúrskurði 16. júlí 1817, er koma í bága við lög þessi og konungsúrskurður 2. marz 1853.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Einsog brjef stjórnarráðsins til landshöfðingja 17. ágúst 1896 ber með sjer, smbr. brjef landshöfðingja 24. október 1895, er bæði eru prentuð í B-deild Stjórnartíð-

indanna 1896, bls. 173—74, var það fyrir þá einu sök, að stjórninni þótti frumvarp það til laga um undirbúning verðlagsskráa, er alþingi samþykkti 1895, ekki fallið til þess að verða staðfest, eins og það var úr garði gjört, að í það vöntuðu reglur um það, hvernig haga skuli samsetningu nefndar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. frumvarpsins, þar er hreppar ná yfir eða heyra undir fleiri en eitt prestakall.

Lagafrumvarp þetta er því alveg samhljóða frumvarpi alþingis að öðru leyti en því, að í 1. gr. er skotið inn ákvæði um, að í hreppum, þar sem eru fleiri prestar en einn, skuli stiptsyfirvöldin ákveða, hver þeirra skuli vera í nefndinni, og þvínæst er orðalaginu í 3. gr. dálítið breytt.

Frumvarp til laga

um

bólusetningar.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. grein.

Hvert barn, er eigi hefur haft bóluveikina, skal bólusetja innan 7 ára aldurs; ófermd börn, sem eru 7 ára eða eldri og þó eigi bólusett, er lög þessi öðlast gildi, skal bólusetja innan árs frá þeim degi. Sje þessu eigi hlýtt, sæta foreldrar barnsins eða þeir, er að því, er framfærslu snertir, ganga því í foreldra stað, allt að 20 kr. sektum.

2. grein.

Prestar skulu heimta læknisvottorð af börnum þeim, er þeir búa undir fermingu, fyrir því, að þau hafi bólusett verið samkvæmt undanfarandi grein. Sje eigi svo, eða þrjózkist foreldrar eða aðrir hlutaðeigendur við að sýna læknisvottorð, er prestur krefst þess, á hann að skýra lögreglustjóra þar á staðnum frá því, en hann rannsakar málið, og verði það ljóst að barnið hafi eigi verið bólusett, skipar hann þeim, er í hlut á, að annast um, að barnið verði bólusett innan þess frests, er hann setur, að viðlagðri 2 kr. sekt fyrir hverja viku, er hann óhlýðnast skipuninni. Eigi má ferma barnið fyr en það hefur bólusett verið.

3. grein.

Nú verður vart við bólusótt á einhverjum stað eða svo nálægt, að óttast má, að sýkin berist þangað, og skal þá lögreglustjóri eptir tillögum hlutaðeigandi embættislæknis (hjeraðs- eða aukalæknis) skipa svo fyrir, að sjerhver þar á staðnum, er eigi sannar þegar í stað, að hann hafi verið bólusettur eða haft bólu, láti bólusetja sig innan tiltekins frests, er hann setur, að viðlagðri 2 króna sekt fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast skipuninni. Embættislæknirinn er skyldur að koma þangað áður fresturinn er útrunninn. Snerti ráðstafanir þessar að eins einstök heimili, skal fyrirskipunin birt þeim, er í hlut eiga eða, ef um börn er að ræða innan 15 ára, foreldrum þeirra eða þeim, er ganga þeim í foreldra stað, en sjeu ráðstafanirnar víðtækari, skal fyrirskipanin auglýst opinberlega, og í auglýsingunni, er birta skal eins og venja er til um yfirvalda auglýsingar þar á staðnum, skal nánar kveðið á um takmörk þess svæðis, er ráðstafanirnar ná yfir.

4. grein.

Lögreglustjóri getur eptir tillögum læknis leyft, vegna vanheilsu þess er í hlut á, að fresta bólusetningunni; neiti lögreglustjóri um frestinn, skal málinu skotið til æðri yfirvalda.

5. grein.

Sönnun fyrir því, að maður hafi bólusettur verið, er bólusetningarvottorð, gefið út eptir fyrirmynd, er landshöfðingi skipar fyrir, og undirskrifuð af bólusetjara þeim, er setti manni bóluna. Sje eigi hægt að fá slíkt vottorð, má til sönnunar nota vottorð, undirskrifað af löggiltum lækni, um að hlutaðeigandi beri ótvíræð ör eptir bólusetningu eða barnabólu. Verði slíkt vottorð heldur ekki fengið, verður að bólusetja að nýju.

6. grein.

Hver maður getur fengið sig bólusettan að tilhlutun hins opinbera, og fær þá bólusetningarvottorð ókeypis. Opinbera bólusetning annast embættislæknarnir, smbr. 3. gr., hver í sínu umdæmi, eða þá aðstoðarbólusetjarar, er amtið hefur löggilt eptir tillögum embættislækna. Þá, er bólusettir eru að tilhlutun hins opinbera, skal skoða eptir á, og er bólusetjaranum þá heimilt að taka úr þeim bóluefni. Landshöfðingi skipar nánar fyrir um opinbera bólusetning og skoðun eptir á; en opinberar bólusetningar og skoðanir eptir á skulu fara fram að minnsta kosti á einum stað í hverri kirkjusókn. Komi menn eigi til skoðunar eptir á eða færist undan því að láta taka úr sjer bóluefni, þá varðar það 1—10 kr. sektum; sje hinn bólusetti innan 15 ára, greiða foreldrar hans eða þeir, er ganga honum í foreldra stað, sektina.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði. Bólusetjarinn fær 25 aura fyrir hvern þann, er hann bólusetur og bólan kemur út á, en í því er einnig falið gjald fyrir bólusetningarvottorð.

Skylt er sveitarfjelögunum að láta bólusetjurum í tje hæfileg húsakynni til bólusetningar að tilhlutun hins opinbera.

7. grein.

Landlæknir lítur eptir, að læknar hafi jafnan nægar birgðir af bóluefni frá bólusetningarstofnuninni í Kaupmannahöfn. Læknarnir skulu og sjá um, að aðstoðarbólusetjarar þeir, er skipaðir eru þeim til hjálpar, hafi gott bóluefni.

Hver bólusetjari, er sjálfur annast framleiðslu bóluefnisins á öðrum, skal leggja alla stund á að halda því hreinu og ósviknu. Einkum verður hann að gæta þess vandlega, að hann noti eigi bóluefni úr öðrum en þeim, sem hann hefur fullvissað sig um, að sjeu heilsuhraustir. Úr börnum yngri en þriggja mánaða má eigi taka bóluefni og eigi heldur úr endurbólusettum.

Engan, hvorki barn nje fullorðinn, er hafa eða grunur leikur á að hafi einhvern næman sjúkdóm, má bólusetja eða endurbólusetja öðruvísi en með bóluefni úr pípum, og má eigi framar nota afganginn af þeim vökva, og bólusetningarverkfærið skal glóhita í eldi áður það verði notað aptur á öðrum. Hver sá, er með því að gæta eigi tilhlýðilegrar varkárni við bólusetningar, verður þess valdandi, að sjúkdómur, er talinn er með næmum, berst á heilbrigða menn, sætir sektum, 50—200 krónur, enda sje eigi þyngri refsing lögð við eptir almennum fyrirmælum laganna. Sje það embættislæknir, er slíkt gerir, getur það varðað hann embættismissi, ef miklar sakir eru.

8. grein.

Hver sá, er þess æskir, getur, þegar opinber bólusetning fer fram, látið hlutaðeigandi bólusetjara endurbólusetja sig fyrir 25 aura borgun.

Þegar bólusótt kemur upp, skal amtmaður auk þess í samráði við landlækni eða, sje eigi tími til að leita ráða hans, eptir að hafa ráðfært sig við hlutaðeigandi hjeraðslækni, gera sjerstakar ráðstafanir til þess, að allir menn á því svæði, er amtmaður nánar til tekur, geti orðið endurbólusettir. Þegar svo stendur á, fær bólusetjarinn fyrir hvern endurbólusettan, er bólan kemur út á, 25 aura í borgun, er greiðist úr landssjóði.

9. grein.

Með mál um brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

10. grein.

Konungsbrjef 18. júlí 1821 og 24. marz 1830 eru úr gildi numin.

11. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1899.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir núgildandi reglum um bólusetningar á Íslandi, sambr. konungsbrjef 18. júlí 1821 og 24. marz 1830, er það embættisskylda presta að vera bólusetjarar, hver í sínu prestakalli; þó hefur amtmaður vald til að skipa annan bólusetjara í stað prestsins á einstöku stöðum, þar sem þess að áliti hlutaðeigandi læknis gerist þörf, og auk þess er prestum í mjög víðlendum prestaköllum og þar sem eru fleiri sóknir en ein, heimilt að taka sjer til aðstoðar einn eða tvo bólusetjara, en ávallt verður þó að leita um það samþykkis amtmanns, og má það eigi veita fyr en sannað er með vottorði hjeraðslæknis, að ætla megi að menn þeir, er til aðstoðar eru kvaddir, sjeu til þess hæfir. Enn fremur eru bólusetningar hvervetna lagðar undir umsjón hlutaðeigandi hjeraðslæknis og skal hann á ferðum sínum um læknishjerað sitt kynna sjer bólusetningarbækurnar og stuðla að því, að bólusetningar hafi framgang, skulu bólusetjararnir skyldir að senda honum hinar lögboðnu skrár um bólusetta, en hjeraðslæknir semur í lok hvers árs aðalskýrslu eptir þeim fyrir hjerað sitt og sendir hana landlækni.

Tilhögun sú, er að framan er lýst og sem sökum hinnar miklu læknafæðar á Íslandi, sem áður var, naumast gat verið betri, virðist nú, eptir að læknaskipunin er komin í betra horf, ekki lengur við eigandi. Það hefur komið í ljós, að framkvæmdum á hinum lögboðnu kúabólusetningum hefur verið víða mjög svo ábótavant, því margir prestar hafa sumpart verið miður vel fallnir til þessa starfs, sumpart verið ófúsir til að taka það að sjer, og því leitast við að komast hjá því, og hinsvegar hafa sumir læknar algerlega vanrækt eptirlit með bólusetningum í hjeruðum sínum og að senda landlækni hinar lögboðnu skýrslur.

Af því menn sáu galla þá, sem eru á þessu fyrirkomulagi, var á læknafundi þeim,

er haldinn var í Reykjavík síðastliðið sumar, samþykkt áskorun til alþingis um endurbætur á bólusetningarfyrirkomulaginu, aðallega í þá átt, að bólusetningin sje falin læknunum, en að þeir þó megi hafa sjer til hjálpar aðstoðar-bólusetjara, þar sem þess gerist þörf, og að mönnum verði gert að skyldu að láta bólusetja sig optar en einu sinni. Skal hvert barn bólusett innan 5 ára aldurs; í annað sinn skal bólusetja menn á aldrinum 15—20 ára, í þriðja sinn milli 30 og 40 ára aldurs. Formanni fundarins virtist bezt til fallið, að fela stjórninni að undirbúa málið og koma fram með tillögur til umbóta þeirra, sem farið var fram á, og sendi því landshöfðingja áskorunina. Hefur hann leitað álita beggja amtmanna um málið og er frumvarp þetta þvínæst samið eptir tillögum hans, og sniðið eptir hinum dönsku lögum um kúabólusetningar 4. febrúar 1871, er ætla má að með nauðsynlegum breytingum geti í öllum aðalatriðum átt við á Íslandi. Aðalatriði frumvarpsins er, einsog samþykkt var á læknafundinum, að fela bólusetninguna læknum í stað presta, enda er eðlilegast að það heyri undir þeirra verksvið, og má gera ráð fyrir að þeir sjeu bezt færir um að gegna því starfi svo vel fari. Enda þótt ætla megi, þar sem læknar í þjónustu hins opinbera — hjeraðslæknar og aukalæknar — eru nú orðnir svo margir og auk þess verða enn fleiri, ef frumvarp það til laga um breytingar á læknaskipuninni o.fl., er jafnframt þessu frumvarpi verður lagt fyrir þingið, verður að lögum, að eigi sje nein áhætta að fela þeim aðallega bólusetningarnar hverjum í sínu hjeraði, hefur þó þótt rjett að leggja það til að skipa megi aðstoðar-bólusetjara þar sem amtmanni eptir tillögum læknis virðist þess þörf, annaðhvort af því svo langt sje til læknis eða af öðrum ástæðum.

Að því er hinar einstöku greinar frumvarpsins snertir, skal þessa getið:

Við 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. laga um kúabólusetningu 4. febrúar 1871 og það einnig að því, innan hvaða aldurs börn skuli bólusett, því engin ástæða virðist vera til, að aldurstakmarkið skuli vera lægra á Íslandi en í Danmörku.

Við 2. gr.

A Íslandi er skólaganga eigi lögboðin sem skylda, enda eru barnaskólar utan kaupstaðanna 4 eigi nema á nokkrum verzlunarstöðum og verstöðum; skólar þessir eru því fáir, langt á milli þeirra og fyrirkomulagi þeirra ábótavant. Gagnfræðaskólarnir báðir veita aðeins inngöngu lærisveinum, er komnir eru yfir fermingar-aldur, og eptir 3. grein reglugjörðar lærða skólans 12. júlí 1877 er það inntöku-skilyrði í skólann, að hlutaðeigandi hafi bólusetningarvottorð. Ákvæðum 2. og 3. gr. laga 4. febrúar 1871 verður því ekki komið við á Íslandi, en þar eð undirbúningur undir fermingu að vissu leyti er látinn koma í stað barnaskólakennslu, smbr. lög 9. janúar 1880 um kennslu í skript og reikningi, virðist rjett að gera prestunum að skyldu að líta eptir, að fyrirmælunum um bólusetningu hafi verið hlýtt, líkt og lagagreinar þessar leggja fyrir skólastjóra og skólanefndir í Danmörku.

Í greininni er því ákveðið, að prestar skuli ganga úr skugga um að börn þau, er þeir búa undir fermingu, hafi verið bólusett, og fái þeir eigi fullnægjandi sannanir í því efni, eigi þeir að skýra lögreglustjóra þar á staðnum frá því, er síðan skipar hlutaðeigendum, að viðlögðum sektum fyrir hverja viku, að bæta úr yfirsjóninni. Loks er það gert að fermingarskilyrði, að hlutaðeigandi hafi verið bólusettur og hefur það eigi verið lögboðið fyr, því tilskipun 3. apríl 1810 og kancellíbrjef 19. nóvember 1811 eru eigi álitin að hafa lagagildi á Íslandi, smbr. konungsbrjef 18. júlí 1821 i. f., kancellíbrjef 17. septembe

1825 og rentuk. brjef 12. september 1829. I 2. gr. laga 1871 er það álitið nóg, að barnið sje bólusett næst, er opinber bólusetning fer fram, en á Íslandi byrjar undirbúningur til fermingar eigi fyr en fáum mánuðum fyrir sjálfa fermingina, og á þó bólusetningin að fara fram fyrir hana; er því ákveðið að bólusetja skuli innan tiltekins frests, er lögreglustjóri ákveður, og sem þá má haga eptir því, hvenær fermingin á fram að fara.

Við 3.—5. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 5.—7. gr. í lögum 4. febrúar 1871, en þó með þeirri breytingu, að 5. gr. felur landshöfðingja að skipa fyrir um snið bólusetningarvottorðsins, í stað þess að í Danmörku er það dómsmálastjórnarráðið, sem gerir það.

Við 6. gr.

Að því er þessa grein snertir, skal vísað til hinna almennu athugasemda, en hjer skal því aðeins bætt við, að með því að láta amtmann eptir tillögum hlutaðeigandi læknis löggilda aðstoðar-bólusetjarana, virðist fengin næg trygging fyrir því, að eigi verði teknir fleiri aðstoðar-bólusetjarar en þörf er á, og að þeir einir verði til þess settir, er að læknis dómi eru til þess vel hæfir. Rjett virðist að fela landshöfðingja að gefa nánari reglur um bólusetningar og um skoðun þeirra, er bólusettir eru, og sje þá jafnframt skipað fyrir um bólusetningarbækur og skýrslur um bólusetningar.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 28, 8. nóvember 1895 er hjer ákveðið, að kostnað við opinberar bólusetningar skuli greiða úr landssjóði. Borgun fyrir bólusetning er eptir frumvarpi þessu hin sama og ákveðin er í konungsbrjefi 24. marz 1830. Borgunin virðist nógu há og eigi ástæða til einnig að ákveða bólusetjara ferðakostnað, einsog læknafundurinn fór fram á, enda hafa amtmennirnir báðir talið það óþarft og óráðlegt.

Við 7. gr.

Eptir konungsbrjefi 24. marz 1830 eiga landlæknir og hjeraðslæknarnir að panta bóluefni hjá hinu konunglega heilbrigðisráði eptir þörfum, og með 9. gr. optnefndra laga 4. febrúar 1871 er hinni konunglegu bólusetningarstofnun í Kaupmannahöfn gjört að skyldu, að birgja alla lækna, einnig á Íslandi, er leita til hennar, með bóluefni. Í þessari grein er því aðeins lagt fyrir landlækni að líta eptir, að læknar útvegi sjer bóluefnið hjá stofnuninni og jafnframt er læknunum skipað að sjá um, að aðstoðarbólusetjarar þeir, er þeir með amtmanns samþykki hafa sjer til hjálpar, hafi nægar birgðir af bóluefni.

Að öðru leyti er greinin samhljóða 9. gr. laga 1871, en þó hefur virzt rjett, líkt og gjört hefur verið í ýmsum öðrum lögum, að færa sektir þær, er ákveðnar eru í síðasta lið greinarinnar, niður um helming.

Við 8. gr.

Læknafundurinn virðist hafa haldið því fram, að endurbólusetning eigi aðeins einu sinni heldur tvisvar skuli gjörð að nauðungarskyldu, en amtmennirnir hafa báðir lagt eindregið á móti þessu, og vísa í því efni til þess, er segir í kanc. brjefi 14. nóvember 1837, enda virðist engin ástæða til í þessu að víkja frá ákvæðum 10. gr. laga 1871, en eptir henni er mönnum ávallt í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja láta endurbólusetja sig eða eigi, en þegar bólusótt kemur upp, eru hinsvegar gerðar ráðstafanir til þess, að menn eigi hægara með að láta bólusetja sig að nýju. Samkvæmt þessu er í þessari grein ákveðið, að hver sá, er æskir þess, geti látið endurbólusetja sig, þegar opinber bólusetning fer fram,

fyrir 25 aura borgun, eins og í 6. gr. segir, en greiða skal hann þá gjaldið sjálfur, og án tillits til þess, hvort bólan kemur út eða ekki. Hinsvegar virðist rjett, að kostnaður við endurbólusetningar greiðist úr landssjóði líkt og við bólusetningar í fyrsta sinn, þegar bólusótt kemur upp og gjörðar eru af hálfu hins opinbera sjerstakar ráðstafanir til þess að endurbólusetning geti farið fram.

9. gr.

er samhljóða 11. gr. laga 1871.

Við 10. gr.

Tilskipun 3. apríl 1810 og kanc. brjef 19. nóvember 1811 eru, einsog áður er sagt, eigi álitin að hafa lagagildi á Íslandi og eru því eigi talin í greininni með þeim, er úr lögum skuli numin, heldur aðeins koungsbrjefin 18. júlí 1821 og 24. marz 1830; 10. gr. tilskipunar 30. apríl 1824 er heldur ekki talin með, því ákvæðið um að brúðhjón skuli, áður þau eru gefin saman, færa sönnur á, að þau hafi haft barnabóluna eða verið bólusett, virðist samrýmast vel lagafrumvarpi þessu.

Við 11. gr.

Þareð reglugjörð sú, er 6. gr. getur um, verður að öðlast gildi um leið og lögin sjálf, og þvínæst þarf nokkurn tíma til að undirbúa skipun aðstoðarbólusetjara o. fl., þá virðist bezt að hin nýju lög verði látin öðlast gildi nokkru seinna en lög 24. ágúst 1877 ákveða, og er því farið fram á, að það verði ekki fyr en 1. janúar 1899.

Frumvarp til laga

um

nýbýli.

(Lagt fyrir alþingi 1897)

1. grein.

Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfjelög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfjelaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

2. grein.

Nu vill einhver stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi, og skal hann þá birta þá fyrirætlun sína í því opinberu blaði, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar liðnir eru 6 mánuðir frá þessari birtingu, skal amtmaður, ef nýbýlingur óskar þess og enginn hefur á þeim fresti gefið sig fram við amtmann með heimildarskýrteini fyrir landi því, er ætlað er til nýbýlis, bjóða hlutaðeigandi sýslumanni að kveðja til 4 menn og gjöra ásamt þeim áreið á landið, setja glögg landamerki og meta það til dýrleika, og ennfremur skulu áreiðarmenn láta uppi tillögur um þau skilyrði, er þeir álíta hæfilegt að setja nýbýlingi um húsabyggingar, girðingar, yrking túns og garða m. fl. innan ákveðins tíma. Frestur þessi má ekki vera styttri en 2 ár, og ekki lengri en 4 ár.

3. grein.

Til áreiðargjörðar þeirrar, er nefnd er í 2 gr., skal boða með 7 nátta fresti þá, er land eiga að hinu fyrirhugaða nýbýli. Mótmæli, er fram kunna að koma við gjörðina, skulu bókuð og eptirrit af gjörðinni síðan sent amtmanni, er gefur út nýbýlisbrjef til beiðanda, ef hann eigi álítur, að mótmæli þau, er kunna að hafa komið fram, sjeu á rökum byggð.

Í nýbýlisbrjefinu, er þinglýsa skal sem heimild fyrir eignarrjetti nýbýlings að landinu, skulu tekin fram öll þau skilyrði um húsabyggingar, girðingar, yrkingar túns og garða, m. fl., sem amtmaður, eptir tillögum áreiðarmanna, álítur hæfileg.

4. grein.

Nú vill maður taka upp nýbýli í afrjett eða almenningi, og getur þá hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir, smbr. 2. lið 1. greinar, áskilið, að nýbýlingur greiði hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum árlegt erfðafestugjald af landinu, en upphæð gjaldsins skulu áreiðarmenn meta. Stofnun slíks nýbýlis þarf eigi að auglýsa í blöðum, en að öðru leyti fer um upptöku þess, eins og segir í 2. og 3. grein.

5. grein.

Eigi má nýbýli upp taka, er minna er metið en 5 jarðarhundruð að dýrleika.

6. grein.

Kostnað þann, er af útmæling og mati nýbýlis leiðir, greiði nýbýlisbeiðandinn: ferðakostnað sýslumanns, eptir úrskurði amtmanns, og hinum dómkvöddu mönnum 3 kr. hverjum fyrir dag hvern, sem þeir eru að gjörðinni.

7. grein.

Sýslumaður skal gæta þess, að nýbýlingur fullnægi skilyrðum þeim, sem honum eru sett í nýbýlisbrjefinu. Nú brýtur nýbýlingur í einhverju verulegu atriði nýbýlisskilyrðin, og getur sýslumaður þá lagt það til, að hann verði sviptur nýbýlisrjettindum. Amtmaður hefur fullnaðarúrskurð um þetta mál.

Þegar nýbýlingur hefur með amtsúrskurði verið sviptur nýbýlisrjetti, skal eptir tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda heimila nýbýlið öðrum manni, er þá nýtur sama rjettar, sem nýbýlingurinn annars hefði notið. Nýbýlingurinn getur þó krafizt endurgjalds hjá þeim, er við nýbýlinu tekur, fyrir þá verðhækkun nýbýlisins, er með löglegu mati og skoðunargjörð tilkvaddra manna er eignuð umbótum þeim, er hann hefur gjört á nýbýlinu.

8. grein.

Tilskipun 15. april 1776 um fríheit fyrir þá er vilja upp taka eyðijarðir eða óbyggð pláz á Íslandi, er úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þrátt fyrir ýmsa smágalla á frumvarpi því til laga um nýbýli, er alþingi samþykkti 1895, mundi stjórnarráðið eigi hafa talið nein veruleg tormerki á því, að það yrði staðfest, ef ákvæði 1. og 4. greinar um stofnun nýbýla í afrjettum, hefðu aðeins náð til afrjetta, er sveitarfjelög eiga. En þareð ákvæði þessi, eins og þau voru orðuð, náðu til allra afrjetta, og stofnun nýbýla í afrjettum, eptir 1. grein frumvarpsins, aðeins var bundin því skilyrði, að sveitarstjórn og sýslunefnd leyfði það, og ennfremur í 4. grein aðeins talað um afgjald til sveitarsjóðs, virtust ákvæðin að því er snertir afrjettir, er heyra undir tilteknar jarðir (einstakra manna eða kirkna o. s. frv.), ganga svo nærri rjetti annara manna, að eptir að stjórnarráðið með brjefaviðskiptum við landshöfðingja (smbr. brjef stjórnarráðsins 3. september 1896 og landshöfðingja 28. s. m., er prentuð eru hjer á eptir sem fylgiskjöl II og III) hafði fengið vissu fyrir því, að eignarráðum yfir afrjettum á Íslandi væri ennþá þannig varið, að vel kæmi heim við afrjettar-hugmynd laga hingaðtil, og landshöfðingi auk þess skýrt frá því, að tilgangur alþingis hefði í raun og veru aðeins verið, að gera nýmæli um afrjettir sveitarfjelaga, virtist því ástæða til í þegnsamlegum tillögum sínum um málið til konungs að fara því fram, að frumvarp þingsins yrði eigi staðfest, en að jafnframt yrði fyrir það lagt frumvarp það, er að framan er skráð. Tillögur þessar hefur Hans Hátign konunginum allramildilegast þóknast að samþykkja 23. apríl þ. á.

Auk þeirrar aðalbreytingar, að ákvæði frumvarpsins aðeins skuli ná til afrjetta, er sveitarfjelög eiga, hefur stjórnarráðið ennfremur stungið uppá ýmsum öðrum breytingum í því skyni að bæta úr því, er því virtust vera gallar á frumvarpinu, er að vísu eigi hefðu mikla þýðingu, en sem þó virtist rjett að bæta úr, úr því frumvarpið á annað borð var lagt fyrir þingið að nýju. Í athugasemdunum við hinar einstöku greinar frumvarpsins finnast nægilegar upplýsingar viðvíkjandi þessum breytingum.

Einsog fyrgreint brjef landshöfðingja ber með sjer, álítur hann það eigi allskostar rjett, að stofnun nýbýla í almenningum skuli og, eins og frumvarp alþingis mælir fyrir, vera bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarstjórn og sýslunefnd leyfi hana, og hefur því lagt það til, að frumvarpinu yrði og breytt í þessu efni. En þótt sveitarfjelög þau, er að liggja almenningum, hafi ekki eignarrjett á þeim, hafa þau þó, einsog til hagar, talsverð not af hinu sameiginlega haglendi þar og varðar miklu, hvernig um fer. Stjórnarráðið er því alþingi samdóma um, að eðlilegt sje að veita hlutaðeigandi sveitarstjórnum og sýslunefndum vald það, er frumvarp þingsins heimilar þeim.

Við 1. grein frumvarpsins eru því, að því er almenninga snertir, aðeins gjörðar orðabreytingar.

Í 2. grein frumvarpsins er farið fram á, að nýbýlingum verði settur ákveðinn frestur, eigi styttri en 2 ár og eigi lengri en 4 ár, til þess að koma upp húsum þeim m. m. er getur um í greininni. Það virðist sem sje mega gjöra ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að hjer verði eigi um stórvirki að ræða, heldur aðeins um hæfilegar byggingar og annan sanngjarnan aðbúnað á nýbýlissvæðinu, og virðist því nýbýlingurinn eiga heimtingu á því, að hann annarsvegar fái svo langan frest til þessara starfa, að engin hætta sje á að hann fyrir þá sök þurfi að fyrirgjöra eignarrjetti sínum, að hann var eigi búin með þau á rjettum tíma, og hinsvegar verði takmörkun sú á eignarrjetti hans, er hann fremur öðrum jarðeigendum á að vera undirgefinn, eigi látinn vara allt of lengi.

Smbr. einnig 99. grein í frumvarpi því til landbúnaðarlaga fyrir Ísland, er lagt var fyrir alþingi 1883.

3. grein er samhljóða frumvarpi þingsins að öðru leyti en því, að stjórninni virtist rjettast að taka það fram með berum orðum, að þinglýsa skuli nýbýlingsbrjefinu sem eignarheimild nýbýlingsins fyrir landi því, er honum hefur úthlutað verið.

Orðalagi 4. greinar er að því einu leyti breytt, að gjört er ráð fyrir að stundum hafi fleiri en ein sveitarstjórn hagsmuna að gæta í afrjett eða almenning þeim, er um er að ræða.

5. og 6. grein eru óbreyttar einsog í frumvarpi alþingis.

Það er eigi samkvæmt grundvallarreglum laga að láta hverskonar vanrækslu á að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru fyrir stofnun nýbýlis, varða því, að hlutaðeigandi fyrirgeri nýbýlisrjetti sínum, heldur að eins þess konar vanrækslu, er skoða má sem verulegt brot á þeim skilyrðum. Stjórnarráðið leggur því til, að 7. gr. í frumvarpi þingsins verði breytt í þessu atriði. Það virðist því næst sanngjarnt, að því ákvæði sje bætt við greinina, eins og farið er fram á, að nýbýlingur, er sviptur hefur verið nýbýlisrjetti sínum, geti krafizt endurgjalds af þeim, er við nýbýlinu tekur eptir hann, fyrir verðhækkun þá, er samkvæmt skoðunargerð og löglegu mati tilkvaddra manna verður eignuð umbótum hans á nýbýlinu.

Brjef landshöfðingja til stjórnarráðsins, er hann skrifaði með frumvarpi alþingis, er prentað hjer á eptir og merkt fylgiskjal I.

Fylgiskjal I

Brjef landshöfðingja til stjórnarráðs Íslands 10. október 1895.

Á alþingi því er haldið var síðastliðið sumar, hefur eptir löglegan undirbúning verið samþykkt frumvarp til laga um nýbýli, er borið var upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta, einsog það hefur verið samþykkt af þingsins hálfu, og læt jafnframt fylgja danska þýðing á því.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað tilskipunar 15. apríl 1776 um hlunnindi fyrir þá, er taka vilja upp eyðijarðir eða óbyggð pláz á Íslandi, því ákvæði tilskipunarinnar þykja úrelt, óhentug og að ýmsu leyti óljós. Eptir nefndri tilskipun er eigi aðeins heimilt að reisa nýbýli á eyðijörðum og á óbyggðum svæðum, er enginn getur sannað eign sína, heldur einnig í afrjettum, er heyra undir einstakar jarðir, eða eru eign kirkna eða sveitarfjelaga, svo og í byggðum á óræktuðum svæðum í heimalöndum, sem eru eiganda til lítilla eða engra nota, og má taka upp nýbýli þar, enda þótt eigandi mótmæli því, ef sýslumanni með 4 tilkvöddum mönnum virðist »að útlendið liggur notalaust og án sjerstakrar brúkunar, en gæti þó lagt af nóg rúm og hentugleika til eins nýbýlis«. Þegar nýbýli er stofnað í byggðum, er lagzt hafa niður eða í eyði, eða í afrjettarlöndum, er ekki eru annara sjerstök eign, þá fær nýbýlingur eignar- og óðalsrjett að landinu fyrir sig og erfingja, en sje landið annars manns eign, fær hann lífsfesturjett að jörðunni fyrir sig og ekkju sína meðan lifir, og hefur sonur eða dóttir þeirra öðrum fremur ábýlisrjett á jörðinni eptir þau, og þvínæst er nýbýlingur um tiltekin ár laus við leigu og landskuld af jörðinni. Loks er

hann og ekkja hans undanþegin sköttum og tíundum alla lífstíð, og skal auk þess greiða kostnaðinn við útmæling nýbýlisins úr landssjóði.

Helztu breytingar á ákvæðum tjeðrar tilskipunar, er menn vilja fá framgengt með lagafrumvarpi þessu, eru, að eptirleiðis skuli eigi að tilhlutun hins opinbera úthlutað landi til nýbýla í byggðum niðri á ofangreindum svæðum einstakra manna eða jarða, þareð slíkt gangi of nærri eignarrjettinum, og ennfremur að úthlutanir til nýbýlis í afrjettum og almenningum skuli aðeins gjörðar með leyfi hlutaðeigandi sveitarfjelags og samþykki sýslunefndar og aðeins þannig, að nýbýlingurinn að vísu verði eigandi nýbýlisins, en greiði þó fast árgjald í sveitarsjóð. Hinsvegar skal lögreglustjóri ásamt 4 tilkvöddum mönnum eptirleiðis einsog hingað til geta úthlutað landi til nýbýlis á eyðijörðum og óbyggðum löndum, er enginn getur sannað eign sína, og verður þá nýbýlið eign nýbýlings, en gæta skal lögreglustjóri þess, að nýbýlingur haldi skilyrði þau, er við úthlutunina eru sett fyrir notkun landsins. Ennfremur skulu afnumin hlunnindi þau, er tilskipun 1776 veitir nýbýlingum og skal nýbýlisbiðjandinn einnig greiða allan þann kostnað, er úthlutunin hefur í för með sjer.

Þareð jeg hlýt að vera alþingi samdóma um, að eigi sje, eptir því sem nú stendur á, ástæða til að örva menn með sjerstökum hlunnindum til þess að stofna nýbýli, og þareð ákvæðin í frumvarpi alþingis um stofnun og úthlutun lands til nýbýla eru yfir höfuð að tala einfaldari, ljósari og hagkvæmari en hin núgildandi ákvæði, leyfi jeg mjer þegnsamlegast að láta þá skoðun í ljósi, að ástæða sje til að leggja það til, að frumvarp þetta verði staðfest.

Fylgiskjal II

Brjef stjórnarráðs Íslands til landshöfðingja 3. september 1896.

Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. október f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um nýbýli, er upp var borið af þingmanna hálfu og samþykkt á hinu reglulega alþingi, er haldið var það ár, og hafið þjer lagt það til að frumvarp þetta hljóti konungsstaðfesting.

Meðal annars eru í frumvarpi þessu ákvæði um stofnun nýbýla í afrjettum. Eptir þeirri hugmynd, er í þessu síðasta orði felst, mun ekkert því til fyrirstöðu, að land, er þessu nafni nefnist, geti eigi síður heyrt undir jarðir (einstakra manna eða kirkna o.s.frv.), en verið eign sveitarfjelaga, og þar sem því hefur verið gjört ráð fyrir því eigi alls fyrir löngu, nefnilega í frumvarpi til landbúnaðarlaga fyrir Ísland, er lagt var fyrir alþingi 1879, að eignarráðum afrjetta geti verið þannig varið, hefur stjórnarráðið átt bágt með að skilja í því, að í frumvarpi þingsins er farið fram á það í 1. gr., að stofnun nýbýla skuli eigi aðeins í almenningum, heldur og í afrjettum aðeins vera háðin því skilyrði, að sveitarstjórn og sýslunefnd leyfi, og að í 4. greininni er aðeins talað um gjald til sveitarsjóðs af slíkum nýbýlum. Stjórnarráðið skal því, áður en lengra er farið, leita þóknanlegrar umsagnar yðar, herra landshöfðingi, um það, hvernig þessu víkur við, sjerstaklega um það, hvort nú sje svo komið, að allar afrjettir á Íslandi sjeu orðnar eign sveitarfjelaga.

Fylgiskjal III

Brjef landshöfðingja til stjórnarráðs Íslands 28. september 1897.

Í tilefni af, að í frumvarpi því til laga um nýbýli, er hið síðasta alþingi samþykkti, meðal annars eru ákvæði um stofnun nýbýla í afrjettum, er eptir þeirri hugmynd, er í orðinu felst, eigi síður geta heyrt undir jarðir (einstakra manna, kirkna o. s. frv.) en verið eign sveitarfjelaga, hefur hið háa stjórnarráð í brjefi dags. 3. þ. m. getið þess, að ákvæðin í 1. og 4. gr. frumvarpsins um það, að stofnun nýbýla skuli eigi aðeins í almenningum, heldur einnig í afrjettum aðeins bundin því skilyrði, að sveitarstjórnarvöldin leyfi það og að af þeim sje greidd afgjöld til sveitarsjóðs, virðist koma í bága við þau eignarráð afrjetta, er áður gat um, og því beiðst umsagnar minnar um, hvernig þessu víki við, og sjerstaklega um það, hvort nú sje svo komið, að allar afrjettir á Íslandi sjeu orðnar eign sveitarfjelaga.

Út af þessu skal jeg leyfa mjer að geta þess, að hjer á landi mun það vera álíka almennt, að afrjettir heyri undir jarðir, er einstakir menn, kirkjur o. a. eiga, eins og að þær sjeu eign hreppa eða sveitarfjelaga. Nefnd ákvæði 1. og 4. gr. frumvarpsins eru því að því leyti miður vel orðuð, að þau geta skilizt svo, að þau eigi að ná til allra afrjetta, en ætlun alþingis var, að þau skyldu aðeins ná til afrjetta, er sveitarfjelög eiga, en að eigi skyldi fremur veitt leyfi til að taka upp nýbýli í afrjettum, er heyra undir jarðir einstakra manna, fremur en á tilsvarandi svæðum í byggðum.

Þarsem tjeð ákvæði þvínæst setja almenninga við hlið afrjetta og gera ráð fyrir, að þeir sjeu eign sveitarfjelaga, skal þess getið, að almenningar eigi eru í eignarráðum neins, því að þeir eru óbyggð lönd, er enginn getur sannað sína eign og sem allir hafa jafnan rjett til að nota, smbr. 2. gr. frumvarps til landbúnaðarlaga, er lagt var fyrir alþingi 1879. Að mínum dómi hefði það því verið rjettara, að fyrsti liður 1. gr. þingfrumvarpsins hefði verið þannig orðaður: »Nýbýli má stofna á eyðijörðum, ennfremur í almenningum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign«, og að orðinu »almenningur« hefði verið sleppt, bæði í öðrum lið greinarinnar og í 4. grein., svo að um upptöku nýbýlis í almenningum hefði farið eptir ákvæðum 2. og 3. greinar frumvarpsins.

Ef hinu háa stjórnarráði þykir sökum þessarar ónákvæmni varhugavert að fara því fram, að frumvarp þetta verði staðfest af konungi, leyfi jeg mjer allra þegnsamlegast að leggja það til, að það verði lagt fyrir næsta alþingi með breytingum þeim, er jeg að framan hefi bent á.

Frumvarp til laga

um

sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. grein.

Aður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, með opinberri stefnu, er birta skal þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, innkalla með árs og dags fyrirvara handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eftir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigendum — en þar með skal ávalt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er meiri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Þegar ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, getur innköllun eptir þeim eigi lengur átt sjer stað.

2. grein.

Um þau veðskuldabrjef er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, að innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi en að það hafi glatast fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómritaranum, að sá, er hefur hina veðsettu eign, kannist við veðskuldbindinguna, eða að hlutaðeigandi veðhafi hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

3. grein.

Í málum þeim, er ræðir um í 1. grein, skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landsjóði.

Fyrir afmáun, bókun og áritun eptir 2. gr. skal ekkert borga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er skýrt frá því í brjefi stjórnarráðsins til landshöfðingja 17. ágúst 1896, smbr. brjef landshöfðingja 15. nóvember 1895, er bæði eru prentuð í B-deild stjórnartíðindanna 1896, bls. 171—73, að það sem einkum olli því að stjórninni þótti frumvarp það til laga um breyting á lögum nr. 16, 16. September 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum, er alþingi samþykkti 1895, ekki fallið til þess

að verða staðfest, var það, að ákvæðin í 1. gr. frumvarpsins um það, hvernig haga skuli innköllun handhafa gamalla óafmáðra veðbrjefa, þóttu víkja um of frá hinum almennu reglum um birtingu á stefnum og veita eigi nægilega tryggingu fyrir því, að eigi sje gengið of nærri rjettindum, er í gildi eru. Jafnvel þótt líta mætti svo á, að heppilegt væri og gjörlegt að láta rjettarfarsreglurnar vera nokkuð greiðari og óbrotnari, en venjulegt er, í slíkum málum og þeim, er hjer ræðir um, þá yrði þó, að áliti stjórnarráðsins, með engum móti hjá því komizt, að birta innkallanir í þeim málum í blaði því á Íslandi, er löggilt er til opinberra auglýsinga. Auk breytingar þeirrar, er að þessu lýtur, er því frumvarpinu aðeins breytt að orðum til, meðal annars er fyrirsögninni breytt svo, að hún mun nú vera samkvæmari efni frumvarpsins.

Frumvarp til laga

um

uppreist á æru án konungsúrskurðar.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

Ef manni hefur verið hegnt fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er það fyrsta skipti, sem hann hefur verið dæmdur fyrir þesskonar yfirsjón, og hefur hegningin ekki verið hærri en fangelsi við vatn og brauð, þá öðlast hann, þegar liðin eru full 10 ár eptir að hegningardómurinn var uppkveðinn, aptur öll þau rjettindi, er manni eru veitt með uppreist á æru samkvæmt tilskipun 12. mars 1870, enda hafi hann dvalið allan þann tíma á Íslandi og eigi verið ákærður aptur eða honum hegnt fyrir þesskonar verk. Um þá uppreyst á æru, er með lögum þessum veitist honum, á hann heimtingu á að fá skriflegt vottorð hjá lögreglustjóra þar sem hann er.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er alveg sammhljóða lögum um sama efni fyrir Danmörku, er gefin voru út 13. apríl 1894, ..ma að því leyti sem löggjafarsviðið er annað. Nýmælið virðist gera eðlilega og heppilega breyting á lagaákvæðum þeim, er nú gilda um uppreist á æru, en þau eru hin sömu í Danmörku (lög 3. apríl 1868) og á Íslandi (tilskipun 12. marz 1870). Við umræðurnar í ríkisþinginu, um viðaukalögin frá 1894 fyrir konungsríkið, var það sjerstaklega tekið fram, að nálega væri óhugsandi, að mönnum þeim, er frumvarpið ræðir um, nfl. þeim er aðeins einusinni hefur hengt verið fyrir verk, sem svívirðileg eru að almennings áliti, og fyrir svo lítilfjörleg brot, að hegningin hefur eigi verið hærri en fangelsi við vatn og brauð, yrði neitað um uppreist á æru, þegar 10 ár eru liðin frá því að dómurinn var kveðinn upp, og mark og mið hinna fyrirhuguðu laga væri því aðallega í því fólgið, að losa bæði umboðsstjórnina og þann er í hlut á við þau umsvif og fyrirhöfn, er þarf til að útvega upplýsingar þær, er fyrirskipaðar eru til þess að geta fengið uppreist á æru með konungsúrskurði, og jafnframt að hlífa hinum sakfelda við þeirri skapraun, að sjá yfirsjón sína eptir svo langan tíma aptur í ljós leidda. Ástæður þessar virðast einnig eiga við á Íslandi, og fer stjórnarráðið því, samkvæmt tillögum landshöfðingja, fram á, að hin sömu nýmæli verði og þar í lög leidd.

Frumvarp til laga

um

heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

Heimilt er að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, en þó eigi meðan messugjörð fer fram á þeim stað, nema brýn nauðsyn sje til.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þótt stjórnin verði ennþá að telja rækilega endurskoðun á helgidagalöggjöfinni í líka stefnu og frumvarp þau, er hún lagði fyrir alþingi 1891 og 1893, æskilega, hefur hún þó eigi að nýju viljað koma fram með frumvarp í þá átt þvert ofan í ítrekaðan vilja þingsins, en lætur sjer nægja eptir tillögum landshöfðingja að fara því fram, að bætt verði úr einum galla á núgildandi ákvæðum um þetta efni, er nú, eptir að samgöngur og verzlun hafa aukizt að mun, er orðinn sjerstaklega tilfinnanlegur.

Eptir 2. gr. tilskipunar um sunnu- og helgidagahald 28. marz 1855, smbr. opið brjef 26. september 1860, viðvíkjandi breytingu á tilskipuninni, er eigi leyft að ferma eða afferma skip á sunnu- eða helgidegi, nema svo standi á, að ferma eða afferma verði fyrir opnu hafi, þar sem nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind. Um örfáar hafnir á Íslandi verður með sanni sagt, að þær liggi fyrir „opnu hafi", en hinsvegar er þeim flestum þannig varið, að út- og uppskipun að meiru eða minna leyti er bundin við gott veður og hagstæðan vind, og hafa því óþægindin við ákvæði þetta lengi verið næsta tilfinnanleg, eigi að eins fyrir gufuskip, sem sigla eptir ákveðinni áætlun, heldur einnig fyrir önnur skip, bæði eim- og seglskip, er samkvæmt leigusamningi eða vegna vátryggingar skipsins verða að vera búin að afferma eða hlaða fyrir tiltekinn dag, því þegar svo stendur á, varðar það mjög miklu, þar sem veðurátta er eins óstöðug og á Íslandi, að geta notað hverja góðviðrisstund, er gefst, til upp- og útskipunar. Eptir því sem landshöfðingi hefur skýrt frá, hafa lögreglustjórarnir af greindum ástæðum heldur eigi sjeð sjer fært að fylgja lagaákvæði þessu ríkt fram, en til þess sje eigi nóg, að hegna fyrir hvert brot á banninu, heldur verði og að aptra því, að þau störf, er bersýnilega eru brot gegn því, nái fram að ganga. En þegar frá byrjun hefur sú venja komizt á, að lögreglustjórarnir hafa látið afskiptalausa ferming og afferming á sunnu- eða helgidögum, fyrir eða eptir messutíma, ef hlutaðeigand hefur aðeins boðizt til að greiða lítilsháttar sekt í fátækrasjóð þar á staðnum.

Þarsem þetta ástand annarsvegar brýtur niður virðinguna fyrir lögunum og getur hins vegar valdið gjörræði og ójöfnuði í því, hvernig lögunum er beitt í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum, þá hlýtur löggjafarvaldinu að vera mjög umhugað um að fá því breytt, og það því fremur sem menn víst verða að viðurkenna, að slíkt ólag sje sprottið af eðlilegri mótspyrnu gegn takmörkunum á atvinnufrelsi manna, er alls eigi er þörf á að hafa til verndar þeirri friðhelgi, er ræðir um. Að því er til þessa kemur, má nægja að vísa til þess, er segir í athugasemdunum við frumvarp það til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, er lagt var fyrir alþingi 1891, og skal jafnframt geta þess, að störf þau, er frumvarp þetta ræðir um, munu venjulega ekki hafa neinn þann skarkala í för með sjer, að raskað geti helgidagskyrðinni, en til frekari varúðar leggur stjórnin þó til, að hin fyr-

irhuguðu lög verði þannig orðuð, að upp- og útskipun skuli eigi leyfð, meðan á messugjörð stendur þar á staðnum, nema brýn nauðsyn sje til þess.

Frumvarp þetta kemur þannig alveg heim við frumvarp það til opins brjefs fyrir Ísland, „er leyfir að afferma og ferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum“, er borið var undir álit hins ráðgefandi alþingis 1865, en sem þingið neitaði frá að staðfesta, nema hvað hjer er farið fram á að leyfið nái og til seglskipa, og skal þess getið, að siglingar, og þá sjerstaklega eimskipasiglingar við Ísland, hafa síðan aukizt svo mikið, að mótbárur þær, sem þá komu fram á móti frumvarpinu, og byggðar voru á því, að eimskipasiglingar væru þá enn svo lítilfjörlegar við Ísland, eiga eigi lengur við, og þá nú heldur eigi til þessa frumvarps mótbárur þingsins 1865, að eigi væri næg ástæða til að gera þann mun á seglskipum og gufuskipum, er þá var farið fram á.

Frumvarp til laga

um

bann gegn botnvörpuveiðum.

(Lagt fyrir alþingi 1897.)

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum (trawl).

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1,000—4,000 kr., er renna í landssjóð, og skulu hin ólöglegu veiðarfæri og afli innanborðs upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má lögbald á skip og afla og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr.

Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu innanborðs, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 200—2,000 kr. sekt til landssjóðs; hittist hið sama skip í annað sinn í landhelgi með þessi veiðarfæri innanborðs, varðar það eptir 2. gr.

Þessum ákvæðum skal þó eigi beitt:

1) þegar skip eru í nauð, og eru þar með talin skip, er leita lands vegna skorts á vistum og kolum. En eigi gildir undanþágan þessi síðast töldu skip, nema einusinni á sömu veiðitíð, og er þeim aðeins heimilt að fá sjer vistaforða, vatn og kol, er nægi þeim til næstu hafnar utan Íslands.
2) þegar skip á leið til veiðistöðva eða frá einni stöð til annarar halda ígegnum sundið milli Vestmannaeyja og meginlands eða milli Reykjaness og Fuglaskerja, þótt í landhelgi sje, ef þau nema þar eigi staðar.
3) þegar skip, eptir því sem ætla má eptir atvikum, eru í landhelgi komin án vilja þeirra og vitundar, hvort sem veldur straumur eða veður, eður þoka hefur bannað landsýn.

Nú leitar skip til lands til vista afla eða kola, eða heldur leið þá, er getur í 2. lið, og gildir undanþágan þá því aðeins, að veiðarfæri öll sjeu höfð í búlka innanborðs, meðan það er í landhelgi.

4. gr.

Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Lög. nr. 13. 9. ágúst 1889 og nr. 24, 10. nóvember 1894, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að vísu þótti stjórninni frumvarp það til laga um bann gegn botnvörpuveiðum, er alþingi samþykkti 1891, ísjárvert þegar í fyrstu og varahugavert að láta það verða að lögum, þar sem ákvæði þess væru svo afarhörð, en sætti sig þó við það vegna þess, að yfirgangur útlendra botnvörpuskipa var orðinn svo megn og ofsalegur, að til vandræða horfði, og að því var full nauðsyn á, að gripið væri til öflugri ráða, en þágildandi lög leyfðu.

En einsog vænta mátti komu brátt, eptir að lög 10. nóvember 1894 voru komin út, kvartanir frá hinni ensku stjórn, — en Englendingar eru þeir einu, er reka botnvörpuveiðar við Ísland, — útaf ákvæðum 3. gr. laganna, er víst væru einsdæmi, þarsem hegning lægi við, ef fiskiskip ljeti aðeins sjá sig í landhelgi með botnvörpu innanborðs, og það því fremur einsdæmi, sem undanþága greinarinnar fyrir skip, er leita hafnar í neyð, hefði alltof þröng takmörk, þarsem hún næði eigi til skipa, er að ósekju, svo sem fyrir óveður, þoku eður af vangá kæmu í landhelgi, en þó væru í engri nauð stödd og þyrftu því eigi að leita lands. Stjórnin vísaði í svari sínu meðal annars til þess, að það væri alls eigi óþekkt í löggjöfum hinna ýmsu landa, að þegar um brot væri að ræða, er mjög erfitt væri að leiða sönnur á til hegningar, væri hún látin koma niður, jafnskjótt og þau eða þau atvik væru fyrir hendi, er vekja alvarlegan grun um lagabrot, og væru þau því skoðuð sem óræk sönnun fyrir því, að brot hefði framið verið eða átt að fremja, og þvínæst var þess látið við getið, að þegar eins væri ástatt og hin enska stjórn benti á, þá væri ráð við því, að láta lögin eigi koma harðar niður, en til væri ætlast í þeim, með því að það væri á valdi stjórnarinnar að fá til leiðar komið uppgjöf á hegningunni eður og að sleppa ákæru, ef svo bæri undir.

Hin enska stjórn var þó ekki vel ánægð með þessi svör og fór því þá þegar fram, að lögum 1894 yrði breytt á þá leið, að þau kæmust í meira samræmi við alþjóðarjett og rjettarvenjur, en samt sem áður var þó ekki frekar gert í þessu máli fyr en síðastliðið sumar, en einsog alþingi mun kunnugt, voru þá nokkur ensk botnvörpuskip hept og sektuð eptir ákvæðum 3. gr. þetta vakti hina megnustu óánægju á Englandi og mótmælti Bretastjórn þessari framferð harðlega, og urðu þessi mótmæli og önnur málsatvik til þess, að stjórnin kom því leiðar, að Hans Hátign Konungurinn gaf upp sektir þær, er áfallnar voru, og var einnig lagt fyrir skipstjóra á varðskipinu „Heimdal", að beita með gætni og varúð 3. gr. laga 1894.

Það mun og kunnugt, að yfirforingi hins enska æfingaflota, er sendur var til Íslands, Commodore Atkinson, og landshöfðingi gjörðu með sjer bráðabirgðarákvæði, er gilda skyldu, ef hlutaðeigandi stjórnir vildu fallast á þau. Tildrögin til þessara ákvæða voru annarsvegar heptingar þær og sektir, er að framan er getið, hinsvegar málaleitun, er nú var komin á dagskrá um það, hvort ekki mundi vera hægt að fá meðal annars Faxaflóa friðaðan gegn fiskiveiðum útlendinga. Bráðabirgðaákvæði þessi kváðu svo á, að

botnvörpuskipin mættu ekki stunda fiskiveiðar á tilteknum hluta Faxaflóa, en aptur á móti tilskilið, samkvæmt því, er lagt hafði verið fyrir varðskipsstjórann, að fyrst um sinn skyldi enskum botnvörpuskipum ekki lagðar neinar tálmanir fyrir því að koma inn á hafnir á Íslandi með botnvörpur innanborðs, ef eigi væri nein ástæða til að halda að skipin, þó ekki væri þau að leita hafnar í neyð í hefðu haft um hönd fiskiveiðar í landhelgi, eða hefðu komið inn fyrir landhelgistakmarkið, þeim tilgangi.

Eptir að landshöfðingi hafði skýrt stjórnarráðinu frá þessu, og samkvæmt tillögum hans um þetta mál, hefur síðan verið leitað samkomulags við stjórn Breta um þessi tvö atriði samstundis, að komið verði fram breytingum á lögum 10. nóvember 1894 í þá átt, er hún óskar, og hinsvegar, að Englendingum verði fyrirmunaðar fiskiveiðar innan til á Faxaflóa; en málaleitanir þessar hafa enn sem komið er verið árangurslausar, og er það mest um að kenna því, hve treglega bandalög útgerðarmanna þeirra, er reka fiskiveiðar með botnvörpum við Ísland, hingað til hafa tekið í það mál.

Jafnframt því að samningatilraunirnar halda áfram, virðist stjórninni rjett, til styrkingar þeim og samkvæmt því, er hún hefur þegar áður gefið Bretastjórn von um, að leggja nú þegar fyrir alþingi tillögur um þær ívilnanir í þessu efni, er bæði mannúð og siðvenjur milli þjóðanna innbyrðis mæla með, og sem stjórnarráðið þegar frá byrjun hefði æskt, að í þeim hefðu verið, og sem því einnig nú virðast æskilegar, enda þótt ekkert endurgjald komi fyrir af Englendinga hálfu. En þegar litið er á framferði hinna ensku botnvörpuskipa síðari hluta sumars í fyrra, og þá sjerstaklega það, að þeir, þrátt fyrir þær tilslakanir, er þeim voru auðsýndar af íslenzkum og dönskum yfirvöldum, alls eigi skeyttu um samning þann, er Commodore Atkinson hafði gengið að, virðist engin ástæða til, nema endurgjald komi í móti af hálfa Englendinga, að gera frekari tilslakanir, ekki einu sinni þær, er skipstjóra á varðskipinu var lagt fyrir í fyrra, hvað þá heldur meiri.

Eins og frumvarpið ber með sjer, er merkasta breytingin, sem farið er fram á, í því fólgin, að undanþágan í 3. gr. laga 1894 er gerð víðtækari og ákvæmar ákveðin og hefur forstjóra strandgæzluskipsins þegar í ár verið gefnar skipanir í þá átt. Nýmælin mun varla þurfa að útskýra nánar. Að því er snertir skýringu þá, er farið er fram á viðvíkjandi „skipum er leita hafna í neyð", skal þess aðeins getið, að er þarmeð skal telja skip, sem leita lands til vista afla, þá er hjer ekki átt við annað en lífsnauðsynjar, og því t. d. ekki ís eða salt til fiskiverkunar eða þvíumlíkt. Stjórnarráðinu hefur virzt ísjárvert að banna botnvörpuskipunum að halda gegnum sundið milli Vestmannaeyja og meginlands og milli Fuglaskerja og Reykjaness, af því sigling utan landhelgi kvað þar vera hættuleg.

Ákvæði það, er hjer er farið fram á, að öll veiðarfæri skuli vera í búlka innanborðs, þegar skip halda sjálfkrafa inn í landhelgi, er gjört eptir tillögum frá ráðanaut stjórnarráðs innanríkismálanna í fiskimálum og frá fyrverandi forstjórum strandgæzluskipsins, og er því að nokkru leyti eins varið með breytinguna á 2. gr. laganna, að færa hærra takmark sektanna úr 10,000 kr. niður í 4,000 kr., sem byggð er á því, að svo há sekt mundi aldrei lögð á með dómi, og að það takmark sje því gagnslaust, og eigi til annars en að gera það að verkum, að lögin virðast strangari en þau í raun og veru eru, og loks er líkt varið með breytinguna á 1. grein: »innanborðs« fyrir »hina ólögmætu«, er ræðir um hina upptæku veiði, og er sú breyting byggð á því, að torvelt er að færa sönnur á, hver hluti veiðinnar innanborðs sje fenginn á ólögmætan hátt.

Frumvarp til laga

um

útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum.

(Lagt fyrir alþingi 1897).

1. grein.

Þegar spítali handa holdsveikum mönnum við Reykjavík er algjör og afhentur landsstjórninni, má verja 12,000 kr. til húsbúnaðar og áhaldakaupa til hans.

2. grein.

Arleg útgjöld til spítalans skal veita á fjárlögunum.

3. grein.

Á spítala þessum skal veita móttöku sjúklingum þeim, er eptir ráðstöfun hins opinbera eru þangað sendir samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Sje rúm fyrir fleiri sjúklinga, má einnig taka við öðrum holdsveikum mönnum, er sjálfir æskja að fara á spítalann, fyrir ársborgun, er landshöfðingi ákveður.

4. grein.

Í stjórn spítalans eru amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu og landlæknir. Landshöfðingi semur eptir tillögum frá yfirstjórn spítalans reglugjörð fyrir hann.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarráðið hefur ekki sjeð sjer fært, eptir ósk neðri deildar alþingis 1895, að koma fljótar í verk áreiðanlegri talning holdsveikra á Íslandi, en talningu þeirri, er að tilhlutun stjórnarráðsins var byrjuð 1895, og því virðist heldur ekki nein nauðsyn á að talningunni sje lokið, áður ákveðið sje að byggja holdsveikisspítala. En með fjárveitingunni á fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 til undirbúnings holdsveikisspítala var stjórnarráðinu gefið færi á, að láta framkvæma ítarlegri rannsóknir í því efni og undirbúa málið betur, en hægt hafði verið, áður en frumvarp til laga um að byggja skuli spítala handa holdsveikum mönnum var lagt fyrir alþingi 1895. Síðastliðið sumar var því hjeraðslæknir Guðmundur Björnsson sendur til Noregs til þess að kynna sjer útbúning holdsveikisspítala þar í landi og stjórn þeirra. Eptir ítarlegum upplýsingum og uppástungum í skýrslu hans, er prentuð er sem fylgiskjal hjer á eptir, gerði timburmeistari F. Bald í samráðum við hann bráðabirgðarteikningar þær og áætlun um spítala við Reykjavík er hjer fylgir. Bráðabirgðaráætlanir þessar voru síðan sendar landshöfðingja, er í öllum aðalatriðum fjellst á þær, og var kammerherra og kgl. bygginga-umsjónarmaður Meldahl, beðinn um að gera fullnaðar-uppdrætti og áætlun að húsinu. Teikningar þessar og áætlun, er alþingi einnig mun gefast kostur á að kynna sjer, fjekk stjórnarráðið með brjefi, er þeim fylgja, dags. 19. marz þ. á., og má af nefndu brjefi sjá, að bygging sú, er gerð er áætlun um og sem ætlazt er til að byggð verði að mestu leyti úr sandsteypu (beton), er gert ráð fyrir að muni kosta 151,622 kr. 45 a. Þegar hjer við bætast útgjöld til uppdrátta í hinum einstöku atriðum, þóknun handa byggingafróðum manni, er standi fyrir og sjái um byggingu spítalans, ennfremur kostnaður við kaup á lóð undir hann og við að byggja sjerstakt hús handa forstöðumanninum, má gera ráð fyrir, að allur kostnaðurinn við fyrirtækið, einsog það er áætlað, mundi nema allt að 170,000 kr., og eru þó ekki þar með talin útgjöld til útbúnings spítalans.

Þar sem fyrirtækið í þessari mynd hefði haft svo mikinn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð, virtist stjórnarráðinu full ástæða til að íhuga það nákvæmlega, hvort eigi mundi mega minka hann að miklum mun, annaðhvort á þann hátt, er kammerherra Meldahl hafði vikið á, að minka sjálft spítalahúsið svo, að þar yrðu hafðir færri sjúklingar en í fyrstu var tilætlazt, eða þá að valið væri ódýrara efni.

En áður en afráðið var, hvernig bezt mætti ráða fram úr þessu, var stjórnarráðinu skýrt frá því, að deild Odd-Fellow-reglunnar hjer í bæ, sem þegar um nokkurn tíma hafði safnað fje til holdsveikisspítala á Íslandi meðal meðlimanna sjálfra, ætlaði nú að halda samskotunum áfram einnig meðal manna utan reglunnar, og væri fyrirætlun hennar hvorki meiri nje minni en sú, að koma spítalanum upp að öllu leyti fyrir samskotin, og er þess jafnframt getið, að menn hefðu góðar vonir um, að það mundi takast. Síðar hefur aðalsamskotanefndin skýrt stjórnarráðinu frá, að framhald samskotanna hafi gengið vel, og að vísu sje eigi, að áliti nefndarinnar, nóg fje fengið enn þá, en hún efist ekki um, að það sem ávantar muni fást, svo að þegar næsta ár muni mega byrja að byggja spítalann; en tilætlunin er, að reglan annist að öllu leyti sjálf bygginguna.

Lítið virðist þannig vanta á, að full vissa sje fyrir því, að Íslandi verði innan skamms gefinn spítali, svo óþarft sje, að landssjóður kosti byggingu hans, og hefur stjórnarráðið því þótzt mega gera ráð fyrir þessari gjöf í frumvörpum þeim, er það leggur fyrir alþingi, og haga fjárveitingartillögum sínum eptir því, en álitið tilgangslaust, einsog á stendur, að koma fram með frumvarp um stórkostlega fjárveitingu til spítalabyggingar þeirrar, er að öðrum kosti væri óhjákvæmileg.

En verði nú lagafrumvarp þetta samþykkt, mun stjórnarráðið álíta sjer þar með veitta heimild til fyrir landssjóðs hönd að taka á móti nefndum spítala af gefendunum,

og skal því hjer að eins farið fram á, að gjörð verði ákvæði um fyrirkomulag á stjórn spítalans, hin sömu og farið var fram á 1895, og að veitt verði fje til að búa spítalann út að allskonar áhöldum. Hinn fyrirhugaði spítali á að vera fyrir 60 sjúklinga, eins og stjórnin hafði gjört ráð fyrir, og eru þegar gerðar bráðabirgðateikningar að honum.

Stjórnarráðinu virðist rjett, að reglugjörð spítalans kveði svo á, eins og í Noregi, að hver sjúklingur skuli hafa tvennan alfatnað, þegar hann kemur á spítalann; mun þá mega ætla, að 12,000 kr. muni hrökkva til húsbúnaðaráhalda á spítalanum í byrjun, smbr. meðfylgjandi brjef hjeraðslæknis Guðmundar Björnssonar, dags. 19. september fyrra ár, ásamt áhaldakostnaðarskýrslu frá »Almindelig Hospital« hjer í bæ, en þar eru til húsbúnaðar handa sjúklingunum áætlaðar 9000 kr. og til húsbúnaðar í herbergjum þjónustufólksins, eldhúsgagna og fl. 3000 kr.

Á frumvarpi til fjárlaga fyrir 1898 og 1899 er, samkvæmt 2. gr. þessa frumvarps, farið fram á fjárveiting til ársútgjalda við spítalann, eptir að hann er kominn upp, en þó eigi nema fyrir $\frac{5}{6}$ síðustu ársfjórðungana af fjárhagstímabilinu, því fyr en 1. október 1898 mun spítalinn í öllu falli ekki fullger og til afnota. Alskipaður mun hann að vísu naumast verða fyr en síðar, en bæði er það, að megnið af útgjöldunum engu að síður hlýtur að falla á strax, og þar sem fjárveitingin þvínæst fer að mestu eptir ágizkun, virðist ástæðulaust, að gera ráð fyrir minni upphæð í byrjun, en síðar verður.

Hjer virðist rjett að skýra frá nánari sundurliðun þeirrar fjárupphæðar, er beðið er um á fjárlagafrumvarpinu til ársútgjaldanna. Eru þau talin alveg eptir áætlun hjeraðslæknis Guðmundar Björnssonar, smbr. skýrslu hans, að því undanskildu, að eptir tillögum landshöfðingja hafa laun ráðsmannsins verið lækkuð og eins liðurinn: Ýms útgjöld.

1. Laun:

a.	læknir	1,000 kr.	
b.	ráðsmaður	1,500 —	
c.	gjaldkeri og reikningshaldari	500 —	
d.	prestur	200 —	
			3,200 kr.
e.	vinnufólk:		
	ráðskona	200 kr.	
	yfirþjónusta sjúkra og yfirþvottakona	200 —	
	2 eldabuskur, 80 kr. hvor	160 —	
	2 sjúkraþjónustur, 120 kr. hvor	240 —	
	1 þvottastúlka	80 —	
	kyndari	300 —	
	dyravörður og skósmiður	200 —	
	baðþjónn, sendisveinn og garðyrkjumaður	200 —	
	vökukona og baðstúlka	80 —	
			1,660 —

Auk þess fær ráðsmaðurinn leigulausan bústað og vinnufólkið allt húsnæði og viðurværi ókeypis.

2. Viðurværi handa 60 sjúklingum = 21,900 fæðisdagar, 30 a. fyrir daginn . 6,570 —

og viðurværi handa 11 vinnuhjúum, 180 kr. fyrir hvert á ári ..... 1,980 —

3. Klæðnaður handa 60 sjúklingum, 8 kr. fyrir hvern ..... 480 —

flyt... 13,890 kr.

	fluttar...	13,890 kr.
4.	Meðöl og sáraumbúðir, 15 kr. fyrir hvern sjúkling	900 —
5.	Eldiviður	2,000 —
6.	Ljós	300 —
7.	Viðhald á byggingum og garðinum	1,200 —
8.	Viðhald á húsbúnaði	800 —
9.	Þvottur og ræsting	200 —
10.	Greptrunarkostnaður	100 —
11.	Kostað til að skemmta sjúklingunum	100 —
12.	Ýms útgjöld	510 —
	samtals	20,000 kr.

Að því er hina einstöku liði snertir, skal vísað til athugasemda hjeraðslæknis Guðmundar Björnssonar við þá, en því hjer bætt við, að ekki er búist við neinum tekjum af vinnu sjúklinganna, því stjórnarráðið verður að fallast á skoðun Guðmundar Björnssonar, sem styðst við reynslu Norðmanna, að rjett sje að fá sjúklingunum sjálfum til frjálsra afnota það, sem þeir geta unnið sjer inn, er lítið mun verða, því optast nær eru þeir lítt vinnufærir; en aptur á móti er hjer farið fram á, að frá framangreindum kostnaði verði dregnar 3,000 kr. sem meðgjöld sveitarfjelaganna með sveitarlimum, er lagðir eru á spítalann, smbr. 10. grein í frumvarpi til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og um flutning þeirra á opinberan spítala, er fyrir þingið verður lagt í sumar. Til ársútgjalda við spítaann verður því farið fram á 17,000 kr. fjárveitingu á ári..

Skýrsla til stjórnarráðs Íslands um holdsveiki í Noregi og tillögur til framkvæmda gegn holdsveikinni á Íslandi

eptir

Guðmund Björnsson,
hjeraðslækni í Reykjavík.

I.

Holdsveikin í Noregi.

I. Stutt yfirlit yfir sögu holdsveikinnar í Noregi.

Á fyrri öldum virðist veikin ekki hafa verið eins almenn í Noregi og annarsstaðar í Evrópu. Þetta hafði auðvitað áhrif á skoðun manna á sjúkdómnum og sjerstaklega á það, hvaða ráðstafanir menn álitu nauðsynlegar til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu hans; með öðrum orðum: Í öðrum löndum var sjúkdómnum útrýmt með mjög strangri einangrun, en í Noregi virtist mönnum engin ástæða til að gjöra neinar sjerlegar ráðstafanir gegn honum.

Hin stranga einangrun holdsveikra á fyrri öldum átti rót sína að rekja til þeirrar skoðunar manna, að sjúkdómurinn væri næmur. Að sjúkdómurinn á þeim tímum einnig hafi verið álitinn næmur í Noregi, má ráða af gömlu lagaákvæði um, »að fái eiginkona eða eiginmaður næman sjúkdóm, svo sem holdsveiki eða þesshättar, þá skulu þau eigi skilja fyrir þá sök, heldur bera það með þolinmæði eins og kross, sem á þau er lagður. Þó er það í sjálfu sjer kristilegt, að það hjónanna, er þjáist af slíkum sjúkdómi, sækist eigi eptir að koma sjúkdómnum á hitt.«

Í lagaákvæði, er (á 15. öld) var útgefið fyrir kaupstaðina í Danmörku, en síðar einnig leitt í lög fyrir kaupstaði í Noregi, segir meðal annars: »Item hvo som fanger Spitalls soot udi Stadhen han skall nødhes udh at fare til scti. Jörghens hus inden den tidh, som honum af foghet og burgemestere forelagt wordher; gør han thet icke, tha mue före honum oc hans goz hiidh uppa hans kost og tæring.«

Í Noregi hefur það þó óefað aldrei verið almennt framfylgt skylda fyrir holdsveika menn að lifa á holdsveikrasjúkrahúsum. — Þótt holdsveikir menn, eptir því sem ráða má af þeim fáu upplýsingum sem um það eru til, hafi verið færri á síðustu öld en áður, þá voru þeir þó óefað fleiri en svo, að þeir gætu komizt fyrir í stofnunum þeim, er þá voru til, og sem bæði voru fáar og litlar. Á stofnunum þessum voru þar að auki eigi eingöngu holdsveikir menn, heldur einnig aðrir sjúklingar, ennfremur gamlir menn og lasburða og svo að lokum allur fjöldi sjúklinga, er höfðu aðra sjúkdóma en holdsveiki, en sem sökum ókunnugleika manna á henni voru lagðir inn á sjúkrahúsin eptir rangri sjúkdómslýsingu.

Einsog jeg hefi drepið á, voru holdsveikisstofnanirnar í Noregi í byrjun aldarinnar bæði fáar og litlar, og voru að miklu leyti stofnaðar fyrir gjafir til guðsþakka. Stærst og að öllum líkindum elzt var »sankta Jörgens Hospital« í Björgvin. 1754 gátu verið í því 80 holdsveikir menn, og 1798 er sagt, að í því hafi verið 85 sjúklingar. Síðan var það stækkað svo, að í því gátu verið 120 sjúklingar.

Minna og yngra var Reknæs holdsveikissjúkrahúsið við Molde; það var stofnað 1713 og ætlað fátækum holdsveikum mönnum úr Raumsdalsamti. Í Þrándheimi virðist einnig hafa verið lítil holdsveikrastofnun; 1643 er sagt að þar hafi getað komizt fyrir 20 sjúklingar. Að húsrýmið eigi hafi verið mikið, má ráða af því, að 1856 voru að eins 15 holdsveikir menn á stofnuninni.

Í byrjun aldarinnar var því ástandið í Noregi, að því er holdsveika snertir, svo bágt sem mest mátti verða.

Fyrsti frumkvöðull þeirra ráðstafana, er Norðmenn hafa gert gegn holdsveikinni á þessari öld, var herdeildarlæknir Hjort; að vísu hafa aðrir vísindamenn síðar átt meiri beinlínis þátt í framgangi þessa máls.

Sumarið 1832 ferðaðist Hjort fyrir styrk af opinberu fje um vesturssveitir Noregs til þess að rannsaka hörundskvilla, er þar lágu í landi, og þá sjerstaklega líkþrá (Radesyge) og holdsveiki. Ætla má að það hafi verið þessari ferð að þakka, að sóknarprestarnir 1836 töldu allnákvæmlega holdsveika menn í öllu ríkinu, og var það hið fyrsta sinn að þeir höfðu taldir verið, og einnig að nefnd var skipuð 1837 til þess að íhuga ráðstafanir gegn holdsveiki.

1840 hófu tveir norskir læknar, Danielsen og Boeck, vísindalegar holdsveikisrannsóknir.

1842 samþykkti Stórþingið eptir tillögum þessara lækna og Björgvinarfulltrúa, að í þeim bæ skyldi stofna lækningastofnun fyrir holdsveika menn — »Lungegaards«-spítalann.

Árangurinn af rannsóknum þeirra Danielsens og Boecks kom í ljós 1847 í hinni nafnfrægu bók þeirra; ei þar lýst sjúkdómseinkennum holdsveikinnar og gangi hennar, svo nú var eigi framar hætt við, að holdsveikinni væri blandað saman við aðra sjúkdóma, en það var algengt áður.

Ráðstafanir gegn holdsveikinni ráku nú hver aðra. »Lungegaards«-spítalinn handa 80 sjúklingum byrjaði starf sitt 1849.

1854 var skipaður holdsveikisyfirlæknir. — 1856 töldu hjeraðslæknarnir í fyrsta sinn holdsveika menn í Noregi. — 1857 voru stofnaðar heilbrigðisnefndir í þeim hjeruðum, þar sem holdsveikin lá í landi. Sama ár byrjaði »hjúkrunarstofnun nr. 1« — handa 280 sjúklingum — í Björgvin starf sitt. 4 árum síðar — 1861 — kom »Reknæs«-stofnunin við Molde — handa 150 sjúklingum — og »Reitgærdes«-hjúkrunarstofnunin við Þrándheim handa 280 sjúklingum.

Allar þessar ráðstafanir til að útrýma holdsveikinni voru byggðar á þeirri skoðun, að sýkin væri arfgeng, og hjeldu Danielsen og Boeck þeirri skoðun fast fram.

Með einangruninni ætluðu menn að koma í veg fyrir, að holdsveikir gætu börn, og vonuðust eptir að hinar holdsveiku ættir þar af leiðandi smámsaman dæju út og sýkin með þeim. Sumir álitu rjettast jafnframt að banna holdsveikum mönnum, er lifðu í heimahúsum, að giftast, og einstöku menn, er minna skeyttu um hina mannúðlegu hlið málsins, ljetu jafnvel það álit í ljósi, að rjettast væri að gelda öll karlkyns börn holdsveikra manna.

Meðal læknanna almennt voru þó mjög skiptar skoðanir um sjúkdóminn. Nálega allar hugsanlegar skoðanir um orsakarsambönd sýkinnar áttu sína forvígismenn, einnig sú skoðun að hún væri næm, er algeng var á fyrri öldum. Þessi skoðun varð á þessari öld að víkja fyrir skoðununni um arfgengi sýkinnar.

Frá 1870—80 fara skoðunir manna í þessu efni að breytast, því þá fer Armauer Hansen, er þá var læknir við „Lungegaards"-stofnunina, síðar (frá 1875) holdsveikisyfirlæknir, að verja kenninguna um sóttnæmi holdsveikinnar og gerir það röggsamlegar en nokkur á undan honum. 1874 kom út bók hans: „Rannsóknir viðvíkjandi orsökum holdsveikinnar"; heldur hann þar þeirri skoðun fast fram, að sjúkdómurinn sje næmur og útbreiðist eingöngu á þann hátt, og færir rök gegn arfgengiskenningunni og jafnframt þeirri kenningu, að ásigkomulag jarðvegsins og efnasamsetning fæðunnar geti verið orsök til uppruna sjúkdómsins, gerir mönnum það ljóst, að sóttnæmiskenningin e i n geti skýrt allt það, er lýtur að uppruna og útbreiðslu sýkinnar og áhrif einangrunarinnar á hana.

Vísindamaður þessi hefur fundið holdsveikisgerilinn og með því styrkt enn meir kenninguna um sóttnæmi holdsveikinnar. Læknar fjellust brátt á sóttnæmiskenninguna, og á eptir komust menntaðri leikmenn á sömu skoðun.

Fyrsti árangur, að því er fremkvæmdir snertir, af þessari skoðanabreytingu voru lög 26. maí 1877, er banna holdsveikum herþjónustu og skipa svo fyrir, að vandlega skuli hreinsa bústaði látinna holsveikra manna, svo og klæðnað og sængurföt þeirra, til þess að komast hjá, að sýkin berist á aðra. Hin norsku lög 6. júní 1885, um einangrun holdsveikra og að þá skuli leggja inn á lækninga- eða hjúkrunarstofnanir, fara lengra í sömu átt (Fylgiskjöl 1 og 2).

2. Rýrnun holsveikinnar í Noregi.

Það er álit flestra norskra rithöfunda, að holdsveikin hafi aukizt í Noregi fyrri hluta aldarinnar. Ítarlegar upplýsingar í því efni eru ekki til. Eptir því sem prestunum taldist til 1836 voru holdsveikir menn þá í öllu landinu 659 að tölu, 1845 vissu menn um 1122 sjúklinga; en báðar þessar tölur eru óefað of lágar. 1856 var hjeraðslæknunum í fyrsta sinn skipað að telja, og vjer vitum, að holdsveikir menn voru þá 2833 að tölu. Eigi fyr en 1861 eru allar hjúkrunarstofnanirnar teknar til starfa.

Skrá sú fyrir árin 1856—1890, er hjer fer á eptir, er mjög fræðandi. Fyrst og fremst má af henni sjá, að sjúkdómurinn minnkar stöðugt og að það er afleiðing af einangraninni.

Ár	Tala allra holdsveikra í ársbyrjun.	Nýir sjúklingar.	Þeir er teljast frá.			Tala allra holdsveikra við árslok.		Samtals við árslok.
			Dánir.	Lækn-aðir	Út-fluttir.	Heima.	Á stofnun-unum.	
1856	—	238	?	?	?	2,598	235	2,833
1857	2,833	242	293	3	15	2,339	427	2,766
1858	2,766	210	224	3	3	2,294	475	2,769
1859	2,769	239	213	8	7	2,267	523	2,790
1860	2,790	219	251	1	6	2,218	539	2,757
1861	2,757	219	239	6	14	2,028	711	2,739
1862	2,739	211	215	5	11	2,009	698	2,707
1863	2,707	196	192	5	4	1,947	749	2,696
1864	2,696	201	202	—	8	1,914	781	2,695
1865	2,695	201	205	5	8	1,910	772	2,682
1866	2,682	203	214	3	10	1,879	795	2,674
1867	2,674	200	191	8	4	1,876	787	2,663
1868	2,663	206	210	6	7	1,865	788	2,653
1869	2,653	183	199	10	13	1,820	787	2,607
1870	2,607	187	203	4	13	1,762	764	2,526
1871	2,526	170	238	2	16	1,681	747	2,428
1872	2,428	131	205	5	10	1,627	708	2,335
1873	2,335	129	177	9	17	1,592	672	2,264
1874	2,264	137	183	6	9	1,566	643	2,209
1875	2,209	134	203	5	14	1,499	623	2,122
1876	2,122	115	187	3	6	1,440	613	2,053
1877	2,053	110	163	3	7	1,372	629	2,001
1878	2,001	105	149	10	8	1,341	618	1,959
1879	1,959	88	162	5	10	1,277	602	1,879
1880	1,879	72	150	7	7	1,178	617	1,795
1881	1,795	60	164	5	8	1,092	608	1,692
1882	1,692	66	137	11	7	1,061	553	1,614
1883	1,614	87	127	9	5	1,022	535	1,557
1884	1,557	55	140	10	2	944	519	1,463
1885	1,463	71	146	9	12	855	522	1,377
1886	1,377	48	135	16	9	748	522	1,270
1887	1,270	47	111	2	3	704	514	1,218
1888	1,218	27	99	8	1	631	524	1,156
1889	1,156	27	86	9	12	551	530	1,081
1890	1,081	10	122	6	2	447	507	954

Skýrslan sýnir, að holdsveikum mönnum hefur á þessu tímatili fækkað frá 2833 niður í 954. Holdsveikisyfirlæknirinn gerir ráð fyrir, að um 1920 muni holdsveikinni gjörsamlega útrýmt í Noregi.

Í fyrstunni gátu stofnanirnar aðeins tekið á móti hjerumbil $^1/_4$ hluta sjúklinganna. Nú er meir en helmingur þeirra einangraður.

Þessi 35 ár (1856—1890) hafa menn vitað um 7635 holdsveika menn. Dáið hafa 6173 (3049 á stofnunum, 3124 í heimahúsum). — 316 hafa flutt úr landi. — 186 er sagt að hafi læknazt (76 utan stofnananna og 110 á stofnununum) = $2,_4$ %. Í Noregi hafa reynd verið öll hugsanleg meðöl gegn sýkinni, en ekkert fundizt, er hefði teljandi áhrif á hana. Lækning af völdum náttúrunnar kemur fyrir, en er einsog skýrslan ber með sjer, mjög sjaldgæf.

Þegar betur er tekið eptir skýrslunni, má af henni fá góða hugmynd um orsakarsambönd sýkinnar. Sem dæmi má taka: 1860 eru holdsveikir menn aðeins 76 færri en 1856, en í heimahúsum dvelja 380 færri. Á fimmára-tímabilinu 1856—60 voru 585 holdsveikir menn lagðir inn á stofnanirnar, þ. e. a. s.: 1860 voru þeim mun færri, er breytt gátu sýkina út meðal manna, en 1856.

Afleiðingarnar komu brátt í ljós, 1856—60 veiktust 1148, en næstu fimm árin, 1861—65, aðeins 1028.

Af skýrslum frá einstökum hjerðöum í Noregi má allsstaðar sjá hið sama: þar sem fáir eða engir hafa lagðir verið inn á stofnanirnar, hefur veikin staðið í stað eða magnazt; en því fleiri sem hafa verið einangraðir, því færri hafa veikzt, og verður þegar vart við þetta fyrstu 5—10 árin eptir, að farið er að einangra sjúklingana.

Arfgengiskenningin getur eigi skýrt þessa fljótu fækkun nýrra sjúklinga, þegar vel er einangrað. Sýkin kemur sjaldnast fram fyr en á fullorðinsárunum (að meðaltali um þrítugt); væri sýkin aðeins arfgeng, gætu áhrif einangrunarinnar eigi komið ljóst fram fyr en um 20 árum eptir, að farið var að einangra sjúklingana.

Ef sýkin væri sprottin af því, hvernig landslagi sje háttað eða af loptslagi eða viðurværi, liggur það í augum uppi, að einangrunin gæti eigi gjört hið minnsta til þess að færri sýktust.

Þessi fækkun nýrra sjúklinga, sem einangrunin kemur til vegar, verður því ekki skýrð á annan hátt en að sýkin sje næm og breiðist út á þann hátt.

3. Eptirlit með holdsveikum mönnum, er lifa í heimahúsum.

Heilbrigðisnefndirnar, hjeraðslæknarnir og holdsveikisyfirlæknirinn hafa það starf á hendi.

Í Noregi er heilbrigðisnefnd í hverju hjeraði, og eru meðlimir hjeraðsnefndar og hjeraðslæknir í henni; er hann framsögumaður nefndarinnar. Eptir lögum fyrir Noreg 6. júni 1885 geta heilbrigðisnefndirnar gjört samþykktir, er skipa holdsveikum mönnum tilteknar varúðarreglur. Stjórnin staðfestir samþykktir þessar. Heilbrigðisnefndirnar líta eptir, að samþykktum þeirra sje hlýtt og áminnir þá, er eigi fara eptir þeim; dugi það ekki, getur nefndin eptir ráðum hjeraðslæknis látið leggja sjúklinginn inn á einhverja stofnunina, hvort sem honum er það ljúft eða leitt.

Þegar hjeraðslækni er sagt til um nýtt holdsveikistilfelli, skal hann fara á heimili hins sjúka til þess að ganga úr skugga um eðli sjúkdómsins. Vitja skal hann holdsveikra í hjeraðinu eins opt og honum virðist þörf á. Hann ritar holdsveika í sjerstaka bók og sendir holdsveikisyfirlæknunum ár hvert skýrslu um nýja sjúklinga á árinu, um þá er dáið hafa og þá er fluttir eru burt úr hjeraðinu. Fyrir ferðir til holdsveikra fær hjeraðslæknir borgaðan ferðakostnað og dagpeninga af opinberu fje.

Holdsveikisyfirlæknirinn hefur aðsetur sitt í Björgvin. Laun hans eru 4800 kr. Hann

er yfirforstöðumaður allra hjúkrunarstofnananna og skal hann að minnsta kosti einusinni á ári líta eptir þeim öllum. Síðan 1886 hefur hann á hverju sumri ferðazt 4—6 vikna tíma um hjerröð, þar sem holdsveiki er. Í hjeraði hverju vitjar hann allra holdsveikra, er þar búa. Þannig fær hann tækifæri til að fullvissa sig um, hvort hinum fyrirskipuðu varúðarreglum sje fylgt. Hann leitast jafnframt við að sannfæra sjúklingana og samvistarmenn þeirra um, að sýkin sje sóttnæm. Opt gefst honum einnig færi á að leiðrjetta rangar eða vafasamar sjúkdómslýsingar.

Þegar holdsveikisyfirlæknirinn er heima, fæst hann stöðugt við vísindalegar holdsveikisrannsóknir.

4. Hin norsku lög 6. júní 1885.

(Fylgiskjal 2.)

Það er sumra skoðun (t. d. landlæknis Schierbecks, smbr. brjef hans til stjórnarráðs Íslands í alþingistíðindunum 1895, bls. 129), að tilgangur laga þessara hafi verið sá, að halda við aðsókninni að hjúkrunarstofnununum. — Einnig er opt talað um „hið ómannúðlega ákvæði um, að heimilt skuli að leggja menn nauðuga inn á stofnanirnar".

Af því Ísland nú þarfnast líkra laga, virðist mjer nauðsyn bera til að skýra frá, hvernig lög þessi eru til orðin og hvernig þeim er beitt.

Fyrir 1885 höfðu heilbrigðisnefndir og hjeraðslæknar ekki vald til að hafa gætur á lifnaði holdsveikra manna, er heima bjuggu, svo gagn væri að. Af því menn álitu holdsveikina arfgenga, álitu menn frá 1850—70 enga þörf á að fyrirskipa holdsveikum, er í heimahúsum bjuggu, varúðarreglur að því er snerti samneyti þeirra við aðra. Þeim var ráðið frá að giptast; annað var eigi gjört í því efni.

Rjett eptir 1870 reis hin gamla kenning um sóttnæmi holdsveikinnar upp að nýju og varð hinn fyrsti árangur af því lög 26. maí 1877, um að fátæka holdsveika menn skuli leggja inn á holdsveikrastofnanir og að hreinsa skuli muni dáinna holdsveikra manna. Enn þá vantaði þó mikið á, að fyrirkomulagið væri vel viðunandi. Hjeraðslæknarnir fengu aðeins ferðakostnað og dagpeninga fyrir eina rannsóknarferð. Þegar búið var að rita hinn holdsveika mann inn á skrárnar og hann þá skoraðist undan að leggjast á stofnunina, gat hjeraðslæknirinn ekki framar aðgjört. Færi hann að nýju á fund sjúklingsins, varð hann að gera það á eigin kostnað, því af opinberu fje var aðeins borgað fyrir fyrstu ferðina. Afleiðingin varð sú, að margar vafasamar sjúkdómslýsingar stóðu óhaggaðar árum saman.

Heima hjá sjer gátu holdsveikir menn lifað og látið einsog þeir vildu, sofið hjá heilbrigðum o. s. frv. Heilbrigðisnefndin gat ráðlagt þeim varúð, en hún gat ekki bannað þeim neitt; til þess hafði hún ekki lagaheimild. Sem dæmi má nefna, að skólakennari, er færðist undan að hafa fæði og húsnæði á holdsveikisheimili, varð að snúa sjer til stiptsyfirvaldanna til að komast hjá því (brjef frá læknamálaforstjóranum 5. marz 1880). Holdsveikri yfirsetukonu var eigi vikið úr stöðu sinni fyr en sjálfur forstjóri læknaráðsins krafðist þess (brjef hans 30. júlí 1878).

Það var til þess að bæta úr þessu ástandi, að holdsveikisyfirlæknirinn samdi frumvarp til laga (er varð að lögum 6. júní 1885), þar sem það, einsog hann kemst að orði, »var lagt á vald þjóðarinnar eða fulltrúa hennar að skera úr, hvort þeir vildu nokkuð gjöra til að losa sig og meðbræður sína við holdsveikina«. Áður en lagafrumvarp þetta var lagt fyrir stórþingið, ræddu nálega allar hjeraðsstjórnir í holdsveikishjerröðunum það, því 1883 tókst yfirlæknirinn ferð á hendur til þess að ræða frumvarpið við hjeraðsstjórnirnar. Flestar hjeraðsstjórnir og hjeraðslæknar mæltu með frumvarpinu; var það síðan lagt fyrir stórþingið, samþykkt þar og staðfest af konungi. Þetta eru lög 6. júní 1885.

Umburðarbrjef frá yfirlæknunum til hjeraðslæknanna, rjett eptir að lögin komu út, sýnir ljóslega, í hvaða tilgangi lögin voru samin og hvernig þeim var beitt í fyrstu. Brjefið hljóðar þannig:

»Björgvin 15. sept. 1885.

Herra hjeraðslæknir!

Til þess, að svo miklu leyti sem anðið er, að stuðla að því, að hin nýju lög 6. júní 1885 geti haft áhrif, bið jeg yður að leitast við að fá heilbrigðisnefndirnar í umdæmi yðar til, að gera ákvæði um tryggilega einangrun holdsveikra í heimahúsum.

Lifnaðarhættir og húsakynni eru ólík í hinum ýmsu læknishjerððum og get jeg því aðeins bent á það með almennum orðum, er að mínu áliti verður að heimta, til þess að »einangrunin sje tryggileg«, sem sje:

1) Að hinn holdsveiki hafi svefnherbergi útaf fyrir sig, eða að minnsta kosti sofi einn í rúmi og noti einn rúmföt sín, og mega heilbrigðir undir engum kringumstæðum nota þau. Eptir lögunum er eigi heimilt að skilja hjón, en það skal harðlega bannað, að holdsveikir fereldrar láti börn sín sofa hjá sjer, og að holdsveikt barn sofi hjá systkinum sínum, eða holdsveik vinnuhjú hjá heilbrigðum vinnuhjúum eða öðrum. Rjett er að ráða mönnum frá að taka holdsveika í sína þjónustu; það mætti má ske banna það, en það mundi naumast heppilegt, enda hygg jeg, að ráðlegging muni nægja í þessu efni.

Þessar fyrirskipanir álít jeg mestu varða og má í engu víkja frá þeim.

2) Ohætt virðist að lofa holdsveikum að borða í sama herbergi og við sama borð og heilbrigðir, en hafa verða þeir matarílát og áhöld útaf fyrir sig, er engir aðrir mega nota,

3) Óhætt virðist einnig að lofa holdsveikum að öðru leyti að hafast við í sömu herþergjum og heilbrigðir menn á heimilinu og ganga að sömu vinnu; en þó verður að gæta sjerstakrar varúðar gagnvart þeim, er hafa sár, er vilsa rennur úr. Dulur, er notaðar hafa verið til að binda um sárin, er sjálfsagt að brenna. Jeg vil sjerstaklega vara við, að holdsveikur afi eða amma sjeu látin annast barnabörn sín, að holdsveikir fiskimenn stundi fiskiveiðar saman við heilbrigða, og að holdsveikar ungar stúlkur sjeu hafðar til fjalla í seljum.

Nánar get jeg ekki ákveðið varúðarreglur þær, er að mínu áliti ætti að fá heilbrigðisnefndirnar til að koma á. Einsog þjer sjáið, er þetta aðeins tilraun til þess, fyrir milligöngu heilbrigðisnefndanna, að kenna mönnum að álíta eigi hættulaust, að eiga umgengni við holdsveika menn*); þjer eigið að brýna það fyrir hjeraðsstjórnunum, að það sje nú á þeirra valdi að losa sveitirnar við holdsveikina og það án þess að þurfa að gjöra neinar sjerstakar ráðstafanir, en eingöngu með því að skipa mönnum eða skora á menn að forðast umgengni við holdsveika menn, án þess að menn þó gangi af nærri mannrjettindum þeirra, og þjer eigið einnig að sýna fram á, að holdsveikir menn, eingöngu af umönnum fyrir sínum nánustu ættingum, til þess að hlífa þeim fyrir því böli, er þeir sjálfir hafa orðið fyrir og hugsandi er, að þá gæti hent líka, ættu að forðast alltof náið samlíf við þá, þarsem þeim þó að öðru leyti er leyft að búa saman við þá«.

Holdsveikissamþykktir hinna einstöku hjeraða eru nálega samhljóða hver annari, enda eru þær alla samdar eptir bendingum umburðarbrjefsins. Aðeins í einstöku hjerððum er heimtað, að holdsveikir menn hafi svefnherbergi útaf fyrir sig. Til sveita eru bústaðir manna víðast hvar svo rúmlitlir, að mönnum hefur virzt ógjörningur að fá þessu framgengt.

---

*) Þessi orð eru framhafin af mjer.

Jeg hefi átt kost á að tala við marga norska lækna, er að einhverju leyti hafa afskipti af holdsveikinni, og eru þeir allir sammála um, að lög 6. júní 1885 hafi haft mikil áhrif.

Lögin hafa kennt mönnum að gæta meiri varúðar í umgengni við holdsveika menn. Ákvæðið um að leggja megi menn nauðuga inn á holdsveikisstofnun, ef þess gerist þörf, hefur þau áhrif, að hinir sjúku hlýðnast þó að nokkru leyti varúðarreglum þeim, er skipaðar eru. Fyrir hjerumbil 20 árum var óhreinlæti mikið á holdsveikisheimilunum, og var ástandið að því leyti engu betra en nú á Íslandi. Á síðari árum hefur þessu farið mjög fram í Noregi; á holdsveikisheimilum þeim, er jeg átti kost á að sjá, var að einu undanteknu hreinlæti í góðu lagi. Meðal hinna holdsveiku eru þó ætíð nokkrir, er eigi verða fengnir til þess að gæta jafnvel hinna einföldustu hreinlætis- og varúðarreglna. Þegar svo er, verður að leggja þá inn á stofnanirnar nauðuga. 1885—1892 voru 99 holdsveikir lagðir inn á »Reknæs«-hjúkrunastofnun, en við eina 14 (3 karlmenn og 11 kvenmenn) hafði lögum 6. júní 1885 verið beitt; af þessu má ráða, að í Noregi er það tiltölulega sjaldgæft, að beita þurfi þessum ákvæðum.

Holdsveikir menn, er að nauðugu eru lagðir inn á stofnanirnar, eru venjulega óánægðir í fyrstu, en sjaldan lengi; flestir sætta sig við það bráðlega og þeim lærist að láta sjer vel líka hið rólega og reglusama líf á stofnunum.

Einstöku sinnum ber það þó við, að þeir sem eru ferðafærir hjálparlaust, strjúka úr stofnunum, en stundum koma þeir þó einnig sjálfkrafa aptur eptir stutta dvöl heima, enda er þeim þar eigi ætíð tekið með opnum örmum.

3. Holdsveikisstofnanir í Noregi.

1) Sankta Jörgens stofnun í Björgvin, fyrir 120 sjúklinga; hún á sig sjálf, og eru eignir hennar nú 1 milljón króna.

»Ríkið hefur stofnað og kostar þessar stofnanir:

2) Lungegaards stofnunina í Björgvin, fyrir 80 sjúklinga; tók til starfa 1849.

3) Hjúkrunarstofunina nr. 1 í Björgvin, fyrir 280 sjúklinga; tók til starfa 1857.

4) Reknæs stofnunina við Molde, fyrir 150 sjúklinga; tók til starfa 1861.

5) Reitgjærdets-stofnunina við Þrándheim, handa 280 sjúklingum, er tók til starfa 1861.

Af því holdsveikin hefur minnkað svo mjög, voru Lungegaards og Reknæs stofnanirnar lagðar niður 1. júlí 1895. Hina síðarnefndu á að hafa til tæringarsjúkrahúss, er ríkið ætlar að kosta.

Þareð allar 4 opinberu stofnanirnar eru byggðar eptir sömu meginreglu, gangreglunni (Korridorprincipet), og þareð ennfremur allt fyrirkomulag þeirra og starfsmáti hefur verið einn og hinn sami, nægir að jeg lýsi einni þeirra ítarlega, og vel jeg til þess hjúkrunarstofnunina nr. 1 í Björgvin, því mjer hefur gefizt færi á að skoða hana rækilega með eigin augum.

Stofnunin er utarlega í bænum, innanum mjög fagra listigarða; er hún úr timbri. Aðalbyggingin er tvígólfuð og ganga út frá henni stórar hliðarbyggingar. Að framanverðu við aðalbygginguna eru auk þess bústaðir handa lækni og ráðsmanni. Bakvið hana er lítið hús, þar sem eru salerni, baðherbergi handa sjúklingunum, líkhús og líkskurðarstofa.

Helmingur aðalbyggingarinnar uppi og niðri er ætlaður holdsveikum kvennmönnum, hinn helmingurinn karlmönnum.

Á neðra gólfi skilur stór matsalur handa karlmönnum deildirnar, en á öðru gólfi kirkja, sem er uppi yfir matsalnum. Sitt hvoru megin við þessi herbergi eru, bæði uppi og niðri, 11 jafn stór herbergi og eitt helmingi stærra en hvert hinna, alls 44 minni og 4 stærri herbergi; 2 stærri herbergin eru vinnustofur karlmanna, hin tvö vinnu- og matstofur

kvennmanna. Af 44 minni en jafnstóru herbergjunum eru 30 nú sjúkraherbergi, 5 íbúðarherbergi þjónustufólksins, 1 skrifstofa ráðsmannsins, 1 skrifstofa bryta, 1 lyfjastofa, 1 bókasafnsstofa og 1 ætlað til efnarannsókna (Laboratorium).

Í kjallaranum er 1) eim-eldhús og er maturinn fluttur þaðan með lyftivjelum upp á 1. og 2. gólf, 2) eimþvottahús, 3) baðherbergi handa þjónustufólkinu, 4) gufuketill, er byrgir eldhúsið, þvottahúsið og borðstofuna að gufu og heitu vatni, 5) geymsluhús fyrir mat og eldivið, 6) lítil smiðja og 7) lítið snikkaraverkstæði.

Hanabjálkalopt er haft sem þerrilopt og eru þar einnig geymd búsáhöld.

Eptir endilöngu 1. og 2. gólfi er gangur, 2,6 metra breiður, og eru úr honum dyr inn í hvert herbergi.

Sjúkrastofurnar eru eins og áður er ávikið allar jafnstórar: 3,8 metra, flatarmál 5,6 m. × 5,6 m. = 30,25 m.^{2}, verður þetta 96,8 m.^{3}; sje eigi haft tillit til húsbúnaðar í herbergjunum og í hverju þeirra talið að sjeu 5 sjúklingar, eins og nú er, verður þá 19,4 m.^{3} loptrými fyrir hvern sjúkling.

Til upphitunar eru ofnar hafðir. Sjerstök loptleiðslutilfæri eru þar engin. Í fyrstu var ætlast til, að á stofnuninni kæmust fyrir 280 sjúklingar; þá voru venjulega 7 á hverju herbergi. En þessi offylling varð til þess, að fleiri holdsveikir dóu að tiltölu á stofnuninni en í heimahúsum.

Nú eru 137 sjúklingar á stofnuninni.

Húsbúnaður í sjúkraherbergjunum er mjög óbrotinn. Hver sjúklingur hefur: 1) járnrúm með stangdýnu úr þangi og ofan á henni þunna stangdýnu úr hnökra-ull, fiðurkodda, rekkjuvoðir og ullarábreiður, 2) lítið borð og stuttan bekk með trjesetu og baklausan, 3) vatnsglas, hrákadall og næturgagn. — Til sameiginlegra afnota er fyrir hvert herbergi: 1) meðalaskápur, 2) borð með þvotta-áhöldum (hver sjúklingur hefur handklæði útaf fyrir sig), 3) klæðaskápur, er stendur úti á ganginum.

Viðurværi. Fylgiskjal 3*) sýnir viðurværisreglugerð þá, er nú gildir á hjúkrunarstofnun nr. 1. — Ráðskona sjer um matreiðsluna. Hún ein hefur lyklana að forðabúrunum og vegur dag hvern skammta út handa sjúklingunum, eptir tilsögn bryta um tölu dagskamta og aukaskammta o. s. frv.

Ráðskonan á auk þess ásamt bryta að vera við, þegar matvæli þau, er ráðsmaður kaupir handa stofnuninni, eru vegin, og kvitta þau fyrir móttöku þeirra. Ráðskonan hefur 4 eldaþuskur sjer til hjálpar við matreiðsluna.

Hver sjúklingur hefur matskál og disk, og er það hvorttveggja úr smelltum málmi (emailleret Metal). Leirflát verða ekki notuð, þar þau opt mundu brotna í höndum sjúklinganna, er opt eru tilfinningarlausir og stundum einnig blindir.

Kvennfólkið borðar í vinnustofum sínum, en karlmenn í matsalnum. Þjónustufólkið borðar í herbergjum sínum eða í eldhúsinu.

Borðáhöld sjúklinganna eru þvegin út af fyrir sig í litlu herbergi við eldhúsið en borðáhöld vinnufólksins í sjálfu eldhúsinu.

Matarleifunum er safnað og þær seldar til fóðurs svínum.

Sjúklingarnir eru eigi látnir hjálpa til við matreiðsluna og mega ekki koma út í eldhúsið.

Klæðnaður. Eptir reglugjörð stofnunarinnar á hver holdsveikur maður, er hann kemur á stofnunina, að hafa tvennan alfatnað. Þegar slitið er út úr þeim, útvegar stofnunin honum ný föt. Þvottahús er aðeins eitt, bæði handa sjúklingum og vinnufólkinu og við það 2 þvottakonur, en fatnaður vinnufólksins er þveginn útaf fyrir sig. Sjúklingunum er eigi leyft að koma í þvottahúsið.

---

*) Sjá og fylgiskjal 4 og 5, bl. s. 40.

Yfirþvottakona sjer um ræsting, þvott og klæðasaum, hefur hún lítið herbergi til að bæta og sauma í föt, og gjöra holdsveikir kvennmenn það að nokkru leyti.

Sjúklingarnir fá jafnaðarlega hreina hvíta skyrtu á hverri viku, einnig hreint handklæði, en ullarfatnaði skipta þeir á hálfsmánaðar fresti og rekkjuvoðum 3. hverja viku. En auk þess er sjúklingunum fengin hrein föt, þegar þeir biðja um það eða þegar þess virðist þörf, og er ætlið til þrennt af hverju handa hverjum sjúklingi.

Í kjallara læknisbústaðarins er lítið skósmíðisverkstæði og eru þar búnir til skór handa öllum sjúklingunum; gjörir dyravörðurinn það.

Hjúkrun. Læknirinn vitjar sjúklinganna stöðugt annan hvern dag, annan daginn kvennmanna, hinn daginn karlmanna. Stofnunin hefur sjerstaka lyfjabúð og er það nokkur sparnaður. Vinnufólkið fær ókeypis læknishjálp og meðöl.

Sjúklingaþjónustur (gangkonur) eru 4, tvær í hverri deild. Yfirþvottakonan er jafnframt yfirþjónustukona (yfirgangkona). Gangkonur ræsta herbergin og þjóna sjúklingum og þeim er rúmfastir eru; þær þvo gólf einusinni á viku og hjálpa þvottakonur þeim til þess.

Blóðhorn eru mikið notuð til þess að komast eptir hinu sanna eðli sýkinnar og er því maður settur til þess að setja sjúklingunum blóðhorn. Hann er jafnframt aðstoðarmaður læknisins í lyfjabúðinni.

14. hvern dag ganga sjúklingarnir jafnan í heitt bað.

Vinnan. Á öllum stofnununum hafa sjúklingarnir reynzt óhæfir til örðugrar vinnu. »Rejtgjærdets«-stofnunin hefur dálítinn landbúnað, en sjúklingarnir vinna ekki að honum. Í hjúkrunarstofnuninni nr. 1 eru 2 vinnustofur handa körlum og aðrar tvær handa konum. Herbergi þessi eru hjerumbil helmingi stærri en sjúkraherbergin.

Sjúklingarnir vinna sumpart fyrir stofnanirnar, sumpart fyrir bæjarmenn.

Karlar starfa að hægum moldarverkum í aldingarði stofnunarinnar, kljúfa brenni og starfa að skósmíði. Konur spinna og prjóna eða vinna að því að bæta fatnað sjúklinganna.

Fyrir bæjarmenn ríða karlar net, annað eigi. Konur spinna og prjóna fyrir þá. Á skrifstofu stofnunarinnar er tekið á móti verkefni og þaðan er því tilbúnu skilað. Vinnumunir kvennfólksins eru hreinsaðir (við soðningu) áður þeim er skilað, en eigi net þau, er karlar ríða.

Helming þess, er menn utan stofnananna borga fyrir vinnu, fær vinnandinn sjálfur. Hinum helmingnum er skipt eptir verðleikum milli þeirra, er vinna fyrir stofnunina. Þetta fyrirkomulag er þó nýtt; áður fengu sjúklingarnir aðeins lítinn hluta vinnulaunanna.

Húsagi*). Auðvitað eiga sjúklingarnir að fara á fætur, matast og ganga til rekkju á tilteknum tímum. Annars eru þeir látnir sjálfráðir í flestu. Þeir vinna eigi nema þegar þeir sjálfir vilja, og þegar þá langar til að fara inn í bæinn, þurfa þeir ekki annað en að koma á skrifstofuna og fá þar seðil, er sýna skal við innganginn til stofnunarinnar. Það er mjög sjaldan, að manni sje neitað um útgönguleyfi. Á sunnudögum mega þeir án leyfis fara hvert er þeir vilja.

Meðan jeg var í Björgvin, mætti jeg á hverjum degi sjúklingum, er annaðhvort voru á leið frá stofnuninni eða heim aptur.

Þeir fara venjulega með vinnulaun sín inn í bæinn og kaupa fyrir þau mat, og stafar það af því, að fæðið á stofnuninni er tilbreytingarlaust.

Á göngunum eru að vísu hurðir milli kvennmanna- og karlmannadeildanna, en aldrei hefi jeg orðið var við, að þeim væri lokað. Svæðið bak við aðalbyggingana og aldingarðurinn eru sameiginleg og koma karlar og konur þar saman eptir vild.

*) Fylgiskjal 5 bls. 39; fylgiskjal 6.

Þetta frjálsræði gerir stofnunina geðfeldari sjúklingunum, en jafnframt eiga þeir hægra með að strjúka.

Það sem hjer er sagt um húsagann á hjúkrunarstofnun nr. 1, á einnig við hinar stofnanirnar.

Til skemmtunar sjúklingunum er á ári hverju varið nokkur hundruð krónum. Í fyrstunni var ætlast til, að megninu af þessu fje væri varið til bókakaupa handa sjúklingunum. Nú er fjenu í Bjórgvin varið til þess að leigja gufubát einusinni á sumri, til þess að sjúlingarnir geti farið skemmtiför út í nágrenni bæjarins. Afganginum er varið eptir ósk sjúklinganna, mest til matar aukreitis.

Guðsþjónusta fer fram annanhvern sunnudag í kirkju stofnunarinnar.

Forsöngvari og kennari við stofnunina les einnig guðsorð fyrir sjúklingunum einusinni eða tvisvar á viku. Hann kennir holdsveikum börnum, sem eru á stofnuninni.

Um sjúklinga á stofnuninni.

Auk sveitarlima og þeirra, er nauðugir eru lagðir inn á stofnunina, en þeir eru fáir, taka þær, meðan rúm leyfir, á móti öllum, sem inntöku beiðast.

Allir sjúklingar á stofnununum eru þar ókeypis.

Í reglugjörðum stofnananna (smbr. fylgisskjölin 5 og 7) stendur: „Sá sem tekinn hefur verið inn á stofnunina má eigi fara þaðan aptur án leyfis yfirstjórnanda hennar". Opt ber þó við að sjúklingar fyrir óyndis sakir fara burt leyfislaust. Sjaldan er gjörð gangskör að því að hepta för þeirra. Opt koma þeir sjálfkrafa aptur, eptir skamman tíma, af því móttökurnar heima fyrir hafa eigi verið eins góðar og þar eigi verið eins ánægjulegt og þeir vonuðust eptir. Þessar strokuferðir eru nú miklu sjaldgæfari en áður, því á síðari árum hafa menn gefið þeim, er óánægðir eru, stutt heimfararleyfi, þegar svo hefur staðið á, að eigi hefur þurft neina sýnilega hættu að óttast.

Einstökusinnum eru sjúklingar, er óska þess, útskrifaðir frá stofnununum, þegar eigi virðist lengur þurfa verulega að óttast sóttnæmi af þeim, og heimilisástandið auk þess er talið tryggilegt.

Þó undarlegt megi virðast, hefur það þó komið fyrir, að sjúklingar hafa verið reknir burt, af því þeir hafa hegðað sjer illa. Auðvitað ætti aldrei að reka sjúkling burt af þeirri ástæðu, ef af honum stafar sóttnæmishætta. Áður var það svo, að holdsveika menn, er voru geðveikir, vildu holdsveikisstofnanir ekki taka, af því þeir voru geðveikir, og geðveikrastofnanir ekki, af því þeir voru holdsveikir. Til þess að bæta úr þessu hafa á síðari árum verið búnir út 3 geðveikraklefar á „Reitgærdets" hjúkrunarstofnuninni.

Til frekari skýringar um sjúklinga á stofnununum skal jeg nú til færa nokkrar tölur.

»Reknæs«-hjúkrunarstofnun:

Á 25 ára tímabilinu 1861—85 voru teknir á stofnunna alls ..... 664 sjúklingar.

Af þeim höfðu 72,4 pct. þrimlaveikina, en 27,6 pct. hina sljettu tegund (limafallssýki). Á sama tímabili fóru úr stofnuninni:

dánir	438	
fluttir burt með leyfi	29	
farnir í óleyfi	111	
læknaðir	8	
ekki holdsveikir	4	
reknir burt fyrir illa hegðun	6	
alls...	596	
Á stofnuninni voru 31. desember 1885...	68	
		664 —

»Reitgjærdets« hjúkrunarstofnun:

Á árunum 1861—90 komu á þá stofnun alls ..... 1,476 sjúklingar.

Af þeim höfðu um 68 pct. þrimlaveikina, en um 32 pct. hina sljettu tegund (limafallssýki):

Á sama tímabili fóru úr stofnuninni:

dánir	924	
læknaðir	4	
ekki holdsveikir	23	
geðveikir	7	
reknir burt fyrir vonda hegðun	38	
látnir fara eptir ósk þeirra	39	
sendir á aðrar stofnanir	16	
farnir í leyfisleysi	243	
alls...	1,294	
Á stofnuninni voru 31. desember 1890...	182	
		1,476 —

Um þá 924 sjúklinga, er dóu i »Reitgjærdets« hjúknunarstofnun sjáum vjer:

að meðaltals aldur þeirra var	$40_{,87}$ ár.
sjúkir höfðu þeir verið að meðaltali í	$10_{,34}$ —
þegar sýkin kom fram, var aldur þeirra að meðaltali	$30_{,53}$ —
á stofnuninni voru þeir að meðaltali	$3_{,73}$ —
áður en þeir komu á stofnunina, höfðu þeir haft sýkina að meðaltali í	$6_{,61}$ —

Hinar stofnanirnar hafa eigi eins mikið skýrsluefni, en skýrslur þeirra sýna hið sama.

Af skýrslunni sjest, að sjúklingarnir lifa mikinn hluta þess tíma, er þeir eru sjúkir, utan stofnananna og er það auðvitað mjög óheppilegt. — Síðar mun jeg aptur minnast á þetta efni og þá jafnframt benda á það, er mjer þykir óheppilegt í ýmsu því, sem hjer er lýst, viðvíkjandi hinum norsku stofnunum.

Stjórn hinna norsku holdsveikisstofnana.

Holdsveikisyfirlæknirinn er yfirstjórnari stofnananna, auk hans eru þessir starfsmenn við hverja stofnun: 1) forstöðumaður, 2) ráðsmaður, 3) bryti, 4) gjalkeri og reikningshaldari, 5) læknir, 6) prestnr, 7) forsöngvari og kennari og 8) gæzlunefnd.

Verksvið starfsmannanna má sjá af fylgiskjölunum nr. 5 og 7.

Áður en „Lungegaards“-stofnunin var lögð niður, voru ýmsir af starfsmönnunum á henni og hjúkrunarstofnuninni nr. 1 sameiginlegir.

Í Molde og þrándheimi hafa læknar stofnananna síðari árin einnig verið forstöðumenn þeirra.

Ársútgjöld stofnananna.

Til nánari upplýsinga í þessu efni set jeg áætlun þá, er hjer fer á eptir (eptir fjárlagafrumvarpi læknisdeildarinnar í hinu norska dómsmálastjórnarráði):

I. Aætlun yfir tekjur og gjöld hjúkrunarstofnunar nr. 1, frá 1. júlí 1896 til 30. júní 1897.

A. Tekjur.

Arður af vinnu sjúklinganna	kr.	1,200
Fyrir seld föt, druslur, matleifar o. fl.	—	600
Samtals...	kr.	1,800

B. Gjöld.

1.	Laun:			
a.	gæzlunefnd	kr.	800	
b.	læknir og forstöðumaður	—	2,400	
c.	ráðsmaður	—	2,400	
d.	prestur	—	1,500	
e.	gjaldkeri og reikningshaldari	—	800	
f.	bókavörður	—	600	
g.	bryti og aðstoðarmaður á skrifstofunni	—	800	
h.	forsöngvari og kennari	—	400	
i.	vinnuhjú:			
	ráðskona	—	240	
	yfirþvottakona	—	240	
	fyrirvinna og garðyrkjumaður	—	360	
	kyndari	—	400	
	skósmiður og dyravörður	—	280	
	boðberi og hestasveinn	—	240	
	baðþjónn	—	240	
	maður er setur blóðhorn	—	240	
	baðþjónusta	—	120	
	2 þvottakonur 120 kr. hvor	—	240	
	3 eldabuskur 100 kr. hver	—	300	
	4 sjúklingaþjónustur 120 kr. hver	—	480	
	næturvörður, 1 kr. 20 au. fyrir hverja nótt	—	438	
	vökukona, 1 kr. fyrir hverja nótt	—	365	
	uppbótaþóknun handa vinnufólkinu	—	200	
	eftirlaun brytans Ólsens	—	500	
	— baðkonu Severine Eriksen	—	200	
				— 14,783
2.	Viðurværi:			
a.	150 sjúklinga í 365 daga = 54,750 fæðisdagar, fyrir hvern 32 au.	kr.	17,520	
b.	vinnufólks, 18 manns, 180 kr. á ári fyrir hvern	—	3,240	
				— 20,760
3.	Klæðnaður: 150 sjúklingar, 10 kr. fyrir hvern þeirra á ári			— 1,500
4.	Sjúkraþjónusta (þar í eru talin gjöld til bóka og efnarannsókna)			— 4,500
5.	Eldiviður			— 4,000
6.	Til ljósa			— 700
7.	Viðhald húsa (þarí talið hreinsun ofna og reikháfa)			— 3,500
	flyt...			kr. 49,743

	fluttar...	kr. 49,743
8. Til búsgagna og kennsluáhalda		— 1,600
9. Kostnaður við aldingarðinn		— 300
10. Þvottur og ræsting		— 800
11. Skattar og afgjöld		— 204
12. Greptrunarkostnaður		— 250
13. Vinnan		— 1,200
14. Til skemmtunar sjúklingum		— 400
15. Ýms gjöld		— 653
		kr. 55,150

Gjöldin eru þannig 53,350 kr. hærri en tekjurnar.

Ef þessari upphæð er deilt með tölu fæðisdaganna, en þeir eru 54,750, kemur út dagkostnaður fyrir hvern sjúkling og verður það 97 au.

Við 4 lið. Af upphæð þessari er 2,500 kr. varið til efnafræðisrannsókna (viðvíkjandi bakteríu- og sjúkdómafræði) og til þess að kaupa læknisfræðisbækur.

13. liðurinn sýnir, að tekjurnar af vinnu sjúklinganna ganga til þeirra sjálfra.

II. Áætlun yfir tekjur og gjöld »Reitgjærdets« hjúkrunarstofnunar frá 1. júlí 1896—30. til júní 1897.

A. Tekjur.

1. Viðurværi:			
a. fæði tveggja vinnumanna, 192 kr. fyrir hvorn þeirra..	kr.	384.00	
b. fæði vinnufólks í 500 daga, 60 au. fyrir hvern dag...	—	300.00	
c. afleyfar	—	1150.00	
			kr. 1834.00
2. Fyrir vinnu sjúklinganna			— 3000.00
3. Tekjur af landbúnaðinum:			
a. matvörur notaðar til fæðu	kr.	300.00	
b. tekjur af svínaræktinni	—	1300.00	
c. fyrir akstur í þarfir stofnunarinnar	—	2300.00	
d. selt hey- og hálmfóður o. fl.	—	2000.00	
			— 5,900.00
4. Ýmsar tekjur			— 266.00
		Samtals...	kr. 11,000.00

B. Gjöld.

1. Laun, er snerta stofnunina:		
a. gæzlunefnd	kr.	600.00
b. læknir og forstöðumaður	—	3600.00
c. aðstoðarmaður forstöðumannsins	—	1600.00
d. prestur	—	1200.00
e. gjaldkeri og reikningshaldari	—	1000.00
flyt...	kr.	8000.00

		fluttar...	kr.	8,000.00	
f.	forsöngvari		—	280.00	
g.	bryti		—	960.00	
h.	aðrir starfsmenn:				
	umsjón á skraddaraverkstæðinu	kr. 200.00			
	yfir-sjúklingaþjónusta, sjer einnig um línfatnað	— 200.00			
	yfireldabuska	— 160.00			
	2 eldabuskur, 100 kr. hvor	— 200.00			
	2 þvottastúlkur, 100 kr. hvor	— 200.00			
	2 sjúklingaþjónustur í kvennadeildinni, 132 kr. hvor	— 264.00			
	4 sjúklingaþjónustur í karlmannadeildinni, 160 kr. hver	— 640.00			
	kyndari, 1 kr. fyrir daginn	— 365.00			
	næturvörður og boðberi, 1 kr. fyrir daginn	— 365.00			
	skósmiður og dyravörður	— 365.00			
	baðþjónn og vikadrengur	— 240.00			
			kr.	3199.00	
i.	fyrir næturvökur		—	150.00	
k.	uppbót á kaupi vinnufólksins		—	211.00	
					kr. 12,800.00
2.	Viðurværi:				
a.	190 sjúklinga í 365 daga = 69,350 fæðisdagar, fyrir hvern dag 35 au.		kr.	24272.50	
b.	20 vinnuhjúa, 192 kr. á ári fyrir hvert		—	3840.00	
c.	verkafólks í 500 daga, 60 au. um daginn		—	300.00	
					— 28413.00
3.	Klæðnaður handa 190 sjúklingum, 6 kr. á ári handa hverjum				— 1140.00
4.	Sjúkraþjónusta handa 190 sjúklingum í 365 daga, 3,5 au. á dag				— 2427.00
5.	Eldiviður				— 4200.00
6.	Til ljósa				— 600.00
7.	Viðhald húsa (þar í talin hreinsun ofna og reykháfa)				— 1800.00
8.	Búsgögn				— 1800.00
9.	Kostnaður við aldingarðinn				— 200.00
10.	Þvottur og ræsting				— 600.00
11.	Greptrunarkostnaður				— 250.00
12.	Útgjöld við vinnu sjúklinganna:				
a.	til þess að kaupa efni, verkfæri o. fl.		kr.	1200.00	
b.	skipt á meðal sjúklinganna í peningum eða tóbaki		—	1800.00	
					— 3000.00
13.	Til að skemmta sjúklingunum				— 400.00
14.	Ýms gjöld				— 520.00
15.	Akstur				— 2300.00
16.	Útgjöld við landbúnaðinn:				
a.	laun:				
	2 vinnumanna, 240 kr. hvor	kr. 480.00			
	fæði handa þeim, 192 kr. á ári fyrir hvorn	— 384.00			
	1 daglaunamaður í 305 daga, 1 kr. 50 au. um daginn	— 457.50			
			kr.	1321.50	
		flyt...	kr.	1321.50	kr. 60450.00

fluttar...	kr. 1321. 50	kr. 60450.00
b. Vinnulaun	— 400. 00	
c. Fóður	— 1100. 00	
d. Viðhald húsa og húsgagna	— 800. 00	
e. Skattar og afgjöld	— 200. 00	
f. Ýms gjöld	— 728. 50	
		— 4550.00
Samtals...		kr. 65000.00
Tekjurnar eru áætlaðar...		— 11000.00
Tillag ríkissjóðs verður þá næsta fjárhagstímabil		kr. 54000.00

Dagskostnaður fyrir hvern sjúkling verður $= \frac{54000}{69350} = 0{,}78$ kr.

Fæðiskostnaðurinn er þrátt fyrir landbúnaðinn eins mikill á þessari og á hinum stofnununum.

Hreinn ágóði af landbúnaðinum er 5900 ÷ 4550 = 1350 kr.

Að dagkostnaðurinn fyrir hvern sjúkling er minnstur hjer, mun koma af því, að sjúklingarnir eru hjer flestir.

III. Áætlun yfir tekjur og gjöld Reknæs hjúkrunarstofnunar fyrir fjárhagstímabilið 1. júlí 1893—30. júní 1894.

1. Laun:			
a. gæzlunefndin		kr. 400. 00	
b. forstöðumaður og læknir		— 3800. 00	
c. gjaldkeri		— 600. 00	
d. prestur		— 632. 00	
e. forsöngvari		— 264. 00	
f. kennari		— 200. 00	
g. bryti		— 1105. 00	
h. til minni háttar starfsmanna:			
1. baðþjónn og kyndari	kr. 280. 00		
2. vinnumaður og dyravörður	— 250. 00		
3. yfireldabuska	— 120. 00		
4. yfirþvottakona	— 120. 00		
5. 2 eldabuskur, 100 kr. hvor	— 200. 00		
6. 3 sjúklingaþjónustur, 200 kr. hver	— 600. 00		
7. 1 þvottakona	— 120. 00		
8. 1 vökukona	— 280. 00		
		— 1970. 00	
			kr. 8971.00
2. Viðurværi handa 80 sjúklingum í 365 daga, 35 au. á dag fyrir hvern		kr. 10220.00	
handa 10 vinnuhjúum, 185 kr. á ári fyrir hvert þeirra		— 1850.00	
			— 12070.00
3. Klæðnaður handa 80 sjúklingum, 12 kr. á ári fyrir hvern þeirra			— 960.00
4. Sjúkraþjónusta			— 1200.00
5. Eldiviður			— 3500.00
flyt...			— 26701.00

	fluttar...		kr. 26,701.00
6.	Til ljósa		— 350.00
7.	Viðhald húsa, þarmeð talin hreinsun ofna og reykháfa....	kr. 2444.00	
	Brunabótargjald fyrir byggingar Reknæs stofnunarinnar ...	— 53.00	
			— 2497.00
8.	Búsáhöld, bækur og kensluáhöld		— 1150.00
9.	Kostnaður við aldingarðinn		— 200.00
10.	Þvottur og ræsting		— 500.00
11.	Skattar og afgjöld		— 508.00
12.	Greptrunarkostnaður		— 150.00
13.	Kostnaður við vinnu sjúklinganna:		
	a. Keypt efni og áhöld	kr. 150.00	
	b. Agóða skipt milli sjúklinganna	— 550.00	
			— 700.00
14.	Til að skemmta sjúklingunum		— 150.00
15.	Ýms gjöld		— 490.00
	Samtals...		kr. 33,396.00

Tekjur.

1.	Tekjur af vinnu sjúklinganna alls	kr.	700.00
2.	Ýmsar tekjur	—	250.00
3.	Afgjald af 2 lóðarblettum, er leigðir hafa verið út	—	16.00
4.	Borgað stofnuninni til endurgjalds fyrir föt, er sjúklinga vantaði, þegar þeir voru lagðir inn á stofnunina	—	150.00
5.	Áætluð tillög Reknæs stofnunarinnar	—	6100.00
	Samtals...	kr.	7216.00

Gjöldin eru þannig 26,180 kr. hærri en tekjurnar; 3. og 5. tekjuliðurinn snerta ekki rekstur stofnunarinnar, og verður því að leggja þær upphæðir við ríkissjóðs tillagið, þegar finna skal dagkostnaðinn, kemur þá út 26,180 + 6,100 + 16 = 32,960.

Þegar deilt er í upphæð þessa með 29,200 (tala fæðisdaganna), kemur út 1,13 kr. og er það dagkostnaður fyrir hvern sjúkling.

Dagkostnaðurinn fyrir hvern sjúkling fer mest eptir tölu sjúklinganna í hverri stofnun. Þegar margir sjúklingar eru á stofnuninni, verður kostnaðurinn við hvern sjúkling minni, og svo þvert á móti, þegar fáir eru.

Á Reknæs hjúkrunarstofnun hefur dagkostnaðurinn árin 1861—85 verið mismunandi, frá 1 kr. 23 au, og niður í 72 au; meðaltalið hefur verið 97,55 aurar.

Á fimmára-tímabilinu 1886—90 var á ríkisstofnununum 4 meðaltal sjúklingafjöldans og dagkostnaðarins:

Fimmára tímabilið 1886—1890.	Meðaltal sjúklinganna.	Dagkostnaður við hvern sjúkling, í aurum.
Lungegaards stofnun	63	145,5
Hjúkrunarstofnun Nr. 1	134,6	96,1
Reknæs hjúkrunarstofnun	74,5	110,9
Reitgjærdets hjúkrunarstofnun	180,9	71,7

Að dagkostnaðurinn er svo miklu hærri á Lungegaards stofnuninni en á hinum, stafar af því, að miklu fje hefur verið varið þar til lækningatilrauna, og á ári hverju lagðar 2—3 þúsund krónur til efnafræðisrannsókna og til bókakaupa, en eptir að Lungegaards stofnunin var lögð niður, voru þessi utgjöld flutt yfir á hjúkrunarstofnun nr. 1.

Viðvíkjandi einstökum gjaldaliðum mun mönnum þykja fróðlegt að fá ítarlegri upplýsingar:

Fæðiskostnaðurinn hefur verið misjafn á stofnununum og mismunandi á ýmsum tímum, mestur hefur hann verið 44 aurar fyrir sjúkling á dag, en minstur 24 aurar. Á Reknæs stofnuninni var þessi kostnaður á árunum 1861—85 að meðaltali 37 fyrir sjúkling á dag. Af áætlunum stofnananna síðustu 5 árin hef jeg sjeð, að kostnaðinum hefur mismunað frá 30 uppí 35 aura.

Klæðnaður hefur kostað fyrir hvern sjúkling frá 6 til 16 kr. á ári. — Meðaltalið og hið almennasta er 10 til 12 kr. á ári.

Sjúkraþjónusta (meðöl, sáraumbúðir, verkfæri o. fl.) hafa kostað minnst 7 kr. og mest 20 kr. fyrir hvern sjúkling á ári. Í áætlunum frá síðari árum er kostnaður þessi frá 12 til 15 kr. á ári. Á Reknæs stofnuninni hefur þessi kostnaður verið að meðaltali á árunum 1861—1885, 10 kr. 77 au, fyrir hvern sjúkling.

Fylgiskjöl.

1. Lög um framfærzlu fátækra holdsveikis sjúklinga og fl. 26. mai 1877.
2. Lög um einangrun holdsveikra og flutning á aðhjúkrunarstofnun eða spítala og fl. 6. júní 1885.
3. Viðurværisreglugjörð fyrir aðhjúkrunarstofnun fyrir holdsveika nr. 1.
4. Sama fyrir Reitgærdets aðhjúkrunarstofnun.
5. Reglugjörð, verksvið, viðurværisreglug. og húsagaskipun fyrir Reknæs aðhjúkrunarstofnun fyrir holdsveika.

6 a og b. Húsagaskipun fyrir Lungegaarðsspítala og Reitgjærdets aðhjúkrunarstofnun fyrir holdsveika.

7. Reglugjörð og verksvið fyrir Reitgjærdets hjúkrunarstofnun fyrir holdsveika.

II.

Tillögur til ráðstafana gegn holdsveikinni á Íslandi

Inngangur.

Holdsveikin (lepra) er lángvarandi næmur sjúkdómur og er gerill (Bacillus leprae), er norskur læknir, Armauer Hansen, tók fyrstur eptir 1869 orsök hans.

Einsog berklasýki og fransós, er algengastir eru af langvarandi næmum sjúkdómum, er holdsveikin sóttnæm; á því getur eigi lengur leikið minnsti vafi.

Alt bendir á, að sóttnæmi holdsveikinnar sje hin einasta orsök til útbreiðslu hennar. Aldrei hefur þess fundizt dæmi, að barn hafi fæðzt holdsveikt, og engin sönnun er fengin fyrir því, að sjálf veikin eða tilhneiging til hennar gangi að erfðum. Að loptslag, jarðvegur eða ásigkomulag fæðunnar eigi geti verið orsök sjúkdómsins, má meðal annars ráða af því, að hún kemur fram á afarmörgum stöðum í öllum heimsálfum og þar sem ástæður allar eru mjög ólíkar.

Holdsveiki er ekki eins bráðnæm og flestir aðrir næmir sjúkdómar; þessvegna er hún eigi eins útbreidd og eigi eins almenn; kemur mest fram sem farsótt á einstökum heimilum eða hjerððum, því er það og, að opt sýkjast fleiri í sömu ætt. Af þessu kom það, að menn fyrrum álitu sýkina arfgenga. Af sömu ástæðum var það og, að menn til skamms tíma töldu berklasýkina arfgenga.

Enníá vitum vjer eigi, hvernig sóttnæmisefni holdsveikinnar kemst á aðra menn, hvort það verði á þann hátt, að gerillinn komizt í sár á húðinni eða slímhimnum og þannig inn í blóðið (einsog venjulegast er við fransós), og er það sennilegast, eða þá að gerillinn komizt í ryki (upppornuðum greptri úr sárum, sem gerlar eru í) niður í barka og lungu og þaðan út í líkamann, (berklasýkin útbreiðist optast þann veg. Menn anda að sjer ryki af þornuðum hráka berklasjúkra manna).

Vjer getum því heldur eigi skýrt það, hvernig á því muni standa, að heilbrigður maður getur lengi lifað í nánu samlífi við holdsveikan mann, án þess að sýkjast, en vjer getum bent á, að eins er því opt varið með aðra næma sjúkdóma, t. d. berklasýki.

Það eru optast fullorðnir menn, er fá holdsveiki. Meðalaldur, er sýkin kemur í ljós, er um þrítugt.

Holdsveikin kemur fram, einsog mönnum er kunnugt, í tvennskonar myndum, þrimlaveikin og hin sljetta mynd hennar (limafallssýki); hin fyrnefnda tegund er hjerumbil helmingi algengari en hin. Stundum kemur sýkin fram í báðum myndum í einu.

Holdsveikin er einhver hinn hræðilegasti sjúkdómur; hún afskræmir menn mjög og er kvalafull.

Þeir er eigi hafa sjeð holdsveika, geta hugsað sjer sjúkling, er hefur þrimlaveikina; andlitið er alveg torkennilegt, tóm sár og hnútar; opt eru þeir blindir og handleggir og

fætur tilfinningarlausir; eða þá limafallssjúkan mann; vöðvarnir eyðast, tilfinningin hverfur, fingur og tær detta af, sjúklingarnir eru blindir, en með döpur opin augu, munnvöðvarnir eru orðnir aflausir og munnurinn er opinn og munnvatnið rennur út úr honum í sífellu. Enginn sjúkdómur er hryllilegri en holdsveiki. Hún leiðir sjúklingana hægt og hægt, án þess við því verði spornað, í dauðans greipar; þrimlaveikin stendur yfir um 9 ár, hin sljetta tegund hjerumbil helmingi lengur. Margir holdsveikissjúklingar lifa allt að 20 árum, án þess að geta nokkra björg sjer veitt.

Hvaða ráðstafanir geta menn nú gert gegn holdsveikinni? Læknuð verður hún eigi og hin einu úrræði verða því, annarsvegar að varðveita hina heilbrigðu meðlimi þjóðfjelagsins gegn þessari plágu með því að varna holdsveikum samneytis við aðra menn, og hinsvegar að hjúkra sjúklingunum, er eigi geta björg sjer veitt, svo vel sem unnt er.

Þegar á miðöldunum útrýmdu menn holdsveikinni í Miðevrópu með sífelldri strangri einangrun hinna veiku. Við þá var beitt hinni mestu harðýðgi, og farið með þá sem afbrotamenn. Það er einsdæmi í sögu læknisfræðinnar, að slíkri harðýðgi hafi beitt verið við sjúklinga, og sýnir það bezt, að holdsveikin hefur ætíð verið álitin ein af grimmustu óvinum mannlegs lífs.

Fyrir þær þjóðir, þar sem holdsveikin ennþá liggur í landi, er það þó mikil huggun, að nú er vissa fengin fyrir því, að með haganlegri einangran sjúklinganna má smámsaman útrýma henni.

Noregur hefur á þessari öld sýnt, að þessu má fá framgengt, og það á þann hátt, að ráðstafanir þær, er til þess verður að gera, koma eiginlega fram sem mannúðarverk við hina bágstöddu sjúklinga og án þess að af þeim þurfi að heimta annað eða meira, en það, sem þeir sem meðlimir þjóðfjelagsins hljóta að skoða skyldu sína að gera, til þess eigi að koma þessum hryllilega sjúkdómi á meðbræður sína.

Jeg er þess fullviss að Ísland muni bæði sjá og gjöra skyldu sína í þessu efni.

Eini vegurinn til að útrýma holdsveikinni, þar sem hún er landlæg, er stöðugt að einangra sem flesta sjúklinga, í opinberum stofnunum, er til þess eru gerðar. Þannig fóru menn að á miðöldunum og þannig hafa Norðmenn farið að.

Að minni ætlun á Ísland í öllum aðalatriðum að fara að dæmi Norðmanna og ætla jeg því um leið og jeg vísa til lýsingar minnar á holdsveikinni í Noregi aðeins að benda á einstöku atriði í ráðstöfunum þar, er jeg tel miður heppileg.

Í fyrstunni var aðeins $^1/_4$ hluti sjúklinganna einangraður í Noregi; rýrnun sjúkdómsins hefur því verið fremur hægfara. Æskilegt væri að geta þegar í byrjun einangrað alltað $^1/_3$ hluta sjúklinganna.

Í Noregi hafa menn lagt marga limafallssjúka inn á stofnanirnar. Að vísu geta allir holdsveikissjúklingar orðið til þess að útbreiða veikina, en hinsvegar er það víst, að mönnum er miklu minni hætta búin af hinni sljettu tegund veikinnar en af þrimlaveikinni. Sjúklingar, er hafa sár, er úr vellur eða grefur í, eru hættulegastir og þá ætti fyrst og fremst að leggja inn á sjúkrahús.

Gera ætti sjúklingunum örðugra að strjúka af stofnunum, en gjört er í Noregi, og útgönguleyfi og heimfararleyfi ætti heldur ekki að veita þeim eins opt.

Ekki ætti heldur að afhenda vinnu sjúklinganna án hreinsunar, eins og gjört er í Noregi.

Ákvæðin um varúðarreglur, er sjúklingar, sem lifa í heimahúsum, eiga að gæta, ættu að vera nákvæmari en í Noregi, þó þær ekki sjeu strangari.

Eptir að hafa gjört þessar athuganir, ætla jeg nú að minnast á: 1) stofnun og rekstur holdsveikisspítala á Íslandi og 2) frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum í líkingu við hin norsku lög 6. júní 1885.

I. Um stofnun hjúkrunar- og einangrunarstofnunar fyrir holdsveika á Íslandi.

Til þess að geta ákveðið, hve stór stofnunin skuli vera, verða menn að vita hjerum bil, hve margir eru holdsveikir á landinu. Rannsóknarferðir dr. med. Ehlers 1894—95 hafa frætt oss um þetta. Eins og mönnum mun kunnugt, fann hann 158 holdsveika. En þareð það er næsta almennt, að menn hafi byrjunarstig veikinnar, án þess að hafa hugmynd um, hvað að þeim gangi, eða jafnvel án þess að vita af því, að þeir sjeu veikir, og ennfremur ætlið finnast þeir, er reyna að leyna því, að þeir sjeu holdsveikir, má með vissu ætla, að þeir sjeu í rauninni talsvert fleiri en þetta. Af sömu ástæðum mun talning hjeraðslæknanna, er nú fer fram að tilhlutun stjórnarinnar, verða fyrir neðan hið sanna.

Jeg hygg, að fullyrða megi, að dr. Ehlers hafi fundið alla þá, er á árunum 1894 til 1895 höfðu viss einkenni holdsveikinnar. Það verður eigi búizt við því, að hjeraðslæknarnir — borgunarlaust! — fari inn á hvert einasta heimili og því síður rannsaki hvern einasta mann í hjerðuðum sínum, og má því ætla, að hin fyrsta talning þeirra verði eigi mikið nákvæmari, en sú er vjer nú höfum. Jeg hygg að álit dr. Ehlers, að á Íslandi muni vera um 200 holdsveikra manna, muni fara mjög nærri sanni, (það er 3‰ af landsmönnum. Í Noregi var flest 2‰).

Jeg hef fyr tekið það fram, að stofnunin verður að geta tekið á móti að minnsta kosti ¼ sjúlinganna. Komast mætti þó máske af með stofnun handa 50 sjúklingum; en jeg vil þó stinga upp á að hún rúmi 60 sjúklinga. Hjer verður að gæta þess, að því fleiri sem einangraðir eru, því fyr verður veikinni útrýmt, og verður því kostnaðurinn við útrýming sýkinnar óefað allt í allt minni, ef þegar í byrjun er byggð stór stofnun að tiltölu.

Mikið hefur verið rætt um, hvar byggja ætti stofnunina. Flestir hafa álitið, að rjettast væri að byggja hana nálægt Reykjavík, og við hana ætti að hafa talsverðan landbúnað, þar sem sjúklingarnir gætu fengið hæfilegan starfa. Af stofnunum Norðmanna er það aðeins stofnunin í Þrándheimi, er hefur landbúnað, en þar, líkt og á hinum stofnununum, hefur það komið í ljós, að holdsveikir menn, að fáum undanteknum, eigi þola örðuga vinnu. Vjer megum búast við hinu sama hjá oss, og þegar svo er, mun mikill landbúnaður við stofnunina, fyrir landsjóðssreikning, naumast, eins og menn hafa gjört ráð fyrir, draga til muna úr árskostnaðinum, en á hinn bóginn mundi til þess þurfa talsvert meira stofnfje.

Jeg ræð því frá að haga því þannig, og sting upp á, að stofnunin verði byggð fast við bæinn. Þetta mundi hafa ýmsan hagnað í för með sjer; flutningar yrður ódýrari; allan árshringin mundi mega fá nýjan fisk og nýtt kjöt úr íshúsi bæjarins, þegar eigi er hægt að fá það á annan hátt, og hefur það mjög mikla þýðingu; einnig mundu flestir heldri starfsmenn stofnunarinnar geta búið í bænum, svo að stjórn hennar yrði ódýrari og loks yrði eptirlitið auðveldara; ennfremur skal jeg benda á, að holdsveikisspítali rjett við bæinn mundi verða til allmikils gagns fyrir læknaskólann, en fyrir kennsluna á skólanum hefur það jafnan verið mjög bagalegt, að eigi hafa verið nógir sjúklingar. Hjá 60 holdsveikum mönnum mundu jafnan koma fram aðrir sjúkdómar, er not væru af við kennsluna.

Jeg býst við, að menn muni andmæla þessari uppástungu með því, að holdsveikisstofnun rjett við bæinn mundi geta sýkt bæjarbúa og að öðruleyti verið óþægileg fyrir þá, dregið úr ferðamannastraumnum, er stöðugt vex, o. s. frv.

Jeg ætla því að lýsa nokkru nánar, hvernig þessu er hagað í Björgvin. Hinn gamli sankta Jörgens spítali er inni í sjálfum bænum. Lungegaards spítalinn og hjúkrunarstofnunin nr. 1 voru byggð í útjaðri bæjarins við rætur hins svonefnda „Fløjfjeld“, milli þess og „Lungegaardsvandet“. Utan í hæðinni, meðfram veginum frá bænum út fram hjá stofnununum, þar sem sjúklingarnir ferðast daglega, hafa auðmenn bæjarins á síðari árum byggt óbrotnar raðir af lystihúsum. (Þennan listigarðapart bæjarins, með stofnununum í miðjunni, kalla Björgvinarbúar „Millionbakken“). Sjúklingarnir ganga dag hvern um bæinn og hafa bæjarbúar aldrei kvartað undan því. Björgvin er samkomustaður

útlendra ferðamanna; á öllum ferðamanna-uppdráttum af bænum er „The Leper Hospital“ sýnt sem eitt af því, er vert sje að sjá. Holdsveikisyfirlæknirinn hefur sagt mjer, að hann viti eigi dæmi til þess, að sjúklingar af stofnuninni hafi komið veikinni á neinn Björgvinarbúa, (í Björgvin er sýkin að minnka, einsog annarsstaðar í Noregi); hann segir, að bæjarbúar hafi ætíð varast náið samneyti við sjúklingana. Jeg skal jafnframt minna á það, að jeg hef ráðið frá að veita sjúklingunum eins mikið frjálsræði og gjört er í Noregi. Jeg get um leið látið þess getið, að í Noregi vita menn þess tvö dæmi, að vinnufólk hafi sýkzt á stofnuninni, en þá álitu menn sjúkdóminn eigi næman og gættu því eigi sömu varúðar og nú á tímum.

Að því er snertir stjórn og rekstur íslenskrar stofnunar, hygg jeg bezt að taka hinar norsku stofnanir sjer til fyrirmyndar í öllum aðalatriðum.

Jeg leyfi mjer því að koma fram með svolátandi tillögu:

Landlæknirinn og amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu hafa eptirlit með starfi og stjórn stofnunarinnar.

Æðri starfsmenn ætlast jeg til að sjeu þessir:

1 Læknir og forstjóri	laun	1,000 kr.
1 Ráðsmaður	—	2,000 —
og leigulausan bústað.		
1 Gjaldkeri og reikningshaldari	—	500 —
1 Prestur	—	200 —

Læknirinn hefur auk læknisstarfanna sömu störf á hendi og yfirforstöðumaðurinn í Noregi. Þessi störf mundu eigi verða meiri en svo, að einn af læknunum í Reykjavík, sem skipaðir eru við læknaskólann, mundi geta tekið það að sjer, ef nauðsyn krefði.

Ráðsmaðurinn ræðar fyrir öllum störfum stofnunarinnar; má ætla að hann geti haft á hendi störf þau, er í Noregi er skipt á milli ráðsmannsins og brytans.

Jeg hygg að einn af prestum þeim, sem búsettir eru í Reykjavík, mundi fús til að takast á hendur prestsverkin fyrir þau laun, er jeg hefi nefnt.

Þetta fyrirkomulag á stjórn stofnunarinnar yrði óefað kostnaðar minnst. Að vísu mætti hugsa sjer, að læknirinn væri jafnframt ráðsmaður með 3000 kr. launum — það yrði þá jafndýrt, — en opt mundi verða örðugt að fá lækni, sem sje vel hæfur til að vera ráðsmaður, og jafnframt fær um að kenna lærisveinum læknaskólans, og vildi takast starf á hendur, er óefað mundi hindra hann í að fást við önnur læknisstörf.

Áður en jeg skil við þetta átriði, ætla jeg að minnast á það fyrirkomulag, er eptir hlutarins eðli mundi vera hið allra æskilegasta, en það er, að settur væri sjerstakur læknir við stofnunina, er auk læknis- og stjórnarstarfa við hana, aðeins gæfi sig við vísindalegum rannsóknum viðvíkjandi holdsveikinni. Læknir þessi yrði að hafa góð laun, að minnsta kosti 4,000 kr. á ári.*) Þar við bætist svo tillag á ári hverju til bókakaupa og efnafræðisrannsókna, og gæti það varla verið minna en 2000 kr., mundi það því auka kostnaðinn í allt um 5,000 kr. á ári.

Með þessa tillögu kem jeg aðeins til þess að sýna, hvað mjer mundi þykja æskilegast.

Holdsveikinni hefur fyrst á síðari árum verið almennt veitt eptirtekt. Þar eru mörg atriði, er eigi eru skýrð ennþá, og sem hafa mundu hina mestu þýðingu fyrir vísindin, að leyst yrði úr. 5000 kr. kostnaðarviðbót mundi gefa Íslandi færi á að hjálpa til í þessu efni, er nú er að verða áhugamál lækna um heim allan. Það mundi verða hinni fámennu íslenzku þjóð til sóma, ef Íslendingur yrði til þess að vinna sjer orðstír með vísindarannsóknum, er snerta holdsveikina.

---

*) Holdsveikisyfirlæknirinn í Noregi hefur 4,800 kr. laun og auk þess 800 kr. launaviðbót.

Jeg ætla nú að reyna að gera áætlun um árskostnað við stofnunina:

Gjöld.

1.	Laun:			
	a) Læknir og forstjóri		1,000 kr.	
	b) Ráðsmaður		2,000 —	
	c) Gjaldkeri- og reikningshaldari		500 —	
	d) Prestur		200 —	
			3,700 kr.	
	e) vinnufólk:			
	ráðskona	200 kr.		
	yfirsjúklingaþjónusta og yfirþvottakona	200 —		
	2 eldabuskur, 80 kr. hvor	160 —		
	2 sjúklingaþjónustur, 120 kr. hvor	240 —		
	1 þvottastúlka	80 —		
	kyndari	300 —		
	dyravörður og skósmiður	200 —		
	baðþjónn, sendiveinn og garðyrkjumaður	200 —		
	vökukona og baðstúlka	80 —		
			1,660 —	
				5,360 kr.
2.	Viðurværi:			
	handa 60 sjúklingum = 21,900 fæðisdagar, 30 a. fyrir daginn		6,570 kr.	
	handa 11 vinnuhjúum, 180 kr. fyrir hvert á ári		1,980 —	
				8,550 —
3.	Klæðnaður handa 60 sjúklingum, 8 kr. fyrir hvern			480 —
4.	Sjúkraþjónusta*), 15 kr. fyrir hvern sjúkling			900 —
5.	Eldiviður			2,000 —
6.	Til ljósa			300 —
7.	Viðhald á byggingunum			1,000 —
8.	Húsbúnaður			800 —
9.	Kostnaður við viðhald garðsins			200 —
10.	Þvottur og ræsting			200 —
11.	Greptrunarkostnaður			100 —
12.	Kostað til að skemmta sjúklingunum			100 —
13.	Ýms gjöld			1,010 —
			Samtals...	21,000 kr.

Við gjaldlið 1.

Þess skal getið, að til þess að komast af með eins fá vinnuhjú og hjer er gert ráð fyrir, verður að fá mjög dugleg og áreiðanleg hjú. Vonandi er að það geti tekizt, þegar laun þau, er hjer er stungið uppá, eru í boði.

Laun kyndara verða að vera hærri en annara vinnumanna við stofnunina, því hann á að passa gufuketil stofnunarinnar, er byrgir eldhús, þvottahús og böðin með gufu og heitu vatni, en það starf er bæði örðugra og vandameira, en önnur störf við stofnunina.

*) Meðöl og umbúðir.

Við gjaldlið 2.

Í Noregi eru helztu nauðsynjavörur að jafnaði dálítið dýrari en á Íslandi. Þó skal þess getið, að mjólk er talsvert dýrari í Reykjavík en í Bjórgvin, það er einkum hið tiltölulega lága verð á fiski og kjöti á Íslandi, er gerir, að jeg hygg, að komast megi af með um 30 aura til fæðis á dag.

Við gjaldlið 3.

Sje þess krafizt á Íslandi einsog í Noregi, að hver sjúklingur hafi tvennan alfatnað, þegar hann kemur á stofnunina, mun óefað mega komast af með 8 kr. handa hverjum þeirra fyrsta árið.

Við gjaldlið 4.

Stofnunin verður sjálf að hafa lyfjabúð; með því mun mega spara talsverð útgjöld til meðalakaupa. Aðeins fyrsta árið verða útgjöldin dálítið hærri, því kaupa verður meðalaglös, krukkur, meðalavog o. fl.

Hjer skal þess getið, að veita verður í eitt skipti um 300 kr., til þess að kaupa handlækningaverkfæri. Upphæð þessa mundi mega telja með útgjöldum til búsgagna (húsbúnaðar).

Við gjaldliðina 5—11.

Hve mikið fje muni þurfa til þessara gjalda, er örðugt að segja. Þegar búið er að ákveða, hvar byggja skuli stofnunina og hvernig henni skuli haga, mun auðveldara að gera nákvæma áætlun um þau.

Við gjaldlið 12.

Þessu litla fje ætti að minni ætlun að verja til bóka- og blaðakaupa handa sjúklingunum.

Við gjaldlið 13.

Til óvissra gjalda mun verða að áætla talsvert fje fyrsta árið.

Þegar tölu fæðisdaganna er deilt í þessa upphæð, kemur $\frac{21000}{21900} = 95$ au. og er það dagskostnaðurinn fyrir hvern sjúkling.

Nú mun jeg minnast á hugsanlegar tekjur stofnunarinnar. Fyrst og fremst hefur verið gert ráð fyrir, að sveitarfjelögin legðu með sjúklingunum. Þótt tillag þetta væri svo lítið (smbr. frumvarp stjórnarinnar 1895), að ætlið væri hagnaður fyrir sveitarfjelögin að koma holdsveikum sveitarlimum á stofnunina, þá mundi þetta fyrirkomulag þó hafa þau óþægindi í för með sjer, er eigi má gera of lítið úr, að það mundi koma sveitarfjelögunum til að neyta allra, bæði góðra og miður góðra bragða, til þess að koma að reglunum um nauðungarskyldu til innlagningar, til þess að losa sig við fátæka holdsveikamenn, er líkindi væru til, að mundu komast á sveit innan skamms.

Enn þá óheppilegra yrði það, að heimta borgun af þeim, er sjálfkrafa leituðu stofnunarinnar; það væri hið sama og að gleyma tilgangi hennar, en tilgangurinn er eigi aðeins sá, að einangra holdsveika, heldur og að veita þeim hjúkrun.

Jeg legg það því til, að farið sje að dæmi Norðmanna og öllum holdsveikum verði hjúkrað ókeypis á stofnuninni, fyrst og fremst fátækum og þeim sem nauðugir eru lagðir inn á hana, og þvínæst, þegar rúm leyfir, hverjum holdsveikum er æskir inntöku.

Ágóðanum af vinnu sjúklinganna ætti helzt að skipta á milli þeirra, einsog nú er gjört í Noregi. Það hefur reynzt mjög vel þar; það gjörir sjúklingunum lífið bærilegra og stofnunina aðgengilegri. Fyrir seldar matarleifar og þesshátlar mundi eigi fást mikið fje.

II. Um lög um einangrun holdsveikra og flutning þeirra á opinbera hjúkrunarstofnun.

Stjórnin og þingið hafa þegar viðurkennt, að nauðsyn sje til að fá lög um það efni. Óefað er rjett að hafa hin norsku lög til fyrirmyndar; en eigi má ganga lengra, því þýðing af þeim lögum mundi eigi mega hlíta á Íslandi, því að ástæður eru í mörgum efnum ólíkar á Íslandi og í Noregi.

Að því er jeg hygg, mundu lög, er sniðin væru eptir frumvarpi því, er hjer fer á eptir, eiga bezt við á Íslandi.

Frumvarp til laga

um

holdsveikisvarnir.

1. grein.

Hjeraðslæknir skal skrásetja alla holdsveika menn í umdæmi sínu í bók, er til þess sje gerð, á þann hátt, er landlæknir ákveður.

Einu sinni á ári semur hjeraðslæknir, eptir fyrirsögn landlæknis, útdrátt úr bók þessari og sendir honum.

2. grein.

Þá er holdsveikur maður flytur úr einu læknisumdæmi í annað, ber lækni þess umdæmis, er sjúklingurin fer úr, að tilkynna vistferlin lækni þess hjeraðs, sem sjúklinguringinn flytur í.

3. grein.

Hjeraðslækni ber að hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í hjeraðinu.

Hann skýri sjúklingunum og samvistarmönnum þeirra frá því, hvers þeir eiga að gæta, til þess að sjúkdómurinn berist ekki á aðra, og sjá um, að ekki sje út af brugðið.

Skildir eru hreppstjórar og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita lækni lið við þessi störf, eftir því sem hann æskir.

4. grein.

Holdsveikir menn skulu jafnan gæta þess, er hjer segir:

1) Þeir skulu sofa einir í rúmi. Hjónum er þó frjálst að hvíla saman, ef þeim er nauðugt að skilja.
2) Þeir skulu hafa sjer hrákadall og ekki hrækja á gólf í húsum manna.
3) Þeir skulu hafa matarílát og borðbúnað, er þeir einir noti.
4) Rúmföt þeirra og íveruföt, matarílát og borðbúnaður skal þvegið út af fyrir sig.

Umbúðir af sárum þeirra skulu brenndar, ella soðnar hálfa stund í vatni.

5) þeir mega ekki stunda börn, ekki þjóna heilbrigðum, og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig.
6) þeir skulu ekki að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka á móti gestum.
7) Nú álítur hjeraðslæknir, að frekari varúðar sje þörf, og eru þeir þá skildir að hlýða honum,

5. grein.

Íbúðarhús eða herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikir menn hafa notað, mega menn ekki nota eða láta aðra fá, fyr en hreinkað hafi verið á þann hátt, er hjeraðslæknir skipar fyrir.

6. grein.

Þá er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, skal húsráðandi á heimilinu þegar í stað skýra hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því, en hann lætur hjeraðslækni vita um það á hálfs mánaðar fresti.

Nú hefur hjeraðslæknir fengið fregnina og ber honum þá að annast, að íveruhús eða herbergi hins holdsveika manns, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eptir hann finnast, sjeu tafarlaust hreinkaðir eptir þörfum.

7. grein.

Holdsveika menn, er njóta sveitarstyrks, skal setja í holdsveikrahús, þá er sveitar- eða bæjarstjórn æskir þess eða hjeraðslæknir telur nauðsyn á því.

Sjeu þeir eigi þar settir, skal þeim komið fyrir á þann hátt, að full trygging sje fyrir því, að farið verði eftir fyrirmælum 4. greinar.

Ef þess er kostur, skal þeim komið svo fyrir, að hjón sjeu ekki skilin að nauðugu. Hafi ráðstafanir sveitarstjórnar slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því aðeins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af amtmanni, enda hafi álits hlutaðeigandi sóknarprests og læknis verið leitað.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitar- eða bæjarstjórn setja þurfamenn niður á heimili, þar sem holdsveiki er fyrir, nema hjeraðslæknir leyfi.

8. grein.

Ef holdsveikur maður, sá er ekki þyggur af sveit, brýtur ákvæði 4. greinar, getur hjeraðslæknir heimtað og sýslumaður ákveðið, að hann skuli settur í holdsveikrahús.

Um aðskilnað hjóna gilda ákvæði 7. greinar.

9. grein.

Ef þörf gerist, annast lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikra, þeirra er samkvæmt lögum þessum eiga að fara í holdsveikrahús.

10. grein.

Fyrir ferðir þær, er hjeraðslæknir verður að fara samkvæmt ákvæðum laga þessara, fær hann sömu burgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.

Þennan kostnað, ásamt kostnaði við sóttnæmishreinsun samkvæmt 6. grein og kostnaði við flutning holdsveikra þurfamanna á holdsveikishús, greiðir sýslu- eða bæjarsjóður sá, er í hlut á.

Kostnaðinn við flutning holdsveikra, þeirra er settir eru í holdsveikishúsið eptir 8. grein, skal greiða úr landssjóði.

11. grein.

Brot gegn lögum þessum skal farið með sem opinber lögreglumál, og varða þau allt að 200 kr. sektum.

12. grein.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eptir að það hefur auglýst verið í B-deild stjórnartíðindanna, að holdsveikrahús sje fullgert og til afnota, eða verði það innan ákveðins tíma.

Athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins.

1. og 2. grein

gera hjeraðslæknum að skyldu, að hafa sjerstaka bók yfir holdsveika menn í hverju hjeraði, og er holdsveikur maður flytur í annað umdæmi, þá að skýra hjeraðslækni þar frá því.

Þetta er nauðsynlegt til þess að þekkja vel útbreiðslu sjúkdómsins, bæði á öllu landinu og í hverju einstöku hjeraði.

3. grein

skipar hjeraðslæknunum að líta eptir, hvernig fer um holdsveika. Í Noregi aðstoða heilbrigðisnefndirnar, þ. e. hjeraðsstjórnirnar, læknana í þessu efni. Á Íslandi mundi heppilegra að gjöra hreppstjórana, sem eru fastir starfsmenn í þjónustu hins opinbera, að nokkurskonar heilbrigðis-umsjónarmönnum, en að fela það hreppsnefndunum, er allt af skipta um menn.

4. grein.

Hin norsku lög 6. júní 1885 veita heilbrigðisnefndunum vald til að skipa holdsveikum ákveðnar varúðarreglur, þ. e. a. s.: heilbrigðisnefndirnar geta nú samkvæmt þessum lögum og lögum 16. maí 1860 (lög um heilbrigðisnefndir) samið samþykktir um ráðstafanir gegn holdsveiki. Samþykktir þessar eiga að fá samþykki stjórnarinnar.

Á sama hátt mætti veita sveitarstjórnum á Íslandi vald til að gjöra slíkar samþykktir um holdsveika, er stjórnin staðfesti.

Að minni hyggju mundi þó vera enn þá heppilegra að hafa ákvæðin í lögunum sjálfum. Sveitasamþykktir geta orðið miður vel orðaðar og þar að auki er þeim síður hlýtt og hættara við, að sjúklingarnir yrðu óánægðir með þær en lög, er gilda um land allt.

Menn munu koma með þau mótmæli gegn þessari tillögu, að ástæður sjeu ólíkar í ýmsum hjeruðum landsins, en þeim mótbárum má svara með því, að helztu varúðarreglurnar hljóti að vera allsstaðar hinar sömu. Sveitasamþykktir geta heldur ekki gefið nákvæmar reglur; það verður að fela þeim yfirvöldum, er gæta þess, að lögunum eða samþykktinni sje hlýtt.

5. og 6. grein.

hafa lík ákvæði og 7. greinin í frumvarpi stjórnarinnar.

Að líkindum verða menn að láta sjer nægja að fyrirskipa boðsending og sótthreinsun á kostnað hins opinbera í þeim tilfellum aðeins, er 6 gr. ræðir um, því víðtækari ákvæði mundu hafa mjög mikinn kostnað í för með sjer, en annars (5. gr.) að leggja það aðeins almennt fyrir, að menn hreinsi muni, er holdsveikir menn hafa notað, á þann hátt, er hlutaðeigandi læknir skipar fyrir, eða eptir almennri og vel auglýstri fyrirskipan landlæknis fyrir land allt, og væri það ef til vill bezt.

7. grein,
1.–3. liður er samhljóða 1. greininni í frumvarpi stjórnarinnar; 4 og 5. liðurinn eiga að verja börn og aðra, er eigi geta varið sig sjálfir, gegn sýkinni.

8. grein
er svipuð 3. greininni í frumvarpi stjórnarinnar.

Mjer virðist óhugsandi, að hjeraðslæknir og sýslumaður báðir saman vilji verða til þess að misbrúka ákvæðin um skylduinnlagningu. Með því að fela sýslumanni, en eigi amtmanni, alloptast fullnaðar úrskurð í þessu efni, vinnst mikill tími, og getur það opt verið æskilegt.

9. grein
er samhljóða 5. greininni í frumvarpi stjórnarinnar.

10. grein.
Ferðakostnað lækna og kostnað við sótthreinsanir er ætlast til að sýslu- eða bæjarsjóður greiði, en ekki landssjóður. Með því fyrirkomulagi mun fást meiri trygging fyrir því, að kostnaður þessi verði eigi of hár eða óþarfur.

11. og 12. greinar
eru samhljóða frumvarpi stjórnarinnar.

Kaupmannahöfn. — Prentað hjá J. H. Schultz.

Nd. 23. **Frumvarp til stjórnarskipunarlaga**
um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874.
Flutningsmaður: Valtýr Guðmundsson.

Í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, breytist 3., 25., 34. og 61. gr. ásamt 2. ákvörðun um stundarsakir sem hjer segir:

1. gr.

3. grein orðist svo:

Í þeim málefnum, sem getið er í fyrra lið 1. greinar, ber ráðgjafinn ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum.

2. gr.

1. liður 25. greinar orðist svo:

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrirfram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

3. gr.

34. grein orðist svo:

Ráðgjafanum fyrir Ísland skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og á hann rétt á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa.

Ráðgjafinn getur einnig veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið sjer og láta því í tje skýrslur þær, er virðast nauðsynlegar. Í forföllum ráðgjafa má veita öðrum umboð til þess að semja við þingið.

Atkvæðisrjett hefur ráðgjafinn eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

4. gr.

2. málsgrein 61. greinar orðist svo:

Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, og vilji stjórnin styðja málið, skal leysa alþingi upp og stofna til almennra kosninga af nýju.

5. gr.

2. ákvörðun um stundarsakir orðist svo:

Þangað til lög þau, er getið er í 3. grein, koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland, eptir þeim málsfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.

Nd. 24. **Tillaga**
til þingsályktunar um ráðstafanir gegn fjárkláða. Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Þorlákur Guðmundsson, Þórður Guðmundsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að semja tillögur um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

Nd. 25. **Tillaga**
til þingsályktunar um samgöngumál. Flutningsmenn: Kl. Jónsson, Jens Pálsson, Skúli Thoroddsen, Valtýr Guðmundsson.

Neðri deild alþingis ályktar að kjósa 5 manna nefnd, til þess að semja tillögur um tilhögun á samgöngum landsins.

Nd. 26. **Frumvarp til laga**
um kjörgengi kvenna. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen.

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Nd. 27. **Frumvarp**
til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi. Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. gr.

Borgarabrjef til verzlunar, er hjer eptir verða útgefin, veita ekki rjett til neins konar verzlunar með áfengi.

2. gr.

Vilji einhver, sem leyst hefir borgarabrjef til verzlunar í kaupstað eða löggiltu kauptúni, öðlast rjett til áfengissölu með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum 10. febr. 1888, skal hann senda bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeim kaupstað eða hreppi, er í hlut á, skriflega bæn um það, og skal hreppsnefndin síðan bera málið undir atkvæði hreppsbúa á hreppskilaþingi, og þarf þá meiri hluta atkvæða hreppsbúa þeirra, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, og auk þess samþykki meiri hluta hreppsnefndarinnar. Í kaupstöðum skal leggja málið fyrir almennan fund atkvæðisbærra bæjarmanna, og þarf þá meiri hluta atkvæða þeirra bæjarbúa, er atkvæðisrjett eiga í bæjarmálum, til þess að veita leyfið, og auk þess samþykki meiri hluta bæjarstjórnarinnar. Leyfið gildir til eins árs. — Sýslumenn eða bæjarfógetar gefa út leyfisbrjefið, og skal fyrir það greiða 100 kr., er renna í landssjóð.

Nd. 28. **Frumvarp til laga**
um brúargerð á Lagarfljót. Flutningsmaður: Einar Jónsson.

Stjórninni veitist heimild til, að láta gera brú á Lagarfljót í Fljótsdalshjeraði, og verja til þess allt að 75,000 kr.

Ed. 29. **Frumvarp**
til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði. Flutningsm.: Guttormur Vigfússon.

Land það, er reisa má á verzlunarhús á Eskifirði, skal stækkað um svæðið milli Snæhvammslæks og Garðhúslæks, frá hinni núverandi verzlunarlóð 100 faðma á land upp, og um ströndina frá hinni núverandi verzlunarlóð út að svo kallaðri Mjóeyri, 70 faðma á land upp frá stórstraums-flóðmáli.

Nd. **30. Frumvarp**
til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð. Flutningsmenn: Kl. Jónsson og Jón Jónsson þm. Eyf.

Á Hjalteyri við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 31. **Frumvarp til laga**
um breyting á lögum nr. 8 um vegi, 13. apr. 1894. Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson, Þorlákur Guðmundsson og Tryggvi Gunnarsson.

Sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12000 kr. af sýsluvegagjaldi sýslunnar til flutningabrautar frá Eyrarbakka upp Árnessýslu (lög 13. apr. 1894, 3. gr. nr. 3).

Ed. 32. **Breytingaratkvæði**
við frumvarp til laga um undirbúning verðlagsskráa. Frá Guttormi Vigfússyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna »hvert hérað« á tveim stöðum komi: sýslu hverja.

Nd. 33. **Tillaga**
til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálefnum. Frá Halldóri Daníelssyni, Þorláki Guðmundssyni, Sighvati Árnasyni og Þórði Guðmundssyni.

1. Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 3 manna nefnd milli þinga, til að íhuga fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf landsins, og semja frumvarp til nýrra fátækra- og sveitarstjórnarlaga, er lagt verði fyrir alþingi 1899.

2. Alþingi skorar á landsstjórnina að leggja fyrir embættismenn og sveitarstjórnarvöld landsins að láta nefndinni í tje allar þær skýrslur og upplýsingar, sem þeim er mögulegt og sem nefndin kynni að óska eptir.

Ed. 34. **Frumvarp**
til laga um eptirlaun. Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga og Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múlasýslu.

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eptirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupp-

hæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum ber eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1, viss árleg laun; 2, launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3, aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_8$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giptist að nýju; 2, þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun, af því að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Nd. 35. **Tillaga**

til þingsályktunar um menntamál. Flutningsmenn: Jón Þórarinsson og Þórður Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að íhuga hin lægri menntamál og semja frumvarp eða tillögur um fyrirkomulag þeirra.

Ed. 36. **Frumvarp**

til laga um horfelli á skepnum. Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.

1. gr. Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri brýna fyrir hreppsbúum að hafa nægilegt húsrúm og fóður fyrir fjenað þann, er þeir setja á vetur.

2. gr. Á tímabilinu frá 15. marz til 15. maí ár hvert skal hreppstjóri ásamt tveimur mönnum úr hreppsnefndinni, er hann kveður þar til, skoða allan búpening í hreppnum og grennslast eptir fóðurbirgðum og meðferð fjárins.

3. gr. Nú telja skoðunarmenn skepnur fóðurlausar og illa hirtar, og áminna þeir eigendur og umráðamenn þeirra um að útvega þeim fóður, ef þess er kostur. Þeim skepnum, sem að áliti skoðunarmanna ekki er lífvænt, hvort að er sökum megurðar eður þess, að fóður er ekki fáanlegt, skal eigandi skyldur að lóga

4. gr. Nú þykir hreppsnefnd sem fjenað einhvers hreppsbúa sje horfellir búinn sökum fóðurskorts, illrar hirðingar eður annars hirðuleysis, og skorar hún þá á hreppstjóra, að skoða fjenað þess manns; kveður hreppstjóri með sjer til þeirrar skoðunar tvo búendur, er næstir búa því heimili, þar sem skoða á, en að öðru leyti fer um þá skoðunargjörð, sem fyrir er mælt í 3. gr.

5. gr. Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefur undir hendi, og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og er sá maður sekur samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna.

6. gr. Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslu um hina árlegu skoðunargjörð, sem um er rætt í 2. gr.; skal skýrsla þessi samin eptir fyrirmynd, er amtsráðið semur.

7. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3.—4. gr., fá skoðunarmenn 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr. Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það allt að 20 króna sektum til sveitarsjóðs, og skal með þau mál fara sem opinber lögreglumál.

9. gr. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grennslast eptir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt eða brot framið gegn þeim.

10. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 12. jan. 1884 um horfelli á skepnum.

Nd. 37. **Tillaga**

til þingsályktunar. Flutningsmenn: Jens Pálsson og Einar Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja nefnd, til að íhuga, hvað þingið geti gert til eflingar landbúnaðinum og koma fram með tillögur um það.

Nd. 38. **Tillaga**

til þingsályktunar. Flutningsmenn: Einar Jónsson og Jens Pálsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja nefnd, til að íhuga, hvað þingið geti gert til eflingar sjávarútveginum, og koma fram með tillögur um það.

Ed. 39. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um uppreist á æru án konungsúrskurðar. Frá Sigurði Stefánssyni, 1. þm. Ísfirðinga.

1. Fyrsta málsgrein frumvarpsgreinarinnar, sem verður 1. gr., orðist þannig:

Hafi manni að eins einu sinni eptir dómi verið hegnt fyrir brot, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hafi hegningin ekki verið hærri en fangelsi við vatn og brauð, þá öðlast hann að fullum 10 árum liðnum, frá því hegningardómur var uppkveðinn, aptur öll þau rjettindi, er fást með uppreist á æru samkvæmt tilskipun 12. marz 1870, enda hafi hann dvalið allan þann tíma á Íslandi og eigi verið ákærður aptur eða honum hegnt fyrir sams konar brot.

2. Önnur málsgrein frumvarpsgreinarinnar, sem verður 2. gr., orðist þannig:

Sá, er uppreist fær æru sinnar samkvæmt lögum þessum, á heimting á, að fá um það skriflegt vottorð hjá lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hann dvelur.

Ed. 40. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um nýbýli. Frá Kristjáni Jónssyni.

Við 4. gr.

Upphaf greinarinnar orðist þannig:

Nú vill maður taka upp nýbýli í afrjett eða almenningi samkvæmt 2. lið 1. gr., og getur þá hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir áskilið, o. s. frv.

Ed. 41. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum. Frá Kristjáni Jónssyni.

Við 1. gr. (síðast í 1. málslið). Fyrir: »er meiri sje« komi: er lengri sje.

Við 2. gr. Fyrir: »dómritaranum« komi: dómaranum.

Nd. 42. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu. Flutningsmenn: Sighvatur Árnason og Þórður Guðmundsson.

Hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 43. **Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði nálægt Ferjubakka. Flutningsmaður Benedikt Sveinsson.

Stjórninni veitist heimild til að láta gjöra brú á Jökulsá í Axarfirði nálægt Ferjubakka, og að verja til þess allt að 50,000 kr. úr landssjóði.

Ed. 44. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frá Jóni Jakobssyni og Þorleifi Jónssyni.

Í stað orðanna »meðan — stað« komi: »á kirkjustöðum, meðan á messugjörð stendur«.

Ed. 45. **Frumvarp**

til laga um að koma á gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík, og auka kennsluna við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. Flutningsmaður Jón A. Hjaltalín.

1. gr. Gagnfræðakennslu skal koma á í lærða skólanum í Reykjavík, og skal svo tilhagað, að hún sje neðra kennslustig í skólanum, en lærða kennslan hið efra. Til þess að koma þessu á, skal einum bekk bætt við þá, sem nú eru, þannig, að í þrem neðstu bekkjunum verði gagnfræðakennsla, en í 4 efri bekkjunum lærð kennsla. Heimasveinaplássin skulu afnumin, en í stað þess veittur húsaleigustyrkur 40 fátækum og efnilegum utanbæjar lærisveinum, 50 kr. handa hverjum eða 2000 kr. á ári alls. Til þess að útbúa hinar nýju kennslustofur og til áhaldakaupa o. fl. veitast 700 kr.

2. gr. Við bekki þá, er nú eru í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, skal bætt einum bekk, svo að kennslan í þeim skóla samsvari að öllu leyti kennslunni í þrem neðstu bekkjum Reykjavíkur lærða skóla.

3. gr. Skipa skal við Reykjavíkur lærða skóla 1 yfirkennara og 1 kennara, auk þeirra, sem nú eru, en við Möðruvallaskólann 1 kennara. Yfirkennarinn fær 3200 kr. í árslaun, kennarinn við lærða skólann fær 2400 kr., og kennarinn við Möðruvallaskólann 2000 kr. í árslaun.

4. gr. Kennslugreinir í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík og í Möðruvallaskólanum skulu vera hinar sömu, og taldar eru í lögum um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881, nr. 19., 1. gr.

5. gr. Landshöfðingi semur reglugjörð fyrir skóla þessa og sjer um, að fyrirkomulag það, sem lög þessi skipa fyrir, komist á svo fljótt, sem unnt er. Þegar það er kom-

ið á, geta lærisveinar þeir, sem tekið hafa burtfararpróf úr Möðruvallaskóla, gengið próflaust í 4. bekk Reykjavíkur lærða skóla.

Nd. 46. **Frumvarp**
til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum. Flutningsmaður Ólafur Briem.

Við Haganesvík í Fljótum skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 47. **Frumvarp**
til laga um breyting á yfirsetukvennalögum 17. des. 1875. Flutningsmenn: Tryggvi Gunnarsson, Þorlákur Guðmundsson, Björn Sigfússon, Jón Jónsson, þm. A.-Sk.

1. gr. Hin föstu laun yfirsetukvenna (100 kr. í kaupstöðum og 60 kr. í sveitum) skal eptirleiðis greiða úr landssjóði, en ef þeim eru veittar launaviðbætur eða eptirlaun, skal sá kostnaður takast úr sýslusjóði eða bæjarsjóði þeim, er hlut á að máli.

2. gr. Með þessu er úr gildi numin 1. málsgrein 4. greinar í yfirsetukvennalögum 17. des. 1875.

Nd. 48. **Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 8 um vegi 13. apríl 1894. Frá Guðl. Guðmundssyni.

Fyrirsögnin orðist þannig:

Frumvarp til laga
um að sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12000 kr. úr sýsluvegasjóði til flutningabrautar.

Nd. 49. **Frumvarp**
til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða. Flutningsmaður: Guðl. Guðmundsson.

1. gr. Tilskipun um búnaðarskólagjald 12. febr. 1872, 3. og 4. gr., skal numin úr gildi.

2. gr. Gjöldin til amts-jafnaðarsjóðanna, eptir niðurjöfnun amtsráðanna, skulu eptirleiðis greidd úr sjóðum sýslnanna. Gjöldin skiptast á sýslufjelögin eptir samanlagðr tölu lausafjár- og fasteignarhundraða og eptir manntali í hverju sýslufjelagi um sig.

3. gr. Gjöldum þeim til sýslusjóðanna, er sýslunefndirnar jafna niður, skal eptirleiðis skipt á hreppsfjelögin eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða og eptir manntali í hverju hreppsfjelagi um sig.

4. gr. Hver sá, er telur fram 1 hdr. eða meir til tíundar, greiðir 2 krónur í skatt af hverjum hundi, er hann heldur, en 10 kr., ef hann eigi telur fram svo mikið lausafje tíundbært. Hundaskatturinn rennur í sýslusjóð.

Nd. 50. **Tillaga**
til þingsályktunar um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861. Flutningsmenn: Sighv. Árnason og Þórður Guðmundsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að semja tillögur um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1. apríl 1861.

Ed. 51. **Frumvarp**

til laga um uppreist á æru án konungsúrskurðar (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Hafi manni að eins einu sinni eptir dómi verið hegnt fyrir brot, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hafi hegningin ekki verið hærri en fangelsi við vatn og brauð, þá öðlast hann að fullum 10 árum liðnum, frá því hegningardómur var uppkveðinn, aptur öll þau rjettindi, er fást með uppreist á æru samkvæmt tilskipun 12. marz 1870, enda hafi hann dvalið allan þann tíma á Íslandi og eigi verið ákærður aptur eða honum hegnt fyrir sams konar brot.

2. gr. Sá er uppreist fær æru sinnar samkvæmt lögum þessum, á heimting á, að fá um það skriflegt vottorð hjá lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hann dvelur í.

Ed. 52. **Frumvarp**

til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum; (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, með opinberri stefnu, er birta skal þrisvar sinnum í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, innkalla með árs og dags fyrirvara handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigendum — en þar með skal ávallt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Þegar ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, getur innköllun eptir þeim eigi lengur átt sjer stað.

2. gr. Um þau veðskuldabrjef, er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, að innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómaranum, að sá, er hefir hina veðsettu eign, kannist við veðskuldbindinguna, eða að hlutaðeigandi veðhafi hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

3. gr. Í málum þeim, er ræðir um í 1. gr., skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landssjóði.

Fyrir afmáun, bókun og áritun eptir 2. gr. skal ekkert borga.

Ed. 53. **Frumvarp**

til laga um undirbúning verðlagsskráa (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður, kosinn af hreppsnefnd eða bæjarstjórn, skulu í hreppi hverjum eða bæjarfjelagi í samvinnu ár hvert í október mánaðarlok semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og innlendum vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eptir því peningagangverði, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfjelags á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar. — Sjeu fleiri en einn prestur í hreppnum, ákveða stiptsyfirvöldin, hver þeirra skuli vera í nefndinni. Formaður skattanefndarinnar er einnig formaður þessarar nefndar.

Nú er einhver tegund landaura, sem hefur ekki gengið kaupum nje sölum mót peningum það ár í hreppnum eða bæjarfjelaginu, þótt hún sje þar til og gangi þar ella venjulega kaupum og sölum, og má þá setja það verð á þessa vörutegund, er semjendum verðlagsskýrslunnar kemur saman um að muni vera hæfilegt, með tilliti til þess, hvað sú eða sams konar vörutegund hefir gengið kaupum eða sölum í næstu sveitum eða verzlunarstað. Nú hefir einhver vörutegund að vísu verið seld eða keypt fyrir peninga, en með óvanalega lágu eða háu verði, sem sjerstakar ástæður hafa valdið, skal þá ekki leggja það verð til grundvallar fyrir samningu verðlagsskýrslunnar. Nú geta semjendur ekki orðið á eitt sáttir um verðlagið, og skal þá meðaltal ráða. Skýrsla þessi, undirskrifuð af öllum semjendum, skal lögð fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfjelaginu í tvær vikur.

2. gr. Verðlagsskýrslur hreppa og bæjarfjelaga skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður semur eptir þeim eina aðalskýrslu fyrir hjerað hvert, og sendir hana með tilheyrandi fylgiskjölum til stiptsyfirvaldanna, en stiptsyfirvöldin staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hjerað, og annast um prentun hennar og birtingu. Kostnaður við prentunina greiðist úr landssjóði. Nú er eigi verðlag sett á einhverja vörutegund í tveim þriðjungum skýrslna þeirra, er til sýslumanns koma, og skal þá eigi verð lagt á þá vörutegund í aðalskýrslu þeirri, er sýslumaður semur.

3. gr. Verðlagsskrá gildir frá 16. degi maímánaðar næsta eptir að hún er staðfest til jafnlengdar næsta ár, og skal birta hana á manntalsþingum vor það, er hún gengur í gildi.

4. gr. Numin eru úr gildi ákvæði þau í konungsúrskurði 16. júlí 1817, er koma í bága við lög þessi, og konungsúrskurður 2. marz 1853.

Ed.

54. Frumvarp

til laga um nýbýli (eins og það var samþ. við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfjelög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfjelaga, er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

2. gr. Nú vill einhver stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi, og skal hann þá birta þá fyrirætlun sína í því opinberu blaði, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar liðnir eru 6 mánuðir frá þessari birtingu, skal amtmaður, ef nýbýlingur óskar þess og enginn hefur á þeim fresti gefið sig fram við amtmann með heimildarskírteini fyrir landi því, er ætlað er til nýbýlis, bjóða hlutaðeigandi sýslumanni að kveðja til 4 menn og gjöra ásamt þeim áreið á landið, setja glögg landamerki og meta það til dýrleika, og ennfremur skulu áreiðarmenn láta uppi tillögur um þau skilyrði, er þeir álíta hæfilegt

að setja nýbýlingi um húsabyggingar, girðingar, yrking túns og garða m. fl. innan ákveðins tíma. Frestur þessi má ekki vera styttri en 2 ár, og ekki lengri en 4 ár.

3. gr. Til áreiðargjörðar þeirrar, er nefnd er í 2. gr., skal boða með 7 nátta fresti þá, er land eiga að hinu fyrirhugaða nýbýli. Mótmæli, er fram kunna að koma við gjörðina, skulu bókuð og eptirrit af gjörðinni síðan sent amtmanni, er gefur út nýbýlisbrjef til beiðanda, ef hann eigi álítur, að mótmæli þau, er kunna að hafa komið fram, sjeu á rökum byggð.

Í nýbýlisbrjefinu, er þinglýsa skal sem heimild fyrir eignarrjetti nýbýlings að landinu, skulu tekin fram öll þau skilyrði um húsabyggingar, girðingar, yrkingar túns og garða, m. fl., sem amtmaður, eptir tillögum áreiðarmanna, álítur hæfileg.

4. gr. Nú vill maður taka upp nýbýli í afrjett eða almenningi, sbr. 2. lið 1. greinar, og getur þá hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir áskilið, að nýbýlingur greiði hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum árlegt erfðafestugjald af landinu, en upphæð gjaldsins skulu áreiðarmenn meta. Stofnun slíks nýbýlis þarf eigi að auglýsa í blöðum, en að öðru leyti fer um upptöku þess eins og segir í 2. og 3. gr.

5. gr. Eigi má nýbýli upp taka, er minna er metið en 5 jarðarhundruð að dýrleika.

6. gr. Kostnað þann, er af útmæling og mati nýbýlis leiðir, greiði nýbýlisbeiðandinn: ferðakostnað sýslumanns, eptir úrskurði amtmanns, og hinum dómkvöddu mönnum 3 kr. hverjum fyrir dag hvern, sem þeir eru að gjörðinni.

7. gr. Sýslumaður skal gæta þess, að nýbýlingur fullnægi skilyrðum þeim, sem honum eru sett í nýbýlisbrjefinu. Nú brýtur nýbýlingur í einhverju verulegu atriði nýbýlisskilyrðin, og getur sýslumaður þá lagt það til, að hann verði sviptur nýbýlisrjettindum. Amtmaður hefur fullnaðarúrskurð um þetta mál.

Þegar nýbýlingur hefur með amtsúrskurði verið sviptur nýbýlisrjetti, skal eptir tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda heimila nýbýlið öðrum manni, er þá nýtur sama rjettar, sem nýbýlingurinn annars hefði notið. Nýbýlingurinn getur þó krafizt endurgjalds hjá þeim, er við nýbýlinu tekur, fyrir þá verðhækkun nýbýlisins, er með löglegu mati og skoðunargjörð tilkvaddra manna er eignuð umbótum þeim, er hann hefur gjört á nýbýlinu.

8. gr. Tilskipun 15. apríl 1776 um fríheit fyrir þá, er vilja upp taka eyðijarðir eða óbyggð pláz á Íslandi, er úr lögum numin.

Ed. 55. **Frumvarp**

til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og niðurfærslu á árgjaldi þess. Flutningsmaður: Guttormur Vigfússon.

1. gr. Eptirlaun þau til uppgjafaprests, er greidd voru frá Hólmaprestakalli 1893—94 og 1894—95, skulu endurborgast úr landssjóði.

2. gr. Gjald það til landssjóðs, að upphæð 600 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Hólmaprestakalli, færist niður í 200 krónur.

Nd. 56. **Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. og viðauka við lög nr. 3 2. febrúar 1894 um breyt-

ingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863. Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson.

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er 20 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

2. gr. Skyldur skal hver lausamaður, þegar þess er krafizt, að hafa til sýnis auk leyfisbrjefsins skírteini það, sem ræðir um í 3. gr. laga nr. 3 2. febr. 1894, staðfest af hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta, í hvaða hjeraði sem hann er staddur; verði ella sekur um 4--20 kr. er renni í fátækrasjóð þess hrepps. sem brotið verður uppvíst í.

3. gr. Engum lausamanni skal heimilt að taka nokkurn mann sem hjú, er ekki hefur leyst sig undan vistarskyldunni með leyfisbrjefi.

4. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin fyrri málsgrein 1. greinar laga nr. 3 2. febrúar 1894.

Nd. **57. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878. Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson.

1. gr. Fjenaður skal lagður í tíund, sem hjer segir:

1 kýr leigufær	1	hundrað.
2 kýr eða kvígur mylkar, sem eigi eru leigufærar	1	——
3 geldneyti tvævetur og geldar kvígur	1	——
2 naut eldri	1	——
6 ær með lömbum leigufærar	1	——
12 lambsgotur	1	——
10 sauðir, hrútar eða geldar ær tveggja vetra og eldri	1	——
20 gemlingar	1	——
3 hross fimm vetra og eldri	1	——
6 tryppi tveggja til fjögra vetra	1	——

Fella skal úr tíund sjöunda hluta fjenaðarins.

2. gr. Kýr telst leigufær, sem er ófötluð og á að bera á tímabilinu frá miðjum október til loka febrúarmánaðar. Með mylkum kvígum teljast óbornar kvígur, sem eiga að bera á sama tíma, en með geldneytum, ef þær eiga að bera síðar og eru eigi yngri en tveggja vetra. Með geldum ám og sauðum teljast ær, sem ekki eru bornar 12. dag júnímánaðar, og sömuleiðis ær, sem lömb farast undan milli hreppskila.

3. gr. Undan tíund skal skilið eitt tamið hross fyrir hver þrjú hundruð í ábýlum þeirra, sem jarðarábúð hafa.

4. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. gr. laga um lausafjártíund 12. júlí 1878.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Hörgá við Staðarhyl. Flutningsmenn: Kl. Jónsson og Jón Jónsson þm. Eyfirðinga.

Stjórninni veitist heimild til að láta gjöra brú á Hörgá við Staðarhyl og verja til þess allt að 12,000 krónum úr landssjóði.

Ed. 59. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um undirbúning verðlagsskráa (eins og það var samþ. við 2. umr. í efri deild). Frá Sigurði Jenssyni, Jóni Jakobssyni og Jóni Jónssyni þm. N.-M.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður kosinn af hreppsnefnd eða bæjarstjórn« komi: »Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs á ári hverju«.

Nd. 60. **Frumvarp**

til laga um að sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12,000 kr. úr sýsluvegasjóði til flutningabrautar, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.)

Sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12000 kr. af sýsluvegagjaldi sýslunnar til flutningabrautar frá Eyrarbakka upp Árnessýslu (lög 13. apr. 1894, 3. gr. nr. 3.).

Ed. 61. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Flutningsmenn: Jón Jónsson og G. Vigfússon.

1. gr. Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknartími er útrunninn, skal biskup senda til hlutaðeigandi prófasts umsóknarbrjef allra þeirra, er um embœttið hafa sótt, enda fullnægi þeir hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni. Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum kandídata þeirra og aðstoðarpresta, er hann álítur óhæfa til að takast prestsembætti á hendur. Um leið og biskup sendir prófasti umsóknarbrjefin, skal hann senda meðmæli sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið. Prófastur skal sjá um, að umsóknarbrjefin og meðmælingarbrjef biskups verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu.

Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt. lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr. Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjendum hefir hlotið að minnsta kosti $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið eptir 1. gr. laga þessara og 4.—8. gr. laga 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar; ella skal við veitingu embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rjett sje.

3. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2., 3. og 9. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Ed. 62. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum. Frá Þorleifi Jónssyni, Jóni Jónssyni og Jóni Jakobssyni.

Við 1. gr Í staðinn fyrir orðin: »hlaði því á Íslandi — — — auglýsingar« komi: Stjórnartíðindunum, deildinni B.

Ed. 63. **Frumvarp**

til laga um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

Heimilt er að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, en þó eigi á kirkjustöðum, meðan á messugjörð stendur, nema brýn nauðsyn sje til.

Ed. 64. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um uppreist á æru án konungsúrskurðar (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

Frá landshöfðingja.

Upphaf 1. greinar orðist þannig:

Hafi manni verið hegnt eptir dómi fyrir verknað, er svívirðilegur er að almennings áliti, og hafi hegningin verið á lögð fyrir slíkt brot framið í fyrsta sinn, og eigi verið meiri en fangelsi við vatn og brauð, þá öðlast hann o. s. frv.

Nd. 65. **Frumvarp**

til laga um undirbúning verðlagsskráa (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs á ári hverju, skulu í hreppi hverjum eða bæjarfjelagi í samvinnu ár hvert í októbermánaðarlok semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og innlendum vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eptir því peningagangverði, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfjelags á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar. — Sjeu fleiri en einn prestur í hreppnum, ákveða stiptsyfirvöldin, hver þeirra skuli vera í nefndinni. Formaður skattanefndarinnar er einnig formaður þessarar nefndar.

Nú er einhver tegund landaura, sem hefur ekki gengið kaupum nje sölum mót peningum það ár í hreppnum eða bæjarfjelaginu, þótt hún sje þar til og gangi þar ella venjulega kaupum og sölum, og má þá setja það verð á þessa vörutegund, er semjendum verðlagsskýrslunnar kemur saman um að muni vera hæfilegt, með tilliti til þess, hvað sú eða sams konar vörutegund hefir gengið kaupum eða sölum í næstu sveitum eða verzlunarstað. Nú hefir einhver vörutegund að vísu verið seld eða keypt fyrir peninga, en með óvanalega lágu eða háu verði, sem sjerstakar ástæður hafa valdið, skal þá ekki leggja það verð til grundvallar fyrir samningu verðlagsskýrslunnar. Nú geta semjendur ekki orðið á eitt sáttir um verðlagið, og skal þá meðaltal ráða. Skýrsla þessi, undirskrifuð af öllum semjendum, skal lögð fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfjelaginu í tvær vikur.

2. gr. Verðlagsskýrslur hreppa og bæjarfjelaga skulu sendar hlutaðeigandi sýslu-

manni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður semur eptir þeim eina aðalskýrslu fyrir hjerað hvert, og sendir hana með tilheyrandi fylgiskjölum til stiptsyfirvaldanna, en stiptsyfirvöldin staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hjerað, og annast um prentun hennar og birtingu. Kostnaður við prentunina greiðist úr landssjóði. Nú er eigi verðlag sett á einhverja vörutegund í tveim þriðjungum skýrslna þeirra, er til sýslumanns koma, og skal þá eigi verð lagt á þá vörutegund í aðalskýrslu þeirri, er sýslumaður semur.

3. gr. Verðlagsskrá gildir frá 16. degi maímánaðar næsta eptir að hún er staðfest til jafnlengdar næsta ár, og skal birta hana á manntalsþingum vor það, er hún gengur í gildi.

4. gr. Numin eru úr gildi ákvæði þau í konungsúrskurði 16. júlí 1817, er koma í bága við lög þessi, og konungsúrskurður 2. marz 1853.

Nd. 66. **Frumvarp**

til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum; (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, með opinberri stefnu, er birta skal þrisvar sinnum í Stjórnartíðindunum, deildinni B, innkalla með árs og dags fyrirvara handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigendum — en þar með skal ávallt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Þegar ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, getur innköllun eptir þeim eigi lengur átt sjer stað.

2. gr. Um þau veðskuldabrjef, er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, að innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómaranum, að sá, er hefir hina veðsettu eign, kannist við veðskuldbindinguna, eða að hlutaðeigandi veðhafi hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

3. gr. Í málum þeim, er ræðir um í 1. gr., skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landssjóði.

Fyrir afmáun, bókun og áritun eptir 2. gr. skal ekkert borga.

Nd. 67. **Frumvarp**
til laga um nýbýli (eins og það var samþ. við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfjelög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfjelaga, er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

2. gr. Nú vill einhver stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi, og skal hann þá birta þá fyrirætlun sína í því opinberu blaði, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar liðnir eru 6 mánuðir frá þessari birtingu, skal amtmaður, ef nýbýlingur óskar þess og enginn hefur á þeim fresti gefið sig fram við amtmann með heimildarskírteini fyrir landi því, er ætlað er til nýbýlis, bjóða hlutaðeigandi sýslumanni að kveðja til 4 menn og gjöra ásamt þeim áreið á landið, setja glögg landamerki og meta það til dýrleika, og ennfremur skulu áreiðarmenn láta uppi tillögur um þau skilyrði, er þeir álíta hæfilegt að setja nýbýlingi um húsabyggingar, girðingar, yrking túns og garða m. fl. innan ákveðins tíma. Frestur þessi má ekki vera styttri en 2 ár, og ekki lengri en 4 ár.

3. gr. Til áreiðargjörðar þeirrar, er nefnd er í 2. gr., skal boða með 7 nátta fresti þá, er land eiga að hinu fyrirhugaða nýbýli. Mótmæli, er fram kunna að koma við gjörðina, skulu bókuð og eptirrit af gjörðinni síðan sent amtmanni, er gefur út nýbýlisbrjef til beiðanda, ef hann eigi álítur, að mótmæli þau, er kunna að hafa komið fram, sjeu á rökum byggð.

Í nýbýlisbrjefinu, er þinglýsa skal sem heimild fyrir eignarrjetti nýbýlings að landinu, skulu tekin fram öll þau skilyrði um húsabyggingar, girðingar, yrkingar túns og garða, m. fl., sem amtmaður, eptir tillögum áreiðarmanna, álítur hæfileg.

4. gr. Nú vill maður taka upp nýbýli í afrjett eða almenningi, sbr. 2. lið 1. greinar, og getur þá hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir áskilið, að nýbýlingur greiði hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum árlegt erfðafestugjald af landinu, en upphæð gjaldsins skulu áreiðarmenn meta. Stofnun slíks nýbýlis þarf eigi að auglýsa í blöðum, en að öðru leyti fer um upptöku þess eins og segir í 2. og 3. gr.

5. gr. Eigi má nýbýli upp taka, er minna er metið en 5 jarðarhundruð að dýrleika.

6. gr. Kostnað þann, er af útmæling og mati nýbýlis leiðir, greiði nýbýlisbeiðandinn: ferðakostnað sýslumanns, eptir úrskurði amtmanns, og hinum dómkvöddu mönnum 3 kr. hverjum fyrir dag hvern, sem þeir eru að gjörðinni.

7. gr. Sýslumaður skal gæta þess, að nýbýlingur fullnægi skilyrðum þeim, sem honum eru sett í nýbýlisbrjefinu. Nú brýtur nýbýlingur í einhverju verulegu atriði nýbýlisskilyrðin, og getur sýslumaður þá lagt það til, að hann verði sviptur nýbýlisrjettindum. Amtmaður hefur fullnaðarúrskurð um þetta mál.

Þegar nýbýlingur hefur með amtsúrskurði verið sviptur nýbýlisrjetti, skal eptir tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda heimila nýbýlið öðrum manni, er þá nýtur sama rjettar, sem nýbýlingurinn annars hefði notið. Nýbýlingurinn getur þó krafizt endurgjalds hjá þeim, er við nýbýlinu tekur, fyrir þá verðhækkun nýbýlisins, er með löglegu mati og skoðunargjörð tilkvaddra manna er eignuð umbótum þeim, er hann hefur gjört á nýbýlinu.

8. gr. Tilskipun 15. apríl 1776 um fríheit fyrir þá, er vilja upp taka eyðijarðir eða óbyggð pláz á Íslandi, er úr lögum numin.

Ed. 68. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Vjer undirskrifaðir, sem efri deild alþingis kaus í nefnd til að íhuga nefnt frumvarp, höfum athugað það rækilega, og ekki fundið ástæðu til að gjöra tillögur um breytingar á efni þess. Aptur á móti þykir oss orðfærið á nokkrum stöðum annaðhvort miður ljóst eða óviðfeldið, og í því efni leyfum vjer oss að gjöra tillögu um fáeinar breytingar.

1. við 3. gr. Í stað orðanna: »Kostnað þann, sem leiðir af að útvega bók þessa og aðrar þær embættisbækur«, komi: Kostnað við útvegun bókar þessarar og annara þeirra embættisbóka.
2. — 4 — Fyrir: »verzlunarstaðinn« í 4. línu, komi: kaupstaðinn.
3. — —— Á undan orðinu: »strætið« í 6. línu, bætist inn: að.
4. — —— Í stað orðanna í 7. línu: »byggir upp húsið á ný«, komi: endurbyggir það.
5. — —— Fyrir orðið: »nokkur« í A., síðustu málsgrein, komi: hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi.
6. — —— C. Í stað orðanna í 4. línu: »að reka atvinnuvegi, er hafa eldshættu«, komi: atvinnurekstur, er hefur brunahættu.
7. — —— — Á undan orðinu: »hæð« í 6. línu bætist inn: á.
8. — —— — Fyrir: »grannt« í næst síðustu línu, komi: í öllum greinum.
9. — —— D. Fyrir: »skriflegar ákvarðanir« í 3. línu komi: skrifleg ákvæði.
10. — — — E. Fyrir: »meistari« í 1. línu komi: yfirsmiður.
11. — —— — Orðið »í« á undan »sektir« í 2. línu falli burt.
12. — 5. gr. Greinin orðist þannig:
Að því leyti, sem við getur átt, skulu ákvæði laga þessara einnig ná til húsa þeirra á kaupstaðarlóðinni, sem eru með torfþaki og torfveggjum, og til matjurtagarða, er slíkum húsum fylgja.

Með þessum breytingum ráðum vjer hinni heiðruðu efri deild til að samþykkja frumvarp þetta.

Efri deild alþingis 10. júlí 1897.

L. E. Sveinbjörnsson, formaður. Hallgr. Sveinsson, skrifari og framsögum. Guttormur Vigfússon.

Ed. 69. **Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki.

Vjer, sem kosnir höfum verið í nefnd, til að íhuga mál þetta, höfum athugað það vandlega og teljum frumvarpið til mikilla bóta, ef það verður að lögum. Þó ráðum vjer til, að gjörðar verði á því þessar breytingar:

1. við 1. gr. Fyrir orðin: „Gefa skal.... febrúarmánaðar“ komi: „Skulu skýrslur þessar liggja almenningi til sýnis á hentugum stað 1.—14. febr“.

2. við 1. gr. Á eptir orðunum: „að kæra það mál“ bætist inn í: innan 21. s. m.

3. við 3. gr. Fyrir orðið: „hreppsnefnd“ í 3. línu komi: sýslunefnd, og fyrir orðið: „hreppsnefndin“ í 4. línu komi: sýslunefndin.

4. A eptir 4. gr. komi ný grein, sem verði 5. gr., svohljóðandi:

Landshöfðingi skal eptir tillögum amtsráða semja reglur, sem skulu birtar í B-deild stjórnartíðindanna, um úthlutun á helmingnum af hinu árlega gjaldi og hálfum vöxtunum, sem úthluta ber samkvæmt lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki.

Greinatalan breytist eptir því.

Efri deild alþingis 10. júlí 1897.

Hallgr. Sveinsson, form. og framsögum.	Þorleifur Jónsson, skrifari.	Jón Jónsson.

Nd. 70. **Frumvarp**

til laga um bann gegn skottulækningum. Flutningsmaður: Þórður J. Thoroddsen.

1. gr. Hver sá, er hefur um hönd lækningar, án þess að vera löggiltur til læknisstarfa, skal, ef brot hans að öðru leyti er ekki svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því að lögum, sæta sektum allt að 50 kr. eða einföldu fangelsi allt að 8 dögum, og þá er brot er ítrekað, skal annaðhvort þessum hegningum beitt eða fangelsi við vatn og brauð, ef mjög miklar sakir eru.

2. gr. Löggiltir til læknisstarfa hjer á landi eru þeir, er próf hafa tekið við háskólann í Kaupmannahöfn eða læknaskólann í Reykjavík. Auk þess má landshöfðingi og eptir tillögum landlæknis veita öðrum leyfi til þess að hafa um hönd lækningar, en þó því að eins, að sýslunefnd þess, er í hlut á, gefi meðmæli til þess, enda færi sá, er lækningaleyfi vill fá, sönnur á það með prófi, er hann tekur hjá landlækni, að hann þekki byggingu mannlegs líkama og eðli, hin helztu atriði sjúkdómafræðinnar, svo og meðalaverkanir.

Landshöfðingi kveður á í samráði við landlækni, hvernig prófi því, er hjer um getur, skuli haga.

3. gr. Lög 29. febrúar 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794, svo og ákvæði 5. og 6. gr. í tilskipun um skottulækningar 5. sept 1794, eru hjer með úr lögum numin.

Ed. 71. **Nefndarálit**

í málinu: Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Vjer undirritaðir, sem hv. efri deild alþingis hefur kosið í nefnd til að segja álit vort um frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum, höfum nú íhugað málið og komum hjer fram með tillögur vorar.

Nefndin viðurkennir að vísu, að yfir höfuð sje mjög varhugavert að breyta ungum lögum, sem nýlega hafa verið samþykkt af þinginu, áður en full trygging sje fengin með reynslunni fyrir því, að þau þurfi breytinga við, en að því er þetta frumvarp sjerstaklega snertir, þá fær nefndin eigi betur sjeð, en að svo miklir

örðugleikar hafi þegar komið í ljós við framkvæmd laganna 10. nóv. 1894 um bann gegn botnvörpuveiðum, þótt ung sjeu, að full ástæða sje til að taka það frumvarp, sem hjer liggur fyrir frá stjórnarinnar hendi, til rækilegrar íhugunar.

Lög þessi hafa, frá því fyrst var farið að beita þeim, mætt megnri mótspyrnu frá hálfu Englendinga, sem einir stunda botnvörpuveiðar hjer við land, og þótt það reyndar sje engin nýjung, að voldugar þjóðir eigi bágt með að sætta sig við, að lítilmagninn beiti ströngum rjetti gagnvart þeim, þá virðist þó tvísýnt, hvort hjer sje um hótfindni eina að ræða og efasamt, hvort eigi kunni að hafa verið gengið feti framar við samning þessara laga en sanngirni og mannúð mundu helzt kjósa, einkum að því er snertir þau ákvæði, er banna skipum siglingu um sundið milli Vestmannaeyja og meginlands og láta varða háum sektum, þótt skip, sem ekki eru að veiðum, komi í landhelgi án vilja og vitundar skipshafnarinnar. Sama máli er og að gegna, þegar skip leitar hafnar sökum skorts á vistum eða kolum, því hvert það skip er í sannnefndri neyð, sem vantar matvæli og ekki getur aflað sjer þeirra sökum fjarlægðarinnar, og sama má og segja, þegar kolaforði þrýtur fyrir gufuskipum úti á rúmsjó, enda vistaskortur opt afleiðing þeirrar vöntunar. Af þessum ástæðum hefur því nefndin aðhyllzt öll undantekningarákvæði 3. gr. og einungis gert nokkrar orðabreytingar við þá grein.

Aptur á móti er allt öðru máli að gegna um þau botnvörpuskip, sem staðin eru að fiskiveiðum í landhelgi, og hjer álítur nefndin að hörð hegning gegn slíkum yfirgangi sje bæði æskileg og fyllilega lögmæt, og þótt hún reyndar fallist á að færa hæstu sekt úr 10,000 kr. niður í 4000 kr., þá er það eigi af þeirri ástæðu, að sú sekt sje í sjálfu sjer of há gegn augljósum yfirgangi og lagabrotum, heldur vegna þess, að þegar millibilið milli hæstu og lægstu sekta er svo mikið sem í lögum 10. nóv. 1894, þá er hætt við, eins og líka raun hefur á orðið við framkvæmd laga þessara, að hinum háu sektum verði aldrei beitt, og sjeu þær því þýðingarlausar, eða öllu heldur einungis til þess, að gjöra lögin strangari á pappírnum en þau reynast í framkvæmdinni, og þannig gera þau óaðgengilegri í augum erlendra þjóða en þau reynast í verkinu. Hins vegar er nefndin eindregið þeirrar skoðunar, að rjett sje að gjöra öll veiðarfæri og afla upptæk á þeim skipum, sem verða uppvís að broti gegn 1. gr., enda er sú hegning miklu tilfinnanlegri en tiltölulega lágar sektir.

Af framangreindum ástæðum leyfir nefndin sjer að ráða hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum er nú skal greina:

1. við 2. gr. Orðið „og“ í fyrstu línu falli burt, greinarmerki verði;
2. við 2. gr. Orðin „hin ólöglegu“ falli burt.
3. við 2. gr. Í stað „skip“ komi „skipið“.
4. við 2. gr. Orðin „og afla“ falli burt.
5. við 2. gr. Á eptir „selja“ komi „það“
6. við 3. gr. Í stað „varðar“ í síðustu línu meginmálsgreinarinnar komi „fer um“.
7. við 3. gr. 1. lið. Í stað „nauð“ komi „neyð“.
8. við 3. gr. 1. lið. Fyrir „veiðitíð“ komi „vertíð“.
9. við 3. gr. 2. lið. Fyrir „í gegnum“ komi „gegnum“
10. við 3. gr. 3. lið. Orðin: „eptir atvikum“ falli burt.

11. við 3. gr. 3. lið. Í stað orðanna: „eru í landhelgi komin“ komi „eru komin í landhelgi“.
12. við 3. gr. 3. lið Í stað „og vitundar“ komi „eða vitundar“.
13. við 3. gr. Síðasta málsgrein. Í stað orðanna „til vista afla eða kola“ komi „til að afla sjer vista eða kola“.
14. við 3. gr. Sama málsgrein: Í stað orðsins „getur“ komi „getur um“,

Efri deild alþingis 10. júlí 1897.

Kristján Jónsson, form. og framsögumaður.
Jón Jakobsson, skrifari.
Sigurður Stefánsson.

Ed. 72. **Frumvarp**

til laga um að sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12,000 kr. úr sýsluvegasjóði til flutningabrautar (eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12,000 kr. af sýsluvegagjaldi sýslunnar til flutningabrautar frá Eyrarbakka upp Árnessýslu (lög 13. apr. 1894, 3. gr. nr. 3).

Ed. 73. **Frumvarp til laga**

um kjörgengi kvenna (eins og það var samþ. við 3. umr. í neðri deild).

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, sóknarnefnd og safnaðarfulltrúa, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Ed. 74. **Frumvarp**

til laga um eptirlaun (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eptirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna

eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum ber eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1, viss árleg laun; 2, launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3, aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_8$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giptist að nýju; 2, þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun, af því að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Nd. 75. **Frumvarp**

til laga um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Heimilt er að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, en þó eigi á kirkjustöðum, meðan á messugjörð stendur, nema brýn nauðsyn sje til.

Nd. 76. **Frumvarp**

til laga um uppreist á æru án konungsúrskurðar (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Hafi manni verið hegnt eptir dómi fyrir verknað, er svívirðilegur er að almennings áliti, og hafi hegningin verið á lögð fyrir slíkt brot framið í fyrsta sinn, og eigi verið meiri en fangelsi við vatn og brauð, þá öðlast hann að fullum 10 árum liðnum, frá því hegningardómur var uppkveðinn, aptur öll þau rjettindi, er fást með uppreist á æru samkvæmt tilskipun 12. marz 1870, enda hafi hann dvalið allan þann tíma á Íslandi og eigi verið ákærður aptur eða honum hegnt fyrir sams konar brot.

2. gr. Sá er uppreist fær æru sinnar samkvæmt lögum þessum, á heimting á, að fá um það skriflegt vottorð hjá lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hann dvelur í.

Nd. 77. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 1, 9. jan 1880. Flutningsmaður: Þorlákur Guðmundsson.

1. gr. Í öllum hreppum á landinu skal kjósa varasýslunefndarmann.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1898.

Nd. 78. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækra- og sveitastjórnarmálefnum (33). Frá Sighvati Árnasyni og Jóni Jónssyni þ.m. A. S.

Við 1. lið. Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina að skipa lögfræðing til að rannsaka og íhuga fátækra- og sveitastjórnarlöggjöf landsins milli þinga og safna saman í eitt öllum gildandi lagaákvæðum, er snerta þessa kafla löggjafarinnar, svo að þau geti legið fyrir alþingi 1899.

2. liður falli burt.

Nd. 79. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri.

Nefnd sú, er kosin hefir verið til þess, að íhuga ofangreint lagafrumvarp, leyfir sjer að láta uppi álit sitt um málefni þetta þannig:

Nefndin álítur brýna þörf bera til þess, að gjörðar sjeu breytingar á fyrir-

komulagi því, er nú á sjer stað að því er snertir framkvæmdir til eyðingar refum með eitri. Mjög víða virðist reynsla fengin fyrir því, að eigi sje heppilegt að fela hreppsnefndum þessar framkvæmdir, jafnvel þótt þeim væri gefnar nánari reglur um það efni. Það hefir og dregið mjög úr framkvæmdum, að samvinna í þessu efni milli hjeraða eða sýslna, er afrjetti eiga hvor til móts við að a, hefir verið mjög lítil eða því nær engin, og þótt annað hjeraðið hafi stundað eitrun vel, þá hefir það eigi stoðað, ef verkið hefir verið trassað af nágrannahjeraðinu. Nefndin hefir enda ástæðu til að ætla, að það sje að kenna slæleika, sem að undanförnu hafi átt sjer stað í framkvæmdum í öllu falli sumra af nefndum þeim, er þetta hafa haft á hendi, að refum eigi hefir fækkað meir en raun er á orðin. Eins og kunnugt er, verja margir hreppar á landinu árlega svo tugum og enda hundruðum króna skiptir, til þess að eitra fyrir refi, en ef svo einhver nágrannahreppurinn trassar eitrun, þá er þessu fje gersamlega á glæ kastað. Nefndin er því eindregið á því máli, að nauðsynlegt sje að fela framkvæmdir allar í þessu efni sjerstaklega þar til kjörnum mönnum, er sýslunefnd kjósi og hafi allt eptirlit með, þar sem nefndin byggur, að þeir muni ganga röggsamlegar að þessu verki en hreppsnefndirnar nú gjöra, og auk þess meira samræmi fást og betri samvinna hreppa og sýslna á milli að því er allar framkvæmdir í þessu efni snertir. Nefndin telur það og í þessa stefnu mjög heppilegt, að amtsráðunum sje falið að semja hinar nauðsynlegu reglugjörðir um nánari tilhögun á eitraninni, og gjörir í því efni að sjálfsögðu ráð fyrir, að amtsráðin fremur en einstakar sýslunefndir geti leitað sjer upplýsinga hjá t. d. dýralæknum og öðrum um hentugar eiturtegundir o. fl.

Nefndin er því í öllum aðal-atriðum samdóma fyrirmælum þeim, er í frumvarpinu eru, enda eru þau byggð á tillögum flestra sýslunefnda og amtsráða í landinu.

Breytingartillögur þær, er nefndin leyfir sjer að koma með, eru því fremur orðabreytingar en efnisbreytingar; að eins viðvíkjandi borgun á kostnaðinum, er af þessu leiðir, vill nefndin víkja nokkuð frá frv. Nefndin álítur rjett, að sýslusjóður borgi kostnaðinn við hið sjerstaka eptirlit og framkvæmdir hinna kosnu manna, en sjer eigi ástæðu til, að t. d. andvirði fyrir eiturmat, flutningur á eiturstöðvarnar o. s. frv. sje fluttur af hreppsjóðnum á sýslusjóðinn, og álítur enda, að kostnaðurinn mundi bæði verða hærri og koma ranglátar niður á þann veg. Ennfremur hefur nefndin lagt það til, að forsetar amtsráðanna útvegi eiturefni og að andvirði þess greiðist úr landssjóði, og byggir nefndin þessar tillögur sínar að einu leyti á því, að með þessari aðferð muni hægara að fá eiturefnið fyrir mjög miklu vægara verð en ella, ef einstök sýslufjelög ætti að kaupa það hvert fyrir sig í lyfjabúðum, og að öðru leyti á því, að þar sem hjer er að ræða um almenna ráðstöfun til að gjöreyða refum og vernda á þann hátt einn af hinum þýðingarmeiri tekjustofnum landssjóðsins, þá virðist sanngjarnt, að þessi kostnaður sje greiddur úr landssjóði, auk þess sem það mundi, samkvæmt áðursögðu, ljetta fyrir framkvæmdum öllum í þessu efni.

Nefndin áleit nauðsynlegt að taka það fram berum orðum, að menn væru skyldir að taka kosningu til 3 ára í senn, til að hafa á hendi eitrun.

Nefndin leyfir sjer því, að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarp stjórnarinnar í þessu máli með breytingum þeim, er hjer fara á eptir.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri.

1., 1. gr. orðist þannig:

Eitrun fyrir refi skal fara fram að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem refir hafast við.

Amtsráðin skulu semja nánari reglur, hvert fyrir sitt amt, um eitrun fyrir refi, eptir að hafa borið frumvarp um það efni undir álit sýslunefndanna í amtinu.

2., 2. gr. orðist þannig:

Í öllum sýslum á landinu, að undanskilinni Vestmannaeyjasýslu, skulu sýslunefndirnar kjósa 2—4 menn í hverri sýslu um sig, til þess, undir umsjón sýslunefndarinnar að hafa á hendi framkvæmdir á reglugjörð þeirri, er amtsráðið setur samkvæmt 1. gr.

Hver sá, sem telur fram lausafje tíundbært, er skyldur að taka kosningu, og gildir hún í 3 ár í senn.

3., 3. gr. orðist þannig:

Menn þeir, er kosnir eru til að hafa á hendi eitrun fyrir refi, fá, þann tíma, er þeir verða að vera fjærverandi frá heimili sínu að þessum starfa, 2 kr. á dag í fæðispeninga, og að auki endurgjald fyrir ferðakostnað, og greiðist sá kostnaður úr sýslusjóði, eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar.

Forsetinn í hlutaðeigandi amtsráði sjer um kaup á eiturefni fyrir hvert amt um sig og sendir það sýslunefndunum, þegar þær óska þess. Andvirði fyrir eitrið greiðist úr landssjóði.

Allan annan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er fyrirskipaðar eru í 2. gr., skal greiða úr sjóði hlutaðeigandi hrepps, þar sem eitrun fer fram.

4., við 4. gr.

1. Orðin »en amtsráðið — — sje fylgt« falli burt.

2. Aptan við greinina bætist:

Rísi ágreiningur milli sýslunefndar og einhvers af hinum kosnu mönnum, sker forseti amtsráðsins úr, en rísi ágreiningur milli hreppsnefndar og einhvers hinna kosnu manna, sker oddviti sýslunefndar úr.

5., 5. gr. orðist þannig:

Skyldar eru hreppsnefndir að láta hinum kosnu mönnum í tje allar nauðsynlegar upplýsingar um, hvar refir helzt hafist við, og einnig frá því, hverjar ráðstafanir þær hafa gjört á því ári til eyðingar refum. Sama skylda hvílir, að því er snertir afrjettarlönd einstakra manna og kirkna, á eigendum þeirra eða umráðamönnum.

6., Við 6. gr.

Í stað: »10 til 300 króna« komi: »5 til 300 króna«.

Neðri deild alþingis 12. júlí 1897.

Þorlákur Guðmundsson, formaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögumaður.

Björn Sigfússon.

Nd. 80. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð. Flutningsmaður: Eiríkur Gíslason.

Á Grafarnesi við Grundarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 81. **Frumvarp**

til laga um mæling vega.

Flutningsmaður Einar Jónsson.

1. gr. Mæla skal vegi alla, er ákveðnir eru samkvæmt lögum um vegi 13. apríl 1894 og skal mark setja á kílómetramótum. Tölur skulu á mark settar, er sýni vegalengd og vegastefnu.

2. gr. Nú er vegur fluttur, sá er áður er mældur, eða nýr vegur tekinnu upp, og skal þá mæla veg svo sem segir í 1. gr., ef þörf gjörist.

3. gr. Landshöfðingi kveður á um mæling flutningabrauta, þjóðvega og fjallvega, en sýslunefnd um mæling sýsluvega, og hreppsnefnd hreppsvega. Setja skal mælingar í svo haganlegt samband sín á milli sem verða má.

4. gr. Kostnað við mæling vega og viðhald vegamerka greiðir sá, er veg skal kosta.

5. gr. Mæling vega skal lokið vera á hinum næstu 3 árum eptir það, er lög þessi öðlast gildi, nema þar sem sjerstakar ástæður þykja vera til þess að fresta þeim.

Nd. 82. **Frumvarp**

til laga um sjerstakt gjald til brúargjörða.

Flutningsmaður: Björn Sigfússon.

1. gr. Heimilt er hverri sýslunefnd, ef henni þykir ástæða til, að leggja á sýslubúa sjerstakt gjald til að gjöra brýr yfir ár í sýslunni og halda þeim við; en eigi má gjald þetta fara samtals fram úr 5 a. fyrir hvert fasteignarhundrað, hvert lausafjárhundrað og hvern verkfæran mann í sýslunni.

2. gr. Gjaldi því, er sýslunefndin leggur á eptir 1. gr., skal skipt niður á hreppana í sýslunni eptir samtölu fasteignarhundraða, lausafjárhundraða og verkfærra manna í hverjum hreppi fyrir sig.

3. gr. Gjald það, er hverjum hreppi ber að greiða eptir 2. gr., skal greiðast úr sveitarsjóði til oddvita sýslunefndarinnar, og gilda um það sömu reglur sem um sýslusjóðsgjald.

Nd. 83. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Frá landshöfðingja.

Í stað orðanna í 1. gr.: »er birta skal þrisvar sinnum í Stjórnartíðindunum, deildinni B« komi: er birta skal þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar.

Nd. 84. **Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Land það, er reisa má á verzlunarhús á Eskifirði, skal stækkað um svæðið milli Snæhvammslæks og Garðhúslæks, frá hinni núverandi verzlunarlóð 100 faðma á land upp, og um ströndina frá hinni núverandi verzlunarlóð út að svo kallaðri Mjóeyri, 70 faðma á land upp frá stórstraums-flóðmáli.

Ed. 85. **Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki.
Frá Þork. Bjarnasyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna: »En hinir — reikningana«, komi: Nú verður ágreiningur um athugasemdir endurskoðenda, og fellir þá bæjarstjórn eða sýslunefnd úrskurð um reikningana.

Ed. 86. **Tillaga**
til þingsályktunar um afnám grísku sem skyldunámsgreinar og fækkun kennslustunda í latínu í Reykjavíkur lærða skóla. Frá Jóni Jakobssyni.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein í hinum lærða skóla í Reykjavík og kennslustundum í latínu fækkað að mun.

Nd. 87. **Frumvarp**
til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands. Flutningsmaður: Jón Jensson.

Af fje því, sem samkvæmt lögum um Söfnunarsjóð Íslands, dags. 10. febr. 1888, 19. gr. a. og 20. gr. a., er ætlað til kostnaðar og varasjóðs, skal veita bókara og fjehirði Söfnunarsjóðsins 100 kr. þóknun hvorum um árið og endurskoðara 50 kr. þóknun um árið; þess utan fær fjehirðir fyrir áhættu af mistalningu $^1/_5$ pro mille af peningum þeim, er hann telur út eða inn; enn fremur má, þegar efni sjóðsins leyfa það, með samþykki landshöfðingja af sama fje veita framkvæmdarstjóra 200 kr. um árið og gæzlustjórum 50 kr. hvorum um árið. Með samþykki landshöfðingja má síðar hækka upphæðir þessar tiltölulega, þó svo, að fje það, sem þannig gengi til þóknunar handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins, nemi ekkert ár samtals meiru en helmingi af nefndu fje til til kostnaðar og varasjóðs.

Framkvæmdarstjóri og fjehirðir skulu, jafnskjótt og þeir fá nefnda þóknun, setja hæfilegt veð, eptir því sem landshöfðingi ákveður.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Ed. 88. **Nefndarálit**
í málinu: Frumvarp til laga um horfelli á skepnum.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild skipaði í nefnd til að segja álit vort um frv. þetta, teljum breytingar þær, er það fer fram á við gildandi lög um horfelli 12. jan. 1884, til bóta. Vjer höfum þó gjört ýmsar breytingar á frumvarpinu, en flestar eirra miða að eins til að gera ákvæði þessi gleggri og ákveðnari, án þess að þær sjeu verulegar efnisbreytingar.

Vjer ráðum hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum.

1. 1. gr. orðist þannig: Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því, að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. 2. gr. orðist þannig: Hreppstjóri skal ásamt 2 mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega, tvisvar á vetri skoða allan búpening í hreppnum og grennslast eptir fóðurbyrgðum og meðferð fjárins. Fyrri skoðunin skal fram fara eptir að fje er tekið í hús, og skal henni lokið fyrir miðjan vetur, en seinni skoðunin skal fram fara á tímabilinu frá 15. marz til 15. maí.
3. 3. gr. Fyrir orðin: »og illa« komi: »eða illa«.
4. 3. gr. Fyrir orðin: »hvort að er sökum megurðar eður« komi: »hvort sem er sök um megurðar eða sökum«.
5. við 3. gr. Aptan við greinina bætist: »eptir skipun skoðunarmanna«.
6. við 4. gr. Á eptir »hreppsnefnd« komi: »eða skoðunarmönnum«.
7. við 4. gr. Fyrir »skorar hún« komi: »skorar hreppsnefnd«.
8. við 4. gr. Orðin »er næstir — skoða á« falli burtu.
9. við 4. gr. Aptan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Sá, er óhlýðnast skipunum skoðunarmanna eptir 3. og 4. gr., verður sekur um allt að 50 krónum.
10. við 5. gr. Á eptir o ðunum: »hefur undir hendi« komi: »eða það sannast á annan hátt«.
11. við 5. gr. Eptir »hegningarlaganna« komi: 25. júní 1869.
12. 6. gr. orðist þannig: Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslur um hinar árlegu skoðanir, sem nefndar eru í 2. gr., þegar er þær hafa fram farið, og skulu þær lagðar fyri sýslunefndina til athugunar og eptirlits. Skýrslur þessa skulu samdar eptir fyrirmynd, er amtsráðið semur.
13. við 8. gr. Fyrir »2u« komi »50«.
14. við 8. gr. Orðin »og skal með« — til enda greinarinnar falli burt.
15. Á eptir 9. gr. komi ný grein, 10. gr., svohljóðandi:
Með mál, sem rísa af brotum gegn 3., 4. og 8. gr. laga þessara, skal farið sem opinber lögreglumál.

Alþingi, 14. júlí 1897.

Þorkell Bjarnason, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður. Jón Jónsson.

Kristján Jónsson. Þorleifur Jónsson.

Ed. 89. **Frumvarp**
til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875.

Frá Sigurði Jenssyni, þm. Barðstrendinga.

Meðal hafna þeirra, er nefndar eru í 1. gr. laga 17. des. 1875 um sóttvarnir, og sem öll skip eiga að koma við á, sem til Íslands koma frá stöðum, er álitnir eru sýktir af bólusótt, austurlenzkri kólerusótt eða öðrum pestkynjuðum sjúkdómum (sbr. lög 24. okt. 1879), áður en hafðar eru samgöngur við land á öðrum stöðum, skal einnig vera Patreksfjörður (Vatneyri og Geirseyri) í Barðastrandarsýslu.

Ed. 90. **Frumvarp**
til laga um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahrepp í Barðastrandarsýslu.

Frá Sigurði Jenssyni, þm. Barðstrendinga.

Á Firði í Múlahrepp í Barðastrandarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 91. **Frumvarp**

til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu.

Flutningsmenn: B. Sveinsson. Pjetur Jónsson.

1. gr. Brýrnar á Skjálfandafljóti og brýrnar á Laxá hjá Grenjaðarstað skulu eptirleiðis vera í eign og umsjón landssjóðs.

2. gr. Endurborgun sú af láni úr landssjóði til Skjálfandafljótsbrúnna með vöxtum, sem eptir lögum 27. febr. 1880 3. gr. hvíldi á jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðum Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu fellur niður frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 33 11. des. 1891.

Nd. 92. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bólusetningar.

Vjer undirskrifaðir, sem kosnir vorum til þess að íhuga »frumvarp til laga um bólusetningar«, höfum rætt það vandlega á fundum, og er álit vort um það á þessa leið.

Aðalbreytingin, sem frumvarp þetta gjörir á bólusetningarfyrirkomulaginu, eins og það er nú, er í því fólgin, að bólusetningar eru faldar læknum á hendur. Þetta álítum vjer rjett vera. Heilbrigðismál landsins eiga að sjálfsögðu að vera í höndum læknanna, enda er landið nú svo vel læknum skipað, og von um að betur verði með tímanum, að þeim ætti engin ofætlun að vera, að takast þetta starf á hendur víðast hvar. Til að ljetta þeim starf þetta gjörir frumvarpið og ráð fyrir, að amtmaður skipi þeim aðstoðarbólusetjara, þar sem þess er þörf.

Aptur á móti virðist oss frumvarpið ekki nægilega tryggja það, að bólusetningin verði að æskilegum notum fyrir þjóðina í heild sinni, þar sem það gjörir ekki ráð fyrir nema einni skyldubólusetning, og það að eins á börnum innan 7 ára aldurs. Með því nú að það er sannað, að bólusetning ver ekki fyrir bólusótt lengur en í mesta lagi 10 ár, þá liggur í augum uppi, að þjóðin stendur með því fyrirkomulagi ver að vígi, ef bólusótt ber að landinu, en ef bólusett væri optar á æfinni. Síðari ára löggjöf annara landa í Norðurálfunni, utan hins danska ríkis, um bólusetningar, gjörir og af þessum ástæðum endurbólusetning optar en einu sinni að skyldu. Vjer álítum því rjett, að ákveða endurbólusetning með lögum hjer á landi, en álítum óþarft að fyrirskipa hana optar en einu sinni, bæði vegna kostnaðar þess, er endurtekin bólusetning mundi hafa í för með sjer fyrir landssjóð, svo og vegna legu landsins og sjerstakra staðarhátta.

Samkvæmt þessu leggjum vjer til, að gjörðar verði þessar breytingar á frumvarpi stjórnarinnar:

1. 1. gr. orðist svo:

»Hvert barn skal bólusetja áður en það er fullra 7 ára, nema það hafi fengið bólusótt. Endurbólusetning skal fram fara á aldrinum 20—25 ára.

Innan árs frá þeim degi, er lög þessi öðlast gildi, skal bólusetja öll ófermd börn, sem eigi hafa verið bólusett eða fengið bólu, svo og alla á aldrinum 20—25 ára.

Óhlýðni gegn ákvæðum greinar þessarar skal sæta allt að 20 kr. sektum, og sje það barn, er í hlut á, greiða foreldrar þess eða húsbændur sektina«.

2. Ný grein, er verði 2. gr. orðist svo:

»Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu hafa bólusetning á hendi hver í sínu hjeraði. Nú þykir lækni þörf á, að fá skipaða aðstoðarbólusetjara í hjeraði sínu, og ritar hann þá landlækni um það mál. Þyki landlækni ástæða til, ritar hann amtmanni tillögur sínar, og gefur hann þá út skipunarbrjef þau, er um er beðið.

Ef bólusetjari vanrækir skyldur sínar, varðar það sektum, allt að 100 kr.«.

3. 2. gr. verði 3. gr. og orðist svo:

»Prestar skulu grennslast eptir því við húsvitjanir, hvort bólusett hefur verið í sóknum þeirra samkvæmt 1. gr. Hafi það eigi verið gert, eða þrjózkist foreldrar eða aðrir hlutaðeigendur við að sýna bólusetningarvottorð, er prestur krefst þess, á hann að skýra lögreglustjóra frá því. Rannsakar hann þá málið, og verði það ljóst, að bólusetning hafi verið vanrækt, skipar hann þeim, er í hlut á, að annast um, að bólusett verði innan þess frests, er hann setur, að viðlagðri 5 kr. sekt fyrir hvern mánuð, er skipuninni er eigi hlýtt.

Eigi má ferma barn fyr en það hefur bólusett verið«.

4. 3. grein verði 4. gr. og breytist svo:

a. fyrir »embættislæknis (hjeraðs- eða aukalæknis)« komi »læknis«.

b. í stað »eða haft bólu« komi: »eða á síðustu 5—10 árum fengið bólu«.

c. í stað »Embættislæknirinn« komi: »Bólusetjarinn«.

d. í stað »eða þeim, er ganga þeim í foreldra stað« komi: »eða húsbændum«.

5. 4. grein verði 5. gr.

6. 5. grein verði 6. gr. og breytist svo:

a. í stað «barnabólu« komi »bólu«.

7. Í stað 6. greinar komi 2 greinar svo látandi:

»7. grein.

Þá, er bólusettir eru að tilhlutun hins opinbera, skal skoða eptir á, og er bólusetjaranum heimilt að taka úr þeim bóluefni. Opinberar bólusetningar og skoðanir eptir á skulu fara fram að minnsta kosti á einum stað í hverri kirkjusókn. Komi menn eigi til skoðunar eptir á eða færist undan því að láta taka úr sjer bóluefni, varðar það 1—10 kr. sektum. Sje hinn bólusetti innan 15 ára, greiða foreldrar hans eða húsbændur sektina.

Landshöfðingi skipar nánar fyrir um opinberar bólusetningar og skoðanir eptir á.

8. grein.

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði. Bólusetjarinn fær 25 aura fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og bólan kemur út á, og gefur hann þá hinum bólusettu bólusetningarvottorð án sjerstakrar borgunar.

Þegar opinber bólusetning fer fram, getur hver sá, er þess æskir, látið hlutaðeigandi bólusetjara endurbólusetja sig, en greiða verður hann þá sjálfur borgunina.

Skylt er sveitarfjelögum að láta bólusetjurum ókeypis í tje hæfileg húsakynni til bólusetninga«.

8. 7. gr. verði 9. gr. og breytist svo:

a. í stað »sjálfur annast framleiðslu bóluefnisins á öðrum«
komi: »tekur sjálfur bóluefni úr öðrum«.

b. í stað »hann noti eigi« komi: »nota eigi«.
c. í stað »áður það verði notað aptur á öðrum« komi: »áður en það er notað aptur«.
d. í stað »Hver sá, er með því að . . . krónur« komi: »Nú gætir bólusetjari eigi tilhlýðilegrar varkárni við bólusetning og verður þess valdandi, að næmur sjúkdómur berst á heilbrigða menn, og sætir hann þá 50—200 kr. sektum«.

9. Í stað 8. gr. komi ný gr., er verði 10. gr., svo látandi: »Landshöfðingi getur í samráði við landlækni fyrirskipað almenna endurbólusetning um land allt, þegar sjerstakar ástæður eru til«.

10. 9., 10. og 11. grein verði 11., 12. og 13. grein.

Neðri deild alþingis, 14. júlí 1897.

Einar Jónsson	Þórður J. Thoroddsen
formaður.	skrifari og framsögumaður.

Eiríkur Gíslason.

Nd. **93. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Vjer, sem kosnir vorum í nefnd til þess að íhuga »frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala«, höfum rætt mál þetta vandlega á fundum, og leyfum oss hjer með að láta í ljósi álit vort.

Frumvarp þetta er að mestu sniðið eptir lögum í Noregi um sama efni, sem hafa reynzt þar mjög vel. Aðalmunurinn er í því fólginn, að í Noregi er vera holdsveikra á spítölum greidd af landsfje, en hjer er farið fram á í þessu frumvarpi, að kostnaðurinn við veru sjúklinganna á spítalanum sje að nokkrum hluta greiddur af hlutaðeigandi sveitarsjóði, ef sjúklingurinn er þurfamaður, og í sjerstökum tilfellum af hinum holdsveika sjálfum; þó fá þeir, sem lagðir eru inn eptir ráðstöfun yfirvalda, ókeypis aðbúnað á spítalanum.

Þegar um slíka lagasetning er að ræða, sem hjer er farið fram á, virðist oss þurfa að hafa tvennt fyrir augum sjerstaklega: er annað það, að svo sje um hnútana búið, að trygging fáist fyrir því, að spítalinn, þegar hann er fullgjör, verði notaður af hinum holdsveiku, og að ekki fælist þeir kostnaðar vegna frá að flytjast á hann. Hitt er, að hinum holdsveiku, sem ekki fara á spítalann, sje komið svo fyrir heima í hjeruðunum og þeim settar þær varúðarreglur, er tryggi, að sem minnst tjón geti af þeim hlotizt, að því er útbreiðslu veikinnar snertir, án þess þó að gengið sje of nærri því einstaklingsfrelsi, sem hver meðlimur þjóðfjelagsins hefur kröfur til. — Oss virðist frumvarpið veita þessa tryggingu nægilega með því fyrirkomulagi, sem þar um getur, og viljum því ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja það, þó með nokkrum breytingum, er nær því allar stefna að því að gjöra hina áðurnefndu tryggingu enn betri.

Breytingartillögur nefndarinnar verða því þessar:

Við 1. grein:

Í stað »er landlæknir ákveður« komi »er landlæknir í samráði við holdsveikislækninn ákveður«.

Við 4. grein:

Á eptir »þó eru hjón undanþegin þessu banni« komi »nema hlutaðeigandi læknir skipi öðru vísi fyrir«.

Við 6. grein:

1. Í stað »hjeraðslækni« komi »hlutaðeigandi lækni«.
2. Í stað »hjeraðslæknir« komi »lækni«.

Við 7. grein:

1. Orðin »hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn æskir þess« falli burt.
2. Í stað »ráðstafanir sveitarstjórnar« komi »ráðstafanir læknis«.
3. Orðin: »enda hafi álits hlutaðeigandi sóknarprests og læknis verið leitað« falli burt.

Við 10. grein:

Í stað: »hún eigi vera minni en 50 kr. og eigi meiri en 100 kr.« komi: »hún eigi meiri vera en 75 kr.«.

Við 11. grein:

Í stað »Þau gjöld« komi »Öll gjöld«.

Neðri deild alþingis 14. júlí 1897.

Tryggvi Gunnarsson	Þórður J. Thoroddsen	Klemens Jónsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	
Þórður Guðmundsson.	Þorlákur Guðmundsson.	

Nd. 94. **Frumvarp**

til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi.

Flutningsmaður: B. Sveinsson.

1. gr. Enginn má framvegis stofna nje reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk.

2. gr. Kaupmenn þeir, sem nú eiga fastar verzlanir hjer á landi, en eru búsettir erlendis, skulu þó, meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft.

3. gr. Sá, sem gjörir sig sekan í broti eða yfirhylmingu gegn lögum þessum, skal sæta 200—5000 kr. sektum, er renna í landssjóð. Skulu verzlunarhús hans, skip, verzlunaráhöld og vörur, sem yfirhylmingin nær yfir og finnast hjer á landi, gjörðar upptækar og andvirði þeirra renna í landssjóð.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr. Ákvarðanir þær í opnu brjefi 1. júní 1792 og öðrum lagaboðum, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felldar.

Nd. 95. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 1. gr. og viðauka við lög nr. 3, 2. febrúar 1894, um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863.

Nefnd sú, sem kosin var af hinni háttvirtu neðri deild til þess að íhuga ofangreint lagafrumvarp, hefur rætt málið ítarlega á fundum og leyfir sjer að láta álit sitt uppi um málefni þetta þannig:

Nefndin álítur, að frumvarp það, sem hjer er um að ræða, geti mikið bætt úr þeim göllum, sem lögin frá 2. febr. 1894 um lausamenn á Íslandi hafa í för með sjer, sjer í lagi ef teknar eru til greina breytingar þær, sem nefndin hefur fundið ástæður að gjöra við frumvarpið, og sem hún vill ráða hinni háttvirtu deild að samþykkja þannig lagað:

1., 1. gr. Í staðinn fyrir orðin: »20 ára að aldri« komi: 21 árs að aldri.

2., 2. gr. Á eptir orðunum: »sem hann er staddur« komi: einnig skal hver húsbóndi skyldur að láta hjú sitt, er hann lætur stunda atvinnu í annari sveit, hafa samskonar staðfest skírteini um stöðu þess og heimili.

Sama skylda hvílir á þeim, sem stunda nám utan skóla, nema námssamningur verði sýndur, sem eigi sje til skemmri tíma en 12 mánaða.

Brot mót þessari grein varðar sektum, 5—20 kr., sem renni í fátækrasjóð þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í. Húsbóndi endurborgi hjúi sekt og málskostnað, er það verður fyrir sökum vanrækslu hans.

Alþingi 14. júlí 1897.

Guðjón Guðlaugsson, form. og framsögumaður. Þórður Guðmundsson, skrifari.

Þorlákur Guðmundsson.

Nd. 96. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um mæling vega (81)

frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Skf.

1. Fyrri hluti 1. gr. orðist svo:
   Mæla skal vegi þá, sem ákveðnir eru samkvæmt lögum um vegi 13. apríl 1894; skal vegalengd talin í stikum (metrum) og röstum (kílómetrum) og mörk sett á rastamótum.
2. 5. gr. falli burt.

Ed. 97. **Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild hefir kosið í nefnd, til að íhuga frumvarp þetta, höfum samhuga þá skoðun, að brýna nauðsyn beri til að gera aðra skipun á læknahjeruðum landsins, því að bæði eru þau nú orðin ákaflega misstór og misjafnlega mannmörg, auk þess sem aukalæknaskipunin verður að skoðast að eins sem bráðabirgðarfyrirkomulag, sem er eigi viðunandi til lengdar, hvorki fyrir aukalæknana sjálfa nje almenning.

Það getur verið nokkurt álitamál, í hve mörg læknahjeruð skuli skipta landinu, en nefndin hefir í því efni komizt að sömu niðurstöðu, sem gert er í frumvarpinu, að skipta landinu í 4o læknahjeruð.

Að vísu hefir stjórnin undirbúið mál þetta rækilega og vandað skipting læknahjeraðanna, enda getur nefndin fallizt á hana í flestum greinum, en leggur þó til að breyta nokkuð skipun sumra hjeraðanna, einkum í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu; hefir hún í því efni haft fyrir augum bæði það, sem hún telur hagfeldara í sjálfu sjer, en ákvæði frumvarpsins, og almennan vilja manna í

þeim hjeruðum, eins og hann hefir síðast komið fram, einkum á þingmálafundum á undan þessu þingi.

Í staðinn fyrir að skipta læknahjeruðunum í 3 flokka, að því er laun snertir, eins og gert er í frumvarpinu, telur nefndin rjettara að skipta þeim í 4 flokka, og með því að hún lítur svo á, að laun þau, sem læknunum eru ætluð í frumvarpinu, sjeu heldur há, leggur hún til að lækka þau nokkuð. Ætlast hún til, að í

1. flokki verði 4 læknahjeruð með 1900 kr. launum,
2. —— —— 7 —— — 1700 — —
3. —— ——24 —— — 1500 — —
4. —— —— 5 —— — 1300 — —

Þrátt fyrir þessa flokkaskipun og litlu niðurfærslu á launununum verður hagur lækna alls yfir miklu betri, en hann er nú. Þannig hefir t. d. af hjeruðunum í 1. flokki eitt verið aukalækisumdæmi (Seyðisfjarðarhjerað) og á auk þess eptir tillögum nefndarinnar að verða minna en nú er. Hin 3 hjeruðin í 1. flokki hafa eptir tillögum hennar sömu laun sem nú er, en eru aptur á móti gerð miklu minni og hægri.

Af hjeruðunum í 2. flokki eru nú sum aukalæknaumdæmi (Þingeyrar- og Blönduósshjeruð), en sum hinna minnkuð og gerð hægri (t. d. Sauðárkrókshjerað) en launin í hverju þeirra hækkuð um 200 kr., nema í einu (Reyðarfjarðarhjeraði).

Af hjeruðunum í 3. flokki hafa sömuleiðis sum verið aukalæknaumdæmi og flest hinna meira og minna minnkuð, en launin hin sömu sem nú, nema í einu (Stykkishólmshjeraði).

Að vísu eru launin ekki há í 4. flokki, en bæði eru hjeruð þessi fá, mjög lítil, mannfá og hæg og í samanburði við aukalæknaumdæmin verður hagur lækna í þessum embættum miklu betri en aukalæknanna.

Á þessu sjest, að jafnvel eptir tillögum nefndarinnar verður hagur lækna á landinu alls yfir betri en nú er og sumra enda miklu betri, annaðhvort af því að þeir fá hærri laun eða embættin verða hægri eða þá af þessu hvorutveggja.

Eptir frumvarpinu verða laun allra hjeraðslækna samtals 65000 kr.

Eptir lögum 15. okt. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fl. eru laun hjeraðslækna samtals 32000 kr.

Styrkur til aukalækna eptir fjárlögunum 16000 — 48000 —

Læknaskipunarbreytingin kostar þá eptir frumvarpinu 17000 kr.

Eptir tillögum nefndarinnar kostar hún . . . . . 14000 —

eða 3000 kr.

minna en eptir frumvarpinu.

Þessi upphæð, 14000 kr., er allmikill kostnaðarauki fyrir landssjóð og eigi gjörlegt að fara lengra með því að ætla læknum hærri laun en nefndin leggur til.

Nefndinni virtist eigi sanngjarnlegt, að borgunin, sem ákveðin er í 1. tl. 4., greinar skyldi jafnan vera hin sama, hvort sem læknirinn hefði mikið fyrir eða lítið og hvort sem sjúklingurinn væri ríkur eða fátækur, og leggur því til að breyta „1 kr.“ í 35 a. til 1 kr. Sömuleiðis vill hún, að borgunin sje lægri við ítrekaðar læknavitjanir, en hærri, ef læknis er vitjað á næturþeli.

Loks leggur nefndin til, að dagpeningar lækna á ferðum eptir 6. gr.

færist niður úr 4 kr. í 3 kr., því ferðir lækna verða opt ákaflega kostnaðarsamar, og margir fátæklingar hafa opt orðið að vera án læknishjálpar fyrir þá sök, hve kostnaðarsamar ferðir læknanna hafa verið.

Að endingu ráðum vjer hinni háttvirtu efri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGAR- OG VIÐAUKATILLÖGUM:

1. við 1. gr. Eptir fyrirsögn frumvarpsins komi: 1. gr.
2. —— Fyrir: „læknahjeröð“ í byrjun 1. gr. og annarstaðar í frv. komi: læknahjeruð.
3. við 1. gr. 1. tl. Fyrir: „Reykjavíkur . . . . Gullbringusýslu“ komi: Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarneshreppur, Bessastaðahreppur, Garðahreppur og Mosfellshreppur.
4. —— 2. — Fyrir: „hinn hluti“ komi: hinir 6 hreppar.
5. —— 3. — Fyrir: „Kjósarsýsla . . . . Árnessýsla“ komi: Þingvallahreppur, Hvalfjarðars randarhreppur út fyrir Hrafnabjörg og Kjósarsýsla, nema Mosfellshreppur.
6. —— 4. — Fyrir: „5 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu“ komi: Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
7. —— 9. — Fyrir: „að undanskildum . . . Rúfeyjum“ komi: nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
8. —— 12. — Fyrir: „hinn hluti Barðastrandarsýslu“ komi: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá.
9. —— 14. — Fyrir: „Holts“ komi: Hóls.
10. —— 17. — Fyrir: „að undanskildum Bæjarhreppi“ komi: nema Bæjarhreppur.
11. —— 19. — Fyrir: „hinn hluti Húnavatnssýslu“ komi: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár.
12. —— 22. — Aptan við töluliðinn bætist inn í: Læknirinn í hjeraði þessu er enn fremur skyldur til að vitja sjúklinga í Grímsey, þegar þess er leitað og því verður við komið.
13. —— 23. — Töluliðurinn breytist þannig:
Höfðahverfishjerað: Vallahreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu. Grýtubakkahreppur og Hálshreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu.
14. —— 24. — Fyrir: „að undanskildri“ komi: nema.
15. Á eptir tölul. 24 bætist inn í: Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Höfðahverfishjeraði, þegar þess er leitað og því verður við komið.
16. við 1. gr. 24. tl. Orðin: „og suðurhluti Hálshrepps (Hálsprestakall)“ falli burt.
17. —— 25. — Töluliðurinn breytist þannig:
Reykdælahjerað: Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan við Þóroddsstað, Reykdæla- og Skútustaðahreppar.
18. —— 26. — Fyrir: „norðurhluti . . Þóroddsstaðarsókn“ komi: Ljósavatnshreppur upp fyrir Þóroddsstað.

19. —— 27. — Fyrir: „að undanskildum Kelduneshreppi“ komi: nema Kelduneshreppur.

20. Á eptir 28. tl. bætist inn í: Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið.

21. við 1. gr. 29. — Töluliðurinn breytist þannig:
Hróarstunguhjerað: Jökuldalshreppur upp að Gilsá, Hlíðar-Tungu-, Hjaltastaða-, Eiða- og Borgarfjarðarhreppar.

22. —— 30. — Orðið: „Borgarfjarðar“ falli burt.

23. —— 31. — Töluliðurinn breytist þannig:
Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, Fella-, Fljótsdals-, Skriðdals- og Vallahreppar.

24. —— Á eptir orðunum: „milli hinna einstöku læknishjeraða“ í niðurlagi 1. gr. bætist inn í: og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

25. við 2. gr. 1. málsgrein. Fyrir: „álita hlutaðeigandi sýslunefnda um það“ komi: um það álita hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda.

26. —— Orðið: „Stykkishólms“ í 2. málsgrein falli burt.

27. —— Á eptir orðinu „Eskifirði“ í 2. málsgrein bætist inn í: og hjeraðslæknirinn í Barðastrandarhjeraði á Patreksfirði.

28. —— 3. málsgr. Orðin: „samkvæmt lögum nr. 30, 17. des. 1875“ falli burt.

29. við 3. gr. Fyrir: „3 flokka: . . . 1,500 kr.“ komi: 4 flokka: í 1. flokki eru launin 1900 kr., í 2. 1700 kr., í 3. 1500 kr. og í 4. 1300 kr.

30. —— 3. málsgrein breytist þannig: Í 2. flokki eru: Keflavíkur-, Barðastrandar-, Þingeyrar-, Blönduóss-, Sauðárkróks-, Höfðahverfis- og Reyðarfjarðarhjeruð.

31. —— Á eptir 3. málsgrein bætist inn í ný málsgrein svo hljóðandi:
Í 4. flokki eru: Kjósar-, Mýra-, Hesteyrar-, Akra- og Vestmannaeyjahjeruð.

32. við 4. gr. Fyrir orðin: „Fyrir læknisstörf . . . . eða einstakra manna“ komi: Þegar ekki er samið fyrir fram við lækni um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber honum, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

33. —— 1. tl. Fyrir „1 kr.“ komi: 35 a. til 1 kr.

34. —— Á eptir 1. tl. bætist inn í:
Komi sjúklingurinn eptir umtali við lækninn þrisvar eða optar þar á eptir til hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða optar, færist borgunin fyrir hvert skipti niður um helming.
Sje læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.

35. við 4. gr. 2. tl. orðist þannig: Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn, og læknishjálp á því 4 kr.

36. — 5. gr. Orðin: „Sje læknir . . . borga það tvöfalt“ falli burt.
37. — 6. gr. Fyrir „4 kr.“ komi: 3 kr.

Efri deild alþingis 15. júlí 1897.

Jón A. Hjaltalín, formaður. Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögumaður.
Þorkell Bjarnason. Sigurður Jensson. Guttormur Vigfússon.

Nd. 98. **Frumvarp**

til laga um innflutningsgjald af smjörlíki. Flutningsmenn: Tryggvi Gunnarsson, Þorlákur Guðmundsson.

1. gr. Innflutningsgjald skal greiða af smjörlíki (margarine), 20 aura af hverju pundi, sem flutt er í land og selt á Íslandi.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Nd. 99. **Tillaga**

til þingsályktunar um lax- og selveiði. Flutningsmenn: B. Sveinsson, Eiríkur Gíslason, Þorlákur Guðmundsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga framkomnar skýrslur um lax- og selveiði og gjöra tillögur um það mál.

Nd. 100. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880 (þingskjal 77), frá Þorláki Guðmundssyni og Þórði Guðmundssyni.

1., 1. gr. Á eptir orðunum: „skal kjósa varasýslunefndarmann“ komi: og gilda sömu reglur við kosningu þeirra, sem við kosningu til sýslunefnda.

2., 2. gr. Nú er sýslunefndarmaður forfallaður að mæta á sýslufundi, skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefur sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður; þó er hann skyldur að taka á móti kosningu í hreppsnefnd.

3., 2. gr. verði 3. gr., sem orðist þannig: Lög þessi öðlist gildi 1. janúar 1898.

Nd. 101. **Frumvarp**

til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum; (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, með opinberri stefnu, er birta skal þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, innkalla með árs og dags fyrirvara handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið

frá hlutaðeigendum — en þar með skal ávallt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Mál samkvæmt lögum þessum skulu rekin fyrir aukarjetti, er halda má á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er hin veðsetta fasteign liggur í.

2. gr. Um þau veðskuldabrjef, er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, að innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómaranum, að sá, er hefir hina veðsettu eign, kannist við veðskuldbindinguna, eða að hlutaðeigandi veðhafi hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

3. gr. Í málum þeim, er ræðir um í 1. gr., skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landssjóði.

Fyrir afmáun, bókun og áritun eptir 2. gr. skal ekkert borga.

Nd. 102. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi.

Vjer undirritaðir, sem kosnir höfum verið af neðri deild alþingis, til þess að íhuga ofannefnt frumvarp, höfum rætt það á nefndarfundum, og er álit vort á þessa leið:

Samkvæmt núgildandi lögum öðlast hver sá, er fyrir 50 kr. gjald til landssjóðs í eitt skipti fyrir öll leysir borgarabrjef til verzlunar í kaupstað eða löggiltu kauptúni, rjett til áfengissölu og hefir þessi greiði aðgangur til áfengisverzlunar leitt til þess, að eigi óvíða hjer á landi hafa menn sjeð þess dæmi, að risið hafa upp kaupmenn, er mestmegnis að eins hafa haft áfengi á boðstólum og þannig orðið sveitarfjelagi sínu meira til tjóns en uppbyggingar. Tilgangur frumvarps þessa er nú sá, að gera aðgang þenna nokkru takmarkaðri og ætlum vjer það í fullu samræmi við hugsunarhátt almennings og skoðun þá um skaðsemi áfengisnautnar, sem nú gjörist almennari hjer á landi ár frá ári.

Með lögum 10. febr. 1888 hefir löggjafarvaldið tekið þá stefnu að láta það vera komið undir atkvæði hjeraðsbúa sjálfra, hvort veita skuli leyfi til vínveitinga, og í samræmi við þetta virðist það þá einnig vera að samskonar reglu sje fylgt, þegar um aðra áfengissölu er að ræða, og að rjetturinn til slíkrar verzlunar sje að eins veittur fyrir eitt ár í senn, svo að hjeraðsbúar geti gripið í taumana, er þörf þykir, og sjeu ekki sem nú tilneyddir að láta sjer lynda, að slíkri verzlun sje haldið áfram í byggðarlagi þeirra, opt og einatt mörgum nýtum mönnum til ófarnaðar.

Leyfisbrjefsgjaldið, 100 kr. á ári, teljum vjer og sízt of hátt, þegar litið er á það, hve arðsöm slík verzlun er vön að vera, eins og vjer líka teljum það heppilegt, að gjaldið renni í landssjóð, svo að þeir, sem atkvæði eiga að greiða, hafi engan hagnað af veitingu leyfisins.

Með 1. gr. frumvarpsins er gætt hagsmuna þeirra, er þegar hafa öðlazt rjett til verzlunar með áfengi, svo að ekki verður sagt, að frumv. þetta gangi rjettindum verzlunarstjettarinnar, nje heldur rjetti annara, of nærri.

Af framansögðum ástæðum leyfum vjer oss að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum orðabreytingum:

Við 1. gr. Í stað orðanna: „neins konar verzlunar með áfengi“, komi: „verzlunar með neins konar áfengi“.

Við 2. gr. Á eptir orðunum: „hreppskilaþingi, og þarf þá“ komi: „til þess að leyfið verði veitt“.

— — — Í stað orðsins: „veita“ komi: samþykkja“.

Alþingi 15. júlí 1897.

Jens Pálsson formaður. Skúli Thoroddsen skrifari og framsögumaður. Tryggvi Gunnarsson

Nd. 103. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að hafa skipti á 7 hundruðum, er landssjóður á í jörðinni Nesi í Norðfirði, og kirkjujörðinni Grænanesi sama staðar.

Hin háttvirta neðri deild hefur kosið oss í nefnd til að segja álit vort um frumvarp þetta, og viljum vjer mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt, af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í athugasemdum stjórnarinnar.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1897.

Ólafur Briem, form. og framsögum. Guðl. Guðmundsson. Jens Pálsson.

Kl. Jónsson, skrifari. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. 104. **Nefndarálit**

í þjóðjarðasölumálinu.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd til að íhuga og segja álit vort um sölu nokkurra þjóðjarða, er falaðar hafa verið til kaups, og hefur nefndin fengið í hendur yms skjöl þar að lútandi, bónarbrjef leiguliða, álitsskjöl umboðsmanna eða hreppstjóra og virðingargjörðir sýslunefnda samkvæmt ákvæðum auglýsingar 17. nóvbr. 1879.

Jarðir þær, er falaðar hafa verið, eru 40 að tölu, en þar af eru 5, sem nefndin ræður frá að selja að svo komnu:

a, Ólafsvík í Snæfellsnessýslu, ásamt svo nefndum Mjóadalsbletti, af þeirri ástæðu, að í landi jarðarinnar er löggiltur verzlunarstaður og sjóþorp, sem búizt er við að geti stækkað.

b, Hjarðarfell í Hnappadalssýslu, sökum þess að álit umboðsmanns vantar.

c, Kjarni í Eyjafirði, fyrir þá sök að jörð þessi liggur að landeign Akureyrarkaupstaðar, og þykir ekki ólíklegt að bærinn vilji sitja fyrir kaupum á jörðinni síðar.

d, Breiðibólstaður í Skaptafellssýslu, sökum þess að sú jörð er álitin hentugt læknissetur.

e, Efri Steinsmýri í Skaptafellssýslu, sökum vantandi skilríkja.

Aptur á móti viljum vjer mæla með því, að allar hinar jarðirnar, 35 talsins, verði gerðar falar, og leyfir nefndin sjer að bera upp frumvarp um sölu þeirra. Að vísu hefur stjórninni áður verið veitt heimild til að selja 7 af þessum jörðum, en sú heimild er gengin úr gildi. Að því er söluverð jarðanna snertir, hefur nefndin, eins og að undanförnu hefur verið venja, fylgt þeirri meginreglu, að setja það eigi lægra en svo, að það til jafnaðar samsvari 25 faldri upphæð afgjaldsins eptir 5 ára meðaltali. Á nokkrum jörðum hefur nefndin vikið frá þessari reglu af sjerstökum ástæðum, og leyfir hún sjer í því efni að skírskota til skrár yfir dýrleika jarðanna, kúgildatal, leigumála og virðingarverð m. m., er lögð hefur verið fram á lestrarsalinn.

Mál það, er hreyft var á þinginu 1895, um sölu þjóðjarða á erfðafestu, hefur nefndin tekið til íhugunar og mun síðar láta uppi álit sitt um það.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1897.

Ólafur Briem, form. og framsögumaður. Kl. Jónsson, skrifari. Guðl. Guðmundsson.

Jens Pálsson. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. 105. **Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Frá nefndinni.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Meiðastaði í Gullbringusýslu	2250 kr.
2.	Þormóðsdal í Kjósarsýslu	4000 —
3.	Fitjakot í sömu sýslu	1250 —
4.	Stakkhamar í Hnappadalssýslu	2400 —
5.	Syðra Skógarnes í sömu sýslu	2550 —
6.	Elliða í Snæfellsnessýslu	1650 —
7.	Foss í sömu sýslu	500 —
8.	Efri Miðvík í Ísafjarðarsýslu	450 —
9.	Bjarnanes í Strandasýslu	1100 —
10.	Skinnastaði í Húnavatnssýslu	2150 —
11.	Brekku í sömu sýslu	3500 —
12.	Brekkukot í sömu sýslu	1100 —
13.	Pálastaði í Skagafjarðarsýslu	2650 —
14.	Litla Dunhaga í Eyjafjarðarsýslu	1900 —
15.	Hallgilsstaði í sömu sýslu	2100 —
16.	Syðri Reistará í sömu sýslu	2400 —
17.	Ytri Reistará í sömu sýslu	2350 —
18.	Kjarna í Arnarneshreppi í sömu sýslu	2400 —
19.	Bragholt í sömu sýslu	2050 —
20.	Syðri Bakka í sömu sýslu	2600 —
21.	Reykhús í sömu sýslu	1100 —

22. Brenniás í Þingeyjarsýslu ..... 750 —
23. Litla Sandfell í Suður-Múlasýslu ..... 1250 —
24. Eyri í Reyðarfjarðarhrepp í sömu sýslu... 1450 —
25. Sellátur í sömu sýslu ..... 1600 —
26. Högnastaði í sömu sýslu ..... 750 —
27. ½ Gestsstaði í sömu sýslu ..... 1000 —
28. ½ Vattarnes í sömu sýslu..... 4000 —
29. Berunes í sömu sýslu ..... 1450 —
30. Dalshöfða í Skaptafellssýslu ..... 850 —
31. Hörgsland í sömu sýslu ..... 5600 —
32. Hörgsdal í sömu sýslu ..... 3200 —
33. Kirkjubæjarklaustur í sömu sýslu..... 3750 —
34. Hraunbæ í sömu sýslu ..... 500 —
35. Skálmarbæ í sömu sýslu ..... 1600 —

2. gr. Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, sem gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr. Heimld sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. desember 1900.

Ed. 106. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraða o. fl. Frá Jóni A. Hjaltalín.

Við 4. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar: »Læknum ber eigi — sækir þá til«, falli burt.

Ed. 107. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki, eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild.

1. grein. Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Skulu skýrslur þessar liggja almenningi til sýnis á hentugum stað 1.—14. febr., og álíti einhver sig ranglega talinn á gjaldskránni, er honum heimilt að kæra það mál innan 21. s. m. fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðar-úrskurð í því. Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan loka febrúarmánaðar.

2. grein. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta gjaldið á manntalsþingunum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Fyrir ómak sitt ber þeim 4% af hinu innheimta gjaldi.

3. grein. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppunum sýslumenn hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir

hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd, og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en hinir kosnu meðlimir bæjarstjórnarinnar eða sýslunefndarinnar fella úrskurð um reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin amtmanni árlega skýrslu um hag styrktarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir sýslunefndin formanni amtsráðsins.

4. grein. Amtmenn hafa í kaupstöðum og amtsráðin í hreppunum eptirlit með, að ákvæðunum um styrktarsjóði handa alþýðufólki sje hlýtt.

5. grein. Landshöfðingi skal eptir tillögum amtsráða semja reglur, sem skulu birtar í B-deild stjórnartíðindanna, um úthlutun á helmingnum af hinu árlega gjaldi og hálfum vöxtunum, sem úthluta ber samkvæmt lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki.

6. grein. 4.—6. og 8.—9. gr. í lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 eru úr lögum numdar.

7. grein. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1899.

Ed. 108. **Frumvarp**

til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Samkvæmt 15. grein laga, nr. 15 8. maí 1894 skal stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

2. gr. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni.

3. gr. Til þess að kaupstaðurinn hjer eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni að ákveða, hvar auð svæði megi vera og hvar leggja skuli stræti; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er þegar eru byggðar; skal nefndin svo rita þær í sjerstaka bók, ásamt lóðum þeim, er síðar verður byggt á. Kostnað við útvegun bókar þessarar og annara þeirra embættisbóka, er nefndinni kynni þykja viðþurfa til að rita í gjörðir sínar og brjef, skal greiða úr bæjarsjóðnum.

4. gr. Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar í kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við til betri varnar við húsbruna eða til að fá greiðari veg um kaupstaðinn þá skal sjerhver sá, sem á óbyggða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari sem þurfa þykir til þess að strætið verði nógu breitt og skal einnig sá er húsið á vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það aptur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri sem það hefur orðið fyrir, við það að af því hefur verið tekið eður hús flutt aptur á við og skal greiða kostnað þann sem af því ris á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sje hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi ósnægður með endurgjald það, sem nefndin hefur ákveðið getur hann lagt málið undir úrskurð amtsins.

B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt

svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, og skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eða aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir.

C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar móti húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess, svo sem verður, að hús, er ætluð eru til atvinnureksturs, er hafa brunahættu í för með sjer, verði byggð á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum, og sjer í lagi á hæð undir loptum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgerðum á húsum og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði í öllum greinum reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sjerhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar og fá skrifleg ákvæði hennar um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hjer á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sje gætt, þá á bæði hann og yfirsmiður sá, er á hlut að máli, að greiða sektir, frá 10 til 50 kr., í bæjarsjóð; hinn fyrrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sje rifið niður á hans kostnað, að því leyti, sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði rétt við smíðið, og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefur eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu sektir skal og sá greiða, sem að öðru leyti gerir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefur sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hjer að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka sektirnar alt að 4 kr.; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

5. gr. Að því leyti, sem við getur átt, skulu ákvæði laga þessara einnig ná til húsa þeirra á kaupstaðarlóðinni, sem eru með torfþaki og torfveggjum, og til matjurtagarða, er slíkum húsum fylgja.

6. gr. Með mál um brot á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. 109. **Frumvarp**

til laga um eptirlaun (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungs veitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eptirlaun $^1/_5$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður,

sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $^2/_3$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum ber eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1, viss árleg laun; 2, launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3, aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1, gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2, þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3, þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4, þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5, þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_8$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði, þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20—100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1, þegar ekkjan giptist að nýju; 2, þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3, þegar hún hefir ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4, þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun, af því að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Ed. 110. **Frumvarp**

til laga um fátækramálefni. Flutningsmaður: Þorkell Bjarnason.

I. Skyldu framfæri.

1. gr. Hver sá, er eigi getur veitt sjer eða sínum viðurværi, klæðnað, húsaskjól, hlýindi eða læknishjálp og aðra hjúkrun í veikindum, sem nauðsynlegt er til að halda lífi og heilsu, fær styrk af hrepps- eða bæjarsjóði til að bæta úr þessu. Eigi þurfamaðurinn framfærslumann einn eða fleiri, endurgeldur hann eða þeir hreppnum eða bæjarsjóðnum styrkinn, ef þeir eru þess megnugir. Sá, er þiggur sveitarstyrk, er skyldur að hlýða þeim reglum og gegna þeim skyldum, er lögin leggja honum á herðar.

2. gr. Skylt er hjónum að forsorga og annast hvort annað, meðan hjónabandinu er eigi slitið að lögum.

3. gr. Skylt er foreldrum í fjelagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp skilgetin börn sín og niðja til 16 ára aldurs. Óskilgetin börn og niðja er móðurinni skylt að framfæra og uppala. Um meðlag feðranna með óskilgetnum börnum fer svo, sem lög þau, er um það efni gilda, mæla fyrir.

4. gr. Hjón skulu annast hvort annars stjúpbörn. Þó skal sú skylda, sem eptir sátt eða úrskurði yfirvalds hvílir á föður eða móður slíkra barna að framfæra og ala þau upp, eigi með þessu falla í burtu.

5. gr. Börn og niðjar skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, öfum og ömmum og mega eigi foreldrar, afar eða ömmur verða sveitþurfar, meðan þau eiga þau börn eða þá niðja á lífi, sem þess eru umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu afar og ömmur, sem þess eru umkomin, annast barnabörn sín og niðja, svo að þau eigi verði sveitþurfa.

6. gr. Þá er hjú manns sýkist eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, kostar það lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt, ef það er þá á vegum hans.

Nú veikist hjú eður slasast, og er hvorki sjálfu því nje húsbónda þess um að kenna, og greiðir það þá kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda skal skylt, svo framt hjúið eigi eptir ósk þess sjálfs eða ráðum læknis fer á burtu frá honum, að fæða það ókeypis. Þó eigi lengur en til næsta hjúaskildaga.

Hver sá húsráðandi, sem tekur mann í húsmennsku á heimili sitt, er eigi hefir heimild til húsmennsku, skal til næstu fardaga, verði húsmaðurinn sveitþurfi, framfæra hann án endurgjalds frá framfærslusveit hans.

II. Sveitfesti.

7. gr. Í þeim hreppi eða í því bæjarfjelagi, sem maður hefir dvalið 1 ár búsettur, vistfastur eða haft heimilisfang sitt eptir 16 ára aldur, án þess að hafa notið sveitarstyrks, sem eigi er endurgoldinn, skal maður eiga framfærslu. Skal það sveitarfjelag, er maður hefir síðast dvalið í löglega heimilisfastur 1 árs tíma, jafnan álítast framfærslusveitin. Þó skal enginn ávinna sjer framfærslurjett með dvöl sinni í skóla, sjúkrahúsi eða hegningarhúsi.

8. gr. Hver sá, er með þessu móti eigi hefir áunnið sjer framfærslurjett, skal þar sveitlægur, sje hann skilgetinn, er foreldrar hans eiga lögheimili, er hann var í heiminn borinn. Sje hann óskilgetinn, á hann þar framfærslu sem móðir hans átti löglegt heimili, er hann fæddist. Nú finnst eigi lögheimili foreldra þess manns, sem skilgetinn er, nje móður óskilgetins manns, þá er hann verður sveitþurfi, og skal hann þá þar framfærslu eiga, er móðirin var stödd, er hún ól hann.

9. gr. Gipt kona skal þar jafnan framfærslu eiga, sem maður hennar. Verði hún ekkja eða fráskilin manni sínum að lögum, heldur hún framfærslurjetti manns síns, þangað til hún hefir sjálf áunnið sjer framfærslurjett eptir 7. gr.

10. gr. Skilgetin börn yngri en 16 ára eiga jafnan framfærslurjett þar, er faðir þeirra er eða var sveitlægur. Óskilgetin börn yngri en 16 ára framfærast, er með þarf, af framfærslusveit móður sinnar.

11. gr. Nú verður eigi sannað, hvar þurfamaður er sveitlægur, og ber þá að álíta hann sveitlægan í þeim hreppi eða í því bæjarfjelagi, er hann er bólfastur eða staddur í, þá er hann varð þurfalingur.

III. Ómagaframfærsla.

12. gr. Skylt er hreppsnefndum og fátækrastjórnum í kaupstöðum að veita þeim, er fátækrastyrks beiðast af hrepps- eða bæjarsjóði, það sem þeim er nauðsynlegt, svo að lífi þeirra og heilsu sje borgið. Þó eiga hreppsnefndarmenn og fátækrastjórar, þá er einhver beiðist fátækrastyrks, áður en slíkur styrkur er veittur, nákvæmlega að rannsaka efni og ástæður hlutaðeiganda. Má eigi veita þeim mönnum styrk, er sjálfir geta haft ofan af fyrir sjer og sínum með því að neyta krapta sinna andlegra og líkamlegra tilhlýðilega. Eiga sveitarstjórnir, ef unnt er og það virðist líklegt til að bjarga fátæklingum frá sveit, að útvega þeim vinnu, sem þeir geti lifað af. Eigi sá, er styrks beiðist, svo efnaða og nálæga framfærslumenn, að þeir þegar geti látið honum lögskylda hjálp í tje, eiga sveitarstjórarnir að vísa þurfalingnum til þeirra, til að öðlast hjálpina. Samt má enginn þurfalingur fara á mis við nauðsynlegan sveitarstyrk af þeirri ástæðu, að hann sje annarstaðar sveitlægur eða eigi þá framfærslumenn, er geti veitt honum hjálp, heldur á að veita þurfalingnum nauðsynlegan fátækrastyrk, er hann eigi getur fengið hjálpina á annan hátt; en framfærslusveit hans eða framfærslumenn borga styrkinn seinna meir.

13. gr. Þá er heimilisfaðir beiðist sveitarstyrks, geta hreppsnefndir og fátækrastjórar lagt honum styrkinn heim eða tekið heimilið upp, ef þeim sýnist það betur við eiga. Skal í því efni bæði farið eptir hag sveitarinnar og heimilisástæðum þurfalingsins. Þó má eigi skilja hjón, nema í ýtrustu nauðsyn ogeptir úrskurði sýslumanns, sem saman vilja vera og lifað hafa í eindrægni og siðsemi. Ekkja sú, er þarfnast sveitarstyrks og börn á og kunn er að því að ala vel og kristilega upp börn sín, skal jafnan, ef búnað hennar þarf upp að taka, ef hún óskar þess, mega halda hjá sjer einu barninu, því er hún kýs sjálf.

14. gr. Fulltíða ómögum og örvasa gamalmennum skal komið fyrir hjá góðum húsbændum á sem haganlegastan hátt fyrir sveitina. Föður- og móðurlausum börnum, sömuleiðis börnum þeirra foreldra, er ekki geta veitt eða vilja veita börnum sínum sæmi-

legt uppeldi til fata, matar og fræðslu, einkum ef siðferði foreldranna er þannig, að óttast megi af því alæmar afleiðingar fyrir siðferði barnanna, skal komið fyrir hjá þeim húsbændum, er líklegir þykja til að geta veitt þeim gott uppeldi og vanið þau á siðsemi, iðjusemi og guðsótta. Skulu sveitarstjórar hafa eptirlit með því, að vel sje farið með ómaga, og ef önnur raun verður á, taka þá burtu og koma þeim fyrir á öðrum stað. Prestar skulu hafa umsjón um uppfræðslu sveitarbarna, og skal hreppsnefndum og fátækrastjórum skylt að fara eptir tillögum presta um uppfræðslu og samastaði fyrir slík börn.

Þó má skjóta tillögum presta í slíkum málum til sýslunefnda, sem leggja endilegan úrskurð á málið. Fari húsbændur eða heimilismenn, þar sem ómagar eru, illa með þá, svo að varði við lög, skulu hreppsnefndarmenn og fátækrafulltrúar hlíðarlaust kæra slíkt athæfi fyrir sýslumönnum og bæjarfógetum.

IV. Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

15. gr. Sá, sem þiggur eða þegið hefur sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni, sem aðra skuld, og er það sönnun fyrir skuldinni, að sveitarstyrkurinn sje færður inn í sveitarbókina. Sveitarstjórnin getur beiðzt lögtaks á skuldinni eptir fyrirmælum laga nr. 29, 16. des. 1885, og er lögtaksbeiðnin gild, þótt hún komi síðar fram, en fyrir er mælt í 2. gr. nefndra laga.

16. gr. Sveitarstjórnin getur látið fógeta skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargjörðinni, ásamt útdrætti úr sveitarbókinni að því er styrkinn snertir, legst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

17. gr. Nú sannast það fyrir amtmanni, að sá fer ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, er þiggur eða þegið hefur óendurgoldinn sveitarstyrk, og skal þá amtmaður, eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta, svipta hann fjárforráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Skal fjárráðamaður þegar sjá um, að úrskurður þessi sje birtur á varnarþingi þess, er fjárráðum er sviptur. Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal amtmaður nema úrskurðinn úr gildi. Fyrir þinglýsingar og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

18. gr. Hver vinnufær maður, er af sveit þiggur, er skyldur að fara í hverja þá vist og vinna hverja þá venjulega vinnu, er sveitarstjórnin ákveður og honum er eigi um megn, meðan hann er eigi fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á að lögum fram að færa, og er honum skylt fyrst um sinn að hlýða ákvæði sveitarstjórnarinnar, þótt hann eigi vilji kannast við, að vist sú sje boðleg eða vinna sú sje viðunanleg, er honum var boðin. En málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er leggur úrskurð á það, þá er hann hefur leitað álits tveggja óvilhallra manna.

19. gr. Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnarinnar, er getur um í næstu grein á undan, má þá kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum, ef þörf gjörist, til hlýðni með sektum eða fangelsi, eptir málavöxtum.

Nú hýsir maður þurfamann, sem honum er kunnugt um að óhlýðnast skipun fátækrastjórnar eða þiggur verk af honum, og skal hann um það sekur allt að 100 krónum, er renna í sveitarsjóð þar, sem þurfalingurinn á framfærslu.

20. gr. Nú vill maður flytja af landi brott, sem er framfærslumaður ósjálfbjarga manns, og er honum þá skylt, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin heimtar það, að setja sveitinni viðunanlega tryggingu fyrir því, að þeir ósjálfbjarga menn, er hann

á fram að færa að lögum, verði eigi sveitinni til þyngsla um næstu þrjú ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

21. gr. Nú sýnir þurfalingur tiltakanlega óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin þar, sem hann er sveitlægur, kæra hann fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er getur látið hegna honum fyrir þetta athæfi með fangelsi eptir því, sem málefni standa til.

22. gr. Hver sá karlmaður, er á síðustu 5 árum hefur þegið sveitarstyrk, sem eigi er endurgoldinn, má ekki kvongast, fyr en hann hefur endurgoldið hinn þegna sveitarstyrk, nema sveitarstjórnin þar, sem hann er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

V. Viðskipti sveitarstjórna.

23. gr. Hreppur sá eða bæjarfjelag, er þurfamaður beiðist styrks í, sem honum er álitinn nauðsynlegur, skal, þó hann sje þar eigi sveitlægur, veita honum fátækrastyrk eða framfæra hann, þangað til það er sannað, hvar hann er sveitlægur.

Þá er slíkur maður beiðist sveitarstyrks, er sveitarstjórnin vill að endurgoldinn sje, skal hún yfirheyra eða láta yfirheyra þurfalinginn, til að fá skýrslur um það, er nú skal segja:

a) nafn, aldur og fæðingarheimili þurfalingsins. Sje þurfalingurinn giptur eða hafi verið giptur, skal skýra frá því, hvar og hve nær hann hafi gipzt;
b) hvar hann hafi síðast átt lögheimili eptir 16 ára aldur um eins árs tíma;
c) hvort og hvar hann hafi áður þegið sveitarstyrk, þörf hans og hvers vegna hann sje þurfandi orðinn.

Þá er slík skýrsla er fengin, skal hún rituð og dagsett og síðan skrifar sá, er hana hefur tekið, nafn sitt undir hana; einnig ritar þurfamaðurinn nafn sitt undir skýrsluna eða handsalar nafn sitt undir hana, sje hann óskrifandi.

Sje slík skýrsla eigi tekin, ef unnt er, áður en styrkur er veittur, missir sú sveit eða það bæjarfjelag, er styrkinn hefur veitt, tilkall til endurgjalds á honum. Sveitarstjórn sú, er slíkan sveitarstyrk veitir, skal ráða því, hvernig styrknum er háttað og hversu mikill hann er.

24. gr. Nú hefur sveitarstjórn veitt þurfaling fátækrastyrk, er eigi er sveitlægur í þeim hreppi eða bæjarfjelagi, 100 kr. eða minna að upphæð, og fær þá hreppsstjóðurinn eða bæjarsjóðurinn $^3/_4$ hluta af þeim styrk endurgoldna; en sje styrkurinn meiri, en nemi 100 kr., skal hann allur endurgoldinn.

25. gr. Nú er styrkur slíkur, er talað er um í 23. gr., veittur, og skal þá sveitarstjórnin, áður en mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sínum eða bæjarfógeta áskorun um, að rannsaka svo fljótt, sem unnt er, hvar þurfalingurinn sje sveitfastur. Þá skal einnig sveitarstjórnin krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn, samkvæmt undanfarandi grein. Jafnframt skal og send skýrsla sú, eða afskript af henni, sem um er getið í 23. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gjöra það, er fyrir er mælt í þessari grein, missir hrepps- eða bæjarsjóðurinn rjett til endurgjalds á hinum veitta styrk.

26. gr. Sveitarstjórn, sem gjörð er fyrirspurn til um það, hvort hún vilji kannast við framfærslu þurfalings, er veittur hefur verið sveitarstyrkur, skal áður, en 4 vikur eru liðnar frá því að fyrirspurnin barst henni til handa, senda skýlaust svar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.

Sje þetta vanrækt, missir sveitarsjóðurinn, þar sem maðurinn er sveitlægur, rjett

til að kæra yfir því, að styrkurinn sje of hátt settur, og borgar hann jafnframt allan, þó hann nemi eigi meiru en 100 krónum.

27. gr. Nú á þurfalingur, er þegið hefur sveitarstyrk þar, sem hann eigi er sveitlægur, framfærslumann, og skal þá sú sveit eða það bæjarfjelag, þar sem þurfalingurinn er sveitlægur, eiga tilkall til endurgjalds hjá framfærslumanninum fyrir kostnað þann, er hún hefur haft af þurfalingnum. Nú verður ágreiningur milli þess sveitar- eða bæjarfjelags og framfærslumanns um það, hvort framfærslumanni sje skylt að annast þurfaling og að hve miklu leyti, eða hvort honum sje skylt að endurgjalda þann kostnað, sem framfærslusveitin hefur haft fyrir þurfalingnum, og liggur fullnaðarúrskurður í þeim málum undir amtmann.

28. gr. Allur ágreiningur um sveitfesti þurfalings og um það, hvort honum hafi rjettilega verið veittur sveitarstyrkur, einnig um það, hvort hinn veitti styrkur sje sanngjarnlega verðlagður, ef hann er veittur í fötum eða fæði, skal í sömu sýslu liggja undir úrskurð sýslumanns; þó mega hlutaðeigendur skjóta úrskurði sýslumanns til amtmanns og frá amtmanni til landshöfðingja, ef þeim svo sýnist. Agreining um þetta efni milli sýslna í sama amti úrskurðar amtmaður, ef hlutaðeigandi sýslumenn hafa eigi getað komið sjer saman um að leiða ágreininginn til lykta, en úrskurði amtmanns má skjóta til landshöfðingja. Nú verður ágreiningur í þessu efni milli sveita í ýmsum ömtum og geta amtmenn eigi leitt hann til lykta, og liggur sá ágreiningur þá undir úrskurð landshöfðingja.

VI. Flutningur þurfamanna.

29. gr. Dvalarsveit og framfærslusveit manns þess, er þegið hefur sveitarstyrk, hafa hvor um sig rjett til að krefjast þess, að þurfalingurinn sje fluttur þurfamannaflutningi á framfærsluhrepp sinn.

30. gr. Þurfaling má eigi flytja úr einum hreppi í annan, nema áður sje sannað, hvar hann eigi framfærslu, annaðhvort með yfirlýsingu hreppsnefndar þeirrar eða bæjarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða fullnaðarúrskurði yfirvalds.

31. gr. Nú á þurfalingur að flytjast til framfærslusveitar sinnar, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti gefa honum vegabrjef, er sýni frá hverri sveit og til hverrar sveitar flutt skal, svo og hve margt fólk er í förinni, ef um fjölskyldu er að ræða.

32. gr. Dvalarsveit eða framfærslusveit þurfalings annast flutning hans. Koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma flutninginn. En náist eigi samkomulag um það, skal framfærslusveitin annast flutninginn.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni og endar hjá bæjarfógeta eða hreppstjóra í framfærslusveitinni.

33. gr. Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort heldur flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg. Svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

34. gr. Eigi má flytja þurfaling fátækraflutningi, nemi eigi hinn þegni sveitarstyrkur meiru en 100 kr., nema því að eins, að bersýnilegt sje, að hann sje kominn á stöðugt sveitarframfæri.

35. gr. Af kostnaði við flutning þurfalings ber dvalarsveitin $^1/_4$, en framfærslusveitin $^3/_4$; skal kostnaðurinn greiddur fyrirfram úr sjóði þess hrepps eða bæjarfjelags, sem annast flutninginn.

VII. Tekjur fátækrasjóða.

36. gr. Tekjur sveitarsjóðanna eru þær, er nú skal segja:

a) Tíund af lausafje og fasteign.

b) Afgjöld af fasteignum þeim, er sveitarsjóðirnir eiga, og peningum þeim, er þeir hafa á vöxtum.

c) Aukaútsvör lögð á með niðurjöfnun.

d) 1/5 af allskonar fiskifangi, sem á helgidögum fæst á opin skip, og enn fremur 10 kr. til 100 kr. þóknun, þá er nót er lögð á helgidegi og síld er kröuð inni.

Fer um upphæð þeirrar þóknunar eptir ákvörðun sýslumanns.

e) Fjesektir eptir dómi, úrskurði yfirvalds eða sáttargjörð.

f) Tillög framfærslumanna.

g) Fjármunir dáinna sveitarómaga, þó eigi meiri en nægir til að endurgjalda sveitarstyrk þann, er þeir hafa þegið.

h) Greiðslur upp í skuldir þurfalinga.

i) Verð fyrir óskilafjenað þann, er enginn finnst eigandi að.

37. gr. Af tekjum fátækrasjóða skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn leggja árlega 1—4% í söfnunarsjóðinn í Reykjavík sem eign hrepps eða bæjarsjóðs og er það á valdi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, hverja af þessum upphæðum hún leggur.

Allir vextirnir leggjast við höfuðstólinn, unz helmingur þeirra samsvarar meðaltali þeirrar upphæðar, er hreppurinn eða bæjarfjelagið hefur árlega lagt í sjóðinn. Frá þeim tíma borgast hálfir hinir árlegu vextir inn í hrepps- eða bæjarsjóðinn, en hinn helmingurinn legst við höfuðstólinn.

38. gr. Öll þau lög og lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi, skulu hjer með úr gildi numin.

Nd. 111. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að umsjón og fjárhald Bjarnanesskirkju sje fengið í hendur hlutaðeigandi söfnuði.

Nefnd sú, er kosin var til að láta uppi álit sitt um þetta efni, hefir fengið til athugunar yfirlýsingar frá öllum söfnuðum landssjóðskirknanna og tekið málefni þetta í heild sinni undir rækilega yfirvegun.

Eptir að alþingi 1895 hafði beint þeirri áskorun til stjórnarinnar, á sama hátt og gjört hafði verið á alþingunum 1885 og 1887, að leita yfirlýsingar frá söfnuðum landssjóðskirknanna um það, með hverjum kjörum þeir vildu, hver um sig, taka að sjer sóknarkirkjur sínar, hefir landshöfðinginn með brjefum til amtmanna 21. des. 1895 lagt fyrir þá, að útvega að nýju slíkar yfirlýsingar frá söfnuðunum og hafa amtmennirnir látið bera mál þetta undir söfnuðina og liggja nú fyrir yfirlýsingar frá öllum söfnuðum landssjóðskirknanna um þetta efni. Þótt að vísu fundir hafi eigi í öllum sóknum orðið nægilega fjölmennir, þannig að fullir 2/3 atkvæðisbærra manna hafi mætt á þeim, eins og sjerstaklega á sjer stað í Reykjavík og Vestmannaeyjum, þá virðist þó mega skoða hinar framkomnu yfirlýsingar sem sönnun fyrir, hver sje vilji sóknarmanna almennt í þessu máli.

Eptir því, er fram hefir komið í þessu máli á undanförnum þingum,

virðist nefndinni sá vilji vera all-ríkur í þinginu, að losa landssjóð við umsjón kirknanna og fjárhald, en fá það í hendur söfnuðunum, og það er álit nefndarinnar, að þessi stefna sje á rjettum rökum byggð, hvort heldur málið er skoðað frá hlið landssjóðsins eða safnaðarins. Það virðist í alla staði eðlilegast, að söfnuðirnir eigi sjálfir sitt guðsþjónustuhús og hafi allan veg og vanda af umsjón þess, viðhaldi og fjárráðum, enda má telja sennilegar líkur til, að söfnuðirnir þá verði fúsari til frjálsra framlaga til kirkjunnar, þegar hún er þeirra eign, en þeir eru nú, þegar þeir gjalda öðrum eiganda lögákveðna skatta í notum kirkjunnar og einnig má telja víst, að áhugi safnaðarins á málum kirkjunnar glæðist að miklum mun, þar sem þetta fyrirkomulag kemst á.

Hinsvegar hafa kröfur safnaðanna til kirknanna, bæði að því er snertir stærð þeirra, byggingarlag og allan útbúnað vaxið mjög á hinum síðari árum og allar horfur eru á, að þær kröfur fari mjög vaxandi á komandi árum. Það má því telja fyrirsjáanlegt, að árlegar tekjur kirknanna, sem landssjóðurinn er eigandi að, muni ef til vill eigi hrökkva til þess að viðhalda þessum kirkjum í sómasamlegu standi, þegar til þess er litið, að allar kirkjurnar þurfa, eptir þeim skýrslum, sem fyrir nefndinni liggja, meiri og minni aðgjörðar, málunar o. fl., og einnig til þess, að öll slík verk og einnig öll umsjón og hirðing kirknanna verður kostnaðarsamari í höndum landssjóðsins, en ætla má að þau verði í höndum safnaðanna sjálfra.— Nefndin hefir enda ástæðu til að ætla, að umsjón þessara kirkna og fjárhald þeirra af hálfu landssjóðsins sje eigi í svo heppilegri reglu, sem æskilegt væri. Til dæmis að taka hafa tekjur kirknanna 1894 verið 3318 kr. 50 a., en í landssjóð hafa að eins borgast frá því ári 437 kr. 61 a.; 1895 eru tekjur alls 3538 kr. 14 a., innborgað í landssjóð 370 kr. 87 a.; hitt hefir gengið til útgjalda. Þótt nú að vísu í þessum útgjöldum felist endurborgun á »vonefndum »rentulausum lánum« úr landssjóði, nálægt 1000 kr., þá virðist þó af þessu mega ráða það, að tekjur þessara kirkna gangi mjög í súginn, eins og nú háttar fjárhaldinu, þegar jafnframt er litið til þess, að í þessum útgjöldum felast eigi á þessum 2 árum, sem hjer eru nefnd sem dæmi, neinar verulegar umbætur á kirkjunum, og í annan stað til þess, að nefndin hefir ástæðu til að ætla, að landssjóðskirkjurnar, að undanskildri dómkirkjunni í Reykjavík og ef til vill Vestmannaeyjakirkju, sjeu alls eigi svo vel hirtar eða umsjón með þeim svo góð sem vera ætti og að jafnvel sumar þeirra liggja fyrir skemmdum af þeirri ástæðu.

Það er því eigi neinn efi á, að fyrirkomulag það, sem nú er, er bæði óeðlilegt og óhentugt og allvíðast munu söfnuðir landssjóðskirknanna vera óánægðir með framlögur landssjóðsins til kirknanna og telja þær um of rýrar í samanburði við gjöld þau, er þeir greiða kirkjunni, en á hinn bóginn er það af landssjóðsins hálfu álitið, að þannig lagað kirkjuhald fyrir hans hönd sje honum engin tekjugrein, miklu fremur til útgjalda, og er nefndin á því máli, að það sje rjett álitið, einkum þegar telja má víst, að kröfur safnaðanna í þessari grein fari vaxandi en eigi minnkandi.

Nefndin er því eindregið á því máli, að miklar ástæður mæli með því, að landssjóður hafni eigi tilboðum safnaða þeirra, er boðizt hafa til að taka að

sjer kirkju sína, nema því að eins, að þeir fari fram á fúlgu, er álíta verði úr hófi ósanngjarna, eins og nú er ástatt. Í tillögum sínum í því efni hefir nefndin haft fyrir augum aldur kirkjuhússins og núverandi ástand, fólksfjölda í söfnuðinum 31. des. 1896, tekjuupphæð, brutto og netto, eptir meðaltali síðustu 5 ára og tilboð þau, er fyrir liggja frá safnaðafundunum.

Skal þá, að því er hinar einstöku kirkjur snertir, þetta tekið fram:

1. Bjarnanesskirkja, byggð 1886, undir járnþaki, máluð, fólkstal 274, tekjur br. 82 kr. 79 a., netto 39 kr. 75 a. Um ástand kirkjunnar er þess að geta, að hún hallast til suðurs um 2½ þuml. á veggháðinni, sem er 4 al. og að sá halli hefir ágjörzt á síðustu 3 árum, að kirkjan lekur um þakið og að púa hefir orðið vart í henni. Hins vegar er ástand kirkjunnar í vísitatíu 1894 talið »ágætt«. Um tilboð safnaðarins skal vísað í ástæður stjórnarfrumvarpsins og aðhyllist nefndin þær. Að vísu hefir Bjarnaness-söfnuður látið það í ljósi 1887, að hann vildi taka við kirkjunni með 3000 kr. portion, og var það tilboð þá álitið óaðgengilegt, en þá var kirkjan nýbyggð og engir af þeim göllum, er nú eru á henni, komnir í ljós. Það virðist og í sjálfu sjer ekki óeðlilegt, að landssjóður láti eign sína í Bjarnanesi fylgja kirkjunni, þegar hann losnar við allan veg og vanda af henni, og aðáliti nefndarinnar er það mjög mikið efamál, hvort betra væri fyrir landssjóðinn að svara út t. d. 3000 kr. sem portion handa kirkjunni. Fasteignin er að vísu meira virði, en tekjurnar af henni ganga ekki í landssjóð, heldur sem umboðslaun til umboðsmanns Bjarnanessumboðs, sem auk þess heimtir gjald af 3 jörðum öðrum. Þessum umboðsmanni mundi þá eptirleiðis verða greidd venjuleg umboðslaun, 1/6 af afgjaldi umboðsjarðanna, sem verða mundi án efa minna en vextir af 3000 kr. Nefndin leggur því til, að frumvarp stjórnarinnar verði samþykkt, að því er þessa kirkju snertir.

2. Prestsbakkakirkja, byggð 1859, járnklætt þak og turn, bikuð, fólkstal 498, stærð hússins 12×24 al., tekjur br. 216 kr. 78 a., n. 115 kr. 79 a. Undirtrje á austurgafli og suðurhlið farin að fúna og eins máttarviðir í forkirkju og turni; kirkjan er grannviðuð eptir stærð og gisnuð hvelfing og þiljur. Ástand talið »gott«. Kirkjan er eigi vel úr garði gjörð að instrumentis & ornamentis.

Söfnuðurinn býðst til að taka við kirkjunni með 3000 kr. portion, ef landssjóður auk þess borgar í sjóð kirkjunnar 750 kr. fyrir fjöru, er kirkjunni nú eru tilfærðar tekjur af, 30 kr. á ári, svonefnda »Kirkju- og Brúarfjöru« og rennur þá leigan af fjörunni eptirleiðis til landssjóðs.

Þessi tilboð safnaðarins álítur nefndin eigi ósanngjörn og ræður til þess að gengið sje að þeim.

3. Langholtskirkja, byggð 1863, járnklædd á þaki, turni og austurstafni, bikuð; fólkstal 334; tekjur br. nál. 110 kr., n. nál. 50 kr.; kirkjan er eptir vísitatiu 1896 talin nokkuð gölluð af fúa, og járnklæðningin eigi góð. Áhöld kirkjunnar eru mjög lítilfjörleg, engin altaristafla, ljósáhöld því nær engin o. s. frv.

Söfnuðurinn hefir lýst því yfir, að ef hann »með nýrri löggjöf« yrði skyldaður til að taka að sjer fjárhald kirkjunnar, þá mundi hann krefjast þess, að landssjóður legði henni sem sjóð 2500 kr. Nefndin vill því leggja það til, að söfnuðinum verði gefinn kostur á að taka að sjer kirkjuna með 2500 kr. portion.

4. Þykkvabæjarklausturskirkja, byggð 1864, járnklædd á þaki og turni og móti austri og suðri; fólkstal 128, tekjur br. 92 kr. 06 a., netto 39 kr. 22 a., kirkjan er talin í »laklegu« ástandi og er við vísitatiu 1896 lýst á þann veg, »að eigi verði messað í henni nema í góðu veðri«, og að þiljur og fl. sje svo gisnað orðið, að hún sje eigi fokheld, fúa hafi eigi orðið vart, nema kringum turninn og í listum. Áhöld því nær engin, er kirkjunni fylgja.

Söfnuðurinn hefir boðizt til að taka að sjer kirkjuna, ef landssjóður ljeti henni fylgja 1000 kr. í peningum og eignir þær, er kirkjunni nú eru taldar tekjur af. En eignir þessar eru: 1. Eyðijörðin Bolhraun, leiga 15 kr., 2. Þykkvabæjarklaustursfjara, leiga 12 kr. 3. ½ Höfðafjara, leiga 11 kr. 25 a., 4. ½ Dynskógafjara, leiga 10 kr. 66 a., og er leiga af þessum eignum því nú 48 kr. 91 e. á ári.

Nefndin leggur með því, að þessu tilboði safnaðarins verði tekið.

5. Vestmannaeyjakirkja. Á fundum þeim, er haldnir hafa verið í þessum söfnuði, hefir eigi, að því er sjeð verður, nein tillaga komið fram í þá átt, að kveða upp þau skilyrði, er söfnuðurinn vildi setja fyrir því að taka að sjer kirkjuna. Að eins hefir því verið lýst, að menn alls eigi vildu hafa nein afskipti af umsjón og fjárhaldi hennar. Þar sem því hjá þessum söfnuði alls enginn áhugi virðist vaknaður í þessu máleíni, hefir nefndin álitið þýðingarlaust að gjöra nokkra tillögu að því, er þessa kirkju snertir.

6. Móðruvallaklausturskirkja, byggð 1867, úr timbri, fólkstal 642, tekjur br. 260 kr.. netto 93 kr. 26 a. Á kirkjunni hvíla eptirstöðvar af »rentulausu láni« úr landssjóði 352 kr. 11 a., sem talið er sjálfsagt að falli niður, ef söfnuðurinn tekur að sjer kirkjuna. Ástand kirkjunnar er talið »dágott« og telur hlutaðeigandi prófastur líklegt, að eigi þurfi að endurbyggja kirkjuna á næstu 18 árum. Um tilboð af hálfu safnaðarins hefir eigi fengizt nægur atkvæðafjöldi, en með hliðsjón af því, að amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu hefir stungið upp á því, að söfnuðurinn tæki að sjer kirkjuna með 4000 kr. heimanfylgju og fært skýr rök fyrir, að þessi upphæð sje sæmileg og fullnægjandi, og ennfremur með tilliti til þess, að þessi uppástunga hafði með sjer 47 atkvæði af 57, er á safnaðarfundinum mættu (atkvæðisbærir alls 85), þá vill nefndin leggja það til, að söfnuðinum verði gefinn kostur á að taka við kirkjunni með 4000 kr. portion og að gefnar verði upp hinar ofannefndu skuldareptirstöðvar til landssjóðs.

7. Munkaþverárklausturskirkja, byggð 1844, úr timbri, fólkstal 244, tekjur br. 97 kr. 95 a., n. 52 kr. 16 a. Kirkjunni er svo lýst, að hún sje orðin mikið fúin og svo gisnaðir veggir, að inn um þá fjúki, og að eigi verði messað í henni, nema í góðu veðri, kirkjan er að stærð 21×12 al.

Söfnuðurinn hefir boðizt til að taka að sjer kirkjuna með 5,500 kr. fúlgu úr landssjóði.

Með tilliti til þess, að ætla má, að kirkja þessi geti með lítilli viðgjörð enn staðið um að minnsta kosti 10 ár, að ástand hennar er, eptir vísitatium, talið »gott« og að hjer er um fremur fámenna sókn að ræða, hefir nefndin álitið kröfu safnaðarins of háa og tilboð hans óaðgengilegt, en leggur það til, að söfnuðinum verði gefinn kostur á að taka að sjer kirkjuna með 4000 kr. portion.

8. Reykjavíkur dómkirkja. Eptir skýrslum þeim, er fyrir nefndinni hafa legið, virðist svo, sem vaknaður sje dálítill áhugi hjá þessum söfnuði, frekar en verið hefir, á því að taka að sjer kirkjuna, en þó hafa eigi að þessu sinni komið fram nein þau tilboð, er viðlit sje að aðhyllast. Tillaga frá undirbúningsnefnd í söfnuðinum um, að söfnuðurinn tæki að sjer kirkjuna með 25000 kr. portion, 300 kr. árgjaldi úr landssjóði og uppgjöf á skuld kirkjunnar, var felld á safnaðarfundinum og þótt að vísu nefndin hefði verið tilleiðanleg til að mæla með því, að söfnuðinum væri af landssjóðsins hálfu gjört eitthvert sviplíkt tilboð, þá álítur hún þó eptir kringumstæðum þýðingarlaust að koma með tillögur í þá átt að svo vöxnu máli.

Tillögur nefndarinnar eru því þessar:

I. Að í stað frumvarpsgreinarinnar komi þannig orðuð grein:
Stjórninni veitist heimild til að selja söfnuðunum í hendur umsjón og fjárhald þessara landssjóðskirkna:

1. Söfnuðinum í Bjarnaness-sókn í Austur-Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Bjarnaness-kirkju með þeim kjörum, að sá helmingur jarðarinnar Bjarnaness með hjáleigum, er landssjóður á, verði afhentur söfnuðinum ásamt kirkjunni.
2. Söfnuðinum í Prestsbakkasókn í Vestur-Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Prestsbakkakirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag kr. 3750, en Kirkju- og Brúarfjara falli til landssjóðs.
3. Söfnuðinum í Langholtssókn í Vestur-Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Langholtskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 2500 kr.
4. Söfnuðinum í Þykkvabæjarklausturssókn í Vestur-Skaptafells prófastdæmi umsjón og fjárhald Þykkvabæjarklausturskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 1000 kr. og fjörur þær, er kirkjunni eru taldar, verði afhentar söfnuðinum ásamt kirkjunni.
5. Söfnuðinum í Möðruvallaklausturssókn í Eyjafjarðarprófastsdæmi umsjón og fjárhald Möðruvallaklausturskirkju með þeim kjörum, að skuld kirkjunnar við landssjóð falli niður og að henni fylgi í álag 4000 kr.
6. Söfnuðinum í Munkaþverárklausturssókn í Eyjafjarðarprófastsdæmi umsjón og fjárhald Munkaþverárklausturskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 4000 kr.

II. Fyrirsögnin verði:
Frumvarp til laga um að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1897.

Jón Jensson formaður. Guðl. Guðmundsson skrifari og framsögumaður. Jón Jónsson þm. A-Skf.

Jens Pálsson. Skúli Thoroddsen.

Nd. 112. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri. Frá Ólafi Briem.

Í stað orðanna í 3. gr.: »endurgjald fyrir ferðakostnað« o. s. frv. til enda greinarinnar komi: endurgjald fyrir ferðakostnað eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar. Greiðist sá kostnaður úr sýslusjóði, svo og allur annar kostnaður, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er fyrirskipaðar eru í 2. gr.

Nd. 113. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um lausafjártíund.

Vjer undirskrifaðir, sem neðri deild alþingis kaus í nefnd til að athuga nefnt frumvarp, höfum rætt þetta mál á nokkrum fundum og komizt að þeirri niðurstöðu, sem hjer greinir.

Oss hefur fundizt ástæða til að sneiða sem mest hjá breytingum á því, hvernig gripir eru lagðir í tíund, og halda oss einkanlega við það, að reyna að setja glöggg og ótvíræð ákvæði um ýms vafasöm atriði viðvíkjandi framtalinu. Það eru að eins hross, sem vjer leggjum til að lækkuð verði í tíund, af því að þau má fremur skoða sem verkfæri en arðberandi eign, en eigi höfum vjer ráðið til að hækka neitt þar á móti. Hins vegar hefur oss þótt rjett að bæta við hrútum, sem oss virðist eigi síður beri að tíunda heldur en t. d. graðneyti, og svo höfum vjer fallizt á þau ákvæði um leigufærar kýr og ær, er vjer hyggjum að verði tíundinni heldur til aukningar.

Vjer leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, er hjer fara á eptir:

Við 1. gr.: Í 3. lið komi »eða« fyrir »og«.
Í 6. — — »15« fyrir »12«.
7. liður falli burt, en í stað hans komi þessir 2 liðir:
10 sauðir þrevetrir eða eldri.
12 sauðir tvævetrir, hrútar eða geldar ær.
Í 8. lið, sem verður 9. í röðinni komi »24« fyrir »20«.
Í 9. lið, sem verður 10. í röðinni, komi »4« fyrir »3« og »eða« fyrir »og«.

Við 2. gr.: Eptir 1. málsgrein, sem sje óbreytt, komi í stað 2. og 3. málsgreinar: Kefdar kvígur, sem óbornar eru 11. d. júlímánaðar, skulu lagðar í tíund sem geldar kvígur. Ær, sem óbornar eru 11. d. júnímánaðar, teljast með geldum ám. Lömb, sem farast milli hreppskila, teljast til vanhalda, 4 álnir hvert.

3. grein falli burt.

Neðri deild alþingis, 16. d. júlímán. 1897.

Jón Jensson, form.	Guðjón Guðlaugsson, framsögum.	Jón Jónsson, þm. A.-Skf., skrifari.
Þórður Guðmundsson.		Halldór Daníelsson.

Nd. 114. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.

Frá Guðl. Guðmundssyni, Jóni Jenssyni, Ólafi Briem, Kl. Jónssyni Birni Sigfússyni og Jóni Jónssyni þm. A.-Skf.

Aptan við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Mál samkvæmt lögum þessum skulu rekin fyrir aukarjetti, er halda má á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er hin veðsetta fasteign liggur í.

Ed. 115. **Frumvarp**

til laga um innheimtu á tekjum presta. Flutningsmaður: Hallgrímur Sveinsson.

1. gr. Skylt er sýslumönnum og bæjarfógetum, þegar þjónandi prestar þjóðkirkjunnar óska þess, að heimta inn fyrir þá á manntalsþingum þessar tekjugreinir, fyrir hið útliðandi fardagaár: heytolla, dagsverk, tíundir af fasteign og lausafje og lausamannagjald. Fyrir þessa innheimtu bera valdsmanni 4 af hundraði hverju.

2. gr. Nú vill prestur, að valdsmaður heimti inn tekjur samkv. 1. gr., og skal hann þá hafa afhent honum fyrir 15. marz glögga skrá, samda eptir þinghám, ef fleiri en ein eru í því prestakalli, yfir gjaldendur og það, sem hverjum ber að greiða í hverja tekjugrein. Ábyrgist prestur, að skráin sje rjett, enda sje lögtak á hans ábyrgð, ef til þess kemur.

Nú hefur prestur afhent valdsmanni skrá yfir ólokin prestsgjöld, en síðan greiðist honum fyrir manntalsþing eitthvað af þeim tekjum, sem þar eru tilfærðar, og skal hann þá gefa valdsmanni skýrslu um þær greiðslur, í síðasta lagi áður en manntalsþing byrjar.

3. gr. Hin innheimtu gjöld, að frádregnum innheimtulaunum, skal valdsmaður greiða presti fyrir næstu veturnætur, í peningum eða í innskript hjá þeim kaupmanni, sem prestur vísar til, þó svo, að eigi sje meira en helmingur gjaldanna greiddur með innskript.

Nd. 116. **Frumvarp**

til laga um breytingu á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen.

Heimilt er sýslunefnd að leyfa, að kosningar í hreppsnefnd fari fram á haust-hreppskilaþingum í þeim hreppum, þar sem svo sjerstaklega hagar til, að það er nauðsynlegt.

Ed. 117. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um löggildingu verzunarstaðar á Firði í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu.

Frá Sigurði Stefánssyni, 1. þm. Ísfirðinga.

Á eptir meginmáli frumvarpsins komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Verði föst verzlun ekki stofnuð á þessum stað í næstu 5 ár eptir að lög þessi öðlast gildi, fellur löggildingin úr gildi.

Ed. 118. **Frumvarp**

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum (trawl).

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1,000—4,000 kr., er renna í landssjóð skulu veiðarfæri og afli innanborðs upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má lögbald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr. Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu innanborðs, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 200—2,000 kr. sekt til landssjóðs; hittist hið sama skip í annað sinn í landhelgi með þessi veiðarfæri innanborðs, fer um það eptir 2. gr.

Þessum ákvæðum skal þó eigi beitt:

1. Þegar skip eru í neyð, og eru þar með talin skip, er leita lands vegna skorts á vistum og kolum. En eigi gildir undanþágan þessi síðast töldu skip, nema einu sinni á sömu vertíð, og er þeim að eins heimilt að fá sjer vistaforða, vatn og kol, er nægi þeim til næstu hafnar utan Íslands.
2. Þegar skip á leið til veiðistöðva eða frá einni stöð til annarar halda gegnum sundið milli Vestmannaeyja og meginlands eða milli Reykjaness og Fuglaskerja, þótt í landhelgi sje, ef þau nema þar eigi staðar.
3. Þegar skip, eptir því sem ætla má, eru í landhelgi komin án vilja þeirra eða vitundar, hvort sem veldur straumur eða veður eður þoka hefur bannað landsýn.

Nú leitar skip til lands til að afla sjer vista eða kola, eða heldur leið þá, er getur um í 2. lið, og gildir undanþágan þá því að eins, að veiðarfæri öll sjeu höfð í búlka innanborðs, meðan það er í landhelgi.

4. gr. Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

5. gr. Lög nr. 13, 9. ágúst 1889, og nr. 24, 10. nóvember 1894 eru úr gildi numin.

Ed. 119. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum. Frá nefndinni.

Á eptir síðustu málsgrein 3. gr. komi ný málsgrein, er þannig hljóðar:

Heimilt skal þó innlendum botnvörpuveiðiskipum að leita lands til að afferma afla sinn og til að afla sjer vatns og annara nauðsynja, hvernig sem á stendur, en veiðarfæri skulu þá og höfð í búlka.

Ed. 120. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild kaus í nefnd til að íhuga og segja álit vort um frumvarp þetta, látum hjer með uppi álit vort.

Með lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla á Íslandi var það ákveðið, að frá Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi skyldi greiðast í landssjóð 100 kr. Árgjald þetta var þá auðvitað byggt á því, að prestakall þetta mætti teljast svo tekjumikið, að það væri allgott kall, þótt þessi árgjaldsskylda væri lögð á það. En nú hin síðustu árin hafa þeir atburðir orðið, sem valdið hafa mjög tilfinnanlegri rýrnun á tekjum þessa prestakalls. Tún prestssetursins hefir að mestu eyðilagzt af vatnságangi, en tún þetta gaf áður af sjer í meðalári hátt á annað hundrað hesta af töðu. Af sömu orsökum hafa

tún og engjar allmargra kirkjujarða prestakallsins eyðilagzt svo mjög, að 10 býli hafa lagzt í eyði. Enn fremur hafa engjar staðarins rýrnað að fullum þriðjungi sökum sandfoks og upppornunar á svo nefndum Holtsós.

Ef svo hefði verið komið fyrir prestakalli þessu, sem hjer er frá sagt, þá er prestakallalögin 1880 voru samin, þá hefði það vissulega ekki getað komið til nokkurra mála að leggja nokkurt árgjald á það; hitt myndi enda hafa þótt liggja töluvert nær, að veita því uppbót úr landssjóði, til þess það gæti talizt lífvænlegt prestakall. En því sanngjarnara og sjálfsagðara virðist það nú, að þessu árgjaldi verði af ljett, þar sem hjer er um stórtjón af náttúrunnar völdum að ræða, er prestakall þetta hefir orðið fyrir, og sem engum verður sök á gefin. Þetta hefir og leitt hlutaðeigandi hjeraðsfund, stiptsyfirvöldin og stjórnina, er frumvarp þetta er frá komið, til að mæla fram með því við þingið, að þessu 100 kr. árgjaldi verði framvegis af ljett og teljum vjer það í alla staði rjett og sanngjarnt af framangreindum ástæðum.

Hvað síðari grein frumvarpsins snertir, þar sem farið er fram á eptirgjöf á nokkrum hluta skuldar þeirrar við landssjóð, er nú hvílir á prestakalli þessu og sem stafar af byggingu Holtskirkju og endurbyggingu hennar að Ásólfsskála, þá er auk þess, sem þegar er tekið fram, hinar fyllstu ástæður fyrir hendi fy ir þessari eptirgjöf. Árið 1888 fauk Holtskirkja í ofviðri, þá nýbyggð, og í yfir 1000 kr. byggingarskuld. Kirkjuna varð auðvitað að endurbyggja, hvað sem það kostaði, og var hún þá flutt að Ásólfsskála, og er hún var upp komin, var hún haustið 1892 komin í 2900 kr. skuld við landssjóð; átti skuld þessi ásamt vöxtum að endurborgast á 28 árum með 174 kr. á ári. Þessi afborgun er kirkjunni gjörsamlega ofvaxin, þar sem árlegar nettótekjur hennar ekki nema meira en 75 kr. að meðaltali, og vantar þannig um 100 kr. til þess, að hún af eigin rammleik geti staðið í skilum. Þessa vantandi upphæð hefir presturinn hingað til orðið að greiða af eigin fje og er þannig búinn að borga fyrir kirkjuna um 900 kr., sem telja má tapað fje fyrir honum.

Eins og stiptsyfirvöldin hafa tekið fram í meðmælum sínum til stjórnarinnar með þessari eptirgjöf, stendur það í raun og veru engum nær en hinu opinbera, sem hefur þá lagaskyldu að styðja og styrkja þjóðkirkjuna og sjá um, að söfnuðirnir eigi kost á að fullnægja guðsþjónustuþörf sinni, að rjetta fátækum kirkjum hjálparhönd, þegar svona stendur á, og þess vegna hefði það verið eðlilegast, að þessari kirkju hefði verið veittur ríflegur styrkur úr landssjóði til endurbyggingar, í stað þess að láta hana neyðast til að hleypa sjer í þá stórskuld, er hún af eigin rammleik var alls ekki fær um að endurborga. Hitt virðist aptur á móti mjög ósanngjarnt, að presturinn, þegar svona er ástatt, skuli þurfa að bíða árlegan og tilfinnanlegan tekjuhalla, til þess að landssjóður geti fengið sitt, og í þessu tilfelli er þetta því ósanngjarnara, sem prestakallið hefir, eins og að framan er sagt, orðið fyrir stórskemmdum og tekjur prestsins þar af leiðandi rýrnað mjög tilfinnanlega. Eins og hjer er ástatt, getur Holtsprestur tæplega haft nokkra von um að fá það nokkurn tíma endurgoldið, er hann lánar kirkju þessari, því að, þegar hún með hjálp prestsins hefir lokið skuld þessari árið 1920, má búast við að hún fari að þurfa nýrrar viðgerðar og hafi því ekkert afgangs. Fje það, sem presturinn borgar fyrir hana, má því óhætt telja honum algerlega tapaða peninga, en, eins og prestakall þetta er nú orðið, má presturinn sannarlega ekki við slíku tapi.

Frumvarpið fer að eins fram á, að 1300 kr. af skuld þessari, sem nú mun vera um 2655 kr. 70 a., verði eptirgefnar; fengist þessi eptirgjöf, þá munu hinar árlegu

tekjur kirkjunnar nægja til endurborgunar á eptirstöðvunum og þannig losaðist þá sóknarpresturinn við hina ósanngjörnu greiðslu þessarar kirkjuskuldar frá sjálfum sjer, og verðum vjer að telja það rjett og sanngjarnt.

Vjer ráðum hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarp þetta óbreytt.

Vjer höfum einnig fengið til meðferðar: Frumvarp til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli og niðurfærslu á árgjaldi þess.

Samkvæmt áðurnefndum lögum 27. febr. 1880 á að greiða frá prestakalli þessu 600 kr. í landssjóð. Samkvæmt síðasta brauðamati var brauðið metið 1937 kr. 81 e. eður með öðrum orðum gjört ráð fyrir því, að þessi upphæð væri eptir, þegar búið væri að greiða þessar 600 kr. frá kallinu. Með landshöfðingjabrjefi, dagsettu 14. júní 1893, var samkvæmt lögum um eptirlaun presta 27. febr. 1880 prestinum á Hólmum ennfremur upp á lagt að greiða eptirlaun uppgjafaprests af tekjum prestakallsins með 583 kr. 83 a. varð því presturinn frá þeim tíma að greiða frá brauðinu kr. 600,00+583,83 = kr. 1183,83. Þrátt fyrir þetta geipiháa peningagjald, er hlaut að vera prestinum mjög tilfinnanlegt, þótt ekki sje á annað litið en það, hve innheimta á tekjum presta er mörgum vandkvæðum bundin og hve erfitt er að koma hinum reytingslegu prestatekjum í peninga, þá myndi þó prestur þessi ekki hafa kvartað fyrir þinginu, ef tekjur prestakallsins hefðu reynzt eða haldizt nokkurn veginn samkvæmt áður umgetnu mati. En því var ekki að heilsa. Um það leyti, sem árgjald þetta var ákveðið, var bújörð prestakallsins Hólmar, ein af mestu dúnjörðum á landinu, en síðan hefir dúntekjan minnkað stórkostlega, og dúnninn auk þess fallið í verði um fullan helming frá því, sem hann var um 1880. Það er því auðsætt, hve rýrnandi áhrif þetta hvorttveggja hefir haft á tekjur þessa prestakalls. Enn fremur hefir það valdið mikilli rýrnun á tekjum þess, að þar myndaðist fyrir nokkrum árum fríkirkjusöfnuður, og nemur sú tekjurýrnun um 340 kr. á ári.

Samkvæmt tekjuskýrslu prestakallsins fyrir fardagaárin 1892—95, er nefndin hefir haft fyrir sjer, voru allar bruttótekjur þess að meðaltali . . . kr. 1709 26
þegar þar frá dregst árgjaldið . . . . . kr. 600 00
og eptirlaun til uppgjafaprestsins . . . . . kr. 583 83 — 1183 83,
þá verða prestakallsins hreinu tekjur að meðaltali þessi ár. . . . . — 525 43.

Þessar 500 kr. hefir þá presturinn því haft í laun á pappírnum þessi ár, eptir að hann hefir verið búinn að svara út nær því 1200 kr. af tekjum prestakallsins í peningum, en í reynd að líkindum talsvert minna, eptir því sem hjer stendur á.

Eptirlaunalög presta 27. febrúar 1880 ákveða, að eigi megi greiða svo eptirlaun af neinu prestakalli, að tekjur þess verði minni en 1200 kr., og því beri landssjóði að greiða þau eptirlaun, er ekki verða goldin af prestakallinu með þessu móti. Þar sem nú tekjur þessa prestakalls, að frádregnu árgjaldinu, ekki hafa numið þessi ár nema liðugum 1100 kr., þá verður auðsætt, hversu fjarstætt það er fyrirmælum þessara laga, að presturinn skuli verða að borga þessi eptirlaun. Þetta hefir alþingi og viðurkennt, með því 1895 að ljetta þessari eptirlaunabyrði á prestinum frá fardögum 1895 að telja. En þá hafði þessi sami prestur þegar svarað þessum áðurnefndu eptirlaunum í 2 ár með samtals kr. 1167,66. Þessa upphæð fer nú frumvarpið fram á, að hann fái endurgoldna; er það samkvæmt bæn hans til þingsins, og hefir þingið viðurkennt rjettmæti og sanngirni þessarar bænar með eptirgjöf sinni á eptirlaunagreiðslunni 1895, sem áður er nefnd.

En þrátt fyrir þessa eptirgjöf á eptirlaunagreiðslunni, eru tekjur þessa prestakalls svo rýrar, að það verður með engu móti talið sanngjarnt, að presturinn af þeim

greiði hið háa árgjald 600 krónur, því að samkvæmt framannefndri tekjuskýrslu eru allar tekjurnar, að þessum 600 kr. frádregnum, að eins liðugar 1100 kr., sem verða að teljast fyrir neðan tekjur meðalprestakalls, þótt ekkert væri frá því goldið, auk heldur þegar svara á 600 krónum í peningum frá prestakallinu á ári hverju.

Þótt allt þetta árgjald væri afnumið, væri prestakall þetta engu tekjumeira, en sum þau prestaköll, sem ekkert árgjald er borgað frá, en frumvarp þetta, sem fram er komið samkvæmt beiðni þessa hartleikna prests, fer þó ekki fram á slíkt, heldur að árgjaldið verði lækkað niður í 200 kr. Þótt vjer teljum þessa lækkun á góðum rökum byggða, þá viljum vjer þó með tilliti til þess, að hjer er um töluverðan tekjumissi fyrir landssjóð að ræða, ekki fara lengra í lækkuninni en svo, að 300 krónur verði eptirgefnar, og árgjaldið því framvegis verði 300 krónur, og getur það sannarlega ekki talizt langt farið, þegar litið er á hag þessa prestakalls. Eins og tekið er fram hjer að framan um Holtsprestakall, myndi löggjafarvaldinu alls ekki hafa komið til hugar að leggja nokkurt árgjald á prestakall þetta, ef það um 1880 hefði verið komið í það ástand, sem það nú er í.

Það skal að síðustu tekið fram, að bæði hlutaðeigandi hjeraðsfundur og stiptsyfirvöldin hafa eindregið mælt með lækkun þeirri, sem hjer er farið fram á.

Að öllu þessu hugleiddu ráðum vjer hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarp þetta með þeirri breytingu við 2. gr.:

Að í staðinn fyrir: »200 kr.« komi: 300 kr.

Alþingi, 16. júlí 1897.

Hallgr. Sveinsson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.

Jón Jónsson.

Nd. 121. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880, eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild.

1. gr. Í öllum hreppum á landinu skal kjósa varasýslunefndarmann og gilda sömu reglur við kosningu þeirra, sem við kosningu til sýslunefnda.

2. gr. Nú er sýslunefndarmaður forfallaður að mæta á sýslufundi, skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefur sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður; þó er hann skyldur að taka á móti kosningu í hreppsnefnd.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Nd. 122. **Frumvarp**

til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri, eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.

1. gr. Eitrun fyrir refi skal fara fram að minnsta kosti tvisvar ári, þar sem refir hafast við.

Amtsráðin skulu semja nánari reglur, hvert fyrir sitt amt, um eitrun fyrir refi, eptir að hafa borið frumvarp um það efni undir álit sýslunefndanna í amtinu.

2. gr. Í öllum sýslum á landinu, að undanskilinni Vestmannaeyjasýslu, skulu

sýslunefndirnar kjósa 2—4 menn í hverri sýslu um sig, til þess, undir umsjón sýslunefndarinnar, að hafa á hendi framkvæmdir á reglugjörð þeirri, er amtsráðið setur samkvæmt 1. gr.

Hver sá, sem telur fram lausafje tíundbært, er skyldur að taka kosningu, og gildir hún í 3 ár í senn.

3. gr. Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert senda hinir kosnu menn sýslunefnd nákvæmar skýrslur um þær ráðstafanir, er þeir á því ári hafa gjört til eyðingar refum, og um árangur af þeim.

Á næsta sýslunefndarfundi þar á eptir skal yfirfara skýrslurnar, og skulu þær síðan sendar amtsráðinu með næstu póstferð, ásamt umsögn sýslunefndarinnar.

Rísi ágreiningur milli sýslunefndar og einhvers af hinum kosnu mönnum, sker forseti amtsráðsins úr, en rísi ágreiningur milli hreppsnefndar og einhvers hinna kosnu manna, sker oddviti sýslunefndar úr.

4. gr. Skyldar eru hreppsnefndir að láta hinum kosnu mönnum í tje allar nauðsynlegar upplýsingar um, hvar refir helzt hafist við, og einnig frá því, hverjar ráðstafanir þær hafa gjört á því ári til eyðingar refum. Sama skylda hvílir, að því er snertir afrjettarlönd einstakra manna og kirkna, á eigendum þeirra eða umráðamönnum.

5. gr. Brot gegn lögum þessum eða reglum þeim, er settar eru samkvæmt 1 gr., varða frá 5 til 300 króna sektum, er renna í sýslusjóð. Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. 123. **Frumvarp**

til laga um eyðing sels í laxám.

Flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson.

1. gr. Í öllum ám og árósum, sem laxveiði er í á Íslandi, skal selur rjettdræpur svo langt sem sjór fellur út.

2. gr. Skotmaður á hálfa veiði, en hinn helminginn sá, er landsnytjar hefur.

3. gr. Selveiðaeigendur geta krafizt bóta fyrir þann skaða, sem þeir bíða fyrir rýrnun eða gjöreyðing sels fyrir landi þeirra. Hlutaðeigandi sýslunefnd ákveður bæturnar fyrir hvert 5 ára tímabil þannig, að hún að fengnum nægilegum upplýsingum metur jörð þá, er selveiðina á, til eptirgjalds með selveiðinni og án hennar, og er mismunurinn upphæð þess gjalds, sem ber að greiða þeim, er selveiðina missa, að frádregnum þeim leifum, sem eptir eru af selveiðinni, og tekjum af laxveiði, ef hún hefir aukizt fyrir fækkun selsins. Sýslunefndin jafnar svo þessu gjaldi niður, að rjettu hlutfalli við laxveiði hvers eptir síðustu 5 ára reynslu, á alla þá, er laxveiði stunda í á þeirri, er selveiðinni er eytt í, svo og ám þeim, sem lax gengur í og renna í aðalána.

4. gr. Skaðabætur þær, sem laxveiðendum ber að greiða samkvæmt 3. gr., innheimtir sýslumaður á manntalsþingum og afhendir þær selveiðaeigendum fyrir lok ágústmánaðar sama ár.

5. gr. Lög þessi ná eigi til Þjórsár.

Ed. **124. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (eins og það var samþykkt við 2. umr). Frá Kristjáni Jónssyni, Þorkeli Bjarnasyni, Þorleifi Jónssyni.

Við 3. gr. 1. tölul. Málsgreinin: »En eigi gildir . . . utan Íslands« falli bu t.

Nd. **125. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mæling vega.

Samgöngumálanefndin, sem hin háttvirta neðri deild hefir falið að íhuga ofangreint frumvarp, hefir rætt það á fundum sínum og leyfir sjer hjer með að láta uppi svolátandi álit sitt.

Það er einhuga álit nefndarinnar, að frumvarpið sje í sjálfu sjer mjög þarft og bæti heppilega úr þeirri miklu og tilfinnanlegu óvissu, sem nú á sjer stað um allar vegalengdir hjer á landi. Aptur á móti virðist nefndinni ekki full ástæða til að láta svo skammt milli vegamarka, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, enda mun slíkt ekki eiga sjer stað í nokkru öðru landi. Nefndinni þykir og varhugavert, kostnaðarins vegna, að gera það að beinni skyldu að mæla alla hreppavegi og álítur, að nægja megi að mæla hina helztu þeirra og megi hlíta úrskurði sýslunefndar í hverri sýslu um það, hverjir það skuli vera. Að því er vegarstefnuna snertir, virðist nefndinni, að einfaldast og kostnaðarminnst mundi verða að sýna hana með því að láta vegamarkið jafnan vita í sömu átt, og mundi þá heppilegast að láta það jafnan vita mót norðri. Nefndinni virðist og nauðsynlegt, þegar sjerstakar ástæður þykja til þess, að fresta vegamæling framar en meginregla laganna heimilar, að tiltekið sje, hver eigi að meta þær ástæður, nema að því er snertir mæling þeirra vega, er landsstjórnin sjálf á að annast.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með svofelldum breytingum.

1. 1. gr. orðist svo:

   Mæla skal vegi þá, er ákveðnir eru samkvæmt lögum um vegi 13. apríl 1894: flutningabrautir, þjóðvegi, fjallvegi, sýsluvegi og hina helztu hreppavegi eptir ákvörðun sýslunefndar. Skal vegalengd talin í kílómetrum og mörk sett milli hverra 5 kílómetra. Tölur skulu á mörk settar, er sýni vegalengd frá einhverjum ákveðnum stað, og skulu þær jafnan vera á þeirri hlið marka, er veit mót norðri.
2. Í 2. gr. falli burt orðin: »ef þörf gjörist«.
3. Í staðinn fyrir orðin: »kveður á« í 3. gr. komi: sjer.
4. Aptan við 5. gr. bætist: og liggur það, að því er hreppavegi snertir, undir úrskurð sýslunefndar, en að því er sýsluvegi snertir, undir úrskurð amtsráðs.

Neðri deild alþingis, 17. júlí 1897.

Kl. Jónsson, formaður.	Valtýr Guðmundsson, skrifari og framsögumaður.
Skúli Thoroddsen.	Jens Pálsson.

Jafnvel þó jeg sje samdóma hinum hv. meðnefndarmönnum mínum um aðalatriði þessa máls, get jeg ekki fallizt á, að það skuli gjört að aðalreglu, að vegamælingunni sje lokið á næstu 3 árum eptir að lög þessi öðlast gildi.

Jeg leyfi mjer því að leggja það til, að 5. gr. breytist þannig, að í staðinn fyrir: »næstu 3 árum« komi: »næstu 5 árum«.

Björn Sigfússon.

Ed. 126. **Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum 12. jan. 1888. Flutningsmenn: Þorkell Bjarnason og Jón Jónsson.

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er 20 ára að aldri og eigi þiggur af sveit, er heimilt að gjörast húsmaður eða þurrabúðarmaður og þarf hann eigi til þess að leita leyfis hjá sveitarstjórninni, þar sem hann ætlar að setjast að. Með húsmönnum teljast þeir, er ekki hafa stærri part úr jörðu til ábýlis en 1 hundrað.

2. gr. Rjett er, að húsmaður eða þurrabúðarmaður greiði þar lögboðin gjöld, sem heimili hans er. Greiði hann eigi gjöld þessi í gjalddaga, er húsráðandi sá eða landsdrottinn, sem húsmaðurinn eða þurrabúðarmaðurinn hefir heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, sem gjaldþegninn á og teknar verða lögtaki.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin 12., 13. og 14. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi, 26. maí 1863, sömuleiðis 2. gr. í lögum um þurrabúðarmenn, 12. jan. 1888.

Ed. 127. **Frumvarp**

til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum; (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, með opinberri stefnu, er birta skal þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, innkalla með árs og dags fyrirvara handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigendum — en þar með skal ávallt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Þegar ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, getur innköllun eptir þeim eigi lengur átt sjer stað.

Mál samkvæmt lögum þessum skulu rekin fyrir aukarjetti, er halda má á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er hin veðsetta fasteign liggur í.

2. gr. Um þau veðskuldabrjef, er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, að innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómaranum, að sá, er hefir hina veðsettu eign, kannist við veðskuldbindinguna, eða að hlutaðeigandi veðhafi hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með

dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

3. gr. Í málum þeim, er ræðir um í 1. gr., skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landssjóði.

Fyrir afmáun, bókun og áritun eptir 2. gr. skal ekkert borga.

Ed. 128. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl.

Frá Guttormi Vigfússyni.

1. við 1. gr. 32. tl. Töluliðurinn breytist þannig:
   Reyðarfjarðarhjerað: Reyðarfjarðar- og Norðfjarðarhreppar.
2. — — Á eptir tölul. 32. bætist inn í nýr tölul. sem verður 33. og orðast þannig:
   Fáskrúðsfjarðarhjerað: Fáskrúðsfjarðar-, Stöðvarfjarðar- og Breiðdalshreppar.
3. — — 33. tl., sem verður 34. tl. »Breiðdals«, falli burt.
   Töluliðirnir breytast eptir þessu.

Nd. 129. **Frumvarp**

til laga um einkarjett.

Flutningsmaður: Jens Pálsson.

1. gr. Allir menn geta öðlazt einkarjett til að flytja hingað til lands, útbreiða hjer á landi, selja eða á annan hátt nota sjer til hagsmuna nýjar uppfundningar, er þeir sjálfir hafa fundið upp og eigi hafa áður hagnýttar verið hjer á landi, og sem eru til verulegrar nytsemdar fyrir búnað eður iðnað. Slíkur einkarjettur nefnist aðaleinkarjettur.

2. gr. Einkarjett má og fá fyrir sjerhverja nytsama breyting, er einhver finnur upp að gjöra á uppfundning, er einkarjettur er fenginn á, ef breytingin er svo veruleg, að hún út af fyrir sig getur álitizt ný uppfundning. Slíkur einkarjettur nefnist aukaeinkarjettur.

Aukaeinkarjettur veitir enga heimild til að hagnýta frumuppfundninguna, nje skerðir á nokkurn hátt aðaleinkarjett.

3. gr. Enginn hefur rjettindi til einkarjettar samkv. 1. og 2. gr. annar en uppfundningarmaður sjálfur og sá, er eignazt hefur rjettindi hans til einkarjettar á löglegan hátt, samkvæmt almennum rjettarreglum um færslu eignar úr eigu eins manns til annars.

Lánardrottnar og skuldheimtumenn geta ekki leitað kröfum sínum fullnægju í rjettindum manns til einkarjettar, en þar á móti í einkarjettinum, eptir að hann er veittur.

Nú beiðast tveir menn eður fleiri einkarjettar á uppfundning, sem er í öllum verulegum atriðum ein og hin sama; hefur þá sá, er fyrstur beiddist, forgangsrjett til einkarjettarins.

4. gr. Aðaleinkarjettur gildir um 15 ár og telst frá þeim degi, er einkarjetturinn er veittur. Einkarjett má hvorki lengja fram úr 15 árum nje endurnýja.

Aukaeinkarjettur er í gildi frá því, er hann er veittur, og til þess er aðaleinkarjettur á frumuppfundningunni gengur úr gildi.

5. gr. Einkarjettarnefnd í Reykjavík úrskurðar allar bænarskrár um einkarjett, veitir hann eður synjar um hann. Nefndina skipar landshöfðingi 5 mönnum til 5 ára í senn, og skal einn þeirra vera úr flokki yfirdómara landsins.

Nú þykir nefndinni sjerstaklegt vandhæfi á að úrskurða ákveðna bænarskrá, má hún þá kveðja með sjer tvo menn, þá er hún telur hæfasta til að dæma um þá beiðni; taka þeir þá sæti í nefndinni og úrskurða með henni beiðnina. — Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og rökstuddir.

Nefndinni ber sómasamleg þóknun fyrir starf sitt og endurgjald fyrir tilkostnað allan. Skal nægilegt fje veita á fjárlögunum í þessar þarfir.

6. gr. Einkarjettarnefndarmenn mega ekki sækja um einkarjett, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra eptir umboði. — Þá er nefndarmaður er á einhvern hátt svo settur gagnvart umsækjanda, að honum, væri um dóm að ræða, bæri að víkja úr dómarasæti, má hann eigi úrskurða þá umsókn.

7. gr. Sá, er um einkarjett sækir, skal senda einkarjettarnefndinni:

a, umsóknarbrjef sitt í tveim samritum, og sje hún stýluð til einkarjettarnefndarinnar;

b, lýsing á uppfundning sinni í tveim samritum;

c, enn fremur ef með þarf lýsingunni til skýringar uppdrátt, eptirmynd eða sýnishorn í tvennu lagi.

Umsóknarbrjefið skal vera skráð á íslenzka tungu og bera með sjer nafn, stöðu og heimili umsækjanda, svo og ákveðið nafn á uppfundningunni. — Umsækjandi skal skýra frá, hver sje uppfundningarmaðurinn, og sje hann það eigi sjálfur, skal hann með fullnægjandi skírteinum færa sönnur á, að hann sje á löglegan hátt orðinn eigandi að rjettindum uppfundningarmanns til einkarjettarins.

Hver sá, er sækja vill um einkarjett á tveim eða fleirum uppfundningum, sem hver er annari óháð og sjerstæð, skal senda sjerstaka umsókn um einkarjett á hverri fyrir sig.

8. gr. Sje umsækjandi eigi heimilisfastur í landinu, skal umsókn hans fylgja yfirlýsing hans um að hann hafi veitt fullt umboð sitt hjerlendum manni til að gegna sem fulltrúi hans öllum þeim skyldum og gæta alls þess rjettar, er leiði af einkarjettar-umsókninni, og sjerstaklega að gegna lögsókn og svara til allrar þeirrar ábyrgðar, er hinum væntanlega einkarjetti fylgi samkvæmt lögum þessum. Á yfirlýsing þessa skal fulltrúinn fá viðurvist sýslumanns eða bæjarfógeta hafa ritað viðurkenning um, að hann takist umboðið á hendur.

9. gr. Þá er umsókn berst einkarjettarnefndinni, rannsakar hún þegar, hvort fullnægt sje ákvæðum 7. og 8. gr. — Sje brestur á þessu, gjörir nefndin umsækjanda viðvart með ábyrgðarbrjefi með pósti eða á annan tryggilegan hátt og veitir honum nægan frest til að bæta úr göllunum, og gjöri hann það, verður umsóknin þar með gild. En vilji umsækjandi ekki gjöra það eður vanræki það, þrátt fyrir endurtekna viðvörun og hæfilega lenging frestsins, vísar nefndin umsókn hans frá sem markleysu.

10. gr. Ætli einkarjettarnefndin að uppfundning sú, er umsókn hljóðar um, ekki svari til ákvæða 1. og 2. gr., eður að rangt sje sagt til um uppfundn-

ingarmann eður að umsækjanda bresti heimild til að verða einkarjettarins aðnjótandi, skal nefndin gefa umsækjanda kost á að koma fram með brjeflega eður munnlega skýrslu um þau atriði, og fullvissist nefndin þá um, að gildir meinbugir sjeu á, synjar hún umsækjanda um einkarjettinn.

11. gr. Fullnægi umsóknin ákvæðum 7., 8. og 9. gr. og hafi eigi verið vísað frá eður synjað samkv. 9. og 10. gr., gefur einkarjettarnefndin út um umsóknina opinbera auglýsingu, er bera skal með sjer nafn, stöðu og bústað umsækjanda, svo og nafnið á uppfundningunni. Jafnframt leggur nefndin umsóknina með fylgiskjölum fram til sýnis almenningi.

Sje þess beiðst í umsókninni, má fresta bæði auglýsingu og framlagningu hennar um allt að 3 mánuði frá því, er einkarjettarnefndin kemur til umsækjanda tilkynningu um, að auglýsingin geti átt sjer stað.

12. gr. Í átta vikur, eptir að auglýsingin kemur út, er hverjum manni frjálst að bera fram fyrir einkarjettarnefndina mótmæli gegn því, að einkarjetturinn verði veittur, hvort sem mótmælin eru byggð á því, að almenn skilyrði sjeu ekki fyrir hendi, eður á því, að veiting einkarjettarins mundi ríða í bága við sjerstakleg rjettindi þess, er ber mótmælin fram. Þau skulu vera skrifleg og rökstudd. — Umsækjandi skal eiga kost á að svara mótmælunum.

Þyki nefndinni ástæða til, getur hún, eptir að auglýsingin er útgefin, leitað skýrslna og skýringa hjá embættismönnum og hverjum þeim opinberum starfsmönnum, er kynnu að bera sjerstök kennsl á uppfundning þá, sem einkarjettar er beiðst á.

13. gr. Þá er frestur sá, er getur um í 12. gr., er útrunninn, leggur einkarjettarnefndin úrskurð sinn á, hvort umsækjanda skuli veittur einkarjetturinn eður honum skuli synjað um hann. — Skal hún kveða upp úrskurðinn, áður en 16 vikur sjeu liðnar frá því, er hin opinbera auglýsing samkv. 11. gr. var birt.

14. gr. Nú synjar einkarjettarnefndin umsækjanda um einkarjett, samkv. 10. eða 13. gr., og hyggur hann synjunarúrskurðinn styðjast við rangt álit, er valdið hafi villandi skýrslur, ógild mótmæli eður þekkingarbrestur, er honum þá rjett að fá nefndinni málið til nýrrar meðferðar og skal hún verða við áskorun hans um það, ef hún framkemur innan 6 vikna frá því, er hann fjekk tilkynning um hinn fyrra úrskurð. Heimilt er honum jafnframt að leggja fram nýjar skýringar í málinu.

Leggur nefndin þá úrskurð af nýju á málið og er það fullnaðarúrskurður.

15. gr. Þá er einkarjettarnefndin, samkvæmt 13. og 14. gr., úrskurðar, að einkarjett megi veita, tilkynnir nefndin umsækjanda, að hann geti vitjað einkarjettarskírteinis gegn 25 kr. gjaldi.

Landshöfðingi gefur út einkarjettarskírteini og undirskrifar einkarjettarnefndin það ásamt honum.

Þá er einkarjettarskírteini er útgefið, skal nefndin þegar auglýsa það.

Þá er einkarjettarumsókn hefur auglýst verið samkv. 11. gr. og hún síðan hefur verið tekin aptur eða henni synjað, og sje frestur sá, sem getur um í 14. gr., útrunninn, án þess að umsækjandi hafi skotið máli sínu til nýrrar meðferðar, eður og að ýtarlegri meðferð málsins hefur leitt til ítrekunar á synjun, skal einkarjettarnefndin birta það með opinberri auglýsingu.

16. gr. Einkarjettarnefndin skal setja á skrá í þar til gjörðri löggiltri bók öll einkarjettarskírteini, og skal þar glögglega skráð, hver uppfundning sú er, sem einkarjettur er veittur á, hvern dag einkarjettur er veittur, svo og nafn, staða og heimili þess, er einkarjett hefur hlotið, svo og fulltrúa hans samkvæmt 8. gr., ef hann er erlendis.

Þá er einkarjettur er á enda, fellur niður eður er dæmdur úr gildi, skal þess getið á skránni og auglýst almenningi.

Þá er einkarjettarnefndinni berst tilkynning um, að einkarjettur sje seldur í annars manns hendur, eður að einkarjettareigandi hafi skipt um fulltrúa, og fylgi tilkynningunni tilhlýðileg sönnunargögn, skal þess eins getið á skránni og það birt almenningi með auglýsingu.

Meðan slík tilkynning eigi er fram komin til einkarjettarnefndarinnar og skráseit í gjörðabók hennar, má höfða mál þau, er af einkarjettinum rísa, gegn hinum fyrverandi einkarjettareiganda eður fulltrúa.

Hverjum manni er heimilt að kynna sjer einkarjettarskrána, svo og einkarjettar-umsóknir, lýsingar á uppfundningum og önnur skjöl, er fylgt hafa umsókn einkarjettar, er þegar er veittur.

17. gr. Allar auglýsingar einkarjettarnefndarinnar skal birta bæði í B-deild Stjórnartíðindanna og því öðru blaði á Íslandi, er birta skal í opinberar auglýsingar.

18. gr. Hver sá, er sækir um einkarjett, skal með umsókn sinni senda einkarjettarnefndinni 25 kr. Verði honum veittur einkarjettur, skal hann fyrir einkarjettarskírteinið enn fremur gjalda 25 kr. — Sá er aðaleinkarjett fær, skal enn fremur áður en 5. ár einkarjettar tímans er útrunnið greiða 100 kr. og áður en 10. árið er útrunnið greiða 250 kr. Gjöld þessi öll renna í landssjóð.

19. gr. Ef almenningsheill krefur, má með lögum svipta hvern mann einkarjetti þeim, er hann hefur hlotið samkvæmt lögum þessum, gegn fullu endurgjaldi úr landssjóði.

Náist eigi samkomulag um endurgjaldsupphæðina, ákveður hana 5 manna matsnefnd, er svo er skipuð, að sá er einkarjetti er sviptur, tilnefnir 2 nefndarmenn, landshöfðingi aðra 2, en yfirdómur landsins oddamann. Geti meiri hluti matsnefndar þessarar eigi orðið samdóma um upphæð endurgjaldsins, úrskurðar landsyfirdómur hana til fullnaðar.

20. gr. Einkarjettur fellur úr gildi:

a, ef gjöldin til landssjóðs samkvæmt 18. gr. ekki eru greidd á tilskildum tíma;

b, ef einkarjettareigandi sezt að erlendis eða selur einkarjettinn í hendur erlendum manni og einkarjettarnefndin ekki innan 6 vikna fær tilkynningu um hjerlendan fulltrúa samkvæmt 8. gr.;

c, ef fulltrúi sá, er einkarjettareigandi segir til eður vísar á, ekki vill fara með umboð hans eða leggur það niður og einkarjettareigandi ekki hefur sent einkarjettarnefndinni tilkynningu um nýjan fulltrúa innan ákveðins tíma, er nefndin tiltekur, enda skal hún tilkynna einkarjettareiganda þann frest eður birta um hann opinbera auglýsingu, ef verustaður einkarjettareiganda er ókunnur;

d, ef það sannast, að uppfundning sú, sem einkarjettur er veittur á, hefur áður verið fundin upp af öðrum og hagnýtt hjer á landi;

e, ef einkarjettareigandi ekki er tekinn að hagnýta uppfundning sína með framkvæmd hennar, áður þrjú ár sjeu liðin frá því, er einkarjettarskrá hans var útgefin, nje hefur innan þess tíma sýnt viðleitni á að útbreiða hana með sölu í landinu, sje hún þess eðlis að verða seld, — eða ef útsala hennar í landinu fellur niður ári lengur í senn. Heimilt er þó einkarjettarnefnd að lengja þennan frest, hvorn um sig, allt að ári, ef einkarjettareigandi beiðist þess fyrir fram og færir nægilegar sönnur á, að sjerstakar tálmanir eða forföll hafi átt sjer stað.

21. gr. Þann tíma, er einkarjettur er í gildi, má enginn flytja hingað til lands, nje búa til hjer á landi, nje selja, nje útbreiða, nje á annan hátt hagnýta sjer í atvinnu eða gróðaskyni uppfundning þá, sem einkarjettur er veittur á, nema eigandi þess einkarjettar leyfi.

Sá, er skerðir eður brýtur á einhvern hátt óviljandi og óvitandi einkarjett annars manns, er skyldur að gjalda einkarjettareiganda fullar skaðabætur, eptir almennum gildandi reglum um skaðabætur, og skulu hinir innfluttu, tilbúnu eða falboðnu hlutir athendast þeim, er einkarjettur var brotinn á, gegn greiðslu andvirðis þeirra, eða tilsvarandi lækkun þeirrar skaðabótaupphæðar, er honum ber.

En sá, er viljandi og vísvitandi skerðir eða brýtur einkarjett manns, skal auk þess sekur um 1000 krónur og fyrir endurtekið brot um 2000 krónur eður fangelsi. Sektirnar renna í landssjóð.

Slíkri ábyrgð má koma fram á hendur manni, eptir að einkarjettartími er útrunninn, eða einkarjettur úr gildi fallinn, ef brotið hefur innan þess tíma verið framið.

22. gr. Kærumál út af brotum gegn 21. gr. skal með fara sem einkalögreglumál.

Sú málsvörn kærða, að einkarjettur kæranda sje úr gildi fallinn eða ógildur, skal því að eins tekin undir dómsúrskurð, að saknæmi eður sýkna kærða velti á því atriði.

Nú kærir einkarjettareigandi eigi brot gegn einkarjetti sínum innan árs, frá því er hann fjekk vitneskju um brotið, og hefir hann þá fyrirgjört rjetti sínum til skaðabóta, enda skal þá eigi refsað fyrir brotið; svo skulu og skaðabætur og refsing niðurfalla, ef þrjú ár eru liðin frá því að brotið var framið og til þess, er kært er yfir því.

Mál út af afbrigðum gegn lögum þessum eru einkamál, nema afbrigðin sjeu saknæm eptir almennum hegningarlögum.

Nd. 130. **Frumvarp**

til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Samkvæmt 15. grein laga, nr. 15, 8. maí 1894 skal stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

2. gr. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni.

3. gr. Til þess að kaupstaðurinn hjer eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni að ákveða, hvar auð svæði megi vera og hvar leggja skuli stræti; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er þegar eru byggðar; skal nefndin svo rita þær í sjerstaka bók, ásamt lóðum þeim, er síðar verður byggt á. Kostnað við útvegun bókar þessarar og annara þeirra embættisbóka, er nefndinni kynni þykja viðþurfa til að rita í gjörðir sínar og brjef, skal greiða úr bæjarsjóðnum.

4. gr. Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar í kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við til betri varnar við húsbruna eða til að fá greiðari veg um kaupstaðinn þá skal sjerhver sá sem á óbyggða lóð, er veit að stræti skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari sem þurfa þykir til þess að strætið verði nógu breitt og skal einnig sá, er húsið á vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það aptur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefur orðið fyrir, við það að af því hefur verið tekið eður hús flutt aptur á við og skal greiða kostnað þann, sem af því rís á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sje hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefur ákveðið getur hann lagt málið undir úrskurð amtsins.

B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, og skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eða aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir.

C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar móti húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess, svo sem verður, að hús, er atluð eru til atvinnureksturs, er hefur brunahættu í för með sjer, verði byggð á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum, og sjer í lagi á hæð undir loptum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgerðum á húsum og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði í öllum greindum reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sjerhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar og fá skrifleg ákvæði hennar um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hjer á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sje gætt, þá á bæði hann og yfirsmiður sá, er á hlut að máli, að greiða sektir, frá 10 til 50 kr. í bæjarsjóð; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sje rifið niður á hans kostnað, að því leyti, sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja

hefði átt við smíðið, og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefur eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu sektir skal og sá greiða, sem að öðru leyti gerir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefur sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hjer að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka sektirnar allt að 4 kr.; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

5. gr. Að því leyti, sem við getur átt, skulu ákvæði laga þessara einnig ná til húsa þeirra á kaupstaðarlóðinni, sem eru með torfþaki og torfveggjum, og til matjurtagarða, er slíkum húsum fylgja.

6. gr. Með mál um brot á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. 131. **Nefndarálit**

um hin lægri menntamál.

Neðri deild alþingis hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga hin lægri menntamál og semja frumvarp eða tillögur um fyrirkomulag þeirra, og höfum vjer haft fyrir oss svör frá allmörgum prestum og barnakennurum víðsvegar um land upp á spurningar, er hljóða um þetta efni og kennarafjelagið lagði fyrir þá í vetur er leið, enníremur tillögu frá kennarafjelaginu um þessar greinir menntamálanna og skýrslur um Flensborgarskólann 1896—97. Þótt vjer höfum haft mjög nauman tíma til að rannsaka þetta mál, sem telja má eitt með hinum vandasömustu, er þingið á um að fjalla, hefir meiri hluti nefndarinnar komið sjer saman um að bera fram frumvarp til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg, og svo höfum vjer fallizt á tillögur um ný skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu, sem hjer segir:

1. að sveitarfjelögin leggi fram helming til móts við landssjóðsstyrkinn til barnakennslu í sveitum.
2. að tiltekin kennsluáhöld sje til í hverri sveit og við hvern fastan skóla, til afnota við kennsluna.
3. að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sje látnir ganga fyrir öðrum, þegar nýir kennarar eru ráðnir, og ráðning þeirra sje með missirisuppsagnarfresti
4. að kennarinn kenni að minnsta kosti 6 mánuði á ári og hvert barn njóti tilsagnar hans 2 mánuði á ári að minnsta kosti.
5. að sveitakennarar kenni sömu kennslugreinir og nú er áskilið, að kenndar sjeu í barnaskólum, sem njóta styrks úr landssjóði.

Neðri deild alþingis, 17. júlí 1897.

Jón Þórarinsson, formaður. Jón Jónsson, þm. A.-Skf., skrifari. Jens Pálsson, framsögum.

Sigurður Gunnarsson. Ólafur Briem.

Nd. 132. **Frumvarp**
til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð.
Frá menntamálanefndinni.

1. gr. Kennaraskóla skal stofna í Flensborg við Hafnarfjörð.

2. gr. Fræðigreinir þær, e kenna skal í skólanum, eru: uppeldisfræði, guðfræði, íslenzka, danska, enska, landafræði, saga, náttúrufræði, tölvísi, dráttlist, skólaiðnaður og leikfimi. Svo skal og nemendum veitt verkleg æfing í barnakennslu.

3. gr. Við skóla þenna skipar landshöfðingi 3 fasta kennara: forstöðumann, er hefir í árslaun 2400 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu og ábúðar á Flensborg, annan kennara, er hefir í árslaun 2000 kr., og þriðja kennara með 1600 kr. árslaunum.

4. gr. Laun kennara skal greiða úr landssjóði, svo og önnur gjöld til skólans eptir ákvæðum fjárlaganna.

5. gr. Aðgang að skólanum eiga jafnt konur og karlar.

6. gr. Stiptsyfirvöldin hafa umsjón yfir kennslunni og semja reglugjörð fyrir skólann, er landshöfðingi staðfestir.

Nd. 133. **Tillaga**
til þingsályktunar. Frá menntamálanefndinni.

I. Alþingi ályktar að barnaskólum annarstaðar en í kaupstöðum skuli því að eins veitast styrkur úr landssjóði, að þeir fullnægi skilyrðum þeim, sem hjer segir:
   1. Að kennt sje auk kristindóms og lesturs, skrift, reikningur, rjettritun, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands, og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar (svo sem um byggingu líkama mannsins, lopt, hita og þyngd) samkvæmt reglugerð, er stiptsyfirvöldin samþykkja.
   2. Að skólinn standi ekki skemur en 6 mánuði og að minnsta kosti 12 nemendur njóti þar tilsagnar allan skólatímann og gangi undir árspróf í öllum þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugerð skólans.
   3. Að við lok hvers skólaárs sje haldið opinbert próf yfir börnum þeim, er kennslunnar hafa notið. Prófdómendur sjeu hlutaðeigandi sóknarprestur og annar maður, er sóknarnefndin kýs, og taka þeir til spurningarnar við prófið.
   4. Að skólinn njóti jafnmikils styrks annarstaðar frá og þess, er honum veitist úr landssjóði.
   5. Að ákveðin kennsluáhöld sjeu til við skólann, samkvæmt því, sem stiptsyfirvöldin nánar ákveða.
   6. Að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sjeu ráðnir til kennslunnar, nema á eldri kennara sje kostur, sem vel hefir þótt reynast, enda sjeu þeir ráðnir af skólanefnd og með að minnsta kosti missiris uppsagnarfresti.

   Styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um árspróf þeirra, svo og endurrit af síðasta ársreikningi yfir tekjur þeirra og gjöld.

   Umsóknarbrjef um styrk úr landssjóði til barnaskóla eiga að vera stýluð til landshöfðingja og send stiptsyfirvöldunum svo tímanlega, að þau sjeu komin til þeirra fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og eiga þeim að fylgja nákvæmar skýrslur og vottorð um öll þau atriði, sem eru tilgreind hjer að framan. Styrkurinn veitist einkum eptir kennslutíma og nemandafjölda.

II. Að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara skuli vera þessi:
   1. Að kennarinn kenni hinar sömu námsgreinir og áskilið er að kenndar sjeu við barnaskóla.

2. Að hlutaðeigandi sveitarfjelag leggi fram helming til móts við landssjóðsstyrkinn.
3. Að tiltekin kennsluáhöld sjeu til afnota við kennsluna, samkvæmt því, sem stiptsyfirvöldin nákvæmar ákveða.
4. Að kennarinn kenni að minnsta kosti 6 mánuði á ári og hvert barn, sem hann kennir, njóti tilsagnar hans 2 mánuði á ári að minnsta kosti.
5. Að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sjeu látnir ganga fyrir öðrum, þegar nýir kennarar eru ráðnir.
6. Að kennarar sjeu ráðnir af hlutaðeigandi presti með samráði sóknarnefndar og með að minnsta kosti missiris-uppsagnarfresti.

Umsóknarbrjefum um styrk til sveitakennara skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna (tölu nemanda, hvað hverjum þeirra hafi verið kennt, og hve lengi hver þeirra hafi notið kennslunnar), svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemandanna.

Umsóknarbrjef um styrk úr landssjóði til sveitakennara eiga að vera stýluð til landshöfðingja og send stiptsyfirvöldunum svo tímanlega, að að þau sj u komin til þeirra fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og eiga þeim að fylgja nákvæmar skýrslur og vottorð um öll þau atriði, sem tilgreind eru hjer að framan.

Nd. 134. **Frumvarp**

til laga um dýraverndun.

Flutningsmenn: Jón Þórarinsson, Þorlákur Guðmundsson, Tryggvi Gunnarsson.

1. gr. Enginn má af ásettu ráði meiða nokkra skepnu eða misþyrma henni á á nokkurn hátt.

2. gr. Hver sem á hross, nautgripi eða sauðfje, er skyldur að sjá því fyrir nægilegu fóðri. Hann skal hafa peningshús svo mikil, að hann geti, þegar þörf er á, hýst allar skepnur sínar, svo og þann fóðurpening, sem hann hefir tekið að sjer fyrir að sjá.

3. gr. Hross, sem eru meidd, hölt eða á einhvern annan hátt vanfær, má alls ekki brúka, hvorki til reiðar, áburðar eða til annarar vinnu.

4. gr. Engin þau hross, tamin eða ótamin, sem rekin eru til markaðar, skal kaupandi af markaði reka, nema þau sjeu tryggilega járnuð, ef sú leið, sem þau skulu rekin, er lengri en þingmannaleið.

5. gr. Þegar hross eða sauðfje er flutt á skip til útflutnings, skal svo um búið að reka megi þau rakleiðis út á skipið, ef því er lagt við land; en verði að flytja fjenað á bátum til skips, skal svo um búið, að hann geti gengið hindrunarlaust út í bátana og úr þeim aptur upp í skipið.

6. gr. Nú eru hross í brúkun meidd eða hölt eða af öðrum orsökum ófær til vinnu, og skal sá, er hrossið hefir í brúkun, tafarlaust láta það laust, ef á hann er skorað af lögreglustjóra eða lögregluþjóni, enda sje því þegar komið til lækninga og hjúkrunar á kostnað eiganda eða umráðamanns, undir umsjón dýralæknis, ef til hans næst. Þó má afhenda hrossið eiganda, ef hann setur tryggingu fyrir því að farið sje með það eptir fyrirmælum lögreglustjóra eða dýralæknis, þegar til hans hefir náðst.

7. gr. Brot gegn ávkæðum laga þessara varða sektum frá 2 til 200 króna og skal farið með þau sem almenn lögreglumál, nema þyngri hegning liggi við.

Nd. 135. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar í málinu: frumvarp til laga um bólusetningar, á þingskj. 92. Flutningsm. Jens Pálsson.

Í stað 3. töluliðs í breytingartillögum nefndarinnar komi:

2. gr. verði 3. gr. og orðist svo:

Hreppsnefnd skal, þá er hlutaðeigandi læknir skorar á hana, grennslast eptir, hvort bólusett hafi verið í hreppnum samkv. 1. gr., og senda lækni skýrslu um eptirgrennslun sína og árangur hennar.

Eigi má barn ferma fyr en það hefur bólusett verið. Þrjózkist foreldrar eða aðrir hlutaðeigendur við að sýna presti læknisvottorð um, að barn, er hann býr undir fermingu, sje bólusett, á hann að skýra lögreglustjóra þar á staðnum frá því, en hann rannsakar málið, og verði það ljóst, að barnið hafi ekki verið bólusett, skipar hann þeim, er í hlut á, að annast um, að barnið verði bólusett innan þess frests, er hann setur, að viðlagðri 5 kr. sekt fyrir hvern mánuð, er skipuninni eigi er hlýtt.

Ed. 136. **Breytingartillaga**

við frumv. til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875.

Frá Jóni Jónssyni, 2. þm. N.-Múlasýslu.

Aptan við frumvarpsgreinina bætist: og Seyðisfjörður í Norður-Múlasýslu.

Ed. 137. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraðanna á Íslandi o fl.

Frá Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múlasýslu.

Töluliður 31. orðist þannig: Fljótsdalshjerað: Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði og Möðrudal og Víðidal, Fella-, Fljótsdals-, Skriðdals- og Vallahreppar.

Nd. 138. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um mælingu vega.

Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Skaptf.

Við 1. gr.

Fyrir „kílómetrum“ komi: röstum (kílómetrum)
og fyrir „kílómetra“ komi: rasta.

Nd. 139. **Frumvarp**

til laga um lögaldur. Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Hver karlmaður, og hver ógiptur kvennmaður, verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 18 ára, en fullráður fjár síns 21 árs. — Þó getur enginn tekið að sjer ábyrgð (caution) í fjármálum, nema 25 ára sje.

Nd. 140. **Frumvarp**

til laga um greiðslu daglauna og verkakaups við verzlanir.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. gr. Mönnum þeim, er vinna daglaunavinnu við verzlanir, skal goldið verkkaup í gjaldgengum peningum, en óheimil er borgun með skuldajöfnuði eða öðru, og eru allir samningar ógildir, sem þessu eru gagnstæðir.

2. gr. Vinni verkmaður viku eða lengur við sömu verzlun, er eindagi verkkaupsins á föstudegi hverjum, þegar verki er lokið.

Nú vinnur verkmaður skemur, og skal þá verkkaup goldið, þegar verki er lokið.

3. gr. Daglaunamaður við verzlanir er hver sá, karl eða kona, sem ekki er ráðinn sem hjú hjá vinnuveitanda, enda sje hann ekki ráðinn sem verzlunarþjónn.

4. gr. Nú vinnur maður ákveðið verk við verzlun fyrir ákveðið kaup, og skal það kaup greitt í peningum eigi síðar, en verki er lokið.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10—100 kr., er renna til landssjóðs.

6. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. 141. **Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878.

Frá Ólafi Briem.

Við 1. gr. Í 6. lið komi: 12 ær, sem eigi eru leigufærar . . . . . 1 hundrað
- 7. lið komi: 10 sauðir eða hrútar þrevetrir eða eldri . . 1 ——
- 8. lið komi: 12 sauðir eða hrútar tvævetrir . . . . . 1 ——

Við 2. gr. Í stað orðanna: „Ær, sem óbornar eru — með geldum ám“ komi: Ær með lambi telst leigufær, sje hún ófötluð og borin 11. júní.

Á eptir 2. gr. komi ný grein svo látandi:

Við tíundarílagning skal lausafjárupphæð hvers framteljanda standa á heilu eða hálfu hundraði; 60 álnir og þar yfir allt að 119 álnum sje gert $^1/_2$ hundrað, en færri álnum sje sleppt.

Ed. 142. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880, eins og það var samþykkt við 3. umr. neðri deild.

1. gr. Í öllum hreppum á landinu skal kjósa varasýslunefndarmann og gilda sömu reglur við kosningu þeirra, sem við kosningu til sýslunefnda.

2. gr. Nú er sýslunefndarmaður forfallaður að mæta á sýslufundi, skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefur sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður þó er hann skyldur að taka á móti kosningu í hreppsnefnd.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Nd. **143. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala. Frá Jens Pálssyni.

Við 10. gr. Í stað 10. gr. frá upphafi og til orðanna: »skal greiða úr landssjóði« komi: Kostnað allan við veru holdsveikra á spítala samkvæmt lögum þessum skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra holdsveikra manna, sem fluttir eru á spítala samkv. 8. gr. Flutning holdsveikra á spítala samkvæmt 7. gr. skal greiða úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði.

Ed. **144. Frumvarp**

til laga um horfelli á skepnum. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð. er þeir geti bakað sjer með því, að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr. Hreppstjóri skal ásamt 2 mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega, tvisvar á vetri skoða allan búpening í hreppnum og grennslast eptir fóðurbirgðum og meðferð fjárins. Fyrri skoðunin skal fram fara eptir að fje er tekið í hús, og skal henni lokið fyrir miðjan vetur, en seinni skoðunin skal fram fara á tímabilinu frá 15. marz til 15. maí.

3. gr. Nú telja skoðunarmenn skepnur fóðurlausar eða illa hirtar, og áminna þeir eigendur og umráðamenn þeirra um að útvega þeim fóður, ef þess er kostur. Þeim skepnum, sem að áliti skoðunarmanna ekki er lífvænt, hvort sem er sökum megurðar eða sökum þess, að fóður er ekki fáanlegt, skal eigandi skyldur að lóga eptir skipun skoðunmanna.

4. gr. Nú þykir hreppsnefnd eða skoðunarmönnum sem fjenaði einhvers hreppsbúa sje horfellir búinn sökum fóðurskorts, illrar hirðingar eður annars hirðuleysis, og skorar hreppsnefnd þá á hreppstjóra, að skoða fjenað þess manns; kveður hreppstjóri með sjer til þeirrar skoðunar tvo búendur, en að öðru leyti fer um þá skoðunargjörð, sem fyrir er mælt í 3. gr.

Sá, er óhlýðnast skipunum skoðunarmanna eptir 3. og 4. gr., verður sekur um allt að 50 krónum.

5. gr. Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefur undir hendi, eða það sannast á annan hátt, og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og er sá maður sekur samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869.

6. gr. Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslur um hinar árlegu skoðanir, sem nefndar eru í 2. gr., þegar þær hafa fram farið, og skulu þær lagðar fyrir sýslunefndina til athugunar og eptirlits. Skýrslur þessar skulu samdar eptir fyrirmynd, er amtsráðið semur.

7. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3.—4. gr., fá skoðunarmenn 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr. Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það allt að 50 króna sektum til sveitarsjóðs.

9. gr. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grennslast eptir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt eða brot framið gegn þeim.

10. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn 3., 4. og 8. gr. laga þessara, skal farið sem opinber lögreglumál.

11. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 12. jan. 1884 um horfelli á skepnum.

Ed 145. **Frumvarp**

til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875. (Eins og það var samþykkt við 2. umr í efri deild).

Meðal hafna þeirra, er nefndar eru í 1. gr. laga 17. des. 1875 um sóttvarnir, og sem öll skip eiga að koma við á, sem til Íslands koma frá stöðum, er álitnir eru sýktir af bólusótt, austurlenzkri kólerusótt eða öðrum pestkynjuðum sjúkdómum (sbr. lög 24. okt. 1879), áður en hafðar eru samgöngur við land á öðrum stöðum, skal einnig vera Patreksfjörður (Vatneyri og Geirseyri) í Barðastrandarsýslu, og Seyðisfjörður í Norðurmúlasýslu.

Nd. 146. **Frumvarp**

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum (trawl).

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1,000—4,000 kr., er renna í landssjóð; skulu veiðarfæri og afli innanborðs upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr. Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu innanborðs, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 200—2,000 kr. sekt til landssjóðs; hittist hið sama skip í annað sinn í landhelgi með þessi veiðarfæri innanborðs, fer um það eptir 2. gr.

Þessum ákvæðum skal þó eigi beitt:

1. Þegar skip eru í neyð, og eru þar með talin skip, er leita lands vegna skorts á vistum og kolum.
2. Þegar skip á leið til veiðistöðva eða frá einni stöð til annarar halda gegnum sundið milli Vestmannaeyja og meginlands eða milli Reykjaness og Fuglaskerja, þótt í landhelgi sjé, ef þau neina þar eigi staðar.
3. Þegar skip, eptir því sem ætla má, eru í landhelgi komin án vilja þeirra eða vitund þar, hvort sem veldur straumur eða veður eður þoka hefur bannað landsýn.

Nú leitar skip til lands til að afla sjer vista eða kola, eða heldur leið þá, er getur um í 2. lið, og gildir undanþágan þá því að eins, að veiðarfæri öll sjeu höfð í búlka innanborðs, meðan það er í landhelgi.

Heimilt skal þó innlendum botnvörpuveiðiskipum að leita lands til að aferma afla sinn og til að afla sjer vatns og annara nauðsynja, hvernig sem á stendur, en veiðarfæri skulu þá og höfð í búlka.

4. gr. Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

5. gr. Lög nr. 13, 9. ágúst 1889, og nr. 24, 10. nóvember 1894, eru úr gildi numin.

Nd. 147. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. og viðauka við lög nr. 3, 2. febr. 1894, um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863.

Frá Jens Pálssyni.

1. Í 3. gr. falli burt orðin: »er ekki hefir leyst sig undan vistarskyldunni með leyfisbrjefi«.
2. — — Aptan við greinina bætist: Brot gegn þessari grein varðar 50—100 kr. sekt, er renni í fátækrasjóð þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í.

Nd. 148. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki, eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild.

1. grein. Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Skulu skýrslur þessar liggja almenningi til sýnis á hentugum stað 1.—14. febr., og álíti einhver sig ranglega talinn á gjaldskránni, er honum heimilt að kæra það mál innan 21. s. m. fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðar-úrskurð í því. Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan loka febrúarmánaðar.

2. grein. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta gjaldið á manntalsþingunum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Fyrir ómak sitt ber þeim 4% af hinu innheimta gjaldi.

3. grein. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppunum sýslumenn hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd, og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en hinir kosnu meðlimir bæjarstjórnarinnar eða sýslunefndarinnar fella úrskurð um reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin amtmanni árlega skýrslu um hag styrktarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir sýslunefndin formanni amtsráðsins.

4. grein. Amtmenn hafa í kaupstöðum og amtsráðin í hreppunum eptirlit með, að ákvæðunum um styrktarsjóði handa alþýðufólki sje hlýtt.

5. grein. Landshöfðingi skal eptir tillögum amtsráða semja reglur, sem skulu birtar í B-deild stjórnartíðindanna, um úthlutun á helmingnum af hinu árlega gjaldi og hálfum vöxtunum, sem úthluta ber samkvæmt lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki.

6. grein. 4.—6. og 8.—9. gr. í lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 eru úr lögum numdar.

7. grein. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1899.

Ed. 149. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar í læknamálinu. Frá Sigurði Stefánssyni, 1. þm. Isf. og Jóni Jakobssyni, 2. þm. Skagfirðinga.

Við Brt. 29 við 3. gr. Í stað »1300« komi: 1200.

Ed. 150. **Breytingatillögur**

við frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraða á Islandi. Frá Sigurði Stefánssyni og Jóni Jakobssyni.

1. við 4. gr. 5. tölulið. Fyrir »8« komi: 6.
2. — - — 7. —— Fyrir »4« komi: 3.

Ed. 151. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Frá Þorleifi Jónssyni.

1. við 1. gr. Fyrir orðin: »blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar« komi: stjórnartíðindunum, deildinni B.
2. — — — Á eptir orðunum: »áður en lögin öðlast gildi« bætist inn í ný málsgrein svo hljóðandi:
   Þegar lög þessi öðlast gildi, skal landshöfðingi auglýsa þrisvar í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, að ofannefndar stefnur verði birtar í stjórnartíðindunum, deildinni B.

Nd. 152. **Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum.

Flutningsm. Benedikt Sveinsson.

Dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum skal úr lögum numið.

Nd. 153. **Frumvarp**

til laga um að gjöra landsyfirdóminn í Reykjavík að æðsta dómi í íslenzkum málum.

Flutningsm. Benedikt Sveinsson.

Þá er lög um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum öðlast gildi, skal landsyfirdómurinn í Reykjavík hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum, og skal tala dómenda í þeim rjetti þá aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni 5. jan. 1874.

Nd. 154. **Frumvarp**

til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu hjeraði, rita alla holdsveika í hjeraðinu í bók, er til þess sje gerð á þann hátt, er landlæknir ákveður í samráði við holdsveikislækninn. Kostnað við kaup bókanna skal greiða úr hlutaðeigandi jafnaðarsjóði.

Einu sinni á ári semur læknir, eptir fyrirsögn landlæknis, útdrátt úr bók þessari og sendir honum.

2. gr. Þá er holdsveikur maður flytur úr einu læknisumdæmi í annað, ber lækni þess umdæmis, er sjúklingurinn fer úr, að tilkynna vistferlin lækni þess hjeraðs, sem sjúklingurinn flytur í.

3. gr. Læknum ber að hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í hjeruðum sínum. Þeir eiga að skýra sjúklingunum og samvistarmönnum þeirra frá því, hvers þeir eiga að gæta, til þess að sjúkdómurinn ekki berist á aðra, og sjá um, að ekki sje út af brugðið. Skyldir eru hreppstjórar og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita læknum lið við þessi störf, eptir því sem þeim er unnt.

4. gr. Holdsveikir menn skulu jafnan gæta þess, er hjer segir:

1) Holdsveikir mega ekki sofa hjá öðrum í rúmi; þó eru hjón undanþegin þessu banni, nema hlutaðeigandi læknir skipi öðruvísi fyrir.
2) Holdsveikir menn skulu hafa sjer hrákadalla og mega ekki hrækja á gólf í húsum manna.
3) Þeir skulu hafa matarílát og borðbúnað hverskonar, er þeir einir noti.
4) Rúmföt, íveruföt, matarílát og hverskonar borðbúnað holdsveikra skal þvo út af fyrir sig. Umbúðir af sárum þeirra skal brenna, eða sjóða að minnsta kosti hálfa stund í vatni.
5) Holdsveikir menn mega ekki stunda börn, ekki þjóna óholdsveikum mönnum og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig.
6) Þeir mega eigi að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka á móti gestum.

Nú álítur læknir, að frekari varúðar sje þörf og megi við koma, og eru þeir þá skyldir að hlýða honum.

5. gr. Íbúðarhús eða herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikir hafa notað, mega menn ekki nota, eða láta aðra fá, fyr en þau hafa hreinsuð verið á þann hátt, er læknir skipar fyrir.

6. gr. Þá er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, skal húsráðandi á heimilinu þegar í stað skýra hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því, en hann lætur hlutaðeigandi lækni vita um það innan hálfs mánaðar. Nú hefur læknir fengið fregnina, og ber honum þá þegar að annast, að íveruhús eða herbergi hins holdsveika manns, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eptir hann finnast, sjeu tafarlaust hreinsaðir eptir þörfum.

7. gr. Holdsveika menn, er njóta sveitarstyrks, skal setja á holdsveikisspítala, þá er hjeraðslæknir telur nauðsyn á því. Sjeu þeir eigi þar settir, skal þeim komið fyrir á þann hátt, að sem fyllst trygging sje fyrir því, að farið verði eptir fyrirmælum 4. gr.

Ef þess er kostur, skal þessu komið svo fyrir, að hjón sjeu ekki skilin að nauðugu. Hafi ráðstafanir læknis slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af amtmanni.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

8. gr. Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar og læknis, lagt fyrir, að einnig aðrir holdsveikir menn verði fluttir á spítala. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki eigi fylgt sem vera bar fyrirmælum 4. greinar eða varúðarreglum þeim, er læknirinn eptir síðasta lið sömu greinar hafði lagt fyrir hann, eða læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til að flytja sjúkinginn á sjúkrahús.

Þess skal einnig í þessum tilfellum gætt, að hjón sjeu eigi skilin að nauðugu, ef hjá því verður komizt.

9. gr. Ef þörf gjörist, annast lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikissjúklinga, er samkvæmt lögum þessum eiga að fara á spítala.

10. gr. Kostnað allan við veru holdsveikra á spítala samkvæmt lögum þessum skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra holdsveikra manna, sem fluttir eru á spítala samkvæmt 8. gr. Flutning holdsveikra á spítala samkvæmt 7. gr. skal greiða úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði.

Nú hefur sjúklingur án leyfis forstöðumannanna farið af spítalanum, og skal hann þá sjálfur greiða kostnað þann, er af því leiðir að flytja hann þangað aptur, sje hann svo efnum búinn.

11. gr. Fyrir ferðir þær, er læknar verða að fara samkvæmt ákvæðum laga þessara, fá þeir sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.

Öll gjöld og kostnað við hreinsanir eptir 6. gr. skal greiða úr jafnaðarsjóði.

12. gr. Brot gegn ákvæðum 5. gr. og á skýrslu-skyldu þeirri, er getur um í 6. gr., varða allt að 200 kr. sektum.

Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

13. gr. Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eptir að það hefur auglýst verið í B-deild stjórnartíðindanna, að spítali fyrir holdsveika sje fullgjör og til afnota, eða verði það innan ákveðins tíma.

Nd. 155. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Frá Guðl. Guðmundssyni, Ólafi Briem, Birni Sigfússyni, Þórði Thoroddsen, Þórði Guðmundssyni, Þorláki Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. 1. lið: Í stað »hlutaðeigandi jafnaðarsjóði« komi: landssjóði.
2. — — — 2. lið: Liðurinn orðist þannig:
   Einu sinni á ári semur læknir útdrátt úr bók þessari, eptir fyrirsögn landlæknis, og sendir honum.
3. Við 3. gr. Orðin: »ef til eru« falli burt.
4. — 11. — Í stað »jafnaðarsjóði« komi: landssjóði.

Nd. 156. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Frá Þórði J. Thoroddsen.

Við 4. gr. B.

Í stað orðanna: »hús þau, sem í grennd eru, og skal«
komi: hús þau, sem í grennd eru, nema eldtraustur veggur sje í milli; að öðrum kosti skal«.

Nd. 157. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bólusetningar (eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.).

Frá Jens Pálssyni, Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Sk. Thoroddsen, Jóni Jenssyni, Valtý Guðmundssyni, Jóni Þórarinssyni, Sigurði Gunnarssyni.

Í stað 3. gr. komi svohljóðandi grein:

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, þá er hlutaðeigandi læknir skorar á þær, grennslast eptir, hvort bólusett hafi verið í hreppnum eða bæjarfjelaginu samkvæmt 1. gr., og senda lækni skýrslu um eptirgrennslunina.

Verði hreppsnefnd eða bæjarstjórn þess vís, að bólusetjari hafi vanrækt skyldu sína, skal hún kæra hann fyrir lögreglustjóra þar á staðnum.

Eigi má barn ferma fyr en það hefur bólusett verið. Þrjózkist foreldrar eða aðrir hlutaðeigendur við, að sýna presti vottorð um, að barn, er hann býr undir fermingu, sje bólusett, á hann að skýra lögreglustjóranum frá því, en hann rannsakar málið, og verði það ljóst, að barnið hafi ekki verið bólusett, skipar hann þeim, er í hlut á, að annast um, að barnið verði bólusett innan þess frests, er hann setur, að viðlagðri 5 króna sekt fyrir hvern mánuð, er skipuninni er eigi hlýtt.

Nd. 158. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands (þingskj. 87).

Frá Jóni Jenssyni.

Orðið: »tiltölulega« í fyrri málsgrein falli burt.

Ed. 159. **Frumvarp**

til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi og fl. (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr.

Íslandi skal skipt í 41 læknahjerað, þau er hjer segir:

1. *Reykjavíkur hjerað:* Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarneshreppur, Bessastaðahreppur, Garðahreppur og Mosfellshreppur;
2. *Keflavíkur hjerað*: hinir 6 hreppar Gullbringusýslu;
3. *Kjósar hjerað*: Þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg, og Kjósarsýsla nema Mosfellshreppur;
4. *Skipaskaga hjerað*: Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu;
5. *Borgarfjarðar hjerað*: hinn hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár;
6. *Mýra hjerað*: hinn hluti Mýrasýslu og Hnappadalssýsla;
7. *Ólafsvíkur hjerað*: syðri hluti Snæfellsness sýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða;
8. *Stykkishólms hjerað*: hinn hluti Snæfellsness sýslu; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og Skarðstrandarhreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, að undanskildum Rauðseyjum, Rúfeyjum og Akureyjum.
9. *Dala hjerað*: Dalasýsla nema Rauðseyjar og Rúfeyjar;
10. *Reykhóla hjerað*: Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar þess er leitað, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi;
11. *Flateyjar hjerað:* Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals;

12. *Barðastrandar hjerað*: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá;
13. *Þingeyrar hjerað*: Vestur-Ísafjarðarsýsla;
14. *Ísafjarðar hjerað:* Ísafjarðar kaupstaður ásamt Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppum.
15. *Nauteyrar hjerað*: Ögur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar;
16. *Hesteyrar hjerað*: Grunnavíkur og Sljettuhreppar;
17. *Stranda hjerað*: Strandasýsla nema Bæjarhreppur;
18. *Miðfjarðar hjerað*: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu;
19. *Blönduós hjerað:* Húnavatnssýsla austan Gljúfurár;
20. *Sauðárkróks hjerað*: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Rípur, Viðvíkur, Hóla og Hofs hreppar;
21. *Akra hjerað*: Seilu, Lýtingsstaða og Akra hreppar;
22. *Siglufjarðar hjerað:* Fells og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu, og Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur til að vitja sjúklinga í Grímsey, þegar þess er leitað og því verður við komið;
23. *Höfðahverfis hjerað:* Vallahreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu;
24. *Akureyrar hjerað:* hinn hluti Eyjafjarðarsýslu, nema Grímsey, og Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Höfðahverfishjeraði, þegar þess er leitað og því verður við komið;
25. *Reykdæla hjerað:* Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan við Þóroddstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar;
26. *Húsavíkur hjerað*: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, norðurhluti Hálshrepps (Flateyjardalur og Flatey), Ljósavatnshreppur upp fyrir Þóroddstað, Aðaldæla, Húsavíkur og Kelduness hreppar;
27. *Þistilfjarðar hjerað:* Norður-Þingeyjarsýsla nema Keldunesshreppur;
28. *Vopnafjarðar hjerað:* Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið;
29. *Hróarstungu hjerað*: Jökuldalshreppur upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar;
30. *Seyðisfjarðar hjerað:* Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppar;
31. *Fljótsdals hjerað:* Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði og Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Vallahreppar;
32. *Reyðarfjarðar hjerað:* Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar;
33. *Fáskrúðsfjarðar hjerað*: Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar, og Breiðdals hreppar.
34. *Berufjarðar hjerað:* Beruness og Geithellna hreppar;
35. *Austur-Skaptafellssýslu hjerað:* Austur-Skaptafellssýsla;
36. *Síðu hjerað:* Vestur-Skaptafellssýsla frá Skeiðarársandi að Mýrdalssandi;
37. *Mýrdals hjerað:* Hvamms og Dyrhóla hreppar í Skaptafellssýslu og báðir Eyjafjalla hreppar í Rangárvallasýslu;
38. *Vestmannaeyja hjerað:* Vestmannaeyjasýsla;
39. *Rangár hjerað:* Rangárvallasýsla að undanskildum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppum;
40. *Grímsness hjerað:* Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu;

41. *Eyrarbakka hjerað:* hinn hluti Árnessýslu að undanskildum Þingvallahreppi.

Landshöfðingi getur eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

2. grein.

Í hvert læknisumdæmi skal skipa hjeraðslækni, og er hann skyldur til að setjast að í þeim hluta hjeraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita um það álita hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Ísafjarðar og Akureyrar hjeruðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað eða verzlunarstað, er hjeraðið er kennt við. Hjeraðslæknirinn í Reyðarfjarðar hjeraði skal vera búsettur á Eskifirði og hjeraðslæknirinn í Barðastrandarhjeraði á Patreksfirði.

Þessir læknar, svo og læknirinn í Vestmannaeyjum, skulu skyldir til, þegar komið verður upp á þessum stöðum sjúkrahúsum, þar sem tekið er við mönnum, sem veikir eru af kóleru eða þesskonar sjúkdómum, að takast á hendur umsjónina með húsum þessum, án sjerstakrar þóknunar.

3. grein.

Að því er laun snertir, er læknahjeruðunum skipt í 4 flokka: í 1. flokki eru launin 1,900 kr., í 2. 1,700 kr., í 3. 1,500 kr. og í 4. 1,300 kr.

Í 1. flokki eru Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruð.

Í 2. flokki eru Keflavíkur, Barðastrandar, Þingeyrar, Blönduóss, Sauðárkróks, Höfðahverfis og Reyðarfjarðar hjeruð.

Í 4. flokki eru Kjósar, Mýra, Hesteyrar, Akra og Vestmannaeyja hjeruð.

Í 3. flokki eru öll hin læknishjeruðin.

Launin greiðast úr landssjóði.

Hafi nokkur hjeraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eptir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

4. grein.

Þegar ekki er samið fyrir fram við lækni um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber honum, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn, geri lítils háttar skurði og bindi um, dragi út tönn, nái þvagi af manni eða því um líkt, 35 a. til 1 kr.

Komi sjúklingurinn eptir umtali við lækninn þrisvar eða optar þar á eptir til hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða optar, færist borgunin fyrir hvert skipti niður um helming.

Sje læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.

2) Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn, og læknishjálp á því ..... 4 —

3) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá ..... 2 —

4) Fyrir að binda um beinbrot ..... 3 —

5) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera því líkan meiri háttar líkamsskurð..... 6 —

6) Fyrir að ná barni með töngum..... 4 —

7) Fyrir að hjálpa sængurkonu án verkfæra ..... 3 —

Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu við það, sem hjer er talið.

Læknum ber eigi borgun eptir þessari grein fyrir að líta eptir gæzluföngum og vitja sjúklinga, er fátækrastjórn sækir þá til.

5. grein.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun ..... 2 kr.
2) Fyrir uppskurð á líki ..... 16 —
Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiptist borgunin jafnt á milli þeirra.
3) Fyrir »kemiska» eða »mikroskopiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið ..... 4 —
Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sjerstaklega.
4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sje fullburða, eða því um líkt ..... 3 —
Sjeu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó að eins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.
5) Fyrir að rannsaka sjóskemmdar vörur, meðul, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði ..... 3 —

6. grein.

Verði læknir, til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, að takast ferð á hendur, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eptir 4. og 5 gr. 3 kr. fyrir hvern heilan dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir part úr degi. Sjái hann sjer sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í því byggðarlagi.

7. grein.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Nd. 160. **Frumvarp**

til laga um mæling vega. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Mæla skal vegi þá, er ákveðnir eru samkvæmt lögum um vegi 13. apríl 1894: flutningabrautir, þjóðvegi, fjallvegi, sýsluvegi og hina helztu hreppavegi eptir ákvörðun sýslunefndar. Skal vegalengd talin í kílómetrum og mörk sett milli hverra 5 kílómetra. Tölur skulu á mörk settar, er sýni vegalengd frá einhverjum ákveðnum stað, og skulu þær jafnan vera á þeirri hlið marka, er veit mót norðri.

2. gr. Nú er vegur fluttur, sá er áður er mældur, eða nýr vegur tekinn upp, og skal þá mæla veg svo sem segir í 1. gr.

3. gr. Landshöfðingi sjer um mæling flutningabrauta, þjóðvega og fjallvega, en sýslunefnd um mæling sýsluvega, og hreppsnefnd hreppsvega. Setja skal mælingar í svo haganlegt samband sín á milli sem verða má.

4. gr. Kostnað við mæling vega og viðhald vegamarka greiðir sá, er veg skal kosta.

5. gr. Mæling vega skal lokið vera á hinum næstu 5 árum eptir það, er lög þessi öðlast gildi, nema þar sem sjerstakar ástæður þykja vera til þess að fresta þeim, og liggur það, að því er hreppavegi snertir, undir úrskurð sýslunefndar, en, að því er sýsluvegi snertir, undir úrskurð amtsráðs.

Nd. 161. **Frumvarp**

til laga um bólusetningar (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Hvert barn skal bólusetja áður en það er fullra 7 ára, nema það hafi fengið bólusótt. Endurbólusetning skal fram fara á aldrinum 20—25 ára.

Innan árs frá þeim degi, er lög þessi öðlast gildi, skal bólusetja öll ófermd börn, sem eigi hafa verið bólusett eða fengið bólu, svo og alla á aldrinum 20—25 ára.

Óhlýðni gegn ákvæðum greinar þessarar skal sæta allt að 20 kr. sektum, og sje það barn, er í hlut á, greiða foreldrar þess eða húsbændur sektina.

2. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu hafa bólusetning á hendi hver í sínu hjeraði. Nú þykir lækni þörf á, að fá skipaða aðstoðarbólusetjara í hjeraði sínu, og ritar hann þá landlækni um það mál. Þyki landlækni ástæða til, ritar hann amtmanni tillögur sínar, og gefur hann þá út skipunarbrjef þau, er um er beðið.

Ef bólusetjari vanrækir skyldur sínar, varðar það sektum, allt að 100 kr.

3. gr. Prestar skulu grennslast eptir því við húsvitjanir, hvort bólusett hefir verið í sóknum þeirra samkvæmt 1. gr. Hafi það eigi verið gert, eða þrjózkist foreldrar eða aðrir hlutaðeigendur við að sýna bólusetningarvottorð, er prestur krefst þess, á hann að skýra lögreglustjóra frá því. Rannsakar hann þá málið, og verði það ljóst, að bólusetning hafi verið vanrækt, skipar hann þeim, er í hlut á, að annast um, að bólusett verði innan þess frests, er hann setur, að viðlagðri 5 króna sekt fyrir hvern mánuð, er skipuninni er eigi hlýtt.

Eigi má ferma barn fyr en það hefir bólusett verið.

4. gr. Nú verður vart við bólusótt á einhverjum stað eða svo nálægt, að óttast má, að sýkin berist þangað, og skal þá lögreglustjóri eptir tillögum hlutaðeigandi læknis skipa svo fyrir, að sjerhver þar á staðnum, er eigi sannar þegar í stað, að hann hafi verið bólusettur eða fengið bólu á síðustu 5—10 árum, láti bólusetja sig innan tiltekins frests, er hann setur, að viðlagðri 2 króna sekt fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast skipuninni. Bólusetjarinn er skyldur að koma þangað, áður fresturinn er útrunninn. Snerti ráðstafanir þessar að eins einstök heimili, skal fyrirskipunin birt þeim, er í hlut eiga eða, ef um börn er að ræða innan 15 ára, foreldrum þeirra eða húsbændum, en sjeu ráðstafanirnar víðtækari, skal fyrirskipanin auglýst opinberlega, og í auglýsingunni, er birta skal eins og venja er til um yfirvalda auglýsingar þar á staðnum, skal nánar kveðið á um takmörk þess svæðis, er ráðstafanirnar ná yfir.

5. gr. Lögreglustjóri getur eptir tillögum læknis leyft, vegna vanheilsu þess er í hlut á, að fresta bólusetningunni; neiti lögreglustjóri um frestinn, skal málinu skotið til æðri yfirvalda.

6. gr. Sönnun fyrir því, að maður hafi bólusettur verið, er bólusetningarvottorð, gefið út eptir fyrirmynd, er landshöfðingi skipar fyrir, og undirskrifað af bólusetjara þeim, er setti manni bóluna. Sje eigi hægt að fá slíkt vottorð, má til sönnunar nota vottorð,

undirskrifað af löggiltum lækni, um að hlutaðeigandi beri ótvíræð ör eptir bólusetningu eða bólu. Verði slíkt vottorð heldur ekki fengið, verður að bólusetja að nýju.

7. gr. Þá, er bólusettir eru að tilhlutun hins opinbera, skal skoða eptir á, og er bólusetjaranum heimilt að taka úr þeim bóluefni. Opinberar bólusetningar og skoðanir eptir á skulu fara fram að minnsta kosti á einum stað í hverri kirkjusókn. Komi menn eigi til skoðunar eptir á eða færist undan því að láta taka úr sjer bóluefni, varðar það 1—10 kr. sektum. Sje hinn bólusetti innan 15 ára, greiða foreldrar hans eða húsbændur sektina.

Landshöfðingi skipar nánar fyrir um opinberar bólusetningar og skoðanir eptir á.

8. gr. Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði. Bólusetjarinn fær 25 aura fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og bólan kemur út á, og gefur hann þá hinum bólusettu bólusetningarvottorð án sjerstakrar borgunar.

Þegar opinber bólusetning fer fram, getur hver sá, er þess æskir, látið hlutaðeigandi bólusetjara endurbólusetja sig, en greiða verður hann þá sjálfur borgunina.

Skylt er sveitarfjelögum að láta bólusetjurum ókeypis í tje hæfileg húsakynni til bólusetninga.

9. gr. Landlæknir lítur eptir, að læknar hafi jafnan nægar birgðir af bóluefni frá bólusetningarstofnuninni í Kaupmannahöfn. Læknarnir skulu og sjá um, að aðstoðarbólusetjarar þeir, er skipaðir eru þeim til hjálpar, hafi gott bóluefni.

Hver bólusetjari, er tekur sjálfur bóluefni úr öðrum, skal leggja alla stund á að halda því hreinu og ósviknu. Einkum verður hann að gæta þess vandlega, að nota eigi bóluefni úr öðrum en þeim, sem hann hefur fullvissað sig um, að sjeu heilsuhraustir. Úr börnum yngri en þriggja mánaða má eigi taka bóluefni og eigi heldur úr endurbólusettum.

Engan, hvorki barn nje fullorðinn, er hafa eða grunur leikur á að hafi einhvern næman sjúkdóm, má bólusetja eða endurbólusetja öðruvísi en með bóluefni úr pípum, og má eigi framar nota afganginn af þeim vökva, og bólusetningarverkfærið skal glóhita í eldi, áður það er notað aptur. Nú gætir bólusetjari eigi tilhlýðilegrar varkárni við bólusetning og verður þess valdandi, að næmur sjúkdómur berst á heilbrigða menn, og sætir hann þá 50—200 kr. sektum, enda sje eigi þyngri refsing lögð við eptir almennum fyrirmælum laganna. Sje það embættislæknir, er slíkt gerir, getur það varðað hann embættismissi, ef miklar sakir eru.

10. gr. Landshöfðingi getur í samráði við landlækni fyrirskipað almenna endurbólusetning um land allt, þegar sjerstakar ástæður eru til.

11. gr. Með mál um brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr. Konungsbrjef 18. júlí 1821 og 24. marz 1830 eru úr gildi numin.

13. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1899.

Ed. 162. **Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

Frá Sigurði Jenssyni, Kristjáni Jónssyni og Sigurði Stefánssyni.

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

Patreksfjörður (Vatnseyri og Geirseyri) í Barðastrandarsýslu og Seyðisfjörður í Norðurmúlasýslu skulu vera meðal hafna þeirra, sem öll skip eiga fyrst að koma við á samkv. 1. gr. laga um sóttvarnir 17. des. 1875, er þau koma til

Íslands frá stöðum, sem álitnir eru sýktir af bólusótt, austurlenzkri kólerusótt eða öðrum pestkynjuðum sjúkdómum (sbr. lög 24. okt. 1879), áður en hafðar eru samgöngur við land á öðrum stöðum.

Nd. 163. **Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri.
Frá nefndinni.

Á eptir 2. grein bætist inn ný grein svohljóðandi:

3. gr. Forsetinn í hlutaðeigandi amtsráði sjer um kaup á eiturefni fyrir hvert amt um sig og sendir það sýslunefndunum, þegar þær óska þess. Andvirði fyrir eitrið greiðist úr jafnaðarsjóði amtsins.

Allur annar kostnaður, er leiðir af ráðstöfunum þeim, sem fyrirskipaðar eru í 2. gr., greiðist úr sýslusjóði.

Menn þeir, er kosnir eru til að hafa á hendi eitrun fyrir refi, fá, þann tíma er þeir verða að vera fjærverandi frá heimili sínu að þesssum starfa, 2 kr. á dag í fæðispeninga og að auki endurgjald fyrir ferðakostnað eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar.

Nd. 164. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.
Frá nefndinni.

Við 1. gr. Í 31. lið á eptir „Hörgsland“ bætist inn í:
með hjáleigunum Hörgslandskoti, Mosakoti og Múlakoti.

Nd. 165. **Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um mæling vega. (Eins og það var samþykkt við 2. umr.).
Frá: Sighvati Árnasyni, Þórði Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, þm. Á.-Skf., Benidikt Sveinssyni, Þorláki Guðmundssyni og Halldóri Daníelssyni.

1. Við 1. gr. Í stað fyrstu málsgreinar komi:
Mæla skal vegi þá, sem búið er að leggja, bæði flutningabrautir og þjóðvegi, og halda því áfram, jafnótt og þeir eru lagðir.
2. Við 1. gr. Í annari málsgrein bætist inn í á eptir „kílómetrum“: (röstum).
3. 2. gr. falli burt.
4. 3. gr. sem verði 2. gr. orðist þannig:
Landshöfðingi sjer um vegamælingar, og skal setja þær í svo haganlegt samband sín á milli, sem verða má.
5. 4. gr., sem verði 3. gr., orðist þannig:
Kostnaður við mæling flutningabrauta og þjóðvega og viðhald vegamarka greiðist úr landssjóði.
6. 5. gr. falli burt.

Nd. 166. **Frumvarp**

til laga um heimild þeirra manna, sem eru í þjóðkirkjunni, til að ganga í borgaralegt hjónaband.

Flutningsmaður: Kl. Jónsson.

Heimilt er hjónaefnum, þótt eigi sjeu þau utan þjóðkirkju, að láta veraldlegan valdsmann gefa sig í borgaralegt hjónaband, samkvæmt þeim reglum, er settar eru í lögum 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Nd. 167. **Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla.

Flutningsmenn: Kl. Jónsson. Sk. Thoroddsen.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi, og sje annar þeirra jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 4000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

Til aukakennslu við skólann má árlega verja allt að 2500 kr. Öll útgjöld skólans greiðast úr landssjóði.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Ed. 168. **Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali nr. 162 við frv. til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875.

Frá Þorleifi Jónssyni.

Aptan við frumvarpsgreinina bætist: en Stykkishólmur skal hjeðanaf ekki vera talinn meðal þessara hafna.

Nd. 169. **Frumvarp**

til laga um horfelli á skepnum. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð. er þeir geti bakað sjer með því, að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr. Hreppstjóri skal ásamt 2 mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega, tvisvar á vetri skoða allan búpening í hreppnum og grennslast eptir fóðurbirgðum og meðferð fjárins. Fyrri skoðunin skal fram fara eptir að fje er tekið í hús, og skal henni lokið fyrir miðjan vetur, en seinni skoðunin skal fram fara á tímabilinu frá 15. marz til 15. maí.

3. gr. Nú telja skoðunarmenn skepnur fóðurlausar eða illa hirtar, og áminna þeir eigendur og umráðamenn þeirra um að útvega þeim fóður, ef þess er kostur. Þeim skepnum, sem að áliti skoðunarmanna ekki er lífvænt, hvort sem er sökum megurðar eða sökum þess, að fóður er ekki fáanlegt, skal eigandi skyldur að lóga eptir skipun skoðunmanna.

4. gr. Nú þykir hreppsnefnd eða skoðunarmönnum sem fjenaði einhvers hreppsbúa sje horfellir búinn sökum fóðurskorts, illrar hirðingar eður annars hirðuleysis, og skorar hreppsnefnd þá á hreppstjóra, að skoða fjenað þess manns; kveður hreppstjóri með sjer til þeirrar skoðunar tvo búendur, en að öðru leyti fer um þá skoðunargjörð, sem fyrir er mælt í 3. gr.

Sá, er óhlýðnast skipunum skoðunarmanna eptir 3. og 4. gr., verður sekur um allt að 50 krónum.

5. gr. Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefur undir hendi, eða það sannast á annan hátt, og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og er sá maður sekur samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869.

6. gr. Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslur um hinar árlegu skoðanir, sem nefndar eru í 2. gr., þegar þær hafa fram farið, og skulu þær lagðar fyrir sýslunefndina til athugunar og eptirlits. Skýrslur þessar skulu samdar eptir fyrirmynd, er amtsráðið semur.

7. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3.—4. gr., fá skoðunarmenn 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr. Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það allt að 50 króna sektum til sveitarsjóðs.

9. gr. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grennslast eptir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt eða brot framið gegn þeim.

10. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn 3., 4. og 8. gr. laga þessara, skal farið sem opinber lögreglumál.

11. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 12. jan. 1884 um horfelli á skepnum.

Nd. 170. **Frumvarp**
til laga um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahrepp í Barðastrandarsýslu. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í ed.).

Á Firði í Múlahrepp í Barðastrandarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. 171. **Frumvarp**
til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum; (eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild).

1. gr. Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, með opinberri stefnu, er birta skal þrisvar sinnum í stjórnartíðindunum, deildinni B, innkalla með árs og dags fyrirvara handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul,

þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigendum — en þar með skal ávallt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undantekilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal landshöfðingi auglýsa þrisvar í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, að ofannefndar stefnur verði birtar í stjórnartíðindunum, deildinni B.

Þegar ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, getur innköllun eptir þeim eigi lengur átt sjer stað.

Mál samkvæmt lögum þessum skulu rekin fyrir aukarjetti, er halda má á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er hin veðsetta fasteign liggur í.

2. gr. Um þau veðskuldabrjef, er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, að innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómaranum, að sá, er hefir hina veðsettu eign, kannist við veðskuldbindinguna, eða að hlutaðeigandi veðhafi hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

3. gr. Í málum þeim, er ræðir um í 1. gr., skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landssjóði.

Fyrir afmáun, bókun og áritun eptir 2. gr. skal ekkert borga.

Nd. 172. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878.

Frá Pjetri Jónssyni og Eiríki Gíslasyni.

Við 2. gr. Í staðinn fyrir orðin: »miðjum október« komi: miðjum júní.

Nd. 173. **Viðaukatillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878.

Frá Þorláki Guðmundssyni.

1. Í stað 3. gr. í frumvarpinu, er falli burt, komi ný:

3. gr. Skip og báta, sem ganga eina eða fleiri vertíðir á árinu til fiskiveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

1 þilskip, 20 smálesta eða minna	3	hundr.
1 þilskip, frá 21—40 smál.	4	——

1 þilskip, 41 smál. og þar yfir ..... 5 ——
1 áttæringur eða stærra skip ..... $1^1/_2$ ——
1 sexæringur eða feræringur ..... 1 ——
1 tveggja manna far ..... $^1/_2$ ——

Veiðigögn fylgja skipi hverju í tíund. Eigendur þilskipa eru skyldir að segja til lestarúms skipa sinna, þegar þeir telja þau fram til tíundar.

2. Við 4. gr. frumvarpsins eptir orðið »numin« komi: 2. og 3. gr., í stað »2. gr.«.

Nd. 174. **Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1. Meiðastaði í Gullbringusýslu ..... 2250 kr.
2. Þormóðsdal í Kjósarsýslu ..... 4000 —
3. Fitjakot í sömu sýslu ..... 1250 —
4. Elliða í Snæfellsnessýslu ..... 1650 —
5. Foss í sömu sýslu ..... 500 —
6. Efri Miðvík í Ísafjarðarsýslu ..... 450 —
7. Bjarnanes í Strandasýslu ..... 1100 —
8. Skinnastaði í Húnavatnssýslu ..... 2150 —
9. Brekku í sömu sýslu ..... 3500 —
10. Brekkukot í sömu sýslu ..... 1100 —
11. Páfastaði í Skagafjarðarsýslu ..... 2650 —
12. Litla Dunhaga í Eyjafjarðarsýslu ..... 1900 —
13. Hallgilsstaði í sömu sýslu ..... 2100 —
14. Syðri Reistará í sömu sýslu ..... 2400 —
15. Ytri Reistará í sömu sýslu ..... 2350 —
16. Kjarna í Arnarneshreppi í sömu sýslu ... 2400 —
17. Bragholt í sömu sýslu ..... 2050 —
18. Syðri Bakka í sömu sýslu ..... 2600 —
19. Reykhús í sömu sýslu ..... 1100 —
20. Brenniás í Þingeyjarsýslu ..... 750 —
21. Litla Sandfell í Suður-Múlasýslu ..... 1250 —
22. Eyri í Reyðarfjarðarhrepp í sömu sýslu... 1450 —
23. Sellátur í sömu sýslu ..... 1600 —
24. Högnastaði í sömu sýslu ..... 750 —
25. $^1/_2$ Gestsstaði í sömu sýslu ..... 1000 —
26. $^1/_2$ Vattarnes í sömu sýslu ..... 4000 —
27. Berunes í sömu sýslu ..... 1450 —
28. Dalshöfða í Skaptafellssýslu ..... 850 —
29. Hörgsland í sömu sýslu ..... 5600 —
30. Hörgsdal í sömu sýslu ..... 3200 —
31. Kirkjubæjarklaustur í sömu sýslu ..... 3750 —
32. Hraunbæ í sömu sýslu ..... 500 —
33. Skálmarbæ í sömu sýslu ..... 1600 —

2. gr. Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, sem gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. desember 1900.

Nd. 175. **Frumvarp**

til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.).

Af fje því, sem samkvæmt lögum um Söfnunarsjóð Íslands, dags. 10. febr. 1888, 19. gr. a. og 20. gr. a., er ætlað til kostnaðar og varasjóðs, skal veita bókara og fjehirði Söfnunarsjóðsins 100 kr. þóknun hvorum um árið og endurskoðara 50 kr. þóknun um árið; þess utan fær fjehirðir fyrir áhættu af mistalningu $^1/_5$ pro mille af peningum þeim, er hann telur út eða inn; enn fremur má, þegar efni sjóðsins leyfa það, með samþykki landshöfðingja af sama fje veita framkvæmdarstjóra 200 kr. um árið og gæzlustjórum 50 kr. hvorum um árið. Með samþykki landshöfðingja má síðar hækka upphæðir þessar, þó svo, að fje það, sem þannig gengi til þóknunar handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins, nemi ekkert ár samtals meiru en helmingi af nefndu fje til kostnaðar og varasjóðs.

Framkvæmdarstjóri og fjehirðir skulu, jafnskjótt og þeir fá nefnda þóknun, setja hæfilegt veð, eptir því sem landshöfðingi ákveður.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Nd. 176. **Frumvarp**

til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.).

1. gr.

Borgarabrjef til verzlunar, er hjer eptir verða útgefin, veita ekki rjett til verzlunar með neins konar áfengi.

2. gr.

Vilji einhver, sem leyst hefir borgarabrjef til verzlunar í kaupstað eða löggiltu kauptúni, öðlast rjett til áfengissölu með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum 10. febr. 1888, skal hann senda bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeim kaupstað eða hreppi, er í hlut á, skriflega bæn um það, og skal hreppsnefndin síðan bera málið undir atkvæði hreppsbúa á hreppskilaþingi, og þarf þá til þess að leyfið verði veitt meiri hluta atkvæða hreppsbúa þeirra, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, og auk þess samþykki meiri hluta hreppsnefndarinnar. Í kaupstöðum skal leggja málið fyrir almennan fund atkvæðisbærra bæjarmanna, og þarf þá meiri hluta atkvæða þeirra bæjarbúa, er atkvæðisrjett eiga bæjarmálum, til þess að samþykkja leyfið, og auk þess samþykki meiri hluta bæjarstjórnarinnar. Leyfið gildir til eins árs. — Sýslumenn eða bæjarfógetar gefa út leyfisbrjefið, og skal fyrir það greiða 100 kr., er renna í landssjóð.

Nd. 177. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands.

Frá Jóni Jenssyni, Benid. Sveinssyni, Ólafi Briem, Sk. Thoroddsen, Þórði J. Thoroddsen og Jens Pálssyni.

2 fyrstu málsgreinar frumvarpsins sjeu 1. gr., og 3. málsgrein sje 2. gr.

Nd. 178. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um bann gegn skottulækningum.

Nefnd sú, sem kosin var til að íhuga frumvarp til laga um bann gegn skottulækningum, hefir nú rætt það með sjer á nokkrum fundum, og komið sjer saman um nokkrar breytingar.

Nefndin fellst á aðaltilgang frumv. og álítur, að takmarka þurfi rjett þann, sem menn nú hafa til lækninga, af þeim ástæðum, að honum hefir í mörgum tilfellum verið misbeitt, án þess gildandi lög hafi náð til.

Á hinn bóginn þykir nefndinni ísjárvert, að hamlað sje með lögum lækningum ólærðra manna, sem stundað hafa með alúð og gætni lækningar, jafnvel með samkomulagi við hina löggiltu lækna, en þar á móti ekki mundu hafa ástæður til að ganga undir próf hjá landlækni. Þess vegna leyfir nefndin sjer að gera eptirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR

sem hún ræður deildinni til að fallast á:

1. við 1. gr. Í staðinn fyrir „hefir um hönd“ komi: stundar.
2. — — — Á eptir orðunum: „Án þess að vera löggiltur til læknisstarfa“ komi: eða hafa lækningaleyfi eða njóta undanþágu samkvæmt lögum þessum.
3. — — — Í stað orðanna „þessum hegningum“ komi: þessari hegning.
4. Á eptir 2. gr. komi ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:

   Undanþágu frá lögum þessum hafa þeir menn, er stunda lækningar, þó að ekki sjeu þeir löggiltir læknar, er lög þessi öðlast gildi, og fá með samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar leyfi hjeraðslæknis síns til þess að halda lækningum áfram.
5. 3. gr. verði 4. gr.
6. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

   Frumvarp til laga um lækningaleyfi.

Neðri deild alþingis, 21. júlí 1897.

Þórður J. Thoroddsen, form. og framsögumaður. Pjetur Jónsson skrifari.

Björn Sigfússon.

Nd. 179. **Tillaga**

til þingsályktunar um að afnema konunglega staðfestingu á stofnunarskrá prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins.

Flutningsmenn: Kl. Jónsson og Jón Jónsson, þm. Eyfirðinga.

Alþingi ályktar, að skora á ráðgjafann fyrir Ísland, að hlutast til um, að staðfesting konungs á stofnunarskrá fyrir »prentsmiðjusjóð norður- og austuramtsins« dags. 29. júlí 1886 verði upphafin.

Nd. 180. **Nefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

I.

Nefnd sú, er hin háttv. neðri deild alþingis hefir falið ofanritað frv. til meðferðar, hefir tekið málefni þetta til mjög ýtarlegrar íhugunar og hefir eigi að öllu leyti getað orðið sammála um tillögur sínar í málinu.

Vjer, meiri hluti nefndarinnar, höfum, eptir að vjer höfðum orðið samdóma um, að rjett væri að taka til íhugunar stjórnarbótarmál landsins í heild sinni, eins og það nú horfir við, álitið rjett að bera upp nýtt frumvarp af vorri hálfu, en leggja eigi til grundvallar frumvarp það, er upp var borið í deildinni af einum nefndarmanna.

Oss dylst það eigi, að stjórn vor hefir að vísu boðið fram, gegn um fulltrúa sinn á alþingi, nokkrar þær breytingar eða umbætur á stjórnarfari landsins, er gagn gæti orðið að, þar sem stjórnin hefir tjáð sig reiðubúna til að skipa sjerstakan ráðherra fyrir Íslandsmálin, er eigi á að gegna öðrum stjórnarstörfum og skilja og tala íslenzka tungu, og að samþykkja þá breyting á stjórnarskránni, að ráðgjafi þessi eigi sæti á alþingi og beri ábyrgð á stjórnarathöfninni, eptir því er nánar verður skipað fyrir um með lögum, þó þannig, að hæstirjettur ríkisins fyrst um sinn dæmi mál þau, er höfðuð verða gegn ráðgjafanum fyrir embættisrekstur hans. Viðvíkjandi þessari yfirlýsing tökum vjer það fram, að í henni felst að eins ein veruleg breyting á hinni núgildandi stjórnarskrá, sú nefnilega, að alþingi er gefinn kostur á, að geta komið fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum fyrir sjerhverja stjórnarathöfn. Hin önnur atriði, er í yfirlýsingunni felast, eru þess eðlis, að til þess að fá þeim framgengt þarf eigi að breyta stjórnarskránni, og gildir það, að vorri hyggju, einnig um rjett ráðgjafans til að mæta á alþingi. Það treystum vjer oss og til að fullyrða, að Íslendingar hafi almennt álitið það sjálfsagt, þegar hin núgildandi stjórnarskrá kom út, að henni mundi verða framfylgt á þann veg, að ráðgjafinn fyrir Ísland hefði eigi önnur stjórnarstörf á hendi, gæti skilið tungu þeirrar þjóðar, er hann átti að stjórna og að hann notaði heimild sína til að mæta á löggjafarsamkomu þeirri, er hann átti að bera hin konunglegu frumvörp undir, og það var álitin tilfinnanleg skerðing á loforðum stjórnarinnar, og stjórnarskrárinnar sjálfrar, þegar innleitt var það fyrirkomulag á ráðgjafastjórn Íslandsmálanna, sem nú hefir staðið um 23 ár, enda hefir sú raun á orðið, að samvinna þingsins og stjórnarinnar hefir fyrir þessa sök orðið svo óhappasæl, til mikils skaða fyrir þjóðina. Hjer er því frá voru sjónarmiði eigi að ræða um breyting á hinum gildandi stjórnarlögum, en þar sem yfirlýsing stjórnarinnar virðist bera vott um, að hún sje loks orðin sannfærð um, að hið núverandi ástand sje óheppilegt, og frá Íslands hlið skoðað er það gjörsamlega óþolandi, eins og nú háttar högum landsins, þá vonar nefndin að þetta verði, hvað sem öðru líður, fært í rjett horf, en telur það heppilegt, út af fyrir sig skoðað, að þessi atriði væri með nýrri lagasetning tryggð betur en verið hefir, ef frv. í þessu efni getur að öðru leyti náð samþykki.

Þegar vjer svo athugum það atriði í sjálfri stjórnarskránni, er sjerstaklega er spurning um að gjöra breytingu á, nefnilega ábyrgð ráðgjafans, þá getum vjer viðurkennt, að það atriði hefir í sjálfu sjer mikla þýðing. En eptir því stjórnskipulagi, sem vjer nú lifum undir, hverfur mjög þýðing þess, þar sem sú ólöglega stjórnarvenja til þessa hefir átt sjer stað, að hin sjerstaklegu málefni Íslands eru borin upp í hinu danska ríkisráði, og þar sem ekki er neitt gefið í skyn um, að þessi venja muni breytast. Vjer tökum það skýrt fram, að þessi venja, sem mun eiga að styðjast við þá skoðun, að hin dönsku grundvallarlög gildi hjer á landi, fer í bága við stjórnarlög vor, og einnig í bága við skilning stjórnarinnar sjálfrar, eins og hann hefir komið fram bæði í starfi stjórnarinnar að lagasetning á Íslandi allt frá 1849 og fram að 1875, og einnig við það, sem eru skýr orð stjórnarinnar sjálfrar bæði í lagaboðum og stjórnarbrjefum frá þeim tíma. Oss er það fyllilega óljóst, á hverri heimild, annari en valdboði, stjórnin byggir þá venju sína, að bera sjermál Íslands upp í hinu danska ríkisráði. Að það liggi í hugmyndinni »ráðgjafi« eptir hinum dönsku grundvallarlögum er alls eigi rjett, auk þess sem það enga þýðingu getur haft fyrir þetta mál, þar sem það, eins og áður er sagt, er bæði beinlínis og óbeinlínis viðurkennt af stjórnarinnar hendi allt fram að 1875, meira að segja með því hvernig sjálf stjórnarskráin 5. jan. 1874 er til orðin, að engin dönsk grundvallarlög eða grundvallarlagaboð hafi nokkru sinni náð gildi hjer á landi.

Afstaða ráðgjafa, er ábyrgð hefði á stjórn sjerstakra málefna landsins fyrir alþingi eða neðri deild þess, ætti hann að bera þau upp í ríkisráðinu, yrði þannig, að hann allopt gæti eigi hliðrað sjer hjá ábyrgð, þótt hann væri í fullu samræmi við alþingi, ef hann kæmi eigi fram sínum tillögum í ríkisráðinu nema með því einu, að segja af sjer störfum, en slíkt væri andstætt allri pólitiskri venju. Hins vegar gæti hann átt það á hættu, ef hann kemur sínum tillögum fram í ríkisráðinu, að hið danska fólksþing, sem þó engum hefir enn dottið í hug að segja að ætti að ráða sjerstökum löggjafarmálum Íslands, kærði hann fyrir dönskum ríkisrjetti, og ef til vill fengi hann þar dæmdan fyrir sínar aðgjörðir, liti ríkisrjetturinn svo á, að honum bæri að dæma um þessi mál.

Auk þess, sem þessi venja þannig verður að teljast alsendis ólögleg — og um það atriði er enginn ágreiningur í nefndinni —, þá leiðir af henni, að ráðgjafi Íslandsmálanna ætti að eiga það á hættu að verða kærður úr tveim áttum, og þeim ef til vill andstæðum, fyrir tveim dómstólum, fyrir hina sömu stjórnarathöfn, og virðist það liggja í augum uppi, að slíkt hefir aldrei verið tilgangur laganna um stjórnarfarið í sjermálum Íslands og um afstöðu þeirra gagnvart alríkismálunum, og því síður ætti þetta að geta átt sjer stað, þegar nú er um fullkomna ráðgjafa-ábyrgð fyrir stjórnarathöfninni í heild sinni að ræða.

Löggjafarmálefni, er Ísland snerta sjerstaklega, og þau landsstjórnarmálefni, er varða það eitt, falla eigi undir þau orð hinna dönsku grundvallarlaga, er ákveða verksvið ríkisráðsins, því það er að sjálfsögðu bundið við umráðasvið grundvallarlaganna. Þessari skoðun hefir stjórnin sjálf eindregið fylgt í lagasetning sinni fyrir Ísland 1849—1875, eins og þegar er sagt og sanna má

með ótal dæmum, og í lögum um stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871 — sem færi í bága við grundvallarlög Dana, hefði þessi skoðun stjórnarinnar eigi verið rjett — og í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 er svo þessari skoðun gefið óraskanlegt lagagildi gagnvart Íslandi, þar sem því er í ljósum orðum áskilin stjórn »út af fyrir sig« í þess sjerstöku málum.

Það er og úr lausu lopti gripið, að það mundi losa Ísland úr sambandinu við hið danska ríki, ef þessi sjerstaki flokkur mála, hin íslenzku sjermál, væri undanskilin afskiptum ríkisráðsins, þar sem það er skýrt tekið fram, hverjir þessir flokkar mála eru, en öll þau mál, sem eigi eru með berum orðum undantekin sem sjerstakleg fyrir Ísland, eru sameiginleg mál eða alríkismál. Meðan eigi er farið fram á frekari aðskilnað málefna þeirra, er nú eru talin alríkismál og því mótmælalaust af Íslands hálfu eru talin þeyra undir hið almenna löggjafarvald ríkisins, á meðan sýnist engin hin minnsta röskun gjörð á því ákvæði, að Ísland sje »óaðskiljanlegur hluti Danaveldis«.

Það virðist og liggja í augum uppi, að afskipti ríkisráðsins af hinum sjerstaklegu málefnum hljóti að verða misjafnlega heppileg og misjafnlega rjettlát, þar sem telja má víst, að enginn þeirra manna, er þar eiga sæti, hafi neina sjerstaklega þekking á högum landsins eða þörfum þess. Vjer þurfum eigi að taka það fram, að hjer á landi er almennt litið svo á, sem þetta atriði sje aðalorsökin í því ólagi, sem verið hefir á samvinnu þings og stjórnar í íslenzkum löggjafarmálum hin síðari ár, og vjer viljum taka það skýrt fram, að meðan þessi venja helzt, hlýtur öll samvinna milli alþingis og hins sjerstaka ráðgjafa Íslandsmálanna að verða í líku ólagi og hún er nú og í öllu falli erfiðari en þörf er á.

Þótt nú að vísu nefndin sje samdóma um, að þetta sjeu skýlaus lög og nægilega tekin fram áður, sem sjerstakleg landsrjettindi Íslands, þá hefir þó meiri hluti nefndarinnar álitið nauðsynlegt og rjett, að taka upp í frv. það, er nefndin leggur fyrir deildina, skýra »authentiska Fortolkning« á þessu atriði stjórnarskipunar- og stöðulaganna, til þess að girða fyrir allar deilur um þetta atriði framvegis, og til þess, að deildinni geti gefizt færi á, að láta í ljósi skoðun sína á þessu atriði á sem skýrastan og ótvíræðastan hátt.

Viðvíkjandi hinum öðrum greinum frumvarpsins tekur meiri hluti nefndarinnar fram, að þær eru sniðnar að öllu leyti eptir því, er fram kom í yfirlýsingu stjórnarfulltrúans, nema hvað tekin hafa verið upp í frumvarpið ákvæði með berum orðum um, að ráðgjafinn eigi ætti að hafa önnur stjórnarstörf á hendi og að hann yrði að skilja og tala íslenzka tungu.

Að öðru leyti hefir meiri hluti nefndarinnar haft það fyrir augum, að breyta að eins þeim atriðum hinnar gildandi stjórnarskrár, er eigi gæti samþýðzt hinu breytta fyrirkomulagi.

Af þeirri ástæðu hefir meiri hluti nefndarinnar eigi fundið ástæðu til að fara fram á breyting á 61. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem það eigi virðist nauðsynlegt, þótt hinum öðrum atriðum yrði breytt.

Eptir þessum úrslitum málsins í nefndinni hefir þm. Vestm. lýst því yfir að hann taki frv. sitt aptur.

Meiri hluti nefndarinnar leggur það því til, að deildin samþykki frumv.

það, er hjer fylgir með, en einn nefndarmaður í meiri hlutanum hefir fundið ástæðu til að gjöra sjerstaklega grein fyrir tillögu sinni.

Neðri deild alþingis, 22. júlí 1897.

Með skírskotun til rökfærslu minnar og tillögu

B. Sveinsson, formaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari.

Kl. Jónsson, framsögumaður. Pjetur Jónsson. Skúli Thoroddsen.

Sigurður Gunnarsson.

II.

Álit minni hlutans.

Jeg hef ekki getað orðið hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum samferða nema hálfa leið. Eins og álit meiri hlutans ber með sjer, hef jeg getað fallizt á, að eptir atvikum væri rjettast, að frumvarp það, sem nefndinni var fengið til meðferðar, væri tekið aptur, og í þess stað komið fram með nýtt frumvarp byggt á líkum grundvelli og hið fyrra. Hins vegar get jeg ekki fallizt á sum af þeim atriðum, sem meiri hluti nefndarinnar hefir viljað setja inn í þetta frumvarp, og skal jeg hjer með leyfa mjer að skýra frá, hver þau eru.

Meiri hluti nefndarinnar vill skjóta því ákvæði inn í 1. gr. stjórnarskrárinnar, að lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, skuli ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess. Að þetta ákvæði sje tekið upp í frumvarp til stjórnarskipunarlaga, verð jeg að álíta afaróheppilegt, fyrst og fremst af því, að það, eins og á stendur, mundi verða málinu að falli hjá stjórninni (sbr. brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, dags. 29. maí 1897), og í öðru lagi af því, að til þess að breyta því ástandi, sem nú á sjer stað í þessu efni, þarf enga stjórnarskrárbreyting, þar sem það er flestra álit, að samskonar ákvæði felist í hinni núverandi stjórnarskrá vorri og öðrum gildandi lagaákvæðum (sbr. brjef landshöfðingja til ráðaneytisins fyrir Íslandi dags. 20. des. 1895). Þetta atriði er því rjettarspursmál, sem útkljá má á annan hátt. Í þriðja lagi álít jeg mjög varhugavert fyrir alþingi, að taka slíkt ákvæði upp í frumvarp til breytinga á stjórnarskránni, af því að í því mundi felast ótvíræð viðurkenning þess frá þingsins hálfu, að stjórnarskráin þyrfti breytinga við í þessu efni, eða með öðrum orðum viðurkenning á því, að hin núgildandi stjórnarskrá væri því ekki til fyrirstöðu, að hin sjerstöku málefni Íslands væru borin upp í ríkisráðinu. Þar sem nú fyrirsjáanlegt er, eptir því sem oss er kunnugt um afstöðu stjórnarinnar gagnvart þessu atriði, að frumvarp, sem hefði þetta ákvæði inni að halda, gæti ekki náð staðfesting konungs, hlyti afleiðingin af því, að taka það upp í frumvarpið, að verða alveg hin gagnstæða því, sem til er ætlazt. Þingið væri annars vegar með atkvæði sínu búið að viðurkenna, að ákvæði hinnar gildandi stjórnarskrár væru, að því er þetta atriði snertir, svo óljós og ófullnægjandi, að þau þyrftu breytinga við, en væri hins vegar ekki þess megnugt, að fá önnur skýrari og betri ákvæði sett í staðinn. Árangurinn

yrði því sá einn, að afstaða þingsins í þessu rjettarspursmáli yrði margfalt erfiðari og veikari eptir en áður.

Meiri hluti nefndarinnar hefir viljað breyta annari málsgrein 3. gr. í stjórnarskránni þannig, að konungur eða neðri deild alþingis geti kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans. Þessari breyting get jeg ekki verið samþykkur. Jeg álít enga þörf á að breyta þessari málsgrein, en að breytingin á fyrstu málsgrein greinarinnar sje nægileg. Meiri hlutinn hefir auðsjáanlega sniðið breytingu sína eptir grundvallarlögum Dana (14. gr.), en þar er allt öðru vísi ástatt; þar er ákæruvald þingsins falið neðri deild einni, af því að nokkur hluti efri deildar skipar ríkisrjettinn ásamt hæstarjetti, en eigi gat við átt, að bæði ákæruvald og dómsvald væri á sömu hönd. Hjer er allt öðru máli að gegna. Efri deild alþingis hefir ekkert dómsvald, og það virðist því engin ástæða til að svipta hana þeirri hlutdeild í ákæruvaldinu, sem henni ber með rjettu, samkvæmt hinni nú gildandi stjórnarskipun.

Samkvæmt hinni núgildandi stjórnarskipun getur stjórnin veitt öðrum manni umboð til þess að vera á þingi við hlið landshöfðingja (34. gr. Stjórnarskrárinnar). En slíka heimild til þess að taka sjer aðstoðarmann á þingi hefir meiri hluti nefndarinnar ekki viljað veita ráðgjafanum. Jeg fæ nú ekki sjeð, hver ávinningur getur verið í því fyrir þingið, að kippa slíkri heimild burtu; miklu fremur verð jeg að álíta að vöntun á henni geti orðið mjög óþægileg fyrir þingið sjálft, þar sem svo hagar til, að þingið er í tveimur deildum, en ráðgjafinn ekki nema einn. Þegar nú svo stendur á, að báðar deildir halda þingfundi á sama tíma, þá er það augsýnilegt, að ráðgjafinn getur ekki verið viðstaddur nema í annari deildinni, og þá gæti það stundum skipt miklu og orðið til þess að greiða og flýta fyrir afgreiðslu málanna, að honum væri heimilt að láta aðstoðarmann sinn mæta og tala fyrir sína hönd í hinni deildinni. Auk þess má búast við, að þingstörfin verði, þegar fram líða stundir, svo umfangsmikil, að ráðgjafinn eigi fullt í fangi með að annast þau aðstoðarlaust, án þess að slíkt valdi töluverðum töfum og hnekki fyrir þingvinnuna, og þá virðist mjög heppilegt, að hann megi taka sjer mann til aðstoðar á líkan hátt og stjórnarlög vor nú heimila, að því er landshöfðingja snertir.

Meiri hluta nefnarinnar hefir þótt varhugavert að gera þá breyting á 61. gr. stjórnarskrárinnar, sem farið var fram á í frumvarpi því, er nefndinni var fengið til meðferðar. Jeg get nú ekki verið því samþykkur, að þessi breyting sje svo varhugaverð, sem ýmsir hafa látið í veðri vaka, enda hefir alþingi ekki áður litið svo á þetta mál. Bæði er það, að reynsla vor að undanförnu virðist að sýna og sanna, að ákvæði þessarar greinar, eins og þau eru nú orðuð, sjeu miklu hættulegri fyrir þjóðina en fyrir stjórnina, því það er alkunnugt, að ekkert hefir stuðlað jafnmikið að því að þreyta þjóðina í stjórnarskrárbaráttu vorri eins og hin árangurslausu auka-alþingi. Hins vegar virðist og rjettur vor til breytinga á stjórnarskránni fulltryggður, þó vjer hlítum hinum sömu ákvæðum í því efni og aðrar þjóðir, en breyting sú, er stungið var upp á, er alveg samkvæm ákvæðum erlendra stjórnarlaga, enda var svo til ætlazt, þegar

stjórnarskrá vor var samin, að hún yrði í þessu efni í fullu samræmi við önnur stjórnarlög, þótt annað yrði ofan á fyrir vangá þeirra manna, er þá höfðu um málið að fjalla. Þetta sjest meðal annars berlega af því, að í stjórnarskrárfrumvarpi alþingis 1873 er málsgrein sú, er hjer um ræðir, orðuð svo: »Nú nær uppástunga til stjórnarskrárbreytingar samþykki í báðum þingdeildunum og landstjórnin styður hana, þá skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju« (Alþt. 1873; II, 200). Að hjer var ekki um neina fljótfærni eða hugsunarleysi frá þingsins hálfu að ræða, sjest bezt á því, að málsgreinin hafði verið þannig orðuð í frumvörpum þess frá því á þinginu 1867. Það ár hafði stjórnin lagt frumvarp fyrir þingið, þar sem orðin »og landstjórnin styður hana« vantaði í tilsvarandi málsgrein, en þingið breytti greininni á þá leið, sem að ofan segir (Alþt. 1867; II, 589), og rökstyður nefnd sú, er fjallaði um málið, breytingu sína á þessa leið: »Eptir nákvæma yfirvegun varð nefndin einhuga á því máli, að ekki virtist nægar ástæður fyrir því, að stjórnarlagagrein þess efnis, sem hjer er um að ræða, gjörði Íslendingum hægara fyrir eða auðveldara að breyta stjórnarlögum sínum, þegar þau væru búin að ná gildi, heldur en samþegnum vorum í Danmörku er gjört í stjórnarlögum þeirra« (Alþt. 1867; II, 471). Þar sem nú nefndin var skipuð þeim mönnum, sem kunnir eru að því að hafa jafnan haft í fullu trje, er um þjóðrjettindi vor hefir verið að ræða, t. d. Jóni Sigurðssyni og Benidikt Sveinssyni (sem var formaður nefndarinnar og framsögumaður málsins bæði 1867 og 1873), þá virðist það ljós vottur um, að þjóðinni muni varla mikil hætta búin, þótt málsgreinin væri orðuð á líkan hátt og þeir hafa stungið uppá, heldur miklu fremur hið gagnstæða. Þótt jeg því teldi rjettast að fylgja tillögum þessara tveggja forkólfa í stjórnarskrárbaráttu vorri og hinum fyrri alþingum, hef jeg þó eptir nákvæma yfirvegun komizt að þeirri niðurstöðu, að eins heppilegt mundi vera, eptir því sem málið horfir nú við, að láta 61. gr. stjórnarskrárinnar standa óhaggaða, en fara aptur fram á, að bætt væri við 8. gr. hennar þannig löguðu ákvæði, að eigi sje skylt að kveðja til auka-alþingis, þótt alþingi sje leyst upp samkvæmt 61. gr. Væri þá breytingin fólgin í því einu, að þeirri lögskýring á sambandi þessara tveggja greina, sem margir íslenzkir lögfræðingar álíta hina einu rjettu, væri komið í gildandi lagaform, nefnilega að stjórninni sje skylt, hve nær sem stjórnarskrárbreyting sje samþykkt, að rjúfa þingið, en þurfi aptur á móti ekki, fremur en hún vill, að kveðja til auka alþingis.

Að því er snertir breyting meiri hlutans á 2. ákvörðun um stundarsakir, þá get jeg látið mjer nægja, að vísa til þess, sem að ofan er sagt um breyting hans á 3. gr. stjórnarskrárinnar. Mjer virðist ekki þörf á að gera neina breyting á þessari ákvörðun frá því sem nú er, aðra en þá, að felld sjeu burt orðin: »fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni«.

Samkvæmt ofanrituðu leyfi jeg mjer að koma fram með svofelldar breytingartillögur við frumvarp meiri hlutans, sem jeg ræð hinni háttvirtu deild til að samþykkja:

1. 1. gr. falli burt.

2. 2. gr. verði 1. gr.
3. a. Í staðinn fyrir orðin: »Konungur eða neðri deild alþingis geta kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans« í 2. málsgrein 3. greinar komi: Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum.
   b. 3. gr. verði 2. gr.
4. Á eptir 3. gr. (sem verður 2. grein) komi svo látandi ný grein (sem verður 3. grein):
   Aptan við 8. gr. bætist:
   Þó er eigi skylt að kveðja til auka alþingis, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. þessarar stjórnarskrár.
5. Á eptir orðinu »þingskapa« í 5. gr. bætist inn í: Ráðgjafinn getur einnig veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið sjer og láta því í tje skýrslur þær, er virðast nauðsynlegar.
6. Í staðinn fyrir orðin «er konungur eða neðri deild alþingis höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisfærslu hans« í 6. gr. komi: er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland.

Neðri deild alþingis 21. júlí 1897.

Valtýr Guðmundsson.

III.

Álit og tillögur B. Sveinssonar.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefir skipað 7 manna nefnd, meðal hverra jeg undirritaður er einn, til þess að íhuga og gjöra tillögur um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á nokkrum greinum í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

Þá er málið nú á nefndarfundum hefir verið ýtarlega rætt og athugað, vil jeg jeg bera fram álit mitt og tillögur um það, á þá leið, sem nú skal greina.

Hið fyrsta, sem lá fyrir nefndinni, var, að ákveða, hvort hún gæti ráðið hinni háttvirtu deild til þess, að samþykkja frumvarpið, sem nefndinni var falið að athuga, og komst meiri hluti hennar að þeirri niðurstöðu, að svo fjarri færi því, að tilráðanlegt væri, að samþykkja þetta frumvarp, að hann áleit allshendis ógjörning, að leggja það til grundvallar fyrir þeim tillögum til breytinga á stjórnarskránni, er meiri hlutinn ræður hinni háttvirtu deild til að samþykkja.

Aðal-ástæðan til þess, að jeg álít hiklaust, að fráráða verði samþykkt á þessu fyrirliggjandi frumvarpi, er sú, að það gjörir ráð fyrir, að hin sjerstaklegu málefni Íslands verði rædd og ályktuð í ríkisráði Dana, eptir sem áður; en eins og kunnugt er, hafa mótmælin gegn því stjórnarfyrirkomulagi verið meginatriðið í stjórnarbótarkröfum Íslendinga um undanfarin ár, og án þess að því fyrirkomulagi verði breytt fyrst og fremst, álít jeg eindregið, að engin sönn endurbót á hinni núverandi stjórnarskipun landsins geti átt sjer stað.

Frumvarpið fer nú að vísu ekki fram á, að það sje með beinum orðum ákveðið, að sjermál Íslands skuli rædd í hinu danska stjórnarráði, en engum

getur dulizt það, að með því að samþykkja slíkt frumvarp mundi deildin í sjálfu sjer, svo að segja þegjandi, fallast á eða viðurkenna það pólitiska ástand, sem bæði þing og þjóð hingað til hefir staðfastlega mótmælt síðan það fyrst komst til orða á alþingi, hvernig stjórnarskránni 1874 væri framfylgt í þessu mest umvarðandi atriði.

Þær breytingar á stjórnarskránni, er frv. fer fram á, eru mjög ljettvægar í samanburði við þessa aðal-mótbáru gegn því. En jafnvel þó menn vildu álíta, að deildin eða þingið hefði ekki með samþykkt á frv. fyrirgjört neinu af þeim rjettindum, er jafnan hefir verið haldið fram gegn Danastjórn fram á þennan dag, eru breytingar þær, sem frumvarpið fer fram á þess eðlis, að álíta verður, að þær sjeu fjarri því, að miða til nokkurrar rjettarbótar frá því, sem nú er, sjeu þær þýddar saman við stjórnarskrána í heild sinni, eins og hún hefir verið framkvæmd hingað til, og eins og frumvarpið, samkvæmt því, sem áður er sagt, einnig gjörir ráð fyrir, að hún muni verða framkvæmd eptirleiðis.

Það virðist þannig auðsætt, að ábyrgð sú, er frumvarpið ætti að ákveða á hendur ráðgjafanum, ekki einungis fyrir brot á stjórnarskránni, heldur einnig fyrir hverja sem helzt stjórnarathöfn, muni hljóta að verða lítil og ljettvæg í reyndinni, þar sem ráðgjafinn yrði, eins og þegar er sagt, látinn bera öll löggjafarmál og mikilsvarðandi stjórnarmálefni fyrir konung í ríkisráðinu, eptir því, sem grundvallarlög Dana ákveða um það efni. Sama virðist vera að segja um hið annað meginatriði frumvarpsins, þar sem ráðgjafanum er vegna embættisstöðu sinnar veitt heimild til þess að sitja á alþingi. Hin ýmsu grundvallarlög, er veita ráðgjöfum samskonar heimild, gjöra ráð fyrir því, að þeir beri fulla stjórnskipulega ábyrgð á gjörðum sínum og tillögum um stjórnarmálefni, en þar sem álíta verður, að ábyrgðarákvæði frumvarpsins gegn þessum ráðgjafa í hinu danska ríkisráði mundi reynast lítil á borði, þegar til framkvæmdarinnar kæmi, eins og þegar er sagt, virðist þar með einnig vanta hið fyrsta aðal-skilyrði fyrir heillavænlegum árangri af setu ráfgjafans á alþingi.

Hin þriðja meginbreyting, er frumv. fer fram á (4. gr. frv.), þar sem lagt er til að láta það vera komið undir vilja stjórnarinnar, hvort leysa skuli alþingi upp og stofna til nýrra kosninga, ef þingið samþykkir breyting á stjórnarskipun landsins, er þess eðlis, að hún gæti að eins komið til nokkurrar skoðunar, ef mikilvægar rjettarbætur væru boðnar í aðra hönd, sem einnig stæði í því sambandi við hið gildandi stjórnarskrárákvæði í 61. gr., að velja þyrfti um það ákvæði og rjettarbæturnar. En hvorugt er hjer um að ræða; hjer eru hvorki boðnar þær bætur á stjórnarskipuninni, að vert sje að nema jafnþýðingarmikið ákvæði burt úr stjórnarskránni þeirra vegna, nje heldur standa hinar aðrar breytingar, er frumvarpið fer fram á, í neinu slíku sambandi við þessi fyrirmæli í 61. gr. stjórnarskrárinnar, að minnsta ástæða hefði verið til, að hagga þeim, jafnvel þótt hægt hefði verið að fallast á frumvarpið að öðru leyti.

En þegar maður nú af áðurgreindum ástæðum varð að komast að þeirri niðurstöðu, að ráða deildinni eindregið frá því, að samþykkja hið fyrirliggjandi frumvarp, þá lá næst fyrir að líta á, hvað ráðlegt væri, eins og nú stendur

að leggja til að öðru leyti um stjórnarbótarmálið, sem nefndin öll að sjálfsögðu áleit að heyrði undir verksvið hennar.

Orsakirnar til þess, að jeg áleit ógjörning, að tengja nokkrar tillögur til breytinga á stjórnarskránni við þetta frumvarp, felast að miklu leyti í því, sem hjer er sagt að framan, en þar við bætist það, að frumvarp þetta er þannig tilorðið, að hinni háttvirtu deild ber án efa að taka mikið tillit til þess við meðferð sína á því. Samkvæmt því, sem fram hefir komið, virðist í rauninni rjettast, að skoða það sem frumvarp frá stjórninni, sem einstakur þingmaður hafi tekið að sjer að bera fram, og sje því haldið fram, að þessi tillaga um þegjandi viðurkenning alþingis á setu Íslandsráðgjafa í ríkisráðinu sje þannig tilkomin, virðist ekkert liggja beinna við heldur en að hafna því algerlega, eins og það er upphaflega orðað. Má álíta því sjálfsagðara að leggja þetta til, sem landshöfðingi hefir lýst yfir því með skýrum orðum fyrir hinni háttvirtu deild, að samþykktarboð stjórnarinnar bindist að eins við frumvarpið, eins og það liggur fyrir, og að það því virðist engin meiri von til þess að fá öðrum stjórnarskrárbreytingum framgengt hjá stjórninni, sem deildin kynni að vilja, þótt hún tengdi þær við þetta frumvarp, nema síður sje.

En þegar nú kom til þess að ákveða, hvað ráða skyldi til um stjórnarbótarmálið, án tillits til frumvarps þess, er þannig hefir verið gefið álit um, hlaut svar það til alþingis, sem komið er fram í boðskap konungs, í sambandi við þær ástæður hins danska ráðaneytis, sem boðskapurinn sjálfur vísar til og sem birtar hafa verið í brjefi ráðgjafans fyrir Ísland 29. maí þ. á., fyrst og fremst að koma til greina. Virðist auðsætt, að þessar ástæður gefi tilefni til þess, að alþingi nú snúi sjer að því að fá grundvallarskilyrðinu fyrir löglegri endurskoðun stjórnarskrárinnar fullnægt með því, að aðskilin verði sjermál Íslands úr ríkisráðinu fyrst, áður en hin eiginlega endurskoðun, er alþingi á sínum tíma hefir áskilið sjer rjett til, verður borin fyrir konung vorn. Í áðursögðum ástæðum stjórnarinnar er það fullyrt skýrt og ótvírætt, að samkvæmt rjettum skilningi á stöðulögunum og stjórnarskránni, í sambandi þeirra laga við hin dönsku grundvallarlög, eigi að bera sjermál Íslands upp í ríkisráðinu, en þessi skilningur á stjórnarlögum Íslands er alveg ósameinanlegur við þann grundvöll, er endurskoðunin byggist á af hálfu Íslendinga, og fyr en rjett úrslit þessa ágreinings eru fengin, álítum vjer, að fullkomin endurskoðun á hinni gildandi stjórnarskrá sje óhugsanleg.

Hvað viðvíkur ástæðum þeim fyrir þessum skilningi á rjettarstöðu landsins, er ofannefnt brjef ráðgjafa Íslands til landshöfðingjans skýrir frá, verður alls ekki sjeð, að þær sjeu á neinum gildum rökum byggðar. Þar sem tekið er fram, að það liggi í sjálfri hugmyndinni »ráðgjafi«, að einnig sá ráðherra, er hefir sjermál Íslands á hendi, eigi að sitja í ríkisráðinu, þá er auðsjáanlega gengið hjá að sýna fram á, hverja þýðingu það hefir, að ákveðið er með skýrum orðum í 1. gr. stjórnarskrárinnar, að landið hafi löggjöf og stjórn út af fyrir sig í þeim málum, er þessum sama ráðgjafa eru falin. Það virðist auðsætt, að það sje jafnvel frá sjónarmiði sjálfrar stjórnarinnar alveg ófullnægjandi, þegar ræða

er um að ákveða rjettarstöðu hins íslenzka ráðaneytis, að þýða einungis orðið ráðgjafi eitt út af fyrir sig, án þess að taka nokkurt tillit til þess, að sá ráðgjafi, sem hjer ræðir um, á að vera skipaður fyrir sjerstök málefni annarar þjóðar. Það getur í þessu efni alls ekki álitizt nein röksemd, þótt stjórnarbrjefið að vísu einnig fullyrði, að Ísland hafi löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig »svo sem því ber«, þrátt fyrir þetta núverandi fyrirkomulag. Því það sem stjórnin sjálf átti að sanna, er einmitt þetta: að hve miklu leyti ber Íslandi að hafa löggjöf og stjórn út af fyrir sig? En úr þessari spurningu leysa stöðulögin 3. gr. 1. málsgrein skýrt og greinilega, þar sem gjört er ráð fyrir því með bindandi orðum, að hið almenna löggjafarvald taki engan þátt í neinum öðrum sjermálum landsins heldur en því einu, sem undantekið er: stöðu hæstarjettar sem æðsta dóms í íslenzkum málum. Með grundvallarlögunum dönsku getur stjórnin heldur ekki rjettlætt skoðun sína á stöðu ráðgjafans. Eins og svo þrásækilega hefir verið tekið fram áður, eru þau lög alls ekki útgefin með stjórnskipulegri samvinnu hinna íslenzku þegna með Dönum, og einmitt stöðulögin og stjórnarskráin eru öflugar sannanir fyrir því, að grundvallarlögin gildi ekki fyrir Ísland, því hefði það rjetta svæði, er sjermál landsins ná yfir, ekki verið óháð grundvallarskipuninni dönsku, hefðu stöðulögin frá fyrstu riðið í bága við hana, og því hlotið að álítast ógild af stjórninni sjálfri. Það sjest og glöggt af því, hvernig stjórnarskráin er til orðin, að ákvæði grundvallarlaganna um það, hvernig skipa skuli fyrir með lögum í ríkinu, hafa ekki álitizt gilda um þetta rjettarsvæði, sem áður var nefnt, því ella hefði konungur ekki getað gefið stjórnarskrána út með ráðgjafaundirskript einni, heldur hefði stjórnarskráin fyrst orðið að samþykkjast á löglegan hátt af ríkisþinginu. Skal það að öðru leyti látið hjer nægja, að minna hina háttvirtu deild á, að Íslendingar hafa jafnan mótmælt gildi hinna dönsku grundvallarlaga, þótt rakið sje allt frá þjóðfundinum 1851 fram á þenna dag, og að Danastjórn hefir ekki sjeð sjer fært, að fylgja gildi þeirra fram gagnvart Íslandi.

Hinar aðrar mótbárur ráðaneytisins gegn kröfum alþingis og tillögum landshöfðingja í brjefi hans til ráðgjafans fyrir Ísland 20. des. 1895 standa í svo nánu sambandi við það, sem þegar er greint úr ástæðunum til konungsboðskaparins, að það er óþarft, að fara frekara út í það hjer, því síður, sem sjálft ráðgjafabrjefið gerir ráð fyrir því, að allt málefnið velti á því meginatriði, hver sje staða Íslandsráðgjafa að lögum. En einmitt fyrir þá sök, að röksemdir ráðaneytisins eru að sínu leyti jafn-ljettvægar, sem og þetta atriði málsins er þýðingarmikið, virðist sá vegur liggja beint við, sem verður einnig að álítast vænlegastur, eins og þetta mál nú stendur.

Afstaða landshöfðingjans í málinu, í sambandi við yfirlýsingar hinna konungkjörnu á síðasta þingi, hljóta svo öfluglega að styðja að framgangi meginkröfunnar í stjórnarbótarmálinu, að rjett virðist að takmarka sig nú við tillögur þær, er settar eru fram í ofangreindu landshöfðingjabrjefi til ráðgjafans yfir Íslandi, og sem fela í sjer þá rjettarbót, sem eins og áður er sagt, er fyrsta grundvallarskilyrðið fyrir fullkominni endurskoðun á stjórnarskránni.

En þar sem landshöfðingjatillögurnar að sumu leyti lúta að framkvæmd hinna gildandi laga, að sumu leyti aptur að samning nýrra lagaákvæða, hefir þótt sjálfsagt, að allt, sem felst í tillögum hans, verði tekið upp með berum orðum í hina núverandi stjórnarskrá, og að þannig verði tekin af öll tvímæli um það, að sjermál Íslands skuli ríkisráðinu óviðkomandi (authentisk lagaþýðing), og mun ekki þörf, að færa nein sjerstök rök fyrir því gagnvart hinni háttvirtu neðri deild löggjafarþingsins, að í slíkri (authentiskri lagaþýðing) felst alls ekki nein minnsta viðurkenning um það, að stjórnarskráin, rjett skilin, ákveði ekki hið sama eins og hún er nú, enda er þetta tryggingarákvæði, eins og allir vita, lagt til einungis vegna ólöglegrar stjórnarframkvæmdar að undanförnu.

Það virðist líklegt, að hin háttvirta deild muni auðveldlega sjá, hve mikið er unnið við það, eins og nú stendur, að halda sjer innan áðurgreindra takmarka, á þann hátt, að öllu því sje haldið fram, sem felst í tillögunum og beinlínis leiðir af þeim, og að deildin muni enn fremur verða samdóma um það, að stjórnin muni því fremur láta sannfærast í þessu máli, sem því er eindregnara fylgt fram af öllum flokkum á þinginu.

Hvað sjerstaklega snertir breyting, sem vjer, meiri hlutinn, höfum lagt til að gjöra á 1. gr. stjórnarskrárinnar, skal jeg taka það fram, að jeg álít það óhjákvæmilegt, að öll greinin sje tekin upp á sama hátt og hinar aðrar greinir í frumvarpi því, sem vjer leggjum til að samþykkja, í staðinn fyrir að láta hið nýja ákvæði koma fram sjerstakt sem breytingu á grein, sem ekki liggi fyrir. Og þótt sá vegur, sem jeg held fram, verði farinn, í samkvæmni við almennar reglur um breyting á lagagreinum, er það hverjum manni auðsætt, að þetta ríður í engan bága við þær skoðanir um gildi stöðulaganna, sem áður hefir verið haldið fram á alþingi, enda hljóta hinir aðrir meirihlutamenn að vera þessu samdóma, sbr. 4. gr. frumvarpsins, þar sem 25. gr. stjórnarskrárinnar er tekin upp með tilvísun hennar til stöðulaganna.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er sagt, legg jeg til:

1. að fella hið fyrirliggjandi frumvarp, verði það ekki tekið aptur á lögformlegan hátt, og
2. að 1. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 með þeirri breytingu, sem vjer höfum lagt til, verði í heild sinni tekin upp í frumvarp vort undir meðferð málsins í deildinni.

Neðri deild alþingis 22. júlí 1897.

B. Sveinsson.

Nd. **181. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, 1. gr., 2. gr., 3. gr., 25. gr., 34. gr., og 2. ákvæði um stundarsakir.

(Frá nefndinni í stjórnarskrármálinu).

1. grein.

Í 1. gr. bætast við fyrri málslið greinarinnar þessi orð:

Lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, skulu ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess.

2. grein.

2. gr. orðist svo:

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklega málefnum Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafa fyrir Ísland framkvæma það. Ráðgjafinn fyrir Ísland má eigi hafa önnur stjórnarstörf á hendi og verður að skilja og tala íslenzka tungu.

Hið æðsta vald innanlands á Íslandi skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar og hefir aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákveður verksvið landshöfðingja.

3. grein.

3. grein orðist svo:

Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Konungur eða neðri deild alþingis geta kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum.

4. grein.

1. liður 25. gr. orðist svo:

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrirfram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

5. grein.

34. gr. orðist svo:

Ráðgjafinn fyrir Ísland á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Nú er sjúkdómur eða önnur slík forföll því til fyrirstöðu, að ráðgjafinn geti mætt á alþingi, og má hann þá veita öðrum manni umboð til þess að mæta þar á sína ábyrgð, en að öðrum kosti mætir landshöfðinginn á ábyrgð ráðgjafans. Atkvæðisrjett hefir ráðgjafinn, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

6. grein.

2. ákvörðun um stundarsakir orðist svo:

Þangað til lög þau, er getið er um í 3. gr., koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er konungur eða neðri deild alþingis höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisfærslu hans, eptir þeim málfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.

Nd. 182. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

Frá Eiríki Gíslasyni, Sigurði Gunnarssyni, Þórði J. Thoroddsen, Pjetri Jónssyni, Skúla Thoroddsen og Jóni Jenssyni.

Við 1. gr. Á eptir 33. lið bætist inn í: »34. Mjóadalsblett í Snæfellsnessýslu 125 kr.«.

Nd. 183. **Frumvarp**

til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Samkvæmt 15. grein laga, nr. 15, 8. maí 1894 skal stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

2. gr. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni.

3. gr. Til þess að kaupstaðurinn hjer eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni að ákveða, hvar auð svæði megi vera og hvar leggja skuli stræti; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er þegar eru byggðar; skal nefndin svo rita þær í sjerstaka bók, ásamt lóðum þeim, er síðar verður byggt á. Kostnað við útvegun bókar þessarar og annara þeirra embættisbóka, er nefndinni kynni þykja viðþurfa til að rita í gjörðir sínar og brjef, skal greiða úr bæjarsjóðnum.

4. gr. Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar í kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við til betri varnar við húsbruna eða til að fá greiðari veg um kaupstaðinn, þá skal sjerhver sá sem á óbyggða lóð, er veit að stræti skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari sem þurfa þykir til þess að strætið verði nógu breitt og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það aptur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefur orðið fyrir, við það að af því hefur verið tekið eður hús flutt aptur á við og skal greiða kostnað þann, sem af því rís á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sje hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi ósnægður með endurgjald það, sem nefndin hefur ákveðið getur hann lagt málið undir úrskurð amtsins.

B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, nema eldtraustur veggur sje á milli; að öðrum kosti skal ávalt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eða aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir.

C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins

bæði að utan og innan, til tryggingar móti húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess, svo sem verður, að hús, er ætluð eru til atvinnureksturs, er hafa brunahættu í för með sjer, verði byggð á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum, og sjer í lagi á hæð undir loptum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgerðum á húsum og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði í öllum greinum reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sjerhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar og fá skrifleg ákvæði hennar um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hjer á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sje gætt, þá á bæði hann og yfirsmiður sá, er á hlut að máli, að greiða sektir, frá 10 til 50 kr. í bæjarsjóð; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sje rifið niður á hans kostnað, að því leyti, sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið, og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefur eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu sektir skal og sá greiða, sem að öðru leyti gerir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefur sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hjer að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka sektirnar allt að 4 kr.; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

5. gr. Að því leyti, sem við getur átt, skulu ákvæði laga þessara einnig ná til húsa þeirra á kaupstaðarlóðinni, sem eru með torfþaki og torfveggjum, og til matjurtagarða, er slíkum húsum fylgja.

6. gr. Með mál um brot á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. 184. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 3 2. febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.).

1. gr. Skyldur skal hver lausamaður, þegar þess er krafizt, að hafa til sýnis auk leyfisbrjefsins skírteini það, sem ræðir um í 3. gr. laga nr. 3 2. febr. 1894, staðfest af hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta, í hvaða hjeraði sem hann er staddur; einnig skal hver húsbóndi skyldur, að láta hjú sitt, er hann lætur stunda atvinnu í annari sveit, hafa samskonar staðfest skírteini um stöðu þess og heimili.

Brot móti þessari grein varðar sektum, 5—20 kr., sem renni í fátækrasjóð þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í. Húsbóndi endurborgi hjúi sekt og málskostnað, er það verður fyrir sökum vanrækslu hans.

2. gr. Engum lausamanni skal heimilt að taka nokkurn mann sem hjú. Brot gegn þessari grein varða 50—100 kr. sekt, er renni í fátækrasjóð þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í.

Nd. 185. **Frumvarp**

til laga um að umsjón og fjárhald nokkurra landsjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

Stjórninni veitist heimild til að selja söfnuðunum í hendur umsjón og fjárhald þessara landssjóðskirkna:

1. Söfnuðinum í Bjarnaness-sókn í Austur-Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Bjarnaness-kirkju með þeim kjörum, að sá helmingur jarðarinnar Bjarnaness með hjáleigum, er landssjóður á, verði afhentur söfnuðinum ásamt kirkjunni.
2. Söfnuðinum í Prestsbakkasókn í Vestur-Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Prestsbakkakirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag kr. 3750, en Kirkju- og Brúarfjara falli til landssjóðs.
3. Söfnuðinum í Langholtssókn í Vestur-Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Langholtskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 2500 kr.
4. Söfnuðinum í Þykkvabæjarklausturssókn í Vestur Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Þykkvabæjarklausturskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 1000 kr. og fjörur þær, er kirkjunni eru taldar, verði afhentar söfnuðinum ásamt kirkjunni.
5. Söfnuðinum í Möðruvallaklausturssókn í Eyjafjarðarprófastsdæmi umsjón og fjárhald Möðruvallaklausturskirkju með þeim kjörum, að skuld kirkjunnar við landssjóð falli niður og að henni fylgi í álag 4000 kr.
6. Söfnuðinum í Munkaþverárklausturssókn í Eyjafjarðarprófastsdæmi umsjón og fjárhald Munkaþverárklausturskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 4000 kr.

Nd. 186. **Frumvarp**

til laga um að reglugjörð 3. maí 1743 69. gr. og konungsúrskurður 26. sept. 1833 skuli numinn úr gildi.

Frá reikningslaganefndinni.

Reglugjörð 3. maí 1743 69. gr. og konungsúrskurður 26. sept. 1833 um að þeir, sem ljúka burtfararprófi við lærða skólann, greiði 2 kr. til skólabókasafnsins, skal úr gildi numinn.

Nd. **187. Nefndarálit**

um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1894 og 1895.

I. Reikningurinn 1894.

Tekjubálkurinn.

5. Tekjur af póstferðum.

Frá andvirði seldra frímerkja og brjefspjalda er í póstreikningnum árlega dregin nokkur upphæð fyrir skemmd frímerki, og er það upplýst, að fram að árinu 1880 hafa þau verið eyðilögð, en síðan látin liggja við reikningana. Út af þessu hafa yfirskoðunarmenn gefið í skyn, að gallinn á flestum þessara

frímerkja sje eigi meiri en svo, að þau megi selja nokkru verði, og leggja því til, að þeim verði komið í peninga sem annari verðmætri eign landssjóðs. Með því kostnaðurinn við prentun frímerkjanna er ekki fullir 6 aurar fyrir örkina (100 frímerki), álítur nefndin naumast ómaksins vert, að hafa útsölu á skemmdum frímerkjum með afföllum, og sýnist liggja beinast við, að þau sjeu eyðilögð af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, um leið og yfirskoðun þeirra er lokið.

Á hinn bóginn er nefndin yfirskoðunarmönnum samdóma um það, að póststjórnin hafi enga heimild til að leyfa mönnum að skila aptur frímerkjum eða brjefspjöldum, sem búið er að kaupa, þótt þau af sjerstökum atvikum verði ekki kaupendum að notum.

Sömuleiðis fellst nefndin á þá tillögu yfirskoðunarmanna, að landsreikningnum fylgi skýrsla um frímerkjabirgðir þær, sem geymdar eru á landshöfðingjaskrifstofunni.

6. Óvissar tekjur.

Með konungsúrskurði 26. sept. 1833 er svo ákveðið, að þeir, sem ljúka burtfararprófi við lærða skólann, skuli greiða 2 kr. til skólabókasafnsins, en síðan fjárhagur Íslands var aðskilinn frá fjárhag ríkisins hefur gjald þetta runnið í landssjóð. Með því óþarft þykir, að láta skólabókasafnið hafa sjerstaka tekjugrein auk þeirrar upphæðar, sem því er lögð árlega í fjárlögunum, en landssjóð á hinn bóginn munar lítið um gjald þetta, mun nefndin bera upp frumvarp til laga um, að umræddur konungsúrskurður verði numinn úr gildi.

Gjaldabálkurinn.

13. Ýmisleg útgjöld.

Eins og venja hefur verið að undanförnu, er brunabótagjald fyrir dóm kirkjuna og líkhúsið talið með brunabótagjaldi fyrir aðrar opinberar byggingar. Að vísu álíta yfirskoðunarmenn rjettara, að gjald þetta væri greitt úr kirkjunnar sjerstaka sjóði, en nefndin getur eigi sjeð, að sú tilbreytni hefði neina verulega þýðingu, þar sem kirkjan er í skuld við landssjóð, sem ekki er búizt við að fáist endurgoldin, og þykir því óþarft, að raska þeirri venju, er verið hefur.

Í annan stað hafa yfirskoðunarmenn fundið að því, að sótaragjald af húseignum landssjóðs í Reykjavík, sem eptir bæjarstjórnarályktun 12. júní 1894 á að greiðast af húseigendum, sje greitt af fjárveitingunni til brunabótagjalds. En nefndinni virðist fara bezt á því, að bæði þessi gjöld, að því leyti sem þau hvíla á landssjóði, sjeu öll tilfærð í sama gjaldlið í landsreikningnum.

14. Utgjöld við póststjórnina.

Upphæðir þær, sem greiddar eru umfram fjárveitingu:

a.	til brjefhirðingarmanna	kr. 207,43
b.	póstflutningur	— 206,47
c.	fyrir prentun	— 149,11
d.	til áhalda	— 410,84

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1894 og 1895.

15. Kostnaður til vegabóta.

Að undanförnu hefur það viðgengizt, að verð fyrir seld vegabótaáhöld

landssjóðs hefur verið látið ganga upp í vegabótakostnaðinn, sem svo er talinn þeim mun minni í landsreikningnum. Þótt segja megi, að þetta komi í sama stað niður, þykir nefndinni fara betur á því, að andvirði seldra áhalda sje tilfært tekjumegin í landsreikningnum, með óvissum tekjum, en vegakostnaður færður til útgjalda með fullri upphæð.

Að því er snertir hina árlegu vegakostnaðarreikninga og skýrslur þær, sem þeim eiga að fylgja, fellst nefndin að öllu leyti á tillögur yfirskoðunarmanna.

22. Óviss útgjöld.

Fyrir járnkistu handa sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu hefur verið varið 100 kr. af þessum gjaldlið. Með því upphæð þessi er ekki veitt í fjárlögum, en samskonar útgjöld hafa áður verið samþykkt af þinginu, leggur nefndin það til, að umræddar 100 kr. verði teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1894 og 1895.

23. Greiðslur samkvæmt fjáraukalögum.

Upphæð sú, er varið hefur verið umfram fjárveitingu til að hlaða steingarð við hegningarhúsið kr. 220,76 er tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1894 og 1895.

II.

Reikningurinn 1895.

Tekjubálkurinn.

2. Tekjuskattur.

Af eptirstöðvum úr Suður-Múlasýslu eru 25 kr. frá 1893, og með því eigi liggur fyrir skýrsla um, að þær sjeu borgaðar að fullu, ber að athuga það við yfirskoðun næsta landsreiknings.

6. Tekjur af póstferðum.

Nefndin fellst á þá tillögu yfiskoðunarmanna, að landstjórnin útvegi skýrslu um, hvernig ofborgun fyrir póstflutning um Stóra-Bretland árin 1892—94 sje til komin, að upphæð kr. 1737,18, og má búast við, að svo verði gjört, án þess áskorun þar að lútandi verði tekin upp í þingsályktun.

7. Óvissar tekjur.

Yfirskoðunarmenn hafa lagt það til, að landsreikningnum fylgi ýtarleg skýrsla um reikningsábyrgðir og endurgjaldsupphæðir, ekki að eins þær, sem úrskurðaðar hafa verið á árinu, heldur einnig óleiðrjettar upphæðir frá fyrri árum og eptirstöðvar við árslok. Þetta telur hinn umboðslegi endurskoðandi erfitt að framkvæma, og með því slíkar skýrslur eru ekki alveg nauðsynlegar við yfirskoðun landsreikningsins, getur nefndin ekki sjeð neitt verulegt á móti því, að þeim verði framvegis sleppt með öllu.

9. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn.

Í viðlagasjóðsreikningnum eru taldar ófáanlegar eptirstöðvar af láni Hafliða Eyjólfssonar 135 kr. ásamt vöxtum. En í svari landshöfðingja er svo skýrt frá, að upp í lán þetta sje borgað 1896 kr. 53,42 auk vaxta, og að veðið fyrir láninu hafi verið 15 hndr. í Svefneyjum. Þetta kemur því til nánari athugunar við yfirskoðun næsta landsreiknings.

10. Greiðslur frá prestaköllum.

Sökum vanskila á greiðslu hinna lögákveðnu árgjalda frá brauðum vill nefndin leggja það til, að ítrekuð verði áskorun þingsins 1893 um að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er hlut eiga að máli.

13. Ýmisleg útgjöld.

Kostnaður við vegarlagningu milli Hafna og vitans á Reykjanesi, að upphæð kr. 450,00, er tekinn í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1894 og 1895.

14. Útgjöld við póststjórnina.

Upphæðir þær, sem greiddar eru umfram fjárveitingu

a. til brjefhirðingarmanna . . . . . kr. 393,00
b. póstflutningur . . . . . — 270,74
c. fyrir prentun . . . . . — 912,60
d. til áhalda . . . . . — 630,65

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1894 og 1895.

15. Kostnaður til vegabóta.

Umfram fjárveitingu hefur verið varið til vegabóta

a. á aðalpóstleiðum . . . . . kr. 271,26
b. á fjallvegum . . . . . — 264,38

og leggur nefndin til, að upphæðir þessar verði teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1894 og 1895.

21. Peningaforði landssjóðs.

Við lok fjárhagstímabilsins er eign landssjóðs í aðalfjehirzlu ríkisins kr. 282286,08, og hafa yfirskoðunarmenn bent á, að þetta sje of mikil upphæð til þess, að rjett sje, að láta hana standa landssjóði arðlausa með öllu. Nefndin getur heldur eigi sjeð nein vandkvæði á því, að eign þessi sje gjörð arðberandi fyrir landssjóðinn, og leggur því til, að beint sje þar að lútandi áskorun til stjórnarinnar.

Nefndin verður að álíta það ætlunarverk yfirskoðunarmanna, að skoða peningaforða landssjóðs í jarðabókarsjóði, og væntir þess, að þeir eptirleiðis framkvæmi slíka rannsókn að minnsta kosti við lok hvers árs, og tilgreini upphæðina í hvert sinn í athugasemdum sínum við landsreikninginn.

Neðri deild alþingis, 21. júlí 1897.

Ólafur Briem,	Guðl. Guðmundsson,	Valtýr Guðmundsson.
form. og framsögum.	skrifari.	

Nd. 188. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895.

Um 2. gr.

Hinn aukni kostnaður við steingarð hjá hegningarhúsinu stafar af því, að hlutaðeigandi steinsmiður vildi eigi, þegar til kom, standa við tilboð það, er

fjárveitingin 1560 kr. hafði verið miðuð við, en lægsta boð, er þá fjekkst, var 18 kr. fyrir hverja alin í lengd garðsins.

Um 3. gr.

Kostnaðaraukinn til vitans á Reykjanesi, sem hjer er talinn til viðhalds húsum og áhöldum, er í raun rjettri kostnaður við aðgerð á veginum milli Hafna og vitans.

Um 4. gr.

Í umframgreiðslunni til póstflutnings eru fólgnar kr. 85,70, sem varið hefir verið til flutnings á land og úr landi í Vestmannaeyjum á pósti með póstgufuskipunum dönsku og strandferðabátunum Elínu og Oddi. Eptir atvikum vill nefndin ekki leggja á móti því, að umræddur gjaldliður verði samþykktur í þetta sinn. En á hinn bóginn getur hún ekki sjeð gilda ástæðu til þess, að losa póstgufuskipin eða strandferðabátana framvegis við þennan kostnað, og væntir þess, að samningar þeir, er hjer eptir verða gerðir, taki af öll tvímæli í því efni.

Með skírskotun til nefndarálitsins um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1894 og 1895, I. 22. og II. 15., viljum vjer ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum viðaukum:

1. Aptan við 4. gr. bætist:
   Undir B. til vegabóta:
   b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . . . . kr. 271,26
   c. til fjallvega . . . . . — 264,38
2. Á eptir 4. gr. komi ný grein svolátandi:
   Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast 100 kr. fyrir járnkistu handa sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu.

Neðri deild alþingis 21. júlí 1897.

Ólafur Briem, form. og framsögumaður.

Guðl. Guðmundsson, skrifari.

Valtýr Guðmundsson.

Nd. 189. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895.

Samkvæmt athugasemdum yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikninginn 1895, 13. gr. 3. tölulið, og svari landshöfðingja, er kostnaður við eptirlitsferðir embættismanna oftalinn um 34 kr., en kostnaður við byggingu Þjórsárbrúarinnar vantalinn um sömu upphæð.

Í frumv. þessu er peningaforði landssjóðs 31. desbr. 1895 talinn kr. 465659,35
en eptir athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1895, 21. gr. 3. tölulið, og skýrslu hins umboðslega endurskoðanda, var peningaforðinn í raun rjettri að eins . . . . . — 463042,95
Mismunur kr. 2616,40

Með því eigi er gerð fullnægjandi grein fyrir, hvernig á þessum mismun

stendur, sjer nefndin sjer ekki fært að koma fram með tillögu um leiðrjettingu á upphæð peningaforðans.

Nefndin vill því leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum:

1. Við II. 3. C. Í stað 71,077 77 komi: 71,043 77.
2. — — 10. Í stað 77,935 59 komi: 77,969 59.

Neðri deild alþingis 21. júlí 1897.

Ólafur Briem formaður og framsögum. Guðl. Guðmundsson skrifari.

Valtýr Guðmundsson.

Nd. 190. **Tillögur**

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1894 og 1895.

Frá reikningslaganefndinni.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að skemmd frímerki og brjefspjöld, er fylgja póstreikningnum árlega, verði eyðilögð, um leið og yfirskoðun landsreikningsins er lokið.
2. Að landsreikningnum fylgi framvegis skýrsla um frímerkjabirgðir þær, sem geymdar eru á landshöfðingjaskrifstofunni.
3. Að hinir árlegu vegakostnaðarreikningar verði ljóst og skipulega samdir og endurskoðaðir á tilhlýðilegan hátt.
4. Að andvirði fyrir seld vegabótaáhöld landssjóðs sje tilfært tekjumegin í landsreikningnum, en ekki dregið frá kostnaði til vegabóta.
5. Að landsreikningnum fylgi eptirleiðis nákvæm skrá yfir vegabótaáhöld landssjóðs og skýrsla um vegagjörðir þær, sem framkvæmdar eru á ári hverju.
6. Að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af brauðum sínum.
7. Að eign landssjóðs í aðalfjehirzlu ríkisins sje gerð arðberandi fyrir landssjóðinn.

Nd. 191. **Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl., eptir 2. umr. í efri deild.

Frá nefndinni.

1. við 1. gr. 8. tl. Fyrir »að undanskildum« komi: nema.
2. — — — 14. — Aptan við töluliðinn bætist: og Vigur í Ögurhreppi.
3. — — — 15. — Fyrir »Ögur« komi: Ögurhreppur, nema Vigur.
4. — — — 23. — Fyrir »Vallahreppur« komi Svarfaðardalshreppur.
5. — — — 24. — Fyrir »að vitja sjúklinga . . . við komið« komi: þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfishjeraðs, sem er að vestanverðu við Eyjafjörð.

6. — — — 25. — Fyrir »ofan við Þóroddsstað« komi: ofan fyrir Þóroddsstað.
7. — — — 26. — Orðin »norðurhluti . . . Flatey)« falli burt.
8. — — — — — Fyrir »upp fyrir« komi: uppundir.
9. — — — 29. — Á eptir »Jökuldalshreppur« komi: beggja megin Jökulsár.
10. — — — 33. — Orðið »Stöðvarfjarðar« falli burt.
11. — — — 39. — Fyrir »að undanskildum . . . Eyjafjallahreppum« komi: nema Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar.
12. — 2. gr. 2. málsgrein. Fyrir »og Akureyrar« komi: Akureyrar og Seyðisfjarðar.
13. — — — 3. málsgrein. Orðin: »þar sem tekið . . . sjúkdómum« falli burt.
14. — 3. gr. 3. málsgrein. Orðin: »Höfðahverfis- og Reyðarfjarðar« falli burt.
15. — — — 4. málsgrein. Fyrir »og Vestmannaeyja hjeruð« komi: Fáskrúðsfjarðar og Vestmannaeyja hjeruð.
16. — — — Á eptir greininni bætist við ný málsgrein svohljóðandi:
Hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eptir lögum þessum.
17. — 5. gr. 5. tl. Fyrir »3 kr.« komi: 5 kr.

Ed. 192. **Breytingartillögur**
við frv. til laga um aðra skipun læknahjeraðanna á Íslandi o. fl. (þingskj. 159)
Frá Hallgr. Sveinssyni, Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

Við 1. gr. Í fyrstu línu: fyrir »læknahjerað« komi: »læknahjeruð«.
— — — 1. tölul. Í staðinn fyrir: »Seltjarnarneshreppur . . . . Mosfellshreppur« komi: »Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfells hreppar«.
— — — Eptir hverjum tölulið í 1. gr. komi depill í stað semikólons.
Við 2. gr. Í staðinn fyrir: »Í hvert læknisumdæmi« komi: »Í hvert læknahjerað«.
— — — Í enda greinarinnar, í staðinn fyrir: »umsjónina með húsum þessum« komi: »lækniseptirlit við hús þessi«.
Við 3. gr. Í staðinn fyrir: »1,900 kr., 1,700 kr., 1,500 kr., 1,300 kr.« komi: 1900 kr., 1700 kr., 1500 kr., 1300 kr.
Við 4. gr. Í staðinn fyrir »lækni« í fyrstu línu, komi: »lækna« og »honum« í 2. línu, komi: »þeim«.
— — — Orðin: »fyrir hvert skipti« í enda annarar málsgreinar falli burt.

Ed. 193. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl.
Frá: Jóni Jónssyni, Þorleifi Jónssyni, Guttormi Vigfússyni og Þork. Bjarnasyni.

Við 2. gr. Á eptir orðunum: »eða sýslunefnda« í fyrstu málsgrein komi: Nú er lækni skylt að búa utan verzlunarstaðar, og skal hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir þegar útvega honum aðsetursstað, en ábýlisjörð svo fljótt, sem unnt er, ef hann óskar þess. Landstjórnin skal leggja til landsjóðsjarðir fyrir læknissetur, þar sem því verður viðkomið.

Nd. 194. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.).

1. gr. Fjenaður skal lagður í tíund, sem hjer segir:

1 kýr leigufær	1	hundrað.
2 kýr eða kvígur mylkar, sem eigi eru leigufærar	1	——
3 geldneyti tvævetur eða geldar kvígur	1	——
2 naut eldri	1	——
6 ær með lömbum leigufærar	1	——
12 ær, sem eigi eru leigufærar	1	——
10 sauðir eða hrútar þrjevetrir eða eldri	1	——
12 sauðir eða hrútar tvævetrir	1	——
24 gemlingar	1	——
4 hross fimm vetra eða eldri	1	——
6 tryppi tveggja til fjögra vetra	1	——

Fella skal úr tíund sjöunda hluta fjenaðarins.

2. gr. Kýr telst leigufær, sem er ófötluð og á að bera á tímabilinu frá miðjum október til loka febrúarmánaðar. Kelfdar kvígur, sem óbornar eru 11. dag júnímánaðar, skulu lagðar í tíund sem geldar kvígur. Ær með lambi telst leigufær, sje hún ófötluð og borin 11. júní. Lömb, sem farast milli hreppskila, teljast til vanhalda 4 al. hvert.

3. gr. Við tíundarílagning skal lausafjárupphæð hvers framteljanda standa á heilu eða hálfu hundraði; 60 al. og þar yfir, allt að 119 al., sje gert $^1/_2$ hundrað, en færri álnum sje sleppt.

4. gr. Skip og báta, sem ganga eina eða fleiri vertíðir á árinu til fiskiveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

1 þilskip, 20 smálesta eða minna	3	hundr.
1 þilskip, frá 21—40 smál.	4	——
1 þilskip, 41 smál. og þar yfir	5	——
1 áttæringur eða stærra skip	$1^1/_2$	——
1 sexæringur eða feræringur	1	——
1 tveggja manna far	$1/_2$	——

Veiðigögn fylgja skipi hverju í tíund. Eigendur þilskipa eru skyldir að segja til lestarúms skipa sinna, þegar þeir telja þau fram til tíundar.

5. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. og 3. gr. laga um lausafjártíund 12. júlí 1878.

Nd. 195. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri.

Frá Einari Jónssyni, Eiríki Gíslasyni, B. Sveinssyni, Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Halldóri Daníelssyni, Kl. Jónssyni.

Á eptir orðunum »lausafje tíundbært« komi: og er eigi öðrum háður.

Nd. 196. **Breytingaratkvæði**

við frumvarp til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi.

Frá B. Sveinssyni, Jóni Jónssyni, Eiríki Gíslasyni, Birni Sigfússyni, Þorláki Guðmundssyni og Halldóri Daníelssyni.

Aptan við 3. gr. bætist eptir orðið »landssjóð«: að tveimur þriðju hlutum, en að einum þriðja hluta til uppljóstrarmanns.

Nd. 197. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur.

Frá nefndinni.

Við 6. lið: Í stað »4000 kr.« komi »4750 kr.«

Ed. 198. **Frumvarp**

til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu hjeraði, rita alla holdsveika í hjeraðinu í bók, er til þess sje gerð á þann hátt, er landlæknir ákveður í samráði við holdsveikislækninn. Kostnað við kaup bókanna skal greiða úr landssjóði.

Einu sinni á ári semur læknir útdrátt úr bók þessari, eptir fyrirsögn landlæknis, og sendir honum.

2. gr. Þá er holdsveikur maður flytur úr einu læknisumdæmi í annað, ber lækni þess umdæmis, er sjúklingurinn fer úr, að tilkynna vistferlin lækni þess hjeraðs, sem sjúklingurinn flytur í.

3. gr. Læknum ber að hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í hjeruðum sínum. Þeir eiga að skýra sjúklingunum og samvistarmönnum þeirra frá því, hvers þeir eiga að gæta, til þess að sjúkdómurinn ekki berist á aðra, og sjá um, að ekki sje út af brugðið. Skyldir eru hreppstjórar og heilbrigðisnefndir að veita læknum lið við þessi störf, eptir því sem þeim er unnt.

4. gr. Holdsveikir menn skulu jafnan gæta þess, er hjer segir:

1) Holdsveikir mega ekki sofa hjá öðrum í rúmi; þó eru hjón undanþegin þessu banni, nema hlutaðeigandi læknir skipi öðruvísi fyrir.
2) Holdsveikir menn skulu hafa sjer hrákadalla og mega ekki hrækja á gólf í húsum manna.
3) Þeir skulu hafa matarílát og borðbúnað hverskonar, er þeir einir noti.
4) Rúmföt, íveruföt, matarílát og hverskonar borðbúnað holdsveikra skal þvo út af fyrir sig. Umbúðir af sárum þeirra skal brenna, eða sjóða að minnsta kosti hálfa stund í vatni.
5) Holdsveikir menn mega ekki stunda börn, ekki þjóna óholdsveikum mönnum og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig.
6) Þeir mega eigi að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka á móti gestum.

Nú álítur læknir, að frekari varúðar sje þörf og megi við koma, og eru þeir þá skyldir að hlýða honum.

5. gr. Íbúðarhús eða herbergi, föt, sængurfatnað og því um líkt, er holdsveikir

hafa notað, mega menn ekki nota, eða láta aðra fá, fyr en þau hafa hreinsuð verið á þann hátt, er læknir skipar fyrir.

6. gr. Þá er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, skal húsráðandi á heimilinu þegar í stað skýra hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því, en hann lætur hlutaðeigandi lækni vita um það innan hálfs mánaðar. Nú hefur læknir fengið fregnina, og ber honum þá þegar að annast, að íveruhús eða herbergi hins holdsveika manns, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eptir hann finnast, sje tafarlaust hreinsaðir eptir þörfum.

7. gr. Holdsveika menn, er njóta sveitarstyrks, skal setja á holdsveikisspítala, þá er hjeraðslæknir telur nauðsyn á því. Sje þeir eigi þar settir, skal þeim komið fyrir á þann hátt, að sem fyllst trygging sje fyrir því, að farið verði eptir fyrirmælum 4. gr.

Ef þess er kostur, skal þessu komið svo fyrir, að hjón sje ekki skilin að nauðugu. Hafi ráðstafanir læknis slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sje staðfestar af amtmanni.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

8. gr. Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar og læknis, lagt fyrir, að einnig aðrir holdsveikir menn verði fluttir á spítala. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki eigi fylgt sem vera bar fyrirmælum 4. greinar eða varúðarreglum þeim, er læknirinn eptir síðasta lið sömu greinar hafði lagt fyrir hann, eða læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til að flytja sjúkinginn á sjúkrahús.

Þess skal einnig í þessum tilfellum gætt, að hjón sje eigi skilin að nauðugu, ef hjá því verður komizt.

9. gr. Ef þörf gjörist, annast lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikissjúklinga, er samkvæmt lögum þessum eiga að fara á spítala.

10. gr. Kostnað allan við veru holdsveikra á spítala samkvæmt lögum þessum skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra holdsveikra manna, sem fluttir eru á spítala samkvæmt 8. gr. Flutning holdsveikra á spítala samkvæmt 7. gr. skal greiða úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði.

Nú hefur sjúklingur án leyfis forstöðumannanna farið af spítalanum, og skal hann þá sjálfur greiða kostnað þann, er af því leiðir að flytja hann þangað aptur, sje hann svo efnum búinn.

11. gr. Fyrir ferðir þær, er læknar verða að fara samkvæmt ákvæðum laga þessara, fá þeir sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.

Öll gjöld og kostnað við hreinsanir eptir 6. gr. skal greiða úr landssjóði.

12. gr. Brot gegn ákvæðum 5. gr. og á skýrslu-skyldu þeirri, er getur um í 6. gr., varða allt að 200 kr. sektum.

Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

13. gr. Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eptir að það hefur auglýst verið í B-deild stjórnartíðindanna, að spítali fyrir holdsveika sje fullgjör og til afnota, eða verði það innan ákveðins tíma.

Ed. 199. **Frumvarp**

til laga um bólusetningar (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Hvert barn skal bólusetja áður en það er fullra 7 ára, nema það hafi fengið bólusótt. Endurbólusetning skal fram fara á aldrinum 20—25 ára.

Innan árs frá þeim degi, er lög þessi öðlast gildi, skal bólusetja öll ófermd börn, sem eigi hafa verið bólusett eða fengið bólu, svo og alla á aldrinum 20—25 ára.

Óhlýðni gegn ákvæðum greinar þessarar skal sæta allt að 20 kr. sektum, og sje það barn, er í hlut á, greiða foreldrar þess eða húsbændur sektina.

2. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu hafa bólusetning á hendi hver í sínu hjeraði. Nú þykir lækni þörf á, að fá skipaða aðstoðarbólusetjara í hjeraði sínu, og ritar hann þá landlækni um það mál. Þyki landlækni ástæða til, ritar hann amtmanni tillögur sínar, og gefur hann þá út skipunarbrjef þau, er um er beðið.

Ef bólusetjari vanrækir skyldur sínar, varðar það sektum, allt að 100 kr.

3. gr. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, þá er hlutaðeigandi læknir skorar á þær, grennslast eptir, hvort bólusett hafi verið í hreppnum eða bæjarfjelaginu samkvæmt 1. gr., og senda lækni skýrslu um eptirgrennslunina.

Verði hreppsnefnd eða bæjarstjórn þess vís, að bólusetjari hafi vanrækt skyldu sína, skal hún kæra hann fyrir lögreglustjóra þar á staðnum.

Eigi má barn ferma fyr en það hefur bólusett verið. Þrjózkist foreldrar eða aðrir hlutaðeigendur við, að sýna presti vottorð um, að barn, er hann býr undir fermingu, sje bólusett, á hann að skýra lögreglustjóranum frá því, en hann rannsakar málið, og verði það ljóst, að barnið hafi ekki verið bólusett, skipar hann þeim, er í hlut á, að annast um, að barnið verði bólusett innan þess frests, er hann setur, að viðlagðri 5 króna sekt fyrir hvern mánuð, er skipuninni er eigi hlýtt.

4. gr. Nú verður vart við bólusótt á einhverjum stað eða svo nálægt, að óttast má, að sýkin berist þangað, og skal þá lögreglustjóri eptir tillögum hlutaðeigandi læknis skipa svo fyrir, að sjerhver þar á staðnum, er eigi sannar þegar í stað, að hann hafi verið bólusettur eða fengið bólu á síðustu 5—10 árum, láti bólusetja sig innan tiltekins frests, er hann setur, að viðlagðri 2 króna sekt fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast skipuninni. Bólusetjarinn er skyldur að koma þangað, áður fresturinn er útrunninn. Snerti ráðstafanir þessar að eins einstök heimili, skal fyrirskipunin birt þeim, er í hlut eiga eða, ef um börn er að ræða innan 15 ára, foreldrum þeirra eða húsbændum, en sje ráðstafanirnar víðtækari, skal fyrirskipanin auglýst opinberlega, og í auglýsingunni, er birta skal eins og venja er til um yfirvalda auglýsingar þar á staðnum, skal nánar kveðið á um takmörk þess svæðis, er ráðstafanirnar ná yfir.

5. gr. Lögreglustjóri getur eptir tillögum læknis leyft, vegna vanheilsu þess er í hlut á, að fresta bólusetningunni; neiti lögreglustjóri um frestinn, skal málinu skotið til æðri yfirvalda.

6. gr. Sönnun fyrir því, að maður hafi bólusettur verið, er bólusetningarvottorð, gefið út eptir fyrirmynd, er landshöfðingi skipar fyrir, og undirskrifað af bólusetjara þeim, er setti manni bóluna. Sje eigi hægt að fá slíkt vottorð, má til sönnunar nota vottorð, undirskrifað af löggiltum lækni, um að hlutaðeigandi beri ótvíræð ör eptir bólusetningu eða bólu. Verði slíkt vottorð heldur ekki fengið, verður að bólusetja að nýju.

7. gr. Þá, er bólusettir eru að tilhlutun hins opinbera, skal skoða eptir á, og er bólusetjaranum heimilt að taka úr þeim bóluefni. Opinberar bólusetningar og skoðanir eptir á skulu fara fram að minnsta kosti á einum stað í hverri kirkjusókn. Komi menn eigi til skoðunar eptir á eða færist undan því að láta taka úr sjer bóluefni, varðar það

1—10 kr. sektum. Sje hinn bólusetti innan 15 ára, greiða foreldrar hans eða húsbændur sektina.

Landshöfðingi skipar nánar fyrir um opinberar bólusetningar og skoðanir eptir á.

8. gr. Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði. Bólusetjarinn fær 25 aura fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og bólan kemur út á, og gefur hann þá hinum bólusettu bólusetningarvottorð án sjerstakrar borgunar.

Þegar opinber bólusetning fer fram, getur hver sá, er þess æskir, látið hlutaðeigandi bólusetjara endurbólusetja sig, en greiða verður hann þá sjálfur borgunina.

Skylt er sveitarfjelögum að láta bólusetjurum ókeypis í tje hæfileg húsakynni til bólusetninga.

9. gr. Landlæknir lítur eptir, að læknar hafi jafnan nægar birgðir af bóluefni frá bólusetningarstofnuninni í Kaupmannahöfn. Læknarnir skulu og sjá um, að aðstoðarbólusetjarar þeir, er skipaðir eru þeim til hjálpar, hafi gott bóluefni.

Hver bólusetjari, er tekur sjálfur bóluefni úr öðrum, skal leggja alla stund á að halda því hreinu og ósviknu. Einkum verður hann að gæta þess vandlega, að nota eigi bóluefni úr öðrum en þeim, sem hann hefur fullvissað sig um, að sjeu heilsuhraustir. Úr börnum yngri en þriggja mánaða má eigi taka bóluefni og eigi heldur úr endurbólusettum.

Engan, hvorki barn nje fullorðinn, er hafa eða grunur leikur á að hafi einhvern næman sjúkdóm, má bólusetja eða endurbólusetja öðruvísi en með bóluefni úr pípum, og má eigi framar nota afganginn af þeim vökva, og bólusetningarverkfærið skal glóhita í eldi, áður það er notað aptur. Nú gætir bólusetjari eigi tilhlýðilegrar varkárni við bólusetning og verður þess valdandi, að næmur sjúkdómur berst á heilbrigða menn, og sætir hann þá 50—200 kr. sektum, enda sje eigi þyngri refsing lögð við eptir almennum fyrirmælum laganna. Sje það embættislæknir, er slíkt gerir, getur það varðað hann embættismissi, ef miklar sakir eru.

10. gr. Landshöfðingi getur í samráði við landlækni fyrirskipað almenna endurbólusetning um land allt, þegar sjerstakar ástæður eru til.

11. gr. Með mál um brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr. Konungsbrjef 18. júlí 1821 og 24. marz 1830 eru úr gildi numin.

13. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1899.

Nd. 200. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.

(Eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild).

Frá landshöfðingja.

Við 1. grein.:

1. Í stað orðanna: »stjórnartíðindunum, deildinni B« komi: blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar.
2. Málsgreinin: »þegar lög þessi öðlast gildi . . . . deildinni B« falli burt.

Ed. 201. **Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að hafa skipti á 7 hundruðum, er

landssjóður á í jörðinni Nesi í Norðfirði, og kirkjujörðinni Grænanesi samastaðar (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að hafa jarðaskipti á 7 hundruðum, er landssjóður á í jörðinni Nesi í Norðfirði, og kirkjujörðinni Grænanesi í sama firði.

Ed. 202. **Frumvarp**

til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri, eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

1. gr. Eitrun fyrir refi skal fara fram að minnsta kosti tvisvar á ári, þar sem refir hafast við.

Amtsráðin skulu semja nánari reglur, hvert fyrir sitt amt, um eitrun fyrir refi, eptir að hafa borið frumvarp um það efni undir álit sýslunefndanna í amtinu.

2. gr. Í öllum sýslum á landinu, að undanskilinni Vestmannaeyjasýslu, skulu sýslunefndirnar kjósa 2—4 menn í hverri sýslu um sig, til þess, undir umsjón sýslunefndarinnar, að hafa á hendi framkvæmdir á reglugjörð þeirri, er amtsráðið setur samkvæmt 1. gr.

Hver sá, sem telur fram lausafje tíundbært og eigi er öðrum háður, er skyldur að taka kosningu, og gildir hún í 3 ár í senn.

3. gr. Forsetinn í hlutaðeigandi amtsráði sjer um kaup á eiturefni fyrir hvert amt um sig og sendir það sýslunefndunum, þegar þær óska þess. Andvirði fyrir eitrið greiðist úr jafnaðarsjóði amtsins.

Allur annar kostnaður, er leiðir af ráðstöfunum þeim, sem fyrirskipaðar eru í 2. gr., greiðist úr sýslusjóði.

Menn þeir, er kosnir eru til að hafa á hendi eitrun fyrir refi, fá, þann tíma er þeir verða að vera fjærverandi frá heimili sínu að þesssum starfa, 2 kr. á dag í fæðispeninga og að auki endurgjald fyrir ferðakostnað eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar.

4. gr. Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert senda hinir kosnu menn sýslunefnd nákvæmar skýrslur um þær ráðstafanir, er þeir á því ári hafa gjört til eyðingar refum, og um árangur af þeim.

Á næsta sýslunefndarfundi þar á eptir skal yfirfara skýrslurnar, og skulu þær síðan sendar amtsráðinu með næstu póstferð, ásamt umsögn sýslunefndarinnar.

Rísi ágreiningur milli sýslunefndar og einhvers af hinum kosnu mönnum, sker forseti amtsráðsins úr, en rísi ágreiningur milli hreppsnefndar og einhvers hinna kosnu manna, sker oddviti sýslunefndar úr.

5. gr. Skyldar eru hreppsnefndir að láta hinum kosnu mönnum í tje allar nauðsynlegar upplýsingar um, hvar refir helzt hafist við, og einnig frá því, hverjar ráðstafanir þær hafa gjört á því ári til eyðingar refum. Sama skylda hvílir, að því er snertir afrjettarlönd einstakra manna og kirkna, á eigendum þeirra eða umráðamönnum.

6. gr. Brot gegn lögum þessum eða reglum þeim, er settar eru samkvæmt 1. gr., varða frá 5 til 300 króna sektum, er renna í sýslusjóð. Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. 203. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 180. II. Frá Guðl. Guðmundssyni.

Við 4. tillögu.

Í stað: »Aptan við 8. gr. — þessarar stjórnarskrár« komi:

»8. gr. orðist svo:

Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því það var leyst upp og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp. Þó er eigi skylt að kveðja til aukaalþingis, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. þessarar stjórnarskrár«.

Nd. 204. **Frumvarp**

til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Patreksfjörður (Vatneyri og Geirseyri) í Barðastrandarsýslu og Seyðisfjörður í Norðurmúlasýslu skulu vera meðal hafna þeirra, sem öll skip eiga fyrst að koma við á samkv. 1. gr. laga um sóttvarnir 17. des. 1875, er þau koma til Íslands frá stöðum, sem álitnir eru sýktir af bólusótt, austurlenzkri kólerusótt eða öðrum pestkynjuðum sjúkdómum (sbr. lög 24. okt. 1879), áður en hafðar eru samgöngur við land á öðrum stöðum, en Stykkishólmur skal hjeðan af ekki vera talinn meðal þessara hafna.

Ed. 205. **Frumvarp**

til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi o. fl.

(Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. grein.

Gjald það til landssjóðs, að upphæð 100 kr. á ári, er samkvæmt 1. grein laga 27. febrúar 1880 greiðist frá Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi, fellur burt.

2. grein.

Af skuld prestakallsins við landssjóð, er stafar af byggingu Ásólfsskála-kirkju, skulu því gefnar upp 1300 kr.

Ep. 206. **Frumvarp**

til laga um um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og niðurfærslu á árgjaldi þess.

(Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Eptirlaun þau til uppgjafaprests, er greidd voru frá Hólmaprestakalli 1893—94 og 1894—95, skulu endurborgast úr landssjóði.

2. gr. Gjald það til landssjóðs, að upphæð 600 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Hólmaprestakalli, færist niður í 300 krónur.

Ed. 207. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um innheimtu á tekjum presta.

Vjer, sem hin heiðraða efri deild hefur kosið í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um innheimtu á tekjum presta, leyfum oss hjer með að skýra frá áliti voru um þetta mál.

Til alþingis hafa optsinnis komið áskoranir frá þingmálafundum um það, að setja presta á föst laun úr landssjóði, og eru þessar áskoranir sprottnar af því, að menn finna mjög til þess, hve gjöldin til presta eru byggð á úreltum gjalda-grundvelli, sem ekki á lengur við, þar sem atvinnuvegir og stjettaskipun í landinu er orðin önnur en áður var. Líka er sú ástæða til þess, að menn óska þessarar breytingar, að það verður mönnum ávallt ljósara, að það á illa við, að prestar verði sjálfir að heimta inn tekjur sínar. Þessi innheimta er bæði leiðinleg fyrir prestana, og getur líka spillt góðu samkomulagi milli prests og safnaðar.

Jafnvel þó nefndin áliti það æskilegast, að gjöra þá breyting, að prestar fengju laun sín úr landssjóði, þá treysti hún sjer ekki að svo stöddu til að fara fram á það, einkum sökum þess, að ekki eru nú fyrir hendi áreiðanlegar skýrslur um tekjur hinna einstöku prestakalla, enda liggur nú fyrir, að samið verði nýtt brauðamat. Líka þurfti þá um leið að benda á einhverja nýja tekjugrein fyrir landssjóð, til að vega upp á móti þessum gjöldum, en það mál þyrfti rækilegan undirbúning.

Nefndinni hefur því komið saman um, að fara ekki lengra í þessu máli heldur en frumvarp það fer, er fyrir liggur, og verður nefndin að álíta, að það mundi gjöra prestunum talsvert ljettara fyrir, að ná inn tekjum sínum, ef þetta frumvarp yrði að lögum. Vjer teljum það stóran kost á frumvarpinu, að hjer er að eins að ræða um heimildarlög, svo að prestarnir geta sjálfir ráðið því, hvort og að hve miklu þeir vilja nota þann rjett, sem lögin veita þeim til að leita aðstoðar valdsmanna við innheimtuna.

Vjer getum ekki sjeð, að þetta frumvarp, ef það yrði að lögum, íþyngi nokkuð gjaldendum. Hjer er að ræða um innheimtu þeirra gjalda, sem flest (heytollur, dagsverk, lausamannagjald) eiga fyrir löngu að vera greidd, og er því sjálfsögð skylda gjaldenda að greiða þau í peningum eða innskript, þegar til þess kemur, að valdsmenn fara að innheimta þau. Það er fasteignartíundin ein, sem hugsanlegt væri, að ekki yrði komin í gjalddaga, þegar manntalsþing eru haldin í sumum sýslum landsins, en þetta mundi þó mjög sjaldan koma fyrir. Til þess þó að koma í veg fyrir, að þetta gæti nokkurn tíma komið í bága við framkvæmd laganna, þá hefir nefndin fundið ástæðu til að breyta gjalddaga á preststíund og áætlað að hann skuli vera 10. dag aprílmánaðar.

Eins og lögin bera með sjer, er ekkert því til fyrirstöðu, að valdsmenn gefi gjaldendum frest á borguninni fram eptir sumrinu, t. d. til sumarkauptíðar, og getur nefndin því ekki sjeð, að þessi lög baki þeim gjaldendum, sem annars hafa vilja á að borga þessi gjöld, nokkur óþægindi, en þar á móti geta þau orðið prestum til nokkurs ljettis, hvað innheimtuna snertir.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja þetta frumvarp

að eins með þeirri einu breytingu, að eptir 1. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi: Eindagi preststíundar er 10. dagur aprílmánaðar.

Alþingi 23. júlí 1897.

Hallgr. Sveinsson form. og framsögumaður, Sigurður Jensson skrifari.

Sigurður Stefánsson.

Ed. 208. **Frumvarp**

til laga um mæling vega. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Mæla skal vegi þá, sem búið er að leggja, bæði flutningabrautir og þjóðvegi, og halda því áfram jafnótt og vegirnir eru lagðir. Skal vegalengd talin í kílómetrum (röstum) og mörk sett á milli hverra 5 kílómetra. Tölur skulu á mörk settar, er sýni vegalengd frá einhverjum ákveðnum stað, og skulu þær jafnan vera á þeirri hlið marka, er veit mót norðri.

2. gr. Landshöfðingi sjer um vegamælingar, og skal setja þær í svo haganlegt samband sín á milli, sem verða má.

3. gr. Kostnaður við mæling flutningabrauta og þjóðvega og viðhald vegamarka greiðist úr landssjóði.

Ed. 209. **Frumvarp**

til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Enginn má framvegis stofna nje reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk.

2. gr. Kaupmenn þeir, sem nú eiga fastar verzlanir hjer á landi, en eru búsettir erlendis, skulu þó, meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft.

3. gr. Sá, sem gjörir sig sekan í broti eða yfirhylmingu gegn lögum þessum, skal sæta 200—5000 kr. sektum, er renna í landssjóð. Skulu verzlunarhús hans, skip, verzlunaráhöld og vörur, sem yfirhylmingin nær yfir og finnast hjer á landi, gjörðar upptækar og andvirði þeirra renna í landssjóð að tveim þriðju hlutum, en að einum þriðja hluta til uppljóstrarmanns.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr. Ákvarðanir þær í opnu brjefi 1. júní 1792 og öðrum lagaboðum, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felldar.

Nd. 210. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Frá: Jóni Jónssyni, þm. A.-Skaptf., Sighv. Arnasyni, Eiríki Gíslasyni, Tryggva Gunnarssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Þórði Thoroddsen.

Við 1. gr.: Töluliðirnir 22. 23. 24. 25. 26. 27. og 29. 30. 31. 33. falli burt.

Nd. 211. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar

við frumvarp til laga um að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur.

Frá: Þórði Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni, Eiríki Gíslasyni, Sigurði Gunnarssyni, B. Sveinssyni, Birni Sigfússyni.

(Við 6. lið): Í stað „4750 kr.“ komi: „4500 kr.“.

Nd. 212. **Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Vjer undirritaðir, sem h. neðri deild alþingis kaus í nefnd til að íhuga og láta uppi álit og tillögur um frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899, skýrum hjer með frá áliti voru og till. á þessa leið:

I.

Tekjukaflinn.

Oss þykir ekki ráðlegt að áætla lausafjárskattinn svo hátt, sem gjört er í frv., þar sem árferð er nú allóálitleg, að því er kvikfjárrækt snertir, og óttumst vjer, að tíundir muni lækka að talsverðum mun þegar á næsta ári. — Og þótt verðlagsskrá sé yfirleitt fremur lág nú sem stendur, þá eru litlar líkur til að hún hækki að svo stöddu, meðal annars sökum þess, að sauðfjenaður er nú lítt seljanlegur, nema fyrir afarlágt verð, og verður varla búizt við að hann hækki nokkuð verulega í verði, fyr en nýr vegur er ruddur til að flytja út úr landinu lifandi sauðfje til sölu erlendis. — Vjer leggjum því til að skattur á lausafje sje eigi áætlaður hærra en 25000 hvort árið eða alls 50000 kr.

Vjer ætlum að óhætt sje að telja vitagjald nokkru hærra en frv. gjörir ráð fyrir og leggjum því til, að það sje talið 8500 kr. hvort árið.

Útflutningsgjald af fiski og lýsi leggjum vjer til að talið sje 45000 kr. hvort árið, alls 90000 kr. Sömuleiðis ætlum vjer að óhætt sje að telja aðflutningsgjald af áfengum drykkjum 125000 kr. hvort árið, og ennfremur ætlum vjer að telja megi aðflutningsgjald af tóbaki og aðflutningsgjald af kaffi og sykri nokkru hærra en í frv. og leggjum því til að aðflutningsgjald af tóbaki sje talið 75000 kr. og aðflutningsgjald af kaffi og sykri 150000 kr. hvort árið; sama er að segja um tekjur af póstferðum og óvissar tekjur, að vjer ætlum að þær megi telja nokkru hærri en frv. gjörir ráð fyrir. — Tillögur vorar um hækkun ofannefndra liða byggjum vjer á raun þeirri, er á hefur orðið hingað til; það má heita svo, að þeir hafi farið jafnt og stöðugt hækkandi, og upphæðir þær, er vjer stingum upp á, eru yfir höfuð lægri en tekjurnar hafa reynzt hin síðustu ár.

Samkvæmt þessum tillögum vorum hækka tekjurnar um 42000 kr. á fjárhagstímabilinu, og verða því alls 1,308,400 kr.

II.

Gjaldakaflinn.

Við 10. gr. B. 3. c.

hefir nefndin það að athuga, að upphæð sú, er ætluð er til aðgjörðar fangahúsinu

á Eskifirði, virðist vera furðuhá. Jafnvel þó áætlun sje ekki greinileg, ætlar nefndin að aðgjörðin geti orðið framkvæmd fyrir minna. Vjer leggjum þó ekki til að upphæðin til viðhalds fangelsanna sje færð niður, en teljum víst að sjeð verði um, að eigi sje fje eytt að óþörfu til þess, og viljum leiða athygli að því, að hagfeldast muni vera, að framkvæma nefnda aðgjörð á fangahúsinu á Eskifirði, með undirboði.

10. gr. B. 4. i.

Nefndin leggur til að þessi stafliður sje felldur, með því að það mundi baka landssjóðnum tilfinnanleg útgjöld, ef hann væri samþykktur, þar sem gjöra má ráð fyrir, að allir þeir opinberir starfsmenn, er gjaldheimtur hafa á hendi, mundu að sjálfsögðu fara fram á, að fá samskonar hirzlur, til að varðveita í peninga og verðmæt skjöl.

10. gr. C. 1. b.

Nefndin vill leiða athygli að því, að kostnaður til pappírs og prentunar virðist vera furðuhár, einkum að því, er snertir deildina B., þar sem hann er talinn 43 kr. fyrir örkina. Að vísu er auðsætt, að prentun deildarinnar C. hlýtur að vera dýr; en þar sem deildin B. er helmingur, og prentun hennar sýnist varla geta verið sjerlegum erfiðleikum bundin, þá þykir oss eigi ólíklegt að spara mætti á þessum útgjaldalið. — Þó leggjum vjer ekki að svo stöddu til að upphæðin sje lækkuð, en viljum að eins benda á þetta til athugunar.

10. gr. C. 4. b.

Þar sem búnaðarfjelögunum stöðugt fjölgar, og styrkur sá, er þeim hefur verið veittur, hefur yfirleitt orðið til mjög mikils gagns, með því að vekja og efla áhuga á jarðabótum, sýnist oss rjett að hækka hann enn nokkuð, og leggjum því til, að hann sje ákveðinn 18000 kr. hvort árið. — Styrkur til búnaðarfjel. Suðuramtsins er í frv. ákveðinn 2000 kr. hvort árið, og höfum vjer ekkert við það að athuga. En með því að nú er í ráði að stofna eitt sameiginlegt búnaðarfjelag fyrir landið, þannig, að hinir aðrir fjórðungar sameinist Suðuramtinu, leggjum vjer til, að síðara fjárhagsárið sjeu veittar 4000 kr. til hins sameinaða fjelags, ef það verður komið á, auk þeirra 2000 kr., sem búnaðarfjel. Suðuramtsins þá eru ætlaðar. Enda fjekk nefndin áskorun í þá átt frá stjórn Búnaðarfjelags Suðuramtsins.

10. gr. C. 6. e. 1.

Þessi liður virðist oss eptir atvikum megi lækka um 100 kr. á ári.

10. gr. C — (eftir 6)

Frá stjórn hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags hefur komið til alþingis beiðni um 10000 kr. fjárstyrk; er það fært til, að fjel. það, sem um langan aldur hefur staðið af eigin ramleik, og unnið mjög mikið gagn, eigi sanngirniskröfu til að fá fjárstyrk af landssjóði, eigi síður en þau fjel., er stofnuð eru á síðustu árum, og fengu þegar styrk til stofnunar sinnar, og að fjelagið verði einmitt nú að borga út mjög mikið fje, þar sem nú í vor fórust og biluðu mörg skip, er voru í ábyrgð fjelagsins. — Nefndinni þykir beiðni þessi eiga við svo góð og sanngjörn rök að styðjast, að hún leggur til, að fjel. sje veittar 5000 krónur fyrra árið.

Utgerðarmannafjelagið við Faxaflóa ráðgjörir, að koma upp skipakví, þar sem lagt verði inn þilskipum, á þann hátt, að þau liggi þar á þurru yfir veturinn. Ætla þeir, að til þess að gera kvína muni þurfa 20—25 þús. kr., og fara fram á, að fá helming kostnaðarins úr landssjóði. — Nefndin vill mæla með styrkveiting í þessu augnamiði, með því að þetta fyrirtæki muni vera líklegt til að gjöra þilskipaeignina tryggari, og enda kostnaðarminni, og leggur því til, að styrkur sje veittur til þess, allt að helmingi kostnaðarins, en þó ekki meiri upphæð en 10000 kr.

10. gr. C. milli 6 og 7.

Nefndin hefir fengið í hendur brjef frá hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi, þar sem hún óskar að fá styrk til aðgerðar og viðhalds vörðuvita á Gerðatanga. — Oss þykir rjett að styrkur sje veittur til þessa og leggjum til að hann sje 200 kr. f. á. og 50 kr. s. á.

11. gr. 4.

Þessi tölul. fellur að sjálfsögðu burtu, með því að þar er nú skipaður læknir, og verður því að breyta orðum athugasemdarinnar, þar sem hún nú miðast að eins við tölul. 3.

11. gr. 6.

Nefndin leggur til að þessi tölul. verði færður niður um 250 kr. hvort árið, og sje því settur 750 kr.; er þá styrkurinn jafn við hálf meðallaun hjeraðslækna, er oss virðist eptir atvikum hæfilegt, og viljum um leið benda á, að styrkur til tannlæknis í Reykjavík, sá er á sínum tíma var veittur, var að mun lægri.

Landlæknirinn hefir skrifað nefndinni fyrir hönd læknafundarins 1896, þar sem farið er fram á, að veittar sje 1500 kr. á fjárhagstímabilinu til að styrkja 2 eða 3 lækna til utanfarar, til að afla sjer þekkingar og fullkomnunar í mennt sinni. Nefndin er þessu hlynnt, og hyggur að það mætti koma að talsverðu gagni, og leggur því til að veittar sje 600 kr. hvort árið til þessa, er landshöfðingi úthluti eptir tillögum landlæknis.

Vjer höfum fengið í hendur beiðnir um fjárstyrk til endurbyggingar sjúkrahússins á Akureyri og til styrktar við stofnun og viðhald sjúkrahúss á Seyðisfirði. Það er skoðun vor, að rjett sje að styrkja sjúkrahús, eitt í hverjum landsfjórðungi, og leggjum því til, að sjúkrahúsið á Akureyri fái 5000 kr. styrk til endurbyggingar, og að sjúkrahúsinu á Seyðisfirði sje veittar 1200 fyrra árið og 400 kr. hið síðara.

12. gr. A. 3. f.

Nefndin leggur til að upphæð þessa tölul. verði hin sama, sem verið hefir að undanförnu, þ. e. 50 kr. hvort árið.

12. gr. B. b.—d.

Í frv. er svo ákveðið, að verja skuli til flutningabrauta á fjárhagstímabilinu 100,000 kr. og til þjóðvega 50,000 kr. og ennfremur til fjallvega 7,000 kr.

Nefndin fellst á, að öll upphæðin samanlögð, til vegagerða þeirra, er landssjóðurinn á að kosta, sje hæfilega hátt sett. — En nefndin ætlar, að heppi-

legra sje í þetta sinn að verja tiltölulega meira til þjóðvega og fjallvega, en til flutningabrauta, því rjett muni vera að bíða við og sjá, hvernig flutningabrautirnar reynast og hvort þær sýnast munu ætla að svara til þess, er þeim er ætlað, og telur nefndin ráðlegast að byrja eigi að svo stöddu á nýjum flutningabrautum, þótt annars vegar virðist sjálfsagt, að fullgera þær brautir, sem þegar eru langt komnar, svo sem austur á Rangárvöllu; en þó telur nefndin rjett, að gerður sje vegurinn frá Eyrarbakka upp að flutningabraut þeirri, er liggur austur um Árnessýslu, með því skilyrði, að hjeraðsbúar leggi til þess vegarkafla ekki minna en 12000 kr. eins og þegar hefir verið ráðgert. Er ætlað að til þess þurfi þá af landssjóði 15–18,000 kr.; en til flutningabrautarinnar austan við Þjórsá er ætlað að þurfi c. 50,000 kr. Vjer leggjum því til, að til flutningabrauta sje ætlað alls á fjárhagstímabilinu 75,000 kr. og ætlumst til að það þá einnig hrökkvi til að halda hinum fullgerðu flutningabrautum við. Vjer leggjum til, að meiri hluti þess sje veittur fyrra árið, með því að vjer vonum, að verk það, er ráðgert er, verði að mestu framkvæmt á því ári.

Að því er til þjóðveganna kemur, er það skoðun vor, að hin brýnasta nauðsyn sje til, að bæta þá mjög, svo fljótt sem mögulegt er. Oss er kunnugt um ýmsa kafla, er alls ekki má dragast að fái gagngerða endurbót, svo sem eru allir þeir kaflar, er nefndir eru í aths. frumv.; nefnum vjer Grjótháls í Mýrasýslu, með fram Hrútafirði að austan, Vatnsskarð, í Suður-Þingeyjarsýslu einkum milli Skjálfandafljóts og Laxár, og í syðstu hreppum Suður-Múlasýslu og svo mun víðar vera, þótt oss sje það ekki eins kunnugt. Sjerstaklega skulum vjer um leið benda á, að afar-nauðsynlegt er að varða Þorskafjarðarheiði rækilega svo fljótt, sem unnt er. Vjer leggjum því til, að hækka fjárveitinguna til þjóðveganna að miklum mun, og ætlum að það komi að meira almennu gagni, en þótt byrjað væri á nýjum flutningabrautum að svo komnu.

Í frumv. er ætlazt til að fjárveitingin til fjallvega sje hærri en að undanförnu. Nefndin er á þeirri skoðun, að það sje rjett, með því að á ýmsum fjallvegum er mjög nauðsynlegt að ryðja og hlaða vörður. Vill því nefndin ganga enn lengra í því að hækka þá fjárveitingu, og leggur því til, að til fjallvega sjeu veittar 5000 kr. hvort árið.

Úr Strandasýslu og úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hafa nefndinni borizt bænarskrár, þar sem þess er óskað, að veitt sje fje af landssjóði til sýsluvegagerðar. Nefndinni virðist margt mæla með því, að vel sje tekið í þær málaleitanir. Í þessum sýslum eru hvorki þjóðvegir nje flutningabrautir, og fara þær því algerlega á mis við þann hagnað, er sum hjeruð hafa þegar fengið, og ætlazt er til að önnur hljóti innan skamms, af lagningu flutningabrauta eða þjóðvega eptir þeim eða um hluta þeirra. Í öðru lagi bjóða hlutaðeigendur fram fje frá sjálfum sjer til vegagerðanna, og verður það að skoðast bæði sem sönnun fyrir þörfinni og að nokkru leyti trygging fyrir haganlegri meðferð fjárins. — Vjer leggjum því til, að veitt sje það, sem um er beðið, með þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi sýslubúar leggi fram svo mikið, að það nemi að minnsta kosti helmingi þess, er landssjóður greiðir, og auk þess leggjum vjer til, að það skilyrði sje sett, að verkstjóri sá, er fyrir vegagerðinni stendur, sje ráðinn með

samþykki landshöfðingja. Ætlum vjer, að með því sje fengin nægileg trygging fyrir því, að vegir þeir, er gerðir kunna að verða á þennan hátt, verði svo vel og hentuglega gerðir, sem kostur er á, og teljum vjer þá fjenu vel varið.

12. gr. C.

Eins og kunnugt er, hefir hið sameinaða gufuskipafjelag ráðgert að senda hingað mann, með fullu umboði til að gera samkomulag við þingið um gufuskipaferðir næstu ár. — Maður þessi er eigi kominn hingað enn, og er gert ráð fyrir, að hann komi 28. þ. m. Þá, en eigi fyr, verður hægt að segja að fullu um atriði þessa stafliðs, bæði 1. og 2. tölul. Nefndin gerir því ráð fyrir, að koma seinna fram með álit sitt og till. að því er snertir báða þessa töluliði.

13. gr. A. b. 7.

Nefndinni hefir borizt bænarskrá frá Vestmannaeyingum, þar sem farið er fram á, að þessi tölul. sje hækkaður upp í 600 kr. — Annarsvegar er það alkunnugt, að eyjabúar eru ófúsir eða ófáanlegir til að taka við umsjón og fjárhaldi kirkjunnar, — þótt þess hafi verið leitað við þá. — Nefndinni þykir furðu gegna, að þeir skuli koma fram með þessa beiðni, einmitt um leið og þeir neita að taka við umsjón þess fjár, er þeir ætlast til að hljóðfærið sje keypt fyrir, og leggur því til, að tölul. sje að svo stöddu felldur burtu.

Presturinn á Helgastöðum, Helgi Hjálmarsson, biður um 1000 kr. til að byggja upp staðinn, sem brann fyrsta misserið, sem hann var þar, og hefir hann nú reist vandað timburhús í staðinn. Nefndin álítur ástæðu til að veita honum styrk og leggur því til, að hann fái 500 kr.

13. gr. B. I. b. 2.

Nefndinni þykir viðkunnanlegra að nefna upphæðina undir þessum tölul. námsstyrk í stað ölmusustyrks, og leggur því til að sú orðabreyting sje gerð. Af sömu ástæðum leggur nefndin til, að í

13. gr. B. II. b. 1.

sje gerð breyting á sama hátt. — Auk þess álítur nefndin, að eigi sje heppilegt að einskorða upphæð námsstyrksins til hvers einstaks nemanda, nje heldur tölu þeirra, er hans njóta, heldur skuli stjórn skólans úthluta styrknum meðal svo margra og í svo smáum upphæðum, sem henni virðist við eiga og hagkvæmast vera. — Nefndin leggur því til, að orðalagi stafl. sje breytt samkvæmt þessu.

13. gr. B. III. c. 3.

Eins og sjá má af aths. frv. er farið fram á, að með þessum tölul. sje veitt fje til allmikilla aðgerða og breytinga við latínuskólann.—Nefndin hefir vandlega kynnt sjer sjerhvað það, er þetta mál snertir, og verður fyrir sitt leyti að fallast á, að hinar ráðgerðu breytingar og aðgerðir sje þarfar og sumar enda bráðnauðsynlegar. — Að eins skal þess getið, að nefndin hallast að þeirri skoðun, að því er snertir hina ráðgerðu girðingu kringum lóð skólans, að eigi sje frágangssök að fresta henni, þar eð upphæðin til skólahússins utan og innan er auk þess svo miklu hærri en vanalega, að óttast má, að ýmsum kunni að vaxa hún mjög í augum. Nefndin leyfir sjer því að leggja til, að upphæð tölul. sje lækkuð um 1845 kr., sem er nokkurn veginn sama upphæð og ætluð er í frv. til hinnar nefndu girðingar.

13. gr. B. III. c. 13.

Leikfimiskennarinn, sem er roskinn maður, og hefir aldrei, að því er nefndinni er frekast kunnugt, kostað nokkru sjerstaklega til náms síns, hefir í mörg ár haft fremur há laun fyrir leikfimiskennsluna, þegar miðað er við tölu kennslustundanna. Nefndinni virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að honum beri sjálfum að kosta sig til þeirrar fullkomnunar í mennt sinni, er geri hann sem bezt hæfan til að standa í stöðu sinni sem kennari. En með því að vjer annars vegar viðurkennum hina brýnu nauðsyn þess, að leikfimiskennslan taki bótum, viljum vjer leggja til, að leikfimiskennaranum sje veittar 500 kr., og ætlumst þá auðvitað til, að hann kosti sjálfur utantör sína að öðru leyti.

13. gr. B. V.

Nefndin álítur, að eigi sje nú þegar ástæða til að skipa annan fastan kennara við stýrimannaskólann, og leggur því til, að upphæðin til launa við skólann sje lækkuð um 500 kr. fyrra árið, og 1000 kr. hið síðara. Þar á móti sýnist nefndinni rjett að hækka upphæðina til tímakennslu, og leggur til að hún sje ákveðin 1400 kr. hvort árið.

13. gr. B. V. 1.

a. 1. Nefndinni barst beiðni frá forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík, um það að veittur væri 700 kr. hærri styrkur til skólans en nú er, til þess að bekkjum yrði fjölgað um einn. Nefndinni virðist beiðni þessi á rökum byggð, og leggur því til að veitt sje hið umbeðna fje.

a. 3. og 4. Kvennaskólinn í Eyjafjarðarsýslu er ekki lengur á Laugalandi. Er því rjett að orða það svo, sem vjer leggjum til, að sett sje: »í Eyjafirði« í staðinn fyrir á Laugalandi.

Vjer leggjum til, að í 13. gr. B. VI. a. bætist við nýr tölul., sem verður hinn 5. þannig hljóðandi: »Styrkur til að byggja kvennaskóla í Norðurlandi 10000 kr. Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að kvennaskólarnir í Eyjaf. og á Ytriey sameinist«. Formaður kvennaskólastjórnarinnar sendi alþingi erindi, þar sem hann æskir þess fyrir hönd skólastjórnarinnar, að nefnd upphæð sje veitt til að byggja kvennaskóla Eyfirðinga á Akureyri. Nefndin vill nú hvorki með fjárveitingunni láta því vera slegið föstu, að kvennaskólinn skuli standa á Akureyri, nje heldur vill hún að veitt sje svo mikið fje til að byggja kvennaskóla, sem er í rauninni eign og handbendi að eins einnar sýslu. Þar á móti telur nefndin það heppilegt, ef kvennaskólar þeir, er nú eru í Norðurlandi, sameinuðust, og vill fyrir sitt leyti stuðla til þess, með því að láta fjárveiting til skólabyggingar vera bundna því skilyrði, án þess að ákveðið sje, hvar í Norðurlandi skólinn skuli standa.

Undir sama staf. leggur nefndin til að bætist við nýr tölul., sem þá verður hinn 6., að hússtjórnar- og matreiðsluskólanum í Reykjavík sje veittar 2000 kr. fyrra fjárhagsárið. Nefndin byggir þessa till. á því, að skólinn sje nytjastofnun, sem vert sje að styrkja; en hann þarfnist styrksins einkum nú, meðan hann er að setjast á laggirnar.

Þar á móti vill nefndin eigi gefa það í skyn með styrkveitingunni, að ætlazt sje til framhaldandi, árlegrar fjárveitingar til hans, en gerir ráð fyrir, að þá er næstu fjárlög verða samin, muni sú reynsla fengin, að sjeð verði betur en nú, hvort skólinn þarfnast árl. styrks, eða á skilið að fá hann.

Fyrir deildinni liggja nú frv. og tillögur, er snerta 13. gr. B. VI. b.—e.. Álítum vjer því, að þýðingarlaust sje fyrir oss að koma með till. um þá liði, þangað til sjeð verður, hvernig nefndum frv. og till. reiðir af, að öðru leyti en því, að vjer leggjum til, að styrkur til barnaskóla sje hækkaður um 1000 kr. hvort árið, með því að barnaskólar fjölga og vjer teljum yfirleitt því fje vel varið, er gengur til barnaskóla og annarar almennrar fræðslu.

13. gr. C.

1. a. og b. I frv. er farið fram á að hækka laun starfsmanna við landsbókasafnið að miklum mun. Nefndin viðurkennir að vísu, að hvort sem litið er til þess, hve mikil störfin eru við safnið, eða til þess, hve áríðandi og vandasöm þau eru, þá sje laun þau, er nú eiga sjer stað, of lág. En nefndin telur ráðlegra að hækka þau eigi svo mjög að þessu sinni, og leggur því til, að laun bókavarðar sje ákveðin 1500 kr. og aðstoðarmannsins 900 kr.

13. gr. C. 2.

Amtsráðin í Norður- og Austuramtinu hafa síðustu árin gert allmikið til að stuðla að því, að láta söfnin koma að tilætluðum notum, bæði með auknu fjárframlagi úr hlutaðeigandi jafnaðarsjóðum, og, að því er snertir Norðuramtið, með því að gera ráðstafanir til, að hinir fjarlægari amtsbúar geti notað safnið. Amtsráð Norðuramtsins hefir nú beiðzt þess, að fjárstyrkur til amtsbókasafnsins þar verði hækkaður upp í 500 kr. árl.

Vjer leggjum til, að styrkur til bókasafna allra amtanna sje hækkaður að miklum mun, en það skilyrði sje jafnframt sett, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir leggi fram jafnmikla upphæð. Gerum vjer ráð fyrir, að amtsráð Austuramtsins og Vesturamtsins geri sem fyrst ráðstafanir til að gera amtsbúum sem ljettast að nota söfnin, eins og Norðuramtið þegar hefir gert, og teljum það mikilsvert, til eflingar því gagni, er bókasöfnin eiga að gera.

13. gr. C.

Á eftir tölul. 10. leggjum vjer til að bætist við nýr tölul.: styrkur til eins manns til að nema dýralækningar 600 kr. hvort árið. Hingað til hefir jafnhár styrkur verið veittur 2 dýralæknaefnum, sem nú verða að líkindum báðir búnir að ljúka námi sínu og komnir í embætti sem dýralæknar, áður en næsta fjárhagstímabil byrjar. Hinn 2. konungkjörni þingm. hefir með brjefi vakið athygli vora á því, að nauðsyn beri til, að fleiri gefi sig við slíku námi, og að nú þegar sje einn ísl. stúdent byrjaður á því; þykir oss því rjett, að veita hinn nefnda styrk.

13. gr. C. 11.

Vjer leggjum til að sú orðabreyting sje gerð á þessum lið, að sett sje

»semja« fyrir »safna til«, því að bæði er þess getið í ath.s. frumv.s., að nú í ár hafi hann lokið við að safna, enda allar líkur til, að innan skamms megi vænta sýnilegra ávaxta af starfi hans.

Sagnfræðingur Jón Jónsson hefir beðið um styrk til að rannsaka og rita um sögu Íslands á síðari öldum. Þar eð hann hefir þegar sýnt ávexti iðju sinnar í þessa átt, og er talinn vænlegur til slíkra starfa, leggjum vjer til að honum sje veittur fjárstyrkur, til að ljetta honum þá iðju.

Sömul. leggjum vjer til að skáldinu Páli Ólafssyni sje veittar 600 kr. árl. og komi nýr tölul. á eptir hinum 12. Nefndin lítur svo á, að hann hafi verðleika í fremsta lagi til að njóta fjárstyrks sem skáld, enda nú aldraður og fjelítill.

Vjer leggjum til, að bindindisfjelag kvenna »Hvíta bandið« fái 100 kr. styrk hvort árið, og þannig sje viðurkennd starfsemi þess í gagnlega átt.

13. gr. C. 16.

Með því að orðasafninu er nú lokið, leggjum vjer til að sú breyting sje gerð, að í stað »til útg.« o. s. frv. komi: til vísindalegra starfa.

13. gr. C. 17.

Nefndin leggur til að þessi tölul. sje lækkaður niður í 800 kr. hvort árið.

13. gr. C. 19. og 20.

Nefndin ræður til þess, að 19. og 20. liðir sjeu felldir, þar eð hún hefir fengið upplýsingar um, að Jóh. Nordal sleppti tilkalli til ferðastyrks eptir að hann kom, og hefir annarsvegar haft stöðuga og góða atvinnu síðan hann kom hingað, en Ísak Jónsson kom hingað af eigin hvötum og átti því enga kröfu til borgunar fyrir ferðakostnað. Hann hefir sömul. haft hjer allgóða atvinnu. Viðvíkjandi 20. liðnum skulum vjer benda á, að nú þegar er enginn skortur á mönnum, er geti leiðbeint við bygging og notkun íshúsa, enda er gefinn kostur á að læra það hjá íshústjel. hjer í Reykjavík, hverjum sem vill.

13. gr. C. 21.

Nefndin ræður til að þessi liður sje felldur, en leggur þar á móti til að útgerðarmannafjel. við Faxaflóa sje veittur 500 kr. styrkur til að útvega útlendan skipasmið, er setjist hjer að, og teljum vjer það miklum mun líklegra til verulegs gagns.

13 gr. C. 22.

Þennan lið ráðum vjer til að fella, með því vjer ætlum að ýms skilyrði vanti til þess, að líklegt sje að hann komi að verul. notum.

13. gr. C. 23.

Nefndin leggur til að þessi liður sje færður niður í 1500 kr. hvort árið, og telur hann þó ekki óríflegan í samanburði við þann styrk, er ýmsir aðrir vísindamenn verða að sætta sig við hjá oss.

— — — —

Brynjólfur Þorláksson hefir sótt um að sjer yrði veittur 1200 kr. styrkur til að fara utan og fullkomna sig í hljóðfæralist. Hann hefir mjög góð meðmæli og vitnisburði, og er talinn einkar-vel hæfur til sinnar listar. Vjer leggjum til

að hann fái 600 kr. styrk, er mundi verða honum talsverður ljettir, ef hann færi utan í þessu skini.

Jón Ólafsson sækir um að fá 3000 kr. fyrra árið og 2000 kr. hið síðara til að gefa út alþýðlegt, menntandi og fræðandi mánaðarrit, er sje að minnsta kosti 80 arkir á ári og seljist eigi dýrara en 5 kr. Nefndin álítur slíkt rit nauðsynlegt, og að það mundi verða mjög til að auka þekkingu, fróðleikstýsn og menning almennings, og leggur nefndin því til, að hið umbeðna verði veitt.

Björn Þorláksson, verkvjelastjóri á Álafossi, hefir óskað að sér yrði veittar 2500 kr. úr landssjóði til að kaupa lókembivjel, lóskurðarvjel, pressu og þófaravjel, sem kosta allar til samans nefnda upphæð. Nefndin álítur vert að stuðla til þess að hann geti fengið nefndar vjelar, en álítur annars vegar, að sýslufjelög þau, er hafa stutt hann til að koma upp kembi- og spunavjelum þeim, er hann þegar hefir fengið, ætti hættulaust að geta lánað honum $^3/_5$ verðs þeirra vjela, er hann nú ætlar að útvega sjer, upp á veð í þeim vjelum sjálfum. Vjer leggjum því til að honum sje veittar 1000 kr. til þessa, með því skilyrði, að hann í raun og veru útvegi sjer allar þessar vjelar.

Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík hefir óskað að fá 1000 kr. árl. úr landssjóði, til að styrkja efnilega, útlærða iðnaðarsveina til utanfara, svo þeir geti þannig aflað sjer meiri fullkomnunar hver í sinni iðn. — Nefndin er þessu meðmælt, og telur mun heppilegra, að fjelag skynberandi manna ráði úthlutun slíks styrks, heldur en að alþingi eða stjórnin. er hvorttveggja optast er ókunnugt atvikum, fáist við slíka úthlutun milli einstakra manna, sem þó opt er farið fram á. Vjer leggjum því til, að fjelaginu sje veittar í þessu skini 500 kr. hvort árið.

Loks höfum vjer tekið til greina beiðni Sigurðar Þorlákssonar, þar sem hann óskar að fá utanfararstyrk til að læra til hlítar leikfimi. Vjer könnumst fyllilega við nauðsyn þess, að leikfimi geti eflzt og útbreiðzt hjer á landi, og höfum fengið upplýsingar um að beiðandinn sje manna bezt fallinn hjer til slíks og þar að auki á bezta aldri; viljum vjer því mæla með, að hann fái 500 kr. til nefndrar utanfarar.

15. gr.

Ekkjufrú Jakobína Thomsen hefir sent oss bænarskrá, þar sem hún óskar að sjer verði veittur fjárstyrkur nokkur til aðstoðar í ellinni. — Nefndinni virðist rjett að landið stuðli að því, að hún, sem er ekkja Dr. Gríms Thomsen, geti lifað áhyggjulausu lífi í ellinni að því er fjárhag snertir og leggur því til að veita henni 300 kr. hvort árið.

Nefndin leggur það til, að hækkuð sje sú upphæð sem í frv. er ætluð til að lána úr viðlagasjóði til þilskipakaupa, þannig að hún megi vera allt að 30000 kr. hvort árið. Sömuleiðis leggur nefndin til, að skilyrðunum sje nokkuð breytt, bæði að því er snertir það, hverjir geti orðið aðnjótandi lánsins, og sömuleiðis lánstíma og vaxtahæð.

Vjer viljum loks ráða til, að lán megi veita úr viðlagasjóði með sem vægustum kjörum bæði til íshúsa og tóvinnuvjela. Vjer teljum það gleðilegan

framfaravott, hve víða hefir orðið vart við áhuga á slíkum fyrirtækjum hin síðustu ár, og teljum fjárveitingarvaldinu rjett, að styðja þann áhuga og viðleitni.

Allar þær breytingar- og viðaukatillögur, er nefndin leggur til að gerðar sje, látum vjer prenta á sjerstöku skjali, og sömul. greinilega skrá um allar málaleitanir og bænarskrár, er vjer höfum haft til meðferðar.

Neðri deild alþingis 24. júlím. 1897.

Sigurður Gunnarsson	Jón Jónsson, þm. Eyf.
form.	skrifari og framsögum.
Einar Jónsson.	Guðjón Guðlaugsson.
Pjetur Jónsson.	Tryggvi Gunnarsson.

Þórður J. Thoroddsen.

Nd. **213. Frumvarp**

til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

(Frá nefndinni í fjárkláðamálinu).

1. gr. Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, ásamt hreppsnefndunum, hafa eptirlit með því, hvort vart verður við fjárkláða, eða önnur næm fjárveikindi, hver í sínu umdæmi. Heimilt er lögreglustjóra að fyrirskipa almenna skoðun á sauðfje, þegar honum virðist ástæða til og svo víða sem nauðsynlegt þykir.

2. gr. Lögreglustjóri skal kveðja til hæfilega menn til aðstoðar hreppstjóranum í hverjum hreppi um sig, bæði við rannsóknina á heilbrigðisástandi fjárins og við framkvæmdir á öðrum þeim ráðstöfunum, er nauðsynlegar eru. Kveðja má til þessa menn úr öðrum hreppi eða annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir, hreppstjórar og hreppsnefndarmenn, eiga tafarlaust að skýra lögreglustjóra frá, ef þeir verða einhvers þess varir, er vekur grun um slíkan sjúkdóm, sem um er getið í 1. gr., og skal lögreglustjóri þá þegar í stað gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að hepta sýkina.

3. gr. Nú verður vart við fjárkláða eða aðra slíka næma veiki, og skulu þá hreppstjóri og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fje verði þegar í stað aðskilið frá heilbrigðu fje, og skulu þeir taka það til lækninga svo fljótt, sem auðið er. — Verði vart við kláða á tímabilinu frá byrjun rjetta til jólaföstu, skulu hinar sýktu kindur þegar í stað skornar, nema eigandi kjósi heldur, að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki sjálfir kindurnar til umsjónar og lækni þær, og borgar þá eigandi allan kostnað, er af því leiðir.

4. gr. Með reglugjörð, er amtsráðin semja, hvert fyrir sitt amt, má setja nánari fyrirskipanir um skoðanir og baðanir sauðfjár, hvert baðlyf skuli notað, um aðgreining á grunuðu fje og því, er eigi er kláðagrunur á, um sótthreinsun fjárhúsa og um aðrar þær ráðstafanir, er nauðsynlegar eru til að hepta útbreiðslu sýkinnar og útrýma henni. Veita má í reglugjörðinni amtmanni heimild til að fyrirskipa baðanir á stærra eða minna svæði í amtinu, þótt ekki hafi þar orðið vart við kláða.

5. gr. Eigandi fjár þess, er sýkt er eða grunað, skal skyldur til að aðstoða hreppstjóra og hina tilkvöddu menn við baðanir og skoðanir, og leggja til verkafólk og áhöld eptir þörfum, á eigin kostnað. — Svo er hann og skyldur að fara nákvæmlega

eptir reglum þeim, er honum verða settar, um aðskilnað hins sýkta fjár, lækning þess og aðra meðferð.

Allur annar kostnaður, er leiðir af ráðstöfunum hins opinbera samkvæmt þessum lögum, skal greiðast á þann hátt, er amtsráðin nánar ákveða í reglugjörð þeirri, er þau semja samkvæmt 4. gr. — Kostnaðinn má taka lögtaki, að því leyti er einstakir menn eiga að greiða hann.

6. gr. Nú sýnir fjáreigandi annaðhvort óhlýðni eða hirðuleysi í því að gegna skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, og skal þá lögreglustjóri, nema eigandi kjósi heldur að skera hið sjúka fje þegar, láta á kostnað eigandans framkvæma það, er nauðsynlegt er, og má taka kostnaðinn lögtaki, og sæti eigandi að auki sektum frá 10—200 kr.

7. gr. Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri, hreppsnefndarmenn eða aðstoðarmenn af sjer óhlýðni eða hirðuleysi eða vanrækt á skyldum þeim, er lög þessi eða reglugjörð amtsráðsins leggur þeim á herðar, skulu þeir sæta sektum frá 20—500 kr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, að því leyti þau eigi falla undir 1. lið þessarar greinar eða hina næstu á undan, varða sektum frá 5—500 króna. Sektir eptir þessum lögum renna í jafnaðarsjóð hlutaðeigandi amts, þar sem brotið er framið.

8. gr. Með lögum þessum er tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm veikindi á Íslandi úr gildi numin.

Nd. 214. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 3 2. febrúar 1894 (þingskj. 184).

Frá nefndinni.

1. Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 1. grein svohljóðandi:
Þeir karlar eða konur, sem stunda nám í föstum skólum að minnsta kosti 6 mánuði af árinu, skulu undanþegnir vistarskyldunni það ár, en sanna verða þeir fyrir viðkomandi hreppstjóra eða bæjarfógeta fyrir 1. maí, að þeir fái inngöngu á skólann á því ári, og skal hreppstjóri eða bæjarfógeti skyldur að gefa vottorð um það.
2. Eptir fyrri málsgrein 1. greinar, sem verði 2. gr., komi: sama skylda hvílir á þeim, sem nám stunda, að því er snertir vottorð það, sem ræðir um í 1. gr.
3. 2. gr. verði 3. gr.

Ed. 215. **Frumvarp**

til laga um að umsjón og fjárhald nokkurra landsjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Stjórninni veitist heimild til að selja söfnuðunum í hendur umsjón og fjárhald þessara landssjóðskirkna:

1. Söfnuðinum í Bjarnaness-sókn í Austur-Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Bjarnaness-kirkju með þeim kjörum, að sá helmingur jarðarinnar Bjarnaness með hjáleigum, er landssjóður á, verði afhentur söfnuðinum ásamt kirkjunni.

2. Söfnuðinum í Prestsbakkasókn í Vestur-Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Prestsbakkakirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag kr. 3750, en Kirkju- og Brúarfjara falli til landssjóðs.
3. Söfnuðinum í Langholtssókn í Vestur Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Langholtskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 2500 kr.
4. Söfnuðinum í Þykkvabæjarklausturssókn í Vestur Skaptafells prófastsdæmi umsjón og fjárhald Þykkvabæjarklausturskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 1000 kr. og fjörur þær, er kirkjunni eru taldar, verði afhentar söfnuðinum ásamt kirkjunni.
5. Söfnuðinum í Möðruvallaklausturssókn í Eyjafjarðarprófastsdæmi umsjón og fjárhald Möðruvallaklausturskirkju með þeim kjörum, að skuld kirkjunnar við landssjóð falli niður og að henni fylgi í álag 4000 kr.
6. Söfnuðinum í Munkaþverárklausturssókn í Eyjafjarðarprófastsdæmi umsjón og fjárhald Munkaþverárklausturskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi í álag 4500 kr.

Ed. 216. **Frumvarp**

til laga um breytingu á 6 gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi. (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Heimilt er sýslunefnd að leyfa, að kosningar í hreppsnefnd fari fram á hausthreppaskilum í þeim hreppum, þar sem svo sjerstaklega hagar til, að það er nauðsynlegt.

Ed. 217. **Frumvarp**

til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Samkvæmt 15. grein laga, nr. 15, 8. maí 1894 skal stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

2. gr. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni.

3. gr. Til þess að kaupstaðurinn hjer eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni að ákveða, hvar auð svæði megi vera og hvar leggja skuli stræti; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er þegar eru byggðar; skal nefndin svo rita þær í sjerstaka bók, ásamt lóðum þeim, er síðar verður byggt á. Kostnað við útvegun bókar þessarar og annara þeirra embættisbóka, er nefndinni kynni þykja viðþurfa til að rita í gjörðir sínar og brjef, skal greiða úr bæjarsjóðnum.

4. gr. Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar í kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um

kaupstaðinn, þá skal sjerhver sá sem á óbyggða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari sem þurfa þykir til þess að strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það aptur á við eins og þarf; þó skulu þeir fa endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefur orðið fyrir, við það að af því hefur verið tekið eður hús flutt aptur á við og skal greiða kostnað þann, sem af því ris, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sje hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi ósnægður með endurgjald það, sem nefndin hefur ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð amtsins.

B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, nema eldtraustur veggur sje á milli; að öðrum kosti skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eða aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir.

C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar móti húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess, svo sem verður, að hús, er ætluð eru til atvinnureksturs, er hefur brunahættu í för með sjer, verði byggð á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum, og sjer í lagi á hæð undir loptum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgerðum á húsum og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði í öllum greinum reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sjerhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar og fá skrifleg ákvæði hennar um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hjer á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sje gætt, þá á bæði hann og yfirsmiður sá, er á hlut að máli, að greiða sektir, frá 10 til 50 kr. í bæjarsjóð; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sje rifið niður á hans kostnað, að því leyti, sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið, og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefur eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu sektir skal og sá greiða, sem að öðru leyti gerir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefur sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hjer að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka sektirnar allt að 4 kr.; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

5. gr. Að því leyti, sem við getur átt, skulu ákvæði laga þessara einnig ná til húsa þeirra á kaupstaðarlóðinni, sem eru með torfþaki og torfveggjum, og til matjurtagarða, er slíkum húsum fylgja.

6. gr. Með mál um brot á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Ed. 218. **Frumvarp**

til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Af fje því, sem samkvæmt lögum um Söfnunarsjóð Íslands, dags. 10. febr. 1888, 19. gr. a. og 20. gr. a., er ætlað til kostnaðar og varasjóðs, skal veita bókara og fjehirði Söfnunarsjóðsins 100 kr. þóknun hvorum um árið og endurskoðara 50 kr. þóknun um árið; þess utan fær fjehirðir fyrir áhættu af mistalningu $^1/_5$ pro mille af peningum þeim, er hann telur út eða inn; enn fremur má, þegar efni sjóðsins leyfa það, með samþykki landshöfðingja af sama fje veita framkvæmdarstjóra 200 kr. um árið og gæzlustjórum 50 kr. hvorum um árið. Með samþykki landshöfðingja má síðar hækka upphæðir þessar, þó svo, að fje það, sem þannig gengi til þóknunar handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins, nemi ekkert ár samtals meiru en helmingi af nefndu fje til kostnaðar og varasjóðs.

Framkvæmdarstjóri og fjehirðir skulu, jafnskjótt og þeir fá nefnda þóknun, setja hæfilegt veð, eptir því sem landshöfðingi ákveður.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Ed. 219. **Frumvarp**

til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

1. gr.

Borgarabrjef til verzlunar, er hjer eptir verða útgefin, veita ekki rjett til verzlunar með neins konar áfengi.

2. gr.

Vilji einhver, sem leyst hefir borgarabrjef til verzlunar í kaupstað eða löggiltu kauptúni, öðlast rjett til áfengissölu með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum 10. febr. 1888, skal hann senda bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeim kaupstað eða hreppi, er í hlut á, skriflega bæn um það, og skal hreppsnefndin síðan bera málið undir atkvæði hreppsbúa á hreppskilaþingi, og þarf þá til þess að leyfið verði veitt meiri hluta atkvæða hreppsbúa þeirra, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, og auk þess samþykki meiri hluta hreppsnefndarinnar. Í kaupstöðum skal leggja málið fyrir almennan fund atkvæðisbærra bæjarmanna, og þarf þá meiri hluta atkvæða þeirra bæjarbúa, er atkvæðisrjett eiga í bæjarmálum, til þess að samþykkja leyfið, og auk þess samþykki meiri hluta bæjarstjórnarinnar. Leyfið gildir til eins árs. — Sýslumenn eða bæjarfógetar gefa út leyfisbrjefið, og skal fyrir það greiða 100 kr., er renna í landssjóð.

Nd. 220. **Frumvarp**

til laga um afnám löggildinga verzlunarstaða.

Flutningsm. Tryggvi Gunnarsson.

Á hverjum löggiltum verzlunarstað, þar sem eigi hefur verið byggt verzlunarhús og föst verzlun byrjuð innan 5 ára frá löggildingardegi, skal löggildingin vera ógild og úr lögum numin.

Nd. 221. **Frumvarp**

til laga um aðra skipun læknishjeraða á Íslandi og fl. (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr.

Íslandi skal skipt í 41 læknishjeruð, þau er hjer segir:

1. *Reykjavíkur hjerað:* Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfellshreppar.
2. *Keflavíkur hjerað:* hinir 6 hreppar Gullbringusýslu.
3. *Kjósar hjerað:* Þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg, og Kjósarsýsla nema Mosfellshreppur.
4. *Skipaskaga hjerað:* Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
5. *Borgarfjarðar hjerað:* hinn hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár.
6. *Mýra hjerað:* hinn hluti Mýrasýslu og Hnappadalssýsla.
7. *Ólafsvíkur hjerað:* syðri hluti Snæfellsness sýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða.
8. *Stykkishólms hjerað:* hinn hluti Snæfellsness sýslu; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og Skarðstrandarhreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, nema Rauðseyjar, Rúfeyjar og Akureyjar.
9. *Dala hjerað:* Dalasýsla nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
10. *Reykhóla hjerað:* Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar þess er leitað, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi.
11. *Flateyjar hjerað:* Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals.
12. *Barðastrandar hjerað:* Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá.
13. *Þingeyrar hjerað:* Vestur-Ísafjarðarsýsla.
14. *Ísafjarðar hjerað:* Ísafjarðar kaupstaður ásamt Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi.
15. *Nauteyrar hjerað:* Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar.
16. *Hesteyrar hjerað:* Grunnavíkur og Sljettuhreppar.
17. *Stranda hjerað:* Strandasýsla nema Bæjarhreppur.
18. *Miðfjarðar hjerað:* Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
19. *Blönduós hjerað:* Húnavatnssýsla austan Gljúfurár.
20. *Sauðárkróks hjerað:* Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Rípur, Viðvíkur, Hóla og Hofs hreppar.
21. *Akra hjerað:* Seilu, Lýtingsstaða og Akra hreppar.
22. *Siglufjarðar hjerað:* Fells og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu, og Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur til að vitja sjúklinga í Grímsey, þegar þess er leitað og því verður við komið.
23. *Höfðahverfis hjerað:* Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu.
24. *Akureyrar hjerað:* hinn hluti Eyjafjarðarsýslu, nema Grímsey, og Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til, þegar þess er leit-

að og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfishjeraðs, sem er að vestanverðu við Eyjafjörð.

5. *Reykdæla hjerað:* Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar.
26. *Húsavíkur hjerað:* Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldæla, Húsavíkur og Kelduness hreppar.
27. *Þistilfjarðar hjerað:* Norður-Þingeyjarsýsla, nema Keldunesshreppur.
28. *Vopnafjarðar hjerað:* Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið.
29. *Hrafarstungu hjerað:* Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar.
30. *Seyðisfjarðar hjerað:* Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppar.
31. *Fljótsdals hjerað:* Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði og Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Valla hreppar.
32. *Reyðarfjarðar hjerað:* Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar.
33. *Fáskrúðsfjarðar hjerað:* Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals hreppar.
34. *Berufjarðar hjerað:* Beruness og Geithellna hreppar.
35. *Austur-Skaptafellssýslu hjerað:* Austur-Skaptafellssýsla.
36. *Síðu hjerað:* Vestur-Skaptafellssýsla frá Skeiðarársandi að Mýrdalssandi.
37. *Mýrdals hjerað:* Hvamms og Dyrhóla hreppar í Skaptafellssýslu og báðir Eyjafjalla hreppar í Rangárvallasýslu.
38. *Vestmannaeyja hjerað:* Vestmannaeyjasýsla.
39. *Rangár hjerað:* Rangárvallasýsla nema Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar.
40. *Grímsness hjerað:* Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu.
41. *Eyrarbakka hjerað:* hinn hluti Árnessýslu nema Þingvallahreppur.

Landshöfðingi getur eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

2. grein.

Í hvert læknishjerað skal skipa hjeraðslækni, og er hann skyldur til að setjast að í þeim hluta hjeraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita um það álita hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda. Nú er lækni skylt að búa utan verzlunarstaðar, og skal hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir þegar útvega honum aðsetursstað, en ábýlisjörð svo fljótt sem unnt er, ef hann óskar þess. Landsstjórnin skal leggja til landssjóðsjarðir fyrir læknissetur, þar sem því verður viðkomið.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað eða verzlunarstað, er hjeraðið er kennt við. Hjeraðslæknirinn í Reyðarfjarðarhjeraði skal vera búsettur á Eskifirði og hjeraðslæknirinn í Barðastrandarhjeraði á Patreksfirði.

Þessir læknar, svo og læknirinn í Vestmannaeyjum, skulu skyldir til, þegar komið verður upp á þessum stöðum sjúkrahúsum, að takast á hendur læknisеptirlit við hús þessi, án sjerstakrar þóknunar.

3. grein.

Að því er laun snertir, er læknishjeruðunum skipt í 4 flokka: í 1. flokki eru launin 1900 kr., í 2. 1700 kr., í 3. 1500 kr., og í 4. 1300 kr.

I 1. flokki eru Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruð.
Í 2. flokki eru Keflavíkur, Barðastrandar, Þingeyrar, Blönduóss og Sauðárkróks hjeruð.
Í 4. flokki eru Kjósar, Mýra, Hesteyrar, Akra, Fáskrúðsfjarðar og Vestmannaeyja hjeruð.
Í 3. flokki eru öll hin læknishjeruðin.
Launin greiðast úr landssjóði.

Hafi nokkur hjeraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eptir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

Hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eptir lögum þessum.

4. grein.

Þegar ekki er samið fyrir fram við lækna um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber þeim, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn, geri lítils háttar skurði og bindi um, dragi út tönn, nái þvagi af manni eða því um líkt, 35 a. til 1 kr.
Komi sjúklingurinn eptir umtali við lækninn þrisvar eða optar þar á eptir til hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða optar, færist borgunin niður um helming.
Sje læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.
2) Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn, og læknishjálp á því ..... 4 —
3) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá ..... 2 —
4) Fyrir að binda um beinbrot ..... 3 —
5) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera því líkan meiri háttar líkamsskurð ..... 6 —
6) Fyrir að ná barni með töngum ..... 4 —
7) Fyrir að hjálpa sængurkonu án verkfæra ..... 3 —
Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu við það, sem hjer er talið.

Læknum ber eigi borgun eptir þessari grein fyrir að líta eptir gæzluföngum og vitja sjúklinga, er fátækrastjórn sækir þá til.

5. grein.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun ..... 2 kr.
2) Fyrir uppskurð á líki ..... 16 —
Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiptist borgunin jafnt á milli þeirra.
3) Fyrir »kemiska» eða »mikroskopiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið ..... 4 —
Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sjerstaklega.
4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sje fullburða, eða því um líkt ..... 3 —

Sjeu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó að eins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.

5) Fyrir að rannsaka sjóskemmdar vörur, meðul, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði ..... 5 —

6. grein.

Verði læknir, til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, að takast ferð á hendur, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eptir 4. og 5 gr. 3 kr. fyrir hvern heilan dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir part úr degi. Sjái hann sjer sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í því byggðarlagi.

7. grein.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Nd. 222. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Frá Jóni Jónssyni, þm. A-Sk., Sighv. Árnasyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Þórði J. Thoroddsen, Tr. Gunnarssyni og Birni Sigfússyni.

Við 1. gr. Töluliðirnir 11 og 18 falli burt.

Nd. 223. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá fjárlaganefndinni.

I. Tekjukaflinn.

1. Við 2. gr. 1. b.	Fyrir:	28000 —	28000 —	56000
	komi:	25000 —	25000 —	50000
2. — — — 6.	Fyrir:	8000 —	8000 —	16000
	komi:	8500 —	8500 —	17000
3. — — — 8.	Fyrir:	40000 —	40000 —	80000
	komi:	45000 —	45000 —	90000
4. — — — 9.	Fyrir:	120000 —	120000 —	240000
	komi:	125000 —	125000 —	250000
5. — — — 10.	Fyrir:	70000 —	70000 —	140000
	komi:	75000 —	75000 —	150000
6. — — — 11.	Fyrir:	145000 —	145000 —	290000
	komi:	150000 —	150000 —	300000
7. — — — 12.	Fyrir:	25000 —	25000 —	50000
	komi:	28000 —	28000 —	56000
8. — — — 13.	Fyrir:	2000 —	2000 —	4000
	komi:	2500 —	2500 —	5000

9. Fyrsta grein breytist eptir því, sem atkvæðagreiðslan fellur.

II. Gjaldakaflinn.

10. 10. gr. B. 4. i. Stafliðurinn falli niður.
11. — — C. 4. b. Fyrir: 15000
komi: 18000
12. — — — — c. Við stafliðinn bætist:
Verði stofnað allsherjar-búnaðarfjelag fyrir landið, fellur upphæðin síðara árið til þess.
13. — — — 5. (nýr töluliður). Til búnaðarfjelags landsins (síðara árið) 4000.
14. — — — 6. e. 1. Fyrir: 400
komi: 300
15. — — — 7. (nýr tölul.) Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga 200—50—250
16. — — — 8. (nýr tölul.) Styrkur (fyrra árið) til útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa, helmingur kostnaðar við að gera skipakví, þó ekki yfir 10,000
17. — — — 9. (nýr tölul.) Til hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags (fyrra árið) 5000
18. 11. gr. 4. Liðurinn falli burt.
19. — — — Athugas. orðist svo:
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, o. s. frv.
20. — — 6. Fyrir: 1000—1000—2000
komi: 750— 750 — 1500
21. — — 7. (nýr liður). Styrkur til utanfarar handa hjeraðslæknum 600—600 1200. Landshöfðingi veitir styrkinn eptir tillögum landlæknis.
22. — — 11. (nýr liður) Styrkur til endurbyggingar spítalans á Akureyri 5000 (fyrra árið).
23. — — 12. (nýr liður). Styrkur til spítala á Seyðisfirði 1200—400—1600.
24. 12. gr. A. 3. f. Fyrir: 100—100
komi: 50—50
25. — — B. b. Fyrir: 50000 (innanstriks)
komi: 60000—15000
26. — — — c. Fyrir: 25000 (innanstriks)
komi: 30000—40000
27. — — — d. Fyrir 3500
komi: 5000—5000
28. — — — e. 1. Styrkur til sýsluvegagerðar í Strandasýslu (fyrra árið) 6000
2. Styrkur til sýsluvegagerðar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (fyrra árið) 3000
Styrkir þessir undir tölul. 1. og 2. veitast með þeim skilyrðum, að sýslubúar leggi til fje, er nemi að minnsta kosti helmingi styrksins, auk þess er sýsluvegasjóður leggur til, og að fyrir vegalagningunni standi verkstjóri, er ráðinn sje með samþykki landshöfðingja.

29. 13. gr. A. b. 5. (nýr liður). Styrkur til sjera P. H. Hjálmarssonar til að byggja upp staðinn (fyrra árið) 500 kr.
30. — — — — 7. Liðurinn falli burt.
31. — — B. I. b. 2. Fyrir: ölmusustyrkur
komi: námsstyrkur.
32. — — — II. b. 1. Fyrir: 6 ölmusur, 200 kr. hver
komi: námsstyrkur.
33. — — — III. c. 3. Fyrir: 9345
komi: 7500
34. — — — — — 5. Fyrir: ölmusur komi námsstyrkur.
35. — — — — 13. Fyrir: 1000
komi: 500
36. — — — V. a. Fyrir: 2500—3000
komi: 2000—2000
37. — — — — b. 1. Fyrir: 1000—1000
komi: 1400—1400
38. — — — VI. a. 1. Fyrir: 1800
komi: 2500
39. — — — — a. 3. og 4. Fyrir: á Laugalandi
komi: í Eyjafirði.
40. — — — — a. 5. (nýr liður):
Styrkur til að byggja kvennaskóla í Norðurlandi (síðara árið) 10000. Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að kvennaskólarnir á Eyjafirði og á Ytriey sameinist.
41. — — — — a. 6. (nýr liður):
Til hússtjórnarskólans í Reykjavík (fyrra árið) 2000
42. 13. gr. B. VI b. 1. Liðurinn hljóði svo:
Til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum 5500—5500
43. — — C. 1. a. Fyrir: 1800—1800
komi: 1500—1500
44. — — — — b. Fyrir: 1000—1000
komi: 900—900
45. — — — 2. Töluliðurinn verði svo:
a. Til amtsbókasafns Norðuramtsins 500
b. Til amtsbókasafns Austuramtsins 400
c. Til amtsbókasafns Vesturamtsins 400
(allt innanstriks).
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.
46. — — — Á eptir 10. komi nýr liður, sem verður hinn 11.
Styrkur til eins manns til að nema dýralækningar 600—600
47. — — — 11. (sem verður 12.).
Fyrir: að safna til
komi: að semja.

48. — — — Nýr liður (verði 13.)
Styrkur til cand. phil. Jóns Jónssonar til að rannsaka og rita um sögu Íslands á síðari tímum 600—600
(12. liður verður 14.).

49. — — — 15. (nýr liður).
Til Páls Ólafssonar skálds 600—600
(13. liður verður 16.).

50. — — — 17. (nýr liður).
Til bindindisfjelags kvenna »Hvíta bandið« 100—100
(14. liður verði 18. — 15. liður verði 19.).

51. — — — 16. (sem verður 20.) orðist svo:
Til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa 300—300

52. — — — 17. (sem verður 21.).
Fyrir: 1000—1000
komi: 800—800
(18. liður verður 22.).

53. 13. gr. C. 19. Liðurinn falli burt.

54. — — — 20. Liðurinn falli burt.

55. — — — 21. Liðurinn falli burt.

56. — — — 22. Liðurinn falli burt.

57. — — — 23. (Nýr liður).
Styrkur til útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa til að fá erlendan skipasmið, er setjist hjer að (fyrra árið) 500.

58. — — — 23. (Sem verður 24).
Fyrir: 2500—2500
komi: 1500—1500
(24. verður 25.).

59. — — — 26. (Nýr liður).
Utanfararstyrkur til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomnast í hljóðfæralist (fyrra árið) 600.

60. — — — 27. (Nýr liður).
Styrkur til Jóns Ólafssonar, fyrrum ritstjóra, til að gefa út alþýðlegt, fræðandi mánaðarrit, er sje að minnsta kosti 80 arkir á ári og sje eigi dýrara en 5 kr. árangurinn 3000—2000.

61. — — — 28. (Nýr liður).
Styrkur til Björns Þorlákssonar á Álafossi til að kaupa nýjar vjelar (fyrra árið) 1000.
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að keyptar sjeu lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressa og þófaravjel.

62. — — — 29. (Nýr liður).
Til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni 500—500.

63. — — — 30. (Nýr liður).
Utanfararstyrkur til Sigurðar Þorlákssonar, til að læra leikfimi (fyrra árið) 500.

64. 15. gr. Á eptir »84000 kr., þar af til« bætist:
ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.
Allar tölur, þar á meðal í 17. gr., breytist eptir því, sem atkvæðagreiðsla fellur.

65. Athugasemdin aptan við frumvarpsgreinarnar orðist þannig:
Úr viðlagasjóði má veita allt að 30 þús. kr. lán hvort árið til þilskipakaupa, er veitast að eins þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 5000 kr. til hvers skips.
Enn fremur leggur nefndin til að samþykktar sje eptirfylgjandi athugasemdir:

66. Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga eða einstakra manna, er hafa byggt ísgeymsluhús. Lán þessi ávaxtist með 3% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaus, en endurborgist síðan á 7 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar á meðal veð í húsunum sjálfum ásamt sjálfskuldarábyrgð, og sje eigi lánað meira en 3000 kr. í hvern stað.

67. Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 15000 kr. til hvers; ávaxtist lán þetta með 3½ % og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 25 árum.

Nd. 224. **Skýrsla**
um bænarskrár og önnur erindi, sem komið hafa til fjárlaganefndarinnar í Nd. 1897.

1. Erindi frá John M. Mitchell í London um 2500 pd. st. (45000 kr.) styrk á ári í 20 ár til þess að leggja frjettaþráð til Íslands. — Ekki tekin til greina að svo stöddu máli.
2. Bænarskrá frá frú Elínu Eggertsdóttur í Rvík um styrk til húsmæðrakennaraskóla í Reykjavík, 1800 kr. fyrra árið og 1200 kr. hið síðara. Tekin til greina sbr. till. nefnd.
3. Bænarskrá frá frú Thora Melsteð í Rvík um aukinn styrk til kvennaskólans í Reykjavík. Tekin til greina, sjá till. nefnd.
4. Bænarskrá frá þingmönnum Húnvetninga um styrk til kvennaskólans á Ytri-Ey, 3300 kr. hvort árið. Fjárveiting fram yfir till. stjórnarfrumvarpsins gat

nefndin ekki tekið til greina, af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í nefndarálitinu.

5. Bænarskrá frá stjórn kvennaskólans í Eyjafirði um 10000 kr. styrk til að koma upp skólahúsi á Akureyri. — Tekið til greina með skilyrði, sbr. till. nefdnarinnar.
6. Bænarskrá frá sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu um 25000 kr. fjárstyrk til brúarbyggingar á Vestri-Hjeraðsvötn. — Gat ekki tekizt til greina að svo stöddu.
7. Bænarskrá úr Strandasýslu um fjárveiting til brúargjörðar á Prestsbakkaá og Hvalsá í Hrútafirði. — Sökum ónógs undirbúnings ekki tekin til greina.
8. Bænarskrá frá þingmanni Strandamanna um 6000 kr. styrk til aðgjörða á sýsluvegum í Strandasýslu. — Tekin til greina, sbr. till. nefnd.
9. Bænarskrá frá þingmönnunum Eiríki Gíslasyni og Sigurði Gunnarssyni um 3000 kr. styrk til aðgjörða á sýsluvegum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. — Tekin til greina, sbr. till. nefnd.
10. Bænarskrá frá þingmanni Austur-Skaptfellinga um 3000 kr. styrk til sýsluvegarins frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu. — Með því að þjóðvegur liggur um sýsluna endilanga, sá nefndin sjer ekki fært að taka beiðni þessa til greina.
11. Beiðni frá Geithellnahreppi og Berunesshreppi í Suðurmúlasýslu um 7000—9000 kr. fjárveiting til þjóðvegarins um þá hreppa. — Nefndinni virtist nóg að gefa bendingu um þetta í áliti sínu, sbr. nefndarálitið.
12. Áskorun frá þingmönnum Ísfirðinga, Barðstrendinga og Strandamanna um aðgjörð og vörðuhleðslu á veginum um Þorskafjarðarheiði. — Tekin til greina, sbr. nefndarálitið.
13. Bænarskrá um fjárveiting til vitans á Gerðatanga í Vatnsleysustrandarhreppi, 300 kr. fyrra árið og 100 kr. seinna árið. — Tekið að nokkru til greina, sbr. till. nefnd.
14. Bænarskrá frá bæjarstjórn Akureyrar um 10000 kr. styrk til endurbyggingar á sjúkrahúsi á Akureyri. — Tekið að nokkru til greina, sbr. till. nefndarinnar.
15. Bænarskrá frá 2. þingmanni Norðmýlinga um fjárveiting til spítala á Seyðisfirði, 800 kr. hvort ár. — Tekið til greina, sbr. till. nefnd.
16. Erindi frá landlækninum um bygging sóttvarnarhúsa samkvæmt lögum 17. des. 1875. — Nefndinni virtist allan undirbúning vanta til þess að hún gæti ákveðið fjárveiting til þessa.
17. Bænarskrá frá sýslunefnd Vestur-Barðstrendinga um 5000 kr. styrk til sjúkrahúsbyggingar á Patreksfirði. — Nefndin vill að svo stöddu ekki styrkja að byggingu meira en eins sjúkrahúss í landsfjórðungi hverjum, og gat því ekki tekið beiðni þessa til greina.
18. Erindi frá landlækni um 1500 kr. fjárveiting á fjárhagstímabilinu til utanfarar 2—3 hjeraðslækna. — Tekið til greina, sbr. till. nefnd.
19 Erindi frá 2. konungkjörnum þingmanni um styrk til dýralæknaefna. — Tekið til greina, sbr. till. nefnd.

20. Bænarskrá frá 1. þm. Ísfirðinga um 800 kr. styrk á ári handa Hólmgeiri Jenssyni til þess að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins. — Nefndinni virtist ekki við eiga, að styrkja lækningar ólöggiltra manna af landssjóði.
21. Bænarskrá frá Sigurði Jónssyni á Lambhaga um 500 kr. styrk á ári til þess að geta haldið fram lækningum. — Synjað af sömu ástæðu og næstu bænarská á undan.
22. Erindi frá Þorsteini presti Benediktssyni í Bjarnanesi um 900 kr. uppbót af landssjóði fyrir tekjumissi. — Nefndinni finnst krafan á veikum rökum byggð og getur því ekki tekið hana til greina.
23. Bænarskrá frá sóknarpresti Vestmanneyinga um hækkaða fjárveiting úr 350 kr. upp í 600 kr. til að kaupa »harmonium« fyrir í Vestmannaeyjakirkju. Sjá till. nefnd.
24. Bænarskrá frá prestinum í Gaulverjabæ um 1600 kr. uppgjöf á láni því, er hvílir á prestakallinu. — Nefndinni virðist landssjóði óskylt að bæta úr þeim agnúa, er fylgir láni þessu.
25. Bænarskrá frá prestinum í Vestmannaeyjum um 300 kr. árlega uppbót á brauðið. — Nefndinni virtist þetta mál sjer óviðkomandi, þar sem þetta getur ekki fengizt nema með sjerstökum lögum.
26. Beiðni frá prestinum á Staðarbrauni um linun á árgjaldi. — Gat ekki tekizt til greina af sömu ástæðu og nefnd er næst á undan.
27. Bænarskrá frá prestinum að Eyvindarhólum um styrk til að byggja upp staðinn. — Nefndinni virtist ekki ástæða til að taka slíka beiðni til greina.
28. Bænarskrá frá prestinum að Helgastöðum um 1000 kr. styrk til þess að fullgjöra timburhús á staðnum. — Tekin til greina að nokkru leyti, sbr. till. nefnd.
29. Bænarskrá frá Jóni söðlasmið Jónssyni í Hlíðarendakoti um 600—800 kr. styrk til að leita að Stórasjó. — Nefndin hafði ekki trú á fyrirtækinu og sá því ekki ástæðu til að verða við þessari bón.
30. Bænarskrá frá skólakennara Geir Zoëga um 500 kr. styrk á ári til þess að semja íslenzk enska orðabók. — Þar sem umsækjandinn er launaður maður, sem annað starf hefur á hendi, virtist nefndinni ekki ástæða til að veita honum styrk í þessu augnamiði. Þar á móti taldi nefndin rjett að styrkja *útgáfu* slíks rits á sínum tíma.
31. Bænarskrá frá Jóni sagnfræðing Jónssyni um 1200 kr. styrk til þess að rannsaka og rita sögu Íslands á síðari tímum. Tekin til greina, sbr. tillögu nefnd.
32. Bænarskrá frá Jóni Þorkelssyni Dr. phil. í Reykjavík um 300 kr. árlegan styrk til vísindalegra starfa. Tekin til greina, sbr. till. nefnd.
33. Bænarskrá frá Þorvaldi Thoroddsen, Dr. phil., um að mega halda sama styrk og að undanförnu til þess að vinna að útgáfu jarðfræðislýsingar Íslands og uppdrátta. Tekin til greina.
34. Bænarskrá frá Jóni Ólafssyni frá Ameríku um styrk til útgáfu tímarits,

3000 kr. fyrra árið og 2000 kr. síðara árið. Tekin til greina, sbr. till. nefnd.

35. Bænarskrá frá Iðnaðarmannafjelaginu í Reykjavík um 1000 kr. árlegan styrk til eflingar iðnaði. Tekin til greina að nokkru leyti, sbr. till. nefnd.
36. Bænarskrá frá Sigurði Jónssyni í Reykjavík um 800—1000 kr. styrk til að ferðast til útlanda til þess að kynna sjer hreyfivjelar og tilbúning þeirra. Nefndinni var ekki ljóst eptir bænarskránni, hvert gagn gæti orðið að styrkveitingu þessari, og sá því ekki ástæðu til að taka beiðnina til greina.
37. Bænarskrá frá Birni Þorlákssyni á Álafossi um 2500 kr. styrk til tóvinnuvjela-kaupa. Tekin til greina að nokkru leyti, sbr. till. nefnd.
38. Bænarskrá frá Bjarna Þorkelssyni í Ólafsvík um 800 kr. styrk til þess að fara til Noregs og læra þar þilskipasmíðar. Nefndinni virtist ekki ástæða til að veita þennan styrk, sbr. till. nefnd. 13. gr. C. 21.
39. Bænarskrá frá Birni Bjarnarsyni á Reykjahvoli um 1260 kr. styrk til að kynna sjer húsabyggingar í norðurhluta Noregs og Svíþjóðar. Nefndin treystist ekki að veita þennan styrk í þessum tilgangi.
40. Bænarskrá frá Sigurði Sigurðssyni á Draflastöðum um 600 kr. styrk til að halda áfram námi erlendis í skógræktarfræði. Þar sem annar maður hefir nýlega verið styrktur af opinberu fje í sama skyni, sá nefndin ekki ástæðu til að verða við þessari beiðni.
41. Bænarskrá frá Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum um 2000—3000 kr. styrk á ári til fóðurfræðisrannsókna. Nefndin álítur tæplega tíma til kominn að veita hinn umbeðna styrk.
42. Bænarskrá frá Sigurði Þorlákssyni í Reykjavík um 1000—1200 kr. styrk til þess að læra leikfimi erlendis. Tekin til greina að nokkru leyti, sbr. till. nefnd.
43. Bænarskrá frá Bjarna presti Þorsteinssyni á Siglufirði um 1600 kr. styrk til þess að safna íslenzkum þjóðlögum. Tekin til greina að miklu leyti, sbr. stjórnarfrumvarpið.
44. Bænarskrá frá Brynjólfi Þorlákssyni í Reykjavík um 1200 kr. styrk til þess að fullkomna sig í orgelspili og öðrum hljóðfæraslætti. Tekin til greina, sbr. till. nefnd.
45. Bænarskrá frá Magnúsi organista Einarssyni um árlegan styrk til að kenna orgelspil ókeypis. Nefndin fann ekki ástæðu til að veita þessum manni hinn umbeðna styrk.
46. Bænarskrá frá Jónasi Helgasyni organista í Reykjavík um 300 kr. styrk til að gefa út sönghepti. Nefndin fann ekki ástæðu til eptir atvikum að veita þennan styrk.
47. Bænarskrá frá ekkjufrú Jakobínu Thomsen um ellistyrk. Tekin til greina, sbr. till. nefnd.
48. Bænarskrá frá 2. þingmanni Norðmýlinga um allt að 800 kr. launaviðbót handa póstafgreiðslumanninum á Seyðisfirði. Nefndin gerir ráð fyrir að póststjórnin taki slíka beiðni til greina.

49. Bænarskrá frá stórstúku Íslands um 1000 kr. árlegan styrk til útbreiðslu bindindis og bindindisrita. Tekin til greina, sbr. stjórnarfrumvarpið.
50. Bænarskrá frá stjórnarnefnd »Hvíta bandsins« um 300 kr. árlegan styrk til útbreiðslu bindindis. Tekin til greina að nokkru leyti, sbr. till. nefnd.
51. Bænarskrá frá formanni Náttúrufræðisfjelagsins um 500 kr. árlegan styrk. Tekin til greina, sbr. stjórnarfrv.
52. Bænarskrá frá Benidikt Oddssyni í Hjarðardal um 1000 kr. styrk til jarðabóta á eignar- og ábúðarjörð hans. Nefndin sá ekki ástæðu til að taka slíkar beiðnir til greina.
53. Bænarskrá frá Þorsteini borgara Jónssyni í Bakkagerði í Borgarfirði eystra um allt að 20,000 kr. lánsstyrk til þess að kaupa fiskiveiðagufuskip. Nefndin sá ekki færi til að svo stöddu að styrkja til nokkurra muna fiskiveiðagufuskip, sízt þeim mönnum, sem ekki hafa sjávarútveg fyrir aðal atvinnuveg.
54. Bænarskrá frá útgerðarmannafjelaginu í Reykjavík um 10—12000 kr. styrk til þess að byggja þurra skipakví. Tekin til greina, sbr. till. nefnd.
55. Bænarskrá frá hinu eyfirzka skipaábyrgðarfjelagi um 6—10000 kr. styrk. Tekin til greina, sbr. till. nefnd.
56. Bænarskrá frá amtmanninum í Norður- og Austuramtinu um 500 kr. styrk til Amtsbókasafnsins á Akureyri. Tekin til greina, sbr. till. nefnd.
57. Bænarskrá frá stjórn búnaðarfjelags Suðuramtsins um 10,000 kr. styrk til sameiginlegs búnaðarfjelags fyrir allt landið. Tekin til greina að nokkru leyti, sbr. till. nefnd.
58. Bænarskrá frá alþm. Sigurði Gunnarssyni um 10,000 kr. styrk til bryggjugjörðar í Ólafsvík. Nefndin gat ekki tekið beiðni þessa til greina, enda vantaði allan undirbúning frá hálfu hlutaðeigenda.
59. Bænarskrá frá sýslunefnd Dalasýslu um 3000 kr. árlegan styrk til gufubátsferða á Breiðafirði. Vísað til samgöngumálanefndarinnar.
60 Bænarskrá frá Stefáni Halldórssyni á Hallgeirsstöðum um endurgjald á 116 kr. 3 a. fyrir útlagðan málskostnað vegna Hofteigskirkju. Tekin til greina á fjáraukalögum 1896/97.
61. Beiðni frá hreppsnefnd Hörðudalshrepps um styrkveitingu til brúargjörðar á Bakkaá í Dalasýslu. Nefndin gat ekki tekið þessa beiðni til greina af því, að það vantar allan nauðsynlegan undirbúning.

Ed. 225. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 3 2. febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Þeir karlar eða konur, sem stunda nám í föstum skólum að minnsta kosti 6 mánuði af árinu, skulu undanþegnir vistarskyldunni það ár, en sanna verða þeir fyrir viðkomandi hreppstjóra eða bæjarfógeta fyrir 1. maí, að þeir fái inngöngu á skólann á því ári, og skal hreppstjóri eða bæjarfógeti skyldur að gefa vottorð um það.

2. gr. Skyldur skal hver lausamaður, þegar þess er krafizt, að hafa til sýnis auk leyfisbrjefsins skírteini það, sem ræðir um í 3. gr. laga nr. 3 2. febr. 1894, staðfest af hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta, í hvaða hjeraði sem hann er staddur; einnig skal hver húsbóndi skyldur, að láta hjú sitt, er hann lætur stunda atvinnu í annari sveit, hafa samskonar staðfest skírteini um stöðu þess og heimili. Sama skylda hvílir á þeim, sem nám stunda, að því er snertir vottorð það, sem ræðir um í 1. gr.

Brot móti þessari grein varðar sektum, 5—20 kr., sem renni í fátækrasjóð þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í. Húsbóndi endurborgi hjúi sekt og málskostnað, er það verður fyrir sökum vanrækslu hans.

3. gr. Engum lausamanni skal heimilt að taka nokkurn mann sem hjú. Brot gegn þessari grein varða 50—100 kr. sekt, er renni í fátækrasjóð þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í.

Nd. 226. **Frumvarp**

til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi o. fl.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Gjald það til landssjóðs, að upphæð 100 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi, fellur burt.

2. gr. Af skuld prestakallsins við landssjóð, er stafar af byggingu Ásólfsskála-kirkju, skulu því gefnar upp 1300 kr.

Nd. 227. **Frumvarp**

til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og niðurfærslu á árgjaldi þess.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Eptirlaun þau til uppgjafaprests, er greidd voru frá Hólmaprestakalli 1893—94 og 1894—95, skulu endurborgast úr landssjóði.

2. gr. Gjald það til landssjóðs, að upphæð 600 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Hólmaprestakalli, færist niður í 300 krónur.

Nd. 228. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum.

Nefnd sú, er hin heiðraða neðri deild hefir kosið til að segja álit sitt um frumvarp þetta og fleiri samskonar frumvörp, hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt.

Að vísu játar meiri hluti nefndarinnar (Klemens Jónsson og Ólafur Briem), að mótbárur þær, er fram hafa komið gegn löggilding nýrra verzlunarstaða, hafi við nokkur rök að styðjast, en getur þó ekki viðurkennt þær svo þýðing-

armiklar, að þar með sje fengin gild ástæða til þess, að alþingi eigi nú að víkja frá þeirri stefnu, er það hefir stöðugt fylgt um mörg undanfarin ár, og það því síður, sem sú stefnubreyting mundi koma í bága við almenna ósk og viðleitni landsmanna að ljetta aðflutninga og auka samkeppni, þar sem þess er þörf.

Meiri hlutinn leyfir sjer því að leggja það til, að frumvörp þau, er fyrir liggja, um löggilding verzlunarstaða, við Haganesvík í Fljótum, á Hjalteyri við Eyjafjörð, hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu og á Grafarnesi við Grundarfjörð, verði samþykkt óbreytt.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1897.

Ólafur Briem skrifari og framsögum. Kl. Jónsson.

Jeg er ekki á sömu skoðun og minir heiðruðu meðnefndarmenn, að næg ástæða sje til þess, að löggilda Haganesvík, Hjalteyri og Grafarnes. En af því aðflutningar í Rangárvallasýslu eru svo erfiðir, þá er gustuk að gjörð sje tilraun að ljetta fyrir sýslubúum flutninga með því að löggilda Hallgeirsey, þótt líklegt sje, að staðurinn sje ófær til verzlunar vegna hafnarleysis.

Jeg get ekki heldur verið á þeirri skoðun, að það bæti vöruverðið eða auki samkeppni, að strá smá verzlunarholum á hverja vík. Mjer virðist augljóst, að verzlunarkeppni hljóti að verða meiri, þar sem margir verzlunarmenn eru á sama stað.

Hætt er við að afleiðingin af undanförnum löggildingum á hafnlausum stöðum verði sú, að ábyrgðargjöld til Íslands hækki, þegar skipa-ábyrgðarfjelögin hafa enga trygging fyrir því, að óhætt sje að ábyrgjast skip á þær hafnir, sem löggiltar hafa verið á seinni árum. Virðist mjer því að fremur ætti að fækka en fjölga þeim löggiltu verzlunarstöðum, sem reynast óbrúkandi, og setja þau ákvæði, að löggildingin væri ógild, þegar ekki hefur verið byggt verzlunarhús innan 5 ára frá löggildingardegi.

Og að endingu virðist mjer óþarft, og of mikið haft við, að semja sjerstakt lagaboð fyrir hvern stað, hvar af sumir eru harla ómerkilegir, heldur mætti nægja að semja eitt lagaboð fyrir alla þessa 4 nýju verzlunarstaði.

Af nefndum ástæðum vil jeg leyfa mjer að leggja það til:

1. Að frumvörpin um löggilding á Haganesvík, Hjalteyri og Grafarnesi sje felld.
2. Til vara: að þessum þremur stöðum sje bætt inn á »Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu«.
3. Að nýrri grein sje bætt við svo hljóðandi:

Hafi eigi verið byggt verzlunarhús og verzlun byrjuð innan 5 ára frá löggildingardegi, þá er löggildingin upphafin og úr lögum numin.

Tryggvi Gunnarsson.

Af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru hjer að framan, leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Firði

í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu verði samþykkt, en minni hlutinn ræður háttv. deild til að fella það.

Neðri deild alþingis 26. júlí 1897.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Olafur Briem, skrifari og framsögum.

Kl. Jónsson.

Ed. 229. **Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Meiðastaði í Gullbringusýslu	2250 kr.
2.	Þormóðsdal í Kjósarsýslu	4000 —
3.	Fitjakot í sömu sýslu	1250 —
4.	Elliða í Snæfellsnessýslu	1650 —
5.	Foss í sömu sýslu	500 —
6.	Efri Miðvík í Ísafjarðarsýslu	450 —
7.	Bjarnanes í Strandasýslu	1100 —
8.	Skinnastaði í Húnavatnssýslu	2150 —
9.	Brekku í sömu sýslu	3500 —
10.	Brekkukot í sömu sýslu	1100 —
11.	Páfastaði í Skagafjarðarsýslu	2650 —
12.	Litla Dunhaga í Eyjafjarðarsýslu	1900 —
13.	Hallgilsstaði í sömu sýslu	2100 —
14.	Syðri Reistará í sömu sýslu	2400 —
15.	Ytri Reistará í sömu sýslu	2350 —
16.	Kjarna í Arnarneshreppi í sömu sýslu	2400 —
17.	Bragholt í sömu sýslu	2050 —
18.	Syðri Bakka í sömu sýslu	2600 —
19.	Reykhús í sömu sýslu	1100 —
20.	Brenniás í Þingeyjarsýslu	750 —
21.	Litla Sandfell í Suður-Múlasýslu	1250 —
22.	Sellátur í sömu sýslu	1600 —
23.	Högnastaði í sömu sýslu	750 —
24.	1/2 Gestsstaði í sömu sýslu	1000 —
25.	1/2 Vattarnes í sömu sýslu	4000 —
26.	Berunes í sömu sýslu	1450 —
27.	Dalshöfða í Skaptafellssýslu	850 —
28.	Hörgsland með hjáleigunum Hörgslandskoti, Mosakoti og Múlakoti í sömu sýslu	5600 —
29.	Hörgsdal í sömu sýslu	3200 —
30.	Kirkjubæjarklaustur í sömu sýslu	3750 —
31.	Hraunbæ í sömu sýslu	500 —
32.	Skálmarbæ í sömu sýslu	1600 —
33.	Mjóadalsblett í Snæfellsnessýslu	125 —

2. gr. Landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, sem gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. desember

Sþ. 230. **Frumvarp**

til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum; (eins og það var samþykkt við eina umr. í neðri deild).

1. gr. Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, með opinberri stefnu, er birta skal þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, innkalla með árs og dags fyrirvara handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin ára 20 gömul þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigendum — en þar með skal ávallt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Þegar ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, getur innköllun eptir þeim eigi lengur átt sjer stað.

Mál samkvæmt lögum þessum skulu rekin fyrir aukarjetti, er halda má á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er hin veðsetta fasteign liggur í.

2. gr. Um þau veðskuldabrjef, er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, að innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómaranum, að sá, er hefir hina veðsettu eign, kannist við veðskuldbindinguna, eða að hlutaðeigandi veðhafi hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

3. gr. Í málum þeim, er ræðir um í 1. gr., skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landssjóði.

Fyrir afmáun, bókun og áritun eptir 2. gr. skal ekkert borga.

Ed. 231. **Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði.

Flutningsm. Jón Jónsson.

Verzlunarsvæðið á Nesi Norðfirði skal ná frá svo kölluðum Bakkalæk að austan að Kross-skálavík að vestan, 50 faðma á land upp frá stórstraumsflóðmáli.

Nd. 232. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga 1898—1899, og við br.till. nefndarinnar.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Við 10. gr. C. 3. Fyrir: »brunabótagjald« komi: »brunabóta- og sótaragjald«. Orðið »ýmsar« falli burt.

2. — — — — 4. a. 4. Í stað: »2000« komi: »3000«, til vara: »2500«.

3. Við br.till. nefndarinnar: 13. Í stað: «4000» komi: 10000«.

4. Við 10. gr. C. Á eptir 6. bætist inn:
»Til að rannsaka hafnastæði og lendingar við suðausturströnd landsins 600 kr. (fyrra árið).

5. Við 12. gr. B. Á eptir »a« bætist inn nýr liður:
»Til verkfróðs aðstoðarmanns við hinar vandaminni samgöngubætur, allt að 1500 kr.« (þ: hvort árið, upphæðin innanstriks).

6. Við 13. gr. A. Á eptir b. 4. bætist inn 2 nýir liðir:
5. Bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum 200—200
6. Uppbót fyrir tekjumissi til síra Þorsteins Benediktssonar á Bjarnanesi . . . . . 900 – 150

7. Við 13. gr. C. bætist nýr liður (31.):
Utanfararstyrkur til Sigurðar Jónssonar járnsmiðs til að kynna sjer tilbúning hreyfivjela 800 kr. (fyrra árið).

8. Við br.till. nefndarinnar tölul. 65.
Orðin: »er veitast . . . . að aðalatvinnuvegi« falli burt.

9. Við br.till. nefndarinnar, tölulið 67: Í stað »30,000« komi: »45,000«
Í stað orðanna: »og sje afborgunarlaust . . . . 25 árum« komi: »og sje vaxta- og afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 28 árum«.

Nd. 233. **Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga 1896—1897.

Fjárlaganefndin hefir nú tekið til athugunar frumvarp til fjárauka-

laga fyrir árin 1896 og 1897, samkvæmt því, sem henni var falið af neðri deild alþingis.

Að athuguðum ástæðum stjórnarinnar við hverja grein fyrir sig finnur nefndin ekki ástæðu til að leggja á móti neinum þeim upphæðum, sem þar er farið fram á. Þar á móti hefir nefndinni borizt erindi frá fyrverandi presti Stefáni Halldórssyni, þar sem hann fer fram á, að fá greiddan úr landssjóði útlagðan málskostnað í gjafsóknarmáli, er hann sótti vegna Hofteigskirkju á Jökuldal árið 1887 og næstu ár á eptir á hendur Möðrudal á Fjalli. Upphæð kostnaðarins var, að því er Hofteigskirkju snerti, kr. 116,03 eptir landamerkjadómi. En sökum þess, að gjafsóknarleyfið hafði eigi verið lagt fram í rjettinum, vildi hlutaðeigandi amtmaður eigi greiða málskostnað þennan til þáverandi prests sjera Stefáns Halldórssonar og er hann honum ógoldinn enn í dag.

Nefndin hefir nú kynnt sjer málavexti, sem að þessu lúta, og virðist henni einsætt að greiða upphæð þessa eins og annan gjafsóknarkostnað, þó lítilsháttar formgalli ætti sjer stað af hálfu hlutaðeiganda. Leggur hún því til, að upphæðin sje sett á fjáraukalögin 1896—1897.

Jafnframt hefir nefndin fengið vitneskju um, að erindsreki Odd-Fellow-reglunar hafi haft það í skilyrði fyrir byggingu holdsveikisspítalans í Laugarnesi, að vagnvegur væri lagður þangað frá Rauðará, og það á komandi hausti. Nefndinni virðist því einsætt, að ætla hæfilega upphæð til þessa á fjáraukalögunum, og mun ekki veita af 3000 kr.

Nefndin leyfir sjer því samkvæmt þessu að koma með þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 2. gr. orðist svo:

Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna veitist:

a. Undir staflið B. 4. f. Til Stefáns Halldórssonar fyrv. prests í Hofteigi . . . . . kr. 116 03

b. undir staflið C. 9—10

Til nýrra ljósfæra í Reykjanesvitann . . . . . kr. 5500 00

Til forstöðumanns stýrimannaskólans M. Bjarnasonar til þess að fara til Danmerkur og kynna sjer þar hirðing minni vita . . . . . kr. 700 00 6200 00

Samtals kr. 6316 03

2. við 3. gr. í stað »200 kr.« komi: 3200 kr.

Alþingi 26. júlí 1897.

Fjárlaganefndin.

Nd. 234. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878.

Frá Pjetri Jónssyni, Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Kl. Jónssyni, Þórði J. Thoroddsen, Þorláki Guðmundssyni, Eiríki Gíslasyni.

Við 2. gr. Í staðinn fyrir orðin:

»Sú kýr — — loka febrúarmánaðar«
komi: Kýr telst leigufær, ef hún er ófötluð.

Nd. 235. **Breytingaratkvæði**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Islands 5. jan. 1874. 1. gr., 2. gr., 3. gr., 25. gr., 34. gr. og ákvæði um stundarsakir. Frá Ben. Sveinssyni.

1. Við 1. grein.

Í staðinn fyrir: 1. grein í frumvarpinu komi svolátandi grein:

1. gr. orðist svo:

Í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, 3. gr., varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendunum.

Lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, skulu ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess.

Samkvæmt 2. gr. í tjeðum lögum tekur Ísland aptur á móti engan þátt í löggjafarvaldinu að því leyti, er snertir hin almennu málefni ríkisins, á meðan það ekki hefir fulltrúa á ríkisþinginu, en á hinn bóginn verður þess heldur ekki krafizt á meðan, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins.

2. Við 2. grein:
Orðin í fyrri málsgrein: »og verður að skilja og tala íslenzka tungu«, falli burtu.

3. Við 5. grein:
Í staðinn fyrir orðin: »og má hann þá veita öðrum manni . . . . . á ábyrgð ráðgjafans« komi: og skal landshöfðingi þá eiga þar sæti í hans stað og á hans ábyrgð. Ráðgjafinn getur einnig veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja, og, að láta því í tje skýrslur, sem virðast nauðsynlegar. Í forföllum landshöfðingja má veita öðrum umboð til þess, að semja við þingið í hans stað.

4. Í staðinn fyrir orðið í fyrirsögninni: »ákvæði« komi: ákvörðun.

Nd. 236. **Breytingartillaga**
við breytingartillögur nefndarinnar við fjárlög 1898 og 1899.

Frá Þorláki Guðmundssyni.

Við 13. gr. C. tl. 49. Liðurinn orðist svo:
Til Páls Ólafssonar skálds 400—400.
Til Brynjólfs Jónssonar skálds 200—200.

Ed. 237. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um mælingu vega. (Þingskjal 208).

Frá Hallgr. Sveinssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna (í 2. línu): »Og halda því áfram jafnótt og vegirnir eru lagðir« komi: svo skulu og eptirleiðis slíkir vegir mældir, jafnótt og þeir eru lagðir.

— — — Í stað orðanna í síðustu línu: »á þeirri hlið marka, er veit mót norðri« komi: á þeirri hlið marka, er veit að veginum. Auk þess skal sú hlið marka, er veit mót rjettu norðri, auðkennd með bókstafnum N.

Nd. 238. **Nefndarálit**
um frumv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljót og Laxá í Þingeyjarsýslu.

Fjárlaganefndin hefir nú tekið frumvarp þetta til íhugunar, og meiri hlutinn komizt að þeirri niðurstöðu, eptir samkomulagi við flutningsmann, að nema skuli úr frumvarpinu ákvæðið um Laxárbrúna. Nefndin leggur því til, að frumvarpið sje samþykkt með þessari breytingu:

Við 1. gr. Orðin: »og brýrnar á Laxá hjá Grenjaðarstað« falli burtu.

Fjárlaganefndin.

Ed. 239. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að koma á gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík og auka kennsluna við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

Hin háttvirta efri deild hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til þess að athuga frumvarp þetta, og er það samhuga álit vort, að grundvallaratriði frumvarps þessa, það er tvískipting kennslunnar í gagnfræðakennslu og lærða kennslu, sje með öllu rjett. Nefndin verður að vera á þeirri skoðun, að betra sje fyrir þroska og menntun vorra ungu manna, að þeir byrji ekki á lærða náminu, fyr en gagnfræðakennslunni er að mestu lokið. En nefndinni hefir einnig verið ljóst, að óskir bæði alþingis og landsmanna hafa gengið í þá átt, að námstími vorra ungu manna væri of langur, eins og hann er nú; og að orsökin til þessa væri einkum í því fólgin, að allt of miklum tíma væri varið til kennslu í þeim fræðum, er óþörfust eru vorum ungum mönnum, því að nefndin hafði hugfast það spakmæli, »svo eru hyggindi sem í hag koma«. Með þessu meinar nefndin kennslu í hinum gömlu málum, latínu og grísku, sem öll áherzlan hefir verið lögð á hingað til. Af þessum rökum stingur nefndin upp á því, að kennslutíminn sje einu ári styttri en farið er fram á í frumvarpinu, að griskunámið sem skyldunám sje af numið, og að talsvert færri stundum sje varið til latínu en nú er. En þó að nú sje fækkað kennslustundum við latínunámið, ætlar nefndin, að nemendur verði því nær jafnfærir um og nú að skilja latínskar bækur, þar sem kennslan byrjar þá fyrst, er menn eru komnir á sitt hið bezta þroskaskeið, og hafa áður vanizt tungnanámi í þrjú ár, en nefndin ætlar það til lítillar nytsemdar ungum mönnum, að þeir læri að skrifa og tala latínu, þar eð sú tunga er nú löngu dauð.

Svo að sjá megi, hvernig nefndin hefir hugsað sjer þetta kennslufyrirkomulag svo, að gagnfræðanáminu yrði lokið á 3 árum og lærðu kennslunni á öðrum 3 árum, svo að menn með henni verði fullvel undir það búnir að geta haft not af kennslu við æðri skóla, þá lætur nefndin fylgja áliti sínu stundatöflu yfir kennsluna í báðum deildunum. Nefndin verður og að geta þess, að niðurröðun þessarar töflu er byggð á því, að nemendur komi ekki í neðri deild skólans yngri en fullra 14 ára, enda verður nefndin að álíta, að það sje hollast ungum mönnum, að þeir sje eigi knúðir svo mjög til náms á yngri árum, meðan líkamsvöxtur þeirra hefir náð svo litlum þroska. Annað atriði verður nefndin og að nefna sem skilyrði fyrir inngöngu í skólann, og það er, að numið hafi verið lítið eitt meira en heimtað er við burtför úr hinum beztu barnaskólum vorum, og ætlum vjer reglugjörð skólans að ákveða nákvæmar um það atriði.

Að því er griskunám snertir, þá vildi nefndin með sjerstöku tilliti til þeirra, er lesa guðfræði á háskólanum og prestaskólanum, eigi með öllu gera mönnum ómögulegt að fá nokkra fræðslu í þeirri tungu, og hefir því gert ráð fyrir að einum eða fleiri af kennurum lærða skólans skuli skylt að veita þeim, er þess óska, kennslu í henni. Í sambandi við það leyfum vjer oss að taka fram, að nefndin hefir hugsað sjer að griskunám geti sameinazt kennslu þeirri í

guðfræði, sem gert er ráð fyrir í stundatöflu þeirri, er fylgir nefndarálitinu, þannig að lesnir væri kaflar úr guðspjöllunum á frummálinu.

Nefndin áleit það einnig rjett að auka svo kennsluna við Möðruvallaskólann, að sá skóli gæti að öllu leyti svarað til neðri deildar Reykjavíkur skólans, því að nefndinni er það kunnugt, að því mundi mjög vel tekið í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi, að ungir menn þyrftu eigi að fara lengra, fyr en hinlærða kennsla byrjaði. Nefndinni er að vísu kunnugt, að allmikið fje mundi þurfa til þess að bæta við húsrúm á Möðruvöllum til þess, að þessari skipun yrði þar á komið, svo í lagi færi. En hún hefir ekki farið fram á, að neitt sjerstök upphæð yrði veitt til þess, bæði sökum þess, að hún gat ekki gefið neina áreiðanlega áætlun um þann kostnað, og svo er það skoðun margra manna þar nyrðra, einkum á Akureyri, að skólinn mundi betur settur þar, og mundi Akureyrarbær fús til að leggja fram talsvert fje til þess, að skólinn yrði fluttur þangað.

Af þessum ástæðum vill nefndin ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarp þetta með þeim breytingum, sem hjer fara á eptir.

1. við 1. gr. Í stað orðanna: »Til þess að koma þessu á . . . veitast 700 kr.« komi: Í gagnfræðadeildinni, er nær yfir 3 neðstu bekki skólans, skulu kenndar þessar námsgreinir: Íslenzka, danska, enska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, landafræði, söngur, dráttlist og leikfimi. Í efri deildinni, er nær yfir 3 efstu bekki skólans, skulu þessar námsgreinir kenndar: Íslenzka, danska, enska, saga, eðlisfræði, latína, þýzka, frakkneska, stærðfræði, guðfræði, söngur og leikfimi.
2. við 2. gr. Orðin: »Svo að kennslan . . . lærða skóla«, falli burt.
3. — 3. — Orðin: »Og einum kennara auk þeirra, sem nú eru«, falli burt.
4. — 3. — Aptan við orðin: »1 kennara«, bætist: sem verður annar kennari.
5. — 3. — Orðin: »Kennarinn við lærðaskólann fær 2400 kr.« falli burt.
6. — 4. — Orðin: »Í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík og«, falli burt.
7. — 4. — Í stað orðanna: »Í lögum . . . 1. gr.,« komi: Í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík í 1. gr.

6. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: Frumvarp til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum.

Alþingi 24. júlí 1897.

Jón A. Hjaltalín	Jón Jakobsson
skrifari.	framsögumaður.
Sigurður Stefánsson.	Sigurður Jensson.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum í áliti því, sem skráð er hjer að framan, og skal jeg stuttlega taka fram ástæður mínar fyrir því.

Frá hálfu alþingis hafa optar en einu sinni samhliða komið fram tvær aðalóskir, að því er snertir lærða skólann í Reykjavík:

1. að kennsla í hinum gömlu, svonefndu klassisku tungum, grísku og latínu, verði stórvægilega minnkuð frá því, sem nú er; og

2. að sameinuð verði gagnfræðakennsla við »lærðu« kennsluna.

Þessari síðarnefndu ósk leitaðist stjórnin við að fullnægja með frv. því um kennslu í lærða skólanum, sem lagt var fyrir alþingi 1895, þar sem farið var fram á lenging skólatímans um 2 ár, þannig, að bekkirnir skyldu verða 8 að tölu, og gagnfræði kennd í hinum 4 neðstu þeirra, en »lærða« kennslan, ásamt framhaldandi og aukinni gagnfræðakennslu, fara fram í 4 hinum efri bekkjum. Að eins með þessum bekkjafjölda áleit stjórnin fært að sameina hinar 2 tegundir kennslunnar, og hafði hún um málið leitað álita kennara latínuskólans og Möðruvallaskólans, stiptsyfirvaldanna, landshöfðingja og formanns kennsluumsjónarnefndarinnar fyrir lærða skóla og gagnfræðaskóla í Danmörku.

Fyrri kröfunni sá stjórnin sjer aptur á móti alls eigi fært að sinna, af þeim ástæðum, að stúdentar hjeðan, sem ekki hefðu notið kennslu í latínu og grísku í líkum mæli og stúdentar frá dönskum skólum, mundu alls eigi fá aðgang að háskólanum í Kaupmannahöfn, en afleiðingin af því mundi verða, að þeim yrði að mestu leyti fyrirmunað að verða æðri menntunar aðnjótandi en þeirrar, sem fáanleg væri hjer á landi.

En frv. stjórnarinnar gat efri deild alþingis ekki aðhyllzt 1895 og felldi það því.

Þó að jeg í sjálfu sjer geti kannazt við, að sökum hinna mörgu kennslugreina (náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði, lifandi tungna, skólaiðnaðar o. fl.), sem á síðari árum ýmist hafa bætzt við skólanámið, eða námskröfurnar í þeim verið hertar, ýmist er talið nauðsynlegt, að þeim verði bætt við sem fyrst, væri það mjög æskilegt, til þess að skólanámið íþyngi nemendunum ekki um of, að sleppa mætti einhverjum af þeim kennslugreinum, sem nú taka upp mikið af námstímanum, án þess hægt sje að sanna, að námið í þeim beri samsvarandi ávexti öllum þorra nemendanna, svo sem álit margra er um grísku- og latínunámið, þá fæ jeg með engu móti sjeð, að vjer Íslendingar, hin fámenna og afllitla, afskekkta þjóð, sjeum þess umkomnir, að gjörast forkólfar í afnámi þessara tungna, annarar eða beggja, eða stórvægilegri takmörkun á námi þeirra í vorum eina lærða skóla. Jeg fæ og eigi sjeð, að eptir því sambandi, sem vjer stöndum í við Danmörku og hinn danska háskóla, sje slíkt gjörlegt fyrir oss, á meðan þessleiðis breyting ekki er komin á í Danmörku.

Að því er sjerstaklega snertir niðurlagning grískunnar sem skyldunámsgreinar, þá er þar sá mikli agnúi á, að allmikil þekking í því máli er óumflýjanlega nauðsynleg öllum þeim, sem stunda guðfræðisnám, hvort heldur er á háskólanum eða á prestaskóla vorum, þar sem á báðum er ætlazt til þess, að nemendurnir sjeu, þegar þeir koma þangað, svo færir, að þeir geti lesið nýja testamentið á frummálinu. Og þótt gefinn yrði í latínuskólanum kostur á kauplausri kennslu í grísku, utan hinna reglulegu kennslustunda, þá mundi það engan veginn bæta nægilega úr þessum agnúa, bæði vegna þess, að flestum nemendum yrði æði erfitt að bæta á sig svo þungu aukanámi sem gríska er, og fæstir mundu þegar, 2—3 árum áður en þeir skyldu útskrifast úr skólanum, vera svo fastráðnir í, að hverju námi þeir síðar mundu snúa sjer, að þeir, sem guðfræð-

isveginn gengju, hefðu í tíma notað sjer þessa aukakennslu. Þar sem nú tillögur meðnefndarmanna minna aðallega byggjast á nær því fullu áfnámi grískukennslunnar í lærða skólanum, get jeg ekki af framangreindum ástæðum fallizt á þessar tillögur. En þar sem jeg hinsvegar hlýt að bera kvíðboga fyrir því, að gagnfræðakennsla í þremur bekkjum, eins og frv. fer fram á, mundi reynast miður fullnægjandi, treysti jeg mjer ekki heldur til, að ráða hinni heiðruðu deild til að gefa því atkvæði sitt.

Hallgr. Sveinsson.

Stundatafla

hins fyrirhugaða real- og lærðaskóla í Reykjavík.

Námsgrein.	Real-deildin.			Lærða-deildin.			Samtals stundir.	Nú í lat.sk. stundir.	Eptir uppástungu kennara lat.sk. 1892.
	I	II	III	IV	V	VI			
Íslenzka . .	5	5	4	4	3	3	24	17	28
Danska . . .	4	3	4	2	2	2	17	14	20
Enska	6	6	6	2	2	2	24	10	20.23
Þýzka				4	3	3	10	14	9
Latína				12	9	7	28	43	42
Saga	5	5	5	3	3	4	25	17	25
Landfræði . .	3	3	4				10	8	10
Náttúrusaga .	4	4	3	2	3	2	18	10	15
Eðlisfræði . .				1	4		7	7	7
Stærðfræði .	4			3	2	4	24	19	34
Trúbrögð . . .				2	2	2	6	9	10
Teiknun . .	2	3	2				7	3	10*
Söngur . . .	2	2	1	1	1	1	8	4	10
Franska . .					2	3	5		
Samtals	35	36	35	36	36	35	213		
Leikfimi . . .									
Gríska									* + skript.

Ed. 240. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Fjenaður skal lagður í tíund, sem hjer segir:

1 kýr leigufær	1	hundrað.
2 kýr eða kvígur mylkar, sem eigi eru leigufærar	1	——
3 geldneyti tvævetur eða geldar kvígur	1	——
2 naut eldri	1	——
6 ær með lömbum leigufærar	1	——
12 ær, sem eigi eru leigufærar	1	——
10 sauðir eða hrútar þrjevetrir eða eldri	1	——
12 sauðir eða hrútar tvævetrir	1	——
24 gemlingar	1	——
4 hross fimm vetra eða eldri	1	——
6 tryppi tveggja til fjögra vetra	1	——

Fella skal úr tíund sjöunda hluta fjenaðarins.

2. gr. Kýr telst leigufær, sem er ófötluð og á að bera á tímabilinu frá miðjum október til loka febrúarmánaðar. Kelfdar kvígur, sem óbornar eru 11. dag júnímánaðar, skulu lagðar í tíund sem geldar kvígur. Ær með lambi telst leigufær, sje hún ófötluð og borin 11. júní. Lömb, sem farast milli hreppskila, teljast til vanhalda 4 al. hvert.

3. gr. Við tíundarílagning skal lausafjárupphæð hvers framteljanda standa á heilu eða hálfu hundraði; 60 al. og þar yfir, allt að 119 al., sje gert $^1/_2$ hundrað, en færri álnum sje sleppt.

4. gr. Skip og báta, sem ganga eina eða fleiri vertíðir á árinu til fiskiveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

1 þilskip, 20 smálesta eða minna	3	hundr.
1 þilskip, frá 21—40 smál.	4	——
1 þilskip, 41 smál. og þar yfir	5	——
1 áttæringur eða stærra skip	$1^1/_2$	——
1 sexæringur eða feræringur	1	——
1 tveggja manna far	$^1/_2$	——

Veiðigögn fylgja skipi hverju í tíund. Eigendur þilskipa eru skyldir að segja til lestarúms skipa sinna, þegar þeir telja þau fram til tíundar.

5. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. og 3. gr. laga um lausafjártíund 12. júlí 1878.

Nd. 241. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu nefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá: Sighv. Arnasyni, Þórði Guðmundssyni.

Við tölul. 11. 10. gr. C. 4. b. Fyrir: 18,000 komi: 20,000.

Nd. 242. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1898 og 1899.
Frá: Þórði Guðmundssyni og Sighvati Árnasyni.

Við 13. gr. A. b. 5. (nýr liður). Styrkur til sjera Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn (fyrra árið) 300 kr.

Nd. 243. **Nefndarálit**
um fjárkláðamálið.

Nefnd sú, er hin háttvirta deild hefir falið málefni þetta til íhugunar, hefir tekið málið í heild sinni til rækilegrar meðferðar og hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sje að breyta hinum gildandi lögum í ýmsum greinum, að því er þetta efni snertir, til þess fengizt geti ýtarlegri og hagfelldari reglur um ýms atriði, og hefir nefndin leyft sjer að bera upp frumvarp í þessa átt, um breyting á tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. Ennfremur vill nefndin leyfa sjer að benda á nokkur atriði, er sjerstaklega snerta framkvæmdir þeirra stjórnarvalda, er um málið hafa fjallað eða eiga að fjalla, ef ske mætti, að þessar bendingar yrðu til greina teknar við ráðstafanir þær, er gjörðar verða í þessu máli.

Nefndin er eindregið á því máli, að fjárkláðinn hafi breiðzt mjög út og magnazt á hinum síðari árum og að brýn nauðsyn sje til, að bæði yfirvöld, er um það mál eiga að fjalla og almenningur manna, er fyrirsjáanlega hlýtur að bíða stórtjón árlega, ef veikinni er liðið að breiðast út, verði sem fyrst að gjöra rækilegar tilraunir til að hepta sýkina og útrýma henni, og að árangur af þeim ráðstöfunum sje mjög undir því kominn, að þessar tilraunir verði gjörðar með sem beztum samtökum og á sem hagfelldastan hátt. Það er jafnframt álit nefndarinnar, að heppilegt sje, að skerpa eptirlitið með því, hvort fjárkláða verður vart, með því sjerstaklega, að leggja þá skyldu á hreppsnefndir að hafa slíkt eptirlit, jafnframt hreppstjóra og hinum tilkvöddu aðstoðarmönnum. Þetta virðist standa í eðlilegu sambandi við skyldur þær, er sjerstaklega eru lagðar á nefndirnar við fjársöfnun á afrjettum og í heimalöndum að haustlagi, og mundi opt reynast hægra að finna kláðann, væri hann t. d. í afrjettarfje, með því að leitarmenn veittu fjenu sjerstaka eptirtekt í göngunum, heldur en jafnvel með gagngjörðri skoðun í rjettum, þegar fje er komið í þjettan hnapp. Aðrar skyldur í þessu efni fer nefndin eigi fram á að lagðar sjeu á hreppsnefndirnar.

Það annað nýmæli, er nefndin hefir í þessu efni farið fram á, er það, að amtsráðunum sje falið að semja reglugjörðir, er hafi inni að halda nánari fyrirskipanir um ýmsar ráðstafanir, er lúta að hinum sjerstaklegu framkvæmdum í þessu máli, bæði skoðunum og böðunum, baðlyfjum, tegund þeirra og samsetning, sótthreinsun fjárhúsa og niðurjöfnun kostnaðar við eptirlitið af hálfu hins opinbera. Þessa tillögu sína vill nefndin rökstyðja með því, að hún er í sjálfri sjer mjög eðlileg eptir afstöðu amtsráðanna gagnvart bæði almenningi og hlutaðeigandi yfirvöldum, og auk þess hafa amtsráðin þegar síðan 1892 látið þetta mál

mjög til sín taka, þótt núgildandi lög eigi gjöri ráð fyrir neinum slíkum afskiptum af þeirra hendi, og þau hafa ótilkvödd unnið að því af miklum áhuga, að koma fram skoðunum og böðunum, þar sem þörf hefir verið á, og hafa án efa unnið málinu gagn með tillögum sínum. Það virðist því geta haft mikla þýðing fyrir málið, að þeim sje veitt vald til að gefa fyrirskipunum sínum það gildi í þessar stefnur, er nauðsynlegt er til þess, að þær komi að fullum notum í framkvæmdinni, og má þá vænta enn betra árangurs en áður, sjerstaklega þar sem gjöra má ráð fyrir að amtsráðin geti eptirleiðis í þessu efni notið aðstoðar dýralækna við samning reglugjörðanna. Að öðru leyti hefir nefndin haldið sjer sem mest að hinni eldri tilskipun, að því leyti ákvarðanir hennar eigi hafa útheimt breytingar, fyrir þá sök helzt, að gagngjörð breyting er orðin á skipun sveitarstjórnarvaldanna, síðan tilskipunin kom út. Þó skal þess getið, að nefndin hefir bætt inn ákvæði um niðurskurð, án skaðabóta til eiganda, á því fje, er finnst með kláða að hausti til, nema svo sjerstaklega standi á, að eigandinn kjósi heldur að kosta lækning þess á sjerstakan, fulltryggilegan hátt. Ennfremur hefir nefndin álitið hentugast, að amtsráðin ákvæði borgun til skoðunar- og böðunarmanna og jöfnuðu honum niður, og vakir það fyrir nefndinni, að rjettlátast mundi að jafna honum niður á tölu fjár þess, er baðað er eða skoðað, eptir skrám, er hreppstjóri eða aðstoðarmenn rituðu upp, en hins vegar hefir nefndin eigi viljað lögákveða það, þar sem það opt gæti verið nauðsynlegt, að lagt væri nokkuð fje úr jafnaðarsjóði til þessa, einkum ef um sjerstakar ráðstafanir er að ræða, er hefði þýðing fyrir amtið í heild sinni. Það er að öðru leyti álit nefndarinnar, að fjáreigendur eigi að vera skyldir til, að leggja til á eigin kostnað bæði baðlyf, verkafólk og áhöld, eptir nánari fyrirsögn, er sjerstaklega sje tryggileg í þá stefnu, að baðlyfin verði nægilega sterk og böðunin að öðru leyti vandlega framkvæmd.

Það er, eins og eptir hinni eldri tilskipun, lögreglustjórnin, sem annast á allar verklegar framkvæmdir í málinu og hefir nefndin, eptir áskorun frá 2 amtsráðum fundið ástæðu til, að leggja það til, að vald amtmanna í þessu efni verði rýmkað í þá átt, að þeim verði veitt heimild til að fyrirskipa baðanir á stærra eða minna svæði í amtinu, þótt þar hafi ekki orðið vart við kláða. Nefndin hikar því síður við að leggja þetta til, þar sem það jafnvel er álit nefndarinnar, að það væri hagur en eigi skaði fyrir fjáreigendur, að þeim væri gjört að skyldu með lögum að baða allt sitt sauðfje árlega í að minnsta kosti eitt skipti svonefndu »þrifabaði«.

Um afstöðu málsins nú hjer á landi tekur nefndin fram, að það eru að eins 6 sýslufjelög á landinu, sem kláði hefir eigi fundizt í, og virðist því, eins og þegar er sagt, tilfinnanlegur háski búinn sauðfjáreign landsbúa, ef eigi er að gjört.

Nefndin tekur það fram, að tilraunir þær, er gjörðar hafa verið, sjerstaklega þar sem þær hafa átt að vera nokkuð viðtækari, hafa farið mjög í mola og orðið að minna liði, en við mátti búast og kennir nefndin það bæði óhagfelldri löggjöf, tómlæti einstakra lögreglustjóra og hreppstjóra og eigi hvað

sízt hirðuleysi og jafnvel sumstaðar berum mótþróa af almennings hálfu. Svo hefir og mjög víða verið kvartað undan skorti á baðlyfjum.

Nefndin telur nú líklegt, að þessi vandkvæði á framkvæmdum í málinu muni hverfa og gjörir nefndin ráð fyrir, að þær ráðstafanir er framkvæma á næsta haust og vor heppnist betur, en tilraunir þær, er gjörðar hafa verið til þessa. Að því er sjerstaklega snertir útvegun baðlyfja, þá hefði nefndin talið mjög heppilegt, að hið opinbera hefði staðið fyrir kaupum á þeim, helzt í einu lagi fyrir sem stærst svæði, svo að menn eigi gæti notað þá afsökun, að þau væri ófáanleg. Auk þess telur nefndin víst, að landinu hefði á þann hátt sparazt stórfje, þar sem t. d. nefndinni hefir borizt tilboð frá útsölumanni einnar baðlyfja-verksmiðju um sölu á »Pearsons Kreolin« fyrir 25% lægra verð hjer á landi, en verð þess í smærri kaupum er á Skotlandi. Nefndin hefir samt eigi sjeð sjer fært að svo stöddu að koma með tillögu til þingsályktunar í þessa átt, en nefndin hefir ástæðu til að ætla, að amtmennirnir muni gangast fyrir því, að sýslufjelögin að þessu sinni gjöri gegnum sýslunefndirnar eða hlutaðeigandi sýslumenn ráðstafanir til þess, að fyrirbyggja í tíma skort á baðlyfjum.

Nefndin hefir því að þessu sinni álitið rjett að láta þessa hlið málsins eigi frekar til sín taka, en ræður hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarp það, er upp hefir verið borið af nefndinni.

Neðri deild alþingis 28. júlí 1897.

Þorlákur Guðmundsson	Guðl. Guðmundsson
formaður.	skrifari og framsögumaður.
B. Sveinsson.	Sighv. Árnason.

Þótt jeg sje eigi að öllu leyti samþykkur meðnefndarmönnum mínum finn jeg eigi ástæðu til að gera sjerstakar ágreinings-tillögur.

Jón Jónsson þm. Eyf.

Ed. 244. **Frumvarp**

til laga um innheimtu á tekjum presta. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Skylt er sýslumönnum og bæjarfógetum, þegar þjónandi prestar þjóðkirkjunnar óska þess, að heimta inn fyrir þá á manntalsþingum þessar tekjugreinir, fyrir hið útlíðandi fardagaár: heytolla, dagsverk, tíundir af fasteign og lausafje og lausamannagjald. Fyrir þessa innheimtu bera valdsmanni 4 af hundraði hverju.

Eindagi preststíundar er 10. dagur aprílmánaðar.

2. gr. Nú vill prestur, að valdsmaður heimti inn tekjur samkv. 1. gr., og skal hann þá hafa afhent honum fyrir 15. marz glögga skrá, samda eptir þinghám, ef fleiri en ein eru í því prestakalli, yfir gjaldendur og það, sem hverjum ber að greiða í hverja tekjugrein. Ábyrgist prestur, að skráin sje rjett, enda sje lögtak á hans ábyrgð, ef til þess kemur.

Nú hefur prestur afhent valdsmanni skrá yfir ólokin prestsgjöld, en síðan greiðist honum fyrir manntalsþing eitthvað af þeim tekjum, sem þar eru tilfærðar, og skal

hann þá gefa valdsmanni skýrslu um þær greiðslur, í síðasta lagi áður en manntals þing byrjar.

3. gr. Hin innheimtu gjöld, að frádregnum innheimtulaunum, skal valdsmaður greiða presti fyrir næstu veturnætur, í peningum eða í innskript hjá þeim kaupmanni, sem prestur vísar til, þó svo, að eigi sje meira en helmingur gjaldanna greiddur með innskript.

Ed. 245. **Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Vjer undirskrifaðir, sem kosnir höfum verið í nefnd, til að íhuga ofannefnt málefni, höfum tekið það til meðferðar á fundum, og látum uppi álit vort um það á þessa leið.

Þótt 2 af oss nefndarmönnum verði að líta svo á, að söfnuðunum sjeu með hinum gildandi lögum frá 8. jan. 1886 veitt svo mikil og víðtæk rjettindi til hluttöku í veitingu brauða, að þeir megi vel við una, þá er svo fjarri því, að þeir gjöri sig vel ánægða með að mega velja um þá 3 af umsækjendunum, sem veitingarvaldið í flestum tilfellum gefur þeim kost á að kjósa um, að óskir hafa hvað eptir annað komið til þingsins frá ýmsum þingmálafundum, þar sem heimtað er, að söfnuðum gefist færi á að kjósa um alla umsækjendur. Í meðferð þingsins hefir þó sú takmörkun verið gjörð, að biskup skuli halda eptir umsóknum þeirra kandídata og aðstoðarpresta, sem hann álíti óhæfa til að takast prestsembætti á hendur.

Vjer verðum nú að álíta, að full ástæða sje til að rýmka lítið eitt þetta frákosningarvald biskups, þannig, að það nái ekki einungis til kandídata og aðstoðarpresta, heldur einnig til þjónandi presta, og að óhæfileiki sá, sem hjer er um að ræða, miði sig ekki við prestsembætti almennt, heldur við það sjerstaka embætti, sem þá liggur undir veitingu, með því að það er auðsætt, að opt getur svo á staðið, að þótt einhver sækjandi yrði ekki talinn óhæfur til að hafa prestsembætti á hendi, t. d. þar sem hann er, þá hlyti veitingarvaldið að telja hann óhæfan til að takast prestsembætti á hendur í öðrum söfnuði, þar sem eitthvað sjerstaklega stæði á eða mikill vandi væri á prestskapnum, svo sem í stórum og erfiðum prestaköllum, í mannmörgum kaupstaðabrauðum, ásamt fleiri atvikum, sem takast yrðu til greina, og sem ætla verður að kirkjustjórnin hafi glöggara yfirlit yfir en hinn einstaki söfnuður, sem í hlut á. En það segir sig sjálft, að þessum frákosningarrjetti mundi hver biskup telja sjer skylt að beita með hinni mestu varúð og að eins þar, sem hann áliti mikla nauðsyn til bera og hefði gildar ástæður við að styðjast. Það virðist og takandi til greina, að með nokkurri rýmkun á þessari heimild fyrir veitingarvaldið til að kjósa óhæfa menn frá mundi frv. verða aðgengilegra fyrir stjórnina.

Þar sem frv. gjörir biskupi það að skyldu, að senda meðmælingu sína með þeim sækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið, þá þykir oss betur fara, að setja hjer heimild í stað skyldu, þannig að biskup sje ekki neyddur til að senda sjerstök og eindregin meðmæli með einhverjum af sækjendunum, ef honum af einhverjum ástæðum þykir það miður við eigandi.

Þá þykir okkur, tveimur nefndarmönnum, nauðsyn til bera, að tryggja það nokkuð betur en gjört er í frv., að kjósendur þeir, sem atkvæði greiða við prestskosningu, sjeu nokkurn veginn einhuga um kosninguna, eigi hún að verða gild, og viljum við því, að $^3/_4$ komi í stað $^2/_3$ í 2. gr.; hjer er þó að eins um litla breytingu að ræða, sem sje um $^1/_{12}$, svo að optast nær mun það ekki muna meiru en 2 eða 3 atkvæðum. Væru t. d. kjósendur í einhverju prestakalli 80 sem þó óvíðast er, og þyrftu þá, til þess að kosning yrði gild, 40 að mæta á kjörfundi, og 27 þeirra að kjósa einn sækjendanna, eptir frv., en 30 eptir breytingu vorri. Væru aptur kjósendur að eins 45, þá þyrftu að minnsta kosti 23 að mæta og 16 eða 18 að kjósa sama manninn, eptir því, hvort $^2/_3$ eða $^3/_4$ er látið ráða. Munurinn er því að eins lítill. En þessi litla áherzla virðist okkur sanngjarnt og eðlilegt að komi, í notum þess, að kosningarrjettur safnaðanna verður svo stórlega rýmkaður.

Þá er annað atriði, sem skoðanir vorar nefndarmanna hafa orðið nokkuð skiptar um, og er það niðurlag 3. gr. frv.: »ella skal við veitingu embættisins taka það tillit til þeirra óska, sem hafa komið fram af hálfu safnaðanna, er álitið verður að rjett sje«.

Í raun og veru liggur í þessum orðum ekkert meira heldur en það, sem sjálfsagt er, því að veitingarvaldið mun ávallt telja sjer skylt að taka allt sanngjarnt tillit til framkominna óska af hálfu safnaðarins. Að þessu leyti eru orðin óþörf. En hins vegar getur vel hugsazt, að hver minni hluti í söfnuðinum kunni á þessu ákvæði laganna að byggja meiri eða minni von eða kröfur um, að fá þann mann fyrir prest, sem hann hefði kosið, því að hver minni hlutinn eða hver flokkur mun sennilega telja sína stefnu hina beztu og rjettast vera að taka tillit til sinna óska. Þar sem nú þó ekki nema einn flokkurinn getur við veitinguna fengið sínum óskum framgengt, er hætt við, að nefnt ákvæði laganna yrði til þess að vekja meiri óánægju, sundrung og beiskju, en ella hefði þurft að vera, á milli manna í söfnuðinum, og ef til vill einnig gegn veitingarvaldinu, og gjörir ákvæðið þá ógagn. Meiri hluti nefndarinnar telur því rjettara að fella þetta óþarfa, en ekki alveg hættulausa ákvæði burtu.

Samkvæmt framangreindu leggur nefndin til að gjöra þessar breytingar á frumv.:

a, við 1. gr. Önnur málsgrein orðist svo:
Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum þeirra sækjenda, er hann álítur óhæfa til að takast það prestsembætti á hendur.

b, — —— Í stað orðanna: »skal hann senda« komi: getur hann sent.

c, við 2. gr. Fyrir: »$^2/_3$ atkvæða« komi: $^3/_4$ atkvæða.

d, — —— Orðin í enda greinarinnar: »ella skal . . . . að rjett sje«, falli burtu.

Alþingi 27. júlí 1897.

Með skírskotun til ágreiningsatkvæðis míns

Jón Jónsson, formaður.

Hallgr. Sveinsson, skrifari.

Þorkell Bjarnason, framsögumaður.

Ágreiningsatkvæði minni hlutans.

Jeg hef ekki viljað gjöra ágreining um þær breytingar á frumv., sem felast í fyrstu og öðru niðurlagsatriði meiri hlutans. Aptur á móti get jeg ekki verið samþykkur breytingunni í þriðja og fjórða niðurlagsatriði meiri hlutans. — Það er nú hvorttveggja, að breytingin sem felst í 3. tölulið í niðurlagsatriðum meiri hlutans mundi hafa sárlítil áhrif á kosningarnar, eins og meiri hlutinn hefur sjálfur tekið fram, og finnst mjer því þýðingarlítið að gjöra þá breytingu, nema til að vekja ágreining, og svo hygg jeg það muni vera meginregla í löggjöf vorri, þar sem eitthvað á að vera komið undir atkvæðagreiðslu, að það sjeu ekki meira en $^2/_3$ hlutar, sem heimtað er, þegar mest nauðsyn þykir til bera, að það sje tryggt, að vilji meiri hlutans ráði. Mjer sýnist því ekki ástæða til, að víkja frá þeirri reglu í þessu efni.

Sama er að segja um 4. breytingu meiri hlutans. Jeg get ekki fallizt á hana. Það er svo sanngjarnt og eðlilegt, að veitingavaldið sje skylt að taka það tillit til óska safnaðarins, sem því sýnist rjettlátt, og það eru miklar líkur til, að þetta atkvæði sje heillavænlegt fyrir samkomulagið milli presta og safnaða. Svo ber þess og að gæta, að þetta atriði, sem tekið er upp úr hinum núgildandi prestakosningarlögum, hefur ekki, að því er mjer kunnugt, orðið að neinu óánægjuefni þennan tíma, sem lögin hafa verið í gildi, og sýnist því ekki ástæða til, að fara breyta því nú.

Mín tillaga verður því sú, að ráða hinni heiðruðu deild til að fella 3. og 4. tölulið í niðurlagsatriðum meiri hlutans, en láta ákvæði frv. um það efni standa óbreytt.

Jón Jónsson.

Nd. 246. **Frumvarp til laga**
um
brúargjörð á Örnólfsdalsá.
(Lagt fyrir alþingi 1897).

Stjórninni veitist heimild til að láta gjöra járnhengibrú á Örnólfsdalsá við Norðtungu í Mýrasýslu og verja til þess allt að 14000 krónum úr landsjóði.

Athugasemdir
við lagafrumvarp þetta.

Eptir þeirri bendingu, sem fólgin er í nefndaráliti fjárlaganefndar neðri

deildar alþingis 1895 (Alþingistíðindi 1895, C, bls. 262), um að þörf væri á að brúa Örnólfsdalsá í Mýrasýslu, hefir landshöfðingi látið verkfræðing landsstjórnarinnar Sigurð Thoroddsen rannsaka, hvar helzt megi brúa ána, og hve mikið mundi kosta brú yfir hana. Hefir nefndur verkfræðingur lagt það til, að áin yrði brúuð hjá Norðtungu í Mýrasýslu, og skýrt svo frá, að eigi sjeu tiltök að hafa brúna úr trje, með því að hún verði að vera svo löng (yfir 50 álna haf), og sje því um að velja, hvort brúin skuli heldur vera föst járnbrú eða járnhengibrú, og álítur hann að járnhengibrú muni nægja, enda vera miklum mun ódýrari. Hann hefir gjört uppdrátt að slíkri brú og áætlun um kostnaðinn, er hann telur muni verða alls 12000 kr.

Stjórnarráðið fyrir Ísland hefir lagt áætlunina fyrir direktör Vindfeld-Hansen, sem var ráðanautur þess við brúargjörð á Þjórsá og Blöndu; hefir hann kynnt sjer tillögur og kostnaðarreikning Sigurðar Thoroddsens og álítur að járnhengibrú sje eptir því, sem til hagar, heppilegust, en aptur á móti hefir hann lýst því, að hann hyggi að brúin muni kosta 16000—18000 kr., enda vill hann hafa styrkleika brúarinnar meiri en gjört er ráð fyrir, (400 kgl. í stað 300 kgl. þunga mest á □ meter). Yfir höfuð telur hann kostnaðarútreikninginn of lágan, og sjerstaklega járnið of lágt reiknað. Sigurður Thoroddsen hefir átt færi á að svara athugasemdum þessum, og heldur hann því fram, að kostnaðarreikningurinn sje byggður á þeirri litlu reynslu, sem nú sje á orðin um brúargjörð hjer á landi, og að því er snerti burðarmagn brúarinnar, þá telur hann áætlun sína í því efni nægilega, með því að það muni varla koma fyrir, að brúin þurfi nokkurntíma að bera meira en 300 kgl. á □ meter, nema ef fólk þyrptist svo mjög á brúna, er hún yrði vígð, en við því sje hægt að gjöra. En ef brúin ætti að bera 400 kgl. á □ meter, þá áætlar hann, að brúin mundi kosta allt að 15000 kr.

Samkvæmt framansögðu og með því að um mjög þarflega samgöngubót á fjölförnum þjóðvegi er að ræða, er hjer farið fram á, að áin verði brúuð á kostnað landssjóðs, og að veittar verði til þess 14000 kr. Er þá gjört ráð fyrir að burðarmagn brúarinnar sje nægilegt, ef hún ber 300 kgl. á □ meter, en að kostnaðaráætlun verkfræðings landsstjórnarinnar sje, ef til vill, heldur lág.

Nd. **247. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Islands 5. janúar 1874, 1. gr., 2. gr., 3. gr., 25. gr., 34. gr., og 2. ákvörðun um stundarsakir (eins og það var samþ. við 2. umr. í nd.).

1. grein.

1. gr. orðist svo:

Í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, 3. gr., varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendunum.

Lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Islands, skulu ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess.

Samkvæmt 2. gr. í tjeðum lögum tekur Ísland aptur á móti engan þátt í löggjafarvaldinu að því leyti, er snertir hin almennu málefni ríkisins, á meðan það ekki hefir fulltrúa á ríkisþinginu, en á hinn bóginn verður þess heldur ekki krafizt á meðan, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins.

2. grein.

2. gr. orðist svo:

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklega málefnum Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafa fyrir Ísland framkvæma það. Ráðgjafinn fyrir Ísland má eigi hafa önnur stjórnarstörf á hendi og verður að skilja og tala íslenzka tungu.

Hið æðsta vald innanlands á Íslandi skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar og hefir aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákveður verksvið landshöfðingja.

3. grein.

3. grein orðist svo:

Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Konungur eða neðri deild alþingis geta kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum.

4. grein.

1. liður 25. gr. orðist svo:

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrirfram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

5. grein.

34. gr. orðist svo:

Ráðgjafinn fyrir Ísland á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Nú er sjúkdómur eða önnur slík forföll því til fyrirstöðu, að ráðgjafinn geti mætt á alþingi, og má hann þá veita öðrum manni umboð til þess að mæta þar á sína ábyrgð, en að öðrum kosti mætir landshöfðinginn á ábyrgð ráðgjafans. Atkvæðisrjett hefir ráðgjafinn, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

6. grein.

2. ákvörðun um stundarsakir orðist svo:

Þangað til lög þau, er getið er um í 3. gr., koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er konungur eða neðri deild alþingis höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisfærslu hans, eptir þeim málfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.

Nd. 248. **Breytingar- og viðaukatillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 og breytingatillögur fjárlaganefndar (N.).

Frá Valtý Guðmundssyni.

1. Við 10. gr. B. 4. i. Stafliðurinn orðist svo:
Til að útvega eldtrausta járnskápa handa sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum allt að 3000 kr.
2. Við 13. gr. A. Á eptir staflið 4 bætist inn í nýr stafliður svo hljóðandi:
Bráðabirgðar-uppbót til Vestmannaeyjaprestakalls 200 kr. — 200 kr.
3. Við 13. gr. A. 7. Fyrir »350 kr.« komi: 500 kr.
4. Við 13. gr. B. I. b. 2. Fyrir »800 kr. — 1000 kr.« komi: 600 kr. — 600 kr.
5. Við 13. gr. B. II. b. 1. Fyrir »1200 kr. — 1200 kr.« komi: 600 kr. — 600 kr.
6. Við 13. gr. B. III. c. 5. Fyrir »5000 kr. — 5000 kr.« komi: 4500 kr. — 4000 kr
7. Við 13. gr. B. c. Á eptir staflið 5 bætist inn í nýr liður svo hljóðandi:
Til »Bræðrasjóðs« lærisveina skólans 500 kr. — 1000 kr.
8. Við 13. gr. B. III. c. 6. Þessi stafliður falli burt.
9. Við 13. gr. C. 1. a. Fyrir »1800 kr. — 1800 kr.« komi: 1000 kr. — 1000 kr.
10. Við 13. gr. C. 1. b. Fyrir »1000 kr. — 1000 kr.« komi: 700 kr. — 700 kr.
11. Við 13. gr. C. 2. b. og c. (N.) Fyrir »400 kr.« komi: 500 kr. (til hvers bókasafns).
12. Við 13. gr. C. Á eptir staflið 9 bætist inn í nýr liður svolátandi:
Til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna 200 kr. — 200 kr.
13. Við 13. gr. C. Á eptir staflið 12 bætist inn í nýr liður svo látandi:
Til Þorsteins Erlingssonar 600 kr. — 600 kr.
14. Við 13. gr. C. Á eptir staflið 16 bætist inn í nýr liður:
Til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók 500 kr. — 500 kr.
15. Við 65. tölulið nefndarinnar: Í staðinn fyrir »til þilskipakaupa« komi: til þess að kaupa haffærandi fiskiskip.
16. Við 65. tölulið nefndarinnar: Aptan við athugasemdina bætist:
Auk þess má úr viðlagasjóði verja allt að 5000 kr. hvort árið til styrks handa þeim, er kaupa sjer eimskip til fiskiveiða, þó þannig, að styrkurinn aldrei nemi meiru en samsvarar 5% af því fje, er hlutaðeigandi hefir sjálfur lagt fram til skipakaupanna, og styrkurinn eigi útborgist fyrri en full skilríki eru fyrir, að skipið sje keypt og vel út búið að öllu.

Nd. 249. **Frumvarp**

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	I. Tekjur:		
1.	Skattur af ábúð og afnotum jarða og á lausafje	84,000 »	93,120 53
2.	Húsaskattur	8,000 »	9,656 16
3.	Tekjuskattur	26,000 »	27,958 20
4.	Aukatekjur	44,000 »	58,706 44
5.	Erfðaskrárskattur	4,000 »	5,252 51
6.	Gjöld af fasteignasölum	2,600 »	1,546 40
7.	Vitagjald	12,000 »	17,539 50
8.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000 »	6,340 42
9.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frádregnum 2% í innheimtulaun	60,000 »	99,572 02
10.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000 »	264,015 36
11.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun...	100,000 »	142,497 48
12.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	250,000 »	312,496 19
13.	Tekjur af póstferðum	40,000 »	56,044 66
14.	Óvissar tekjur	4,000 »	13,803 32
15.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	50,000 »	56,001 50
16.	Tekjur af kirkjum	700 »	839 36
17.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... Borgað upp í lán, veiting: 45,479 kr. 80 a., reikningur: 114,323 kr. 85 a.	56,000 »	71,634 02
18.	Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000 »	12,003 82
19.	Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ...	4,000 »	7,953 55
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200 »	1,571 88
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 »	4,812 36
22.	Tillag úr ríkissjóði	143,000 »	143,000 »
	alls...	1147,500 »	1406,365 68
	II. Gjöld:		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 »	27,800 »
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna ...	33,600 »	62,260 93
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	49,816 66	47,378 77
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,995 14	167,207 62
	C. Ýmisleg útgjöld	73,600 »	71,043 77
4.	Til útgjalda við læknaskipunina...	117,844 »	106,086 19
	Fluttar	473,655 80	481,777 28

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur kr. a.
	Fluttar	473,655 80	481,777 28
5.	Til samgöngumála:		
	A. Til útgjalda við póststjórnina	93,500 »	97,265 54
	B. Til vegabóta	141,000 »	141,535 64
	C. Til strandferða	98,000 »	45,440 63
	D. Til annara samgöngumála	16,000 »	10,000 »
6.	Til kirkju- og kennslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	47,100 »	45,083 12
	B. Til kennslumálefna	175,566 »	169,198 56
	C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta...	42,000 »	41,830 45
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200 »	8,743 50
8.	Eptirlaun og styrktarfje	86,000 »	81,909 93
9.	Til óvissra útgjalda	3,000 »	2,694 21
10.	Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum...	.....	77,969 59
11.	Tekjuafgangur	.....	202,917 23
	alls...	1181,021 80	1406,365 68

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1895 .....924,126 kr. 35 a.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1895 .....37,881 — 64 —
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1895 .....465,659 — 35 —
Í landsbankanum á hlaupareikningi .....100,000 — « —

Nd. 250. **Frumvarp til fjáraukalaga**
fyrir
árin 1894—1895 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895, veitast 4,487, kr. 24 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—5. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. B. 3. (til hegningarhússins og fangelsanna) veitast 220 kr. 76 a., — auk þess, er veitt var á fjáraukalögum fyrir árin 1892 og 1893, 26. október 1893— til þess að hlaða grjótgarð um svæði það við hegningarhúsið í Reykjavík, sem ætlað er föngum.

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. C. 5. veitast:
Undir lið f. til viðhalds á húsum og áhöldum 1895: 450 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin til samgöngumála í 12. gr. veitast:
Undir A.: til útgjalda við póststjórnina:

Undir 1. lið e.: til brjefbirðingarmanna:		
1894	207 kr.	43 a.
1895	393 —	» —
undir 2. lið: póstflutningur:		
1894	206 —	47 —
1895	270 —	74 —
undir 3. lið: önnur útgjöld:		
d. fyrir prentun 1894	149 —	11 —
1895	912 —	60 —
e. til áhalda 1894	410 —	84 —
1895	630 —	65 —
undir B. til vegabóta:		
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum	271 —	26 —
c. til fjallvega	264 —	38 —
Samtals	3,716 kr.	48 a.

5. gr.

Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast 100 kr. fyrir járnkistu handa sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu.

Nd. 251. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898—99.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Aptan við 17. gr. bætist ný grein, sem verður 18. gr., og orðist svo:

»Af viðlagasjóði má verja allt að 80000 kr. til þess að byggja steinhús í sambandi við landsbankann, þar sem sje nægilegt húsrúm fyrir landsbankann, aðalpóstafgreiðslu landsins, skrifstofu landfógeta, forngripasafnið, málverkasafnið og náttúrugripasafnið, svo og húsrúm til bráðabirgða fyrir hinar æðri menntastofnanir«.

Nd. 252. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lögaldur (þingskj. 139). Frá Jóni Jenssyni, Jóni Þórarinssyni, B. Sveinssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk., Pjetri Jónssyni og Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Aptan við fyrri málsgrein frv. bætist: og getur þá og tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.
2. Síðari málsgrein frv. falli burtu.

Nd. 253. **Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá: Jóni Jónssyni, þm. A.-Skf.

1. Við 12. gr. B. e. Eptir tölul. 2. komi:
Styrkur til vegagerðar á sýsluveginum frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu (fyrra árið) 3000.
2. Við 12. gr. B. e. Fyrir: »tölul. 1. og 2.« í athugasemdinni komi: tölul. 1—3.
3. Við 13. gr. C. 2. Stafl. a: Fyrir 500 komi: 400
— b: — 400 — 300
— c: — 400 — 300

Nd. 254. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá Ólafi Briem, 1. þm. Skagf.

Við 12. gr. B. Á eptir stafl. d. komi nýr liður:
Til brúargjörðar á Vestri-Hjeraðsvötn (síðara árið) 25000 kr.
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu leggi fram það fje, er þarf til að fullgera brúna, um fram landssjóðsstyrkinn, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað, og brúin lestheld.

Nd. 255. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um fjárkláða o. s. frv. (þingskj. 213).
Frá nefndinni.

Við 5. gr. Á eptir orðunum »leggja til« bætist inn: »baðlyf.«

Ed. 256. **Frumvarp**
til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð (eins og það var sþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Kennaraskóla skal stofna í Flensborg við Hafnarfjörð.

2. gr. Fræðigreinir þær, er kenna skal í skólanum, eru: uppeldisfræði, guðfræði, íslenzka, danska, enska, landafræði, saga, náttúrufræði, tölvísi, dráttlist, skólaiðnaður og leikfimi. Svo skal og nemendum veitt verkleg æfing í barnakennslu.

3. gr. Við skóla þenna skipar landshöfðingi 3 fasta kennara: forstöðumann, er hefir í árslaun 2400 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu og ábúðar á Flensborg, annan kennara, er hefir í árslaun 2000 kr., og þriðja kennara með 1600 kr. árslaunum.

4. gr. Laun kennara skal greiða úr landssjóði, svo og önnur gjöld til skólans eptir ákvæðum fjárlaganna.

5. gr. Aðgang að skólanum eiga jafnt konur og karlar.

6. gr. Stiptsyfirvöldin hafa umsjón yfir kennslunni og semja reglugjörð fyrir skólann, er landshöfðingi staðfestir.

Ed. 257. **Frumvarp**

til laga um lögaldur. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.

Hver karlmaður, og hver ógiptur kvennmaður, verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 18 ára, en fullráður fjár síns 21 árs, og getur þá og tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Nd. 258. **Breytingar- og viðaukatillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898—99 og breytingartillögur fjárlaganefndarinnar.

Frá Klemens Jónssyni.

1. Aptan við 25. tölul. á þskj. 223 bætist athugasemd svohljóðandi:
   Þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð 20000 kr. fyrra árið.
2. Við 13. gr. B. VI. a. 3. Í staðinn fyrir »til kvennaskólans á Laugalandi«, komi: til kvennaskóla Eyfirðinga.
3. Við 13. gr. B. VI. a. 4. Í staðinn fyrir orðið: »Laugalandi« komi: og kvennaskóla Eyfirðinga.
4. Við 13. gr. C. Aptan við bætist nýr liður: Til Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum, til fóðurfræðisrannsókna kr. 1500—1500.

Nd. 259. **Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar á þingskj. 223.

Frá Jens Pálssyni.

Aptan við 28. lið bætist:

3. Styrkur til brúargerðar á Bakkaá í Dalasýslu, (— móts við 500 kr. tillag úr sýsluvegasjóði og að minnsta kosti 500 kr. tillag frá einstökum mönnum —), ... kr. 250

Nd. 260. **Álit**

nefndar þeirrar, er kosin var til að íhuga, hvað gera mætti til eflingar sjávarútveginum.

Neðri deild alþingis hefir kosið oss undirritaða í nefnd til þess að íhuga, hvað gera mætti til eflingar sjávarútveginum, og höfum vjer eptir föngum íhugað málið og rætt það á mörgum fundum.

Fiskiveiðar á opnum bátum hafa hjer við land verið, og eru enn, aðalbjargræðisvegur fjölda margra landsmanna, en um mörg undanfarin ár hefir hann brugðizt tilfinnanlega við Faxaflóa, og munu undanfarandi fiskileysisár og hin sorglegu eptirköst þeirra einkum hafa verið orsök þess, að hin heiðraða neðri deild fann ástæðu til að skipa nefnd til að íhuga, hvað tiltækilegast mætti virðast til þess að bjarga við þessum atvinnuvegi.

Nefndin þykist sjá fram á það, að bátaútvegur muni fara stórum minnkandi, ef fiskileysið á grunnmiðum helzt enn um óákveðinn tíma, og að atvinnuvegur þessi eyðileggist þannig fyrir fjölda manna, og sjer hún ekki annað væn-

legra ráð til viðreisnar mönnum, sem við sjó lifa, en það, að styrkja þá á einhvern hátt til að eignast þilskip til að sækja fiskinn á, hvar sem hann er að finna við strendur landsins, þar sem fiskigöngur á grunnmið eru orðnar svo lítilfjörlegar og stopular í mörgum fiskiverum, sem áður hafa verið einkar-fiskisæl. Að vísu hefir þilskipum á seinni árum fjölgað til muna, einkum við Faxaflóa, en það eru þó einkanlega efnamennirnir, sem hingað til hafa getað aflað sjer þilskipa, og vakti það því fyrir nefndinni, að hjer bæri einkum nauðsyn til að styrkja hina efnaminni menn til þess að eignast þilskip, eða part í þilskipi.

Sú spurning var vandlega rædd, hvort ráðlegt mætti virðast að binda lánveitingu úr landssjóði því skilyrði, að keyptir væru fyrir það fje gufubátar til fiskiveiða með lóðum, og komst meiri hluti nefndarinnar til þeirrar niðurstöðu, að enn sem komið er muni seglskip fullnægja þörfinni, enda þó að nefndinni hins vegar þyki líklegt, að fiskiveiðar með gufubátum muni með tímanum komast hjer á og að líkindum með þeim fást meiri uppgripaafli.

Með því að nefndin gerir ráð fyrir, að lán verði veitt úr landssjóði til þilskipakaupa gegn tryggingu í skipunum sjálfum, þykir nauðsynlegt að tryggja þau skip sem bezt, er að veði standa fyrir landssjóðsláninu, eigi að eins þann tíma árs, sem þau eru við fiskiveiðar, heldur og að vetrinum, og var meiri hluti nefndarinnar á því að nauðsyn bæri til þess, að búa svo um, að þau gætu legið að vetrinum á óhultum stað á þurru, og vill því leggja til, að nokkur styrkur verði veittur úr landssjóði til þess að koma upp slíkum öruggum geymslustað, — eða skipakví, — við Faxaflóa. En til þess að tryggja það, að skipaeigendur eigi kost á að geyma skip sín í slíkri skipakví fyrir hæfilega borgun, þykir nefndinni rjett, að reglugjörð fyrir notkun skipakvíarinnar liggi undir samþykki landshöfðingja.

Seinni ára reynsla virðist hafa sýnt það, að síldarbeita er opt og einatt skilyrði fyrir því, að verulegur fiskiafli fáist, og með því að frysting er gott ráð til þess að geyma síldina óskemmda, vill nefndin leggja það til, að fje verði veitt úr landssjóði til þess að styrkja einstaka menn eða fjelög til þess að koma sjer upp hentugum ísgeymsluhúsum.

Nefndin verður fyllilega að kannast við það, að vjer Islendingar erum mjög skammt á veg komnir í þekkingu á ýmsu því, er að fiskiveiðum lýtur; órannsakað um fiskigöngur hjer við land, veiðiaðferðir ófullkomnar og ýms veiðarfæri, sem annarsstaðar þykja vel gefast, óþekkt hjer á landi. Nefndin vill því eggja það til, að fiskifræðingur sje styrktur til að halda rannsóknum þar að lútandi áfram, að tveim mönnum sje veitt fje til utanfarar til að vera á fiskisýningu í Björgvin að sumri, og að styrkt sje með fjárframlagi úr landssjóði útgáfa fiskitímarits.

Hin heiðraða fjárlaganefnd hefir þegar tekið til greina tillögur nefndarinnar um lánveitingu úr landssjóði til þilskipakaupa, íshússbyggingar og skipakvíar; en vjer höfum aptur farið fram á breytingartillögur við fjárlögin til þess að koma að skilyrði því, sem að framan er nefnt fyrir styrkveitingu til að búa

til skipakví við Faxaflóa, 500 króna upphæð til útgáfu fiskitímarits og 800 kr. ferðastyrk handa tveim mönnum á fiskisýninguna í Björgvin.

Neðri deild alþingis 28. júlí 1897.

Jón Jensson, form. Tr. Gunnarsson. Jón Þórarinsson, skrifari.

Skúli Thoroddsen. Jens Pálsson.

Nd. 261. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Skúla Thoroddsen. Jens Pálssyni.

Á eptir 13. gr. C. 24 komi nýr liður svo hljóðandi: Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar á Vöðlum, til þess að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins 400—400.

Nd. 262. **Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899. Frá Skúla Thoroddsen og Halldóri Daníelssyni.

Á eptir 12. gr. B. e. 2. komi:

3. Styrkur til sýsluvegagjörðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu (fyrra árið) 2000.

Styrkir þessir undir tölulið 1—3 veitast o. s. frv., eins og í tillögu fjárlaganefndarinnar.

Nd. 263. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899. Frá Kl. Jónssyni, Jóni Jenssyni, Skúla Thoroddsen, Halldóri Daníelssyni og Guðl. Guðmundssyni.

13. gr. C. 11. orðist svo: Styrkur til cand. mag. Boga Melsted, til þess að gefa út sögu Íslands, 50 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. á ári.

Nd. 264. **Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899. Frá Þórði Guðmundssyni og Skúla Thoroddsen.

Aptan við 67. lið bætist:

Enntremur má veita Birni Þorlákssyni á Álafossi allt að 2000 kr. lán, til þess að kaupa lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressu og þófaravjel, er alls kosti eigi minna en 2500 kr., og sje haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir þá upphæð. — Lánið veitist gegn fyrsta veðrjetti í vjelunum, ávaxtist með 3%, og endurborgist á 10 árum.

Nd. 265. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá: Skúla Thoroddsen. Jens Pálssyni. Birni Sigfússyni. Þórði Guðmundssyni. Þorláki Guðmundssyni.

Á eptir athugasemdina aptan við frumvarpsgreinarnar bætist:

Úr viðlagasjóði má verja allt að 30.000 kr. til lánveitinga handa einstökum mönnum, þó eigi meiru en 1000 kr. handa hverjum til að gjöra jarðabætur. — Lán þessi ávaxtist með 3%, og sjeu afborgunarlaus í 3 fyrstu árin, en eptir það skal lánið endurborgað með jöfnum afborgunum á 25 árum. — Lánið veitist að eins gegn fyrsta veðrjetti í fasteign, og eigi meira en hálfu virðingarverði jarðeignarinnar nemur. — Sanni lántakandi eigi, áður 3 ár eru liðin frá lántökudegi, að hann hafi framkvæmt jarðabætur, er að minnsta kosti nemi lánsupphæðinni, er lánið þegar í gjalddaga fallið, og svarar þá lántakandi, auk áskilinna vaxta, 1½ % vöxtum af lánsupphæðinni frá lántökudegi.

Nd. 266. **Breytingatillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Þórði J. Thoroddsen.

Við 10. gr. C. 6. d. 1. Í stað »400« komi: »500«

— — — — — — Nýr liður, er verði 5. liður, orðist: »Til að byggja íbúðarhús handa vitamanni allt að 2000 kr.«

Við 10. gr. C. 6. e. Nýr liður, er verði 5. liður, orðist: »Til að byggja steinskúr fram af inngangi vitans 400 kr.«.

Nd. 267. **Breytingartillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá: Birni Sigfússyni. Sk. Thoroddsen. Halldóri Daníelssyni. Jóni Jónssyni, þm. A.-Skf.

41. liður 13. gr. B. VI. a. 6 orðist svo: Til hússtjórnarskólans í Reykjavík í eitt skipti fyrir öll (fyrra árið) 2000.

Nd. 268. **Breytingartillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá: Sk. Thoroddsen. Birni Sigfússyni. Eiríki Gíslasyni. Jóni Jónssyni þm. A.-Skf. Þórði Guðmundssyni.

60. liður 13. gr. C. 27 orðist svo: Til Jóns Ólafssonar til ritstarfa, sjerstaklega til þess að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum blöðum 1000—1000

Nd. 269. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá: Halldóri Daníelssyni.

Við 10. gr. B. 4. i. bætist: »og allt að 100 kr. til að útvega eldtraustan járnskáp handa sýslumannsembættinu í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu«.

Nd. 270. **Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá: Skúla Thoroddsen.

A eptir 11. gr. 9. b. komi nýr stafliður svo hljóðandi:
c, styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði . . . 400—400

Ed. 271. **Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um breytingu á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878.
Frá Þork. Bjarnasyni.

Í staðinn fyrir:	»1 þilskip, 20 smálesta eða minna	3	hundr.
	1 þilskip frá 21—40 smálestir	4	—
	1 þilskip, 41 smál. og þar yfir	5	—«
komi:	1 þilskip, 20 smálesta eða minna	5	—
	1 þilskip, frá 21—40 smál.	8	—
	1 þilskip, 41 smál. og þar yfir	10	—

Nd. 272. **Viðaukatillögur**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá Tryggva Gunnarssyni, Skúla Thoroddsen, Jens Pálssyni, Jóni Jenssyni og Jóni Þórarinssyni.

1. Við 16. lið 10. gr. C. (8. tölul.). Aptan við töluliðinn bætist svo látandi athugasemd: Fje þetta veitist með því skilyrði, að landshöfðingi samþykki ávalt reglugjörð og gjaldskrá fyrir notkun skipakvíarinnar.
2. Við 63. lið 13. gr. C. 30. Nýr liður bætist við svo hljóðandi: Utanfararstyrkur til Bjarna Sæmundssonar, fiskifræðings, og annars manns eptir veitingu landshöfðingja til að fara á fiskisýningu í Björgvin að sumri 500 kr. til hvors . . . 1000 kr.
   Til annars manns og sömu ferðar í sömu erindum, eptir ráðningu landshöfðingja, 500 kr.
3. Aptan við 13. gr. bætist annar liður svo hljóðandi: Til útgáfu fiskitímarits 30 kr. fyrir örkina allt að 400 kr. hvort árið.

Nd. 273. **Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar (þingskjal 133).

Flutningsmenn: Jón Jónsson, þm. Eyf. Björn Sigfússon. Jón Jónsson, þm. A.-Sk. Þorlákur Guðmundsson. Þórður Guðmundss. Halldór Daníelsson.

1. Við II. 2. Byrjunin orðist svo: Að sveitarfjelag eða aðrir hlutaðeigendur leggi o. s. frv.
2. — — — Milli orðanna »fram« . . . . »helming« bætist: að minnsta kosti.
3. — — 5. Milli orðanna »sjeu« . . . . »látnir« bætist: að öðru jöfnu.
4. — — 6. Fyrri hlutinn orðist svo: Að kennarar sjeu ráðnir með samþykki hlutaðeigandi prests og sóknarnefndar.
5. — — — Orðin: »og með að minnsta kosti missiris uppsagnarfresti« falli burt.

Ed. 274. **Tillögur**

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1894 og 1895 (eins og þær voru samþ. við síðari umr. í nd.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að skemmd frímerki og brjefspjöld, er fylgja póstreikningnum árlega, verði eyðilögð, um leið og yfirskoðun landsreikningsins er lokið.
2. Að landsreikningnum fylgi framvegis skýrsla um frímerkjabirgðir þær, sem geymdar eru á landshöfðingjaskrifstofunni.
3. Að hinir árlegu vegakostnaðarreikningar verði ljóst og skipulega samdir og endurskoðaðir á tilhlýðilegan hátt.
4. Að andvirði fyrir seld vegabótaáhöld landssjóðs sje tilfært tekjumegin í landsreikningnum, en ekki dregið frá kostnaði til vegabóta.
5. Að landsreikningnum fylgi eptirleiðis nákvæm skrá yfir vegabótaáhöld landssjóðs og skýrsla um vegagjörðir þær, sem framkvæmdar eru á ári hverju.
6. Að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af brauðum sínum.
7. Að eign landssjóðs í aðalfjehirzlu ríkisins sje gerð arðberandi fyrir landssjóðinn.

Nd. 275. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Skúla Thoroddsen, Kl. Jónssyni, Halldóri Daníelssyni.

Við 13. gr. B. V. 5. Í stað orðanna: »til að byggja skólahús 17000 kr.« komi: til að byggja skólahús 19850 kr.

Nd. 276. **Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 133. Frá menntamálanefndinni.

1. Fyrirsögnin orðist þannig: Tillaga til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu.
2. Í stað sveitakennara komi: sveitakennslu (á þrem stöðum).

Nd. 277. **Atkvæðaskrá**

við 2. umr. í neðri deild um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Þingskjölin eru:

Fjárlagafrumvarp stjórnarinnar.

Álit fjárlaganefndar neðri deildar þskj. 212.

Skýrsla um bænarskrár og önnur erindi, sem komið hafa til fjárlaganefndarinnar, þskj. 224.

Breyt. og viðaukatillögur þingskj. 223, 232, 236, 241, 242, 248, 251, 253, 254, 258, 259, 261, 262, 263, 264, 265, 266, 267, 268, 269, 270, 272, 275, 278.

I. kafli.

TEKJUR.

1. 1. gr. frv. (með breytingum eptir atkvæðagreiðslu).
2. Við 2. gr. 1. b. breyt.till. nefnd. (223) Fyrir: 28000 — 28000 — 56000
   komi: 25000 — 25000 — 50000
3. — — — 6. —— —— (223). Fyrir: 8000 — 8000 — 16000
   komi: 8500 — 8500 — 17000
4. — — — 8. —— —— (223). Fyrir: 40000 — 40000 — 80000
   komi: 45000 — 45000 — 90000
5. — — — 9. —— —— (223). Fyrir: 120000 —120000 - 240000
   komi: 125000 —125000 —250000
6. — — — 10. —— —— (223). Fyrir: 70000 — 70000 — 140000
   komi: 75000 — 75000 —150000
7. — — — 11. —— —— (223). Fyrir: 145000 —145000 —290000
   komi: 150000 —150000 —300000
8. — — — 12. —— —— (223). Fyrir: 25000 — 25000 — 50000
   komi: 28000 — 28000 — 56000
9. — — — 13. —— —— (223). Fyrir: 2000 — 2000 — 4000
   komi: 2500 — 2500 — 5000
10. 2. gr. frv. breytt eða óbreytt.
11. 3. gr. frv. óbreytt.
12. 4. gr. frv. óbreytt.
13. 5. gr. frv. óbreytt.
14. 6. gr. frv. óbreytt.

II. kafli.

GJÖLD.

15. 7. gr. frv. óbreytt.
16. 8. — — óbreytt.
17. 9. — — óbreytt.
18. Við 10. gr. B. 4. i. Br.till. nefnd. (223). Stafliðurinn falli niður.
19. — — — — — Br.till. (248). Stafliðurinn orðist svo:
Til að útvega eldtrausta járnskápa handa sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum allt að 3000 kr.
20. Við 10. gr. B. 4. i. viðaukatill. H. D. (269). Aptan við greinina bætist: »og allt að 100 kr. til að útvega eldtraustan járnskáp handa sýslumannsembættinu í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu«.
21. Við 10. gr. C. 3. Br.till. frá Guðl. Guðm. (232). Fyrir: »brunabótagjald« komi: »brunabóta- og sótaragjald«
Orðið »ýmsar« falli burt.
22. Við 10. gr. C. 4. a. 4. Br.till. frá Guðl. Guðm. (232). Í stað »2000« komi: »3000«, til vara: »2500«.
23. — — — C. 4. b. Br.till. frá Sighv. Árnas. og Þórði Guðm. (241):
Fyrir: 18000 komi: 20000.
24. — — — C. 4. b. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: 15000
komi: 18000
25. — — — C. 4. c. Br.till. nefnd. (223). Við stafliðinn bætist:
Verði stofnað allsherjarbúnaðarfjelag fyrir landið, fellur upphæðin síðara árið til þess.
26. — — — C. 5. Br.till. við br.till. nefnd. frá Guðl. Guðm. (232).
Í stað: »4000«
komi: »10000«.
27. — — — C. 5. Br.till. nefnd. (223) (nýr tölul.). Til búnaðarfjel. landsins (síðara árið) 4000.
28. — — — C. 6. d. 1. Br.till. frá Þ. Thor. (266). Í stað: »400«
komi: »500«
29. — — — C. 6. d. Br.tilll. frá Þ. Thor. (266). Nýr liður, er verði 5. liður, orðist: »Til að byggja íbúðarhús handa vitamanni allt að 2000 kr.«.
30. — — — C. 6. e. 1. Breyt.till. nefnd. (223). Fyrir: 400
komi: 300
31. Við 10. gr. C. 6. e. Br.till. frá Þ. Thor. (266). Nýr liður, er verði 5. liður, orðist: »Til að byggja steinskúr fram af inngangi vitans 400 kr«.
32. — — — C. Br.till. frá Guðl. Guðm. (232). Á eptir 6. tölul. bætist inn: »Til að rannsaka hafnarstæði og lendingar við suðausturströnd landsins 600 kr. (fyrra árið)«.

33. Við 10. gr. C. 7. Br.till. nefnd. (223) (nýr tölul.). Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga 200—50—250.

34. — — — C. 8. Br.till. nefnd. (223) nýr tölul.). Styrkur (fyrra árið) til útgjörðarmannafjelagsins við Faxaflóa, helmingur kostnaðar við að gjöra skipakví, þó ekki yfir 10000 kr.

35. — — — C. 8. Viðaukatill. við br.till. nefnd frá Tr. G. o. fl. (272). Aptan við töluliðinn bætist svolátandi athugasemd: »Fje þetta veitist með því skilyrði, að landshöfðingi samþykki ávallt reglugjörð og gjaldskrá fyrir notkun skipakvíarinnar«.

36. — — — C. 9. Br.till. nefnd. (223) (nýr tölul.). Til hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags (fyrra árið) 5000.

37. 10. gr. frumv. breytt eða óbreytt.

38. Við 11. gr. 4. Br.till. nefnd. (223). Liðurinn falli burt.

39. — — — 4. Br.till. nefnd. (223). Aths. orðist svo: »Styrkur þessi veitist með því skilyrði« o. s. frv.

40. — — — 6. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: 1000—1000—2000
komi: 750— 750—1500

41. — — — 7. Br.till. nefnd. (223) (nýr liður). Styrkur til utanfarar handa hjeraðslæknum 600—600—1200 Landshöfðingi veitir styrkinn eptir tillögum landlæknis.

42. — — — 9. b. Br.till. frá Sk. Th. (270). Nýr stafl. svohljóðandi:
c. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði 400—400.

43. — — — 11. Br.till. nefnd. (223) (nýr liður). Styrkur til endurbyggingar spítalans á Akureyri 5000 (fyrra árið).

44. — — — 12. Br.till. nefnd. (223) (nýr liður). Styrkur til spítala á Seyðisfirði 1200—400—1600.

45. 11. gr. frumv. breytt eða óbreytt.

46. Við 12. gr. A. 3. f. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: 100—100
komi: 50 50

47. — — — B. Br.till. frá Guðl. Guðm. (232). Á eptir »a« bætist inn nýr liður:
»Til verkfróðs aðstoðarmanns við hinar vandaminni samgöngubætur, allt að 1500 kr. (þ: hvort árið, upphæðin innanstriks).

48. — — — B. b. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: 50000 (innanstriks)
komi: 60000—15000

49. — — — B. b. Viðauktill. við br.till. nefnd. frá Kl. Jónssyni (258). Aptan við 25. tölul. á þskj. 223 bætist athugasemd svohljóðandi:
»þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð 20000 kr. fyrra árið«.

50. Við 12. gr. B. c. Br.till. nefnd (223). Fyrir: 25000 (innanstriks) komi: 30000—40000.

51. — — — B. d. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: 3500 komi: 5000—5000

52. — — — B. Br.till. frá Ól. Briem (254). Á eptir stafl. d. komi nýr liður:
»Til brúargjörðar á Vestri-Hjeraðsvötn (síðara árið) 25000 kr. Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu leggi fram það fje, er þarf til að fullgjöra brúna, umfram landssjóðsstyrkinn, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað, og brúin lestheld.

53. — — — B. e. Br.till. nefnd. (223).
1. Styrkur til sýsluvegagjörðar í Strandasýslu (fyrra árið) 6000.
2. Styrkur til sýsluvegagjörðar í Snæfellsness- og Hnappadalsýslu (fyrra árið) 3000.
Styrkir þessir undir tölul. 1. og 2. veitist með þeim skilyrðum, að sýslubúar leggi til fje, er nemi að minnsta kosti helmingi styrksins, auk þess er sýsluvegasjóður leggur til, og að fyrir vegalagningunni standi verkstjóri, er ráðinn sje með samþykki landshöfðingja.

54. — — — B. e. Br.till. frá Jóni Jónssyni þm. A.-Sk. (253).
Eptir tölul. 2. komi:
Styrkur til vegagjörðar á sýsluveginum frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu (fyrra árið) 3000.
Fyrir: »tölul. 1. og 2.« í athugasemdinni komi: tölul. 1.—3.

55. — — — B. e. Br.till. við br.till. nefnd. frá Jens Pálssyni (259). Aptan við 28. lið bætist:
3. Styrkur til brúargjörðar á Bakkaá í Dalasýslu, (móts við 500 kr. tillag úr sýsluvegasjóði og að minnsta kosti 500 kr. tillag frá einstökum mönnum—)
. . . . . 250 kr.

56. — — — B. e. Viðaukatill. við br.till. nefnd. frá Sk. Th. og Halld. Dan. (262). Á eptir 12. gr. B. e. 2. komi:
3. Styrkur til sýsluvegagjörðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu (fyrra árið) 2000.
Styrkir þessir undir tölulið 1—3 veitast o. s. frv., eins og í tillögu fjárlaganefndarinnar.

57. 12. gr. frumv. breytt eða óbreytt.

58. Við 13. gr. A. Br.till. frá Guðl. Guðm. (232). Á eptir b. 4. bætist inn 2 nýir liðir:

5. Bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum 200—200.
6. Uppbót fyrir tekjumissi til síra Þorsteins Benediktssonar á Bjarnanesi 900—150.

59. Við 13. gr. A. Br.till. frá Valt. Guðm. (248). Á eptir stafl. 4 bætist inn nýr stafl. svohljóðandi:
Bráðabirgðar-uppbót til Vestmannaeyjaprestakalls 200—200 kr.

60. — — — A. b. 5. Br.till. nefnd. (223) (nýr liður):
Styrkur til sjera P. H. Hjálmarssonar til að byggja upp staðinn (fyrra árið) 500 kr.

61. — — — A. b. 5. Br.till. frá Þórði Guðm. og Sighv. Árn. (242) (nýr liður):
Styrkur til síra Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn (fyrra árið) 300 kr.

62. — — — A. b. 7. Br.till. nefnd. (223). Liðurinn falli burt.

63. — — — A. b. 7. Br.till. frá Valtý Guðm. (248). Fyrir: »350 kr.« komi: 500 kr.

64. — — — B. I. b. 2. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: »ölmususturkur« komi: námsstyrkur.

65. — — — B. I. b. 2. Br.till. frá Valtý Guðm. (248).
Fyrir: »800 kr.—1000 kr.«
komi: 600 kr.— 600 kr.

66. — — — B. II. b. 1. Br.till. frá Valtý Guðm. (248).
Fyrir: 1200 kr.—1200 kr.
komi: 600 kr.— 600 kr.

67. — — — B. II. b. 1. Br.till. nefnd. (223).
Fyrir: »6 ölmusur, 200 kr. hver«
komi: námsstyrkur.

68. — — — B. III. c. 3. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: »9345« komi: 7500.

69. — — — B. III. c. 5. Br.till. frá Valtý Guðm. (248).
Fyrir: »5000 kr.—5000 kr.
komi: 4500 kr.—4000 kr.

70. — — — B. III. c. 5. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: »ölmusur« komi: námsstyrkur.

71. — — — B. III. c. Br.till. frá Valtý Guðm. (248). Á eptir staflið 5 bætist inn í nýr liður svo hljóðandi:
Til »Bræðrasjóðs« lærisveina skólans 500 kr.—1000 kr.

72. — — — B. III. c. 6. Br.till. frá Valtý Guðm. (248).
Þessi stafliður falli burtu.

73. — — — B. III. c. 13. Br.till. nefnd. (223). Fyrir »1000« komi 500.

74. — — — B. V. a. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: »2500—3000« komi: 2000—2000.

75. Við 13. gr. B. V. b. 1. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: 1000—1000
komi: 1400—1400

76. — —— B. V. b. 5. Br.till. frá Sk. Thor. o. fl. (275). Í stað orðanna: »til að byggja skólahús 17000 kr.«
komi: til að byggja skólahús 19850 kr.

77. — —— B. VI. a. 1. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: »1800«
komi: 2500

78. — —— B. VI. a. 3. Br.till. frá Kl. Jónssyni (258). Í staðinn fyrir »til kvennaskólans á Laugalandi« komi: til kvennaskóla Eyfirðinga.

[illegible] — —— B. VI. a. 4. Í staðinn fyrir orðið: »Laugalandi« komi: og kvennaskóla Eyfirðinga.

79. — —— B. VI. a. 3. og 4. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: »á Laugalandi«
komi: í Eyjafirði.

80. — —— B. VI. a. 5. Br.till. nefnd. (223) (nýr liður):
Styrkur til að byggja kvennaskóla í Norðurlandi (síðara árið) 10000. Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að kvennaskólarnir á Eyjafirði og á Ytriey sameinist.

81. — —— B. VI. a. 6. Br.till. við br.till. nefnd. frá Birni Sigfússyni o. fl. (267). Liðurinn orðist svo:
Til hússtjórnarskólans í Reykjavík í eitt skipti fyrir öll (fyrra árið) 2000.

82. — —— B. VI. a. 6. Br.till. nefnd. (223) nýr liður:
Til hússtjórnarskólans í Reykjavík (fyrra árið) 2000.

83. — —— B. VI. b. 1. Br.till. nefnd. (223). Liðurinn hljóði svo:
Til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum 5500—5500

84. — —— C. 1. a. Br.till. frá Valtý Guðm. (248).
Fyrir: 1800 kr. — 1800 kr.
komi: 1000 — — 1000 —

85. — —— C. 1. a. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: 1800 — 1800
komi: 1500 — 1500.

86. — —— C. 1. b. Br.till. frá Valtý Guðm. (248).
Fyrir: 10000 kr. — 1000 kr.
komi: 700 — — 700 —

87. — —— C. 1. b. Br.till. nefnd. (223). Fyrir 1000 — 1000
komi: 900 — 900

88. — —— C. 2. Br.till. nefnd. (223). Töluliðurinn verði svo:
a. Til amtsbókasafns Norðuramtsins 500
b Til amtsbókasafns Austuramtsins 400
c. Til amtsbókasafns Vesturamtsins 400
(allt innanstriks).

Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.

89. — —— C. 2. Br.till. við br.till. nefnd. frá Jóni Jónssyni þingm. A.-Sk. (253).
Stafl. a: Fyrir 500 komi: 400
— b: — 400 — 300
— c: — 400 — 300

90. — —— C. 2. b. og c. Br.till. við br.till. nefnd. Frá Valtý Guðm. (248).
Fyrir: 400 kr.
komi: 500 kr. (til hvers bókasafns).

91. — —— C. Br.till. frá Valt. Guðm. (248).
Á eptir staflið 9 bætist inn í nýr liður svolátandi:
Til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna 200 kr. — 200 kr.

92. — —— C. Br.till. nefnd. (223).
Á eptir 10. komi nýr liður, sem verður hinn 11.
Styrkur til eins manns til að nema dýralækningar 600—600.

93. — —— C. 11. Br.till. frá Kl. Jónssyni o. fl. (263).
Liðurinn orðist svo:
Styrkur til cand. mag. Boga Melsted, til þess að gefa út sögu Íslands, 50 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. á ári.

94. — —— C. 11. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: »að safna til«
komi: að semja.

95. — —— C. Br.till. nefnd. (223).
Nýr liður (verði 13.).
Styrkur til cand. phil. Jóns Jónssonar til að rannsaka og rita um sögu Íslands á síðari tímum 600—600.

96. — —— C. Br.till. frá Valtý Guðm. (248).
Á eptir staflið 12 bætist inn í nýr liður svo látandi:
Til Þorsteins Erlingssonar 600 kr. — 600 kr.

97. — —— C. Br.till. við br.till. nefnd. frá Þorl. Guðm. (236).
Liðurinn orðist svo:
Til Páls Ólafssonar skálds 400—400.
Til Brynjólfs Jónssonar skálds 200—200.

98. — —— C. Br.till. nefnd. (223) (nýr liður).
Til Páls Olafssonar skálds 600—600.

99. — —— C. Br.till. nefnd. (223) (nýr liður).
Til bindindisfjelags kvenna »Hvítabandið« 100—100.

100. Við 13. gr. C. 16. Br.till. nefnd. (223). Liðurinn orðist svo:
Til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa 300—300.

101. — —— C. Br.till. frá Valtý Guðm. (248).

Á eptir staflið 16 bætist inn í nýr liður:
Til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzkenska orðabók 500 kr. — 500 kr.

102. Við 13. gr. C. 17. Br.till. nefnd. (223). Fyrir: 1000—1000
komi: 800— 800

103. — —— C. Br.till. nefnd. (223).
19. Liðurinn falli burt.
20. Liðurinn falli burt.
21. Liðurinn falli burt.
22. Liðurinn falli burt.
23. (Nýr liður).
Styrkur til útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa til að fá erlendan skipasmið, er setjist hjer að (fyrra árið) 500.
23. (Sem verður 24.).
Fyrir: 2500—2500
komi: 1500—1500

104. — —— C. 24. Viðaukatill. frá Sk. Thor. (261). (Nýr liður):
Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar á Vöðlum, til þess að stunda dýralækningar í norðurhluta vesturamtsins 400—400.

105. — —— C. Br.till. nefnd. (223). (Nýr liður):
Styrkur til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomnast í hljóðfæralist (fyrra árið) 600.

106. — —— C. Breyt.till. við breyt.till. nefnd. Frá Sk. Thor. o. fl. (268). Liðurinn orðist svo:
Til Jóns Ólafssonar til ritstarfa, sjerstaklega til þess að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum blöðum 1000—1000.

107. — — — — Br.till. nefndarinnar (223). (nýir liðir):
Styrkur til Jóns Ólafssonar, fyrrum ritstjóra, til að gefa út alþýðlegt fræðandi mánaðarrit, er sje að minnsta kosti 80 arkir á ári og sje eigi dýrara en 5 kr. árgangurinn 3000—2000.
Styrkur til Björns Þorlákssonar á Álafossi til að kaupa nýjar vjelar (fyrra árið) 1000.
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að keyptar sjeu lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressa og þófaravjel.
Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavik til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni 500—500.
Utanfararstyrkur til Sigurðar Þorlákssonar, til að læra leikfimi (fyrra árið) 500.

108. Við 13. gr. C. Viðaukatillaga frá Tr. Gunnarssyni o. fl. (272):
Nýr liður bætist við svo hljóðandi: Utanfararstyrkur til Bjarna Sæmundssonar, fiskifræðings, og annars manns eptir veitingu landshöfðingja, til að fara á fiskisýningu í Björgvin að sumri 500 kr. til hvors . . . 1000 kr.
Til annars manns og sömu ferðar í sömu erindum, eptir ráðningu landshöfðingja, 500 kr.
Aptan við 13. gr. bætist annar liður svo hljóðandi:
Til útgáfu fiskitímarits 30 kr. fyrir örkina allt að 400 kr. hvort árið.

109. — — — — Viðaukatill. frá Kl. Jónssyni (258).
Aptan við bætist nýr liður: Til Stefáns kennaa Stefánssonar á Möðruvöllum, til fóðurfræðisrannsókna kr. 1500 – 1500.

110. — — — — Viðaukatill. frá Guðl. Guðmundssyni (232).
(Nýr liður):
Utanfararstyrkur til Sigurðar Jónssonar járnsmiðs til að kynna sjer tilbúning hreyfivjela 800 kr. (fyrra árið).

111. 13. gr. frv. breytt eða óbreytt.

112. 14. gr. frv. óbreytt.

113. Við 13. gr. Br.till. nefnd. (223).
Á eptir »84000 kr., þar af til« bætist: ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.

114. 15. gr. frv. breytt eða óbreytt.

115. 16. gr. frv. óbreytt.

116. Við 17. gr. Br.till. nefnd. (223):
Allar tölur, þar á meðal í 17. gr., breytist eptir því, sem atkvæðagreiðsla fellur.

117. Við 17. gr. Viðaukatill. nefnd. (251).
Aptan við 17. gr. bætist ný grein, sem verður 18. gr., og orðist svo:
»Af viðlagasjóði má verja allt að 80000 kr. til þess að byggja steinhús í sambandi við landsbankann, þar sem sje nægilegt húsrúm fyrir landsbankann, aðalpóstafgreiðslu landsins, skrifstofu landfógeta, forngripasafnið, málverkasafnið og náttúrugripasafnið, svo og húsrúm til bráðabirgða fyrir hinar æðri menntastofnanir«.

118. 18. gr. frv., sem verður 19. gr, óbreytt.

119. Við 65. tölul. nefnd. Breyt.till. frá Valtý Guðmundssyni (248):
Í staðinn fyrir »til þilskipakaupa« komi: til þess að kaupa haffærandi fiskiskip.

120. Við sama tölul. Br.till. frá Guðl. Guðmundssyni (232).
Orðin: »er veitast . . . . að aðalatvinnuvegi« falli burt.

121. Br.till. nefnd. (tölul. 65) (þskj. 223):

Athugasemdin aptan við frumvarpsgreinarnar orðist þannig:

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30 þús. kr. lán hvort árið til þilskipakaupa, er veitast að eins þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 5000 kr. til hvers skips.

122. Viðaukatill. við 65. tölul. nefnd. Frá Valtý Guðmundssyni. (248).

Aptan við athugasemdina bætist:

Auk þess má úr viðlagasjóði verja allt að 5000 kr. hvort árið til styrks handa þeim, er kaupa sjer eimskip til fiskiveiða, þó þannig, að styrkurinn aldrei nemi meiru en samsvarar 5% af því fje, er hlutaðeigandi hefir sjálfur lagt fram til skipakaupanna, og styrkurinn eigi útborgist fyrri en full skilríki eru fyrir, að skipið sje keypt og vel út búið að öllu.

123. Viðaukatill. nefnd. (tölul. 66) (á þskj. 223).

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga eða einstakra manna, er hafa byggt ísgeymsluhús. Lán þessi ávaxtist með 3% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaus, en endurborgist síðan á 7 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar á meðal veð í húsunum sjálfum ásamt sjálfskuld arábyrgð, og sje eigi lánað meira en 3000 kr. í hvern stað.

124. Við 67. tölul. nefnd. (þskj. 223). Br.till. frá Guðl. Guðmundssyni (232).

Í stað »30,000« komi: »45,000«.

Í stað orðanna: »og sje afborgunarlaust . . . . 25 árum« komi: »og sje vaxta- og afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 28 árum«.

125. Viðaukatill. nefnd. (67. tölul.) (223).

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 15000 kr. til hvers; ávaxtist lán þetta með 3½% og sje afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 25 árum.

126. Viðaukatill. við 67. tölul. nefnd. þskj. 223 frá Þórði Guðmundssyni og Sk. Thoroddsen. (264).

Aptan við 67. lið bætist:

Ennfremur má veita Birni Þorlákssyni á Álafossi allt að 2000 kr. lán til þess að kaupa lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressu og þófaravjel, er alls kosti eigi minna en 2500 kr., og sje haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir þá upphæð. — Lánið veitist gegn fyrsta veðrjetti í vjelunum, ávaxtist með 3%, og endurborgist á 10 árum.

127. Viðaukatill. við frv. frá Skúla Thoroddsen o. fl. (265).

Á eptir athugasemdina aptan við frumvarpsgreinarnar bætist: Ur viðlagasjóði má verja allt 30,000 kr. til lánveitinga handa einstökum mönnum, þó eigi meiru en 1000 kr. handa hverjum, til að gjöra jarðabætur. — Lán þessi ávaxtist með 3%, og sjeu afborgunarlaus í 3 fyrstu árin, en eptir það skal lánið endurborgað með jöfnum afborgunum á 25 árum. — Lánið veitist að eins gegn fyrsta veðrjetti í fasteign, og eigi meira en hálfu virðingarverði jarðeignarinnar nemur. — Sanni lántakandi eigi, áður 3 ár eru liðin frá lántökudegi, að hann hafi framkvæmt jarðabætur, er að minnsta kosti nemi lánsupphæðinni, er lánið þegar í gjalddaga fallið, og svarar þá lántakandi, auk áskilinna vaxta, 1½% vöxtum af lánsupphæðinni frá lántökudegi.

Nd. 278. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 268.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Í stað »blöðum 1000—1000« komi: tímaritum og blöðum 1800—1200.

Ed. 279. **Frumvarp**

til viðaukalaga við lög 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn.

Flutningsmaður Guttormur Vigfússon.

1. gr. Skylt er prestum þjóðkirkjunnar að inna af hendi prestsverk, gegn venjulegri borgun, fyrir þá utanþjóðkirkjumenn, sem þess óska, og þeim eru gjaldskyldir, þar til þeir hafa fengið prest eða forstöðumann með konunglegri staðfestingu.

2. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufjelagi, utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, skulu — auk gjalda þeirra, er tilgreind eru í lögum 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn — lausir við að gjalda fasteignartíund til presta og kirkna þjóðkirkjunnar.

3. gr. Þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu, áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn úr landssjóði, er leiðir af ákvæðum 2. gr.

Ed. 280. **Nefndarálit**

um málin: Frumvarp til laga um breytingu á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og Frumv. til laga um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880.

Undirskrifuð nefnd, sem háttvirt efri deild kaus til að athuga og segja álit sitt um frumvörp þessi, hefir komizt að þeirri niðurstöðu, eptir að hún hefir vandlega íhugað málið, að bæði frumvörpin muni verða til bóta fyrir sveitar-

stjórnarlöggjöf vora, ef þau verða að lögum. Bæði frumvörpin fara í þá átt, að auðveldara verður eptir en áður að fullnægja tilgangi sveitarstjórnarlaganna, sem er að auka og efla frelsi og sjálfstjórn sveitarfjelaganna. Á hinn bóginn þykist nefndin eigi geta sjeð, að neinir agnúar sjeu á því, að samþykkja það, sem þau fara fram á, nefnil. að hreppsnefndarmannakosningar megi fara fram á hausthreppaskilum, þegar sýslunefnd leyfir, og að kjósa skuli varasýslunefndarmenn í öllum hreppum landsins, en það mun vera fengin reynsla fyrir því, að þörf er á þeim.

Nefndin álítur rjett að sameina bæði lagafrumvörpin í eitt lagafrumvarp og leggur til grundvallar frumvarpið, sem fyr er nefnt, um breytingu á tilsk. 4. maí 1872; þannig:

1. að frumvarpsgreinin verði 1. gr. í lagafrumvarpi því, er deildin samþykkir,
2. að 1., 2. og 3. gr. í frumvarpi til laga um viðauka við lög nr., 9. jan. 1880, verði 2., 3. og 4. gr. í tjeðu lagafrumvarpi, og er þá hitt frumvarpið að sjálfsögðu fallið niður.

Svo leggjum vjer það til, að fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga

um breytingu á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, og um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880.

Alþingi 30. júlí 1897.

L. E. Sveinbjörnsson form. Kristján Jónsson skrifari og framsögum. Jón Jónsson.

Ed. **281. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Islands 5. janúar 1874, 1. gr., 2. gr., 3. gr., 25. gr., 34. gr., og 2. ákvörðun um stundarsakir (eins og það var samþ. við 3. umr. í nd.).

1. grein.

1. gr. orðist svo:

Í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, 3. gr., varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendunum.

Lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Islands, skulu ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess.

Samkvæmt 2. gr. í tjeðum lögum tekur Ísland aptur á móti engan þátt í löggjafarvaldinu að því leyti, er snertir hin almennu málefni ríkisins, á meðan það ekki hefir fulltrúa á ríkisþinginu, en á hinn bóginn verður þess heldur ekki krafizt á meðan, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins.

2. grein.

2. gr. orðist svo:

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklega málefnum Íslands,

með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafa fyrir Ísland framkvæma það. Ráðgjafinn fyrir Ísland má eigi hafa önnur stjórnarstörf á hendi og verður að skilja og tala íslenzka tungu.

Hið æðsta vald innanlands á Íslandi skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar og hefir aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákveður verksvið landshöfðingja.

3. grein.

3. grein orðist svo:

Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Konungur eða neðri deild alþingis geta kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum.

4. grein.

1. liður 25. gr. orðist svo:

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrirfram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

5. grein.

34. gr. orðist svo:

Ráðgjafinn fyrir Ísland á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Nú er sjúkdómur eða önnur slík forföll því til fyrirstöðu, að ráðgjafinn geti mætt á alþingi, og má hann þá veita öðrum manni umboð til þess að mæta þar á sína ábyrgð, en að öðrum kosti mætir landshöfðinginn á ábyrgð ráðgjafans. Atkvæðisrjett hefir ráðgjafinn, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

6. grein.

2. ákvörðun um stundarsakir orðist svo:

Þangað til lög þau, er getið er um í 3. gr., koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er konungur eða neðri deild alþingis höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisfærslu hans, eptir þeim málfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.

Nd. 282. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um horfelli á skepnum.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur vísað máli þessu til nefndarinnar, sem skipuð var til að íhuga frumvarp til laga um dýraverndun, og höfum vjer undirskrifaðir, sem skipum þá nefnd, íhugað frumvarpið og rætt það á fundum vorum.

Vjer verðum að vera á þeirri skoðun, að frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, um horfelli á skepnum, taki hinum núgildandi horfellislögum frá 12. jan.

1884 fram, einkum að því leyti, að það verði fremur framkvæmanlegt samkvæmt þessu frumvarpi, að koma ábyrgð fram á hendur þeim mönnum, sem gjöra sig seka í því, að horfella skepnur sínar, og verðum vjer því að aðhyllazt aðalstefnu frumvarpsins, þó að vjer treystumst eigi til, að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja það eins og það liggur nú fyrir. Aptur á móti ráðum vjer deildinni til, að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem stungið er upp á hjer á eptir.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna: »Eptir að fje er tekið í hús — fyrir miðjan vetur« (í síðari málsgrein greinarinnar) komi: »fyrir nóvemberlok«. — Og í stað »15. maí« komi: »sumarmála«.
2. Við 3. gr. Aptan við fyrstu málsgrein greinarinnar bætist: »eða lóga þeim«. — Síðari málsgrein sömu greinar: »Þeim skepnum — skoðunarmanna« falli burt.
3. Við 4. gr. Síðari málsgrein greinarinnar: »Sá, er óhlýðnast — allt að 50 krónum« falli burt.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna í enda greinarinnar: »og er sá maður —« út greinina, komi: »og skal sá maður sæta sektum frá 10 til 200 krónum, eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum«.
5. Við 8. gr. Orðin: »til sveitarsjóðs« í enda greinarinnar falli burt.
6. Við 9. gr. Framan við greinina bætist: »Sektir eptir lögum þessum renna í sveitarsjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem brotið er framið«.
7. Við 10. gr. Greinin orðist þannig: »Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem opinber lögreglumál«.

Neðri deild alþingis, 30. júlí 1897.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Eiríkur Gíslason. Jón Þórarinsson, skrifari.

Skúli Thoroddsen. Guðl. Guðmundsson.

Nd. 283. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum.

Nefnd sú, er hin háttvirta deild hefur kosið til þess að íhuga mál þetta, hefur nú lokið starfi sínu og leyfir sjer hjer með að lýsa árangrinum.

Eins og sjá má af athugasemdunum við frumvarpið frá stjórninni, hefir stjórnarráðinu verið tilkynnt, að deild Odd-Fellow reglunnar í Kaupmannahöfn, sem um nokkurn undanfarinn tíma hafði safnað fje til holdsveikisspítala á Íslandi, ætlaði sjer að koma þar upp spítala handa 60 holdsveikum, landssjóði að kostnaðarlausu; væri tilætlunin, að reglan annaðist sjálf bygginguna. Fyrir því var í ráði, að reglan sendi mann upp á þessu sumri til þess að velja stað handa spítalanum, svo og til þess að skýra þinginu frá, með hverjum skilyrðum spítalinn yrði afhentur landinu til eignar og afnota, þegar hann væri fullgjör.

Maður sá, sem sendur hefir verið frá Odd-Fellow-reglunni hingað til lands,

er nú kominn og hefur nefndin átt fundi með honum. Hefur hann staðfest í einu og öllu hina áður umgetnu tilkynningu til stjórnarráðsins, látið nefndinni í tje uppdrætti yfir hinn fyrirhugaða spítala, borið sig saman við hana um ýms atriði þar að lútandi, og valið stað handa spítalanum þar, sem byggingarfræðingar þeir, er til þess voru kvaddir, álitu tiltækilegt. Við valið á spítalastæðinu voru einkum þau atriði höfð fyrir augum, *að* grundvöllurinn væri traustur, *að* spítalinn lægi á heilnæmum stað, *að* honum væri svo haganlega í sveit komið, að hinn árlegi kostnaður við rekstur spítalans, sjerstaklega að því er snertir flutninga að honum, yrði sem minnstur, og *að* hann lægi ekki lengra frá Reykjavík en svo, að lærisveinar læknaskólans gætu með nokkurn veginn hægu móti sótt hann meðan stendur á kennslutíma þar. Öll þessi skilyrði þóttu vera til staðar í Laugarnesi hjer við Reykjavík, og var sá staður því í samráði við nefndina valinn til spítalans, en þó með því skilyrði frá fulltrúa Odd-Fellow-reglunnar hálfu, að vagnvegur yrði lagður nú þegar á þessu hausti frá Rauðará beina leið til Laugarness.

Samkvæmt þessu hefur nefndin borið sig saman við fjárlaganefndina og fengið hana til þess að leggja til, að veittar yrðu 3000 kr. á fjáraukalögum fyrir árin 1896—97 til þess að leggja hinn nefnda vagnveg, enda virtist sú fjárupphæð mundu nægja í þessu augnamiði, eptir lauslegri áætlun.

Samkvæmt skjali, er nefndin hefur fengið í hendur frá fulltrúa Odd-Fellow-reglunnar, eru skilyrðin, sem sett munu verða, þegar spítalinn verður afhentur landsstjórninni fullgjör til eignar og afnota, þau er nú skal greina:

1. Nafn spítalans og áritan sje: Holdsveikisspítali gefinn af samborgurum að tilhlutun hinnar dönsku deildar Odd-Fellow-reglunnar.
2. Spítalinn skal við hátíðleg tækifæri, auk þjóðfánans, vera skrýddur fána reglunnar.
3. Spítalinn sje ávallt vátryggður fullu verði af landsstjórninni.
4. Ef Odd-Fellow-stúka verður stofnsett á Íslandi, er heyrir undir lögsögu hinnar dönsku reglu, þá áskilur formaður reglunnar í Danmörku sjer að hafa rjett til, hve nær sem honum þóknast, að skipa einn meðlim reglunnar á Íslandi í stjórn spítalans.
5. Án samþykkis hinnar dönsku stórstúku má aldrei nota húsið til annars en holdsveikisspítala, og hafi spítalinn staðið ónotaður í 3 ár, fellur eignarrjetturinn yfir lóð og húsum aptur til hinnar dönsku Odd-Fellow-reglu.
6. Til hjúkrunar hinum holdsveiku má að eins nota lærðar hjúkrunarkonur, en þó ekki úr flokki kaþólskra hjúkrunarkvenna, og áskilur formaður Odd-Fellow-reglunnar dönsku sjer, að hafa rjett til að skipa yfir-hjúkrunarkonuna.

Að því búnu tók nefndin sjer fyrir, að athuga frumvarpið sjálft, að því

er einstakar greinir þess snertir, svo og fyrirkomulag á spítalanum og áætlun um árlegan kostnað við hann.

Í 1. grein frumvarpsins er svo ákveðið, að verja megi 12,000 kr. til húsbúnaðar og áhaldakaupa til spítalans, og er upphæð þessi þannig sundurliðuð í athugasemdunum, að af henni sjeu 9,000 kr. áætlaðar til húsbúnaðar handa sjúklingunum, en 3,000 kr. til húsbúnaðar í herbergjum þjónustufólksins, eldhúsgagna o. fl.

Eptir að hafa borið sig saman við fulltrúa Odd-Fellow-reglunnar um það, með hvaða útbúnaði reglan mundi afhenda spítalann í hendur landsstjórninni á sínum tíma, svo og við Guðmund hjeraðslækni Björnsson, gat nefndinni eigi dulizt, að margt er fleira, sem kaupa þarf til spítalans í fyrstu en það, sem hjer er farið fram á, og mundi upphæð þessi því verða allsendis ónóg til útbúnaðar hans. Þannig skýrði fulltrúinn nefndinni frá, að landssjóður yrði að leggja til hreinsunar-ofn (Desinfektións-ofn) handa spítalanum, en aptur mundi reglan leggja til húsrúm handa honum. Sama er og að segja um bað-áhöld þau, er þarf í herbergi stofnunarinnar. Enn fremur áleit hann ekki heyra til byggingu spítalans girðing, sem vera þyrfti í kringum lóð hans, enda þótt reglan mundi láta fje til hennar, ef það væri fyrir hendi til þess, afgangs hinum öðrum byggingarkostnaði. — Þá er auðsætt, að byggja þarf handa spítalanum geymsluhús fyrir kol, matvæli, áhöld o. fl. Enn fremur er í áðurnefndri upphæð ekkert fje ætlað fyrir meðul og lyfsalaáhöld í lyfjabúð þá, sem ætlazt er til að verði á spítalanum, og ekkert fyrir míkroskóp og önnur áhöld þar til heyrandi, sem nauðsynlegt er hverjum spítala, sjerstaklega ef kennsla á þar fram að fara handa lærisveinum læknaskólans. — Loks telur nefndin óumflýjanlegt, að stofnunin eigi vagn og hest, svo og bát, úr því að hún verður í Laugarnesi.

Í tilefni af þessu vill nefndin leggja það til, að veittar sjeu 18000 kr. til útbúnaðar spítalans, í stað 12000 kr., og telur að það muni nægja. Byggir nefndin þessa tillögu sína á eptirfarandi áætlun:

1.	Hreinsunarofn og kostnaður við að koma honum fyrir	2000 kr.
2.	Kaup á bað-áhöldum	1000 —
3.	Girðing kringum lóð spítalans	500 —
4.	Geymsluhús	800 —
5.	Vagn og hestur	300 —
6.	Bátur	80 kr.
7.	Míkróskóp með tilheyrandi	800 —
8.	Meðul, lyfsalaáhöld o. fl.	500 —
	Samtals	5980 kr.

Þá telur nefndin rjett, að bætt sje inn í 4. grein frumvarpsins ákvæði um það, að verði deild Odd-Fellow-reglunnar í Danmörku stofnsett hjer á landi, skuli æðsti stjórnandi hennar hafa rjett til að skipa einn mann í spítalastjórnina ásamt amtmanni og landlækni. Er þetta samkvæmt 4. skilyrðinu, sem hjer að

framan er nefnt, og sett mun verða af Odd-Fellow-reglunni, þegar spítalinn verður afhentur landsstjórninni.

Þá kom til umræðu í nefndinni, hvernig bezt mætti haga læknishjálp við holdsveikisspítalann.

Eins og sjá má af athugasemdunum við frumvarp stjórnarinnar, eru það tillögur Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar, að einn af læknunum í Reykjavík, sem skipaðir eru við læknaskólann, taki að sjer læknisstörfin við spítalann fyrir 1000 kr. árlega þóknun, og hafi hann auk þess sömu störf á hendi, sem yfirforstöðumaðurinn í Noregi, enda þótt æskilegast væri, að sjerstakur læknir væri skipaður við stofnunina með 4000 kr. launum, er, auk lækn is- og stjórnarstarfa við hann, að eins gæfi sig við vísindalegum rannsóknum viðvíkjandi holdsveikinni.

Nefndin er einhuga á því, að kennarar læknaskólans sjeu svo önnum hlaðnir, að ekki muni þeim kleyft að takast læknis- og forstöðustörf spítalans á hendur, samhliða öðrum önnum sínum, en fellst á þá skoðun, að nauðsynlegt muni vera, að skipa sjerstakan lækni við spítalann, er auk þess hafi umsjón með honum á hendi. — Aptur er nefndinni ljóst, að slíkur læknir mundi hafa nokkurn tíma aflögum frá þessum sínum störfum, enda þótt hann að einhverju leyti gæfi sig við vísindalegri rannsókn á holdsveikinni. Og þar sem nú nefndinni er kunnugt um, að raddir hafa komið fram um það, að nauðsynlegt væri að auka kennslukrapta við læknaskólann, og á læknafundinum, sem haldinn var í fyrra, var samþykkt bein áskorun um, að auka kennslukraptinn að einhverju leyti, svo að óumflýjanlegt virðist að stofna nýtt kennaraembætti við tjeðan skóla innan skamms, þá telur nefndin rjett, að láta þennan lækni verja þeim tíma, er hann fær aflögum spítalastörfum. til þess að aðstoða við kennsluna á læknaskólanum, og hyggst muni spara landssjóði með því fje til þess að launa nýjum, sjerstökum læknaskólakennara.

Að því er snertir ársútgjöldin við spítalann, skal það tekið fram, að nefndin álítur upphæðir þær til starfsmanna spítalans og vinnufólks, sem getið er um í athugasemdunum við frumvarpið, að sumu leyti of lágt settar. Þannig telur hún laun ráðsmannsins, 1500 kr. auk leigulauss bústaðar, of lág, þegar litið er á það, að staða þessi er einkar-ábyrgðandi og nauðsynlegt, að til þessa starfa fáist duglegur og nýtur maður í alla staði. Vill nefndin því leggja til, að þeim starfsmanni sjeu ætlaðar 2000 krónur í laun, auk leigulauss bústaðar. Af sömu ástæðu leggur nefndin til, að ráðskonukaupið verði sett 300 krón. í stað 200 kr., og, eptir bendingu frá fulltrúa Odd-Fellow-reglunnar, að laun yfirþjónustu sjúkra sje sett 500 kr., og sjúkraþjónustanna 150 kr. um árið handa hverri. Það er eitt í skilyrðum Odd-Fellow-reglunnar, að skipaðar sjeu lærðar hjúkrunarkonur við spítalann, og að reglan hafi rjett til að skipa yfir-hjúkrunarkonuna, sem að sjálfsögðu, að minnsta kosti fyrst í stað, munu verða útlærðar, útlendar

hjúkrunarkonur, og munu því þessi laun, með tilliti til þess, ekki mega minni vera. — Þessi launahækkun eykur ársútgjöldin um allt að 1000 kr.

Að því er hina aðra gjaldaliði snertir, treystist nefndin ekki að koma með neinar ákveðnar tillögur, með því að þeir hljóta allt af að verða í meira eða minna lausu lopti byggðir, meðan engin reynsla er fengin í þessu efni.

Af ofanrituðum ástæðum leyfir nefndin sjer að koma fram með þessar breytingartillögur við hið fyrirliggjandi frumvarp:

1. Við 1. gr.: Í stað »má verja 12,000 kr. til húsbúnaðar og áhaldakaupa hans« komi: »má verja 18,000 kr. til útbúnaðar hans«.
2. Á eptir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., og orðist svo: »Við spítalann skal skipa sjerstakan lækni, og hefir hann 3000 kr. að launum. Skal læknir þessi, auk læknisstarfa við spítalann og yfirumsjónar á honum, skyldur að gegna kennslu í einni eða fleirum vísindagreinum við læknaskólann án sjerstakrar þóknunar«.
3. 2. gr. verði 3. grein.
4. Við 3. gr. er verði 4. gr.: orðin »eptir ráðstöfun hins opinbera« falli burt.
5. Við 4. gr. er verði 5. gr.:
   a. Á eptir orðunum »og landlæknir« komi: »Ef deild Odd-Fellow-reglunnar í Danmörku verður stofnsett hjer á landi, skal stjórn hennar hafa rjett til að skipa stjórn spítalans einum manni úr flokki reglunnar«.
   b. Á eptir orðunum »reglugjörð fyrir hann« komi: »og erind isbrjef fyrir þjónustumenn spítalans«.

Neðri deild alþingis 30. júlí 1897.

Tr. Gunnarsson, formaður. Kl. Jónsson. Þórður J. Thoroddsen, skrifari og framsögum.

Þórður Guðmundsson. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. 284. **Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga 1898—99. Frá Kl. Jónssyni.

Aptan við 13. gr. B. V. b. komi nýr liður svo hljóðandi:

8. Ferða og námsstyrkur handa 5 námspiltum, er að tilhlutun stjórnar hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags sækja til skólans, 100 kr. handa hverjum, kr. 500—500.

Nd. 285. **Frumvarp**

til laga um um afnám ítaksrjettar Vallanesprestakalls í Hallormsstaðarskógi.

Flutningsmenn: Jón Jónsson, þm. A.-Sk., og Sigurður Gunnarsson, 1. þm. S.-M.

Ítaksrjettur Vallanesprestakalls til skógarhöggs í Hallormsstaðarskógi er afnuminn.

Ed. 286. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknartími er útrunninn, skal biskup senda til hlutaðeigandi prófasts umsóknarbrjef allra þeirra, er um embœttið hafa sótt, enda fullnægi þeir hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni. Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum þeirra umsækjenda, er hann álítur óhæfa til að takast það prestsembætti á hendur. Um leið og biskup sendir prófasti umsóknarbrjefin, getur hann sent meðmæli sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið. Prófastur skal sjá um, að umsóknarbrjefin og meðmælingarbrjef biskups verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu.

Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt. lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr. Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjendum hefir hlotið að minnsta kosti $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið eptir 1. gr. laga þessara og 4.—8. gr. laga 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar.

3. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2., 3. og 9. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. 287. **Frumvarp**

til laga um innheimtu á tekjum presta. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Skylt er sýslumönnum og bæjarfógetum, þegar þjónandi prestar þjóðkirkjunnar óska þess, að heimta inn fyrir þá á manntalsþingum þessar tekjugreinir, fyrir hið útliðandi fardagaár: heytolla, dagsverk, tíundir af fasteign og lausafje og lausamannagjald. Fyrir þessa innheimtu bera valdsmanni 4 af hundraði hverju.

Eindagi preststíundar er 10. dagur aprílmánaðar.

2. gr. Nú vill prestur, að valdsmaður heimti inn tekjur samkv. 1. gr., og skal hann þá hafa afhent honum fyrir 15. marz glöggva skrá, samda eptir þinghám, ef fleiri en ein eru í því prestakalli, yfir gjaldendur og það, sem hverjum ber að greiða í hverja tekjugrein. Ábyrgist prestur, að skráin sje rjett, enda sje lögtak á hans ábyrgð, ef til þess kemur.

Nú hefur prestur afhent valdsmanni skrá yfir ólokin prestsgjöld, en síðan greiðist honum fyrir manntalsþing eitthvað af þeim tekjum, sem þar eru tilfærðar, og skal

hann þá gefa valdsmanni skýrslu um þær greiðslur, í síðasta lagi áður en manntalsþing byrjar.

3. gr. Hin innheimtu gjöld, að frádregnum innheimtulaunum, skal valdsmaður greiða presti fyrir næstu veturnætur, í peningum eða í innskript hjá þeim kaupmanni, sem prestur vísar til, þó svo, að eigi sje meira en helmingur gjaldanna greiddur með innskript.

Nd. 288. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Flutningsmaður: Jón Jónsson, þm. Eyf.

Við 13. gr. B. VI. a. 1.
Fyrir: ölmusur
komi: námsstyrkur.

Ed. 289. **Tillaga**
til þingsályktunar um frímerki.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

Efri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að búa til ný íslenzk frímerki, að einhverju leyti frábrugðin núgildandi frímerkjum, t. a. m. þannig, að orðið »Ísland« verði prentað á almennum frímerkjum í beinni línu, en á þjónustufrímerkjum í boginni línu, eða verðið sett eigi að eins í miðjuna, heldur og í hornin, og annaðhvort innleiða þau samhliða núgildandi íslenzkum frímerkjum, meðan þau frímerki endast, sem nú eru til, eða gera núgildandi frímerki ógild, um leið og nýju frímerkin verða innleidd.

Ed. 290. **Viðaukatillaga**
við breytingartillögur við frumv. til laga um að koma á gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík o. s. frv.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við breytingartillögu 1. við 1. gr.: Á eptir »náttúrufræði« bætist inn í: eðlisfræði.

Ed. 291. **Framhalds-nefndarálit**
í málinu: Frv. til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Við frv. það, sem samþykkt var hjer í deildinni við 3. umr., hefir háttvirt neðri deild gjört að eins þá breytingu, að í 4. gr. stafl. B. er í annari línu bætt inn orðunum: »nema eldtraustur veggur sje á milli; að öðrum kosti«.

Með því að þetta ákvæði er í samræmi við þær reglur, sem gilda í Reykjavíkurbæ um sama efni, og miðar til meiri sparnaðar á byggingarlóð kaupstaðarins, sem er mjög takmörkuð sökum landslagsins, án þess að ákvæðið rýri trygginguna fyrir eldsvoðahættu, þá verður nefndin að álíta þessa viðbót

neðri deildar vera frv. til bóta, og ráðum vjer því heiðr. efri deild til að fallast á frv., eins og það nú er.

Alþingi 30. júlí 1897.

L. E. Sveinbjörnsson, formaður. Hallgr. Sveinsson, skrifari og framsögum.

Guttormur Vigfússon.

Ed. 292. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í ed.).

1. gr. Fjenaður skal lagður í tíund, sem hjer segir:

1 kýr leigufær	1	hundrað.
2 kýr eða kvígur mylkar, sem eigi eru leigufærar	1	——
3 geldneyti tvævetur eða geldar kvígur	1	——
2 naut eldri	1	——
6 ær með lömbum leigufærar	1	——
12 ær, sem eigi eru leigufærar	1	——
10 sauðir eða hrútar þrjevetrir eða eldri	1	——
12 sauðir eða hrútar tvævetrir	1	——
24 gemlingar	1	——
4 hross fimm vetra eða eldri	1	——
6 tryppi tveggja til fjögra vetra	1	——

Fella skal úr tíund sjöunda hluta fjenaðarins.

2. gr. Kýr telst leigufær, sem er ófötluð og á að bera á tímabilinu frá miðjum október til loka febrúarmánaðar. Kelfdar kvígur, sem óbornar eru 11. dag júnímánaðar, skulu lagðar í tíund sem geldar kvígur. Ær með lambi telst leigufær, sje hún ófötluð og borin 11. júní. Lömb, sem farast milli hreppskila, teljast til vanhalda 4 al. hvert.

3. gr. Við tíundarílagning skal lausafjárupphæð hvers framteljanda standa á heilu eða hálfu hundraði; 60 al. og þar yfir, allt að 119 al., sje gert $^1/_2$ hundrað, en færri álnum sje sleppt.

4. gr. Skip og báta, sem ganga eina eða fleiri vertíðir á árinu til fiskiveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

1 þilskip, 20 smálesta eða minna	5 hundr.
1 þilskip, frá 21—40 smál.	8 ——
1 þilskip, 41 smál. og þar yfir	10 ——
1 áttæringur eða stærra skip	$1^1/_2$——
1 sexæringur eða feræringur	1 ——
1 tveggja manna far	$^1/_2$ ——

Veiðigögn fylgja skipi hverju í tíund. Eigendur þilskipa eru skyldir að segja til lestarúms skipa sinna, þegar þeir telja þau fram til tíundar.

5. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. og 3. gr. laga um lausafjártíund 12. júlí 1878.

Ed. 293. **Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Háttvirt efri deild alþingis hefir kosið oss í nefnd, til að athuga og segja álit vort um frv. þetta, sem lagt er fyrir þingið af stjórninni og er nú til vor komið frá háttv. neðri deild, sem skipaði 5 manna nefnd til að íhuga það.

Eptir að vjer höfum vandlega hugleitt frv. þetta skulum vjer láta uppi um það álit vort á þessa leið.

Frv. þetta er í öllum meginatriðum sniðið eptir frv. því um sama efni, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1895, en sem þingið gjörði við ýmsar breytingar, þar á meðal þá aðalbreytingu, að það nam í burtu öll þau ákvæði í frv., sem gjörðu ráð fyrir, að holdsveikraspítali væri til, sem sjúklingar yrðu fluttir á.

Þetta frumv. þingsins taldi stjórnin svo takmarkað og ófullnægjandi, að hún lagði til, að því yrði synjað um staðfestingu, sem og var gjört. Í þess stað lagði hún aptur fyrir þingið það frv., sem nú liggur fyrir, eptir að vissa er fengin um byggingu spítala fyrir holdsveika menn á næsta ári, sem »Odd-Fellow-reglan« í Danmörku ætlar að gefa Íslandi. Í þetta frv. hefir stjórnin, eptir tillögum Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar, er sendur var til Noregs næstliðið sumar, til að kynna sjer fyrirkomulag holdsveikisspítala þar í landi, tekið upp í 1.—4. gr. nokkur ákvæði, sem miða til sem beztrar tryggingar í því efni, að allir holdsveikir menn á landinu verði skráðir í bækur hjá læknum og undir stöðugu eptirliti þeirra; og hinsvegar til þess, að hinar sjálfsögðu og almennu varúðarreglur, sem holdsveikum mönnum ber að gæta, verði fast ákveðnar í lögunum og almenningi á þann hátt kunnar. Þessi ákvæði álítum vjer góð og hagfelld.

Stjórnin ætlaðist í frv. sínu til þess, að þeir holdsveikir menn, sem settir yrðu á spítala móti vilja sínum, sökum þess, að hætta þætti fyrir aðra menn af dvöl þeirra utan spítala, skyldu vera þar á kostnað landssjóðs, en að öðru leyti skyldu þeir menn greiða borgun fyrir spítaladvöl sína, sem efni hefðu til þess, og að sveitarsjóðir skyldu greiða hæfilega borgun, eptir nánari ákvæðum, fyrir framfærslumenn sína, er á spítala yrðu settir. Þessum ákvæðum hefur neðri deild breytt svo (í 10. gr.), að kostnað allan við veru holdsveikra manna á spítala eptir lögum þessum skuli greiða af landssjóði, svo og flutning á spítala fyrir þá menn, sem þar verða settir eptir yfirvaldaráðstöfun, en eru ekki á sveitarframfæri, en að sveitarsjóðir skuli kosta flutning á spítala fyrir holdsveika framfærslumenn sína, en ekkert annað greiða fyrir spítaladvöl þeirra.

Á þessar breytingar neðri deildar verðum vjer að fallast, einkum með tilliti til þess, að með þeim er fengin stórum meiri trygging en ella fyrir nauðsynlegum flutningi holdsveikra manna á spítala, og með tilliti til þess, að spítalasjóðirnir, sem upprunalega voru ætlaðir holdsveikum mönnum til aðhjúkrunar, eru runnir inn í landssjóð.

Yfir höfuð álítum vjer frv. þetta heppilegt og vel úr garði gjört og ráðum hinni háttvirtu efri deild til að fallast á það, með breytingum þeim, sem á

eptir fara, og sem að mestu leyti eru orðabreytingar eða til að taka sum ákvæði skýrara og skipulegar fram en nú er í frv. því, sem oss var afhent.

a. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Nú hefir holdsveikur maður notað íbúðarhús eða herbergi útaf fyrir sig, og mega þá aðrir menn ekki nota það hús eða herbergi, fyr en það hefir hreinsað verið, á þann hátt, er læknir skipar fyrir um. Sama er um föt, sængurfatnað og annað þess háttar, er holdsveikur maður hefir notað.

b. Við 6. gr. Fyrir orðið »fregnina« í 3. línu komi: slíka tilkynningu.

c. Við 7. gr. Á undan orðunum: »að nauðugu« í 2. málsgrein bætist inn: þeim.

d. Við 8. gr. Fyrir: »á spítala« í 3. línu komi: á holdsveikisspítala.

e. Við 8. gr. Fyrir: »sjúkrahús« síðast í 1. málsgrein komi: holdsveikisspítala.

f. Við 8. gr. Á undan orðunum »að nauðugu« í síðari málsgrein bætist inn orðið »þeim«.

Alþingi 31. júlí 1897.

L. E. Sveinbjörnson, form. | Hallgr. Sveinsson, skrifari og framsögumaður. | Þorkell Bjarnason.

Ed. **294. Frumvarp**

til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Gagnfræðakennslu skal koma á í lærða skólanum í Reykjavík, og skal svo tilhagað, að hún sje neðra kennslustig í skólanum, en lærða kennslan hið efra. Í gagnfræðadeildinni, er nær yfir 3 neðstu bekki skólans, skulu kenndar þessar námsgreinir: Íslenzka, danska, enska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, eðlisfræði, landafræði, söngur, dráttlist og leikfimi. Í efri deildinni, er nær yfir 3 efstu bekki skólans, skulu þessar námsgreinir kenndar: Íslenzka, danska, enska, saga, eðlisfræði, latína, þýzka, frakkneska, stærðfræði, guðfræði, söngur og leikfimi.

2. gr. Við bekki þá, er nú eru í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, skal bætt einum bekk, svo að kennslan í þeim skóla samsvari að öllu leyti kennslunni í þrem neðstu bekkjum Reykjavíkur lærða skóla.

3. gr. Skipa skal við Reykjavíkur lærða skóla 1 yfirkennara, en við Möðruvallaskólann 1 kennara. Yfirkennarinn fær 3200 kr. í árslaun, og kennarinn við Möðruvallaskólann, sem verður annar kennari, 2000 kr. í árslaun.

4. gr. Kennslugreinir í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík og í Möðruvallaskólanum skulu vera hinar sömu, og taldar eru í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík 1. gr.

5. gr. Landshöfðingi semur reglugjörð fyrir skóla þessa og sjer um, að fyrirkomulag það, sem lög þessi skipa fyrir, komist á svo fljótt, sem unnt er. Þegar það er komið á, geta lærisveinar þeir, sem tekið hafa burtfararpróf úr Möðruvallaskóla, gengið próflaust í 4. bekk Reykjavíkur lærða skóla.

Ed. 295. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri.

Með lögum um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda frá 22. marz 1890 er sýslunefndum veitt heimild til að setja reglugjörðir um eyðing refa hver í sinni sýslu. Lög þessi fara í þá átt, að veita hjeraðastjórnunum sem mestan þátt í stjórn og framkvæmd þeirra mála, er eptir eðli sínu verða jafnan að teljast fremur sem hjeraðamál en almenn löggjafarmál. Þessi stefna hefir um allmörg undanfarin ár verið ráðandi í löggjöf þingsins, og hefir hún af öllum þorra manna verið talin rjett og eðlileg. Það er ærinn vandi fyrir löggjafarvaldið að gefa almenn lög um ýms hjeraðamál, sem ekki komi í meiri og minni bága við sjerstakt ástand, svo sem sjerstaka landshætti, staðhætti, veðráttufar o. fl. í hinum einstöku hlutum landsins; það sem á við og er hentugt talið á þessum stað, getur átt miður við og verið óhentugt á öðrum. Hvað frumvarp það sjerstaklega snertir, sem hjer er um að ræða, þá dylst nefndinni ekki, að sum ákvæði þess geta komið í töluverðan bága við þetta sjerstaka ástand, sem bent er á hjer að framan. Þótt nefndin viðurkenni, að hina mestu nauðsyn beri til, að gjöra röksamlega gangskör að eyðing refa hjer á landi, getur hún ekki fallizt á, að heppilegra sje að gefa út almenn lög um það efni, heldur en, eins og nú er, að hjeraðastjórnirnar hafi lagaheimild til að skipa fyrir um eyðing refa, eptir því, sem þeim virðist hentugast og bezt við eiga, hver í sínu hjeraði. Nefndin telur það ekki líklegt að sýslunefndirnar, sem nú hafa löggjafarvaldið um þetta atriði, vanræki almennt þá skyldu, er á þeim hvílir með eptirlit með því, að hinum lögskipuðu reglugjörðum þeirra sje tilhlýðilega framfylgt, og hins vegar verður nefndin líka að ætla, að hreppsnefndunum, sem aðallega ber að beita reglugjörðunum í framkvæmdinni, sje það hið mesta alvöru og áhugamál, að ganga sem bezt fram í því, að eyða refum, þessari plágu landbúnaðarins. En þó svo væri, að nokkurt hirðuleysi ætti sjer stað í þessu efni bæði af hálfu sýslunefnda og hreppsnefnda, þá verður vart bætt úr því með nýjum lagaákvæðum, og í öllu falli virðist frumvarp það, sem hjer er um að ræða, ekki vera til þess fallið; þær sýslunefndir, sem nú vanrækja lögskyldur sínar í þessu efni, mundu engu síður gjöra það, þótt þetta frumvarp yrði að lögum, og sama máli er að gegna um hreppsnefndirnar.

Ákvæði frumvarpsins um að sýslunefndirnar skipi 2—4 menn í hverri sýslu til þess að annast um og hafa á hendi eitranir fyrir refi, myndi leiða af sjer stórkostlegan kostnað fyrir sýslusjóðina. Þessi kostnaður lendir að vísu á sveitarsjóðunum, þar sem sýslusjóðsgjaldið hlyti að hækka, og þannig yrðu hrepparnir að gjalda tvöfaldan refatoll, því að eptir sem áður mundu þær verða að kosta miklu fje til refaeyðingar beinlínis úr sveitarsjóði. Það væri að vísu alls ekki horfandi í þennan aukna kostnað, ef með þessari aðferð væri fengin meiri trygging fyrir eyðing refa en nú er, en það telur nefndin mjög vafasamt. Starfi þessara eitrunarmanna verður í mörgum sýslum landsins mjög erfiður og næsta ósanngjörn kvöð fyrir jafn-litla borgun og þeim er ákveðin; það eru því fremur líkindi til þess, að þessir eitrunarmenn muni hvorki viljugir nje jafnvel

þess megnugir, að leysa hann svo af hendi, sem skyldi. En auk þess getur þessi tvískipting á framkvæmd laganna milli þessara manna og hreppsnefndanna óbeinlínis orðið þess valdandi, að hvorirtveggju ræki laklegar skyldu sína ella, þegar framkvæmdin hvílir eingöngu á hreppsnefndunum. Sýslunefndin á og öllu óhægra með að hafa eptirlit með þessum mönnum, heldur en með hreppsnefndunum.

Stjórnin, sem lagt hefur frumvarp þetta fyrir þingið, hefur leitað álits sýslunefndanna um, hvort þörf væri á þessari lagasetningu; hafa 9 sýslunefndir verið því mótfallnar, 8 með, en hinar engar tillögur látið uppi. Frumvarp þetta virðist því ekki hafa að styðjast við mikið fylgi eða áhuga landsmanna. Þvert á móti má gjöra ráð fyrir því, að þeim sýslunefndum, er lagt hafa á móti nýjum lögum um þetta efni, þætti hjer neytt upp á sig lögum af þinginu, og gæti það haft miður góðar afleiðingar fyrir refaeyðingarmálið. — Meiri hluti amtsráðanna hefur að vísu verið máli þessu sinnandi, en nefndin hyggur, að hjer beri öllu heldur að líta á, hvernig málið horfir við hjá sýslunefndunum, er mest hafa um það að fjalla og kunnugastar eru öllum þeim sjerstöku atvikum og ástæðum, er hjer geta haft svo mikla þýðingu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að hin háttvirta efri deild samþykki ekki þetta frumvarp.

Alþingi 3. ágúst 1897.

Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum. Þorkell Bjarnason.

Jeg hef eigi getað orðið hinum háttv. meðnefndarmönnum mínum sammála um frv. þetta. Ef það yrði að lögum, mundi, að minni ætlun, miklu röggsamlegar verða gengið að eitrun fyrir refi en nú er gert, samvinna og samkvæmni kæmist á í eitruninni, skeytingarleysið yrði minna í því efni, eptirlitið betra og árangurinn margfalt meiri en nú á sjer stað. Jeg ræð því hinni háttv. efri deild til að samþykkja frv. Jeg mun að öðru leyti taka nákvæmara fram við umræðurnar um frv. þetta ástæðurnar fyrir því, að samþykkja það.

Þorleifur Jónsson.

Ed. 296. **Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um frímerki

Frá Þorleifi Jónssyni.

1. Fyrir: »Efri deild alþingis« komi: Alþingi
2. — »verðið« komi: verðtalan.

Nd. 297. **Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Verzlunarsvæðið á Nesi í Norðfirði skal ná frá svo kölluðum Bakkalæk að austan að Kross-skálavík að vestan, 50 faðma á land upp frá stórstraumsflóðmáli.

Nd. 298. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknartími er útrunninn, skal biskup senda til hlutaðeigandi prófasts umsóknarbrjef allra þeirra, er um embœttið hafa sótt, enda fullnægi þeir hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni. Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum þeirra umsækjenda, er hann álítur óhæfa til að takast það prestsembætti á hendur. Um leið og biskup sendir prófasti umsóknarbrjefin, getur hann sent meðmæli sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið. Prófastur skal sjá um, að umsóknarbrjefin og meðmælingarbrjef biskups verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu.

Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt. lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12 maí 1882.

2. gr. Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjendum hefir hlotið að minnsta kosti $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið eptir 1. gr. laga þessara og 4.—8. gr. laga 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar.

3. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2., 3. og 9. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. 299. **Nefndarálit**

í brúamálinu.

Vjer sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið til að athuga frumvarp til laga um brúargerð á Lagarfljót og síðan fengið til umsagnar frv. til laga um brúargerð á Jökulsá í Axarfirði hjá Ferjubakka og frv. til laga um brú á Hörgá í Eyjafirði, leyfum oss að láta hjer uppi álit vort um öll þessi frumvörp í einu lagi.

Vjer viljum fyrst minnast á brúna á Hörgá. Sú brú er á sýsluvegi í Eyjafirði og er því landssjóði eigi skylt að kosta hana, en með því að hún er á fjölförnum vegi og svo dýr, að hún mundi verða sýslusjóði of kostnaðarsöm, leggjum vjer til, að fje verði veitt til hennar úr landssjóði, þó þannig, að fjeð sje veitt sýslusjóði Eyfirðinga, og hann annist síðan viðhald hennar. Herra verkfræðingur S. Thoroddsen hefur áætlað, að brúin mundi kosta 15,000 kr. og leggjum vjer til, að til hennar verði lagðar úr landssjóði 10,000 kr.

Brúin á Lagarfljóti er þar á móti ætlazt til að verði á aðalpóstvegi, og

er það einhuga álit vort, að hin mesta nauðsyn sje á því, að koma þeirri brú upp sem fyrst, þar eð Lagarfljót, sem er afarbreitt, er jafnan mjög illur farartálmi, þegar það er eigi undir ísi, með því að það er í stormi illferjandi eða óferjandi, og hestar eigi leggjandi í það í kulda, nema það sje átt á hættu, að þeir verði innkulsa, svo að þeir jafnvel drepist þegar í stað, eins og allopt hefur borið við.

En þegar um það er að tala, að veita fje til brúar þessarar nú þegar, þá er málið því miður svo illa undirbúið, að meiri hluti nefndarinnar álítur eigi rjett að veita það að sinni. Herra verkfræðingur S. Thoroddsen hefur að vísu ákveðið brúarstæði á Einhleypingi, skoðað það, gert uppdrátt af brúnni og áætlun um kostnaðinn, herra landshöfðinginn sent stjórninni þá áætlun og mælt með því að frumvarp um brúargerð á Lagarfljót yrði lagt fyrir þingið í ár, og stjórnin sent áætlun þessa mannvirkjastjóra herra Windfeld Hansen til umsagnar, en honum virtist málið svo illa undirbúið frá hendi S. Thoroddsens, að hann gat ekki ráðið til þess að frumvarp yrði lagt fyrir þingið um brú þessa, nema bráð nauðsyn þætti til. Það sem honum þykir skoðunargjörðinni og áætluninni ábótavant, er 1., það, að eigi sje færðar nægar ástæður fyrir því, að brúna skuli heldur setja á Einhleypingi en hjá Steinsvaði, þar sem hr. Thoroddsen telur »ágætt brúarstæði« og þar sem brúin mundi verða $^2/_3$ styttri; og 2., það að botn fljótsins á Einhleypingi hafi ekki verið kannaður og eigi getið neitt um það, hvernig til hagi með straum og ísrek í fljótinu. En að kanna botninn var þó auðvitað nauðsynlegt, þar eð herra Thoroddsen ætlast til, að brúin sje byggð á stöplum, er reknir sje djúpt ofan í botninn. Auk þessa hefur W. Hansen eigi fengið uppdrátt af brúnni í hendur fyrir einhverjar sakir, og gat því eigi heldur þess vegna athugað áætlunina nægilega.

Meiri hluti nefndarinnar er á sama máli sem herra W. Hansen, að málið sje eigi nægilega undirbúið.

Brú á Jökulsá í Axarfirði hjá Ferjubakka er engu síður nauðsynleg en brú á Lagarfljót, því að áin er hvergi fær nema á ferju, og niðri í byggð má heita að hún sje ætið og alstaðar óferjandi nema hjá Ferjubakka og er þar þó jafnan hættulegur ferjustaður. En með því að brú þessi er ekki á aðalpóstleið, getur það eigi talizt bein skylda landssjóðs að kosta byggingu hennar. Aptur á móti liggur leið aukapóstsins milli Grenjaðarstaðar og Vopnafjarðar yfir ána hjá Ferjubakka, og svo liggur þar um almannaleið eptir endilangri Norður-Þingeyjarsýslu, sem ætla má að gerð verði að þjóðvegi samkvæmt lögum um vegi 13. apr. 1894, 5. gr. Þess vegna álítum vjer rjett að brúin sje byggð fyrir landssjóðsfje, þar eð það mundi sýslufjelaginu langt um megn, en aptur álítum vjer að viðhaldið megi leggja sýslufjelaginu á herðar.

Herra S. Thoroddsen hefur valið brúarstæði á þessari á hjá Ferjubakka, og áætlað, að hengibrú þar mundi kosta 50,000 kr., en ekki hefur stjórninni enn verið gefinn kostur á að láta yfirskoða þá áætlun. Nú þykir kunnugum mönnum mjög líklegt, að brúin gæti staðið þar á hentugri stað, þar sem hún yrði til muna ódýrari, og maður nokkur, sem er talsvert vanur brúabyggingu og er steinsmiður góður, hefur skoðað það brúarstæði og mælt ána, og aðhyllist þá skoðun, að þar sje vel gjörlegt að byggja brúna og að hún verði þar miklu ó-

dýrari. Auðvitað getur nefndin eigi skorið úr, hvorir hjer hafi rjettara fyrir sjer, og verður því að telja æskilegt, að nýr verkfræðingur skoðaði bæði brúarstæðin og segði sitt álit um þau, með því að um mikinn kostnaðarmun er að ræða.

Með því nú að nefndinni þannig þykir hvorug brúarsmíðin svo undirbúin sem skyldi, leggur meiri hluti hennar það til, að báðum brúnum sje frestað enn um hríð, þangað til nægur undirbúningur er fenginn, sem vjer vonum að geti orðið fyrir næsta þing.

Þessi undirbúningur leggjum vjer til, að eigi sje falinn herra S. Thoroddsen, bæði af því, að hann mun hafa nóg annað að starfa, og svo af því, að vjer berum eigi fullt traust til hans í þessu efni og þykir hann hafa sýnt of litinn áhuga á starfi sínu, sem meðal annars lýsir sjer í því, að hann hefur eigi til búinn uppdráttinn af brúnni á Lagarfljót fyr en 25. jan. þ. á. og af brúnni á Jökulsá í Axarfirði eigi fyr en 22. maí þ. á., þó að hann skoðaði brúarstæðin í septembermánuði 1895, en af þessum drætti hefur það leitt, að frumvarp til laga um brúargjörð á hvoruga þessa á gat orðið lagt fyrir þetta þing.

Aptur á móti leggjum vjer það til, að hingað sje fenginn næsta vor æfður verkfræðingur frá Noregi, þar sem staðhættir eru líkastir vorum staðháttum og hann sje af nýju látinn kanna brúarstæðin bæði á Lagarfljóti og Jökulsá. En vjer leyfum oss jafnframt að leggja það til, að þessi verkfræðingur verði ráðinn næsta sumar allt eða lengur, og látinn skoða fleiri brúastæði á vegum þeim, er landssjóður kostar, svo sem á Fnjóská, Eyjafjarðará, Norðurá í Skagafirði, Hjeraðsvötnum hjá Ökrum, Norðurá í Mýrasýslu og víðar, eptir því sem tími vinnst til. Vjer teljum það meira að segja mjög æskilegt, að góður brúafræðingur verði ráðinn um næstu ár, til þess að fara um landið allt og skoða brúastæði og gjöra áætlanir um brýr eigi að eins á vegum landssjóðs, heldur og á sýsluvegum og hreppavegum, þar sem þurfa þætti, með því að það mundi mjög flýta fyrir brúasmíð á landinu, þegar fengnar væru áætlanir um dýrleika brúnna, og verða hægra að velja um, hverja brú skyldi taka fyrir á þeim og þeim tíma eptir ástæðum. Svo mundi það og á ýmsum stöðum gefa vegagjörðinni ákveðnari stefnu og sumstaðar koma í veg fyrir skakka vegarlagning. Þess vegna gerum vjer þetta einnig að tillögu vorri, og getum þess, að vjer álítum rjett, að verkfræðingur þessi hefði laun sín úr landssjóði og fengi það borgað an ferðakostnað að því leyti sem hann kannar brúastæði á þeim vegum, er honum ber að kosta, en úr sýslusjóðum að því er snertir brýr á sýsluvegum, og úr hreppssjóðum fyrir brýr á hreppavegum.

Þetta hlýtur að vísu að hafa talsverðan kostnað í för með sjer fyrir landssjóð, en vjer ætlum að hann verði þó minni, þegar allt er aðgætt, en að senda mann á ýmsum tímum jafnvel langar leiðir til að skoða brúastæði hjer og hvar, þar sem til tals kemur að byggja brú.

Þá er fengnar væru áætlanir um brýrnar á þennan hátt, álítum vjer, að hyggilegt væri, að byggja einar 5—6 brýr í einu af þeim brúm, er telja mætti víst, að annars yrðu byggðar á næstu árum, með því að hver brú mundi á þann

hátt geta orðið talsvert ódýrari en ella, samkvæmt venjulegum viðskiptareglum, og það svo, að það gæti jafnvel orðið hagur fyrir landssjóð, þó að vaxtamissir væri tekinn til greina, auk þess sem það greiddi fyr fyrir samgöngunum. Vjer leyfum oss því jafnframt að leggja það til, að fyrir hinn nýja verkfræðing yrði lagt, að hafa til fyrir árslok 1898 áætlun um brúargjörð eigi að eins á Lagarfljót og Jökulsá í Axarfirði, heldur og á Fnjóská, Eyjafjarðará, Norðurá í Skagafirði (ef tiltækilegt þætti að brúa hana), og Hjeraðsvötn hjá Ökrum, og að landshöfðingi gerði síðan ráðstafanir til, að fengin yrðu tilboð frá áreiðanlegum brúasmiðum svo snemma, að þau yrðu lögð fyrir þingið 1899, er bæru það með sjer, hversu miklu ódýrara það gæti orðið, að byggja þær allar í senn, en eina og eina.

Að svo mæltu leyfum vjer oss að koma fram með eptirfylgjandi

Þingsályktun

um að landshöfðingi ráði nýjan verkfræðing.

Alþingi skorar á landshöfðingja

1. að ráða æfðan norskan verkfræðing (Ingeniör) til að kanna brúastæði og gjöra áætlun um kostnað við brúagjörð á Lagarfljóti og Jökulsá í Axarfirði, svo og Fnjóská, Eyjafjarðará, Norðurá í Skagafirði, Hjeraðsvötnum hjá Ökrum og Norðurá í Mýrasýslu næstkomandi sumar (1898), svo og á öðrum ám á sama svæði, ef tími yrði til.
2. að útvega tilboð um brúagjörð á þessum ám frá reyndum góðum brúasmiðum, er lögð yrðu fyrir alþingi 1899.
3. að ráða sama verkfræðing, eða annan jafngóðan til lengri tíma, til þess að kanna víðar brúastæði og gjöra áætlun um kostnað við brýr á ám á landssjóðsvegum yfir höfuð, svo og á sýsluvegum og hreppavegum, þar sem sýslunefndir eða hreppsnefndir óska þess, ef þær greiða honum ferðakostnað, að því er þá vegi snertir.

Neðri deild alþingis, 3. ágúst 1897.

Tryggvi Gunnarsson, form. og framsögum. B. Sveinsson.

Eiríkur Gíslason. Jón Jónsson, þm. Eyf.

Með tilliti til míns ágreiningsatkvæðis:

Einar Jónsson,
skrifari.

Það, sem jeg get sjerstaklega eigi samþykkt í framanrituðu nefndaráliti, er álit meiri hlutans um brúna á Lagarfljót, sem hann byggir á umsögn herra mannvirkjastjóra W. Hansens um það mál, og vil jeg hjer lýsa skoðun minni og færa ástæður fyrir henni.

Herra W. Hansen lætur skýrt í ljósi í brjefi sínu til ráðaneytisins 6. apr. þ. á. um skoðunargjörð S. Thoroddsens á brúarstæði á Lagarfljóti og áætlun hans um kostnað við byggingu brúarinnar, að sjer þyki hvorki færðar nægar ástæður fyrir því, að brúin skuli heldur sett á Einhleypingi en hjá Steinsvaði (Litlasteinsvaði),

þar sem S. Thoroddsen telji »ágætt brúarstæði« og ætli að brúin gæti verið $^2/_3$ styttri, nje áætlunin svo úr garði gjörð, að á henni verði byggð nein ákveðin tala, sjer í lagi sökum þess, að botn fljótsins hafi eigi verið kannaður, nje neitt sagt um ísrek eða straum.

Um hið fyrra atriðið vil jeg taka það fram, að jeg hygg, að herra S. Thoroddsen hafi rjett að mæla, er hann leggur það til, að brúin sje fremur byggð á Einhleypingi en hjá Steinsvaði, og tel þar til þessar ástæður: 1. Þegar litið er á stefnu þjóðvegarins frá brúnni á Jökulsá, þar sem hann að sjálfsögðu verður að liggja yfir ána, og þess er gætt, hvernig almannaleið suður um land og vegastefnurnar á Seyðisfjörð og Eskifjörð verði haganlegast sameinaðar í einn veg frá brúnni og að ferjustað eða brúarstæði á Lagarfljóti, þá er einsætt, að velja stefnuna að Einhleypingi, með því að hún er beinust og stytzt, þegar litið er á hinar 3 stefnur allar í senn. — 2. Á undanförnum árum hefir verið lagður þjóðvegur á þessari leið frá brúnni á Jökulsá að Einhleypingi á kostnað landssjóðs og einnig yfir Fjarðarheiði á leiðinni frá Seyðisfirði að Einhleypingi, og hafa þessar vegagjörðir kostað landssjóð yfir 10000 kr. Væri nú brúin sett hjá Steinsvaði og þjóðvegurinn fluttur þangað, yrði enginn kafli þessa vegar, sem búið er að leggja á þeirri leið, notaður, en þyrfti að leggja alveg nýjan veg og hann miklu dýrari en hinn. — 3. Brú hjá Steinsvaði yrði að vera hengibrú, og mundi hljóta að verða miklu dýrari en sú brú, er herra S. Thoroddsen hefir áætlað á Einhleypingi. — 4. Auk þessa hagar svo til, að kaupstaðarleið til Seyðisfjarðar liggur eins hentuglega eða betur yfir Einhleyping en hjá Steinsvaði, fyrir alla þá, er yfir Lagarfljót eiga að sækja, nema fyrir meiri hluta Tunguhrepps.

Um hið síðara atriði í athugasemdum hr. W. Hansens, að áætlunin sje mjög ófullkomin, vil jeg geta þess, að það verður auðvitað að teljast mikill galli á skoðunargjörðinni og þar af leiðandi á áætluninni, að herra S. Thoroddsen hefir eigi kannað botn fljótsins til hlítar, úr því hann ætlast til, að brúin sje byggð á trjestöplum, er reknir sjeu ofan í botninn, því að þótt landslagið umhverfis Einhleyping gjöri það mjög líklegt, að malar- og sandlagið í botninum sje nógu þykkt, þá verður það eigi sagt með vissu, nema kannað sje, en herra S. Thoroddsen hefir einnig gjört ráð fyrir því í áætlun sinni, að trjástöplum yrði eigi komið við og leggur þá til, að brúin verði byggð á steinstöplum, er gjörðir sjeu í sökkvikössum, en telur það gjöra brúna 15000 kr. dýrari. Og með því að það er miklu traustara og varanlegra, álít jeg rjettara, að byggja brúna þannig, þó að það sje í bráðina nokkru dýrara, og við það hefir því verið miðuð fjárupphæðin í frv. Um straum í fljótinu á Einhleypingi vil jeg geta þess, að hann er svo lítill, að eigi verður sjeð, í hverja átt það rennur, nema einhver hlutur sje látinn fljóta á því. Þess vegna mun eigi þurfa að óttast, að grafi til skaða í kring um stöplana sakir straums. Sjest það vel á því, að þar sem stórir steinar standa í fljótinu annarsstaðar, þar sem líkur straumur er, myndast að eins örlítil skál í kringum þá. Sakir þess að straumurinn er svo lítill, er auðvitað aldrei að tala um ísrek af straumi til skaða; ísinn bráðnar í sundur eins og í tjörnum. Ísrek

af stormi er heldur eigi að óttast, eptir nákunnugra manna sögn, og mun því valda sveigur sá, sem er á fljótinu skammt fyrir ofan brúarstæðið.

Það sem nú er sagt, vona jeg að sýni, að gallar þeir, sem herra W. Hansen telur á skoðunargjörð og áætlun herra S. Thoroddsens, eru ekki eins miklir eins og hann álítur, og jeg get eigi álitið þá svo verulega, að þeir þurfi að hindra framgang málsins á þessu þingi.

Jeg er samþykkur aðaltillögunni í nefndarálitinu að framan, um að láta æfðan verkfræðing frá Noregi skoða brúastæði hjer á landi næsta sumar og síðar, og brúa fleiri brýr í senn, en jeg tel vafasamt, að brú á Lagarfljót gæti orðið til muna ódýrari, þó að sami maður tæki hana að sjer með brúm í Norðurlandi, bæði af því, að hún yrði svo langt frá þeim, að einn maður gæti varla haft yfirumsjón yfir henni og þeim, og umsjónarkostnaðurinn yrði þannig líklega lítið eða ekkert ódýrari, og svo af því, að ef þessi brú skyldi verða úr trje, eins og ætlazt er til, en hinar úr járni, sem að líkindum mundi verða, þá gefur það eigi mikla von um fjársparnað við kaup á efninu.

Jeg álít því rjett, að byggja þessa brú eina sjer, og tel þörfina fyrir hana svo brýna, að hún ætti að komast upp sem fyrst. Að vísu þarf að kanna botninn áður en samið er við brúarsmið um bygginguna, en það gæti farið þannig fram, að sá verkfræðingur, sem valinn yrði til að velja brúastæði næsta sumar byrjaði á þeirri brú og gæfi sem fyrst upp álit sitt um hana, og mætti þá þegar semja við brúasmið um hana, ef frumvarp það, sem nú liggur fyrir, væri orðið að lögum og hið áætlaða fje reyndist nægilegt samkvæmt hinni nýju áætlun, og gæti þá brúin máske orðið byggð sumarið 1899.

Jeg leyfi mjer því að óska þess, að hin háttv. deild vildi samþykkja hið fyrirliggjandi frv. um brúargjörð á Lagarfljót óbreytt. Fjárupphæðin í frumv. 75000 kr., er að vísu hærri en hr. S. Thoroddsen ætlar að þurfi, jafnvel þótt steinstöplar væru byggðir undir brúna, en mjer virðist rjettara að hafa upphæðina heldur ríflega, ef áætlunin, sem nú er til, skyldi reynast heldur lág, enda verður eigi borgað meira fyrir brúna fyrir því, en hún kostar í raun og veru.

Neðri deild alþingis, 3. ágúst 1897.

Einar Jónsson.

Ed. 300. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 3, 2. febrúar 1894 um breytingu á tilskip. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863.

Undirskrifuð nefnd, sem háttvirt Ed. hefur kosið til að athuga frumvarp þetta, vill mæla með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Aðalákvæði frv. er það, að þeir sem ganga á fasta skóla að minnsta kosti 6 mánuði af árinu, skulu vera lausir við vistarskyldu, og þykir nefndinni þetta rjett ákvæði, því að annars mundi mörgum þeim manni, sem getur orðið nýtur námsmaður eða sem getur haft ómetanlegt gagn af skólanámi fyrir framtíð sína, verða meinað að komast á skóla. — En eins og hjer til hagar, verður mönnum þessum eigi gjört það að skyldu, að leggja fram sönnun þá, sem um er rætt

í síðari lið 1. gr., því að frá engum af hinum föstu skólum, sem nú eru hjer á landi, nema ef til vill búnaðarskólunum, munu þeir geta fengið inntökuleyfi svo snemma árs, að þeir geti sýnt það fyrir 1. maím. þ. á., er þeir ætla að fara í skóla haustið eptir. Ræður því nefndin til, að fella í burtu síðari lið 1. gr., og sömuleiðis síðasta málslið 2. gr., en að öðru leyti þykir nefndinni ákvæðið í þessari grein hagfellt, enda er það að eins frekari útfærsla á fyrirmælinu í 3. gr. laga 2. febr. 1894. — Ákvæðið í 3. gr. um, að lausamenn geti eigi haft hjú, álítur nefndin að sje samkvæmt gildandi lögum, en að þörf sje á, að taka þetta skýlaust fram.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum:

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 3, 2. febrúar 1894 um breytingu á tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig: »Þeir karlar eða konur, sem stunda nám í föstum skólum að minnsta kosti 6 mánuði af árinu, skulu undanþegnir vistarskyldunni það ár«.

Við 2. gr. Niðurlagsorðin í 1. málsgr.: »Sama skylda . . . um í 1. gr.« falli burtu.

Við 3. gr. Fyrir: »50—100 kr. sekt« komi: »10—100 kr. sekt«.

Efri deild alþingis 4. ágústm. 1897.

Kristján Jónsson, skrifari og framsögum. Þorkell Bjarnason, formaður.

Þorleifur Jónsson. Jón Jakobsson. Sigurður Stefánsson.

Ed. 301. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka og breytingu á lögum 12. jan. 1888.

Nefndin, sem háttvirt efri deild kaus til að íhuga frumvarp þetta, hefir athugað málið vandlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að aðalákvæði frumvarpsins sje á rjettum rökum byggt, nefnil. að eigi skuli þurfa leyfi sveitarstjórnar til þess, að maður, sem annars fullnægir skilyrðum frumvarpsins, megi setjast að í húsmennsku eða sem þurrabúðarmaður, þar er hann vill. Nefndin álítur, að sveitarstjórnir hafi yfirleitt eigi farið vel með vald það, sem gildandi lög veita þeim til þess, að synja um tjeð leyfi, og hún álítur, að með löggjöfinni, eins og hún nú er, sje sveitarstjórnunum heimilað, að leggja óeðlilegt hapt á atvinnufrelsi manna, en hún telur það óeðlilegt hapt á atvinnufrelsi manna, að sjálfbjarga, fullveðja maður skuli eigi mega leita sjer atvinnu hvar sem hann hyggur sjer hagkvæmast, og þar sem hann hyggur, að hann muni bezt geta framfleytt sjer og skylduliði sínu. Á hinn bóginn álítur nefndin það rjett, að maður sá, sem tekur húsmann eða tómthúsmann undir verndarvæng sinn, eigi að hafa sama veg og vanda af honum, eins og húsbóndi af vinnuhjúi, að því er til framfærslu

kemur, sbr. 14., 22. og 26. gr. hjúalaganna 26. jan. 1866, þannig, að húsmaðurinn eða tómthúsmaðurinn verði eigi sveitarbyrði, meðan að húsbóndi getur framfært hann. Nefndin álítur, að með þessu ákvæði sje hag sveitarfjelaganna veitt nokkur trygging, og að þetta muni verða það hapt á fyrirhyggjulausri húsmennsku og tómthúsmennsku, sem muni reynast vel, og betur en neikvæðisrjettur sveitarstjórna. Að því er þurrabúðarmenn snertir, hefir nefndin tekið upp ákvæðið um eignarskilyrði eptir lögum 12. jan. 1888, en hvort því er fullnægt eða ekki, verður að koma undir úrskurð lögreglustjóra, og er að sjálfsögðu á ábyrgð húsbóndans og þurrabúðarmannsins, ef til kæru kemur, en hreppstjóri og sveitarstjórn hafa kærurjettinn eptir venju og gildandi lögum.

Samkvæmt þessu leyfum vjer oss að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um viðauka og breytingu á lögum 12. jan. 1888.

1. Við 1. gr. Á eptir orðunum: »setjast að« í 1. málslið komi:
   Þurrabúðarmaður skal þó færa sönnur á, að hann eigi, auk alls klæðnaðar fyrir sig og sitt skuldalið, skuldlausa fjármuni í peningum eða öðrum fjemætum munum, er nema að minnsta kosti 400 kr. upphæð. Þó má valdsmaður gjöra undantekning frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því.
2. Á eptir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr.:
   Hver húsráðandi eða bóndi, sem tekur mann í húsmennsku á heimili sitt eða tómthúsmann á lóð sína, skal framfæra húsmanninn eða tómthúsmanninn, ef hann verður ósjálfbjarga, svo sem hann væri vinnuhjú hans.
3. Við 3. gr. sem verður 4. gr. Fyrir: »sömuleiðis 2. gr.« komi: »og 1. og 2. gr.«
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumv. til laga um breytingu á tilskipun 26. maí 1863 um lausamenn og húsmenn og á lögum nr. 1, 12. jan. 1888 um þurrabúðarmenn.

Efri deild alþingis, 4. ágúst 1897.

Þorkell Bjarnason, formaður.	Kristján Jónsson, skrifari og framsögumaður.
Sigurður Stefánsson.	Jón Jakobsson. Þorleifur Jónsson.

Ed. 302. **Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um, að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Það er að vísu allmikil fjárupphæð og eignir, sem eptir frumv. eiga að leggjast í álag með kirkjum þeim, sem hjer ræðir um, en hins vegar ber þess að gæta, að landssjóður hefur ávallt að öllu samtöldu haft tjón af því, að eiga kirkjur þær, sem hann á; útgjöld þeirra virðast og vera tiltölulega meiri en

annara kirkna landsins, sem stafar án efa af því, að minni sparnaður er viðhafður í útgjöldum þeirra en annara kirkna, og eigi hægt fyrir hlutaðeigandi yfirvöld, að hafa þær gætur á fjárhaldi þeirra, sem þyrfti. Eptir því sem tímar líða fram, fara einnig kröfurnar til landssjóðs sí-vaxandi um að gera kirkjurnar sem veglegastar, og leggja þeim til betri áhöld og »ornamenta«. Mun það koma enn betur í ljós, þegar þarf að endurbyggja þær. Það má því fullyrða, að landssjóður muni hafa æ meiri og meiri byrði af því, að eiga kirkjur þessar og því sje tilvinnandi fyrir hann að leggja fram töluvert fje í álag með kirkjunum, til þess að söfnuðirnir taki við umsjón og fjárhaldi þeirra.

Hins vegar er það efalaust, að söfnuðirnir geta haldið kirkjunum í sómasamlegu ástandi með minni kostnaði en landssjóður. Það er því skoðun nefndarinnar, að ekki sje horfandi í að láta kirkjum þeim, sem hjer ræðir um, fylgja þau álög, sem ákveðin eru í frv. Þau eru mjög sómasamleg og svo rífleg, að söfnuðirnir geta haft kirkjurnar í veglegu og sómasamlegu ástandi. Að vísu virðist nefndinni fjárupphæð sú, sem eptir frv. á að fylgja Munkaþverárklausturskirkju, helzt til há, en fellst þó eptir atvikum á þessa fjárupphæð.

Að öðru leyti leyfir nefndin sjer að skírskota til álits nefndarinnar í þessu máli í neðri deild á þingskjali 111, að því er snertir ástand kirkna þeirra, sem hjer ræðir um, og ýmsar aðrar upplýsingar um þær.

Af framangreindum ástæðum ræður nefndin h. h. efri deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Efri deild alþingis 4. ágúst 1897.

Hallgr. Sveinsson, formaður. Þorleifur Jónsson, skrifari.

Guttormur Vigfússon, framsögumaður.

Nd. 303. **Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í ed.).

1. gr. Fjenaður skal lagður í tíund, sem hjer segir:

1 kýr leigufær	1	hundrað.
2 kýr eða kvígur mylkar, sem eigi eru leigufærar	1	——
3 geldneyti tvævetur eða geldar kvígur	1	——
2 naut eldri	1	——
6 ær með lömbum leigufærar	1	——
12 ær, sem eigi eru leigufærar	1	——
10 sauðir eða hrútar þrjevetrir eða eldri	1	——
12 sauðir eða hrútar tvævetrir	1	——
24 gemlingar	1	——
4 hross fimm vetra eða eldri	1	——
6 tryppi tveggja til fjögra vetra	1	——

Fella skal úr tíund sjöunda hluta fjenaðarins.

2. gr. Kýr telst leigufær, sem er ófötluð og á að bera á tímabilinu frá miðjum október til loka febrúarmánaðar. Kelfdar kvígur, sem óbornar eru 11. dag júnímánaðar, skulu lagðar í tíund sem geldar kvígur. Ær með lambi telst leigufær, sje hún ófötluð og borin 11. júní. Lömb, sem farast milli hreppskila, teljast til vanhalda 4 al. hvert.

3. gr. Við tíundarílagning skal lausafjárupphæð hvers framteljanda standa á heilu eða hálfu hundraði; 60 al. og þar yfir, allt að 119 al., sje gert ½ hundrað, en færri álnum sje sleppt.

4. gr. Skip og báta, sem ganga eina eða fleiri vertíðir á árinu til fiskiveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

1 þilskip, 20 smálesta eða minna	5 hundr.
1 þilskip, frá 21—40 smál.	8 ——
1 þilskip, 41 smál. og þar yfir	10 ——
1 áttæringur eða stærra skip	1½——
1 sexæringur eða feræringur	1 ——
1 tveggja manna far	½ ——

Veiðigögn fylgja skipi hverju í tíund. Eigendur þilskipa eru skyldir að segja til lestarúms skipa sinna, þegar þeir telja þau fram til tíundar.

5. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. og 3. gr. laga um lausafjártíund 12. júl 1878.

Ed. 304. **Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (þingsk. 229).

Vjer, sem hin háttv. efri deild kaus í nefnd, til að íhuga málefni þetta, skulum nú láta uppi álit vort um það á þessa leið.

Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er farið fram á að selja 33 þjóðjarðir, og eru að minnsta kosti sumar af þeim taldar gæðajarðir. Á undanförnum þingum hefir stjórninni einnig verið heimilað að selja allmargar jarðir, og hefir jarðeignum landsins á þennan hátt stórum farið fækkandi. Eptir því, sem oss hefir talizt til, hefir á árunum 1883—1895 á þennan hátt verið heimilað með lögum að selja alls 167 þjóðjarðir, en þar við er þó aðgætandi, að sömu jarðirnar eru stundum tilfærðar optar en einu sinni, af því að salan eptir eldri lagaheimild hefir af einhverjum ástæðum ekki verið framkvæmd, svo að í raun og veru eru jarðirnar ekki fullt svo margar eins og talið er í lögunum.

Ef þessu færi fram, yrðu áður en langt um liði flestar þær af þjóðjörðunum seldar, sem eigulegar þættu, því auðvitað eru venjulega að eins hinar betri falaðar til kaups, en landssjóður sæti eptir með hinar ljelegustu, og virðist það engan veginn heillavænlegt.

Tilgangur þjóðjarðasölunnar hefir frá hálfu alþingis helzt verið talinn sá, að efla sjálfseign og sjálfsábúð í landinu. En bæði er það, að þjóðjarðasala tryggir næsta lítið þennan tilgang, og eigi er það heldur víst, að sjálfsábúðin

sje yfir höfuð vænlegri jörðunum til umbóta og búnaðinum til framfara heldur en umráð landssjóðs yfir þeim, eins og verið hefir til þessa.

Enn er það, að skoðanir manna virðast vera mjög skiptar um þetta málefni, þar sem um það verða á hverju þingi harðar umræður, er skiptast mjög svo í tvo jafna flokka, ekki að eins um sölu og söluverð hinna einstöku jarða, er um er að ræða, heldur engu síður um meginstefnuna. Eptir þessari afstöðu þingmanna til málsins er eigi óhætt við að svo geti farið, að það verði jafnvel undir tilviljun komið, hvort sala þeirrar eða þeirrar jarðar verður heimiluð og fyrir hvert verð.

Þá er enn þess að geta, að á síðasta þingi virtist sú stefna taka að ryðja sjer til rúms hjá þinginu, að heppilegra væri að selja þjóðjarðir á erfðafestu, og mun sú stefna eiga nokkra fylgismenn. Það atriði mætti vænta að yrði að einhverju leyti betur skýrt heldur en nú er, þegar nefndin í neðri deild í þjóðjarðasölumálinu á þessu þingi hefir látið upp um það álit sitt, svo sem hún hefir ráðgjört.

Að öllu þessu athuguðu hneigjumst vjer helzt að þeirri skoðun, að málefnið um sölu þjóðjarða sje ekki enn svo ýtarlega athugað sem æskilegt væri í ýmsum mikilvægum atriðum, og því sje eigi ráðlegt að fallast á frv. það, sem hjer liggur fyrir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ráðum vjer hinni háttv. efri deild til að fella frumvarpið.

Alþingi 4. ágúst 1897.

Sigurður Stefánsson	Hallgr. Sveinsson
form. og framsögum.	skrifari.

Jeg hefi ekki getað orðið háttvirtum meðnefndarmönnum mínum sammála um frv. þetta. Ástæður þær, sem þeir tilfæra móti frv., hafa opt áður komið fram á þingi, án þess að það hafi gefið þeim verulegan gaum. Jeg get heldur ekki sjeð, að þær hafi meira gildi nú, en að undanförnu, nje að nokkuð nýtt sje fram komið, sem rjettlæti þá skoðun, nú að yfirgefa þá stefnu, sem fylgt hefir verið í þessu máli á mörgum undanförnum þingum. Jeg ræð því h. h. efri deild til að samþykkja frv.

Þorleifur Jónsson.

Ed. 305. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um fátækramálefni.

Nefnd sú, er háttvirt efri deild kaus til að íhuga mál þetta, leyfir sjer hjer með að tjá álit sitt á þessa leið.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að eigi væri ráðlegt að fara fram á gagngjörða endurskoðun eða umsteypingu á fátækrareglugjörðinni 8. jan. 1834, og þeim hinum yngri lögum, er standa í sambandi við hana. Nefndin álítur, að reglugjörðin, sem nú er meira en 60 ára gömul, sje og hafi verið gott lagasmíði; embættismenn landsins eru orðnir henni handgengnir, og ákvæði hennar

eru orðin alkunnug, og, ef svo má segja, »innlifuð« öllum almenningi. Það verður að fara varlega í það, að umsteypa gagngjört slíkum lögum, og þarf meiri undirbúning utan þings en þetta frumvarp hefur fengið. Þegar nú nefndin var komin að þessari niðurstöðu, tók hún til íhugunar hinar einstöku breytingar, sem frv. ætlast til að gjörðar verði á fátækralögunum, og vill nefndin mæla með þessum breytingum:

1. Með Reglugjörð 8. jan. 1834 var það ákveðið, að 5 ára lögleg, óslitin dvöl í einum hreppi skyldi nauðsynleg til þess, að öðlast þar framfærslurjett. Með Op. br. 6. júlí 1848 var tími þessi lengdur svo, að hann skyldi vera 10 ár, og hefur þetta verið kallað að »vinna sjer sveit«. Nú á hinum síðari árum hafa heyrzt æ fleiri og fleiri raddir í þá átt, að vafasamt sje, að sú hugsun sje rjett, að binda sveitfesti við það, að maður með vissum árafjölda hafi unnið sjer sveit í einhverjum hreppi, þessi regla ætti og að leiða til þess, sem þó hefur eigi verið tekið í lög, að maður skyldi eiga þar sveit, er hann hefur lengst dvalið löglegri dvöl eptir 16 ára aldur, því að þar hefur hann væntanlega unnið mest. 10 ára tímabilið er engu nær rjettri hugsun heldur en 5 ára tímabilið annarsvegar, eða 20 ára tímabilið hinsvegar, sem einnig hefur komið til umtals að lögleiða. Það mundi nú venjulega verða hið sama og ef sagt væri, að fæðingarhreppur manns ætti jafnan að vera framfærsluhreppur hans. Nefndin hefur fyrir sitt leyti komizt að þeirri niðurstöðu, að rjett sje, að yfirgefa hugmyndina um: »að maður vinni sjer hrepp«, og að sveitfesti fullvinnandi, sjálfbjarga manns eigi aðallega að fara eptir því, hvar hann er löglega heimilisfastur, þegar hann þarf sveitarstyrks með. En með því að opt getur verið ærinn vafi um heimilisfangið, og miklir vafningar um það, hvort þurfamaður eigi löglegt heimili í þeim eða þeim hreppi, en á hinn bóginn má búast við því, að sveitarstjórnir gjöri sitt hið ýtrasta til þess, að meina sjálfbjarga mönnum, sem þær kunna að hafa ímugust á, innkomu í hreppa þeirra, og vefja heimilisfangsspurninguna á ýmsan hátt, eins og þeim hingað til virðist hafa verið ærið lagið, hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að setja það ákvæði, að 1 árs löglegt heimilisfang manns í hreppi skuli vera skilyrði fyrir því, að hann verði talinn þar sveitlægur. Ef þetta ákvæði verður að lögum, munu fátækraflutningarnir að miklu leyti hverfa úr sögunni, en hingað til hafa þeir að nefndarinnar áliti verið mjög mikill vansæmdarblettur á fátækrastjórn þessa lands. Svo mundi og hin endalausa rekistefna um hreppshelgi manna, sem gengur með brjefaskriptum frá lægstu til æðstu yfirvalda landsins og hinn öfuga veg aptur frá hinum æðstu yfirvöldum til hinna lægstu, og sem margopt treinist svo, að árum og jafnvel tugum ára skiptir, — að miklum mun minnka og jafnvel að mestu leyti hætta, að því er nefndin álítur. Sama er að segja um hina alkunnu skuldakröfureikninga frá einni hreppsnefnd til annarar. — Á hinn bóginn fær nefndin eigi sjeð, að neinar óheillavænlegar afleiðingar sjeu væntanlegar af fyrirkomulagi því, sem hjer er stungið upp á, og hún þykist vera fullviss um það, að allir álíti að það sje mannúðlegt, að minnsta kosti meðan sú skipan

stjórnarskrárinnar stendur, að þjóðin (almenningur) eigi að standa straum af þurfamönnum sínum. Þessi skylda hvílir á allri þjóðinni, og er lítil ástæða til þess að metast um það, hvort þessi eða hinn hreppurinn á að framfæra einhvern einstakan þurfaling. Af þessum ástæðum hefur nefndin komið sjer saman um að leggja það til, að 1 árs heimilisfang eða lögleg dvöl verði eptirleiðis látin ráða hreppshelgi, í staðinn fyrir það, að hingað til hafa menn orðið að vinna sjer sveit með 10 ára óslitinni dvöl í sama hreppi. Á hinn bóginn vill nefndin þó láta þennan rjett einstaklingsins til hreppshelgi í heimilishreppi sínum vera bundinn því skilyrði, að hann hafi hin síðustu 5 árin verið sjálfbjarga maður, o: ekki þegið sveitarstyrk.

2. Nefndinni virðist það ástæðulaust, að þeginn sveitarstyrkur skuli um allan aldur og æfi eins manns vera því til fyrirstöðu, að hann megi ganga í hjónaband, enda er mjög erfitt fyrir presta að fá fullnægjandi skilríki í þessu efni. Leggur nefndin það því til, að sveitarstyrkur sje því að eins giptingar-tálmi, að hann sje ógendurgoldinn og þeginn á hinum síðustu 5 árunum.
3. Þá vill nefndin setja nokkrar reglur til tryggingar fyrir því, að sveitarstyrkur sje ekki veittur ófyrirsynju eða gáningslaust og athugalaust, svo og um, að áreiðanleg skýrsla sje, þegar er styrkurinn er veittur, fengin um atriði þau, er helzta þýðingu hafa í þessu tilliti. Svo vill hún setja ákvæði í þá átt, að hert sje á sveitarstjórnum og yfirvöldunum með, að láta eigi fátækramál og fjárkröfur, sem rísi af þeim, liggja í salti. Eru þessi ákvæði að nokkru leyti sniðin eptir því, sem nefndinni er kunnugt, að sum yfirvöld hjer á landi hafa haft fyrir reglu í þessum málum að undanförnu. Ætlum vjer að nýmæli þessi muni ekki þykja óþörf. En þau eru öll að mestu tekin upp úr frumvarpinu.
4. Þá hefur nefndin einnig í öllu verulegu fallizt á ákvæði frumvarpsins um þurfamannaflutning. Ef ákvæði frumvarpsins um sveitfestistímann verða að lögum, má búast við því, að þurfamannaflutningur verði lítill, í samanburði við það sem hann nú er. En allt að einu vill nefndin þó leggja það til, að sú breyting verði á honum gjörð, að dvalarsveit þurfalings og framfærslusveit skuli einar annast um hann og kosta hann, og að flutningurinn skuli fara hina beinustu og stytztu leið, sem unnt er, hvort heldur er sjóveg eða landveg. Hyggur nefndin að með þessu móti verði komið í veginn fyrir hinn skammarlega landshornarekstur, sem fátæklingar nú verða að þola á sveitarflutningi. Nefndin álítur rjett, að nokkur hluti flutningskostnaðar skuli hvíla á dvalarhreppi þurfalings, og er það í samræmi við þá grundvallarhugsun, sem tillögur hennar byggjast á í þessu máli.
5. Nefndin hefur fallizt á það ákvæði, að gjöra sveitarfjelögunum að skyldu, að leggja dálítinn skerf (1—4%) af tekjum sínum árlega í Söfnunarsjóðinn, til þess að koma sjer á þann hátt upp stofnsjóðum, er mundu með tímanum geta vaxið svo, að sveitarfjelögin yrðu sjálfbjarga, þótt einhver veruleg óhöpp bæru að höndum, t. d. jarðskjálftar, eldgos, langvarandi vond ár-

ferð o. s. frv. Hið árlega gjald, sem ætlazt er til að sveitarsjóðirnir greiði, er sárlítið, en á hinn bóginn er það fyrirsjáanlegt, að þetta fyrirkomulag getur skapað hina mestu fjárhagslegu farsæld fyrir hreppana, ef þeir annars kunna með að fara.

6. Nefndinni virðist það hyggilegt, að lög í þá átt, sem hjer er farið fram á, verði eigi látin öðlast gildi fyrr en ári eptir að þau hafa verið auglýst.

Samkvæmt framanrituðum athugasemdum og með skírskotun til frumvarps þess, er vjer höfum haft til meðferðar, en sem meðundirritaður flutningsmaður þess tekur aptur, hefur nefndin samið eptirfarandi frumvarp, sem vjer ráðum hinni háttvirtu Ed. til að samþykkja.

Ed. **Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834, o. fl.

1. gr. Hver maður skal eiga rjett til framfærslu í þeim hreppi eða því bæjarfjelagi, þar er hann hefir síðast dvalið 1 ár búsettur, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang eptir 16 ára aldur, svo framarlega hann eigi hefir hin síðustu 5 ár þegið sveitarstyrk, sem er óendurgoldinn.

2. gr. Hver sá maður, karl eða kona, er á hinum síðustu 5 árum hefir þegið sveitarstyrk, og ekki endurgoldið hann, má ekki giptast, nema því að eins, að sveitarstjórnin þar, sem maðurinn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

3. gr. Hreppur sá eða bæjarfjelag, þar er þurfamaður dvelur, sem beiðist sveitarstyrks, skal, ef styrkurinn álízt nauðsynlegur, veita þurfamanninum fátækrastyrk eða framfærslu til bráðabirgða, þótt hann sje þar eigi sveitlægur, þangað til hann getur fengið nauðsynlegan styrk frá framfærsluhreppi sínum.

Þá er þurfamanni er veittur sveitarstyrkur, sem sveitarstjórnin vill fá endurgoldinn frá framfærsluhreppi hans, skal hún láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn fyrir vottum, til að fá skýrslu um þessi atriði:

a, nafn, aldur, fæðingarheimili og fæðingarstað þurfalingsins; sje þurfalingurinn giptur eða hafi verið giptur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gipzt.

b, æfiferil hans eptir 16 ára aldur, og sjerstaklega hvar hann hafi síðast átt lögheimil um eins árs tíma.

c, hvort og hvenær og hvar hann hafi þegið sveitarstyrk á síðustu 5 árum, og hvort hann sje endurgoldinn.

d, heimilisástæður og hag þurfamannsins yfir höfuð, og hvers vegna hann sje orðinn þurfandi.

Sje skýrslan gefin fyrir sýslumanni, skal hún tekin í rjetti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún vera skrifleg, og undirskrifuð af honum og vottunum og þurfamanninum, ef hann er skrifandi; að öðrum kosti handsalar hann nafn sitt undir hana.

4. gr. Sje skýrsla sú, sem ræðir um í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkur er veittur, svo framarlega að þess hefir verið kostur, missir hlutaðeigandi sveitarfjelag tilkall til endurgjalds á honum.

5. gr. Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 3. gr., og skal þá sveitarstjórnin, áður en mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni eða bæjarfógeta áskorun um, að rannsaka svo fljótt sem við verður komið, hvar þurfalingur-

inn sje sveitfastur, svo framarlega þetta eigi þegar er fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal einnig send skýrsla sú, sem um er rætt í 3. gr. Vanræki sveitarstjórnin án brýnna orsaka að gjöra það, er fyrir er mælt í þessari grein, missir hrepps- eða bæjarsjóðurinn rjett til endurgjalds á hinum veitta styrk.

6. gr. Þegar gjörð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurjett þurfalings í hreppi sínum eða bæjarfjelagi, skal sveitarstjórnin, áður en 4 vikur eru liðnar frá því fyrirspurnin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana. Að öðrum kosti skal það varða henni sektum eptir ákvæði sýslumanns.

7. gr. Dvalarsveit og framfærslusveit manns þess, er þegið hefir sveitarstyrk, hafa hvor um sig rjett til að krefjast þess, að þurfalingurinn sje fluttur þurfamannaflutningi á framfærsluhrepp sinn.

8. gr. Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje sannað, hvar hann eigi framfærslurjett annaðhvort með yfirlýsingu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar þeirrar, er hlut á að máli, eða með úrskurði yfirvalds.

9. gr. Nú á þurfalingur að flytjast til framfærslusveitar sinnar, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti gefa honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skal fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri en einn er að ræða. Skulu nöfn þeirra og aldur tilgreint.

10. gr. Dvalarsveit eða framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann; en náist eigi samkomulag um það, getur dvalarsveitin ein annast flutninginn.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

11. gr. Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg; eða sjóveg, svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

12. gr. Eigi má flytja þurfaling fátækraflutningi, ef hinn veitti sveitarstyrkur nemur eigi meiru en 100 kr., nema því að eins, að bersýnilegt sje, að þurfamaðurinn sje kominn á stöðugt sveitarframfæri.

13. gr. Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveitin $^1/_4$ hluta, en framfærslusveitin $^3/_4$ hluta; skal kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess hrepps eða bæjarfjelags, sem annast flutninginn.

14. gr. Af tekjum hreppssjóðs eða bæjarsjóðs skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn árlega leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands sem eign hreppsins eða bæjarfjelagsins 1—4%, eptir því sem hreppsnefndin eða bæjarstjórnin sjálf ákveður.

Vextir af innlögunum leggjast óskertir við höfuðstólinn, þangað til þeir árlega nema helmingi hærri upphæð en hreppurinn eða bæjarfjelagið hefir frá upphafi lagt í sjóðinn að meðaltali ár hvert. Upp frá því greiðist helmingurinn af ársvöxtunum í hreppssjóðinn, en hinn helmingur vaxtanna leggst við höfuðstólinn. Sömuleiðis getur hreppurinn eða bæjarfjelagið, sem í hlut á, frá sama tíma hætt að greiða í Söfnunarsjóðinn tillag samkvæmt upphafi þessarar greinar.

15. gr. Ákvæði þau í Reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um

sinn á Íslandi, 8. jan. 1834, Opnu brjefi 6. júlí 1848, um breyting á 6. gr. í nefndri reglugjörð. og Opnu brjefi 17. apríl 1868 um þurfamannaflutningskostnað, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr gildi numin.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 12 mánuðum eptir að birt hefir verið í stjórnartíðindunum deildinni B, að þau hafi hlotið staðfestingu konungs.

* * *

Efri deild alþingis, 5. ágúst 1897.

Þorkell Bjarnason,	Kristján Jónsson,	
formaður.	skrifari og framsögum.	
Sigurður Stefánsson.	Þorleifur Jónsson.	Jón Jakobsson.

Sþ. 306. **Skýrsla**

til alþingis 1897 frá nefndinni um verðlaun af »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á alþingi 1895 samkvæmt 3. gr. í reglum um ‚Gjöf Jóns Sigurðssonar' 24. ágúst 1881, gaf samkvæmt erindisbrjefi sínu út auglýsing, sem birt var í Ísafold, þar sem þeim, sem óskuðu að vinna til verðlauna af tjeðum sjóði, var boðið að senda til vor fyrir lok febrúarmánaðar 1897 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir.

Samkvæmt þessu barst nefndinni innan hins ákveðna tíma að eins sú ritgjörð, er nú skal greina:

»Íslenzk Skáldamálfræði um 900 til 1300«.

Einkunn: »Det bliver altså en af den historiske sprogforsknings vigtigste opgaver, at tage de ejendommelige bevægelser indenfor det enkelte sprog i *særlig* betragtning«.

Wimmer (Årbb. 1868, s. 291).

Fyrir ritgjörð þessa kom oss saman um að dæma verðlaun að upphæð 250 kr., en eigi þótti henni ástæða til að nota heimild þá, er hún hafði samkvæmt niðurlagi 3. greinar í erindisbrjefi sínu til að veita verðlaun fyrir ritgjörð, er komið hefir á prent, síðan alþing síðast var haldið.

Þegar opnað var hið lokaða brjef, er fylgdi ritgjörð þeirri, sem verðlaunin voru dæmd fyrir, kom í ljós, að höfundur hennar var dr. Finnur Jónsson, dócent við háskólann í Kaupmannahöfn, og höfum vjer samstundis tilkynnt höfundinum og landshöfðingja þessa verðlaunaveitingu.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vjer hjermeð þess heiðurs að gefa hinu heiðraða alþingi.

Í verðlaunanefnd ‚Gjafar Jóns Sigurðssonar',

Reykjavík, 17. maí 1897.

Björn M. Ólsen. Eiríkur Briem. Stgr. Thorsteinsson.

Til
alþingis 1897.

Sþ.

307. Skýrsla

um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« á tímabilinu frá 27. júlí 1895 til 27. júlí 1897.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins eptir skýrslu, dagsettri 27. júlí 1895:		
	a. Innritunarskírteini Ltr. A. fol. 93	kr. 8400,00	
	b. Veðskuldabrjef	— 2300,00	
	c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 656,74	kr. 11356,74
2.	Tekjur á ofannefndu tímabili:		
	a. Ársvextir af innritunarskírteini til 11/6 96 . . .	kr. 294,00	
	b, Ársvextir af sama til 11/6 97	— 294,00	
	c. Ársvextir af veðskuldabrjefum til 11/6 96 . . .	— 92,00	
	d. Ársvextir af sömu til 11/6 97	— 124,00	
	e. Ársvextir af fje í landsbankanum til 31/12 95 . .	— 29,61	
	f. Ársvextir af sama til 31/12 96	— 14,99	— 848,60
		Samtals kr.	12205,34

Útgjöld:

1.	Fyrir auglýsingar í Ísafold		— 10,80
2.	Verðlaun til dr. Finns Jónssonar		— 250,00
	Eign sjóðsins 27. júlí 1897:		
	a. Innritunarskírteini Ltra A. fol. 93	kr. 8400,00	
	b. Veðskuldabrjef	— 3100,00	
	c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 444,54	— 11944,54
		Samtals kr.	12205,34

Reykjavík, 27. júlí 1897.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Nd.

308. Frumvarp

til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Gagnfræðakennslu skal koma á í lærða skólanum í Reykjavík, og skal svo tilhagað, að hún sje neðra kennslustig í skólanum, en lærða kennslan hið efra. Í gagnfræðadeildinni, er nær yfir 3 neðstu bekki skólans, skulu kenndar þessar námsgreinir: Íslenzka, danska, enska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, eðlisfræði, landafræði, söngur, dráttlist og leikfimi. Í efri deildinni, er nær yfir 3 efstu bekki skólans, skulu þessar námsgreinir kenndar: Íslenzka, danska, enska, saga, eðlisfræði, latína, þýzka, frakkneska, stærðfræði, guðfræði, söngur og leikfimi.

2. gr. Við bekki þá, er nú eru í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, skal bætt einum bekk, svo að kennslan í þeim skóla samsvari að öllu leyti kennslunni í þrem neðstu bekkjum Reykjavíkur lærða skóla.

3. gr. Skipa skal við Reykjavíkur lærða skóla 1 yfirkennara, en við Möðruvallaskólann 1 kennara. Yfirkennarinn fær 3200 kr. í árslaun, og kennarinn við Möðruvallaskólann, sem verður annar kennari, 2000 kr. í árslaun.

4. gr. Kennslugreinir í Möðruvallaskólanum skulu vera hinar sömu, og taldar eru í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík í 1. gr.

5. gr. Landshöfðingi semur reglugjörð fyrir skóla þessa og sjer um, að fyrirkomulag það, sem lög þessi skipa fyrir, komist á svo fljótt, sem unnt er. Þegar það er komið á, geta lærisveinar þeir, sem tekið hafa burtfararpróf úr Möðruvallaskóla, gengið próflaust í 4. bekk Reykjavíkur lærða skóla.

Ed. 309. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um lögaldur.

Háttvirt Ed. hefur kosið oss undirskrifaða til að segja álit vort um frv. þetta, sem hingað er komið frá háttvirtri Nd., eptir að það hafði þar verið samþykkt við 3. umr. og eptir venjulegan undirbúning.

Nefndinni virðist að vísu eigi mjög mikil þörf á því, að breyta núgildandi lögum, er að þessu efni lúta. En þar sem neðri deild alþingis nú hefur samþykkt frv. í þá átt, og ýmsar raddir hafa áður heyrzt um það, bæði á þingi og utanþings, að æskilegt væri, að ákvæðunum um lögaldur væri breytt, þannig að aldurstakmarkið sje fært niður, þá sjáum vjer ekki, að það sje á nokkurn hátt varhugavert, að gjöra lagabreytingar í þessa átt. Það virðist og vera augljóst, að 25 ára lögaldurs-markið er sett of hátt, þegar þess er gætt, að menn geta hjer kvongazt 20 ára gamlir, og að altítt er, að bæði menn og konur standa fyrir búi yngri en 25 ára. En sje lögaldurs-ákvæðunum breytt, þykir rjett að setja þau þannig, að þau sjeu sem samkvæmust hinni eldri löggjöf vorri, og að þau eigi heldur reki sig á hina yngri löggjöf vora. Eptir hinni eldri löggjöf vorri (Jónsbók), sem í þessu etni gilti fram yfir 1830, voru menn fullveðja 20 ára að aldri, og þykir þá rjettast að taka upp það aldurstakmarkið aptur, ef gjöra skal breytingu á lögaldri, einkanlega með tilliti til þess, að tvítugir karlmenn mega kvongast eptir lögum vorum, og er þá búizt við því, að þeir geti veitt heimili forstöðu. En það hlýtur að reka sig illa á, ef giptir menn, sem veita heimili forstöðu, geta eigi ráðstafað eigum bús síns, eða skuldbundið það fyrir nauðsynlegum greiðslum o. s. frv. Um hitt aldurstakmarkið, 18 ára aldur, er það að segja, að það þekktist ekki í löggjöf vorri fyr en eptir að tilsk. 21. desbr. 1831 kom út, sem löggilti hjer á landi »holt og bolt« og án úrgreiningar ýms dönsk lög. Þetta aldurstakmark er ósamrýmanlegt við það, að hjá oss eru menn persónulega myndugir 16 ára að aldri, sbr. tilsk. 26. jan. 1866, 1. gr. Einnig má benda á það, að hjá oss mega konur giptast 16 ára, og með því svo er, getur það fyrir komið, að persónur sjeu alfullveðja þegar skömmu eptir 16 ára aldur, því að konur mega giptast 16 ára, og geta þá þegar á eptir orðið ekkjur, en þær eru að lögum fullveðja.

Með skírskotun til þessara fáu athugasemda leggur nefndin það til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum:

1. Fyrir: »18 ára« komi: 16 ára.
2. Fyrir: »21 árs« komi: 20 ára.

Ákvæðið um ábyrgð í fjármálum getur nefndin fallizt á, því að henni virðist ekki vera ástæða til þess, að setja strangari skilyrði fyrir ábyrgðartöku í fjármálum (caution), en hinni annari skuldbindingu, sem leitt getur til peningagreiðslu eða fjárútláta.

Efri deild alþingis, 5. ágústm. 1897.

L. E. Sveinbjörnsson formaður. Kristján Jónsson framsögumaður og skrifari. Jón A. Hjaltalín.

Nd.

310. Tillaga
til þingsályktunar
(frá nefndinni í brúamálinu).

Alþingi skorar á landshöfðingja

1. að ráða æfðan norskan verkfræðing (Ingeniör) til að kanna brúastæði og gjöra áætlun um kostnað við brúagjörð á Lagarfljóti og Jökulsá í Axarfirði, svo og Fnjóská, Eyjafjarðará, Norðurá í Skagafirði, Hjeraðsvötnum hjá Ökrum og Norðurá í Mýrasýslu næstkomandi sumar (1898), svo og á öðrum ám á sama svæði, ef tími yrði til.
2. að útvega tilboð um brúagjörð á þessum ám frá reyndum góðum brúasmiðum, er lögð yrðu fyrir alþingi 1899.
3. að ráða sama verkfræðing, eða annan jafngóðan til lengri tíma, til þess að kanna víðar brúastæði og gjöra áætlun um kostnað við brýr á ám á landssjóðsvegum yfir höfuð, svo og á sýsluvegum og hreppavegum, þar sem sýslunefndir eða hreppsnefndir óska þess, ef þær greiða honum ferðakostnað, að því er þá vegi snertir.

Nd.

311. Frumvarp
til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi (eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.).

1. gr. Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, ásamt hreppsnefndunum, hafa eptirlit með því, hvort vart verður við fjárkláða, eða önnur næm fjárveikindi, hver í sínu umdæmi. Heimilt er lögreglustjóra að fyrirskipa almenna skoðun á sauðfje, þegar honum virðist ástæða til og svo víða sem nauðsynlegt þykir.
2. gr. Lögreglustjóri skal kveðja til hæfilega menn til aðstoðar hreppstjóranum í hverjum hreppi um sig, bæði við rannsóknina á heilbrigðisástandi fjárins og við framkvæmdir á öðrum þeim ráðstöfunum, er nauðsynlegar eru. Kveðja má til þessa menn úr öðrum hreppi eða annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir, hreppstjórar og hreppsnefndarmenn, eiga tafarlaust að skýra lögreglustjóra frá, ef þeir verða einhvers þess varir, er vekur grun um slíkan sjúkdóm, sem um er getið í 1. gr., og skal lögreglustjóri þá þegar í stað gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að hepta sýkina.

3. gr. Nú verður vart við fjárkláða eða aðra slíka næma veiki, og skulu þá hreppstjóri og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fje verði þegar í stað aðskilið frá heilbrigðu fje, og skulu þeir taka það til lækninga svo fljótt, sem auðið er. — Verði vart við kláða á tímabilinu frá byrjun rjetta til jólaföstu, skulu hinar sýktu kindur þegar í stað skornar, nema eigandi kjósi heldur, að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki sjálfir kindurnar til umsjónar og lækni þær, og borgar þá eigandi allan kostnað, er af því leiðir.

4. gr. Með reglugjörð, er amtsráðin semja, hvert fyrir sitt amt, má setja nánari fyrirskipanir um skoðanir og baðanir sauðfjár, hvert baðlyf skuli notað, um aðgreining á grunuðu fje og því, er eigi er kláðagrunur á, um sótthreinsun fjárhúsa og um aðrar þær ráðstafanir, er nauðsynlegar eru til að hepta útbreiðslu sýkinnar og útrýma henni. Veita má í reglugjörðinni amtmanni heimild til að fyrirskipa baðanir á stærra eða minna svæði í amtinu, þótt ekki hafi þar orðið vart við kláða.

5. gr. Eigandi fjár þess, er sýkt er eða grunað, skal skyldur til að aðstoða hreppstjóra og hina tilkvöddu menn við baðanir og skoðanir, og leggja til baðlyf, verkafólk og áhöld eptir þörfum, á eigin kostnað. — Svo er hann og skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, er honum verða settar, um aðskilnað hins sýkta fjár, lækning þess og aðra meðferð.

Allur annar kostnaður, er leiðir af ráðstöfunum hins opinbera samkvæmt þessum lögum, skal greiðast á þann hátt, er amtsráðin nánar ákveða í reglugjörð þeirri, er þau semja samkvæmt 4. gr. — Kostnaðinn má taka lögtaki, að því leyti er einstakir menn eiga að greiða hann.

6. gr. Nú sýnir fjáreigandi annaðhvort óhlýðni eða hirðuleysi í því að gegna skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, og skal þá lögreglustjóri, nema eigandi kjósi heldur að skera hið sjúka fje þegar, láta á kostnað eigandans framkvæma það, er nauðsynlegt er, og má taka kostnaðinn lögtaki, og sæti eigandi að auki sektum frá 10—200 kr.

7. gr. Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri, hreppsnefndarmenn eða aðstoðarmenn af sjer óhlýðni eða hirðuleysi eða vanrækt á skyldum þeim, er lög þessi eða reglugjörð amtsráðsins leggur þeim á herðar, skulu þeir sæta sektum frá 20—500 kr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, að því leyti þau eigi falla undir 1. lið þessarar greinar eða hina næstu á undan, varða sektum frá 5—500 krónu. Sektir eptir þessum lögum renna í jafnaðarsjóð hlutaðeigandi amts, þar sem brotið er framið.

8. gr. Með lögum þessum er tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm veikindi á Íslandi úr gildi numin.

Nd. 312. **Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1898 og 1899 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,308,400 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,045,600 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) *á ábúð og afnotum jarða*	17,000	17,000	34,000
b) *á lausafje*	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,800	4,800	9,600
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	25,000	25,000	50,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	8,500	8,500	17,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	45,000	45,000	90,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	75,000	75,000	150,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	150,000	150,000	300,000
12. tekjur af póstferðum	28,000	28,000	56,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
Samtals...	522,800	522,800	1045,600

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 48,600 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls 9,000 —	23,000	23,000	46,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
samtals...	24,300	24,300	48,600

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	34,000	34,000	68,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1898 25,854 kr. 02 a.			
- — 1899 23,095 — 40 —			
48,949 kr. 42 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.....	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 127,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag.....	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	4,500	2,500	7,000
samtals...	64,500	62,500	127,000

2. kafli.

Utgjöld.

7. gr.

Á árunum 1898 og 1899 veitast til útgjalda 1,452,458 kr. 67 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1898: 12,400 kr., og árið 1899: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 343,536 kr. 67 a.

A.	1898.	1899.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr.	kr.	kr. a.
1. laun embættismanna	17,866 67	17,900	35,766 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður 800 —			
	3,300	3,300	6,600
	24,966 67	25,000	49,966 67

B. Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1. laun:					
a. til dómara og sýslumanna			68,100	68,100	
b. til hreppstjóra			8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík			1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:					
a. laun umsjónarmannsins	1898. 1,000 kr.	1899. 1.000 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —			
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
þóknun handa lækni	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði 21 e	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4,415 kr.	4,415 kr.			
arður af verkum talinn	615 —	615 —			
	3,800 kr.	3,800 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,400 —	300 —			
			5,200	4,100	
		Flyt...	82,700	81,600	49,966 67

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	82,700	81,600	49,966 67
4. önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ... 1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ... 50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum ... 40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl. ... 60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál ... 3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál ... 300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk ... 150 —			
h. útgjöld við sáttamál ... 50 —			
	5,250	5,250	
i. til að útvega eldtrausta járnskápa handa sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum allt að ...	3,000		
	90,950	86,850	
			177,800
C. Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin ... 2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum ... 350 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina ... 1,200 —			
	4,580	4,580	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef ...	1,900	1,900	
3. brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar ...	900	900	
4. styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskóla:			
1. til skólans í Ólafsdal ... 2,500 —			
Flyt... 2,500 kr.	7,380	7,380	227,766 67

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...		2,500 kr.	7,380	7,380	227,766 67
2. til skólans á Hólum		3,500 —			
3. til skólans á Eiðum		2,000 —			
4. til skólans á Hvanneyri		2,500 —			
		10,500 kr.			
b. til búnaðarfjelaga		20,000 —			
c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins... Verði stofnað allsherjarbúnaðarfjelag fyrir landið, fellur upphæðin síðara árið til þess.		2,000 —			
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina.....		240 —			
			32,740	32,740	
5. til búnaðarfjelags landsins				4,000	
6. laun handa tveim dýralæknum			2,400	2,400	
7. a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa.....		300 kr.			
b. til eptirlitsferða.....		100 —			
c. til vitans á Reykjanesi:					
1. til launa vitamannsins.....	1,200				
2. til að kaupa olíu	300				
3. — — — lampakveiki o.fl.	100				
4. til að kaupa steinkol	150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	200				
6. eptirgjald eptir lóðina	30				
		1,980 —			
d. til vita á Skagatá:					
1. til vitamanns.....	400				
2. til að kaupa olíu	150				
3. — — — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum..	200				
		800 —			
e. til vita við Gróttu:					
1. til vitamanns.....	400				
2. til að kaupa olíu	150				
3. — — — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160				
		760 —			
Flyt...		3940 kr.	42,520	46,520	227,766 67

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar... 3940 kr.	42,520	46,520	227,766 67
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð ..... 500 — Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.	4,440	4,440	
g. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	200	50	
8. Til að rannsaka hafnarstæði og lendingar við suðausturströnd landsins	600		
9. Styrkur til útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa, helmingur kostnaðar við að gjöra skipakví, þó ekki yfir 10,000 kr. Fje þetta veitist með því skilyrði, að landshöfðingi samþykki ávallt reglugjörð og gjaldskrá fyrir notkun skipakvíarinnar.	10,000		
10. Til hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags.....	5,000		
11. Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði.....	1,000	1,000	
	63,760	52,010	115,770
Samtals.....	.....	.....	343,536 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 151,946 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,974	37,974	75,948
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
Flyt...	37,974	37,974	75,948

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,974	37,974	75,948
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnesssýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið.....	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100	100	200
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.			
4. a. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum..	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi, hvort árið allt að 300 kr.	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis, er hafi aðsetur í Reykjavík	750	750	1,500
6. Arsútgjöld við holdsveikraspítalann.....	4,250	17,000	21,250
7. Útgjöld við bólusetningar	500	500	1,000
8. Önnur útgjöld;			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. — — —— á Ísafirði 400 —			
Flyt... 2000 kr.	61,874	74,624	136,498

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2000 kr.	61,874	74,624	136,498
d. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..... 24 —			
e. til náms yfirsetukvenna .,..... 2,000 —			
f. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 400 —			
	4,424	4,424	8,848
9. Styrkur til endurbyggingar spítalans á Akureyri.....	5,000		5,000
10. Styrkur til spítala á Seyðisfirði	1,200	400	1,600
Samtals.....	72,498	79,448	151,946

12. gr.

Til samgöngumála veitast 463,350 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... 2,400 kr.			
b. handa póstafgreiðslumönnum ..... 6,700 —			
c. handa brjefhirðingamönnum ..... 4,500 —			
	13,600	13,600	
2. póstflutningur	38,000	38,000	
3. önnur útgjöld:	1898. kr.	1899. kr.	
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,800	1,800	
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um.....	200	200	
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	200	200	
d. fyrir prentun á ýmsu.....	800	800	
e. til áhalda	1,200	1,200	
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50	
g. óviss gjöld	200	200	
	4,450	4,450	
samtals...	56,050	56,050	112,100
B.			
Til vegabóta:			
a. til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:			
Flyt...	.....	.....	112,100

			1898. kr.	1899. kr.	alls. kr.
		Flutt af...	.....	.....	112,100
1.	laun	3,000			
2.	ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandskipum	500			
		3,500			
b.	til verkfróðs aðstoðarmanns við hinar vandaminni samgöngubætur, allt að	1,500	5,000	5,000	
c.	til flutningabrauta		60,000	15,000	
d.	til þjóðvega		30,000	40,000	
e.	til fjallvega		5,000	5,000	
1.	Styrkur til sýsluvegagjörðar í Strandasýslu		6,000		
2.	Styrkur til sýsluvegagjörðar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu		3,000		
3.	Styrkur til vegagjörðar á sýsluveginum frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu...		3,000		
4.	Styrkur til sýsluvegagjörðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu		2,000		
	Styrkir þessir undir tölul. 1—4 veitist með þeim skilyrðum, að sýslubúar leggi til fje, er nemi að minnsta kosti helmingi styrksins, auk þess, er sýsluvegasjóður leggur til, og að fyrir vegalagningunni standi verkstjóri, er ráðinn sje með samþykki landshöfðingja.				
5.	Styrkur til brúargjörðar á Bakkaá í Dalasýslu (móts við 500 kr. tillag úr sýsluvegasjóði og að minnsta kosti 500 kr. tillag frá einstökum mönnum)		250		
			114,250	65,000	179,250
	C.				
1.	Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags		35,000	35,000	
2.	Til gufubátaferða:	kr.			
a.	í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að	7,500			
b.	í Vestfirðingafjórðungi og á Húnaflóa, allt að	10,000			
c.	í Norðlendingafjórðungi, allt að ...	10,000			
d.	í Austfirðingafjórðungi, allt að	6,000			
	Flyt...	33,500	35,000	35,000	291,350

		1898.	1899.	alls
		kr.	kr.	kr.
Fluttar...	33,500	35,000	35,000	291,350
Styrkurinn undir stafliðunum a—d greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti 1/4 á móti 3/4 úr landssjóði, og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.		33,500	33,500	
		68,500	68,500	
				137,000
D.				
Til frjettaþráðar milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, allt að		.....	35,000	35,000
samtals...		.....	.....	463,350

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 335,026 kr.

	1898.	1899.	alls.
A.	kr.	kr.	kr.
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum ...	2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi.....	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum...	3,000	3,000	
6. styrkur til síra P. H. Hjálmarssonar til að byggja upp staðinn	500		
7. styrkur til síra Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn	300		
8. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
	23,600	23,300	46,900

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	46,900
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1898 og 16 1899, 80 kr. handa hverjum...	1898. 960 kr.	1899. 1,280 kr.			
2. námsstyrkur.....	800 —	1,000 —			
3. til tímakennslu..	100 —	100 —			
4. til bókakaupa....	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar.....	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld ..	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að	250 —	250 —			
			2,860	3,380	
			12,060	12,580	24,640
II. til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. námsstyrkur	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting.....	150 —	150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra.....	800 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og ann-					
Flyt...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	71,540

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	71,540
ars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —			
			4,130	3,830	
			7,330	7,030	14,360
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum.....		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan	7,500 —	1,400 —			
4. til tímakennslu	1,700 —	1,700 —			
5. námsstyrkur	5,000 —	5,000 —			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
7. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
8. ýmisleg útgjöld	800 —	800 —			
9. fyrir prestsverk.....	48 —	48 —			
10. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —			
11. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina.....	600 —	600 —			
12. til áhalda við leikfimiskennslu.....	200 —	200 —			
13. styrkur handa leikfimiskennaranum til					
Flyt...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,400	21,400	85,900

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,400	21,300	85,900
þess að fullkomnast í kennslugrein sinni Danmörku.....	500 —				
			19,688	13,088	
			41,388	34,788	76,176
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
			2,000	2,000	
			8,600	8,600	17,200
V. til stýrimannaskólans:					
a. laun			2,000	2,000	
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakennslu	1,400 kr.	1,400 kr.			
2. til áhaldakaupa o.fl ...	600 —	200 —			
3. til eldiviðar og ljósa ...	400 —	400 —			
4. til húsnæðis.....	200 —				
5. til að byggja skólahús...	19,850 —				
6. ýmisleg útgjöld	200 —	300 —			
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara, fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans	600 —				
			23,250	2,300	
			25,250	4,300	29,550
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... 2,500 kr. þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
Flyt...	2,500 —				208,826

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2,500 kr.	.....	.....	208,826
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ..... 1,200 —			
3. til kvennaskóla Eyfirðinga..... 1,200 —			
4. til kvennaskólans á Ytri-Ey og kvennaskóla Eyfirðinga ..... 2,000 — Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	6,900	6,900	
5. Styrkur til að byggja kvennaskóla í Norðurlandi..... Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að kvennaskólarnir í Eyjafirði og Ytri-Ey sameinist.		10,000	
6. Til hússtjórnarskólans í Reykjavík.....	2,000		
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	5,500	5,500	
2. til sveitakennara allt að 80 kr. til hvers... Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	5,500	5,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	2,200	2,200	
e. til skólaiðnaðar-kennslu.....	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....	300	300	
h. til kennslu heyrnar- og málleysingja.....	5,000	5,000	
i. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja...	150	150	
	31,550	39,550	71,100
Flyt...	.....	.....	279,926

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	279,926
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til sundkennslu annarsstaðar ..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,200	1,200	2,400
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	3,000	3,000	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins..... 500			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins..... 400			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins..... 400			
	1,300	1,300	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til Þjóðvinafjelagsins.....	750	750	
Flyt...	10,200	10,200	282,326

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,200	10,200	282,326
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
	1,400	1,400	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið.....	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
8. styrkur til kennara Dr. phil. Þorv. Thoroddsen til að halda áfram safni til jarðfræðislýsingar Íslands og til að undirbúa ritið 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	200	200	
11. til náttúrufræðisfjelagsins	500	500	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.			
12. Styrkur til eins manns til að nema dýralækningar.....	600	600	
13. styrkur til cand. mag. Boga Melsteð til þess að gefa út sögu Íslands, 50 kr. fyrir örkina, allt að	600	600	
14. til sjera Matthíasar Jochumssonar.....	600	600	
Flyt...	17,000	17,000	282,362

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	17,000	17,000	282,362
15. Styrkur til cand. phil. Jóns Jónssonar til að rannsaka og rita um sögu Íslands á síðari tímum	600	600	
16. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
17. til bindindisfjelags kvenna »Hvítabandið«	100	100	
18. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði	600	600	
19. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	600	600	
20. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
21. til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók	500	500	
22. til kand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
23. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	600	600	
24. styrkur til útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa til að fá erlendan skipasmið, er setjist hjer að	500		
25. styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi og til vísindaiðkana	1,500	1,500	
26. styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar til að safna og gefa út íslenzka þjóðsöngva	1,000		
27. styrkur til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomnast í hljóðfæralist	600		
28. Styrkur til Björns Þorlákssonar á Álafossi til kaupa nýjar vjelar	1,000		
Styrkur þessi veitist m ð því skilyrði, að keyptar sjeu lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressa og þófaravjel.			
29. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	500	500	
Flyt...	27,000	23,900	282,362

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	27,000	23,900	282,362
30. Utanfararstyrkur til Bjarna Sæmundssonar, fiskifræðings, og annars manns eptir veitingu landshöfðingja, til að fara á fiskisýningu í Björgvin að sumri 500 kr. til hvors.....	1,000		
31. Til útgáfu fiskitímarits 30 kr. fyrir örkina allt að 400 kr. hvort árið.....	400	400	
	28,400	24,300	52,700
samtals...	.....	.....	335,026

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fleira veitast 84,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjóhnsen 300 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Arnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 144,058 kr. 67 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Af viðlagasjóði má verja allt að 80,000 kr. til þess að byggja steinhús í sambandi við landsbankann, þar sem sje nægilegt húsrúm fyrir landsbankann, aðalpóstafgreiðslu landsins, skrifstofu landfógeta, forngripasafnið, málverkasafnið og náttúrugripasafnið, svo og húsrúm til bráðabirgða fyrir hinar æðri menntastofnanir.

19. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30 þús. kr. lán hvort árið til þilskipakaupa, er veitast að eins þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 5000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga eða einstakra manna, er hafa byggt ísgeymsluhús. Lán þessi ávaxtist með 3% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaus, en endurborgist síðan á 7 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar á meðal veð í húsunum sjálfum ásamt sjálfskuldarábyrgð, og sje eigi lánað meira en 3000 kr. í hvern stað.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 15000 kr. til hvers; ávaxtist lán þetta með $3^1/_2$% og sje vaxta- og afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja allt að 30,000 kr. til lánveitinga handa einstökum mönnum, þó eigi meiru en 1000 kr. handa hverjum, til að gjöra jarðabætur. — Lán þessi ávaxtist með 3%, og sjeu afborgunarlaus í 3 fyrstu árin, en eptir það skal lánið endurborgað með jöfnum afborgunum á 25 árum. — Lánið veitist að eins gegn fyrsta veðrjetti í fasteign, og eigi meira en hálfu virðingarverði jarðeignarinnar nemur. — Sanni lántakandi eigi, áður en 3 ár eru liðin frá lántökudegi, að hann hafi framkvæmt jarðabætur, er að minnsta kosti nemi lánsupphæðinni, er lánið þegar í gjalddaga fallið, og svarar þá lántakandi, auk áskilinna vaxta $1^1/_2$%, vöxtum af lánsupphæðinni frá lántökudegi.

Ed. 313. **Frumvarp**

til laga um breytingu á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, og um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Heimilt er sýslunefnd að leyfa, að kosningar í hreppsnefnd fari fram á hausthreppaskilaþingum í þeim hreppum, þar sem svo sjerstaklega hagar til, að það er nauðsynlegt.

2. gr. Í öllum hreppum á landinu skal kjósa varasýslunefndarmenn og gilda sömu reglur við kosningu þeirra, sem við kosningu til sýslunefnda.

3. gr. Nú er sýslunefndarmaður forfallaður að mæta á sýslufundi, skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefur sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður; þó er hann skyldur að taka á móti kosningu í hreppsnefnd.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Ed. 314. **Frumvarp**

til viðaukalaga við lög 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

Skylt er prestum þjóðkirkjunnar að inna af hendi prestsverk, gegn venjulegri borgun, fyrir þá utanþjóðkirkjumenn, sem þess óska, og þeim eru gjaldskyldir, þar til þeir hafa fengið prest eða forstöðumann með konunglegri staðfestingu.

Nd. 315. **Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

Frá Jóni Þórarinssyni, Kl. Jónssyni, Þórði J. Thoroddsen, Jens Pálssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Eiríki Gíslasyni, Pjetri Jónssyni.

Aptan við 13. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:

32. Styrkur til cand. Magnúsar Magnússonar fyrir að kenna ókeypis líkamsæfingar í Reykjavík 1200—1200.

Nd. 316. **Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878 (eins og það var við 3. umr. í efri deild).

Vjer undirskrifaðir, er höfum áður haft mál þetta til íhugunar í neðri deild, höfum nú hugleitt breytingar þær, er h. efri deild hefir gjört á frumvarpinu, og þykir oss þilskipin hafa hækkað um of í tíund, þótt vjer könnumst við, að nokkur ástæða hafi verið til hækkunarinnar. Viljum vjer ráða h. neðri deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum á 4. gr. sem hjer segir:

Fyrir: 5 hndr. komi: 4 hndr.
8 — — 6 — —
10 — — 8 — —

Alþingi 6. dag ágústm. 1897.

Jón Jensson, form. — Jón Jónsson, þm. A-Skf., skrifari. — Guðjón Guðlaugsson, framsögum.

Þórður Guðmundsson. — Halldór Daníelsson.

Nd. 317. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga um árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

Frá Þorláki Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.Skf., Valtý Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni, Halldóri Daníelssyni, Sk. Thoroddsen, B. Sveinssyni.

Við 13. gr. C. tl. 10:

fyrir »200—200« komi: 300—300.

Ed. 318. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Á Hjalteyri við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 319. **Frumvarp til fjáraukalaga**
fyrir
árin 1894—1895 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895, veitast 4,487, kr. 24 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—5. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. B. 3. (til hegningarhússins og fangelsanna) veitast 220 kr. 76 a., — auk þess, er veitt var á fjáraukalögum fyrir árin 1892 og 1893, 26. október 1893— til þess að hlaða grjótgarð um svæði það við hegningarhúsið í Reykjavík, sem ætlað er föngum.

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. C. 5. veitast:
Undir lið f. til viðhalds á húsum og áhöldum 1895: 450 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin til samgöngumála í 12. gr. veitast:
Undir A.: til útgjalda við póststjórnina:

Undir 1. lið e.: til brjefhirðingarmanna:		
1894	207 kr.	43 a.
1895	393 —	» —
undir 2. lið: póstflutningur:		
1894	206 —	47 —
1895	270 —	74 —
undir 3. lið: önnur útgjöld:		
d. fyrir prentun 1894	149 —	11 —
1895	912 —	60 —
e. til áhalda 1894	410 —	84 —
1895	630 —	65 —
undir B. til vegabóta:		
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum	271 —	26 —
c. til fjallvega	264 —	38 —
Samtals	3,716 kr.	48 a.

5. gr.

Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast 100 kr. fyrir járnkistu handa sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu.

Ed. 320. **Frumvarp**

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895, (eins og það var samþykk við 3. umr. í neðri deild).

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	I. Tekjur:		
1.	Skattur af ábúð og afnotum jarða og á lausafje	84,000 »	93,120 53
2.	Húsaskattur	8,000 »	9,656 16
3.	Tekjuskattur	26,000 »	27,958 20
4.	Aukatekjur	44,000 »	58,706 44
5.	Erfðaskrárskattur	4,000 »	5,252 51
6.	Gjöld af fasteignasölum	2,600 »	1,546 40
7.	Vitagjald	12,000 »	17,539 50
8.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000 »	6,340 42
9.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frádregnum 2% í innheimtulaun	60,000 »	99,572 02
10.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000 »	264,015 36
11.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun...	100,000 »	142,497 48
12.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	250,000 »	312,496 19
13.	Tekjur af póstferðum	40,000 »	56,044 66
14.	Óvissar tekjur	4,000 »	13,803 32
15.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	50,000 »	56,001 50
16.	Tekjur af kirkjum	700 »	839 36
17.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... Borgað upp í lán, veiting: 45,479 kr. 80 a., reikningur: 114,323 kr. 85 a.	56,000 »	71,634 02
18.	Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000 »	12,003 82
19.	Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ...	4,000 »	7,953 55
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200 »	1,571 88
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 »	4,812 36
22.	Tillag úr ríkissjóði	143,000 »	143,000 »
	alls...	1147,500 »	1406,365 68
	II. Gjöld:		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 »	27,800 »
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna ...	33,600 »	62,260 93
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	49,816 66	47,378 72
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,995 14	167,207 62
	C. Ýmisleg útgjöld	73,600 »	71,043 77
4.	Til útgjalda við læknaskipunina...	117,844	106,086 19
	Fluttar	473,655 0 8	481,777879

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur kr. a.
Fluttar	473,655 80	481,777 28
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	93,500 »	97,265 54
B. Til vegabóta	141,000 »	141,535 64
C. Til strandferða	98,000 »	45,440 63
D. Til annara samgöngumála	16,000 »	10,000 »
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	47,100 »	45,083 12
B. Til kennslumálefna	175,566 »	169,198 56
C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta...	42,000 »	41,830 45
7. Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200 »	8,743 50
8. Eptirlaun og styrktarfje	86,000 »	81,909 93
9. Til óvissra útgjalda	3,000 »	2,694 21
10. Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum...	.....	77,969 59
11. Tekjuafgangur	.....	202,917 23
alls...	1181,021 80	1406,365 68

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1895 .....924,126 kr. 35 a.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1895 .....37,881 — 64 —
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1895 .....465,659 — 35 —
Í landsbankanum á hlaupareikningi .....100,000 — « —

Nd. 321. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898—1899.

Frá Guðjóni Guðlaugssyni, Kl. Jónssyni, Eiríki Gíslasyni, Pjetri Jónssyni, Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Sk. Thoroddsen.

Við 12. gr. B. c—d. Liðirnir orðist svo:

c. til flutningabrauta 24,000—15,000; þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð 14,000 kr. fyrra árið.

d. til þjóðvega 66,000—40,000; þar af til þjóðvegar milli Þjórsár og Ytri-Rangár allt að 36,000 kr. fyrra árið.

Nd. 322. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

Frá Þórði J. Thoroddsen. Jens Pálssyni. Guðjóni Guðlaugssyni. Jóni Jónssyni, þm. Eyf. Sk. Thoroddsen. Einari Jónssyni. Sighvati Árnasyni. Jóni Þórarinssyni.

Við 10. gr. C. 7. d. A eptir tölulið 4 komi nýr liður, er verði 5. liður og orðist: »Til að byggja íbúðarhús handa vitamanni, allt að . . . 1500 kr.

Vitamaður viðhaldi húsinu, enda skili því, þegar hann fer frá, í gildu standi eða með fullu álagi«.

Við 11. gr. 4. a. Á eptir »í augnalækningum« komi: »svo og til að halda ókeypis »klínik« handa fátækum mönnum að minnsta kosti einu sinni í mánuði«.

Við 11. gr. 5. Liðurinn orðist svo: »Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði . . . 1000—1000

Við 11. gr. Á eptir 10. lið komi nýr liður, er verði 11. og orðist svo: »Til undirbúnings landspítalastofnunar í Reykjavík, svo og byggingar sóttvarnarhúsa samkvæmt lögum 17. desbr. 1875, allt að 2500 kr. (fyrra árið)«.

Nd. 323. **Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga árin 1898 og 1899.

Frá Guðl. Guðmundssyni, Jóni Jenssyni, Sk. Thoroddsen, Jens Pálssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Kl. Jónssyni.

1. Við 12. gr. B. b. Í stað »verkfróðs aðstoðarmanns« komi: »verkfróðra aðstoðarmanna.

2. Við 13. gr. A. b. Á eptir 5. tölul. bætist inn nýr tölul.:
Bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi 600—100.

Nd. 324. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Sk. Thoroddsen, Jóni Jenssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Jens Pálssyni, Þórði J. Thoroddsen, Halldór Daníelssyni..

Á eptir 13. gr. C. 31 komi nýr liður svohljóðandi:
Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar á Vöðlum, til að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins 300—300.

Nd. 325. **Viðauka- og breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga árin 1898—1899 (eins og það var samþ. við 2. umr. í neðri deild).

Frá Kl. Jónssyni, Sk. Thoroddsen, B. Sveinssyni, Halldóri Daníelssyni, Jóni Jónssyni, þm. A-Skf., Jens Pálssyni.

Við 13. gr. B. V. A eptir 7. lið komi nýr liður svohljóðandi:
8. Til styrkveitingar námspiltum úr fjarlægum hjeruðum kr.800—800
Við 13. gr. C. 25. Fyrir: 1,500 — 1,500
komi: 1,000 — 1,000
Við 13. gr. C. 31. Liðurinn falli burt.

Nd. 326. **Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og '99,
frá fjárlaganefndinni.

10. gr. C. 1. Fyrir stafl. b. og c. komi: 1 liður er verði b. og orðist svo:
Til pappírs og prentunar B og C deildar stjórnartíðindanna, svo og til kostnaðar við sending tíðindanna með póstum . . . 3000
10. gr. C. 4. a. 2. Fyrir: »3500«
komi: 2500
— — — — — 3. Fyrir: »2000«
komi: 2500
11. gr. Eftir 5. komi nýr liður:
Styrkur til utanfarar handa hjeraðslæknum 600—600
Landshöfðingi veitir styrkinn eptir till. landlæknis.
12. gr. B. Töluliðamerkin breytist þannig:
Í staðinn fyrir: »a. 1. 2. b. c. d. e.«
komi: 1. a. b. 2. 3. 4. 5
— — — Eptir stafl. e. bætist inn í
6. Styrkur til sýsluvega
Tölul. verði stafliðir.
— — — 3. og 4. falli burt.
12. gr. C. 1. Verði svo:
Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags fyrstu 2 ársborganir af 5 ára styrk, er þó má eigi vera hærri þrjú síðari árin en 50,000 kr. á ári 55,000 55,000
Veitist með þeim skilyrðum, að fjelagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli landa og kringum landið þannig:

I.

1. Ferðir milli landa sjeu 16—18 hvert ár.
2. Hringferðir á millilandaskipum sje gerðar frá 1. marz til 31. október, og auk þess ein ferð til Vestfjarða í janúar eða febrúar.
3. Hringferðir þær skulu vera að minnsta kosti 6 kringum landið fram og aptur (= 12 ferðir).
4. Aðalviðkomustaðir kringum landið skulu vera 4 í hverri ferð: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður. Auk þess má í hverri ferð bæta við 3—6 aukaviðkomustöðum til skiptis, helzt sem fæstum í einu, en aldrei fleiri en 6 í sömu ferð, og skulu það einkum vera þessir staðir: Eskifjörður, Vopnafjörður, Húsavík, Sauðárkrókur, Dýrafjörður og Stykkishólmur.

5. Fyrsta hringferð sje hafin 1. marz, og fjórum þeirra sje, ef mögulegt er, lokið fyrir miðjan júlí. Ein sje gerð um lok ágústmánaðar og framan af september og hin síðasta eptir miðjan október.

II.

1. Tveir strandbátar, yfirbyggðir, og nægilega stórir, eptir því sem stjórnin samþykkir, með farþegarúmi fyrir minnst 10—20 í 1. farrými og 30—40 í öðru farrými, gangi stöðugt kring um landið frá 15. apríl til 15. október, annar milli Reykjavíkur og Akureyrar austan um land, og hinn milli sömu staða vestan um land.
2. Strandbátarnir sjeu settir í svo haganlegt samband við millilandaskipin, sem unnt er, helzt svo, að þeir í hverri ferð mæti einhverju þeirra í Reykjavík eða á einhverjum af hinum fjórum aðalviðkomustöðum.
3. Viðkomustaðir strandbátanna sjeu þeir, er alþingi nánar tiltekur.

III.

1. Landsstjórnin samþykkir ferðaáætlun allra skipanna og sjer um að hún sje haldin.
2. Ferðunum sje hagað svo:
   a. Að alþingismenn geti komizt til Reykjavíkur um lok júní, og þaðan aptur um mánaðamótin ágúst — september.
   b. Að skólapiltar komist heim úr skóla um byrjun júlímánaðar og til Reykjavíkur aptur um lok septbr.
   c. Að kaupafólk frá Suðurlandi fái fljóta ferð til Norðurlandsins í byrjun júlím. og ferð þaðan aptur kring um 20. sept.
   d. Sjómenn fái fljóta ferð frá Reykjavík til Austurlandsins um 20. maí, og þaðan aptur til Reykjavíkur um 20. septbr.
3. Millilandaskipin komi ekki við í Færeyjum í 4 ferðum fram og aptur, þar á meðal í apríl og seinast í maí eða byrjun júní á leið frá Kaupmannahöfn, og seinast í ágúst eða í byrjun september og sömuleiðis í síðustu hringferð á leið frá Íslandi.
4. Farmeyrir og fargjald sje ekki hærra en nú með skipi eimskipsútgerðarinnar, og milli hafna með strandbátunum líkt og er þetta ár með strandbátnum »Bremnæs«. Fargjald milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur verði sama og milli Stykkishólms og Reykjavíkur.
5. Farmeyrir og fargjald milli tveggja ákveðinna staða verði hið sama, þótt skipta verði um skip, bæði að því er snertir farm og farþega. — Þó verður þá að nota það skip, er fyrst fer til staðar þess, er ætlað er til.
6. Allt að 50 iðnaðar- og almúgamenn fái árlega í þeim ferðum, er fjelagið og stjórnin koma sjer saman um, ferðir milli landa í öðru farrými fram og aptur fyrir sama verð og annars er tekið fyrir aðra leið — gegn skírteini frá sýslumanni eða bæjarfógeta í því umdæmi, er þeir búa í.

12. gr. C. 2. stafl. b., c. og d. falli burt.

Orðalag aths. breytist samkvæmt því.

Nd. 327. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um einkarjett.

Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild kaus, til þess að íhuga ofannefnt frumvarp, hefir eigi orðið á eitt mál sátt. Vjer undirritaðir, meiri hluti nefndarinnar, álítum, að frumvarpið innihaldi gagnlega og nauðsynlega rjettarbót; en þar sem ætla má, að þeir verði ekki mjög margir í bráð, sem um einkarjett sækja, þykir oss eigi þörf á því, að til sje standandi einkarjettarnefnd, en álítum nægja, að landshöfðingi skipi slíka nefnd í hverju einstöku tilfelli, er honum berst umsókn um einkarjett. Samkvæmt þessu leyfum vjer oss að leggja það til, að frumvarpið sje samþykkt með eptirfylgjandi breytingum:

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 5. grein falli burt.
2. 6. grein falli burt.
3. Við 7. gr., sem verði 5. gr., í stað: »einkarjettarnefndinni» komi: landshöfðingja, í stað: »hún stýluð« komi: það stýlað, og í stað: »einkarjettarnefndarinnar« komi: hans.
4. 8. grein verði 6. gr.
5. 9. grein frumvarpsins falli burt.
6. Á eptir 8. grein frumvarpsins, sem verður 6. gr., komi ný grein svo hljóðandi og verði

7. gr.

Nú er umsókn manns um einkarjett samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. góð og gild; skipar þá landshöfðingi nefnd þrem mönnum, þeim er hann telur vel fallna til að dæma um umsóknina, og úrskurðar nefndin, hvort einkaleyfið skuli veitt eður ekki.

Þyki nefndinni sjerstakt vandhæfi á, að kveða upp úrskurð sinn, tilnefnir hún tvo menn, þá er hún telur bezt skyn bera á málið, og skipar landshöfðingi þá; taka þeir þá sæti í nefndinni og úrskurða með henni umsóknina. Úrskurðurinn skal vera skriflegur og rökstuddur.

Nefndin fær borgun fyrir starf sitt úr landssjóði eptir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar.

7. Við 10. gr., sem verði 8. gr. Fyrir: »einkarjettarnefndin« komi: nefndin
fyrir: »nefndin« komi: hún, í tveim stöðum.
8. Aptan við þessa grein bætist: Að öðrum kosti gefur nefndin út um umsóknina opinbera auglýsingu, er bera skal með sjer nafn, stöðu og bústað umsækjanda, svo og nafnið á uppfundningunni. Jafnframt leggur nefndin umsóknina með fylgiskjölum fram til sýnis almenningi.

Sje þess beiðzt í umsókninni, má fresta bæði auglýsing hennar og framlagning um allt að 3 mánuði, frá því er nefndin hefir tilkynnt umsækjanda, að auglýsing og framlagning geti átt sjer stað.

9. 11. grein falli burt.
10. Við 12. grein, sem verður 9. grein, í stað: »einkarjettarnefndina« komi: nefndina.

11. Við 13. gr., sem verður 10. gr.:
í stað orðanna »í 12. gr.« komi: í 9. gr.
í stað: »einkarjettarnefndin« komi: nefndin
í stað: »samkv. 11. gr.« komi: samkv. 8. gr.

12. Við 14. gr., sem verður 11. gr.
í stað: »einkarjettarnefndin« komi: nefndin
og orðin: »samkv. 9. eða 13. gr.« falli burt.

13. Aptan við 14. gr., sem verður 11. gr., bætist svohljóðandi málsgrein:
Þá er einkarjettarumsókn hefir auglýst verið, og síðan verið tekin aptur eða synjað, og sje frestur sá, sem getur um í 11. gr., útrunninn, án þess að umsækjandi hafi skotið máli sínu til nýrrar meðferðar, eður og að ýtarlegri meðferð málsins hefir leitt til ítrekunar á synjun, skal nefndin birta það með opinberri auglýsingu.

14. 15. gr., sem verður 12. gr., orðist svo:
Þá er nefndin hefir úrskurðað, að einkarjett megi veita, gefur landshöfðingi út einkarjettarskírteinið.
Þá er einkarjettarskírteini er út gefið, skal það þegar auglýst.

15. Við 16. gr., sem verður 13. gr.
Fyrsta málsgrein orðist þannig: Öll einkarjettarskírteini skulu innfærð í löggilta bók, og skal þar glögglega skráð, hver uppfundningin er, hvern dag einkarjettur er veittur, nafn, staða og heimili þess, er einkarjett hefir hlotið, eður fulltrúa hans, ef hann er erlendis.
Í annari málsgrein í stað orðanna »á skránni« komi: »í bókinni«.
Í þriðju málsgrein í stað »einkarjettarnefndinni« komi: landshöfðingja og í stað »á skránni« komi: í bókinni.
Í fjórðu málsgrein í stað orðanna: »Meðan slík tilkynning eigi er framkomin til einkarjettarnefndarinnar og skrásett í gjörðabók hennar« komi: »Meðan slík birting eigi hefir fram farið«.
Í fimmtu málsgrein fyrir »einkarjettarskrána« komi: einkarjettarbókina.

16. 17. gr., sem verður 14. gr., orðist svo:
Auglýsingar samkvæmt lögum þessum skulu birtar á sama hátt, sem aðrar opinberar auglýsingar.

17. Í 18. gr., sem verður 15 gr., komi »landshöfðingja« í stað »einkarjettarnefndinni«.

18. Við 20. gr., sem verður 17. gr. Orðin »samkvæmt 18. gr.« falli burtu.
Í stað »einkarjettarnefndin« komi: »landshöfðingi«.
Orðin »samkvæmt 8. gr.« falli burtu.
Í stað »einkarjettarnefndinni« komi: »landshöfðingja«.
Í stað »einkarjettarnefnd« komi: »landshöfðingja«.

19. Við 22. gr., sem verður 19. gr. Í stað »21. gr.« komi: »18. gr.«.

Tölur hinna óbreyttu greina breytist samkvæmt ofanskráðum tillögum.

Alþingi, 7. ágúst 1897.

Jens Pálsson, formaður. Kl. Jónsson. Skúli Thoroddsen, skrifari og framsm.

Við höfum ekki getað orðið sammála háttv. samnefndarmönnum okkar með því að við sjáum ekki neina brýna almenna þörf eins og nú stendur á lögum þeim, er hjer er um að ræða, enda væri og mönnum þeim, er einkarjettar kynnu að æskja, ef nokkrir væru, innanhandar að fara leyfisbrjefaveginn og fá á þann hátt einkarjett fyrir uppfundning sinni. Við ráðum því hinni h. deild frá að samþykkja hið fyrirliggjandi frv.

D. u. s.

Jón Jensson. B. Sveinsson.

Nd. 328. **Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga 1898—99.

Frá Einari Jónssyni, Sig. Gunnarssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Pjetri Jónssyni, Þórði J. Thoroddsen, B. Sveinssyni.

Við 13. gr. C. Á eptir 14. tölul. komi nýr liður:

Til Páls Ólafssonar skálds 500—500

Nd. 329. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Sk. Thoroddsen, Valtý Guðmundssyni, Guðl. Guðmundssyni, Eiríki Gíslasyni, Halldóri Daníelssyni, Jóni Jenssyni.

10. gr. C. 9. orðist svo: Styrkur til að gera vetrarlægi fyrir þilskip, allt að helmingi kostnaðar, þó ekki yfir 10,000 kr.

Fje þetta veitist með því skilyrði, að landshöfðingi samþykki reglugjörð og gjaldskrá fyrir notkun þess.

Nd. 330. **Viðaukatillögur**

við frv. til fjárlaga 1898 og 1899.

Frá Tr. Gunnarssyni, Einari Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. Eyf., B. Sveinssyni, Eiríki Gíslasyni, Jóni Jenssyni.

Við 12. gr. B. Á eptir a. komi nýr liður svo hljóðandi:

Til þess að fá æfðan verkfræðing frá Noregi, til að skoða brúarstæð og gera áætlanir um brýr á ám víðsvegar um land allt að 4000—4000

Við 12. gr. B. Á undan 5. komi nýr töluliður:

Styrkur til brúargerðar á Hörgá við Staðarhyl allt að 10,000.

Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það fje, er þarf til að fullgera brúna, og nemi að minnsta kosti $^1/_3$ alls kostnaðar við hana, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað.

Ed. 331. **Frumvarp**

til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu hjeraði, rita alla holdsveika í hjeraðinu í bók, er til þess sje gerð á þann hátt, er landlæknir ákveður í samráði við holdsveikislækninn. Kostnað við kaup bókanna skal greiða úr landssjóði.

Einu sinni á ári semur læknir útdrátt úr bók þessari, eptir fyrirsögn landlæknis, og sendir honum.

2. gr. Þá er holdsveikur maður flytur úr einu læknisumdæmi í annað, ber lækni þess umdæmis, er sjúklingurinn fer úr, að tilkynna vistferlin lækni þess hjeraðs, sem sjúklingurinn flytur í.

3. gr. Læknum ber að hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í hjeruðum sínum. Þeir eiga að skýra sjúklingunum og samvistarmönnum þeirra frá því, hvers þeir eiga að gæta, til þess að sjúkdómurinn ekki berist á aðra, og sjá um, að ekki sje út af brugðið. Skyldir eru hreppstjórar og heilbrigðisnefndir að veita læknum lið við þessi störf, eptir því sem þeim er unnt.

4. gr. Holdsveikir menn skulu jafnan gæta þess, er hjer segir:

1) Holdsveikir mega ekki sofa hjá öðrum í rúmi; þó eru hjón undanþegin þessu banni, nema hlutaðeigandi læknir skipi öðruvísi fyrir.
2) Holdsveikir menn skulu hafa sjer hrákadalla og mega ekki hrækja á gólf í húsum manna.
3) Þeir skulu hafa matarílát og borðbúnað hverskonar, er þeir einir noti.
4) Rúmföt, íveruföt, matarílát og hverskonar borðbúnað holdsveikra skal þvo út af fyrir sig. Umbúðir af sárum þeirra skal brenna, eða sjóða að minnsta kosti hálfa stund í vatni.
5) Holdsveikir menn mega ekki stunda börn, ekki þjóna óholdsveikum mönnum og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig.
6) Þeir mega eigi að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka á móti gestum.

Nú álítur læknir, að frekari varúðar sje þörf og megi við koma, og eru þeir þá skyldir að hlýða honum.

5. gr. Nú hefur holdsveikur maður notað íbúðarhús eða herbergi út af fyrir sig, og mega þá aðrir menn ekki nota það hús eða herbergi, fyr en það hefir hreinsað verið, á þann hátt, er læknir skipar fyrir um. Sama er um föt, sængurfatnað og annað þess háttar, er holdsveikur maður hefir notað.

6. gr. Þá er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, skal húsráðandi á heimilinu þegar í stað skýra hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því; en hann lætur hlutaðeigandi lækni vita um það innan hálfs mánaðar. Nú hefur læknir fengið slíka tilkynningu, og ber honum þá þegar að annast, að íveruhús eða herbergi hins holdsveika manns, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eptir hann finnast, sje tafarlaust hreinsaðir eptir þörfum.

7. gr. Holdsveika menn, er njóta sveitarstyrks, skal setja á holdsveikisspítala, þá er hjeraðslæknir telur nauðsyn á því. Sje þeir eigi þar settir, skal þeim komið fyrir á þann hátt, að sem fyllst trygging sje fyrir því, að farið verði eptir fyrirmælum 4. gr.

Ef þess er kostur, skal þessu komið svo fyrir, að hjón sje ekki skilin þeim að nauðugu. Hafi ráðstafanir læknis slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sje staðfestar af amtmanni.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

8. gr. Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum hlutaðeigandi sveitar eða bæjarstjórnar og læknis, lagt fyrir, að einnig aðrir holdsveikir menn verði fluttir á holdsveikisspítala. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki eigi fylgt sem vera bar fyrirmælum 4. greinar eða varúðarreglum þeim, er læknirinn eptir síðasta lið sömu greinar hafði lagt fyrir hann, eða læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættuegur og svo miklar líkur til að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til að flytja sjúkinginn á holdsveikisspítala.

Þess skal einnig í þessum tilfellum gætt, að hjón sje eigi skilin þeim að nauðugu, ef hjá því verður komizt.

9. gr. Ef þörf gjörist, annast lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikissjúklinga, er samkvæmt lögum þessum eiga að fara á spítala.

10. gr. Kostnað allan við veru holdsveikra á spítala samkvæmt lögum þessum skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra holdsveikra manna, sem fluttir eru á spítala samkvæmt 8. gr. Flutning holdsveikra á spítala samkvæmt 7. gr. skal greiða úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði.

Nú hefur sjúklingur án leyfis forstöðumannanna farið af spítalanum, og skal hann þá sjálfur greiða kostnað þann, er af því leiðir að flytja hann þangað aptur, sje hann svo efnum búinn.

11. gr. Fyrir ferðir þær, er læknar verða að fara samkvæmt ákvæðum laga þessara, fá þeir sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.

Öll gjöld og kostnað við hreinsanir eptir 6. gr. skal greiða úr landssjóði.

12. gr. Brot gegn ákvæðum 5. gr. og á skýrslu-skyldu þeirri, er getur um í 6. gr., varða allt að 200 kr. sektum.

Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

13. gr. Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eptir að það hefur auglýst verið í B-deild stjórnartíðindanna, að spítali fyrir holdsveika sje fullgjör og til afnota, eða verði það innan ákveðins tíma.

Nd. 332. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Jóni Jenssyni, Valtý Guðmundssyni, Sk. Thoroddsen, Sighv. Árnasyni, Jens Pálssyni, Guðl. Guðmundssyni.

Aptan við 12. gr. C. bætist nýr (3) liður svo hljóðandi:

3. Til fastra flutningavagnferða einu sinni eða tvisvar í viku að sumrinu frá Reykjavík austur að Þjórsárbrú og lengra eptir því sem lagning flutningabrautarinnar austur í Rangárvallasýslu miðar áfram 1,000 — 1,000.

Nd. 333. **Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga 1898 og 1899.

Frá Einari Jónssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Sighv. Árnasyni, Guðlaugi Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Þórði J. Thoroddsen.

Aptan við 13. gr. C. bætist nýr liður:

Styrkur til tveggja manna til að fara á landbúnaðarsýningu í Björgvin að sumri, eptir veitingu landshöfðingja 500 kr. til hvors.

Nd. 334. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (þingskj. 312).
Frá Valtý Guðmundssyni, Jóni Jenssyni, Sk. Thoroddsen, Halldóri Daníelssyni, Kl. Jónssyni, Birni Sigfússyni.
Við 13. gr. B. III, c. 6. Þessi liður falli burt.
Við 18. gr. Þessi grein falli burt.

Nd. 335. **Breytingartillaga.**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (þskj. 312.). Frá Valtý Guðmundssyni, Skúla Thoroddsen, Kl. Jónssyni, Jens Pálssyni, Birni Sigfússyni og Guðl. Guðmundssyni.
Við 12. gr. C. 2. Liðirnir b—d falli burt, en í stað þeirra komi nýir liðir svo látandi:
b. á Breiðafirði 2500 kr.
c. á Ísafjarðardjúpi 2500 kr.
Athugasemdin »Styrkurinn« o. s. frv. falli burt.
Við 12. gr. D. Aptan við bætist:
Styrkveiting þessi er bundin því skilyrði, að frjettaþráðurinn verði lagður á fjárhagstímabilinu.

Nd. 336. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (þingskj. 312).
Frá Valtý Guðmundssyni, Sk. Thoroddsen, Guðl. Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk., Sighv. Árnasyni, Guðjóni Guðlaugssyni.
Aptan við 13. gr. bætist nýr töluliður svolátandi:
Til Jóns Ólafssonar til þess að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum tímaritum og blöðum 1200 kr. — 1200 kr.

Nd. 337. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá B. Sveinssyni, Tr. Gunnarssyni, Pjetri Jónssyni, Jóni Jónssyni, þm. Eyf., Kl. Jónssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Sk.
Á eptir 13. gr. C. 5. a. b. komi sem nýr liður, sem verði töluliður 6
Styrkur til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará (fyrra árið) kr. 2,500.
Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að einstakir menn leggi fram að minnsta kosti jafnmikið fje til byggingarinnar, og að hún sje ætluð bæði fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn.

Nd. 338. **Tillaga**

til þingsályktunar um lánsstofnun.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson. Jens Pálsson. Skúli Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um lánsstofnun eða lánsfjelag fyrir jarðeignir og húseignir í landinu, er geti veitt veðlán um sem lengst árabil og með sem vægustum vaxtakjörum.

Nd. 339 **Breytingartillaga**

við frv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum.

Frá Jens Pálssyni.

Við 3. gr. Orðin »fyrir ársborgun, er landshöfðingi ákveður« falli burt.

Nd. 340. **Frumvarp**

til laga um frestun á framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs.

Frá fjárlaganefndinni.

Framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs skal frestað um 5 ára bil frá 1. jan. 1898 að telja.

Ed. 341. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri.

Frá Þorkeli Bjarnasyni og Sigurði Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein 1. greinar orðist svo:
   Eitrun fyrir refi skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári, þar sem refir hafast við.
2. — 2. — Fyrir »2—4« komi: »3—6«
3. — 2. — Fyrir »3 ár» komi: 1 ár.
4. — 3. — Önnur málsgrein falli burtu.
5. — 3. — Fyrir »2 kr.« komi: »3 kr.«.
6. — 3. — Aptan við greinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
   »Allan annan kostnað, sem leiðir af ráðstöfunum þeim, sem fyrirskipaðar eru í 2. gr., skal greiða úr sjóði hlutaðeigandi hrepps, þar sem eitrun fer fram«.
7. — 4. — Aptan við fyrstu málsgrein komi ný málsgrein svo hljóðandi:
   Skýrslur þessar skulu staðfestar af oddvitum hreppsnefndanna í hreppum þeim, er hlut eiga að máli.
8. — 6. — Fyrir »300« komi: »100«.

Nd. 342. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um horfelli á skepnum.

Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Við 2. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:
Hreppstjóri skal, ásamt einum eða tveimur mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega, skoða tvisvar á vetri búpening og fóðurbirgðir hreppsbúa og grennslast eptir meðferð fjárins.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Hafi hreppstjóri á tímabilinu milli skoðananna ástæðu til að halda, að fjenaði einhvers hreppsbúa sje horfellir búinn, vegna fóðurskorts, hirðuleysis eður harðýðgi, skulu skoðunarmenn framkvæma aukaskoðun hjá þessum búanda svo fljótt sem því verður við komið.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Verði fjenaður einhvers hreppsbúa horaður eða falli úr hor fyrir þá skuld, að hann hefir ekki hlýtt ráðum skoðunarmanna eða vegna hirðuleysis eða harðýðgi, skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og skal sá maður sæta sektum frá 10—200 krónum, eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

Nd. 343. **Breytingartillögur**

við breytingartillögur (þingskj. 322) við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþ. við 2. umr. í neðri deild).

Frá Birni Sigfússyni, Jóni Jónssyni, þm. A-Skf., Halldóri Daníelssyni, Pjetri Jónssyni.

Við 2. lið. Fyrir: »einu sinni í mánuði«
komi: einu sinni í viku.
Við 3. lið. Fyrir: »einu sinni á mánuði«
komi: einu sinni í viku.

Nd. 344. **Frumvarp**

til laga um áfangastaði.

Flutningsmenn: Tryggvi Gunnarsson og Þórður Guðmundsson.

Sýslunefndum veitist vald til að taka upp áfangastaði, þar sem reynslan sýnir, að þess þarf við. En ávallt skal velja staðinn svo, að sem skaðminnst sje fyrir ábúanda, og jafnframt minnstum erfiðleikum bundið fyrir ferðamenn. Jafnframt veitist sýslunefndum heimild til, að veita fastákveðna, árlega þóknun úr sýslusjóði fyrir ágang þann, er leiðir af því, að nýr áfangastaður er tekinn upp.

Nd. 345. **Tillaga**

til þingsályktunar um frímerki (eins og hún var samþ. við eina umr. í efri deild).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að búa til ný íslenzk frímerki, að einhverju leyti frábrugðin núgildandi frímerkjum, t. a. m. þannig, að orðið »Ísland« verði prentað á almennum frímerkjum í beinni línu, en á þjónustufrímerkjum í boginni línu, eða verðtalan sett eigi að eins í miðjuna, heldur og í hornin, og annaðhvort innleiða þau samhliða núgildandi íslenzkum frímerkjum, meðan þau frímerki endast, sem nú eru til, eða gera núgildandi frímerki ógild, um leið og nýju frímerkin verða innleidd.

Nd. 346. **Frumvarp**

til laga um stofnun búnaðarsjóðs. Frá landbúnaðarnefndinni.

1. gr. Landsbankinn í Reykjavík skal stofna sjerstaka lánsdeild, er nefnist búnaðarsjóður landsbankans. Tilgangur hans er að styrkja landbúnaðinn með hagkvæmum lánveitingum til jarðabóta.

2. gr. Starfsfje búnaðarsjóðsins er 40000 kr. úr varasjóði bankans og 20000 kr, er landssjóður leggur til úr viðlagasjóði, svo og árlegir vextir af lánum eða öðrum eignum sjóðsins.

Næstu 25 árin eptir stofnun sjóðsins skal auka starfsfjeð með $^1/_5$ hluta þess, er landsbankanum greiðist árlega til varasjóðs. Um sama árabil skulu lagðar til sjóðsins þær 5000 kr., er landssjóði ber í ársvexti af láni sínu til bankans.

3. gr. Vextir af lánum úr búnaðarsjóði skulu vera 2% um árið. Fyrstu 5 árin, eptir að lán er veitt, verður engin afborgun áskilin, en á næstu 20 árum skal lánið endurborgað að fullu með $^1/_{20}$ á ári.

4. gr. Lán má veita úr búnaðarsjóði gegn ábyrgð sýslufjelaga eða fasteign með fyrsta veðrjetti. Ábyrgð sýslufjelags verður því að eins tekin gild, að hún sje samþykkt með meiri hluta atkvæða allra sýslunefndarmanna. Um tryggingu fyrir lánum úr búnaðarsjóði gilda að öðru leyti sömu reglur og um aðrar lánveitingar úr landsbankanum.

5. gr. Til þess að menn geti fengið lán úr búnaðarsjóði útheimtist, að hlutaðeigandi sýslunefnd mæli með lánbeiðninni, og að lántakandi skuldbindi sig til að nota lánið til jarðabóta, er sje lokið eigi síðar en 2 árum eptir að lánið er veitt.

Helming lánsins fær lántakandi útborgaðan fyrirfram, en hinn hlutann eigi fyr en hinum áskildu jarðabótum er lokið, og sannað er með vottorði búfræðings, er stjórn búnaðarfjelags landsins nefnir til, að verkið sje vel af hendi leyst, enda sjeu jarðabætur þær, sem unnar eru, að minnsta kosti jafnmikils virði og upphæð lánsins.

6. gr. Hverjar jarðabætur skulu teknar til greina við lánveitingar úr búnaðarsjóði, og hvernig þær skuli metnar til verðs, skal ákveða með reglugjörð, er stjórn búnaðarfjelags landsins semur og landshöfðingi staðfestir.

Í reglugjörðinni skal ennfremur ákveðið, hvernig sýslunefndin skuli haga meðmælum sínum og skilmálum þeim, er settir verða, að því er snertir ábyrgð sýslufjelaga fyrir lánum úr búnaðarsjóði.

Nd. 347. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Vjer, sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefir falið að íhuga og láta uppi álit vort um framangreint frumvarp, eins og það hefir verið samþykkt af hinni háttvirtu efri deild, leyfum oss nú að skýra frá tillögum vorum á þessa leið.

Frumvarpið hefir tekið nokkrum breytingum í hinni háttvirtu efri deild, sjerstaklega að því að rýmkað hefir verið leyfi það, er stjórnin í frumvarpi sínu hafði farið fram á, að skipum þessum yrði veitt til að leita hafna hjer við land undir vissum skilyrðum. — Svo hafði og stjórnin í frumvarpi sínu farið fram á, að sekta-ákvæði 2. greinar væri færð niður og að hegningar-ákvæði 3. greinar skyldi eigi beitt í þeim tveim tilfellum, er nefnd eru í tölulið 2 og 3 í nefndri grein stjórnarfrumvarpsins, og hefir það náð samþykki deildarinnar.

Nefndin er nú eindregið á því máli, að af breytingum þeim á hinum eldri lögum, er að framan eru taldar, sje það að eins 2. tölul. 3. gr., er telja verði nauðsynlega breyting eptir alþjóðlegum rjetti, enda mun það alls eigi hafa verið tilgangur laganna 10. nóv. 1894, að banna botnvörpuskipum almenna skipaleið. Að því sjerstaklega snertir það, að banna yfir höfuð öllum botnvörpuveiðiskipum að leita hafna hjer við land, nema í neyð sje, verður nefndin að álíta að sje fyllilega heimilt eptir alþjóðlegum rjetti, eins og gjört hefir verið í hinum eldri lögum.

Þar sem hjer er spurning um að vernda annan aðalatvinnuveg landsbúa gegn fyrirsjáanlegri eyðilegging af yfirgangi botnvörpuskipanna og nefndinni hins vegar er kunnugt, að hin danska stjórn hefir lagt sig örugglega fram til að vernda landhelgissvæðið, svo sem hægt hefir verið, þá var það áform nefndarinnar, að draga sem minnst úr ákvæðum hinna eldri laga, og því breyta hinu fyrirliggjandi frumvarpi í verulegum atriðum, svo að hjeldust öll ákvæði hinna eldri laga, þau, er nefndin áleit rjettmæt eptir alþjóðareglum.

Nú var nefndinni það hins vegar ljóst, að málefni þetta hafði verið mikið rætt milli stjórnanna á Englandi, — en þaðan eru öll botnvörpuskip, er nú sem stendur fiska hjer við land — og í Danmörku, og samninga leitað um málið, án þess árangur hafi orðið af því. Nefndin gjörði því jafnvel ráð fyrir, að yfirmaður hinnar ensku herflotadeildar, er hjer er nú, flytti samningsboð til þingsins, er leitað yrði álits þess um og nefndinni gefinn kostur á að íhuga. Að vísu hefir nefndin ástæðu til að ætla, að flotaforinginn hafi haft vald til að semja um friðun Faxaflóa að nokkru leyti fyrir enskum »trawlers« gegn því, að þeim væri leyfð veiði í landhelgi á tilteknu svæði, en þetta hefir eigi verið borið upp við nefndina, enda mundi það eigi hafa borið árangur, þar sem það hefði að líkindum mætt eindregnum mótmælum nefndarinnar og stjórnin auk þess eigi

hefði sinnt því, að líkindum eigi þótt áskorun í þá átt hefði komið frá þinginu.

Eptir að nefndin hafði með rækilegri yfirvegun komizt að þannig lagaðri niðurstöðu og samið á þessum grundvelli breytingartillögur sínar við hið fyrirliggjandi frumvarp, barst nefndinni frá landshöfðingjanum yfir Íslandi brjef flotaforingjans enska, herra Atkinsons, dags. í dag, er prentað er sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti með samþykki flotaforingjans, gegnum hinn brezka konsúl hjer, og með áritaðri staðfesting hans.

Þótt að vísu flotaforinginn eigi hafi getað gefið þau loforð, er formlega skuldbindi stjórn hins brezka ríkis í þessu máli, þá höfum vjer þó álitið tilboð þau, er hann í því hefir gjört um að ljá sitt liðsinni til, að binda þolanlegan enda á þetta mál, svo mikilsverð, að vjer höfum af nýju tekið málið til yfirvegunar.

Flotaforinginn hefir í brjefi þessu heitið að fylgja því fram við hina brezku stjórn, að takmörk landhelgis svæðisins við Ísland verði ákveðin eptir sömu reglu og til er tekin í samningi þeim, er gjörður var í Haag 6. maí 1882, milli ýmsra ríkja, að því er snertir fiskiveiðar í Norðursjónum, og þá sjerstaklega í 2. grein 2. málslið:

»Í flóum eru það 3 fjórðungar mílu út frá beinni línu, er dregin er þvert yfir flóann á þeim stað, næst við mynni hans, er breiddin eigi fer fram úr 10 fjórðungum mílna« (Stj.tíð. 1884, A. bls. 31.).

Að vísu mun hið danska varðskip halda því fram nú, að þessi regla eigi einnig að gilda hjer, en gagnvart eindregnum kröfum af Englands hálfu verður nefndin að telja vafasamt, hvort hin danska stjórn muni treysta sjer til að halda þessu fram til hins ýtrasta.

Enn fremur hefir flotaforinginn viljað leggja það til við hina brezku stjórn, að »trawlers« frá því ríki fiskuðu eigi nær »Reykjavík« en 8 mílufjórðunga, og er með orðinu »Reykjavík« meintur fjörðurinn, er bærinn stendur við, og fjarlægðin miðuð við hið fremsta annes, Gróttutanga.

Sem skilyrði fyrir þessari málaleitun hefir flotaforinginn sett það, að neðri deild alþingis samþykkti frumvarp það, er hjer liggur fyrir, eins og það er nú, eða án verulegra breytinga, sjerstaklega að því er snertir leyfi það, er skipunum er undir vissum skilyrðum veitt til að leita hafna hjer við land.

Nefndin er nú eindregið á því máli, að hin að framan töldu atriði, ef þau ná samþykki hinnar brezku stjórnar, muni hafa verulega þýðing til að vernda fiskiveiðar landsmanna, og þar sem nefndin hins vegar treystir því, að flotaforinginn, sem látið hefir í ljósi, að honum sje það áhugamál, að þetta nái fram að ganga, muni ljá því öflugt fylgi sitt og hann auk þess er máli þessu kunnugur bæði frá hlið Íslendinga og Englands, svo að ætla má, að tillögum hans verði mikill gaumur gefinn, og þetta auk þess virðist, eptir fyrirliggjandi ástæðum, þolanleg úrlausn á þessu vandasama máli, þá álítur nefndin eigi rjett, að bægja frá því liðsinni til endilegra og nokkurn veginn viðunanlegra samninga, er þannig hefir verið boðið, og leggur það því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Að eins hefir nefndin lagt til, að gjörðar verði orðabreytingar á tveim stöðum, og hefir nefndin vissu fyrir, að þær breytingar raska eigi því, er að framan er tekið fram; þessar breytingar eru:

1. Í stað orðanna í 2. gr.: »Skulu veiðarfæri — upptæk« komi: skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs upptæk.
2. Í 3. gr. 1. bætist inn á eptir orðunum: »Skip, er leita« orðið »þurfa«.

Neðri deild alþingis 6. ágúst 1897.

Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögum. Kl. Jónsson. Jens Pálsson.

Þó að jeg sje ekki að öllu samþykkur ástæðunum, finn jeg eigi ástæðu til, að gera ágreiningstillögu.

Skúli Thoroddsen.

Jafnvel þó jeg sje þeirrar skoðunar, að ísjárvert sje og óheppilegt, að slaka til gagnvart hinum ensku botvörpuveiðendum fram yfir það, sem gjört er í stjórnarfrumvarpinu, og þó jeg ekki að sumu leyti geti fallizt á rökleiðslu nefndarálitsins, álít jeg þó eptir atvikum ekki tiltækilegt, að koma fram með ágreiningstillögur um það mál að þessu sinni.

B. Sveinsson,
formaður.

Fylgiskjal.

Copy of a letter from Commodore G. L. Atkinson, commanding H. M. Training Squadron, to Consul Spence Paterson, Reykjavík, dated August 6, 1897.

Sir,

I request you to inform H. E. the Governor of Iceland that I propose to leave Reykjavík on Monday next the 9th instant. I had hoped to have been able to be of some service to the Icelanders by coming to an agreement by which the action of the British Trawlers, in their fishing rights, outside Territorial waters, might have been regulated in favour of the Icelanders. This, however, has been prevented by the fact that His Excellency has no power to make any arrangements, without the permission of the Danish Government.

The line drawn on the Danish Government charts claims a right to exclude the Trawlers from fishing within the headlands which are ten miles, or less, from point to point. This rule applies only to places in latitude south of 61° N.; Iceland being north of 63° N., the North Sea Convention of 1882 does not include its waters in this arrangement.

I have, however, suggested to the British Government, that, should the amendments to the Icelandic Law of 1894, already agreed to by the Upper House of the Althing, and at present under discussion by the Lower House, be accepted,

that the line marked on the Danish charts of Iceland shall be agreed to, and also that the British Trawlers should not fish within eight miles of Reykjavík, in future. We should therefor by accepting this Line forego the Right to fish outside the three mile limit, on any part of the Coast of Iceland, within these Headlands, which at present we possess, in exchange for the Hospitality of the Ports etc. as provided for in the amended laws.

Should, however, the Law of November 1894 stand un-amended, I shall recommend that the British Trawlers resume their rigts to fish outside the three mile line, from the shore, on any part of the Coast of Iceland, and that they are protected in these Rights.

I hope, however, that the amended Law may be passed, as it appears to em to be a very sensible way of ending what has in the past been an irrittinga situation.

I am, Sir,
your obedient servant
(signed) George L. Atkinson,
Commodore, Commanding
Training Squadron.

I hereby certify that the foregoing is a true and faithful copy of the original letter written by Commodore Atkinson to me.

Reykjavík, August 7, 1897.
W. G. Spence Paterson
H. B. M. Consul.

Rjett eptirrit staðfestir.
Skrifstofu alþingis 9. ágúst 1897.
Steingrímur Johnsen.

Nd. 348. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárl. 1898 og 1899.

Frá fjárlaganefndinni.

Við fyrstu greinina aptan við frv.greinarnar — um lán til þilskipakaupa —:
Fyrir: að eins
komi: einkum

Nd. 349. **Nefndarálit**
um dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn og landsyfirdóminn í Reykjavík.

Hin háttv. neðri deild hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til þess að íhuga og gjöra tillögur um tvö frumvörp:

1. Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn úr lögum, og

2. Frumv. til laga um að gjöra landsyfirdóminn í Reykjavík að æðsta dómi í íslenzkum málum.

Með því nú þessi tvö frumvörp eru nákvæmlega samhljóða frumvarpi því um sama efni, sem alþingi 1895 samþykkti, og munurinn er að eins sá, að efni þess er tekið upp í tvö frumvörp, með tilliti til þess, að hið fyrtalda er háð samþykki hins almenna löggjafarvalds, en hið síðara heyrir undir sjerstakleg málefni Íslands, sem vjer verðum að álíta rjettara og hyggilegra form, hikum vjer eigi við að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja þessi tvö frumvörp, eins og þau eru, óbreytt.

Neðri deild alþingis 9. ágúst 1897.

B. Sveinsson	Kl. Jónsson	Sk. Thoroddsen.
form. og frams.maður.	skrifari.	

Ed. 350. **Nefndarálit**

í stjórnarskrármálinu.

Vjer undirritaðir, sem hin háttvirta efri deild skipaði í nefnd til að segja álit vort um mál þetta, höfum íhugað það vandlega, og er álit vort á þessa leið.

Frumvarp þetta, sem hin háttvirta neðri deild hefir samþykkt og sent efri deild, er að vísu fjarri því að fullnægja þeim kröfum um endurbætur á stjórnarhögum Íslands, sem fram hafa verið bornar af alþingi um mörg undanfarin ár, og sem telja verður æskilegar. Hin háttvirta neðri deild virðist því að þessu sinni hafa horfið frá kröfum fyrri þinga um landstjóra og alinnlenda stjórn, og vilja með þessu frumvarpi hefja nýja stefnu í sjálfstjórnarmáli Íslands. Þetta telur nefndin í alla staði rjetta aðferð, eins og nú stendur á. Stjórnin hefir hvað eptir annað og nú síðast í brjefi ráðherrans til landshöfðingja 29. maí þ. á. lýst því yfir, að hún væri ófáanleg til samkomulags um þessar kröfur. Hins vegar horfir sjálfstjórnarmálið nú svo við hjá þinginu og víst miklum hluta þjóðarinnar, að lítil líkindi eru til þess, að hinar fyllstu sjálfstjórnarkröfur Íslendinga, eins og þær hafa verið bornar fram á undanförnum þingum, geti fengið það fylgi þings og þjóðar, sem þær þurfa að hafa, eigi nokkur von að vera um góðan árangur. Það virðist því liggja allnærri, að reyna þá aðferð, sem hin háttvirta neðri deild hefir nú tekið upp, að feta sig áfram í sjálfstjórnaráttina með því smátt og smátt að fá þær umbætur á stjórnarhögum landsins, sem bráðnauðsynlegastar eru, og líklegastar til þess, að fá eindregið fylgi þings og þjóðar. Þetta liggur því beinna við að þessu sinni, sem stjórnin fyrir munn fulltrúa síns hefir nú tjáð sig ekki ófúsa til samkomulags við þingið um nokkur þau atriði, er teljast verða til verulegra bóta á hinu núverandi stjórnarástandi, sem flestum mun koma saman um að sje lítt viðunandi og þarfnist því bráðra bóta.

Þessi atriði, eða breytingar á núverandi stjórnarfari, sem fulltrúi stjórnarinnar hefir tjáð þinginu, að stjórnin mundi geta gengið að, eru, *að* skipaður verði sjerstakur ráðherra fyrir Ísland, sem ekki hafi önnur stjórnarstörf á hendi, *að* þessi ráðherra mæti á alþingi, og *að* hann beri ábyrgð gagnvart þinginu,

eigi einungis á því, að stjórnarskráin sje haldin í framkvæmdinni, heldur og á stjórnarathöfninni eða embættisfærslu sinni yfirleitt.

Til þessarar síðast töldu breytingar þarf breyting á hinni núgildandi stjórnarskrá, en það er kemur til tveggja hinna fyrst nefndu atriða, mun að vísu ekki vera nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni til að koma þeim í verk. En þar sem stjórnin þrátt fyrir það ekki hefir framkvæmt hina gildandi stjórnarskrá í þessum atriðum í öll þau ár, sem hún hefir verið í gildi, þá hefir það í reyndinni orðið sama sem að stjórnarskráin heimilaði ekki þessi stjórnskipulegu atriði. Nefndin telur það því heppilegt, að þessi atriði verði framvegis tryggð með nýrri lagasetning betur en hingað til.

Vöntun þessarra grundvallarskilyrða fyrir frjálsri stjórnarskipun hefir síðan 1874 verið tilfinnanlegasta meinið í stjórnarfari Íslands. Þessi vöntun, með öllum sínum skaðlegu áhrifum á löggjöf og stjórn landsins í síðustu 23 ár, hefir aðallega verið það, sem knúð hefir Íslendinga til að hefja og halda áfram hinni löngu stjálfstjórnarbaráttu, er allt til þessa hefir verið árangurslaus.

Stjórnin hefir hingað til synjað allrar samvinnu við þingið í þessu máli. Þingið hefir meðfram sökum þessa haldið fram hinum fyllstu sjálfstjórnarkröfum, og hefir það sjálfsagt vakað fyrir mörgum, að með því móti myndi stjórnin þó á endanum að minnsta kosti fást til viðtals eða samninga við þingið um stjórnarbótamálið, enda þótt hún í fyrstu ekki þættist geta gengið að öllum hinum fyllstu stjórnbótakröfum Íslendinga.

Nú hefir stjórnin slakað það til, að hún kveðst munu samþykkja það frumvarp til breytingar á stjórnarskránni, sem byggt er á áðurnefndri yfirlýsing fulltrúa hennar. Hin gamla og einna sterkasta synjunarástæða hennar, að stjórnarbótamál Íslands sje að fullu og öllu til lykta leitt með stjórnarskránni frá 5. jan. 1874, er þar með gjörfallin. Hjer er því opnaður vegur til samninga og samvinnu milli þingsins og stjórnarinnar um stjórnarbót fyrir Ísland, og má það eitt út af fyrir sig teljast góð umskipti frá því, sem verið hefir, og líkleg byrjun til áframhaldandi endurbóta á stjórnarhögum landsins. Þótt tilboð stjórnarinnar fari að þessu sinni helzt til skammt, þá geta þau falið í sjer stórmiklar bætur á sjórnarhögum vorum í framtíðinni. Hin mestu mein í hinu núverandi stjórnarástandi voru eru og hafa verið ábyrgðarleysi stjórnarinnar á gjörðum sínum, ókunnugleiki hennar á högum vorum, og samvinnuleysi hennar við alþingi; úr öllum þessum miklu annmörkum væri allvel bætt, ef tilboðum stjórnarinnar að þessu sinni væri tekið, og sú breyting á stjórnarskránni í þessum atriðum samþykkt, er stjórnin tjáir sig fúsa til að aðhyllast.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, hefir inni að halda öll þessi atriði; með því að samþykkja þetta frumvarp hefir hin háttvirta neðri deild ótvírætt lega sýnt það, að hún vill sinna þessum tilboðum stjórnarinnar, og því að þessu sinni ekki halda fram hinum fyllstu stjálfstjórnarkröfum Íslendinga. Þessari aðferð er nefndin samþykk. Þótt þingið nú gangi að þessum tilboðum, gefur það ekkert eptir af kröfum undanfarandi þinga, þær standa eptir sem áður óhaggaðar í sínum fulla rjetti; það grípur að eins tækifærið til að ná hinum bráðnauðsynlegustu umbótum á hinni gildandi stjórnarskrá, umbótum, sem mjög líklegt

er að leiði til þess að hægra verði eptir en áður að ná samkomulagi við stjórnina um önnur enn mikilvægari sjálfstjórnaratriði. Það liggur sem sje í augum uppi, að samvinna þingsins við þá stjórn, sem frumvarp þetta gjörir ráð fyrir, hlýtur að verða stórum vænlegri til heillaríkra áhrifa á allt stjórnarfar landsins, en hið núverandi samvinnuleysi við stjórnina, ábyrgðarleysi hennar og ókunnugleiki á öllum högum vorum.

Auk þeirra atriða, sem nefnd eru hjer að framan, og öll eru byggð á yfirlýsing stjórnarfulltrúans í þessu máli, hefir hin háttvirta neðri deild tekið upp í 1. grein frumvarpsins 1. grein hinnar núgildandi stjórnarskrár með þeirri viðbót, að lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, skuli ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess. Samkvæmt skoðun nefndarinnar, er sett var í máli þessu í háttvirtri neðri deild, og umræðunum um málið, mun þessi viðbót ekki hafa verið sett í frumvarpið af því, að ákvæði stjórnarskrárinnar frá 5. jan. 1874 væri ekki nógu skýr og ákveðin í þessu efni, heldur fremur sem lögskýring (authentisk Fortolkning) á ákvæðum 1. greinar stjórnarskrárinnar.

Þegar stjórnarskráin 5. jan. 1874 kom út, töldu allir sjálfsagt, að sú venja legðist niður, að bera hin sjerstöku málefni Íslands upp í hinu danska ríkisráði. Þau orð í 1. grein þessarar stjórnarskrár, *að Ísland hefði stjórn sína og löggjöf út af fyrir sig* í sjermálum þess, voru svo skýr og ákveðin, að það virtist ófæra ein fyrir stjórnina, að fara í kringum þau. En þrátt fyrir þetta hefir þessi venja haldizt allt til þessa dags. Eins og Íslendingar hafa aldrei verið í minnsta vafa um, að þessi venja væri *gagngert* brot á 1. gr. stjórnarskrárinnar, eins hefir stjórnin að sínu leyti heldur aldrei dirfzt að styðja þessi afskipti ríkisráðsins af sjermálum vorum við ákvæði stjórnarskrárinnar, og það myndi hún þó hafa reynt, ef hún hefði getað fundið hina minnstu átyllu í stjórnarskránni fyrir þessari venju sinni. Hjer er því að ræða um stjórnarvenju, sem að vísu hefir átt sjer stað um langan aldur, en ekki hefir hinn minnsta stuðning í stjórnarlögum Íslands, heldur er augljóst brot á skýrum orðum þeirra og anda. Þessi venja byggist því eingöngu á valdboði hinnar erlendu stjórnar. Að vilja kippa þessu í lag með því að breyta þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem öllum hefir hingað til komið saman um að sjeu fullljós og ákveðin, eða að skýra þau nákvæmar, virðist vera í mesta máta tilgangslaust. Það mætti enda skilja þá aðferð svo, að þingið nú væri orðið í vafa um, hvort þessi ákvæði stjórnarskrárinnar væru nógu ljós og ákveðin, en þar með væri aptur dregið úr ólögmæti þessarar stjórnarvenju. Á þessum annmarka verður engin bót ráðin, fyrr en stjórnin sjálf lætur af þessari ólögmætu venju, annaðhvort af því að hún kannast við ólögmæti hennar, eða þá af öðrum ástæðum, og tekur að haga sjer í stjórnarframkvæmdinni samkvæmt gildandi lögum. En til þessa þarf enga breyting á 1. grein stjórnarskrárinnar, eins og landshöfðingi hefir líka rjettilega tekið fram í brjefi sínu til stjórnarinnar 20. des. 1895. Alþingi hefir og í verkinu sýnt það, að það teldi ónauðsynlegt að breyta stjórnarskránni til þess að fá ráðna bót á þessu fyrirkomulagi, þar sem það 1891 sendi stjórninni áskorun um að hún ljeti ekki bera sjermál Íslands upp í ríkisráðinu. Þessi á-

skorun hefði verið allsendis ólögmæt, ef slík breyting ekki hefði getað komizt á án stjórnarskrárbreytingar.

Á hinn bóginn er það fullkunnugt, hve fastheldin stjórnin hefir verið við þessa venju. Þessi fastheldni hennar hefir hingað til verið versti þröskuldurinn fyrir öllum umbótum á stjórnarskipun vorri, og þótt hún nú sje fáanleg til samkomulags um nokkrar endurbætur á stjórnarskipuninni, þá heldur hún dauðahaldi í þessa kreddu, sbr. ráðgjafabrjefið frá 29. maí þ. á.

Meðan því stjórnin ekki víkur frá þeirri skoðun, að sjermál Islands skuli rædd og ályktuð í ríkisráðinu, eru ekki hin minnstu líkindi til, að hún ljái liðsinni sitt til að lögleiða að nýju nokkuð það, er kemur í bága við þessa skoðun hennar. Af því er auðsætt, að verði 1. gr. frumvarpsins samþ. af þinginu, þá er þar með algjörlega loku fyrir það skotið, að hinar aðrar umbætur á stjórnarskipuninni, er frv. fer fram á, fáist að þessu sinni, og þá hefir þingið sleppt því tækifæri til samkomulags við stjórnina um mikilvægar endurbætur á hinu núverandi stjórnarástandi, er nú býðst, án þess að hafa hina minnstu trygging fyrir því, að slíkt tækifæri bjóðist bráðlega aptur. Með þessari aðferð er því hafin ný barátta við stjórnina, ólík hinni fyrri að því leyti, að hún snýst um miklu óverulegri atriði, en engu vænlegri til nokkurs árangurs.

Þetta væri þó sök sjer, ef hjer væri að ræða um ákvæði, sem taka þyrfti upp í frv., af því að það vantaði í hina núgildandi stjórnarskrá; en þar sem bæði landshöfðingi, fulltrúi stjórnarinnar, og allir hugsandi menn eru samdóma um, að enga stjórnarskrárbreyting þurfi til þess, að sjermál Íslands sjeu losuð við afskipti ríkisráðsins, þá virðist enn minni ástæða til að setja þessi ákvæði inn í frumvarpið.

Sje þinginu það áhugamál, að fá þær bætur á stjórnarhögum vorum, sem nú bjóðast, og þyki því hið núverandi stjórnarástand eins bágborið og það hefir látið í veðri vaka að undanförnu, þá væri það mjög óhappalega ráðið, ef óþarfar breytingar á núgildandi stjórnarlögum yrðu sóttar svo fast, að það yrði öllum endurbótum að fótakefli. Þótt nefndin telji það mjög óheppilegt, að sjermál Íslands sjeu borin undir ríkisráð Dana, þá vill þó meiri hluti hennar ekki láta það standa í vegi fyrir því, að Íslendingar fái nú sjerstakan ráðherra, er mæti á alþingi og beri gagnvart því ábyrgð allra sinna embættisgjörða, og það því síður, sem þinginu er innanhandar að fara aðra leið, samhliða frumvarpsleiðinni, til þess að reyna að fá stjórnina til að láta af þessari ólögmætu venju. Þessi leið er áskorunarleið til stjórnarinnar og ávarpsleiðin til konungsins. Með því að fara þessar leiðir getur fengizt allt hið sama og 1. gr. frv. fer fram á; en þær hafa þann mikla kost í för með sjer, að hinar aðrar endurbætur geta fengizt án tillits til þessarar ríkisráðsspurningar. — Meiri hluti nefndarinnar ræður því hinni háttv. deild til að fella 1. gr. frv.

Í 3. og 6. gr. frumvarpsins er það ákvæði, að neðri deild alþingis geti kært ráðherrann, þar sem í hinni núgildandi stjórnarskrá alþingi í heild sinni er heimilaður samsvarandi rjettur. Nefndin getur ekki sjeð neina knýjandi ástæðu til þessarar breytingar, en getur á hinn bóginn búizt við því, að stjórnin

telji hana miður heppilega; hún ræður því til að fyrir »neðri deild alþingis« komi: alþingi.

Í yfirlýsingu sinni fyrir hönd stjórnarinnar skýrði fulltrúi hennar frá því, að stjórnin, jafnframt því að ganga að þeim breytingum, sem að framan eru nefndar, vildi fá lögleidda þá breyting á 61. gr. stjórnarskrárinnar, að alþingi skyldi því að eins leyst upp samkvæmt þessari gr., að stjórnin vildi styðja málið. Var þessi breyting tekin upp í frv. það í þessu máli, er borið var upp í þingbyrjun í neðri deild. Á þessa breyting hefir hin háttv. neðri deild ekki viljað fallast. Eptir því, sem fulltrúa stjórnarinnar fórust orð í yfirlýsing sinni, má ætla, að stjórninni sje þessi breyting töluvert kappsmál, en þar sem háttv. neðri deild ekki hefir sjeð sjer fært, að taka þessa breytingu upp í frv. sitt, vill nefndin ekki heldur gjöra hana að neinu kappsmáli. En af því að nefndinni er annt um, að samkomulag náist við stjórnina, vill hún, til þess þó að nokkru leyti að verða við óskum stjórnarirnar, leggja það til, að 8. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt á þá leið, að eigi sje skylt að kveðja til aukaþings, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. Með þessari breyting hyggur nefndin stjórninni fullnægt, og telur hins vegar líklegt, að háttv. neðri deild sje ekki svo fast í hendi með að halda aukaþingunum, eptir þeirri reynslu, sem á þeim er fengin, með tilliti til sjálfstjórnarmáls vors, að hún geti ekki aðhyllzt þessa breytingu.

Þá leggur nefndin það til, að 19. gr. stjórnarskrárinnar sje breytt á þá leið, að með einföldum lögum megi ákveða annan samkomudag alþingis en lögleiddur er með stjórnarskránni; er þessi breyting í fullu samræmi við 15. gr., þar sem leyft er að breyta tölu alþingismanna með einföldum lögum. Þessi breyting getur haft töluverða »praktiska« þýðingu, og stjórninni getur hún ekki verið neitt kappsmál.

Aðrar breytingar, sem nefndin ræður til að gjörðar sjeu á frumv., eru svo óverulegar, að óþarfi er að fjölyrða um þær.

Nefndin ræður hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eptfylgjandi breytingum:

1. 1. gr. falli burt.
2. 2. gr. Orðin »2. gr. orðist svo«, falli burt.
3. 3. — Orðin »3. gr. orðist svo«, falli burt.
4. 3. — Fyrir »neðri deild alþingis«, komi: alþingi.
5. Á eptir 3. gr. (2. gr.) komi ný grein, sem verður 3. gr., svohljóðandi:

   Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því það var leyst upp, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp. Þó er eigi skylt að kveðja til auka-alþingis, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar.
6. Ný grein, sem verður 4. gr., svohljóðandi:

   Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

7. 4. gr. Orðin »1. liður 25. gr. orðist svo«, falli burt.
8. 5. — Orðin »34. gr. orðist svo«, falli burt.
9. 6. — Orðin »2. ákvörðun um stundarsakir«, falli burt.
10. 6. — Fyrir orðin »neðri deild alþingis« komi: alþingi.
11. Fyrirsögn fumvarpsins verði:

Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 8. gr., 19. gr., 1. lið 25. grein, 34. gr. og 2. ákvörðun um stundarsakir komi svohljóðandi greinar.

Alþingi, 9. ágúst 1897.

Kristján Jónsson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsm.

Hallgr. Sveinsson.

Með skírskotun til eptirfarandi ágreiningsálits um 1. breytingartillöguna
J. A. Hjaltalín, Guttormur Vigfússon.

Þó við undirskrifaðir getum verið samnefndarmönnum okkar samdóma um aðrar breytingar á frumvarpi þessu, getum við með engu móti fallizt á, að 1. gr. sje felld burtu, þar eð hún hefir að geyma hið mikilsverða ákvæði, að lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, skulu ekki borin upp í hinu danska ríkisráði, eða lögð undir atkvæði þess.

Þar eð ráðgjafinn í brjefi sínu til landshöfðingja 29. maí þ. á. með svo ótvíræðum orðum vill lesa þann skilning inn í stjórnarskrá vora, að eigi hlýði annað en að ráðgjafi Íslands ber upp hin sjerstöku mál vor í ríkisráðinu, þá sjáum vjer ekki betur en að þingið megi til að láta í ljósi með þeim ríkust um ákvæðum, sem því er leyfilegt, að þessi yfirlýsing ráðgjafans sje alveg gagnstæð skilningi þingsins á stjórnarskrá vorri. Svari þingið þessari yfirlýsingu ráðgjafans engu eða öðru vísi en ríkast verður ákveðið, óttumst við, að stjórnin telji það til tryggingar sínum málstað, og álíti svo, sem þingið hafi samþykkt sinn skilning að öllu leyti, eða að minnsta kosti, að það láti sig litlu skipta, þótt stjórnarskrá vor sje svo skilin.

Fyrir því viljum við undirskrifaðir ráða hinni háttv. deild til að fella 1. breytingu nefndarinnar, en að öðru leyti erum við samþykkir breytingum þeim, sem stungið er upp á við frumvarp þetta.

Jón A. Hjaltalín. Guttormur Vigfússon.

Nd. 351. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingsk. 321 við frv. til fjárl. 1898 og 1899.

Frá Jens Pálssyni, Jóni Jenssyni.

Í stafliðnum d bætist inn orðið »akfærs« á undan orðunum »þjóðvegar milli Þjórsár«.

Nd. 352. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskj. 332 við frumv. til fjárl. 1898 og 1899.
Frá Jóni Jenssyni, Jens Pálssyni.
Fyrir: »1000 kr. — 1000 kr.« komi: 1500 kr. — 1000 kr.

Ed. 353. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum o. s. frv.
Frá Þork. Bjarnasyni, Sigurði Jenssyni, Sigurði Stefánssyni.
Við 10. gr. Í staðinn fyrir: »spítala þessum«, sem falli burt
komi: holdsveikisspítala.

Nd. 354. **Tillaga**
til þingsályktunar um landsspítala.
Flutningsmenn: Þórður J. Thoroddsen og Jens Pálsson.
Alþingi skorar á stjórnina
1. að leggja fyrir alþingi 1899 áætlun um kostnað við bygging landsspítal í Reykjavík, er rúmi um 45 sjúklinga, svo og uppdrætti af honum.
2. að leitast fyrir hjá Reykjavíkurbæ, hvort og að hve miklu leyti bæjarsjóður vill styrkja byggingu spítala þessa og árlegan kostnað við hann.

Nd. 355. **Tillaga**
til þingsályktunar um sóttvarnarhús.
Flutningsmenn: Þórður J. Thoroddsen og Jens Pálsson.
Alþingi skorar á stjórnina að leggja fyrir alþingi 1899 áætlun um kostnað við bygging sóttvarnarhúsa í helztu kaupstöðum landsins samkvæmt lögum 17. des. 1875.

Nd. 356. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898—1899.
Frá fjárlaganefndinni
Síðasta aths. (um lán til jarðabóta) falli burt.

Nd. 357. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskjali 335 við frumvarp til fjárlaga 1898—1899.
Frá Jens Pálssyni.
A eptir staflið b. á Breiðafirði 2500 kr.
komi: Styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát.

Nd. 358. **Breytingartillaga**

við breytingartillögur við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 á þingskj. 322.

Frá Þórði J. Thoroddsen.

Við breytingartillögu við 11. gr. 5:

Orðin »að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til« falli burt.

Nd. 359. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1896 og 1897.

Frá landshöfðingja.

Við 4. gr. bætist:

3. Til þess að kaupa að háltu og járnklæða geymsluhús við Ölfusárbrúna við Selfoss . . . . . 850 kr.

Nd. 360. **Atkvæðaskrá**

við 3. umr. í neðri deild um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

1. Við 10. gr. C. I. Br.till. nefnd. (326).
   Fyrir stafl. b. og c. komi 1 liður er verði b. og orðist svo:
   Til pappírs og prentunar B og C deildar stjórnartíðindanna, svo og til kostnaðar við sending tíðindanna með póstum 3000
2. Við 10. gr. C. 4. a. 2. Br.till. nefnd. (326).
   Fyrir: »3500«
   komi: 2500
3. Við 10. gr. C. 4. a. 3. — Fyrir: »2000«
   komi: 2500
4. Við 10. gr. C. 7. d. Br.till. frá Þ. J. Thoroddsen o. fl. (322).
   Á eptir tölulið 4 komi nýr liður, er verði 5. liður og orðist:
   »Til að byggja íbúðarhús handa vitamanni, allt að 1500 kr.
   Vitamaður viðhaldi húsinu, enda skili því, þegar hann fer frá, í gildu standi eða með fullu álagi.
5. Við 10. gr. C. 9. Br.till. frá Sk. Thoroddsen o. fl. (329).
   Liðurinn orðist svo: Styrkur til að gera vetrarlægi fyrir þilskip, allt að helmingi kostnaðar, þó ekki yfir 10,000 kr.
   Fje þetta veitist með því skilyrði, að landshöfðingi samþykki reglu gjörð og gjaldskrá fyrir notkun þess.
6. Við 11. gr. 4. a. Br.till. við breyt.till. þskj. 322 frá Birni Sigfússyni og fl. (343).
   Við 2. lið: fyrir »einu sinni í mánuði«
   komi: einu sinni í viku.
7. Við 11. gr. 4. a. Br.till. frá Þ. J. Thoroddsen o. fl. (322).
   Á eptir »í augnalækningum« komi: »svo og til að halda ókeypis »klínik« handa fátækum mönnum að minnsta kosti einu sinni í mánuði«.

8. Við 11. gr. 5. Br.till. frá. Þ. J. Thoroddsen við breyt.till. á þskj. 322 (358). Orðin »að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til« falli burt.

9. Við 11. gr. Breyt.till. við breyt.till. á þskj. 322 frá Birni Sigfússyni o. fl. (343).
Við 3. lið. Fyrir: »einu sinni á mánuði«
komi: einu sinni í viku.

10. Við 11. gr. 5. Br.till. frá Þ. J. Thoroddsen o. fl. (322).
Liðurinn orðist svo: Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klínik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði . . . 1000—1000.

11. Við 11. gr. 5. Br.till. nefnd. (326) nýr liður:
Styrkur til utanfarar handa hjeraðslæknum 600—600
Landshöfðingi veitir styrkinn eptir till. landlæknis.

12. — 11. gr. 10. Br.till. frá Þ. Thor. o. fl. (322) nýr liður, er verði 11. og orðist svo: »Til undirbúnings landspítalastofnunar í Reykjavík, svo og byggingar sóttvarnarhúsa samkvæmt lögum 17. desbr. 1875, allt að 2500 kr. (fyrra árið)«.

13. — 12. gr. B. Br.till. nefnd. (326). Töluliðamerkin breytist þannig:
Í staðinn fyrir: »a. 1. 2. b. c. d. e.«
komi: 1. a. b. 2. 3. 4. 5.

14. — —— B. Br.till. frá Tr. Gunn. o. fl. (330). Á eptir a. komi nýr liður svo hljóðandi: Til þess að fá æfðan verkfræðing frá Noregi, til að skoða brúarstæði og gera áætlanir um brýr á ám víðsvegar um land allt að 4000—4000

15. — —— B. b. Br.till. frá Guðl. Guðm. o. fl. (323). Í stað: »verkfróðs aðstoðarmanns« komi: »verkfróðra aðstoðarmanna«.

16. — —— B. d. Br.till. við br.till. á þgskj. 321. frá Jens Pálss. o. fl. (351). Í stafliðnum d bætist inn orðið »akfærs« á undan orðunum »þjóðvegar milli Þjórsár«.

17. — —— B. c—d. Br.till. frá Guðj. Guðl. o. fl. (321).
Liðirnir orðist svo:
c. til flutningabrauta 24,000—15,000; þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð 14,000 kr. fyrra árið.
d. til þjóðvega 66,000—40,000; þar af til þjóðvega milli Þjórsár og Ytri-Rangár allt að 36,000 kr. fyrra árið.

18. —— B. e. Br.till. nefnd. (326). Eptir stafl. e. bætist inn í:
6. Styrkur til sýsluvega.
Tölul. verði stafliðir.
3. og 4. falli burt.

19. — —— B. e. Br.till. frá Tr. Gunn. (330). Á undan 5. komi nýr töluliður: Styrkur til brúargerðar á Hörgá við Staðarhyl allt að 10,000. Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að sýslubúar leggi

fram það fje, er þarf til að fullgera brúna, og nemi að minnsta kosti 1/3 alls kostnaðar við hana, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað.

20. Við 12. gr. C. 1. Br.till. nefnd. (326).

— —— C. 1. Verði svo:

Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags fyrstu 2 ársborganir af 5 ára styrk, er þó má eigi vera hærri þrjú síðari árin en 50,000 kr. á ári 55,000 55,000

Veitist með þeim skilyrðum, að fjelagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli landa og kringum landið þannig:

I.

1. Ferðir milli landa sjeu 16—18 hvert ár.
2. Hringferðir á millilandaskipum sje gerðar frá 1. marz til 31 október, og auk þess ein ferð til Vestfjarða í janúar eða febrúar.
3. Hringferðir þær skulu vera að minnsta kosti 6 kringum landið fram og aptur (= 12 ferðir).
4. Aðalviðkomustaðir kringum landið skulu vera 4 í hverri ferð: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður. Auk þess má í hverri ferð bæta við 3—6 aukaviðkomustöðum til skiptis, helzt sem fæstum í einu, en aldrei fleiri en 6 í sömu ferð, og skulu það einkum vera þessir staðir: Eskifjörður, Vopnafjörður, Húsavík, Sauðárkrókur, Dýrafjörður og Stykkishólmur.
5. Fyrsta hringferð sje hafin 1. marz, og fjórum þeirra sje, ef mögulegt er, lokið fyrir miðjan júlí. Ein sje gerð um lok ágústmánaðar og framan af september og hin síðasta eptir miðjan október.

II.

1. Tveir strandbátar, yfirbyggðir, og nægilega stórir, eptir því sem stjórnin samþykkir, með farþegarúmi fyrir minnst 10—20 í 1. farrými og 30—40 í öðru farrými, gangi stöðugt kring um landið frá 15. apríl til 15. október, annar milli Reykjavíkur og Akureyrar austan um land, og hinn milli sömu staða vestan um land.
2. Strandbátarnir sjeu settir í svo haganlegt samband við millilandaskipin, sem unnt er, helzt svo, að þeir í hverri ferð mæti einhverju þeirra í Reykjavík eða á einhverjum af hinum fjórum aðalviðkomustöðum.
3. Viðkomustaðir strandbátanna sjeu þeir, er alþingi nánar tiltekur.

III.

1. Landsstjórnin samþykkir ferðaáætlun allra skipanna og sjer um að hún sje haldin.
2. Ferðunum sje hagað svo:
   a. Að alþingismenn geti komizt til Reykjavíkur um lok júní, og þaðan aptur um mánaðamótin ágúst — september.
   b. Að skólapiltar komist heim úr skóla um byrjun júlímánaðar og til Reykjavíkur aptur um lok septbr.
   c. Að kaupafólk frá Suðurlandi fái fljóta ferð til Norðurlandsins í byrjun júlím. og ferð þaðan aptur kring um 20. sept.

d. Sjómenn fái fljóta ferð frá Reykjavík til Austurlandsins um 20. maí, og þaðan aptur til Reykjavíkur um 20. septbr.

3. Millilandaskipin komi ekki við í Færeyjum í 4 ferðum fram og aptur, þar á meðal í apríl og seinast í maí eða byrjun júní á leið frá Kaupmannahöfn og seinast í ágúst eða í byrjun september og sömuleiðis í síðustu hringferð á leið frá Íslandi.
4. Farmeyrir og fargjald sje ekki hærra en nú með skipi eimskipsútgerðarinnar, og milli hafna með strandbátunum líkt og er þetta ár með strandbátnum »Bremnæs«. Fargjald milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur verði sama og milli Stykkishólms og Reykjavíkur.
5. Farmeyrir og fargjald milli tveggja ákveðinna staða verði hið sama, þótt skipta verði um skip, bæði að því er snertir farm og farþega. — Þó verður þá að nota það skip, er fyrst fer til staðar þess, er ætlað er til.
6. Allt að 50 iðnaðar- og almúgamenn fái árlega í þeim ferðum, er fjelagið og stjórnin koma sjer saman um, ferðir milli landa í öðru farrými fram og aptur fyrir sama verð og annars er tekið fyrir aðra leið — gegn skírteini frá sýslumanni eða bæjarfógeta í því umdæmi, er þeir búa í.

12. gr. C. 2. stafl. b., c. og d. falli burt.
Orðalag aths. breytist samkvæmt því.

21. Við 12 gr. C. 2. Br.till. við br.til. á þingskj. 335 frá Jens Pálssyni (357).
Á eptir staflið b á Breiðafirði 2500 kr.
komi: Styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát.

22. Við 12. gr. C. 2. Br.till. frá Valtý Guðmundssyni o.fl. (235).
Athugasemdin »Styrkurinn« o. s. frv. falli burt.
Liðirnir b—d falli burt, en í þeirra stað komi nýir liðir svolátandi:
b. á Breiðafirði 2500 kr.
c. á Ísafjarðardjúpi 2500 kr.

23. Við 12. gr. C. 3. Br.till. við br.till. á þingskj. 332 frá Jóni Jenssyni og Jens Pálssyni (352).
Fyrir: 1000 kr. — 1000 kr.
komi: 1500 kr. — 1500 kr.

24. Við 12. gr. C. Br.till. frá Jóni Jenssyni o. fl. (232).
Aptan við 12. gr. C. bætist nýr (3) liður svo hljóðandi:
3. Til fastra flutningavagnferða einu sinni eða tvisvar í viku að sumrinu frá Reykjavík austur að Þjórsárbrú og lengra eptir því sem lagninu flutningabrautarinnar austur í Rangárvallasýslu miðar áfram 1,000—1,000.

25. Við 12. gr. D. Br.till. frá Valtý Guðmundssyni o. fl. (335).
Aptan við bætist:
Styrkveiting þessi er bundin því skilyrði, að frjettaþráðurinn verði lagður á fjárhagstímabilinu.

26. Við 13. gr. A. b. Br.till. frá Guðl. Guðmundssyni o. fl. (323).
Á eptir 5. tölul. bætist inn nýr tölul.:

Bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi 600—100.

27. Við 13. gr. B. III. c. 6. Br.till. frá Valtý Guðmundssyni o. fl. (334): þessi liður falli burt.

28. Við 13. gr. B. V. Viðaukatill. frá Kl. Jónsssyni o. fl. (325).
Á eptir 7. lið komi nýr liður svo hljóðandi:
8. Til styrkveitingar námspiltum úr fjarlægum hjeruðum kr. 800—800.

29. Við 13. gr. C. 5. b. Br.till. frá Ben Sveinssyni o. fl. (337).
Nýr liður, sem verði töluliður 6: Styrkur til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará (fyrra árið) kr. 2,500.
Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að einstakir menn leggi fram að minnsta kosti jafnmikið fje til byggingarinnar, og að hún sje ætluð bæði fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn.

30. Við 13. gr. C. 10. Br.till. frá Þorl. Guðmundssyni o. fl. (317)
Fyrir: »200—200«
komi: 300—300.

31. Við 13. gr. C. Viðaukatill. frá Ein. Jónssyni o. fl. (328)
Á eptir 14. tölul. komi nýr liður:
Til Páls Ólafssonar skálds 500—500.

32. Við 13. gr. C. 25. Br.till. frá Kl. Jónssyni o. fl. (325)
Fyrir: »1500—1500«
komi: 1000—1000

33. Við 13. gr. C. 31. Br.till. frá Kl. Jónssyni o. fl. (325)
Liðurinn falli burt.

34. Við 13. gr. C. 31. Viðaukatill. frá Sk. Thoroddsen o. fl. (324)
Nýr liður svo hljóðandi:
Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar á Vöðlum, til að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins 300—300.

35. Við 13. gr. C. 31. Viðaukatill. frá Jóni Þór. o. fl. (315) nýr liður, svo hljóðandi:
Styrkur til cand. Magnúsar Magnússonar fyrir að kenna ókeypis líkamsæfingar í Reykjavík 1200—1200.

36. — 13. gr. C. 31. Viðaukatill. frá Ein. Jónssyni o. fl. (333) nýr liður:
Styrkur til tveggja manna til að fara á landbúnaðarsýningu í Björgvin að sumri, eptir veitingu landshöfðingja, 500 kr. til hvors.

37. — 13. gr. C. 31. Viðaukatill. frá V. Guðm. o. fl. (336). Nýr töluliður svolátandi: Til Jóns Ólafssonar til þess að vekja eptirtekt á Islandi í útlendum tímaritum og blöðum 1200 kr. — 1200 kr.

38. — 18. gr. Br.till. frá Valtý Guðm. o. fl. (334).
Þessi grein falli burt.

39. — Br.till. nefnd. (á þskj. 348).
Við fyrstu greinina aptan við frv.greinarnar—um lán til þilskipakaupa—:
Fyrir: að eins
komi: einkum.

40. — Br.till. fjárl.nefnd. (þskj. 356).
Síðasta aths. (um lán til jarðabóta) falli burt.

Ed. 361. **Frumvarp**
til laga um viðauka við lög nr. 3 2. febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í ed.).

1. gr Þeir karlar eða konur, sem stunda nám í föstum skólum að minnsta kosti 6 mánuði af árinu, skulu undanþegnir vistarskyldunni það ár.

2. gr. Skyldur skal hver lausamaður, þegar þess er krafizt, að hafa ilt sýnis auk leyfisbrjefsins skírteini það, sem ræðir um í 3. gr. laga nr. 3 2. febr. 1894, staðfest af hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta, í hvaða hjeraði sem hann er staddur; einnig skal hver húsbóndi skyldur, að láta hjú sitt, er hann lætur stunda atvinnu í annari sveit, hafa samskonar staðfest skírteini um stöðu þess og heimili.

Brot móti þessari grein varðar sektum, 5—20 kr., sem renni í fátækrasjóð þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í. Húsbóndi endurborgi hjúi sekt og málskostnað, er það verður fyrir sökum vanrækslu hans.

3. gr. Engum lausamanni skal heimilt að taka nokkurn mann sem hjú. Brot gegn þessari grein varða 10—100 kr. sekt, er renni í fátækrasjóð þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í.

Ed. 362. **Frumvarp**
til laga um breyting á tilsk. 26. maí 1863 um lausamenn og húsmenn og á lögum nr. 1 12. jan. 1888 um þurrabúðarmenn (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er 20 ára að aldri og eigi þiggur af sveit, er heimilt að gjörast húsmaður eða þurrabúðarmaður, og þarf hann eigi til þess að leita leyfis hjá sveitarstjórninni, þar sem hann ætlar að setjast að. Þurrabúðarmaður skal þó færa sönnur á, að hann eigi, auk alls klæðnaðar fyrir sig og sitt skuldalið, skuldlausa fjármuni í peningum eða öðrum fjemætum munum, er nema að minnsta kosti 400 kr., að uppbæð. Þó má valdsmaður gjöra undantekningu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því. Með húsmönnum teljast þeir, er ekki hafa stærri part úr jörðu til ábýlis en 1 hundrað.

2. gr. Rjett er, að húsmaður eða þurrabúðarmaður greiði þar lögboðin gjöld, sem heimili hans er Greiði hann eigi gjöld þessi í gjalddaga, er húsráðandi sá eða landsdrottinn, sem húsmaðurinn eða þurrabúðarmaðurinn hefir heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, sem gjaldþegninn á og teknar verða lögtaki.

3. gr. Hver húsráðandi eða bóndi, sem tekur mann í húsmennsku á heimili sitt eða tómthúsmann á lóð sína, skal framfæra húsmanninn eða tómthúsmanninn, ef hann verður ósjálfbjarga, svo sem væri hann vinnuhjú hans.

4. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin 12., 13. og 14. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi, 26. maí 1863, og 1. og 2. gr. í lögum um þurrabúðarmenn, 12. jan. 1888.

Nd. 363. **Frumvarp**

til laga um breytingu á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, og um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Heimilt er sýslunefnd að leyfa, að kosningar í hreppsnefnd fari fram á hausthreppaskilaþingum í þeim hreppum, þar sem svo sjerstaklega hagar til, að það er nauðsynlegt.

2. gr. Í öllum hreppum á landinu skal kjósa varasýslunefndarmenn og gilda sömu reglur við kosningu þeirra, sem við kosningu til sýslunefnda.

3. gr. Nú er sýslunefndarmaður forfallaður að mæta á sýslufundi, skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefur sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður; þó er hann skyldur að taka á móti kosningu í hreppsnefnd.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Ed. 364. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til viðaukalaga við lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Frá Guttormi Vigfússyni. Jóni Jónssyni. Jóni Jakobssyni.

1. Á eptir frumvarpinu komi ný grein, sem verður 2. gr. svohljóðandi:
   Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, skulu — auk gjalda þeirra, er tilgreind eru í lögum 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn — lausir við að gjalda fasteignartíund til presta þjóðkirkjunnar.
2. Á eptir þessari annari grein komi ný grein, sem verður 3. gr., svohljóðandi: Þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn úr landssjóði, er leiðir af ákvæðum 2. gr.

Nd. 365. **Viðaukatillaga**

við breytingu á þingskjali 335 við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898—99

frá: Jens Pálssyni. Þórði J. Thoroddsen. Sk. Thoroddsen. Halldóri Daníelssyni. Klemens Jónssyni. Guðl. Guðmundssyni.

A eptir staflið c. komi: Ferðaáætlun bátanna samþykkir landshöfðingi.

Nd. 366. **Nefndarálit**

í málinu frv. til laga um dýraverndun.

Neðri deild alþingis hefir kosið oss undirskrifaða til að íhuga þetta mál og láta uppi álit vort um það. Eptir að vjer höfum rætt það með oss á fundum og vandlega íhugað frumvarpið bæði í heild sinni og grein fyrir grein, leyfum vjer oss að láta uppi það álit vort, að frumvarp þetta geti, ef það verður að lögum, orðið til verulegra bóta í þá átt, að afstýra ómannúðlegri meðferð á skepnum, sem því miður á sjer of mjög stað hjer á landi; viljum vjer því ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum

1. að í stað upphafs 4. gr.: »Engin þau hross . . . . . járnuð« komi: »Brúkunarhross og öll hross, sem af mörkuðum eru rekin, skulu tryggilega járnuð«;

2. að í stað orðanna í 6. gr.: »ef til hans næst« komi: »en ef ekki næst til dýralæknis, þá til þess manns, sem lögreglustjóri eða lögregluþjónn álítur til þess hæfastan«.

Alþingi 7. ágúst 1897.

Tryggvi Gunnarsson	Jón Þórarinsson	Guðl. Guðmundsson.
form. og frams.m.	skrifari.	Eiríkur Gíslason.
	Skúli Thoroddsen.	

Nd. 367. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (þingskj. 133).

Flutningsmenn: Björn Sigfússon, Jón Jónsson, þm. Eyf., Jón Jónsson, þm.A-Skf., Þorlákur Guðmundsson, Halldór Daníelsson, Þórður Guðmundsson.

Við I. 6. Fyrri hluti greinarinnar út að »enda sje þeir o. s. frv. orðist svo:

Að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sje að öðru jöfnu látnir ganga fyrir öðrum, þá er nýir kennarar eru ráðnir.

Ed. 368. **Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. kafli.
Tekjur.
1. gr.

Á árunum 1898 og 1899 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,308,400 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,045,600 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) *á ábúð og afnotum jarða*	17,000	17,000	34,000
b) *á lausafje*	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,800	4,800	9,600
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	25,000	25,000	50,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	8,500	8,500	17,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.	2,000	2,000	4,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	45,000	45,000	90,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	75,000	75,000	150,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	150,000	150,000	300,000
12. tekjur af póstferðum	28,000	28,000	56,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
Samtals...	522,800	522,800	1045,600

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 48,600 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls 9,000 —	23,000	23,000	46,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
samtals...	24,300	24,300	48,600

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	34,000	34,000	68,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1898 25,854 kr. 02 a.			
- — 1899 23,095 — 40 —			
48,949 kr. 42 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.....	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 127,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag.....	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	4,500	2,500	7,000
samtals ..	64,500	62,500	127,000

2. kafli.

Utgjöld.

7. gr.

Á árunum 1898 og 1899 veitast til útgjalda 1,473,658 kr. 67 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1898: 12,400 kr., og árið 1899: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 344,036 kr. 67 a.

A.	1898.	1899.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr.	kr.	kr. a.
1. laun embættismanna	17,866 67	17,900	35,766 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður ... 800 —			
	3,300	3,300	6,600
	24,966 67	25,000	49,966 67

B.					
Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1. laun:					
a. til dómara og sýslumanna				68,100	68,100	
b. til hreppstjóra				8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík				1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:						
a. laun umsjónarmannsins	1898. 1,000 kr.	1899. 1.000 kr.				
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ...	200 —	200 —				
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —				
þóknun handa lækni...	60 —	60 —				
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —				
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði 21 e	230 —	230 —				
þvottur	30 —	30 —				
til eldiviðar og ljósa...	520 —	520 —				
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —				
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —				
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —				
	4,415 kr.	4,415 kr.				
arður af verkum talinn	615 —	615 —				
	3,800 kr.	3,800 kr.				
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,400 —	300 —				
				5,200	4,100	
			Flyt...	82,700	81,600	49,966 67

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...	82,700	81,600	49,966 67
4.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ... 1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ... 50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum ... 40 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl. ... 60 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál ... 3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál ... 300 —			
	g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk ... 150 —			
	h. útgjöld við sáttamál ... 50 —			
		5,250	5,250	
	i. til að útvega eldtrausta járnskápa handa sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum allt að ...	3,000		
		90,950	86,850	
				177,800
	C. Ýmisleg útgjöld:			
1.	til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
	b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin ... 2,580 —			
	c. til kostnaðar við sending með póstum ... 350 —			
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina ... 1,200 —			
		4,580	4,580	
2.	endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef ...	1,900	1,900	
3.	brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar ...	900	900	
4.	styrkur til eflingar búnaði:			
	a. til búnaðarskóla:			
	1. til skólans í Ólafsdal ... 2,500 —			
	Flyt... 2,500 kr.	7,380	7,380	227,766 67

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	2,500 kr.	7,380	7,380	227,766 67
2. til skólans á Hólum	2,500 —			
3. til skólans á Eiðum	2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri	2,500 —			
	10,000 kr.			
b. til búnaðarfjelaga	20,000 —			
c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins...	2,000 —			
Verði stofnað allsherjarbúnaðarfjelag fyrir landið, fellur upphæðin síðara árið til þess.				
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina.....	240 —			
		32,240	32,240	
5. til búnaðarfjelags landsins			4,000	
6. laun handa tveim dýralæknum.....		2,400	2,400	
7. a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa.....	300 kr.			
b. til eptirlitsferða.....	100 —			
c. til vitans á Reykjanesi:				
1. til launa vitamannsins.....	1,200			
2. til að kaupa olíu	300			
3. — — — lampakveiki o.fl.	100			
4. til að kaupa steinkol	150			
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	200			
6. eptirgjald eptir lóðina	30			
	1,980 —			
d. til vita á Skagatá:				
1. til vitamanns.....	400			
2. til að kaupa olíu	150			
3. — — — lampakveiki o.fl.	50			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum..	200			
5. til að byggja íbúðarhús handa vitamanni, allt að ..	1,500			
Vitamaður viðhaldi húsinu, enda skili því, þegar hann fer frá, í gildu standi eða með fullu álagi.				
	2,300 —			
e. til vita við Gróttu:				
1. til vitamanns.....	400			
2. til að kaupa olíu	150			
3. — — — lampakveiki o.fl.	50			
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160			
	760 —			
Flyt...	5440 kr.	42,020	46,020	227,766 67

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar... 5440 kr.	42,020	46,020	227,766 67
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð ..... 500 — Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.	5,940	4,440	
g. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	200	50	
8. Til að rannsaka hafnarstæði og lendingar við suðausturströnd landsins	600		
9. Styrkur til að gjöra vetrarlægi fyrir þilskip, allt að helmingi kostnaðar, þó ekki yfir..... Fje þetta veitist með því skilyrði, að landshöfðingi samþykki reglugjörð og gjaldskrá fyrir notkun þess.	10,000		
10. Til hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags.....	5,000		
11. Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði.....	1,000	1,000	
	64,760	51,510	116,270
Samtals.....	.....	.....	344,036 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 153,646 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,974	37,974	75,948
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
Flyt...	37,974	37,974	75,948

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,974	37,974	75,948
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið.....	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Örœfinga	100	100	200
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.			
4. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minnsta kosti einu sinni í mánuði.....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi, hvort árið allt að 300 kr.....	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
6. Styrkur til utanfarar handa hjeraðslæknum.....	600	600	1,200
Landshöfðingi veitir styrkinn eptir till. landlæknis.			
7. Arsútgjöld við holdsveikraspítalann.....	4,250	17,000	21,250
8. Útgjöld við bólusetningar	500	500	1,000
9. Önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. — — —— á Ísafirði 400 —			
Flyt... 2000 kr.	62,724	75,474	138,198

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2000 kr.	62,724	75,474	138,198
d. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..... 24 —			
e. til náms yfirsetukvenna..... 2,000 —			
f. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 400 —			
	4,424	4,424	8,848
10. Styrkur til endurbyggingar spítalans á Akureyri.....	5,000		5,000
11. Styrkur til spítala á Seyðisfirði.....	1,200	400	1,600
Samtals.....	73,348	80,298	153,646

12. gr.

Til samgöngumála veitast 473,350 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... 2,400 kr.			
b. handa póstafgreiðslumönnum ..... 6,700 —			
c. handa brjefhirðingamönnum ..... 4,500 —			
	13,600	13,600	
2. póstflutningur	38,000	38,000	
3. önnur útgjöld: 1898. 1899.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... kr. 1,800 kr. 1,800			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um..... 200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama..... 200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu..... 800 800			
e. til áhalda 1,200 1,200			
f. 1 brjefberi í Reykjavík 50 50			
g. óviss gjöld 200 200			
	4,450	4,450	
samtals...	56,050	56,050	112,100
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:			
Flyt...	.....	.....	112,100

	1898. kr.	1899. kr.	alls. kr.
Flutt af...	.....	.....	112,100
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandskipum 500			
3,500			
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur, allt að 1,500	5,000	5,000	
3. til flutningabrauta	24,000	15,000	
Þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð 14,000 kr. fyrra árið.			
4. til þjóðvega	66,000	40,000	
Þar af til akfærs þjóðvegar milli Þjórsár og ytri Rangár allt að 36,000 kr. fyrra árið.			
5. til fjallvega	5,000	5,000	
6. Styrkur til sýsluvega:			
a. Styrkur til sýsluvegagjörðar í Strandasýslu	6,000		
b. Styrkur til sýsluvegagjörðar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	3,000		
c. Styrkur til vegagjörðar á sýsluveginum frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu...	3,000		
d. Styrkur til sýsluvegagjörðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu	2,000		
Styrkir þessir undir stafl. a—d veitist með þeim skilyrðum, að sýslubúar leggi til fje, er nemi að minnsta kosti helmingi styrksins, auk þess, er sýsluvegasjóður leggur til, og að fyrir vegalagningunni standi verkstjóri, er ráðinn sje með samþykki landshöfðingja.			
7. Styrkur til brúargerðar á Hörgá við Staðarhyl allt að	10,000		
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það fje, er þarf til að fullgera brúna, og nemi að minnsta kosti $^1/_3$ alls kostnaðar við hana, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað.			
8. Styrkur til brúargjörðar á Bakkaá í Dala-			
Flyt.....	124,000	65,000	112,100

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	124,000	65,000	112,100
sýslu (móts við 500 kr. tillag úr sýsluvegasjóði og að minnsta kosti 500 kr. tillag frá einstökum mönnum)	250		
Samtals	124,250	65,000	189,250

C.

1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags fyrstu 2 ársborganir af 5 ára styrk, er þó má eigi vera hærri þrjú síðari árin en 50,000 kr. á ári 55,000 55,000

Veitist með þeim skilyrðum, að fjelagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli landa og kringum landið þannig:

I.

1. Ferðir milli landa sjeu 16—18 hvert ár.
2. Hringferðir á millilandaskipum sje gerðar frá 1. marz til 31. október, og auk þess ein ferð. til Vestfjarða í janúar eða febrúar.
3. Hringferðir þær skulu vera að minnsta kosti 6 kringum landið fram og aptur (= 12 ferðir).
4. Aðalviðkomustaðir kringum landið skulu vera 4 í hverri ferð: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður. Auk þess má í hverri ferð bæta við 3—6 aukaviðkomustöðum til skiptis, helzt sem fæstum í einu, en aldrei fleiri en 6 í sömu ferð, og skulu það einkum vera þessir staðir: Eskifjörður, Vopnafjörður, Húsavík, Sauðárkrókur, Dýrafjörður og Stykkishólmur.
5. Fyrsta hringferð sje hafin 1. marz, og fjórum þeirra sje, ef mögulegt er, lokið fyrir miðjan júlí. Ein sje gerð um lok ágústmánaðar og framan af september og hin síðasta eptir miðjan október.

II.

1. Tveir strandbátar, yfirbyggðir, og nægilega stórir, eptir því sem stjórnin samþykkir, með farþegarúmi fyrir minnst 10—20 í 1. farrými og 30—40 í öðru farrými, gangi stöðugt kring um landið frá 15. apríl til 15. október, annar milli Reykjavíkur og Akureyrar austan um land, og hinn milli sömu staða vestan um land.
2. Strandbátarnir sjeu settir í svo haganlegt samband við millilandaskipin, sem unnt er, helzt svo, að þeir í hverri ferð mæti einhverju þeirra í Reykjavík eða á einhverjum af hinum fjórum aðalviðkomustöðum.
3. Viðkomustaðir strandbátanna sjeu þeir, er alþingi nánar tiltekur.

Flyt...	55,000	55,000	301,350

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	55,000	55,000	301,350
III.			
1. Landsstjórnin samþykkir ferðaáætlun allra skipanna og sjer um að hún sje haldin.			
2. Ferðunum sje hagað svo:			
a. Að alþingismenn geti komist til Reykjavíkur um lok júní, og þaðan aptur um mánaðamótin ágúst — september.			
b. Að skólapiltar komist heim úr skóla um byrjun júlímánaðar og til Reykjavíkur aptur um lok septbr.			
c. Að kaupafólk frá Suðurlandi fái fljóta ferð til Norðurlandsins í byrjun júlím. og ferð þaðan aptur kring um 20. sept.			
d. Sjómenn fái fljóta ferð frá Reykjavík til Austurlandsins um 20. maí, og þaðan aptur til Reykjavíkur um 20. septbr.			
3. Millilandaskipin komi ekki við í Færeyjum í 4 ferðum fram og aptur, þar á meðal í apríl og seinast í maí eða byrjun júní á leið frá Kaupmannahöfn, og seinast í ágúst eða í byrjun september og sömuleiðis í síðustu hringferð á leið frá Íslandi.			
4. Farmeyrir og fargjald sje ekki hærra en nú með skipi eimskipsútgerðarinnar, og milli hafna með strandbátunum líkt og er þetta ár með strandbátnum »Bremnæs«. Fargjald milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur verði sama og milli Stykkishólms og Reykjavíkur.			
5. Farmeyrir og fargjald milli tveggja ákveðinna staða verði hið sama, þótt skipta verði um skip, bæði að því er snertir farm og farþega. — Þó verður þá að nota það skip, er fyrst fer til staðar þess, er ætlað er til.			
6. Allt að 50 iðnaðar- og almúgamenn fái árlega í þeim ferðum, er fjelagið og stjórnin koma sjer saman um, ferðir milli landa í öðru farrými fram og aptur fyrir sama verð og annars er tekið fyrir aðra leið — gegn skírteini frá sýslumanni eða bæjarfógeta í því umdæmi, er þeir búa í.			
2. Til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að 7,500			
b. á Breiðafirði..... 2,500			
c. á Ísafjarðardjúpi 2,500			
	12,500	12,500	
Ferðaáætlun bátanna samþykkir landshöfðingi. Styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát.			
Flyt...	67,500	67,500	301,350

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	67,500	67,500	301,350
Styrkurinn undir stafliðunum a—c greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelög leggi til gufubátaferðanna að minnsta kosti 1/4 á móti 3/4 úr landssjóði, og að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.			
3. Til fastra flutningavagnferða einu sinni eða tvisvar í viku að sumrinu frá Reykjavík austur að Þjórsárbrú og lengra eptir því sem lagningu flutningabrautarinnar austur í Rangárvallasýslu miðar áfram.....	1,000	1,000	
	68,500	68,500	
			137,000
D.			
Til frjettaþráðar milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, allt að.....	.....	35,000	35,000
samtals...	.....	.....	473,350

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 344,026 kr.

	1898.	1899.	alls.
A.	kr.	kr.	kr.
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins.....	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum ...	2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi.....	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum...	3,000	3,000	
6. bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	600	100	
7. styrkur til síra P. H. Hjálmarssonar til að byggja upp staðinn	500		
8. styrkur til síra Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn	300		
9. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
	24,200	23,400	47,600

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	47,600
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1898 og 16 1899, 80 kr. handa hverjum...	1898. 960 kr.	1899. 1,280 kr.			
2. námsstyrkur.....	800 —	1,000 —			
3. til tímakennslu..	100 —	100 —			
4. til bókakaupa....	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar.....	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld ..	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að	250 —	250 —			
			2,860	3,380	
			12,060	12,580	24,640
II. til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. námsstyrkur	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting.....	150 —	150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra.....	800 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og ann-					
Flyt...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,240

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,240
ars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —			
			4,130	3,830	
			7,330	7,030	14,360
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum.....		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan	7,500 —	1,400 —			
4. til tímakennslu	1,700 —	1,700 —			
5. námsstyrkur	5,000 —	5,000 —			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
7. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
8. ýmisleg útgjöld	800 —	800 —			
9. fyrir prestsverk.....	48 —	48 —			
10. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —			
11. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina.....	600 —	600 —			
12. til áhalda við leikfimiskennslu.....	200 —	200 —			
13. styrkur handa leikfimiskennaranum til					
Flyt...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,400	21,400	86,600

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,400	21,300	86,600
þess að fullkomnast í kennslugrein sinni Danmörku.....	500 —				
			19,688	13,088	
			41,388	34,788	
					76,176
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
			2,000	2,000	
			8,600	8,600	
					17,200
V. til stýrimannaskólans:					
a. laun			2,000	2,000	
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakennslu	1,400 kr.	1,400 kr.			
2. til áhaldakaupa o.fl ...	600 —	200 —			
3. til eldiviðar og ljósa ...	400 —	400 —			
4. til húsnæðis.....	200 —				
5. til að byggja skólahús...	19,850 —				
6. ýmisleg útgjöld	200 —	300 —			
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara, fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans	600 —				
			23,250	2,300	
			25,250	4,300	
					29,550
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík ...	2,500 kr.				
þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
Flyt...	2,500 —				209,526

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2,500 kr.	.....	.....	209,526
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ..... 1,200 —			
3. til kvennaskóla Eyfirðinga..... 1,200 —			
4. til kvennaskólans á Ytri-Ey og kvennaskóla Eyfirðinga ..... 2,000 — Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	6,900	6,900	
5. Styrkur til að byggja kvennaskóla í Norðurlandi ..... Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að kvennaskólarnir í Eyjafirði og Ytri-Ey sameinist.		10,000	
6. Til hússtjórnarskólans í Reykjavík.....	2,000		
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	5,500	5,500	
2. til sveitakennara allt að 80 kr. til hvers... Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	5,500	5,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	2,200	2,200	
e. til skólaiðnaðar-kennslu.....	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....	300	300	
h. til kennslu heyrnar- og málleysingja.....	5,000	5,000	
i. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja...	150	150	
	31,550	39,550	71,100
Flyt...	.....	.....	280,626

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	280,626
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til sundkennslu annarsstaðar ..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,200	1,200	2,400
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	3,000	3,000	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins..... 500			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins..... 400			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins..... 400			
	1,300	1,300	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til Þjóðvinafjelagsins.....	750	750	
Flyt...	10,200	10,200	283,026

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,200	10,200	283,026
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
	1,400	1,400	
6. Styrkur til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará	2,500		
Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að einstakir menn leggi fram að minnsta kosti jafnmikið fje til byggingarinnar, og að hún sje ætluð bæði fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn.			
7. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið.....	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
8. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
9. styrkur til kennara Dr. phil. Þorv. Thoroddsen til að halda áfram safni til jarðfræðislýsingar Íslands og til að undirbúa ritið 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
10. til fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
11. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	300	300	
12. til náttúrufræðisfjelagsins	500	500	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.			
13. Styrkur til eins manns til að nema dýralækningar.....	600	600	
14. styrkur til cand. mag. Boga Melsteð til þess að gefa út sögu Íslands, 50 kr. fyrir örkina, allt að	600	600	
15. til sjera Matthíasar Jochumssonar.....	600	600	
16. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
Flyt...	20,100	17,600	283,026

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	20,100	17,600	283,026
17. Styrkur til cand. phil. Jóns Jónssonar til að rannsaka og rita um sögu Íslands á síðari tímum	600	600	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
19. til bindindisfjelags kvenna »Hvítabandið«	100	100	
20. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði	600	600	
21. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íprótt	600	600	
22. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
23. til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók	500	500	
24. til kand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
25. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	600	600	
26. styrkur til útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa til að fá erlendan skipasmið, er setjist hjer að	500		
27. styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi og til vísindaiðkana	1,000	1,000	
28. styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar til að safna og gefa út íslenzka þjóðsöngva	1,000		
29. styrkur til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomnast í hljóðfæralist	600		
30. Styrkur til Björns Þorlákssonar á Álafossi til kaupa nýjar vjelar	1,000		
Styrkur þessi veitist m ð því skilyrði, að keyptar sjeu lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressa og þófaravjel.			
31. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	500	500	
Flyt...	29,600	24,000	283,026

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	29,600	24,000	283,026
32. Utanfararstyrkur til Bjarna Sæmundssonar, fiskifræðings, og annars manns eptir veitingu landshöfðingja, til að fara á fiskisýningu í Björgvin að sumri 500 kr. til hvors	1,000		
33. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar á Vöðlum, til að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins	300	300	
34. styrkur til cand. Magnúsar Magnússonar fyrir að kenna ókeypis líkamsæfingar í Reykjavík ...	1,200	1,200	
35. styrkur til tveggja manna til að fara á landbúnaðarsýningu í Björgvin að sumri, eptir veitingu landshöfðingja, 500 kr. til hvors.....	1,000		
36. til Jóns Ólafssonar til þess að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum tímaritum og blöðum	1,200	1,200	
	34,300	26,700	61,000
samtals...	.....	.....	344,026

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fleira veitast 84,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Onnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjóhnsen 300 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Arnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 165,258 kr. 67 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Af viðlagasjóði má verja allt að 80,000 kr. til þess að byggja steinhús í sambandi við landsbankann, þar sem sje nægilegt húsrúm fyrir landsbankann, aðalpóstafgreiðslu landsins, skrifstofu landfógeta, forngripasafnið, málverkasafnið og náttúrugripasafnið, svo og húsrúm til bráðabirgða fyrir hinar æðri menntastofnanir.

19. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30 þús. kr. lán hvort árið til þilskipakaupa, er veitast einkum þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 5000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga eða einstakra manna, er hafa byggt ísgeymsluhús. Lán þessi ávaxtist með 3% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaus, en endurborgist síðan á 7 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar á meðal veð í húsunum sjálfum ásamt sjálfskuldarábyrgð, og sje eigi lánað meira en 3000 kr. í hvern stað.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 15000 kr. til hvers; ávaxtist lán þetta með $3^1/_2$% og sje vaxta- og afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja allt að 30,000 kr. til lánveitinga handa einstökum mönnum, þó eigi meiru en 1000 kr. handa hverjum, til að gjöra jarðabætur. — Lán þessi ávaxtist með 3%, og sjeu afborgunarlaus í 3 fyrstu árin, en eptir það skal lánið endurborgað með jöfnum afborgunum á 25 árum. — Lánið veitist að eins gegn fyrsta veðrjetti í fasteign, og eigi meira en hálfu virðingarverði jarðeignarinnar nemur. — Sanni lántakandi eigi, áður en 3 ár eru liðin frá lántökudegi, að hann hafi framkvæmt jarðabætur, er að minnsta kosti nemi lánsupphæðinni, er lánið þegar í gjalddaga fallið, og svarar þá lántakandi, auk áskilinna vaxta $1^1/_2$%, vöxtum af lánsupphæðinni frá lántökudegi.

Nd. 369. **Frumvarp**

til laga um ófriðun á sel.

Frá nefndinni í málinu um eyðing sels í laxám.

1. gr. Í ám, vötnum og lónum, ósum og fyrir ósamynnum, þar sem lax gengur, skal selur hvarvetna ófriðaður, og skal þar um seladráp farið eptir hinum gildandi almennu veiðilögum.

Á tímabilinu frá 15. apríl til 15. júlí má þó eigi skjóta sel nær löglega friðuðu æðarvarpi en einn fjórðung mílu.

2. gr. Hagi svo til eptir staðháttum og fjarlægð, að vafasamt er, hvort friðað selalátur, sem í nánd er, gjöri laxagöngu mein, skal sýslumaður sá, er í

hlut á, kveðja 4 menn valinkunna og óhlutdræga í gjörðardóm, sem hann sjálfur skal vera oddviti í, og skal sá dómur kveða á um það til fullnustu, hvort friðun þess selaláturs skuli haldast við eða eigi.

3. gr. Nú vill maður, sem á land eða landsnytjar beggja megin við ár, vötn, lón eða ósa, þar sem selur fer um eða heldur sjer, eða fleiri vilja, sem land eiga eða landsnytjar sinn hvoru megin, viðhalda sel á þeim stöðvum, og skal hverjum manni, meti gjörðardómur, skipaður samkvæmt 2. gr., að laxaför sje hindruð með þeim hætti, vera heimilt að skjóta þar sel þannig, að sá, er landsnytjar á, eignist tvo þriðju hluti sels þess, er drepinn er, en sá, er drepur þriðjung.

4. gr. Þá er gjörðardómur er skipaður samkvæmt 2. og 3. gr., skal þeim, er hlut eiga að máli eða umboðsmönnum þeirra, jafnan gefinn kostur á, að skýra frá málavöxtum á undan málsúrslitum. Um kostnað við gjörðardóminn fer á sama hátt og í landamerkjamálum.

Nd. 370. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897 og í fjáraukalögunum fyrir árin 1894 og 1895, veitast 22,017 kr. 42 a. til útgjalda þeirra, sem talin eru í 2.—6. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna veitist

1.	Undir staflið B. 4. f. Til Stefáns Halldórssonar fyrv. prests í Hofteigi		kr. 116,03
2.	Undir staflið C. 9—10.		
a.	Til nýrra ljósfæra í Reykjanesvitann	kr. 5,500	
b.	Til forstöðumanns stýrimannaskólans M. Bjarnasonar, til þess að fara til Danmerkur og kynna sjer þar hirðingu minni vita	— 700	6200,00
		Samtals kr.	6316,03

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna, tölulið 7, til annara útgjalda til læknaskipunarinnar, undir staflið f. til undirbúnings holdsveikisspítala, veitast 3200 kr.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, undir staflið B. til vegabóta, veitast:

1)	undir b. til flutningabrauta	10,000
2)	tillag til þess að byggja hús handa brúarverðinum við Þjórsárbrúna	300
3)	til þess að kaupa að hálfu og járnklæða geymsluhús við Ölfusárbrúna við Selfoss	250
	Samtals kr.	11,150

5. gr. Sem viðbót við gjöldin til kirkju- og kennslumála í 13. gr. fjárlaganna veitast:

B. til kennslumála: II. læknaskólinn:

	kr.	a.
undir lið b. 5: Húsaleigustyrkur 1897 handa 5 stúdentum, 80 kr. handa hverjum þeirra	400	«

III. Hinn lærði skóli:

undir lið c.: Önnur útgjöld 7: kostnaður við prentun á minningarriti, er gefið var út við 50 ára afmæli skólans	338	57

V. Stýrimannaskólinn	kr.	a.	
undir b. Önnur útgjöld, 3: til eldiviðar og ljósa 1897	30	»	
4: fyrir húsnæði handa skólanum 1897	300	»	330 »
		alls...	1,068 57

6. gr. Sem viðbót við fjárveitinguna í 4. gr. fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 til ráðstafana gegn bráðafárinu veitast 282 kr. 82 a.

Ed. 371. **Frumvarp**

til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi (eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, ásamt hreppsnefndunum, hafa eftirlit með því, hvort vart verður við fjárkláða, eða önnur næm fjárveikindi, hver í sínu umdæmi. Heimilt er lögreglustjóra að fyrirskipa almenna skoðun á sauðfje, þegar honum virðist ástæða til og svo víða sem nauðsynlegt þykir.

2. gr. Lögreglustjóri skal kveðja til hæfilega menn til aðstoðar hreppstjóranum í hverjum hreppi um sig, bæði við rannsóknina á heilbrigðisástandi fjárins og við framkvæmdir á öðrum þeim ráðstöfunum, er nauðsynlegar eru. Kveðja má til þessa menn úr öðrum hreppi eða annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir, hreppstjórar og hreppsnefndarmenn, eiga tafarlaust að skýra lögreglustjóra frá, ef þeir verða einhvers þess varir, er vekur grun um slíkan sjúkdóm, sem um er getið í 1. gr., og skal lögreglustjóri þá þegar í stað gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að hepta sýkina.

3. gr. Nú verður vart við fjárkláða eða aðra slíka næma veiki, og skulu þá hreppstjóri og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fje verði þegar í stað aðskilið frá heilbrigðu fje, og skulu þeir taka það til lækninga svo fljótt, sem auðið er. — Verði vart við kláða á tímabilinu frá byrjun rjetta til jólaföstu, skulu hinar sýktu kindur þegar í stað skornar, nema eigandi kjósi heldur, að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki sjálfir kindurnar til umsjónar og lækni þær, og borgar þá eigandi allan kostnað, er af því leiðir.

4. gr. Með reglugjörð, er amtsráðin semja, hvert fyrir sitt amt, má setja nánari fyrirskipanir um skoðanir og baðanir sauðfjár, hvert baðlyf skuli notað, um aðgreining á grunuðu fje og því, er eigi er kláðagrunur á, um sótthreinsun fjárhúsa og um aðra þær ráðstafanir, er nauðsynlegar eru til að hepta útbreiðslu sýkinnar og útrýma henni. Veita má í reglugjörðinni amtmanni heimild til að fyrirskipa baðanir á stærra eða minna svæði í amtinu, þótt ekki hafi þar orðið vart við kláða.

5. gr. Eigandi fjár þess, er sýkt er eða grunað, skal skyldur til að aðstoða hreppstjóra og hina tilkvöddu menn við baðanir og skoðanir, og leggja til baðlyf, verkafólk og áhöld eptir þörfum, á eigin kostnað. — Svo er hann og skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, er honum verða settar, um aðskilnað hins sýkta fjár, lækning þess og aðra meðferð.

Allur annar kostnaður, er leiðir af ráðstöfunum hins opinbera samkvæmt þessum lögum, skal greiðast á þann hátt, er amtsráðin nánar ákveða í reglugjörð

þeirri, er þau semja samkvæmt 4. gr. — Kostnaðinn má taka lögtaki, að því leyti er einstakir menn eiga að greiða hann.

6. gr. Nú sýnir fjáreigandi annaðhvort óhlýðni eða hirðuleysi í því að gegna skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, og skal þá lögreglustjóri, nema eigandi kjósi heldur að skera hið sjúka fje þegar, láta á kostnað eigandans framkvæma það, er nauðsynlegt er, og má taka kostnaðinn lögtaki, og sæti eigandi að auki sektum frá 10—200 kr.

7. gr. Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri, hreppsnefndarmenn eða aðstoðarmenn af sjer óhlýðni eða hirðuleysi eða vanrækt á skyldum þeim, er lög þessi eða reglugjörð amtsráðsins leggur þeim á herðar, skulu þeir sæta sektum frá 20—500 kr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, að því leyti þau eigi falla undir 1. lið þessarar greinar eða hina næstu á undan, varða sektum frá 5—500 króna. Sektir eptir þessum lögum renna í jafnaðarsjóð hlutaðeigandi amts, þar sem brotið er framið.

8. gr. Með lögum þessum er tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm veikindi á Íslandi úr gildi numin.

Nd. 372. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða.

Eptir að nefndin hefir ýtarlega athugað ofangreint frumvarp leyfir hún sjer að láta uppi eptirfarandi álit um það.

Nefndin álítur, að innheimtan á gjöldum til amtasjóðanna sje óþarflega margbrotin, eins og nú háttar til, og telur stefnu frumvarpsins að því leyti heppilega.

Ennfremur álítur nefndin, að grundvöllur sá, er niðurjöfnun þessara gjalda byggist nú á, sje eigi heppilegur, og að nauðsynlegt sje að rýmka hann að einhverju leyti. Í stað þess að frumvarpið fer fram á, að bæta við manntalinu sem hinu þriðja atriði, er leggja skal til grundvallar, þá hefir nefndin hallazt að því fremur, að taka til tölu verkfærra manna, og skipta þriðjungi gjaldsins eptir því hlutfalli, en tveim þriðjungum eptir tölu fasteignar- og lausafjárhundraða. En vegna þess, að nefndin eigi hefir getað fengið hjer nægilegar skýrslur í þessum efnum, þá treystir nefndin sjer eigi til að gjöra grein fyrir því í ljósum tölum, hver áhrif þessi breyting muni hafa, en telur þó víst, að breytingin muni stefna í rjetta átt, að gjöra meiri skattajöfnuð milli hjeraðanna eptir efnum og atvinnumagni. Nefndin er samdóma um það, að rjett sje, að gjöldunum til þessara sjóða sje skipt á hjeruðin eptir hinum sama mælikvarða.

Nefndin hefir álitið rjettara að áskilja búnaðarskólum þeim, er nú eru, með berum orðum rjett til að fá úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts upphæð, er sje jöfn búnaðarskólagjaldi því, er til þeirra gengur nú, og í stað þess, þar sem það nú fellur burt sem sjerstakur skattur. Nefndin hefir eigi álitið þetta að neinu leyti varhugavert, þar sem það er að eins eitt sýslufjelag á landinu, sem eigi hefir þegar ráðstafað sínu búnaðarskólagjaldi á þennan veg.

Nefndinni dylst það eigi, að innheimta hreppsnefndanna á gjöldum til

sýslusjóðanna mundi hækka nokkuð við þessa breytingu á gjaldheimtunni og gjörir nefndin ráð fyrir, að sumar hreppsnefndir vilji færast undan að hafa hana á hendi. Nefndin leggur því til, að hreppsnefndunum sje veitt heimild til að fela hlutaðeigandi sýslumanni þessa innheimtu, ef hún kýs það heldur, og sendi hún þá lista yfir niðurjöfnun sína á gjöldum þessum fyrir þann tíma, er hlutaðeigandi sýslumaður tiltekur.

Nefndin, eða meiri hluti hennar vill eigi gjöra breyting á hinum gildandi lögum um hundaskatt og leggur því til, að 4. gr. frumvarpsins falli burt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum:

1. Aptan við 1. gr. bætist:
   Búnaðarskólar þeir, er nú eru stofnaðir, eiga rjett á að fá árlega úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts jafna upphæð búnaðarskólagjaldi því, er þeim nú er greitt.
2. Við 2. gr.
   Á eptir »og fasteignarhundraða« bætist inn: »að tveim þriðjungum og eptir tölu verkfærra karlmanna að einum þriðjungi«.
   Orðin »og eptir manntali« falli burt.
3. Við 3. gr.
   Á eptir orðunum »og fasteignarhundraða« bætist inn: »að tveim þriðjungum og eptir tölu verkfærra karlmanna að einum þriðjungi«.
   Orðin »og eptir manntali«, falli burt.
4. 4. gr. falli burt.
5. Ný grein, er verður 4. gr., bætist við þannig:
   Rjett er að hreppsnefnd, ef hún óskar þess, feli hlutaðeigandi sýslumanni innheimtu á gjöldum hreppsbúa til sýslusjóðsins, eptir niðurjöfnun hreppsnefndar, er hún þá sendir sýslumanni fyrir þann tíma, er hann tekur til.

Neðri deild alþingis, 9. ágúst 1897.

Guðl. Guðmundsson, formaður og framsm. — Þórður J. Thoroddsen, skrifari.
Guðjón Guðlaugsson. — Sighv. Árnason.
Halldór Daníelsson.

Ed. **373. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878. (Eins og það var samþykkt við eina umr. í nd.).

1. gr. Fjenaður skal lagður í tíund, sem hjer segir:

1 kýr leigufær	1	hundrað.
2 kýr eða kvígur mylkar, sem eigi eru leigufærar	1	——
3 geldneyti tvævetur eða geldar kvígur	1	——
2 naut eldri	1	——
6 ær með lömbum leigufærar	1	——
12 ær, sem eigi eru leigufærar	1	——

10 sauðir eða hrútar þrjevetrir eða eldri	1	——
12 sauðir eða hrútar tvævetrir	1	——
24 gemlingar	1	——
4 hross fimm vetra eða eldri	1	——
6 tryppi tveggja til fjögra vetra	1	——

Fella skal úr tíund sjöunda hluta fjenaðarins.

2. gr. Kýr telst leigufær, sem er ófötluð og á að bera á tímabilinu frá miðjum október til loka febrúarmánaðar. Kelfdar kvígur, sem óbornar eru 11. dag júnímánaðar, skulu lagðar í tíund sem geldar kvígur. Ær með lambi telst leigufær, sje hún ófötluð og borin 11. júní. Lömb, sem farast milli hreppskila, teljast til vanhalda 4 al. hvert.

3. gr. Við *tíundarílagning* skal lausafjárupphæð hvers framteljanda standa á heilu eða hálfu hundraði; 60 al. og þar yfir, allt að 119 al., sje gert $^1/_2$ hundrað, en færri álnum sje sleppt.

4. gr. Skip og báta, sem ganga eina eða fleiri vertíðir á árinu til fiskiveiða, skal *leggja í tíund*, sem hjer segir:

1 þilskip, 20 smálesta eða minna	4 hundr.
1 þilskip, frá 21—40 smál.	6 ——
1 þilskip, 41 smál. og þar yfir	8 ——
1 áttæringur eða stærra skip	$1^1/_2$——
1 sexæringur eða feræringur	1 ——
1 tveggja manna far	$^1/_2$ ——

Veiðigögn fylgja skipi hverju í tíund. Eigendur þilskipa eru skyldir að segja til lestarúms skipa sinna, þegar þeir telja þau fram til tíundar.

5. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. og 3. gr. laga um lausafjártíund 12. júl 1878.

Ed. 374. **Tillaga**

til þingsályktunar um að afnema konunglega staðfestingu á stofnunarskrá prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins (eins og hún var samþ. við 1. umr. í neðri deild).

Alþingi ályktar, að skora á ráðgjafann fyrir Ísland, að hlutast til um, að staðfesting konungs á stofnunarskrá fyrir «prentsmiðjusjóð norður- og austuramtsins« dags. 29. júlí 1886 verði upphafin.

Nd. 375. **Frumvarp**

til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Þegar spítali handa holdsveikum mönnum við Reykjavík er algjör og afhentur landsstjórninni, má verja 18,000 kr. til útbúnaðar hans.

2. gr. Við spítalann skal skipa sjerstakan lækni og hefir hann 3000 kr. að launum. Skal læknir þessi, auk læknisstarfa við spítalann og yfirumsjónar á honum, skyldur að gegna kennslu í einni eða fleirum vísindagreinum við læknaskólann án sjerstakrar þóknunar.

3. gr. Árleg útgjöld til spítalans skal veita á fjárlögunum.

4. gr. Á spítala þessum skal veita móttöku sjúklingum þeim, er þangað eru sendir samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Sje rúm fyrir fleiri sjúklinga, má einnig taka við öðrum holdsveikum mönnum, er sjálfir æskja að fara á spítalann.

5. gr. Í stjórn spítalans eru amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu og landlæknir. Ef deild Odd-Fellow-reglunnar í Danmörku verður stofnsett hjer á landi, skal stjórn hennar hafa rjett til að skipa stjórn spítalans einum manni úr flokki reglunnar. Landshöfðingi semur eptir tillögum frá yfirstjórn spítalans reglugjörð fyrir hann og erindisbrjef fyrir þjónustumenn spítalans.

Nd. 376. **Tillaga**

til þingsályktunar um að þingið þakki hinar erlendu gjafir til manna á jarðskjálftasvæðinu.

Flutningsmaður: Þorlákur Guðmundsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að koma fram með ákveðnar tillögur um það, á hvern hátt alþingi geti bezt vottað þakklæti fyrir þær erlendu gjafir til manna á jarðskálftasvæðinu.

Ed. 377. **Tillaga**

til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu (eins og hún var samþykkt við síðari umr. í neðri deild).

I. Alþingi ályktar að barnaskólum annarstaðar en í kaupstöðum skuli því að eins veitast styrkur úr landssjóði, að þeir fullnægi skilyrðum þeim, sem hjer segir:
   1. Að kennt sje auk kristindóms og lesturs, skrift, reikningur, rjettritun, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands, og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar (svo sem um byggingu líkama mannsins, lopt, hita og þyngd) samkvæmt reglugerð, er stiptsyfirvöldin samþykkja.
   2. Að skólinn standi ekki skemur en 6 mánuði og að minnsta kosti 12 nemendur njóti þar tilsagnar allan skólatímann og gangi undir árspróf í öllum þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugerð skólans.
   3. Að við lok hvers skólaárs sje haldið opinbert próf yfir börnum þeim, er kennslunnar hafa notið. Prófdómendur sjeu hlutaðeigandi sóknarprestur og annar maður, er sóknarnefndin kýs, og taka þeir til spurningarnar við prófið.
   4. Að skólinn njóti jafnmikils styrks annarstaðar frá og þess, er honum veitist úr landssjóði.
   5. Að ákveðin kennsluáhöld sjeu til við skólann, samkvæmt því, sem stiptsyfirvöldin nánar ákveða.
   6. Að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sje að öðru jöfnu látnir ganga fyrir öðrum, þá er nýir kennarar eru ráðnir, enda sjeu þeir ráðnir af skólanefnd og með að minnsta kosti missiris uppsagnarfresti.

   Styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um árspróf þeirra, svo og endurrit af síðasta ársreikningi yfir tekjur þeirra og gjöld.

   Umsóknarbrjef um styrk úr landssjóði til barnaskóla eiga að vera stýluð til landshöfðingja og send stiptsyfirvöldunum svo tímanlega, að þau sjeu komin til þeirra fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og eiga þeim að fylgja nákvæmar skýrslur

og vottorð um öll þau atriði, sem eru tilgreind hjer að framan. Styrkurinn veitist einkum eptir kennslutíma og nemandafjölda.

II. Að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennslu skuli vera þessi:

1. Að kennarinn kenni hinar sömu námsgreinir og áskilið er að kenndar sjeu við barnaskóla.
2. Að sveitarfjelag eða aðrir hlutaðeigendur leggi fram að minnsta kosti helming til móts við landssjóðsstyrkinn.
3. Að tiltekin kennsluáhöld sjeu til afnota við kennsluna, samkvæmt því, sem stiptsyfirvöldin nákvæmar ákveða.
4. Að kennarinn kenni að minnsta kosti 6 mánuði á ári og hvert barn, sem hann kennir, njóti tilsagnar hans 2 mánuði á ári að minnsta kosti.
5. Að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sjeu að öðru jöfnu látnir ganga fyrir öðrum, þegar nýir kennarar eru ráðnir.
6. Að kennarar sjeu ráðnir með samþykki hlutaðeigandi prests og sóknarnefndar.

Umsóknarbrjefum um styrk til sveitakennslu skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna (tölu nemanda, hvað hverjum þeirra hafi verið kennt, og hve lengi hver þeirra hafi notið kennslunnar), svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemandanna.

Umsóknarbrjef um styrk úr landssjóði til sveitakennslu eiga að vera stýluð til landshöfðingja og send stiptsyfirvöldunum svo tímanlega, að þau sjeu komin til þeirra fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og eiga þeim að fylgja nákvæmar skýrslur og vottorð um öll þau atriði, sem tilgreind eru hjer að framan.

Nd. 378. **Frumvarp**

til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu hjeraði, rita alla holdsveika í hjeraðinu í bók, er til þess sje gerð á þann hátt, er landlæknir ákveður í samráði við holdsveikislæknirn. Kostnað við kaup bókanna skal greiða úr landssjóði.

Einu sinni á ári semur læknir útdrátt úr bók þessari, eptir fyrirsögn landlæknis, og sendir honum.

2. gr. Þá er holdsveikur maður flytur úr einu læknisumdæmi í annað, ber lækni þess umdæmis, er sjúklingurinn fer úr, að tilkynna vistferlin lækni þess hjeraðs, sem sjúklingurinn flytur í.

3. gr. Læknum ber að hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í hjeruðum sínum. Þeir eiga að skýra sjúklingunum og samvistarmönnum þeirra frá því, hvers þeir eiga að gæta, til þess að sjúkdómurinn ekki berist á aðra, og sjá um, að ekki sje út af brugðið. Skyldir eru hreppstjórar og heilbrigðisnefndir að veita læknum lið við þessi störf, eptir því sem þeim er unnt.

4. gr. Holdsveikir menn skulu jafnan gæta þess, er hjer segir:

1) Holdsveikir mega ekki sofa hjá öðrum í rúmi; þó eru hjón undanþegin þessu banni, nema hlutaðeigandi læknir skipi öðruvísi fyrir.
2) Holdsveikir menn skulu hafa sjer hrákadalla og mega ekki hrækja á gólf í húsum manna.
3) Þeir skulu hafa matarílát og borðbúnað hverskonar, er þeir einir noti.
4) Rúmföt, íveruföt, matarílát og hverskonar borðbúnað holdsveikra skal þvo út af

fyrir sig. Umbúðir af sárum þeirra skal brenna, eða sjóða að minnsta kosti hálfa stund í vatni.

5) Holdsveikir menn mega ekki stunda börn, ekki þjóna óholdsveikum mönnum og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig.

6) Þeir mega eigi að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka á móti gestum.

Nú álítur læknir, að frekari varúðar sje þörf og megi við koma, og eru þeir þá skyldir að hlýða honum.

5. gr. Nú hefur holdsveikur maður notað íbúðarhús eða herbergi út af fyrir sig og mega þá aðrir menn ekki nota það hús eða herbergi, fyr en það hefir hreinsað verið, á þann hátt, er læknir skipar fyrir um. Sama er um föt, sængurfatnað og annað þess háttar, er holdsveikur maður hefir notað.

6. gr. Þá er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, skal húsráðandi á heimilinu þegar í stað skýra hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því, en hann lætur hlutaðeigandi lækni vita um það innan hálfs mánaðar. Nú hefur læknir fengið slíka tilkynningu, og ber honum þá þegar að annast, að íveruhús eða herbergi hins holdsveika manns, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eptir hann finnast, sje tafarlaust hreinsaðir eptir þörfum.

7. gr. Holdsveika menn, er njóta sveitarstyrks, skal setja á holdsveikisspítala, þá er hjeraðslæknir telur nauðsyn á því. Sje þeir eigi þar settir, skal þeim komið fyrir á þann hátt, að sem fyllst trygging sje fyrir því, að farið verði eptir fyrirmælum 4. gr.

Ef þess er kostur, skal þessu komið svo fyrir, að hjón sje ekki skilin þeim að nauðugu. Hafi ráðstafanir læknis slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því að eins lögmætar, að þær sje staðfestar af amtmanni.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

8. gr. Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar og læknis, lagt fyrir, að einnig aðrir holdsveikir menn verði fluttir á holdsveikisspítala. Þetta má þó því að eins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki eigi fylgt sem vera bar fyrirmælum 4. greinar eða varúðarreglum þeim, er læknirinn eptir síðasta lið sömu greinar hafði lagt fyrir hann, eða læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til að flytja sjúklinginn á holdsveikisspítala.

Þess skal einnig í þessum tilfellum gætt, að hjón sje eigi skilin þeim að nauðugu, ef hjá því verður komizt.

9. gr. Ef þörf gjörist, annast lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikissjúklinga, er samkvæmt lögum þessum eiga að fara á spítala.

10. gr. Kostnað allan við veru holdsveikra á holdsveikisspítala skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra holdsveikra manna, sem fluttir eru á spítala samkvæmt 8. gr. Flutning holdsveikra á spítala samkvæmt 7. gr. skal greiða úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði.

Nú hefur sjúklingur án leyfis forstöðumannanna farið af spítalanum, og skal hann þá sjálfur greiða kostnað þann, er af því leiðir að flytja hann þangað aptur, sje hann svo efnum búinn.

11. gr. Fyrir ferðir þær, er læknar verða að fara samkvæmt ákvæðum laga þessara, fá þeir sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.

Öll gjöld og kostnað við hreinsanir eptir 6. gr. skal greiða úr landssjóði.

12. gr. Brot gegn ákvæðum 5. gr. og á skýrslu-skyldu þeirri, er getur um í 6. gr., varða allt að 200 kr. sektum.

Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

13. gr. Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eptir að það hefur auglýst verið í B-deild stjórnartíðindanna, að spítali fyrir holdsveika sje fullgjör og til afnota, eða verði það innan ákveðins tíma.

Nd. 379. **Frumvarp**

til viðaukalaga við lög 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Skylt er prestum þjóðkirkjunnar að inna af hendi prestsverk, gegn venjulegri borgun, fyrir þá utanþjóðkirkjumenn, sem þess óska, og þeim eru gjaldskyldir, þar til þeir hafa fengið prest eða forstöðumann með konunglegri staðfestingu.

2. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, skulu — auk gjalda þeirra, er tilgreind eru í lögum 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn — lausir við að gjalda fasteignartiund til presta þjóðkirkjunnar.

3. gr. Þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn úr landssjóði, er leiðir af á kvæðum 2. gr.

Ed. 380. **Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834, o. fl. (eins og það var samþykkt við 2. umr. í ed.).

1. gr. Hver maður skal eiga rjett til framfærslu í þeim hreppi eða því bæjarfjelagi, þar er hann hefir síðast dvalið 1 ár búsettur, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang eptir 16 ára aldur, svo framarlega hann eigi hefir hin síðustu 5 ár þegið sveitarstyrk, sem er óendurgoldinn.

2. gr. Hver sá maður, karl eða kona, er á hinum síðustu 5 árum hefir þegið sveitarstyrk, og ekki endurgoldið hann, má ekki giptast, nema því að eins, að sveitarstjórnin þar, sem maðurinn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

3. gr. Hreppur sá eða bæjarfjelag, þar er þurfamaður dvelur, sem beiðist sveitarstyrks, skal, ef styrkurinn álízt nauðsynlegur, veita þurfamanninum fátækrastyrk eða framfærslu til bráðabirgða, þótt hann sje þar eigi sveitlægur, þangað til hann getur fengið nauðsynlegan styrk frá framfærsluhreppi sínum.

Þá er þurfamanni er veittur sveitarstyrkur, sem sveitarstjórnin vill fá endurgoldinn frá framfærsluhreppi hans, skal hún láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn fyrir vottum, til að fá skýrslu um þessi atriði:

a, nafn, aldur, fæðingarheimili og fæðingarstað þurfalingsins; sje þurfalingurinn giptur eða hafi verið giptur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gipzt.

b, æfiferil hans eptir 16 ára aldur, og sjerstaklega hvar hann hafi síðast átt lögheimil um eins árs tíma.

c, hvort og hvenær og hvar hann hafi þegið sveitarstyrk á síðustu 5 árum, og hvort hann sje endurgoldinn.

d, heimilisástæður og hag þurfamannsins yfir höfuð, og hvers vegna hann sje orðinn þurfandi.

Sje skýrslan gefin fyrir sýslumanni, skal hún tekin í rjetti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún vera skrifleg, og undirskrifuð af honum og vottunum og þurfamanninum, ef hann er skrifandi; að öðrum kosti handsalar hann nafn sitt undir hana.

4. gr. Sje skýrsla sú, sem ræðir um í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkur er veittur, svo framarlega að þess hefir verið kostur, missir hlutaðeigandi sveitarfjelag tilkall til endurgjalds á honum.

5. gr. Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 3. gr., og skal þá sveitarstjórnin, áður en mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni eða bæjarfógeta áskorun um, að rannsaka svo fljótt sem við verður komið, hvar þurfalingurinn sje sveitfastur, svo framarlega þetta eigi þegar er fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal einnig send skýrsla sú, sem um er rætt í 3. gr. Vanræki sveitarstjórnin án brýnna orsaka að gjöra það, er fyrir er mælt í þessari grein, missir hrepps- eða bæjarsjóðurinn rjett til endurgjalds á hinum veitta styrk.

6. gr. Þegar gjörð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurjett þurfalings í hreppi sínum eða bæjarfjelagi, skal sveitarstjórnin, áður en 4 vikur eru liðnar frá því fyrirspurnin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana. Að öðrum kosti skal það varða henni sektum eptir ákvæði sýslumanns.

7. gr. Dvalarsveit og framfærslusveit manns þess, er þegið hefir sveitarstyrk, hafa hvor um sig rjett til að krefjast þess, að þurfalingurinn sje fluttur þurfamannaflutningi á framfærsluhrepp sinn.

8. gr. Þurfaling má eigi flytjafátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje sannað, hvar hann eigi framfærslurjett annaðhvort með yfirlýsingu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar þeirrar, er hlut á að máli, eða með úrskurði yfirvalds.

9. gr. Nú á þurfalingur að flytjast til framfærslusveitar sinnar, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti gefa honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skal fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri en einn er að ræða. Skulu nöfn þeirra og aldur tilgreint.

10. gr. Dvalarsveit eða framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann; en náist eigi samkomulag um það, getur dvalarsveitin ein annast flutninginn.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

11. gr. Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg; eða sjóveg, svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

12. gr. Eigi má flytja þurfaling fátækraflutningi, ef hinn veitti sveitarstyrkur

nemur eigi meiru en 100 kr., nema því að eins, að bersýnilegt sje, að þurfamaðurinn sje kominn á stöðugt sveitarframfæri.

13. gr. Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveitin $^1/_4$ hluta, en framfærslusveitin $^3/_4$ hluta; skal kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess hrepps eða bæjarfjelags, sem annast flutninginn.

14. gr. Af tekjum hreppssjóðs eða bæjarsjóðs skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn árlega leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands sem eign hreppsins eða bæjarfjelagsins 1—4%, eptir því sem hreppsnefndin eða bæjarstjórnin sjálf ákveður.

Vextir af innlögunum leggjast óskertir við höfuðstólinn, þangað til þeir árlega nema helmingi hærri upphæð en hreppurinn eða bæjarfjelagið hefir frá upphafi lagt í sjóðinn að meðaltali ár hvert. Upp frá því greiðist helmingurinn af ársvöxtunum í hreppssjóðinn, en hinn helmingur vaxtanna leggst við höfuðstólinn. Sömuleiðis getur hreppurinn eða bæjarfjelagið, sem í hlut á, frá sama tíma hætt að greiða í Söfnunarsjóðinn tillag samkvæmt upphafi þessarar greinar.

15. gr. Ákvæði þau í Reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi, 8. jan. 1834, Opnu brjefi 6. júlí 1848, um breyting á 6. gr. í nefndri reglugjörð, og Opnu brjefi 17. apríl 1868 um þurfamannaflutningskostnað, sem koma bága við lög þessi, skulu úr gildi numin.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 12 mánuðum eptir að birt hefir verið í stjórnartíðindunum deildinni B, að þau hafi hlotið staðfestingu konungs.

Nd. 381. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um brúargjald.

Frumvarp þetta hefir undirrituð nefnd, sem máli þessu hefir verið vísað til, tekið til athugunar og jafnframt borið sig saman við flutningsmann þess, og er það álit nefndarinnar, að tilgangur frumvarpsins sje heppilegur og að það muni geta orðið þarfleg rjettarbót.

Hins vegar álítur nefndin eigi rjett að jafna gjaldi þessu á fasteignina í landinu, og leggur því til, að breytingar í þá átt verði gjörðar á frumvarpinu.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr.
   Orðin: »hvert fasteignarhundrað« falli burt.
2. Við 1. gr. Aptan við greinina bætist: nema það sje samþykkt af $^2/_3$ nefndarmanna og amtsráðið veiti samþykki sitt.
3. Við 2. gr. Orðið »fasteignarhundraða« falli burt.

Neðri deild alþingis 9. ágúst 1897.

Guðl. Guðmundsson form. og framsögum. — Þórður J. Thoroddsen skrifari.

Guðjón Guðlaugsson. — Halldór Daníelsson. — Sighv. Árnason.

Nd. 382. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um aðra skipun læknishjeraða á Íslandi og fl.

Vjer undirritaðir, sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefir kosið í nefnd, til þess að íhuga frumvarp þetta, sem komið er frá háttv. efri deild, höfum íhugað mál þetta vandlega á mörgum nefndarfundum, og leyfum oss að ráða deildinni að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 17. töluliður 1. gr. orðist svo: Steingrímsfjarðarhjerað: Nyrðri hluti Strandasýslu að Ennishöfða.
2. 18. töluliður 1. gr. orðist svo: Borðeyrarhjerað: Óspakseyrar- og Bæjarhreppar í Strandasýslu, Staðar-, Torfastaða- (Fremri og Ytri) og Kirkjuhvammshreppar í Húnavatnssýslu
3. 19. töluliður 1. gr. orðist: Blönduóshjerað: Hinn hluti Húnavatnssýslu, nema Svartárdalur.
4. 21. töluliður 1. gr. orðist: Seiluhjerað: Seilu-, Lýtingsstaða- og Akrahreppar í Skagafjarðarsýslu og Svartárdalur í Húnavatnssýslu.
5. 26. töluliður 1. gr. Fyrir: Húsavíkur- og Keldunesshreppar komi: og Húsavíkurhreppar.
6. Í stað 27. tölul. 1. gr. komi:
   27. Axarfjarðarhjerað: Keldunes-, Fjalla- og Skinnastaðahreppar, og Presthólahreppur að Skinnalónsheiði
   28. Þistilfjarðarhjerað: Hinn hluti Norður-Þingeyjarsýslu.
   Töluliðatalan í 1. gr. breytist samkvæmt ofanrituðu.
7. Í stað orðanna í 1. gr. fyrir: »35. Austur-Skaptafellsýslu hjerað« komi: 36. Hamarsfjarðarhjerað.
8. 37. tölul., sem verður 38. tölul., orðist svo: Eyjafjallahjerað: Hvamms- og Dyrhólahreppar í Skaptafellssýlu, báðir Eyjafjallahreppar og Austur-Landeyjahreppur í Rangárvallasýslu.
9. 39. tölul., sem verður 40. tölul., orðist svo: Rangárhjerað: Rangárvallasýsla, nema Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar og Austur-Landeyjahreppur.
10. Aptan við 1 gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
    Nú er hjeraðslæknis vitjað úr öðru hjeraði til konu í barnsnauð, eða í öðru jafnbrýnu tilfelli, fyrir þá sök, að hægra er til hans að ná en hlutaðeigandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur eins og hjeraðsbúi hans ætti í hlut.
11. Í 2. gr. frumvarpsins falli burtu orðin: »en ábýlisjörð svo fljótt« o. s. frv. til »verður viðkomið«
12. Orðið »Þingeyrar« í 3. málsgrein 3. gr. falli burtu.
13. 4. málsgrein 3. gr. orðist svo: Í 4. flokki eru: Kjósar-, Mýra-, Nauteyrar-, Seilu-, Fáskrúðsfjarðar-, Berufjarðar, Flateyjar-, Vestmannaeyja-, Axarfjarðar- og Þistilfjarðarhjeruð
14. Í stað orðanna í 4. gr.: »1. þegar leitað er ráða . . . . læknisfyrirsögn« komi:

1. Þegar leitað er ráða til þeirra heima, eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en 1/10 úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn . . . . . kr. 0,25 — kr. 1,00

15. Orðin í 4. gr.: »geri lítilsháttar . . . . til 1 kr.« falli burtu.
16. Á eptir o ðinu í 4. gr.: »tvöfaldast borgunin« komi:
2. Fyrir að gjöra lítilsháttar skurði og binda um, draga út tönn, ná þvagi af manni, eða því um líkt . . . . . kr. 0,50 — kr. 1,00
17. Tala eptirfarandi töluliða í 4. gr. breytist eptir framan sögðu.
18. Orðin í 2. tölul. 4. gr. (sem verður 3. tölul.): »og læknishjálp á því« falli burtu.
19. Við 3. tölul. (sem verður 4. tölul.) 4. gr. Í stað: »2 kr.« komi: 1—2 kr.
20. Við 4. tölul. (sem verður 5. tölul.) 4. gr. Í stað: »3 kr.« komi: 2—4 kr.
21. Við 5. tölul. (sem verður 6. tölul.) 4. gr. Í stað: »6 kr.« komi: 4—8 kr.
22. Í stað 6. og 7. tölul. 4. gr. komi:
7. Fyrir að hjálpa sængurkonum með verkfærum eða án þeirra . 2—8 kr.
23. Á eptir orðunum »hjer er talið« í 4. gr. komi ný málsgrein svo látandi:
Þurfi læknir aðstoðar við hina meiri háttar líkamsskurði, skal að auki greiða sanngjarna borgun fyrir þá aðstoð.
24. Síðasta málsgrein 4. gr.: »Læknum ber eigi borgun« o. s. frv. falli burtu.
25. Við 2. tölul. 5 gr. Í stað: »16 kr.« komi: 8—16 kr.
26. Við 4. tölul. 5. gr. Í stað: »3 kr.« komi: 2—3 kr.
27. Við 5. tölul. 5. gr. Í stað: »5 kr.« komi: 3—5 kr.
28. Á eptir orðin í 6. gr.: »Verði læknir« komi: að takast ferð á hendur.
29. Orðin í 6. gr: »að takast ferð á hendur« falli burtu.
30. Í stað orðanna í 6. gr: »3 kr.« komi: 4 kr.
31. Í stað orðanna í 6. gr.: »hvern heilan dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir part úr degi« komi: hverjar 12 kl.stundir, sem hann er á ferð, eða að læknisstörfum, og að því skapi fyrir styttri tíma.
32. Úr fyrirsögninni falli orðið »aðra«

Alþingi 10. ágúst 1897.

Pjetur Jónsson (formaður). Einar Jónsson. Guðjón Guðlaugsson.

Þórður J. Thoroddsen (framsögumaður). Sighv. Árnason.

Við undirskrifaðir höfum eigi getað orðið samdóma hinum háttvirtu meðnefndarmönnum okkar um það atriði, að allir læknar hafi eptirlaunarjett, en með því að eigi mun til neins að fara fram á það, að allir hjeraðslæknar sje eptirlaunalausir, leggjum vjer það til, að á eptir orðinu í 3. gr. »greiðast úr landssjóði« komi ný málsgrein svo látandi:

Landshöfðingi veitir embættin í 4. flokki, og fylgir þeim eigi eptirlaunarjettur.

Alþingi 10. ág. 1897.

Skúli Thoroddsen skrifari og framsögumaður minni hlutans. Jón Jónsson, þm. A.-Skf.

Ed. 383. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 384. **Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi, og sje annar þeirra jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 4000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

Til aukakennslu við skólann má árlega verja allt að 2500 kr. Öll útgjöld skólans greiðast úr landssjóði.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Ed. 385. **Frumvarp**

til laga um lögaldur (eins og það var samþykkt við 2. umr. í e. d.)

Hver karlmaður, og hver ógiptur kvennmaður, verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16 ára, en fullráður fjár síns 20 ára, og getur þá og tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Nd. 386. **Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 3 2. febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í ed.).

1. gr Þeir karlar eða konur, sem stunda nám í föstum skólum að minnsta kosti 6 mánuði af árinu, skulu undanþegnir vistarskyldunni það ár.

2. gr. Skyldur skal hver lausamaður, þegar þess er krafizt, að hafa ilt sýnis auk leyfisbrjefsins skírteini það, sem ræðir um í 3. gr. laga nr. 3 2. febr. 1894, staðfest af hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta, í hvaða hjeraði sem hann er staddur; einnig skal hver húsbóndi skyldur, að láta hjú sitt, er hann lætur stunda atvinnu í annari sveit, hafa samskonar staðfest skírteini um stöðu þess og heimili.

Brot móti þessari grein varðar sektum, 5—20 kr., sem renni í fátækrasjóð

þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í. Húsbóndi endurborgi hjúi sekt og málskostnað, er það verður fyrir sökum vanrækslu hans.

3. gr. Engum lausamanni skal heimilt að taka nokkurn mann sem hjú. Brot gegn þessari grein varða 10—100 kr. sekt, er renni í fátækrasjóð þess hrepps, sem brotið verður uppvíst í.

Nd. 387. **Frumvarp**

til laga um breyting á tilsk. 26. maí 1863 um lausamenn og húsmenn og á lögum nr. 1 12. jan. 1888 um þurrabúðarmenn (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er 20 ára að aldri og eigi þiggur af sveit, er heimilt að gjörast húsmaður eða þurrabúðarmaður, og þarf hann eigi til þess að leita leyfis hjá sveitarstjórninni, þar sem hann ætlar að setjast að. Þurrabúðarmaður skal þó færa sönnur á, að hann eigi, auk alls klæðnaðar fyrir sig og sitt skuldalið, skuldlausa fjármuni í peningum eða öðrum fjemætum munum, er nema að minnsta kosti 400 kr., að uppbæð. Þó má valdsmaður gjöra undantekningu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því. Með húsmönnum teljast þeir, er ekki hafa stærri part úr jörðu til ábýlis en 1 hundrað.

2. gr. Rjett er, að húsmaður eða þurrabúðarmaður greiði þar lögboðin gjöld, sem heimili hans er. Greiði hann eigi gjöld þessi í gjalddaga, er húsráðandi sá eða landsdrottinn, sem húsmaðurinn eða þurrabúðarmaðurinn hefir heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, sem gjaldþegninn á og teknar verða lögtaki.

3. gr. Hver húsráðandi eða bóndi, sem tekur mann í húsmennsku á heimili sitt eða tómthúsmann á lóð sína, skal framfæra húsmanninn eða tómthúsmanninn, ef hann verður ósjálfbjarga, svo sem væri hann vinnuhjú hans.

Ed. 388. **Tillaga**

til þingsályktunar um, að sjermál Íslands verði eigi borin upp í ríkisráði Dana.

Frá nefndinni í stjórnarskrármálinu.

Alþingi ályktar að skora á ráðherra Íslands, að hann hlutist til um, að lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, verði ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess.

Ed. 389. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingu á og viðauka við fátækrareglugjörð 8. jan. 1834, o. fl.

Frá nefndinni.

Við 1. gr. Staðinn fyrir: »5 ár«, komi: 3 ár.

Við 2. gr. Fyrir: »maðurinn«, komi: karlmaðurinn.

Við 6. gr. Í staðinn fyrir orðin: »Að öðrum kosti — sýslumanns« komi: Vanræksla í þessu efni skal varða hreppsnefnd sektum eptir dómi, og á hið opinbera sókn á máli út af broti því.

Nd. 390. **Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um innflutningsgjald af smjörlíki.

Vjer, sem kosnir vorum í nefnd til þess, að íhuga frumvarp til laga um innflutningsgjald af smjörlíki, höfum orðið sammála um, að frumvarpið myndi miða í þá átt, að beina verzlun landsins í eðlilegt lag að því er snertir smjör og annað feitmeti, þar sem útflutningur á feitmeti mun nærfellt jafnast við innflutning, að pundatali. Eigi að síður hefir nefndinni fundizt upphæð gjaldsins fullhá, og þykir hæfilegt, að hún sje 10 a. á pundi. Ennfremur þykir nefndinni vanta ákvæði um innheimtu gjaldsins og greiðslu, en lætur sjer nægja, að taka upp í frumvarpið skírskotun til laga um aðflutningsgjald á kaffi og sykri, 9. ág. 1889. — Samkvæmt þessu ræður nefndin til, að frumvarpið sje samþykkt með þessum breytingum:

1. Fyrsta grein orðist svo:

   Af smjörlíki (Margarine), sem flutt er til Íslands, skal greiða aðflutningsgjald í landsjóð, 10 aura af hverju pundi.
2. Á eptir 1. gr. komi 2 nýjar greinar svo hljóðandi:
   2. gr. Um greiðslu gjaldsins og innheimtu, um tollskýrslur og um sektir gilda öll hin sömu ákvæði og um aðflutning á kaffi og sykri, samkv. lögum 9. ágúst 1889.

   3. — Um mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið samkvæmt þeim reglum, sem gilda um opinber lögreglumál.
3. 2. gr. verði 4. gr.
4. Í fyrirsögninni komi: aðflutningsgjald fyrir »innflutningsgjald«.

Í sambandi við þetta höfum vjer tekið til athugunar útflutning á tólg, og komizt að þeirri niðurstöðu, að sanngjarnt væri að leggja útflutningsgjald á hana, svo að sjávarmenn eigi hægt með að ná kaupum á þeirri vöru.

Vjer höfum tekið eptir því, að samkvæmt skýrslum um útfluttar vörur hjeðan af landi árið 1895 eru talin útflutt nálægt 46000 pd. af tólg, en fyrir allt þetta feitmeti er talið að landsbúar fái um 10 þús. kr. Aptur á móti telja hinar sömu skýrslur innflutt smjör (þar með talið smjörlíki) nálægt 60 þús. pd., og borga landsbúar fyrir það 36000 kr.; en athugavert er, að sumt af þessu mun, eptir því sem næst verður komizt, vera íslenzkt smjör, sem gengur frá einum landsfjórðungi til annars, svo að hið innflutta viðbit mun varla vera meira en 39 þús. pd., eða hjer um bil 7000 pd. minna en íslenzka tólgin, sem út er flutt. Þetta finnst oss benda á, að viðskiptin í þessari grein sjeu í öfugu horfi, og landsbúar ættu ekki að þurfa að sækja svo mikið af viðbiti til útlanda, ef þeir kynni rjett að nota það, sem landið gefur af sjer, og hættu að kaupa útlenda vöru, sem er meira en helmingi dýrari. Oss finnst því full ástæða til að löggjafarvaldið gjöri sitt til þess, að efla hagfeld innanlandsviðskipti, og í þá átt stefnir það, að leggja nokkurn toll á innflutt smjörlíki og útflutningstoll á tólg.

Nefndin leyfir sjer því, að leggja fyrir hina heiðruðu deild frumvarp um útflutningsgjald af tólg.

Alþingi, 10. ágúst 1897.

Tr. Gunnarsson, formaður og framsm. Pjetur Jónsson, skrifari.

Björn Sigfússon.

Nd. 391. **Frumvarp**

itl laga um útflutningsgjald á tólg.

Frá nefndinni í frv. til laga um innflutningsgjald á smjörlíki.

1. gr. Af tólg, sem flutt er frá Íslandi til útlanda, skal greiða útflutningsgjald í landssjóð, 3 aura af hverju pundi.

2. gr. Um gjaldheimtu, gjaldgreiðslu og sektir gilda sömu ákvæði og um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. samkvæmt lögum 4. nóv. 1881.

3. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið samkvæmt þeim reglum, sem gilda um opinber lögreglumál.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1898.

Nd. 392. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

Frá Valtý Guðmundssyni, Jens Pálssyni, Sk. Thoroddsen, Jóni Þórarinssyni, Halldóri Daníelssyni, Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Við 1. gr. fyrir 18000 kr. komi: 16000 kr.
2. Við 2. gr. fyrir 3000 kr. kr. komi: 2700 kr.

Nd. 393. **Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögunum.

Flutningsmaður: Guðl. Guðmundsson.

1. gr. Burðareyrir undir blöð og tímarit í krossbandi skal vera 20 au. undir hvert pund, hvort heldur flutt er á sjó eða landi, og jafnt á öllum tímum árs, sje þau afhent til flutnings á pósthús áður en 1. eða 2. póstferð fellur eptir að ritið kom út, enda sje allt það, sem senda skal með hverri póstferð af sama blaði eða tímariti, afhent í einu til póstflutnings. Póstmaður vegur allar sendingarnar í einu lagi, og greiðir sendandi fyrir fram burðargjald í peningum, eptir samanlagðri pundatölu, gegn skriflegri kvittun.

2. gr. Póstmaður skal skrá halda yfir öll blöð og tímarit, sem þannig

eru afhent á póststöð hans; skal hún bera með sjer, hve mikill þungi af hverju þeirra um sig er sendur með hverri póstferð. Þessa skrá skal hann láta fylgja póstreikningnum.

3. gr. Um blöð og tímarit, sem send eru á annan hátt en nú var mælt, fer svo sem eldri lög mæla fyrir.

4. gr. Verði ágreiningur um, hvort eitthvert rit sje rjett talið blað eður tímarit, sker landshöfðingi úr; en ekkert það rit, er sjaldnar kemur út en 4 sinnum á ári, skal heimfært verða undir þessi lög.

Nd. 394. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun búnaðarsjóðs. Frá Þorl. Guðmundssyni.

1. Við 3. gr. fyrir »2%« komi: «2½%«; fyrir »5 árum« komi: »3 árum«; fyrir »20 árum« komi: »15 árum«; fyrir »1/20 á ári« komi: »1/15 á ári«.
2. Við 4. gr. í stað orðanna: »með meiri hluta« komi: »með 2/3«.
3. Við 5. gr. aptan við greinina bætist ný málsgrein: Lánbeiðnum fylgi ennfremur skýrsla um það, til hvernig lagaðra jarðabóta lánum eigi að verja

Nd. 395. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr. og að konungsúrskurður 26. sept. 1833 skuli numin úr gildi. Frá Jóni Jenssyni, Jóni Þórarinssyni, Eiríki Gíslasyni, Jens Pálssyni, Birni Sigfússyni og Þorláki Guðmundssyni.

1. Frumvarpsgreinin orðist svo: Gjald það, er þeir, er ljúka burtfararprófi við lærða skólann, eiga samkvæmt reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr., og konungsúrskurði 26. sept. 1833 að greiða til skólabókasafnsins, skal eptirleiðis renna í Bræðrasjóð skólans.
2. Fyrirsögnin orðist svo: Frv. til laga um breyting á reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr. og konungsúrskurði 26. sept. 1833.

Nd. 396. **Frumvarp**

til laga um innleiðslu metrakerfisins fyrir mál og vog. Frá Jóni Jenssyni

1. gr. Frumeining lengdarmálsins er hinn franski metri. Kilometri er 1000 metrar. Hektometri er 100 metrar. Einn metri er 10 decimetrar, 100 centimetrar og 1000 millimetrar.

Frumeining flatarmálsins er ferhyrningsmetrinn. Einn ari er 100 ferhyrningsmetrar. Einn hektari er 100 arar.

Frumeining rúmmálsins er teningsmetrinn. Einn litri er $^1/_{1000}$ teningsmetri. Einn hektolitri er 100 litrar. Einn litri er 10 decilitrar og 100 centilitrar.

Frumeining vogarinnar er kilogrammið (kilo). Eitt kilogramm er 1000 grömm. Eitt hektogramm er 100 grömm. Eitt gramm er 10 decigrömm, 100 centigrömm og 1000 milligrömm. Ein smálest (ton) er 1000 kilogrömm.

2. gr. Frá 6. júní 1899 skal eingöngu nota metrakerfið fyrir máli og vog við útreikning á öllum opinberum gjöldum. Frá sama tíma og til ársloka 1900 má nota metrakerfið manna á milli, þegar hlutaðeigendur koma sjer saman um það. Eptir árslok 1900 skal eingöngu nota metrakerfið fyrir máli og vog bæði við mælingar og í viðskiptareikningum verzlunarmanna, með þeirri einni undantekningu, sem tilnefnd er í 6. gr.

3. gr. Hlutfallið milli máls og vogar, er nú gildir, og metrakerfisins fyrir máli og vog, skal reikna þannig:

1 míla	7,5	kílometrar
1 fet	0,31385	metrar
1 ferhyrningsalin . . .	0,394	ferhyrningsmetrar
1 dagslátta (vallar-) . .	31,914	arar
1 pottur	0,9661	litrar
1 pund	0,5	kilogrömm.

Við aðflutningsgjald og útflutningsgjald til landssjóðsins skal þó 1 pottur reiknast 1 litri, 1 síldartunna (108 pottar) 104 litrar, 1 venjuleg lagartunna (120 pottar) 116 litrar, og 1 öltunna (136 pottar) 131 litri.

4. gr. Konungur skipar nákvæmar fyrir um það, sem með þarf út af lögum þessum.

5. gr. Brot gegn 2. gr. í lögum þessum varða sektum til landssjóðs frá 10 kr. til 100 kr., að því leyti sem eigi liggur þyngri hegning við þeim eptir öðrum lögum. Málin skal fara með sem opinber lögreglumál.

6. gr. Allar þær ákvarðanir, er fara í bága við lög þessi, falla úr gildi jafnskjótt og þær geta eigi samrýmzt þeim.

Lög þessi snerta þó eigi tilskipun um skipamælingar, dags. 25. júní 1869, og ákvarðanir þær, sem standa í sambandi við hana.

Nd. 397. **Fyrirspurn**

til landshöfðingja um landsbankann.

Frá Skúla Thoroddsen, Guðl. Guðmundssyni, Kl. Jónssyni.

Er þeim fyrirmælum í 1. gr. laga nr. 24. frá 2. okt. 1891, að framkvæmdarstjóri landsbankans megi aldrei hafa embættisstörf eða önnur atvinnustörf á hendi, framfylgt af landstjórninni?

Ed. 398. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Frá landshöfðingja.

1. Við 10. gr. B. 3.
   Á eptir staflið b. komi nýr stafliður svo hljóðandi:
   Til steingirðingar við gafla og suðurhlið hegningarhússins . . . 1600 kr.
2. Við 10. gr. C. 1. c. til kostnaðar við sending með póstum.
   Fyrir: »350 kr.« komi: 450 kr.
3. Við 11. gr. 7. Ársútgjöld við holdsveikraspitalann.
   Fyrir: »4250 kr. — 17000 kr.« komi: 5025 kr. — 21000 kr.
4. Við 12. gr. 3. til flutningabrauta.
   Fyrir: »24000 kr. — 15000 kr.« komi: 27000 kr. — 18000 kr.
5. a. Við sömu grein 4, til þjóðvega.
   Fyrir: »66000 kr.« komi: 60000 kr.

   b. Við athugasemdina.
   Fyrir: »36000 kr.« komi: 30000 kr.
6. Við 13. gr. A. b.
   Á eptir 9. tölulið komi nýr liður svohljóðandi:
   Til að útvega harmonium í Vestmannaeyjakirkju 350 kr.
7. Við 13. gr. B. V. b. 5. til stýrimannaskólans — til að byggja skólahús.
   Fyrir: »19850 kr.« komi: 20000 kr.
8. Við sömu gr. C. 26.
   Þessi liður falli burt og í stað hans komi:
   Styrkur til Otta Guðmundssonar til þess að kynnast erlendum skipasmíðum . . . . . 1000 kr.

Ed. 399. **Frumvarp**

til laga um breyting á reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr. og konungsúrskurði 26. sept. 1833 (eins og það var samþ. við 3. umr. í nd.).

Gjald það, er þeir, er ljúka burtfararprófi við lærða skólann, eiga samkvæmt reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr., og konungsúrskurði 26. sept. 1833 að greiða til skólabókasafnsins, skal eptirleiðis renna í Bræðrasjóð skólans.

Ed. 400. **Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Örnólfsdalsá (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Stjórninni veitist heimild til að láta gjöra járnhengibrú á Örnólfsdalsá við Norðtungu í Mýrasýslu og verja til þess allt að 14000 krónum úr landssjóði.

Ed. 401. **Frumvarp**

til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Þegar spítali handa holdsveikum mönnum við Reykjavík er algjör og afhentur landsstjórninni, má verja 16,000 kr. til útbúnaðar hans.

2. gr. Við spítalann skal skipa sjerstakan lækni og hefir hann 2700 kr. að launum. Skal læknir þessi, auk læknisstarfa við spítalann og yfirumsjónar á honum, skyldur að gegna kennslu í einni eða fleirum vísindagreinum við læknaskólann án sjerstakrar þóknunar.

3. gr. Árleg útgjöld til spítalans skal veita á fjárlögunum.

4. gr. Á spítala þessum skal veita móttöku sjúklingum þeim, er þangað eru sendir samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Sje rúm fyrir fleiri sjúklinga, má einnig taka við öðrum holdsveikum mönnum, er sjálfir æskja að fara á spítalann.

5. gr. Í stjórn spítalans eru amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu og landlæknir. Ef deild Odd-Fellow-reglunnar í Danmörku verður stofnsett hjer á landi, skal stjórn hennar hafa rjett til að skipa stjórn spítalans einum manni úr flokki reglunnar. Landshöfðingi semur eptir tillögum frá yfirstjórn spítalans reglugjörð fyrir hann og erindisbrjef fyrir þjónustumenn spítalans.

Ed. 402. **Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1896 og 1897 og í fjáraukalögunum fyrir árin 1894 og 1895, veitast 22,017 kr. 42 a. til útgjalda þeirra, sem talin eru í 2.—6. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna veitist

1.	Undir staflið B. 4. f. Til Stefáns Halldórssonar fyrv. prests í Hofteigi		kr. 116,03
2.	Undir staflið C. 9—10.		
	a. Til nýrra ljósfæra í Reykjanesvitann	kr. 5,500	
	b. Til forstöðumanns stýrimannaskólans M. Bjarnasonar, til þess að fara til Danmerkur og kynna sjer þar hirðingu minni vita	— 700	6200,00
		Samtals kr.	6316,03

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna, tölulið 7, til annara útgjalda til læknaskipunarinnar, undir staflið f. til undirbúnings holdsveikisspítala, veitast 3200 kr.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, undir staflið B. til vegabóta, veitast:

1)	undir b. til flutningabrauta	10,000
2)	tillag til þess að byggja hús handa brúarverðinum við Þjórsárbrúna	300
3)	til þess að kaupa að hálfu og járnklæða geymsluhús við Ölfusárbrúna við Selfoss	850
	Samtals kr.	11,150

5. gr. Sem viðbót við gjöldin til kirkju- og kennslumála í 13. gr. fjárlaganna veitast:

B. til kennslumála: II. læknaskólinn:

	kr.	a.
undir lið b. 5: Húsaleigustyrkur 1897 handa 5 stúdentum, 80 kr. handa hverjum þeirra	400	«

III. Hinn lærði skóli:

undir lið c.: Önnur útgjöld 7: kostnaður við prentun á minningarriti, er gefið var út við 50 ára afmæli skólans			338 57
V. Stýrimannaskólinn	kr.	a.	
undir b. Önnur útgjöld, 3: til eldiviðar og ljósa 1897	30	»	
4: fyrir húsnæði handa skólanum 1897	300	»	330 »
		alls...	1,068 57

6. gr. Sem viðbót við fjárveitinguna í 4. gr. fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 til ráðstafana gegn bráðafárinu veitast 282 kr. 82 a.

Nd. 403. **Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834, o. fl. (eins og það var samþykkt við 3. umr. í ed.).

1. gr. Hver maður skal eiga rjett til framfærslu í þeim hreppi eða því bæjarfjelagi, þar er hann hefir síðast dvalið 1 ár búsettur, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang eptir 16 ára aldur, svo framarlega hann eigi hefir hin síðustu 3 ár þegið sveitarstyrk, sem er óendurgoldinn.

2. gr. Hver sá maður, karl eða kona, er á hinum síðustu 5 árum hefir þegið sveitarstyrk, og ekki endurgoldið hann, má ekki giptast, nema því að eins, að sveitarstjórnin þar, sem karlmaðurinn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

3. gr. Hreppur sá eða bæjarfjelag, þar er þurfamaður dvelur, sem beiðist sveitarstyrks, skal, ef styrkurinn álízt nauðsynlegur, veita þurfamanninum fátækrastyrk eða framfærslu til bráðabirgða, þótt hann sje þar eigi sveitlægur, þangað til hann getur fengið nauðsynlegan styrk frá framfærsluhreppi sínum.

Þá er þurfamanni er veittur sveitarstyrkur, sem sveitarstjórnin vill fá endurgoldinn frá framfærsluhreppi hans, skal hún láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn fyrir vottum, til að fá skýrslu um þessi atriði:

a, nafn, aldur, fæðingarheimili og fæðingarstað þurfalingsins; sje þurfalingurinn giptur eða hafi verið giptur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gipzt.

b, æfiferil hans eptir 16 ára aldur, og sjerstaklega hvar hann hafi síðast átt lögheimili um eins árs tíma.

c, hvort og hvenær og hvar hann hafi þegið sveitarstyrk á síðustu 5 árum, og hvort hann sje endurgoldinn.

d, heimilisástæður og hag þurfamannsins yfir höfuð, og hvers vegna hann sje orðinn þurfandi.

Sje skýrslan gefin fyrir sýslumanni, skal hún tekin í rjetti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún vera skrifleg, og undirskrifuð af honum og vottunum og þurfamanninum, ef hann er skrifandi; að öðrum kosti handsalar hann nafn sitt undir hana.

4. gr. Sje skýrsla sú, sem ræðir um í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkur er veittur, svo framarlega að þess hefir verið kostur, missir hlutaðeigandi sveitarfjelag tilkall til endurgjalds á honum.

5. gr. Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 3. gr., og skal þá sveitarstjórnin, áður en mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni eða bæjarfógeta áskorun um, að rannsaka svo fljótt sem við verður komið, hvar þurfalinginn sje sveitfastur, svo framarlega þetta eigi þegar er fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal einnig send skýrsla sú, sem um er rætt í 3. gr. Vanræki sveitarstjórnin án brýnna

orsaka að gjöra það, er fyrir er mælt í þessari grein, missir hrepps- eða bæjarsjóðurinn rjett til endurgjalds á hinum veitta styrk.

6. gr. Þegar gjörð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurjett þurfalings í hreppi sínum eða bæjarfjelagi, skal sveitarstjórnin, áður en 4 vikur eru liðnar frá því fyrirspurnin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana. Vanræksla í þessu efni skal varða hreppsnefnd sektum eptir dómi, og á hið opinbera sókn á máli út af broti því.

7. gr. Dvalarsveit og framfærslusveit manns þess, er þegið hefir sveitarstyrk, hafa hvor um sig rjtet til að krefjast þess, að þurfalingurinn sje fluttur þurfamannaflutningi á framfærsluhrepp sinn.

8. gr. Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje sannað, hvar hann eigi framfærslurjett annaðhvort með yfirlýsingu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar þeirrar, er hlut á að máli, eða með úrskurði yfirvalds.

9. gr. Nú á þurfalingur að flytjast til framfærslusveitar sinnar, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti gefa honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skal fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri en einn er að ræða. Skulu nöfn þeirra og aldur tilgreint.

10. gr. Dvalarsveit eða framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann; en náist eigi samkomulag um það, getur dvalarsveitin ein annast flutninginn.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

11. gr. Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg; eða sjóveg, svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

12. gr. Eigi má flytja þurfaling fátækraflutningi, ef hinn veitti sveitarstyrkur nemur eigi meiru en 100 kr., nema því að eins, að bersýnilegt sje, að þurfamaðurinn sje kominn á stöðugt sveitarframfæri.

13. gr. Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveitin $^1/_4$ hluta, en framfærslusveitin $^3/_4$ hluta; skal kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess hrepps eða bæjarfjelags, sem annast flutninginn.

14. gr. Af tekjum hreppssjóðs eða bæjarsjóðs skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn árlega leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands sem eign hreppsins eða bæjarfjelagsins 1—4%, eptir því sem hreppsnefndin eða bæjarstjórnin sjálf ákveður.

Vextir af innlögunum leggjast óskertir við höfuðstólinn, þangað til þeir árlega nema helmingi hærri upphæð en hreppurinn eða bæjarfjelagið hefir frá upphafi lagt í sjóðinn að meðaltali ár hvert. Upp frá því greiðist helmingurinn af ársvöxtunum í hreppssjóðinn, en hinn helmingur vaxtanna leggst við höfuðstólinn. Sömuleiðis getur hreppurinn eða bæjarfjelagið, sem í hlut á, frá sama tíma hætt að greiða í Söfnunarsjóðinn tillag samkvæmt upphafi þessarar greinar.

15. gr. Ákvæði þau í Reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi, 8. jan. 1834, Opnu brjefi 6. júlí 1848, um breyting á 6. gr. í nefndri reglugjörð. og Opnu brjefi 17. apríl 1868 um þurfamannaflutningskostnað, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr gildi numin.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 12 mánuðum eptir að birt hefir verið í stjórnartíðindunum deildinni B, að þau hafi hlotið staðfestingu konungs.

Ed.

404. Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	I. Tekjur:		
1.	Skattur af ábúð og afnotum jarða og á lausafje	84,000 »	93,120 53
2.	Húsaskattur	8,000 »	9,656 16
3.	Tekjuskattur	26,000 »	27,958 20
4.	Aukatekjur	44,000 »	58,706 44
5.	Erfðaskrárskattur	4,000 »	5,252 51
6.	Gjöld af fasteignasölum	2,600 »	1,546 40
7.	Vitagjald	12,000 »	17,539 50
8.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000 »	6,340 42
9.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frádregnum 2% í innheimtulaun	60,000 »	99,572 02
10.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	240,000 »	264,015 36
11.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtnlaun...	100,000 »	142,497 48
12.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	250,000 »	312,496 19
13.	Tekjur af póstferðum	40,000 »	56,044 66
14.	Óvissar tekjur	4,000 »	13,803 32
15.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	50,000 »	56,001 50
16.	Tekjur af kirkjum	700 »	839 36
17.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... Borgað upp í lán, veiting: 45,479 kr. 80 a., reikningur: 114,323 kr. 85 a.	56,000 »	71,634 02
18.	Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	10,000 »	12,003 82
19.	Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ...	4,000 »	7,953 55
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200 »	1,571 88
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 »	4,812 36
22.	Tillag úr ríkissjóði	143,000 »	143,000 »
	alls...	1147,500 »	1406,365 68
	II. Gjöld:		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 »	27,800 »
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna ...	33,600 »	62,260 93
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	49,816 66	47,378 77
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,995 14	167,207 62
	C. Ýmisleg útgjöld	73,600 »	71,043 77
4.	Til útgjalda við læknaskipunina...	117,844	106,086 19
	Fluttar	473,655 80	481,777 28

		Fjárveiting.		Reikningur	
		kr.	a.	kr.	a.
	Fluttar	473,655	80	481,777	28
5.	Til samgöngumála:				
	A. Til útgjalda við póststjórnina	93,500	»	97,265	54
	B. Til vegabóta	141,000	»	141,535	64
	C. Til strandferða	98,000	»	45,440	63
	D. Til annara samgöngumála	16,000	»	10,000	»
6.	Til kirkju- og kennslumála:				
	A. Í þarfir audlegu stjettarinnar	47,100	»	45,083	12
	B. Til kennslumálefna	175,566	»	169,198	56
	C. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta...	42,000	»	41,830	45
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200	»	8,743	50
8.	Eptirlaun og styrktarfje	86,000	»	81,909	93
9.	Til óvissra útgjalda	3,000	»	2,694	21
10.	Fjáraukaveitingar og útborganir samkvæmt nýjum lögum...	.....		77,969	59
11.	Tekjuafgangur	.....		202,917	23
	alls...	1181,021	80	1406,365	68

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1895 .....924,126 kr. 35 a.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1895 .....37,881 — 64 —
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1895 .....465,659 — 35 —
Í landsbankanum á hlaupareikningi .....100,000 — « —

Nd. 405. **Nefndarálit**

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um lax- og selveiði.

Vjer, er háttvirt neðri deild alþingis kaus til að íhuga framkomnar skýrslur um lax- og selveiði og gjöra tillögur um það, höfum íhugað mál þetta og skýrum hjer með frá áliti voru.

Nefndin hefir haft til meðferðar skýrslur og yfirlýsingar um lax- og selveiði úr öllum sýslum landsins nema Vestmannaeyjasýslu. Úr nokkrum sýslum hafa eigi komið skýrslur, heldur að eins yfirlýsingar um lax- og selveiði frá sýslumönnum, sýslunefndum eða einstökum mönnum. Að eins fáar af skýrslunum skýra ýtarlega frá veiði þessari; flestar eru næsta ónákvæmar og bera eigi með sjer, hver sje nettó-arður af veiðinni. Hins vegar er það allgreinilega tekið fram í nær öllum skýrslunum, að selurinn sje hinn mesti spellvirki fyrir laxveiðina og spilli stórkostlega þessari mikilsverðu atvinnugrein; það er og tekið fram í þeim og lýst yfir því, að miklar líkur sjeu til, að laxveiði muni stórum aukast í flestum þeim ám, þar sem nú er bæði lax- og selveiði, sje selurinn drepinn.

Vjer nefndarmenn erum og allir á þessari skoðun og teljum laxveiði miklu arðsamari yfirleitt heldur en selveiði. Er það því álit nefndarinnar, að

vert sje að hlynna að laxveiðinni, þessari arðsömu atvinnugrein, með því, að gjöra eitthvað til þess að útrýma selnum.

Nefndinni hefir verið falið til íhugunar »frumvarp til laga um eyðing sels í laxám«. Hún hefir vandlega athugað frumvarp þetta og er samþykk þeirri aðalstefnu þess, að rjett sje að eyða sel í ám og árósum, en aptur lítur nefndin svo á, að ákvæði frumvarpsins um skaðabæturnar, er gjört er ráð fyrir, að selveiðendur fái, sjeu ervið og óhagfelld í framkvæmdinni og geti eigi orðið að tilætluðum notum. Nefndin álítur, að eigi sje rjett, að láta laxveiðendur bæta þeim, er selveiði hafa, þó að selur sje drepinn, meðal annars af þeirri ástæðu, að ætla má, að laxveiði hafi mjög gengið til þurrðar af ákvæðunum um friðun sela í tilskipun 20. júní 1849, þar sem það er einhuga álit manna, að selurinn sje vargur gagnvart laxi og hafi spillt og spilli laxveiði meira en tölum verði talið. Það er hvorttveggja, að nefndin sjer svo mikil vandkvæði á því, að ákveða skaðabætur til handa selveiðendum, að hún þegar af þeirri ástæðu sjer eigi fært, að ganga inn á skaðabótaleiðina, enda verður nefndin að vera þeirrar skoðunar, að löggjafinn hafi eigi á sínum tíma með því að friða selinn bakað sjer skaðabótarskyldu, jafnskjótt og fengin er viðurkenning um, að friðun selsins komi í bága við annan almennt arðsamari atvinnuveg landsmanna. En þar sem nú nefndin telur rjett vera, að sel sje eytt, án þess að bætur komi fyrir, þá álítur hún að sjálfsögðu jafnframt sanngjarnt og eðlilegt, að selnum sje útrýmt á þann hátt, að selveiðendur bíði sem minnst tjón af, og að selalátrum því að eins sje eytt, að vissa sje fengin fyrir því, að þau gjöri laxgöngu auðsætt mein, en í þessu efni þótti nefndinni sú ein trygging nægileg, er fengist með úrslitum reglulegs gjörðardóms.

En jafnframt því, sem nefndin þannig eigi vildi ganga nær hagsmunum selveiðaeigenda en augnamið og stefna laganna útheimtir, hlaut hún á hinn bóginn að reisa skorður við því, að einstakir menn, einn eða fleiri, gætu misbeitt eignar- eða afnotarjetti sínum til þess, að ónýta tilgang laganna, án þess þó að ganga rjetti þeirra nær en óhjákvæmilegt var og almenningsþörf krefur.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, telur nefndin rjett, að selur sje ófriðaður skaðabótalaust umhverfis land allt í þeim ám, vötnum og lónum, ósum og fyrir ósamynnum, þar sem lax gengur, og leggur því til:

1, að deildin felli »frumvarp til laga um eyðing sels í laxám«, sem henni var fengið til álita; og
2, að deildin samþykki »frumvarp til laga um ófriðun á sel«, sem nefndin hefir samið.

Neðri deild alþingis, 12. ág. 1897.

B. Sveinsson	Eiríkur Gíslason	
formaður.	skrifari og framsögumaður.	
Björn Sigfússon.	Þorlákur Guðmundsson.	Jón Jónsson.

Nd. 406. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun búnaðarsjóðs, frá Pjetri Jónssyni.

1. 2. gr. orðist svo:

Starfsfje sjóðsins er 60000 kr. úr varasjóði bankans, er leggist inn á 5 fyrstu árunum eptir að sjóðurinn kemst á fót. Á sama árabili leggur landssjóður í sjóðinn 15000 kr. árlega. Ennfremur renna í sjóðinn vextir af lánum og öðrum eignum hans.

Þegar 5 ár eru liðin frá stofnun sjóðsins, skal auka hann með 1/5 hluta þess, er landsbankinn greiðir í varasjóð sinn, og þeim 5000 kr., er hann á að greiða landssjóði, hvortteggja árlega í 20 ár.

Ennfremur rennur í sjóð þennan andvirði seldra þjóðjarða frá því lög þessi öðlast gildi.

2. Við 3. gr. Í stað »2%« komi: 2½%.

Nd. 407. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um horfelli á skepnum.

Frá Sighvati Árnasyni.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um skoðanir á fjenaði og fóðurbirgðum.

Nd. 408. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu minni hluta nefndarinnar í læknaskipunarmálinu.

Frá Ólafi Briem.

Við 3. gr. Hin nýja málsgrein orðist þannig:

Hjeraðslæknar skulu skipaðir af landshöfðingja. Embættum þeirra fylgir eigi eptirlaunarjettur.

Nd. 409. **Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 3 2. febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Frumvarpi þessu hefir h. efri deild breytt þannig, að hún hefir fellt aptan af 1. gr. ákvæðið um, að menn, sem stunda nám við fasta skóla, sanni það fyrir hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta fyrir 1. maí, að þeir fái inngöngu á slíkan skóla. Tilsvarandi ákvæði hefir h. efri deild fellt aptan af fyrri málsgrein 2. greinar.

Að vísu teljum vjer breytingar þessar ekki sem heppilegastar, þar sem mönnum, sem ætla eða látast ætla að stunda nám, fyrir þær gefst færi til þess að skjótast undan vistarskyldunni án lögheimildar; en þar sem þessi tilfelli yrðu að líkindum fremur fá, og þar sem þessir menn geta ekki sloppið við sektir, þegar það verður uppvíst, að þeir hafa á engan skóla gengið, þá sjáum vjer

ekki, að þetta sje næg ástæða til þess að breyta frumvarpinu á ný, og ráðum því hinni háttvirtu neðri deild til þess að samþykkja frumvarpið eins og það er frá efri deild.

Alþingi 12. ágúst 1897.

Guðjón Guðlaugsson, formaður og framsögumaður. Þórður Guðmundsson.

Þorlákur Guðmundsson.

Nd. 410. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun búnaðarsjóðs.

Frá Þórði Guðmundssyni.

Við 5. gr. Á eptir orðunum í enda greinarinnar: »eigi síðar en 2 árum eptir að lánið er veitt« komi: eigi síðar en 4 árum eptir að lánið var veitt.

Ed. 411. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð.

Nefnd sú, er hin háttvirta efri deild vísaði máli þessu til, hefir eigi getað orðið á einu máli.

Meiri hluti nefndarinnar getur eigi sjeð, að frumvarp þetta gjöri ráð fyrir annari eða meiri kennslu í hinum fyrirhugaða skóla heldur en nú fer fram í Flensborgarskólanum með landsjóðsstyrk, og í þeim fjárlögum, sem nú eru lögð fyrir þingið, er gjört ráð fyrir, að hin sama kennsla haldi áfram næsta fjárhagstímabil. Meiri hluti nefndarinnar hefir heldur eigi heyrt, að kennslu þessari sje svo ábótavant, að nauðsyn sje á því að gjöra breytingu á henni fyrir þá sök. En breyting sú, sem hjer er farið fram á, mundi auka útgjöld landssjóðs um hjer um bil 3000 kr. á ári. Kennarakennsla þessi, sem nú er, er heldur ekki búin að standa svo lengi, að svo mikil reynsla sje enn komin af árangri hennar, að ráðlegt sje að setja hana í svo fastar skorður nú þegar, að erfitt og kostnaðarsamt verði að breyta henni bráðlega, ef þess kynni að virðast þörf.

Af þessum ástæðum sjer meiri hluti nefndarinnar sjer ekki annað fært en að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja ekki frumvarp þetta.

Alþingi 12. ág. 1897.

Jón A. Hjaltalín, skrifari. Jón Jakobsson, framsögum. Sigurður Stefánsson Sigurður Jensson.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála við meðnefndarmenn mína. Jeg verð að líta svo á, að eptir þeim mikla áhuga, sem þingið í mörg ár hefir haft á alþýðumenntun og með þeim ekki óverulegu og sífellt vaxandi fjárframlögum, sem henni eiga að vera til eflingar (til barnaskóla og sveitakennara), megi ekki dragast úr þessu, að koma kennarafræðslunni í fast horf og tryggilegra skipu-

lag en nú er, þar sem hún að eins hvílir á veitingu á fjárlögunum. Auk þess virðast þeir menn, sem varið hafa lífi sínu og töluverðum tilkostnaði af litlum efnum, til að afla sjer sem beztrar þekkingar á öllu því, er lýtur að alþýðlegum fræðslumálum og hafa mikinn áhuga á þessu máli, hafa sanngirniskröfu til þess, að þeir eptirleiðis geti, með viðunanlegum launakjörum, og við fasta kennslustofnun, varið óskiptum kröptum sínum til að útvega æskulýð landsins sem bezta kennslukrapta.

Það er í augum uppi, að sjerstök tilsögn, þekking og æfing útheimtist til að uppala góða kennara, og að það er eigi lítils vert, að sem flestir barnaskólakennarar og sveitakennarar geti orðið slíkrar menntunar aðnjótandi. En sú kennarafræðsla, sem fengin verður fyrir hina núverandi litlu fjárveitingu, 2200 kr., sem viðbótarkennsla í gagnfræðaskóla um mjög takmarkaðan tíma og með harla lausu og lítt ákveðnu skipulagi, getur ekki verið annað en mjög ófullkomin byrjun. Heiðraðir meðnefndarmenn mínir gjöra, að mínu áliti, of mikið úr kostnaðaraukanum. Flensborgarskólanum eru nú veitar alls 5200 kr. á fjárlögunum. Frv. gjörir ráð fyrir 6000 kr. í laun handa 3 kennurum; það er 800 kr. meira, og þótt auðvitað verði að gjöra ráð fyrir ýmsum öðrum þörfum til kennara- og gagnfræðaskólans, auk þess, sem skólaeignin leggur til, þá hygg jeg að fyrst um sinn mætti komast af með 1200—1600 kr. á ári, og yrði þá allur kostnaðaraukinn ekki meira en frek 2000 kr. á ári, en það er ekki svo mikið fje, að í það sje horfandi, þá er um nytsamlega og nauðsynlega stofnun er að ræða, sem eptir eðli sínu hefir mikla þýðingu fyrir menntun og uppeldi hinnar uppvaxandi kynslóðar. Enda getur alþingi sjeð um það með veitingu á hinum árlegu fjárlögum, að meiru fje verði ekki varið til skólans heldur en þörf er á.

Af ástæðum þeim, sem hjer eru taldar, leyfi jeg mjer að ráða hinni heiðruðu efri deild til að fallast á hið fyrirliggjandi frumvarp, sem jeg fæ ekki sjeð, að þurfi neinna breytinga við.

Alþingi 12. ágúst 1897.

Hallgr. Sveinsson.

Ed. 412. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi.

Nefnd sú, sem háttvirt efri deild kaus til að segja álit sitt um þetta mál hefur ekki getað orðið á eitt sátt.

Meiri hluti nefndarinnar telur frumvarp þetta, ef það verður að lögum, góða rjettarbót. Þess eru ekki svo fá dæmi, einkum nú upp á síðkastið, að kaupmenn hafa risið upp, sem eingöngu eða mestmegnis hafa haft áfengi á boðstólum, og þar sem því mun vart verða neitað, að slík verzlun sje fremur til ógagns en uppbyggingar, þá virðist rjett af löggjafarvaldinu að gjöra leyfi til áfengisverzlunar nokkru torfengnara en nú er eptir gildandi lögum. Þetta er gjört í frumvarpi þessu og er það í fullu samræmi við lögin frá 10. febrúar

1888 um leyfi til vínveitingar, þar sem ákvæði 2. gr. þessa frumvarps eru tekin orðrjett upp úr þeim lögum

Meiri hlutinn ræður því hinni háttvirtu efri deild til að samþykkja frumvarp þetta óbreytt.

Alþingi, 4. ágúst 1897.

Sigurður Jensson	Sigurður Stefánsson
formaður.	skrifari og framsögum.

Jeg hef eigi getað orðið samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum um, að rjett sje að samþykkja frumv. þetta óbreytt og skal því í fáum orðum gera grein fyrir ástæðum mínum.

Að vísu játa jeg, að mikil vínnautn sje skaðleg hverju landi og skuggahliðar hennar margar og sorglegar, og því sje það í sjálfu sjer mjög þarft verk af löggjafarvaldinu, að hnekkja henni og hindra útbreiðslu hennar, en á hina hliðina ber þess vel að gæta, að öllu því, sem löggjafarvaldið gjörir í þá átt, verði þannig fyrirkomið, að hvorki verði rjetti einstaklingsins til frjálsrar lífsfærslu og lífsnautnar of nærri gengið, nje á hinn bóginn það til bragðs tekið, sem fyrirsjáanlegt sje, að engan árangur muni bera.

Að því er þetta frumv. sjerstaklega snertir, þá virðist vera sá galli á því, að það framleiði sýnilegt misrjetti milli allra þeirra, sem þegar hafa fengið borgarabrjef og því nær allir verzla með áfengi sjer til stórmikils hagnaðar, og hinna, sem síðar munu fá það og ekki verða þessa hagnaðar aðnjótandi. — Einnig er mjög tvísýnt, hvort þetta frumv. mundi um alllangan tíma geta hnekkt vínsölunni að nokkrum verulegum mun, þar sem allir þeir, sem nú reka verzlun á Íslandi, hafa jafnan rjett eptir sem áður til að selja svo mikið af áfengi, sem þeir fá út komið, svo að allar líkur eru til, að minnsta kosti í öllum stærri kauptúnum landsins, að þau einkarjettindi, sem þannig myndast til áfengissölu, eigi líði undir lok fyr en eptir 3—4 áratugi —; og hver veit hvaða stefna þá verður uppi á baugi í þessu máli? Auk þess er samþykktarleiðin, sem hjer er farin, alls engin trygging fyrir að tilgangi frumv. verði náð, því það er að sjálfsögðu komið undir því, hve sterk bindindishreifingin er í hverju einstöku hjeraði, hvort rjettur til áfengissölu verður veittur eða eigi, og því minnstar líkur eru til að um hann verði neitað á þeim stöðum, þar sem þörfin væri mest á því. Þá er það og athugavert, að þar sem leyfið að eins er veitt til eins árs, þá getur vel fyrir komið, að vínsölurjetturinn verði á ýmsum stöðum ýmist veittur eða tekinn af sama manninum, ef til vill optsinnis á fárra ára fresti. Þá er og fyrirsjáanlegt, að samþykktarákvæði þessa frumv. munu geta leitt af sjer æsingar, flokkadrætti og úlfúð í fjelagslífinu; því allar líkur eru til í þeim tilfellum, sem hjer er um að ræða, að sókn og vörn verði allhörð, einkum þar sem svo er ástatt, að hinir andvígu flokkar eru því nær jafnliðsterkir (sbr. fiskiveiðasamþykktir og prestkosningar). — Jeg skal einnig geta þess, að mjer finnst mjög óviðfeldið að gjöra bæjarstjórnum og hreppsnefndum að skyldu að kalla saman almennan fund atkvæðisbærra manna, hvort sem þær vilja veita leyfi til áfengissölu eða eigi, því það leiðir af sjálfu sjer, að slíkir fundir eru með öllu

þýðingarlausir, þegar þær eru leyfinu mótfallnar, þar sem samþykki þeirra er gjört að skýlausu skilyrði fyrir leyfinu.

Sökum þessara annmarka, sem nú eru taldir á frumv., hefði jeg heldur kosið, að lagt væri ákveðið hátt áfengissölugjald í eitt skipti fyrir öll á allar þær verzlanir, gamlar og nýjar, sem verzla eða verzla munu með áfengi; því bæði væri slíkt miklu umfangsminna og einnig líklegra til árangurs, því ætla mætti, að þá mundu margir þeir kaupmenn, sem hlynntir eru bindindishreifingunni, hætta allri vínsölu og hvetja aðra til samtaka við sig.

Af framangreindum ástæðum sje jeg mjer eigi fært að vera með frumv. þessu óbreyttu, og þar sem nú er orðið svo áliðið þingtímans, að engar líkur eru til að það nái fram að ganga, ef farið væri að breyta því, þá kýs jeg heldur að ráða h. hv. deild til að fella það.

Jón Jakobsson.

Nd. 413. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um horfelli á skepnum.

Frá Þorláki Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Í stað: »15. maí« komi: sumarmála.
2. — 3. gr. Á eptir orðunum: »þeim fóður« komi: og vera þeim hjálplegir í því.

Ed. 414. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Við Haganesvík í Fljótum skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 415. **Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Á Grafarnesi við Grundarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 416. **Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum skal úr lögum numið.

Ed. 417. **Frumvarp**

til laga um að gjöra landsyfirdóminn í Reykjavík að æðsta dómi í íslenzkum málum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Þá er lög um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum öðlast gildi, skal landsyfirdómurinn í Reykjavík hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum, og skal tala dómenda í þeim rjetti þá aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni 5. jan. 1874.

Nd. 418. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli o. fl.

Háttvirt neðri deild alþingis hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um frumvarp þetta, og jafnframt um beiðni prestsins að Stað á Reykjanesi um það, að hann losist við að greiða eptirlaun til uppgjafaprests af prestakalli sínu framvegis.

Vjer getum ekki ráðið hinni háttvirtu þingdeild til að taka þessa beiðni prestsins á Stað til greina að svo komnu, með því að hún hefir ekki gengið hina venjulegu leið til hjeraðsfundar og stiptsyfirvalda áður en hún væri lögð fyrir þingið, og vantar því álit þeirra og næga vissu um hinar sönnu tekjur Staðarprestakalls.

Aptur á móti álítum vjer eptir atvikum fulla ástæðu til að endurgreiða prestinum að Hólmum það, sem hann hefir goldið uppgjafapresti í eptirlaun 1893—94 og 1894—95, en hitt erum vjer ekki eins sammála um, hvort ástæða sje til að færa niður árgjaldið frá prestakallinu. Meiri hluti nefndarinnar (Sigurður Gunnarsson og Einar Jónsson) vill ráða deildinni til að fallast á frumvarpið óbreytt, með því að prestakall þetta hafi orðið fyrir svo óvenjulegum tekjumissi á síðari árum, en minni hlutinn (Jón Jónsson) verður enn að hafa sömu skoðun á þessu atriði eins og 1895 (Alþ.tíð. C. 298. bls.), að presturinn hafi sótt um brauðið með þessum kostum, sem hann býr nú við, og verði því að sætta sig við þá.

Alþingi 13. dag ágústm. 1897.

Sigurður Gunnarsson, form. og framsögum.	Einar Jónsson,	Jón Jónsson, þm. A.-Skf., skrifari.

Nd. 419. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Breytingar þær, sem hin háttvirta efri deild hefur gjört við frumvarp það, sem hjer er um að ræða, eru að mestu orðabreytingar, sem nefndin telur til bóta og vill ráða hinni háttvirtu deild að fallast á. Það er að eins ein breyting, sem telja má efnisbreyting, og er hún við 10. grein frumvarpsins og í því

fólgin, að orðunum »samkvæmt lögum þessum« er sleppt. Þessi breyting er í samræmi við það, sem þegar er búið að samþykkja hjer af deildinni við umræðu frumvarpsins um útbúnað og ársútgjöld holdveikisspítalans, þar sem öllum holdsveikum er veitt ókeypis vera á spítalanum, án tillits til þess, hvort þeir eru þangað fluttir eða beiðast sjálfir upptöku, og vill nefndin því ráða deildinni til sömuleiðis að fallast á hana.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að deildin samþykki frumvarpið óbreytt.

Neðri deild alþingis 13. ágúst 1897.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Þórður J. Thoroddsen, skrifari og framsögum.

Klemens Jónsson. Þórður Guðmundsson. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. 420. **Tillaga**

til þingsályktunar um landsbankann.

Frá Skúla Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á landshöfðingja að hlutast til um:

1. Að bankinn setji á stofn aukabanka, eða framkvæmdarstofur, fyrir utan Reykjavík, einkum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði.
2. Að framkvæmdarstjóra bankans sje að hitta á starfstofu bankans að minnsta kosti 5 kl.stundir hvern virkan dag.
3. Að varasjóði bankans sje varið lögum samkvæmt.

Sþ. 421. **Skilagrein**

fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1895.

A. Sölureikningur.

Tekjur:

1.	Alþingistíðindi 1895 50 eintök á 3,00	kr.	150 00
2.	Ávísað úr landssjóði	—	115 80
	Samtals	kr.	265 80

Gjöld:

1.	Ómakslaun við afhendingu 474 eint. af alþingistíð. 1895, 15% af kr. 1422 00	kr.	213 30
2.	Sölulaun af alþingistíðindunum 1895 35% af kr. 150 00 . .	—	52 50
	Samtals	kr.	265 80

B. Afhendingarskýrsla.

1.	Alþingistíðindi afhent ókeypis:	
	a. til sveitarfjelaga	380 eint.
	b. til stjórnarráðsins fyrir Ísland og landshöfðingja	18 —
	c. til alþingismanna	36 —
	d. til bókasafns alþingis	30 —
	e. til annara bókasafna landsins	7 —

f.	til afnota við samningu registurs	1 —
g.	til »Rigsdagens Bureau«	1 —
h.	til »Statistisk Bureau«	1 —
2.	Seld alþingistíðindi	50 —
3.	Óseld	176 —
		Samtals 700 eint.

Alþingi 13. ágúst 1897.

Þórh. Bjarnarson. Árni Thorsteinsson.

Nd. 422. **Tillaga**

til þingsályktunar

frá nefndinni í brúamálinu (eins og hún var samþ. við fyrri umr. í nd.).

Alþingi skorar á landshöfðingja

1. að ráða æfðan norskan verkfræðing (Ingeniör) til að kanna brúastæði og gjöra áætlun um kostnað við brúagjörð á Lagarfljóti og Jökulsá í Axarfirði, svo og Fnjóská, Eyjafjarðará, Norðurá í Skagafirði, Hjeraðsvötnum hjá Ökrum og Norðurá í Mýrasýslu næstkomandi sumar (1898), svo og á öðrum ám á sama svæði, ef tími yrði til.
2. að útvega tilboð um brúagjörð á þessum ám frá reyndum góðum brúasmiðum, er lögð yrðu fyrir alþingi 1899.

Nd. 423. **Frumvarp**

til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti í Þingeyjarsýslu (eins og það var samþ. við 2. umr. í nd.

1. gr. Brýrnar á Skjálfandafljóti skulu eptirleiðis vera í eign og umsjón landssjóðs.

2. gr. Endurborgun sú af láni úr landssjóði til Skjálfandafljótsbrúnna með vöxtum, sem eptir lögum 27. febr. 1880 3. gr. hvíldi á jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðum Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu fellur niður frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 33 11. des. 1891.

Nd. 424. **Frumvarp**

til laga um lögaldur (eins og það var samþykkt við 3. umr. í e. d.).

Hver karlmaður, og hver ógiptur kvennmaður, verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16 ára, en fullráður fjár síns 20 ára, og getur þá og tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Ed. 425. **Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 (eins og það var samþ. við 2. umr. í ed.).

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 8. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 34. gr., og 2. ákvörðun um stundarsakir komi svohljóðandi greinar:

1. grein.

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafa fyrir Ísland framkvæma það. Ráðgjafinn fyrir Ísland má eigi hafa önnur stjórnarstörf á hendi og verður að skilja og tala íslenzka tungu.

Hið æðsta vald innanlands á Íslandi skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar og hefir aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákveður verksvið landshöfðingja.

2. grein.

Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Konungur eða alþingi geta kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum.

3. grein.

Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sje liðnir frá því það var leyst upp, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp. Þó er eigi skylt að kveðja til aukaalþingis, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar.

4. grein.

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

5. grein.

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrirfram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

6. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Nú er sjúkdómur eða önnur slík forföll því til fyrirstöðu, að ráðgjafinn geti mætt á alþingi, og má hann þá veita öðrum manni umboð til þess að mæta þar á sína ábyrgð, en að öðrum kosti mætir landshöfðinginn á ábyrgð ráðgjafans. Atkvæðisrjett hefir ráðgjafinn, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

7. grein.

Þangað til lög þau, er getið er um í 3. gr., koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er konungur eða alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisfærslu hans, eptir þeim málfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.

Nd. 426. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám ítaksrjettar Vallanesprestakalls í Hallormsstaðarskógi (285).

Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Skf.

Fyrir: »Vallanesprestakalls« komi: »hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls«.

Fyrirsögnin breytist samkvæmt þessu.

Nd. 427. **Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumv. til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum. Frá Jóni Þórarinssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Skipa skal kennara við Möðruvallaskóla, sem verður annar kennari, og hefir í árslaun 2000 kr.

2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skóla þessa, og sjer um, að sú breyting á þeim, sem lög þessi skipa fyrir um, komist á.

3. Aptan við 5. gr. bætist ný grein, sem verður 6. gr. svo hljóðandi:

6. gr. Eptir að fyrirkomulag það, sem lög þessi skipa fyrir um, hefir staðið 3 ár, geta lærisveinar þeir, sem tekið hafa burtfararpróf úr Möðruvallaskóla, gengið próflaust í 4. bekk Reykjavíkur lærða skóla.

Ed. 428. **Frumvarp**

til laga um frestun á framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs skal frestað um 5 ára bil frá 1. jan. 1898 að telja.

Ed. 429. **Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild kaus í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, höfum íhugað frumvarpið, og getum í öllu verulegu fallizt á það; þó þykir oss vanta í það ákvæði um, að ráðstafanir þær, sem það ákveður um varnir gegn fjárveikindum, nái jafnt til kaupstaða og hreppa, og auk þess álítum vjer rjettara að dýralæknir skeri úr, hvort einhver fjárveikindi sjeu næm, ef vafi þykir á því.

Vjer viljum því leggja það til, að ákvæðum í þá átt verði bætt inn í frumvarpið, og auk þess höfum vjer lagt það til, að gjörðar verði nokkrar orðabreytingar, sem ekki þykir þörf að fjölyrða um.

Breytingar þær, sem vjer leggjum til að hin heiðraða efri deild samþykki á frumvarpinu, eru því þessar:

1. breyting við 1. gr. Í stað orðanna: »lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, ásamt hreppsnefndunum«

komi: lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, ásamt

hreppsnefndum í hreppunum og bæjarstjórn í kaupstöðum.

2. breyting við 1. gr. Aptan við greinina bætist:
Þyki vafi á, hvort um næm fjárveikindi sje að ræða, skal leita um það álita hlutaðeigandi dýralæknis.

3. —— — 2. gr. Í annari línu á eptir »hreppi« falli burt orðin: um sig.

4. —— — —— Fyrir orðin: »slíkan sjúkdóm« í 6. línu komi: fjárveikindi þau.

5. —— — 3. gr. Orðið »slíka« í fyrstu línu falli burt.

6. —— — —— Á eptir 5. gr. komi ný grein, sem verður 6. gr., svohljóðandi: Allar þær ákvarðanir, sem teknar eru fram í 2.—5. gr. laga þessara, framkvæmir bæjarfógeti í kaupstöðum, eða sá er hann skipar í sinn stað, með tilkvöddum skoðunarmönnum.

7. —— — 7. gr. Fyrir orðin: »sýni lögreglustjóri, hreppstjóri, hreppsnefndarmenn eða aðstoðarmenn«
komi: sýni lögreglustjóri, hreppstjóri, hreppsnefnd, bæjarstjórn eða aðstoðarmenn.
Greinatala frv. breytist samkvæmt framanskráðu.

Alþingi 14. ágúst 1897.

Þorkell Bjarnason, formaður. Jón Jónsson, skrifari og frams. Guttormur Vigfússon.

Nd. 430. **Frumvarp**
til laga um bann gegn botnvörpuveiðum. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum (traw).

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1,000—4,000 kr., er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir svo og afli innanborðs upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr. Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu innanborðs, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 200—2,000 kr. sekt til landssjóðs; hittist hið sama skip í annað sinn í landhelgi með þessi veiðarfæri innanborðs, fer um það eptir 2. gr.

Þessum ákvæðum skal þó eigi beitt:

1. Þegar skip eru í neyð, og eru þar með talin skip, er leita þurfa lands vegna skorts á vistum og kolum.
2. Þegar skip á leið til veiðistöðva eða frá einni stöð til annarar halda gegnum sundið milli Vestmannaeyja og meginlands eða milli Reykjaness og Fuglaskerja, þótt í landhelgi sje, ef þau nema þar eigi staðar.
3. Þegar skip, eptir því sem ætla má, eru í landhelgi komin án vilja þeirra eða vitundar, hvort sem veldur straumur eða veður eður þoka hefur bannað landsýn.

Nú leitar skip til lands til að afla sjer vista eða kola, eða heldur leið þá, er

getur um í 2. lið, og gildir undanþágan þá því að eins, að veiðarfæri öll sjeu höfð í búlka innanborðs, meðan það er í landhelgi.

Heimilt skal þó innlendum botnvörpuveiðiskipum að leita lands til að aferma afla sinn og til að afla sjer vatns og annara nauðsynja, hvernig sem á stendur, en veiðarfæri skulu þá og höfð í búlka.

4. gr. Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

5. gr. Lög nr. 13, 9. ágúst 1889, og nr. 24, 10. nóvember 1894, eru úrgildi numin.

Ed. 431. **Breytingaruppástungur**

við frumv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Frá landshöfðingja.

1. Við 1. gr. Fyrir: 16000 kr. komi: 18000 kr.
2. — 2. — — 2700 — komi: 3000 —

Nd. 432. **Frumvarp**

til laga um horfelli á skepnum. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því, að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr. Hreppstjóri skal ásamt einum eða tveimur mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega, skoða tvisvar á vetri búpening og fóðurbirgðir hreppsbúa, og grennslast eptir meðferð fjárins. Fyrri skoðunin skal fram fara fyrir nóvemberlok, en seinni skoðunin skal fram fara á tímabilinu frá 15. marz til sumarmála.

3. gr. Nú telja skoðunarmenn skepnur fóðurlausar eða illa hirtar, og áminna þeir eigendur og umráðamenn þeirra um að útvega þeim fóður, ef þess er kostur, eða lóga þeim.

4. gr. Hafi hreppstjóri á tímabilinu milli skoðananna ástæðu til að halda, að fjenaði einhvers hreppsbúa sje horfellir búinn vegna fóðurskorts, hirðuleysis eður harðýðgi, skulu skoðunarmenn framkvæma aukaskoðun hjá þessum búanda svo fljótt sem því verður við komið.

5. gr. Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefur undir hendi, eða það sannast á annan hátt, og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og skal sá maður sæta sektum frá 10 til 200 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

6. gr. Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslur um hinar árlegu skoðanir, sem nefndar eru í 2. gr., þegar þær hafa fram farið, og skulu þær lagðar fyrir sýslunefndina til athugunar og eptirlits. Skýrslur þessar skulu samdar eptir fyrirmynd, er amtsráðið semur.

7. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3.—4. gr., fá skoðunarmenn 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr. Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það allt að 50 króna sektum.

9. gr. Sektir eptir lögum þessum renna í sveitarsjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem brotið er framið. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grennslast eptir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt eða brot framið gegn þeim.

10. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

11. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 12. jan. 1884 um horfelli á skepnum.

Nd. 433. **Frumvarp**

til laga um afnám ítaksrjettar hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi (eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.).

Ítaksrjettur hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls til skógarhöggs í Hallormsstaðarskógi er afnuminn.

Ed. 434. **Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

Frá nefndinni.

1. Við inngangsgreinina. Á eptir orðunum: »um stundarsakir« komi: í stjórnarskránni.
2. Við 1. gr. Á eptir »1. gr.« komi: (2. gr. stj.skr.) og eins við hinar greinarnar.
3. Við 7. gr. Fyrir »3. gr.« komi: 2 gr.

Nd. 435. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um lögaldur.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Orðin: »fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16 ára, en« falli burt.
2. Í stað »20 ára« komi »21 árs«.

Ed. 436. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi. Frá Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

1. Við 3. gr. Fyrir »2500« komi: 1000.
2. Við 5. gr. 5. grein orðist svo:
   Þá er skólinn hefir staðið í 5 ár, eiga þeir einir, sem leyst hafa af hendi burtfararpróf í skólanum, aðgang að þeim embættum á Íslandi, sem lögfræðingar eru skipaðir í.
3. Á eptir 5. grein komi ný grein, 6. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefir í fjárlögum veitt fje til skólans.

Nd. 437. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum. Frá Þórði J. Thoroddsen, Skúla Thoroddsen, Jens Pálssyni, Jóni Þórarinssyni, Birni Sigfússyni og Halldóri Daníelssyni.

Orðin í 5. grein: »Heimilt skal þó innlendum botnvörpuveiðiskipum« o. s. frv. til enda greinarinnar, falli burt.

Ed. 438. **Nefndarálit**

í málinu frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild hefir kosið til að íhuga frv. þetta, höfum yfirfarið það og athugað svo vandlega, sem kostur hefir verið á á þessum stutta tíma, sem vjer höfum getað haft það til íhugunar.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar var tekjuhallinn áætlaður rúmar 113 þús. kr., en eptir frv. h. háttv. neðri deildar er tekjuhallinn rúmar 165 þús. kr. eða um 52 þús. kr. hærri en í stjórnarfrv., auk þess sem veitt er heimild til að verja 80 þús. kr. af viðlagasjóði til húsbyggingar, og hefir neðri deild þó fært tekjurnar upp um 42 þús. kr. frá áætlun stjórnarinnar. Þetta er all-athugavert, og virtist því nefndinni rjett að reyna að minnka þennan mikla tekjuhalla með því að nema burt, að svo miklu leyti sem því verður við komið, þær fjárveitingar, sem verða ekki álitnar því nauðsynlegri og því mættu bíða í þetta sinn að minnsta kosti. Af þessum og öðrum ástæðum leyfum vjer oss að koma með nokkrar breytingartillögur á frv. Skulum vjer fara fáum orðum um flestar þeirra:

10. gr. B. 4. i.

Vjer leggjum til, að af þessari upphæð verði keyptur járnskápur handa amtmannsembættinu í Norður- og Austuramtinu, eins og ákveðið var í stjórnarfrv., með því járnskápur fylgir ekki því embætti, en er því ekki síður nauðsynlegur en sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum.

10. gr. C. 4. b.

Vjer leggjum til, að styrkurinn til búnaðarfjelaga sje færður úr 20 þús. kr. niður í 18 þús. kr. á ári. Þessi upphæð er þó 3000 kr. hærri en þetta ár í gildandi fjárlögum. Vegna hins mikla tekjuhalla virðist ekki mega hækka þessa fjárveiting meira í þetta sinn.

10. gr. C. 7. d. 5.

1500 kr. til að byggja íbúðarhús handa vitamanni við vitann á Skagatá virðist nefndinni ónauðsynleg fjárveiting, með því að góðir bæir eru þar skammt frá, enda mundi þessi upphæð verða allt of lítil til húsbyggingarinnar.

10. gr. C. 9.

er mjög óákveðin fjárveiting, ekki tiltekið, hvar á landinu þetta vetrarlægi fyrir þilskip skuli vera, og allan undirbúning, er að því lýtur, virðist algjörlega vanta. Þótt þetta vetrarlægi kunni að vera nauðsynlegt, getum vjer því eigi verið með fjárveitingunni í þetta sinn.

11. gr. 6.

Þótt eitthvert gagn geti leitt af utanferðum lækna, þá getur það því að eins orðið, að þeir dvelji þar nokkurn tíma, en til þess yrðu einar 600 kr. alls ónógar og jafnvel til einskis, svo að betra virðist að veita alls ekkert en þessa upphæð; en hagur landssjóðs leyfir ekki að veita til þess nægilega upphæð í þetta sinn. Vjer leggjum því til, að töluliðurinn falli burt.

11. gr. 11.

Aptan við þennan tl. leggjum vjer til að sje bætt við nýjum lið um 3000 kr. styrk til spítalabyggingar á Patreksfirði eptir beiðni frá sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, með því að oss virðist beiðni þessi hafa við góð rök að styðjast.

12. gr. B. 2.

Stjórnin hefir eigi farið fram á þessa fjárveiting og má því ætla, að henni virðist hún ekki nauðsynleg. Nefndin getur heldur ekki talið hana nauðsynlega og leggur því til að töluliðurinn falli burt.

12. gr. B. 3.

Oss virðist óþarfi að taka það fram í frv., að 14000 kr. skuli varið til flutningabrauta fram Eyjafjörð, en álítum nægilegt viðvíkjandi þessum lið að geta þess, að nefndin ætlast til, að fjenu til flutningabrauta verði varið til flutningabrautar frá Eyrarbakka upp að flutningabrautinni austur Árnessýslu og til flutningabrautar vestur Húnavatnssýslu og fram Eyjafjörð, en þá þyrfti að hækka þessa fjárveiting nokkuð, en það leggur þó nefndin ekki til, með því að br.till. um það er fram komin frá landshöfðingja.

Í 12. gr. B. 6. a—d

er farið fram á að veita fje til sýsluvega, sem hefur eigi verið gert áður í fjárlögunum. Nefndin getur fallizt á, að rjett sje að veita fje úr landssjóði til sýsluvega í þeim sýslum, þar sem eigi eru flutningabrautir eða þjóðvegir, sem landssjóður kostar, eða svo lítið af þeim, að þess gæti lítið fyrir sýsluna, en þó vill nefndin, að þessi fjárveiting sje bundin því skilyrði, að sýslubúar leggi til vegagjörðanna jafnmikla upphæð, sem landssjóðsstyrknum nemur, og sýni þannig, að þeim er þetta fullkomið alvörumál, enda hafa þeir því nær einir hag af vegagjörðinni. En á hina hliðina virðist nefndinni frv. ætla allt of mikið fje til sýsluveganna, eptir því sem hagur landssjóðs stendur á næsta fjárhagstímabili. Nefndin leggur því til að veita í þetta sinn fje til sýsluvega að eins í Strandasýslu, sem hefir þess mest þörf, og veita til þess 5000 kr., en fella fjárupphæðirnar til annara sýsluvega.

12. gr. B. 7—8.

Vjer leggjum til að þessir liðir sjeu felldir burt, með því að það eru margar ár hjer á landi, sem meiri þörf er á að brúa en Hörgá; sama má segja um Bakkaá, auk þess sem hjeraðsbúum virðist ekki ofætlun að brúa hana, þótt þeir fái ekki þessar 250 kr., sem eptir frv. á að veita til hennar.

12. gr. C. I—III.

Það hefði verið æskilegt, ef auðið hefði verið, að ákvæðin hefðu að sumu leyti verið hagfeldari að því er snertir hringferðir hinna stærri skipa, en þau komulag milli svo margra sýslufjelaga um ferðir þessar, og yrði auk þess

eru eptir frv. En þegar frv. kom til efri deildar, var mál þetta að kalla útkljáð milli neðri deildar og sendimanns sameinaða gufuskipafjelagsins, svo að því torveldara var fyrir nefndina að fá nokkru framgengt til bóta við tjeðan sendimann. Þó gerði hún sitt til þess, og hefur nokkuð, þótt lítið sje, orðið ágengt, eins og breytingartillögurnar um þetta atriði sýna.

12. gr. C. 2. a—c.

Vjer leggjum það til að fella burt tillag frá sýslufjelögunum og hlutaðeigandi bæjarfjelagi til gufubátaferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa og Breiðafirði, af því að reynslan hefir sýnt, að ómögulegt er að fá hagfelt samenn torveldara, ef sami báturinn gengi á Faxaflóa og Breiðafirði, enda hefir umboðsmaður eiganda þess gufubáts, sem nú gengur um Faxaflóa, tjáð nefndinni, að hann vilji miklu heldur vinna til að fá engan styrk frá sýslufjelögunum en eiga undir samkomulagi þeirra um ferðirnar og láti sjer nægja landssjóðstillag það, sem ákveðið er í frv.

12. gr. C. 3.

Nefndin hyggur, að þessi fjárveiting megi missa sig, og leggur því til, að liðurinn falli burt.

13. gr. A. b. 6.

Nefndinni virðist þessi liður fremur hæpin fjárveiting, en vill þó ekki alveg fella hana, heldur færa upphæðina niður í 100 kr. fyrra árið.

13. gr. C. 6.

Það má fullyrða, að hús, sem reist yrði á Þingvöllum fyrir 5000 kr., gæti alls ekki fullnægt því að vera »bæði fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn«, eins og til er ætlazt í frv. Til þess konar húss veitti ekki af miklu meira fje, en vjer getum ekki lagt til að það sje veitt í þetta sinn úr landssjóði og leggjum því til, að þessi liður sje felldur.

13. gr. C. 14. vill nefndin breyta þannig, að upphæðin sje veitt til að *semja* í staðinn fyrir að »gefa út« sögu Íslands.

— — — 19. telur nefndin eigi bráðnauðsynlegan.

— — — 23. telur nefndin eitt af því, sem verður að bíða í þetta sinn.

— — — 26. hyggur nefndin að sje þýðingarlaus fjárveiting.

— — — 28. telur nefndin eitt af því, sem ætti að bíða í þetta sinn.

— — — 34. Nefndin leggur með þessari fjárveitingu, en vill þó að maður þessi kenni leikfimi eigi að eins í Reykjavík, heldur og annarsstaðar á landinu, svo sem á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

— — — 36. vill nefndin breyta þannig, að upphæðin sje veitt til ritstarfa.

18. gr.

Nefndin telur ísjárvert að veita 80 þús. kr. til húss þess, er þar ræðir um. Hún hyggur, að óhjákvæmilegt sje að byggja fyr eða seinna sjerstakt stórhýsi fyrir bókasafn landsins og að þá fáist nóg rúm fyrir hin söfnin í alþingishúsinu, en annaðhvort ætti bankinn að byggja einn hús út af fyrir sig eða að bankahús og pósthús verði byggt í sameiningu. Það vill þó nefndin láta óá-

kveðið, en af því að óhjákvæmilegt er, að landið fái pósthús, þá leggur nefndin til, að veitt sje fje til þess, en felur landsstjórninni að ráða, hvort hún byggir það sjerstakt eða í sambandi við landsbankann eða hún kaupir barnaskólahúsið í Reykjavík fyrir pósthús. Vjer ætlumst til, að landsstjórnin leiti álits byggingarfróðra manna um það, hvort breyta megi barnaskólahúsinu þannig, að það geti orðið hentugt pósthús og eigi dýrara með allri aðgerð en nýtt pósthús, ef verð barnaskólahússins er talið 25 þús. kr., sem nefndin hefur nokkra ástæðu til að ætla að það fáist fyrir. Verði það álit landsstjórnarinnar og þar til kvaddra byggingarfróðra manna, þá sjer nefndin ekkert á móti því, að keypt sje barnaskólahúsið með leikfimishúsi þess og allri lóð, sem því fylgir, fyrir 26 þús. kr. í mesta lagi.

Einn af nefndarmönnum hefir komið fram með tillögu um að breyta algjörlega tilhöguninni á lánum til jarðabóta. Meiri hluti nefndarinnar hefir fallizt á þessa tillögu, og telur hana hagfeldari en ákvæði frv. um þetta efni.

Nefndinni hefir borizt beiðni frá Benedikt Gröndal um, að sjer verði veittar 200 kr. »fyrir umsjón með náttúrugripasafninu« og hefir nefndin tekið hana að því leyti til greina, að hún leggur til, að af styrknum til náttúrufræðisfjelagsins verði varið 100 kr. til umsjónar með náttúrugripasafninu.

Enn fremur hefir stúdent Einar Gunnarsson sent nefndinni beiðni um 600 kr. styrk til að læra hraðritun, en nefndin sá sjer ekki fært að mæla með beiðni þessari.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að leggja til, að hin háttvirta efri deild samþykki frv. með þessum

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. við 10. gr. B. 4. i. Fyrir »sýslumönnum . . . allt að« komi: amtmannsembættinu í Norður- og Austuramtinu, sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum, sem þess þurfa, allt að
2. við 10. gr. C. 4. b. Fyrir »20000« komi: 18000.
3. við 10. gr. C. 5. Töluliðurinn orðist þannig: til búnaðarfjelags landsins, ef það verður stofnað á fjárhagstímabilinu.
4. við 10. gr. C. 7. d. 5. Töluliðurinn með athugasemd falli burt.
5. við 10. gr. C. 9. Töluliðurinn með skilyrðismálsgrein falli burt.
6. við 11. gr. 6. Töluliðurinn með athugasemd falli burt.
7. við 11. gr. Á eptir 11. tölul. komi nýr tölul., sem verði 12. tölul., svo hljóðandi:
   Styrkur til spítalabyggingar á Patreksfirði 3000 kr. síðara árið. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að helmingi meira fje verði lagt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.
8. við 12. gr. B. 2. Töluliðurinn falli burt.
9. við 12. gr. B. 3. »Þar af til flutningabrautar . . . fyrra árið« falli burt.
10. við 12. gr. B. 6. a. Fyrir »6000« komi: 5000.
11. við 12. gr. B. 6. b. Liðurinn falli burt.
12. við 12. gr. B. 6. c. Liðurinn falli burt.

13. við 12. gr. B. 6. d. Liðurinn falli burt.
14. við 12. gr. B. 6. við skilyrðið. Fyrir orðin: »Styrkir þessir undir staflið a.—d.« komi: Styrkur þessi.
15. við 12. gr. B. 6. Fyrir orðin: »helmingi styrksins« komi: jafnmikilli upphæð sem styrkurinn.
16. við 12. gr. B. 7. Töluliðurinn með skilyrðisathugasemd falli burt.
17. við 12. gr. B. 8. Töluliðurinn falli burt.
18. Við 12. gr. C. I. 4. Liðurinn orðist þannig:
Í 3 hringferðunum fram og aptur skulu vera viðkomustaðir hinir sömu og í 7. og 12. ferðinni í frumvarpi til ferðaáætlunar, er fylgir stjórnarfrumvarpi til fjárlaga fyrir 1898 og 1899. Tvær af þessum ferðum skulu vera önnur í marzmánuði og hin í októbermánuði. Í ferðunum til Vesturlandsins, sem skulu að minnsta kosti vera 3, skulu einnig vera sömu viðkomustaðir og í nefndu frumvarpi. Hinar aðrar hringferðir skulu vera hraðari, og skulu þá aðalviðkomustaðir vera í hverri ferð: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður, og mega skipin ekki koma við á fleiri stöðum auk þeirra en 3—5 til skiptis í hverri ferð.
19. Við 12. gr. C. I. 5. Töluliðurinn orðist svo: »Fyrsta hringferð sje hafin 1. marz. Ein sje gerð um lok ágústmán. og framan af september og hin síðasta eptir miðjan október«.
20. — —— — II. 1. Í staðinn fyrir »15. október« komi »31. október«.
21. — —— — — Eptir II. 3 komi nýr töluliður, sem verður 4. töluliður og orðist þannig: Strandbátunum er skylt að flytja póstsendingar án sjerstaks endurgjalds; skal þeirra vitjað og þeim skilað á viðkomustöðum á kostnað útgerðarinnar.
22. — —— — III. 2. c. Í staðinn fyrir »og ferð þaðan« komi »og þaðan«.
23. — —— — — —— Aptan við staflíðinn bætist: »Í þessum ferðum koma skipin við á Blönduós«.
24. — —— — — 4. Töluliðurinn orðist þannig: Farmeyrir og fargjald sje yfirleitt ekki hærra en nú með skipi eimskipsútgerðarinnar og milli hafna með strandbátunum hjer um bil sama og er þetta ár með strandbátnum »Bremnæs«. Fargjald milli o. s. frv.
25. — —— — — 5. Töluliðurinn orðist þannig: »Farmeyrir og fargjald milli tveggja ákveðinna staða verði hið sama, þótt skipta verði um skip. Þó verða farþegar þá að nota það skip, er fyrst fer til staðar þess, er ætlað er til«.
26. Við 12. gr. C. 2. athugasemdina. Á eptir orðunum: »samþykkir landshöfðingi« bætist inn í: eptir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda.

27. Við 12. gr. C. 2. skilyrðið fyrir: »styrkurinn . . . endurgjalds« komi: styrkurinn undir staflið a—c greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds.

Styrkurinn undir staflið c. greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefndar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelag leggi til gufubátsferðanna 1/4 á móti 3/4 úr landssjóði.

28. — —— — 3. Töluliðurinn falli burt.

29. — 13. gr. A. b. 6. Fyrir »600« komi 100.

30. — —— B. I. b. 2. Á eptir töluliðnum bætist inn í: Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.

31. — —— B. II. b. 1. Á eptir töluliðnum bætist inn í: Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.

32. — —— B. II. b. 5. Á eptir »lærisveinum« bætist inn í: 80 kr. handa hverjum.

33. — —— B. III. c. 5. Á eptir töluliðnum bætist inn í: Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.

34. — —— B. V. b. 1. Fyrir »1400 kr. — 1400 kr.« komi: 1500 kr. — 1500 kr.

35. — —— C. 6. Töluliðurinn með skilyrðisathugasemd falli burt.

36. — —— — 12. Á undan skilyrðinu bætist inn í: Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. á ári.

37. — —— — 14. Fyrir: »að gefa út . . . allt að« komi: að semja sögu Íslands.

38. — —— — 19. Töluliðurinn falli burt.

39. — —— — 23. Töluliðurinn falli burt.

40. — —— — 26. Töluliðurinn falli burt.

41. — —— — 28. Töluliðurinn falli burt.

42. — —— — 34. Orðin: »í Reykjavík« falli burt.

43. — —— — 36. Fyrir »til þess að . . . blöðum« komi til ritstarfa.

44. — 18. gr. Greinin orðist þannig:

Af viðlagasjóði má verja allt að 30000 kr. til pósthúsbygginga úr steini í Reykjavík. Húsið má reisa annaðhvort sjerstakt eða í sambandi við væntanlegt landsbankahús, ef stjórnin telur það hagfelt.

45. — 4. niðurlagsatriði: Fyrir: »úr viðlagasjóði . . . . . lántökudegi« komi: Úr viðlagasjóði má verja allt að 30000 kr. til lánveitinga til sveitarfjelaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega, og sje afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sje enn fremur settir þessir skilmálar:

1. að lánsfjenu sje varið eingöngu til samskonar jarðabóta og styrktar eru af landssjóði.
2. að þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfjelaganna, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin sem lánið stendur auk lánsupphæðarinnar $^1/_5$ á móti henni.
3. nefndar jarðabætur sje samkvæmt vitnisburði skynbærra og óvilhallra manna hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. að landshöfðingja sje send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sje fullnægt.
5. sje einhverjum af þessum skilmálum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.

Efri deild alþingis 16. ágúst 1897.

Sigurður Jensson,		Þorleifur Jónsson,
formaður.		skrifari og framsögum.
Þorkell Bjarnason.	Kristján Jónsson.	Jón Jónsson.

Ed. 439. **Frumvarp**

til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti í Þingeyjarsýslu (eins og það var samþ. við 3. umr. í nd.

1. gr. Brýrnar á Skjálfandafljóti skulu eptirleiðis vera í eign og umsjón landssjóðs.

2. gr. Endurborgun sú af láni úr landssjóði til Skjálfandafljótsbrúnna með vöxtum, sem eptir lögum 27. febr. 1880 3. gr. hvíldi á jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðum Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu fellur niður frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 33 11. des. 1891.

Ed. 440. **Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.
2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

   Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.
3. gr. Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi, og sje annar þeirra jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 4000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

   Til aukakennslu við skólann má árlega verja allt að 1000 kr. Öll útgjöld skólans greiðast úr landssjóði.
4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

6. gr. Lögþessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefir í fjárlögum veitt fje til skólans.

Nd. 441. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um horfelli á skepnum (eins og það var samþykkt við aðra umræðu í neðri deild).

Frá Halldóri Daníelssyni. Sighvati Árnasyni. Þórði Guðmundssyni. Þórði J. Thoroddsen. Sk. Thoroddsen. Þorláki Guðmundssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna: »Hreppstjóri skal ásamt einum eða tveimur mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega« komi: »Tveir menn, er hreppsnefnd kýs árlega á hausthreppskilaþingi, skulu«.

Nd. 442. **Frumvarp**

til laga um skipun læknishjeraða á Íslandi og fl. (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr.

Íslandi skal skipt í 42 læknishjeruð, þau er hjer segir:

1. *Reykjavíkur hjerað:* Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfellshreppar.
2. *Keflavíkur hjerað*: hinir 6 hreppar Gullbringusýslu.
3. *Kjósar hjerað*: Þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg, og Kjósarsýsla nema Mosfellshreppur.
4. *Skipaskaga hjerað*: Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
5. *Borgarfjarðar hjerað*: hinn hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár.
6. *Mýra hjerað*: hinn hluti Mýrasýslu og Hnappadalssýsla.
7. *Ólafsvíkur hjerað*: syðri hluti Snæfellsness sýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða.
8. *Stykkishólms hjerað*: hinn hluti Snæfellsness sýslu; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og Skarðstrandarhreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, nema Rauðseyjar, Rúfeyjar og Akureyjar.
9. *Dala hjerað*: Dalasýsla nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
10. *Reykhóla hjerað*: Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar þess er leitað, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi.
11. *Flateyjar hjerað:* Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals.
12. *Barðastrandar hjerað*: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá.
13. *Þingeyrar hjerað*: Vestur-Ísafjarðarsýsla.
14. *Ísafjarðar hjerað:* Ísafjarðar kaupstaður ásamt Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi.

15. *Nauteyrar hjerað*: Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar.
16. *Hesteyrar hjerað*: Grunnavíkur og Sljettuhreppar.
17. *Steingrímsfjarðar hjerað*: Nyrðri hluti Strandasýslu að Ennishöfða.
18. *Borðeyrar hjerað*: Óspakseyrar- og Bæjarhreppar í Strandasýslu, Staðar-, Torfastaða- (Fremri- og Ytri) og Kirkjuhvammshreppar í Húnavatnssýslu.
19. *Blönduóss hjerað:* Hinn hluti Húnavatnssýslu, nema Svartárdalur.
20. *Sauðárkróks hjerað*: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Rípur, Viðvíkur, Hóla og Hofs hreppar.
21. *Seilu hjerað*: Seilu, Lýtingsstaða og Akra hreppar í Skagafjarðarsýslu og Svartárdalur í Húnavatnssýslu.
22. *Siglufjarðar hjerað:* Fells og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu, og Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur til að vitja sjúklinga í Grímsey, þegar þess er leitað og því verður við komið.
23. *Höfðahverfis hjerað:* Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu.
24. *Akureyrar hjerað:* hinn hluti Eyjafjarðarsýslu, nema Grímsey, og Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfishjeraðs, sem er að vestanverðu við Eyjafjörð.
25. *Reykdæla hjerað:* Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar.
26. *Húsavíkur hjerað*: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldæla og Húsavíkur hreppar.
27. *Axarfjarðar hjerað:* Kelduness-, Fjalla- og Skinnastaðahreppar og Presthólahreppur að Skinnalónsheiði.
28. *Þistilfjarðar hjerað:* Hinn hluti Norður-Þingeyjarsýslu.
29. *Vopnafjarðar hjerað:* Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið.
30. *Hróarstungu hjerað*: Jökulsdalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar.
31. *Seyðisfjarðar hjerað:* Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppar.
32. *Fljótsdals hjerað:* Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði og Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Valla hreppar.
33. *Reyðarfjarðar hjerað:* Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar.
34. *Fáskrúðsfjarðar hjerað*: Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals hreppar.
35. *Berufjarðar hjerað:* Beruness og Geithellna hreppar.
36. *Hornafjarðar hjerað:* Austur-Skaptafellssýsla.
37. *Síðu hjerað:* Vestur-Skaptafellssýsla frá Skeiðarársandi að Mýrdalssandi.
38. *Eyjafjalla hjerað:* Hvamms og Dyrhóla hreppar í Skaptafellssýslu, báðir Eyjafjalla hreppar og Austur-Landeyja hreppur í Rangárvallasýslu.
39. *Vestmannaeyja hjerað:* Vestmannaeyjasýsla.
40. *Rangár hjerað:* Rangárvallasýsla nema Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar og Austur-Landeyja hreppur.

41. *Grímsness hjerað:* Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu.
42. *Eyrarbakka hjerað:* hinn hluti Árnessýslu nema Þingvallahreppur.

Landshöfðingi getur eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

Nú er hjeraðslæknis vitjað úr öðru hjeraði til konu í barnsnauð, eða í öðru jafnbrýnu tilfelli, fyrir þá sök, að hægra er til hans að ná en hlutaðeigandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur eins og hjeraðsbúi hans ætti í hlut.

2. grein.

Í hvert læknishjerað skal skipa hjeraðslækni, og er hann skyldur til að setjast að í þeim hluta hjeraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita um það álita hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda. Nú er lækni skylt að búa utan verzlunarstaðar, og skal hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir þegar útvega honum aðsetursstað.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað eða verzlunarstað, er hjeraðið er kennt við. Hjeraðslæknirinn í Reyðarfjarðarhjeraði skal vera búsettur á Eskifirði og hjeraðslæknirinn í Barðastrandarhjeraði á Patreksfirði.

Þessir læknar, svo og læknirinn í Vestmannaeyjum, skulu skyldir til, þegar komið verður upp á þessum stöðum sjúkrahúsum, að takast á hendur læknisеptirlit við hús þessi, án sjerstakrar þóknunar.

3. grein.

Að því er laun snertir, er læknishjeruðunum skipt í 4 flokka: í 1. flokki eru launin 1900 kr., í 2. 1700 kr., í 3. 1500 kr., og í 4. 1300 kr.

Í 1. flokki eru Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruð.

Í 2. flokki eru Keflavíkur, Barðastrandar, Blönduóss og Sauðárkróks hjeruð.

Í 4. flokki eru Kjósar, Mýra, Nauteyrar, Seilu, Fáskrúðsfjarðar, Berufjarðar, Flateyjar, Vestmannaeyja, Axarfjarðar og Þistilfjarðar hjeruð.

Í 3. flokki eru öll hin læknishjeruðin.

Launin greiðast úr landssjóði. Hjeraðslæknar skulu skipaðir af landshöfðingja. Embættum þeirra fylgir ekki eptirlaunarjettur.

Hafi nokkur hjeraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eptir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

Hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eptir lögum þessum.

4. grein.

Þegar ekki er samið fyrir fram við lækna um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber þeim, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn 25 a. til 1 kr.

Komi sjúklingurinn eptir umtali við lækninn þrisvar eða optar þar á eptir til

hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða optar, færist borgunin niður um helming.

Sje læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.

2) Fyrir að gjöra lítils háttar skurði og binda um, draga út tönn, ná þvagi af manni eða því um líkt ..... 50 a. til 1 —
3) Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn ..... 4 —
4) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá ..... 1—2 —
5) Fyrir að binda um beinbrot ..... 2—4 —
6) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera því líkan meiri háttar líkamsskurð ... 4—8 —
7) Fyrir að hjálpa sængurkonum með verkfærum, eða án þeirra ..... 2—8 —

Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu við það, sem hjer er talið.

Þurfi læknir aðstoðar við hina meiri háttar líkamsskurði, skal að auki greiða sanngjarna borgun fyrir þá aðstoð.

5. grein.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun ..... 2 kr.
2) Fyrir uppskurð á líki ..... 8—16 —
Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiptist borgunin jafnt á milli þeirra.
3) Fyrir »kemiska» eða »mikroskopiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið ..... 4 —
Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sjerstaklega.
4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sje fullburða, eða því um líkt ..... 2—3 kr
Sjeu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó að eins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.
5) Fyrir að rannsaka sjóskemmdar vörur, meðul, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði ..... 3—5 —

6. grein.

Verði læknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eptir 4. og 5 gr. 4 kr. fyrir hverjar 12 stundir, sem hann er á ferð, eða að læknisstörfum, og að því skapi fyrir styttri tíma. Sjái hann sjer sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í því byggðarlagi.

7. grein.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Nd. 443. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um bluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nefnd sú, er kosin hefir verið til að íhuga frumv. þetta, hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt.

I 1. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að biskup skuli halda eptir umsóknarbrjefum þeirra umsækjanda, er hann álítur óhæfa til að takast það prestsembætti á hendur, sem liggur undir veitingu. Með þessu ákvæði er biskupi gert að skyldu að meta hæfileika umsækjanda, eigi einungis að því er prestsskap snertir, heldur einnig í öðrum efnum, sem ekki standa í jafnnánu sambandi við embættisstöðu þeirra.

Jafnvel þó gert sje ráð fyrir, að því valdi, sem biskupi er þannig fengið í hendur til að bægja frá kosningu umsækjendum, sem annars eru álitnir hæfir til prestsþjónustu, yrði að jafnaði beitt með varúð, vantar alla tryggingu fyrir því, að því gæti ekki orðið misbeitt í einstökum tilfellum, enda álítur meiri hluti nefndarinnar þannig lagað ákvæði bæði óþarft og óeðlilegt hapt á kosningarfrelsi safnaðanna.

Við önnur ákvæði frumvarpsins hefir meiri hluti nefndarinnar ekkert að athuga og leggur því til, að það verði samþykkt með þessari breytingu:

Við 1. gr. Fyrir: »það prestsembætti« komi: prestsembætti.

Neðri deild alþingis 16. ágúst 1897.

Sigurður Gunnarsson	Ólafur Briem	Jón Þórarinsson.
formaður.	skrifari og frams.m.	Skúli Thoroddsen.

Með skírskotun til míns ágreiningsatriðis
Jón Jónsson, þm. A.-Skf.

Jeg get ekki orðið sammála hinum heiðruðu meðnefndarmönnum mínum um það, að takmarka frákosningarrjett biskups meira en gjört er í frumvarpinu, því að jeg hygg, að opt geti staðið svo á, að æskilegt sje, að yfirmaður andlegu stjettarinnar hafi vald til að hafa áhrif á það, hvernig prestur velst í það og það prestakall, enda virðist eins mega veita honum vald til þess, eins og til að bægja sumum algjörlega frá prestsskap sem óhæfum.

Jeg ræð því hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Jón Jónsson, þm. A.Skf.

Ed. 444. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899. Frá Jóni A. Hjaltalín.

Við 13. gr. B. III. c. 3.: Í stað 7,500 komi: 6,367.

Nd. 445. **Breytingartillaga**
við frv. til laga um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. (eins og það var samþykkt við 2. umræðu).

Frá nefndinni.

Við 3. grein. Í stað »Hjeraðslæknar skulu . . . fylgir eigi eptirlaunarjettur« komi: Eptirlaun læknis skal þannig reikna, að hann fái $^1/_5$ þeirrar launaupphæðar, sem hann hafði þegar hann fjekk lausn frá em-

bætti og auk þess 20 kr. fyrir hvert embættisár. Að öðru leyti skal farið eptir hinum almennu eptirlaunalögum«.

Ed. 446. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga 1898 og 1899. Frá Jóni Jónssyni, 2. þm. N.-Múl., og Guttormi Vigfússyni.

1. Á eptir 18. gr. komi ný grein, sem verði 19. gr., svo hljóðandi:
   Stjórninni veitist heimild til að verja, á fjárhagstímabilinu, allt að 75,000 kr. til brúargjörðar á Lagarfljóti.
2. Aptan við greinina um lán til þilskipakaupa komi ný grein, svo hljóðandi:
   Úr viðlagasjóði má veita lán, allt að 9000 kr., til að kaupa gufubát til flutninga í Lagarfljótsós. Lánið veitist til 10 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun greiðist ekki fyrsta árið, en lánið borgist að fullu á næstu 9 árum með jöfnum afborgunum. Það veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar til veð í bátnum sjálfum, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje hann í áreiðanlegri vátryggingu.
3. Við 10. gr. C. 7. g. komi nýr liður, sem verði f., svo hljóðandi:
   Til að undirbúa vitabygging fyrir Austurlandi fyrra árið allt að . 1200 kr.

Nd. 447. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um skipun læknishjeraða.

Frá Guðl. Guðmundssyni, Þórði J. Thoroddsen, Jens Pálssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Þorláki Guðmundssyni, Jóni Jónssyni, þm. A.-Skf.

1. Í staðinn fyrir tölulið 37, 1. gr., komi:
   »38. Mýrdalshjerað: Hvamms- og Dyrhólahreppar í Skaptafellssýslu og báðir Eyjafjallahreppar í Rangárvallasýslu«.
2. Töluliður 40. breytist samkvæmt því.

Ed. 448. **Frumvarp**

til laga um áfangastaði (eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

Sýslunefndum veitist vald til að taka upp áfangastaði, þar sem reynslan sýnir, að þess þarf við. En ávallt skal velja staðinn svo, að sem skaðminnst sje fyrir ábúanda, og jafnframt minnstum erfiðleikum bundið fyrir ferðamenn. Jafnframt veitist sýslunefndum heimild til, að veita fastákveðna, árlega þóknun úr sýslusjóði fyrir ágang þann, er leiðir af því, að nýr áfangastaður er tekinn upp.

Ed. 449. **Frumvarp**

til laga um lögaldur (eins og það var samþykkt við eina umr. í n. d.).

Hver karlmaður, og hver ógiptur kvennmaður, verður fullráður fjár síns 21 árs, og getur þá og tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Ed. 450. **Frumvarp**

til laga um afnám ítaksrjettar hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi (eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

Ítaksrjettur hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls til skógarhöggs í Hallormsstaðarskógi er afnuminn.

Nd. 451. **Frumvarp**

til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Gagnfræðakennslu skal koma á í lærða skólanum í Reykjavík, og skal svo tilhagað, að hún sje neðra kennslustig í skólanum, en lærða kennslan hið efra. Í gagnfræðadeildinni, er nær yfir 3 neðstu bekki skólans, skulu kenndar þessar námsgreinir: Íslenzka, danska, enska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, eðlisfræði, landafræði, söngur, dráttlist og leikfimi. Í efri deildinni, er nær yfir 3 efstu bekki skólans, skulu þessar námsgreinir kenndar: Íslenzka, danska, enska, saga, eðlisfræði, latína, þýzka, frakkneska, stærðfræði, guðfræði, söngur og leikfimi.

2. gr. Við bekki þá, er nú eru í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, skal bætt einum bekk, svo að kennslan í þeim skóla samsvari að öllu leyti kennslunni í þrem neðstu bekkjum Reykjavíkur lærða skóla.

3. gr. Skipa skal kennara við Möðruvallaskóla sem verður annar kennari og hefur í árslaun 2000 kr.

4. gr. Kennslugreinir í Möðruvallaskólanum skulu vera hinar sömu, og taldar eru í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík í 1. gr.

5. gr. Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skóla þessa og sjer um, að sú breyting á þeim, sem lög þessi skipa fyrir um, komist á.

6. gr. Eptir að fyrirkomulag það, sem lög þessi skipa fyrir um, hefir staðið 3 ár, geta lærisveinar þeir, sem tekið hafa burtfararpróf úr Möðruvallaskóla, gengið próflaust í 4. bekk Reykjavíkur lærða skóla.

Ed. 452. **Frumvarp**

til laga um horfelli á skepnum. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa sína til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því, að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. gr. Hreppstjóri skal ásamt einum eða tveimur mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega, skoða tvisvar á vetri búpening og fóðurbirgðir hreppsbúa, og grennslast eptir meðferð fjárins. Fyrri skoðunin skal fram fara fyrir nóvemberlok, en seinni skoðunin skal fram fara á tímabilinu frá 15. marz til sumarmála.

3. gr. Nú telja skoðunarmenn skepnur fóðurlausar eða illa hirtar, og áminna þeir eigendur og umráðamenn þeirra um að útvega þeim fóður, ef þess er kostur, eða lóga þeim.

4. gr. Hafi hreppstjóri á tímabilinu milli skoðananna ástæðu til að halda, að fjenaði einhvers hreppsbúa sje horfellir búinn vegna fóðurskorts, hirðuleysis eður harðýðgi,

skulu skoðunarmenn framkvæma aukaskoðun hjá þessum búanda svo fljótt sem því verður við komið.

5. gr. Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefur undir hendi, eða það sannast á annan hátt, og skal þá hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni ásamt öllum málavöxtum, en hann tekur málið fyrir, og skal sá maður sæta sektum frá 10 til 200 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

6. gr. Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslur um hinar árlegu skoðanir, sem nefndar eru í 2. gr., þegar þær hafa fram farið, og skulu þær lagðar fyrir sýslunefndina til athugunar og eptirlits. Skýrslur þessar skulu samdar eptir fyrirmynd, er amtsráðið semur.

7. gr. Fyrir skoðunargjörðir þær, sem um er rætt í 3.—4. gr., fá skoðunarmenn 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðunargjörðinni. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr. Vanræki skoðunarmenn þær skyldur, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, varðar það allt að 50 króna sektum.

9. gr. Sektir eptir lögum þessum renna í sveitarsjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem brotið er framið. Sýslumaður skal á manntalsþingi nákvæmlega grennslast eptir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt eða brot framið gegn þeim.

10. gr. Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

11. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 12. jan. 1884 um horfelli á skepnum.

Ed. 453. **Frumvarp**

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum (trawl).

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1,000—4,000 kr., er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir svo og afli innanborðs upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr. Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu innanborðs, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 200—2,000 kr. sekt til landssjóðs; hittist hið sama skip í annað sinn í landhelgi með þessi veiðarfæri innanborðs, fer um það eptir 2. gr.

Þessum ákvæðum skal þó eigi beitt:

1. Þegar skip eru í neyð, og eru þar með talin skip, er leita þurfa lands vegna skorts á vistum og kolum.
2. Þegar skip á leið til veiðistöðva eða frá einni stöð til annarar halda gegnum sundið milli Vestmannaeyja og meginlands eða milli Reykjaness og Fuglaskerja, þótt í landhelgi sje, ef þau nema þar eigi staðar.
3. Þegar skip, eptir því sem ætla má, eru í landhelgi komin án vilja þeirra eða vitundar, hvort sem veldur straumur eða veður eður þoka hefur bannað landsýn.

Nú leitar skip til lands til að afla sjer vista eða kola, eða heldur leið þá, er getur um í 2. lið, og gildir undanþágan þá því að eins, að veiðarfæri öll sjeu höfð í búlka innanborðs, meðan það er í landhelgi.

4. gr. Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

5. gr. Lög nr. 13, 9. ágúst 1889, og nr. 24, 10. nóvember 1894 eru úrgildi numin.

Nd. 454. **Frumvarp**

til laga um dýraverndun (eins og það var samþykkt við 2. umr. í n. d.).

1. gr. Enginn má af ásettu ráði meiða nokkra skepnu eða misþyrma henni á á nokkurn hátt.

2. gr. Hver sem á hross, nautgripi eða sauðfje, er skyldur að sjá því fyrir nægilegu fóðri. Hann skal hafa peningshús svo mikil, að hann geti, þegar þörf er á, hýst allar skepnur sínar, svo og þann fóðurpening, sem hann hefir tekið að sjer fyrir að sjá.

3. gr. Hross, sem eru meidd, hölt eða á einhvern annan hátt vanfær, má alls ekki brúka, hvorki til reiðar, áburðar eða til annarar vinnu.

4. gr. Brúkunarhross og öll hross, sem af mörkuðum eru rekin, skulu tryggilega járnuð, ef sú leið, sem þau skulu rekin, er lengri en þingmannaleið.

5 gr. Nú eru hross í brúkun meidd eða hölt eða af öðrum orsökum ófær til vinnu, og skal sá, er hrossið hefir í brúkun, tafarlaust láta það laust, ef á hann er skorað af lögreglustjóra eða lögregluþjóni, enda sje því þegar komið til lækninga og hiúkrunar á kostnað eiganda eða umráðamanns, undir umsjón dýralæknis, en ef ekki næst til dýralæknis, þá til þess manns, sem lögreglustjóri eða lögregluþjónn álítur til þess hæfastan. Þó má afhenda hrossið eiganda, ef hann setur tryggingu fyrir því að farið sje með það eptir fyrirmælum lögreglustjóra eða dýralæknis, þegar til hans hefir náðst.

6. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 2 til 200 króna og skal farið með þau sem almenn lögreglumál, nema þyngri hegning liggi við.

Nd. 455. **Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 (eins og það var samþ. við 3. umr. í ed.).

Í staðinn fyrir 2. gr., 3. gr., 8. gr., 19. gr., 1. lið 25. gr., 34. gr., og 2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni komi svohljóðandi greinar:

1. grein. (2. gr. stj.skr.).

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafa fyrir Ísland framkvæma það. Ráðgjafinn fyrir Ísland má eigi hafa önnur stjórnarstörf á hendi og verður að skilja og tala íslenzka tungu.

Hið æðsta vald innanlands á Íslandi skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar og hefir aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákveður verksvið landshöfðingja.

2. grein. (3. gr. stj.skr.).

Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Konungur eða alþingi geta kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum.

3. grein. (8. gr. stj.skr.).

Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sje liðnir frá því það var leyst upp, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp. Þó er eigi skylt að kveðja til aukaalþingis, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar.

4. grein. (19. gr. stj.skr.).

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

5. grein. (1. málsgr. 25. gr. stj.skr.).

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrirfram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

6. grein. (34. gr. stj.skr.).

Ráðgjafinn fyrir Ísland á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og á hann rjett á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Nú er sjúkdómur eða önnur slík forföll því til fyrirstöðu, að ráðgjafinn geti mætt á alþingi, og má hann þá veita öðrum manni umboð til þess að mæta þar á sína ábyrgð, en að öðrum kosti mætir landshöfðinginn á ábyrgð ráðgjafans. Atkvæðisrjett hefir ráðgjafinn, eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

7. grein. (2. ákv. um stundars.).

Þangað til lög þau, er getið er um í 2. gr., koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er konungur eða alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland út af embættisfærslu hans, eptir þeim málfærslureglum, sem gilda við tjeðan rjett.

Nd. 456. **Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Af smjörlíki (Margarine), sem flutt er til Íslands, skal greiða aðflutningsgjald í landsjóð, 10 aura af hverju pundi.
2. gr. Um greiðslu gjaldsins og innheimtu, um tollskýrslur og um sektir gilda öll hin sömu ákvæði og um aðflutning á kaffi og sykri, samkv. lögum 9. ágúst 1889.
3. gr. Um mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið samkvæmt þeim reglum, sem gilda um opinber lögreglumál.
4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1898.

Nd. 457. **Frumvarp**

til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða (eins og það var samþ. við 2. umr. í nd.).

1. gr. Tilskipun um búnaðarskólagjald 12. febr. 1872, 3. og 4. gr., skal numin úr gildi.

Búnaðarskólar þeir, er nú eru stofnaðir, eiga rjett á, að fá árlega úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts jafna upphæð búnaðarskólagjaldi því, er þeim nú er greitt.

2. gr. Gjöldin til amts-jafnaðarsjóðanna, eptir niðurjöfnun amtsráðanna, skulu eptirleiðis greidd úr sjóðum sýslnanna. Gjöldin skiptast á sýslufjelögin eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða að tveim þriðjungum og eptir tölu verkfærra karlmanna að einum þriðjungi í hverju sýslufjelagi um sig.

3. gr. Gjöldum þeim til sýslusjóðanna, er sýslunefndirnar jafna niður, skal eptirleiðis skipt á hreppsfjelögin eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignar hundraða að tveim þriðjungum og eptir tölu verkfærra karlmanna að einum þriðjungi í hverju hreppsfjelagi um sig.

4. gr. Rjett er að hreppsnefnd, ef hún óskar þess, feli hlutaðeigandi sýslumanni innheimtu á gjöldum hreppsbúa til sýslusjóðsins, eptir niðurjöfnun hreppsnefndar, er hún þá sendir sýslumanni fyrir þann tíma, er hann tekur til.

Nd. 458. **Frumvarp**

til laga um sjerstakt gjald til brúargjörða (eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.).

1. gr. Heimilt er hverri sýslunefnd, ef henni þykir ástæða til, að leggja á sýslubúa sjerstakt gjald til að gjöra brýr yfir ár í sýslunni og halda þeim við; en eigi má gjald þetta fara samtals fram úr 5 a. fyrir hvert lausafjárhundrað og hvern verkfæran mann í sýslunni, nema það sje samþykkt af $^2/_3$ nefndarmanna og amtsráðið veiti samþykki sitt.

2. gr. Gjaldi því, er sýslunefndin leggur á eptir 1. gr., skal skipt niður á hreppana í sýslunni eptir samtölu lausafjárhundraða og verkfærra manna í hverjum hreppi fyrir sig.

3. gr. Gjald það, er hverjum hreppi ber að greiða eptir 2. gr., skal greiðast úr sveitarsjóði til oddvita sýslunefndarinnar, og gilda um það sömu reglur sem um sýslusjóðsgjald.

Nd. 459. **Frumvarp**

til laga um stofnun búnaðarsjóðs (eins og það var samþ. við 2. umr. í nd.).

1. gr. Landsbankinn í Reykjavík skal stofna sjerstaka lánsdeild, er nefnist búnaðarsjóður landsbankans. Tilgangur hans er að styrkja landbúnaðinn með hagkvæmum lánveitingum til jarðabóta.

2. gr. Starfsfje búnaðarsjóðsins er 40000 kr. úr varasjóði bankans og 20000 kr, er landssjóður leggur til úr viðlagasjóði, svo og árlegir vextir af lán um eða öðrum eignum sjóðsins.

Næstu 25 árin eptir stofnun sjóðsins skal auka starfsfjeð með 1/5 hluta þess, er landsbankanum greiðist árlega til varasjóðs. Um sama árabil skulu lagðar til sjóðsins þær 5000 kr., er landssjóði ber í ársvexti af láni sínu til bankans.

3. gr. Vextir af lánum úr búnaðarsjóði skulu vera 2 1/2 % um árið. Fyrstu 5 árin, eptir að lán er veitt, verður engin afborgun áskilin, en á næstu 20 árum skal lánið endurborgað að fullu með 1/20 á ári.

4. gr. Lán má veita úr búnaðarsjóði gegn ábyrgð sýslufjelaga eða fasteign með fyrsta veðrjetti. Abyrgð sýslufjelags verður því að eins tekin gild, að hún sje samþykkt með 2/3 atkvæða allra sýslunefndarmanna. Um tryggingu fyrir lánum úr búnaðarsjóði gilda að öðru leyti sömu reglur og um aðra lánveitingar úr landsbankanum.

5. gr. Til þess að menn geti fengið lán úr búnaðarsjóði útheimtist, að hlutaðeigandi sýslunefnd mæli með lánbeiðninni, og að lántakandi skuldbindi sig til að nota lánið til jarðabóta, er sje lokið eigi síðar en 2 árum eptir að lánið er veitt.

Helming lánsins fær lántakandi útborgaðan fyrirfram, en hinn hlutann eigi fyr en hinum áskildu jarðabótum er lokið, og sannað er með vottorði búfræðings, er stjórn búnaðarfjelags landsins nefnir til, að verkið sje vel af hendi leyst, enda sjeu jarðabætur þær, sem unnar eru, að minnsta kosti jafnmikils virði og upphæð lánsins.

Lánbeiðnum fylgi enn fremur skýrsla um það, til hvernig lagaðra jarðabóta lánum eigi að verja.

6. gr. Hverjar jarðabætur skulu teknar til greina við lánveitingar úr búnaðarsjóði, og hvernig þær skuli metnar til verðs, skal ákveða með reglugjörð, er stjórn búnaðarfjelags landsins semur og landshöfðingi staðfestir.

Í reglugjörðinni skal ennfremur ákveðið, hvernig sýslunefndin skuli haga meðmælum sínum og skilmálum þeim, er settir verða, að því er snertir ábyrgð sýslufjelaga fyrir lánum úr búnaðarsjóði.

Nd. 460. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu 447 um skipun læknahjeraða. Frá Sighv. Árnasyni.

1. Í staðinn fyrir »Mýrdalshjerað: Hvamms- og Dyrhólahreppar í Skaptafellssýslu og báðir Eyjafjallahreppar í Rangárvallasýslu« komi: Mýrdalshjerað: Álptavershreppur, Hvamms- og Dyrhólahreppar í Vestur-Skaptafellssýslu og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
2. Töluliður 40. breytist samkvæmt því.

Nd. 461. **Breytingartillaga**

við frumv. til laga um dýraverndun.

Frá Sighv. Árnasyni, Þórði Guðmundssyni, Pjetri Jónssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Halldóri Daníelssyni og Jóni Jónssyni, þm. A.-Skf.

Við 4. gr. Í staðinn fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar: »er lengri en þingmannaleið« komi: er lengri en 3 þingmannaleiðir.

Nd. 462. **Breytingartillögur**
við breytingartillögu nefndarinnar við frumv. til laga um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl. (445).

Frá Ólafi Briem.

1. Fyrir »1/5« komi: 1/10.
2. Fyrir »20 kr.« komi: 10 kr.

Ed. 463. **Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Sigurði Stefánssyni.

1. Við 13. gr. B. VI. 6. Töluliðurinn orðist svo
Til hússtjórnarskólans í Reykjavík í eitt skipti fyrir öll 1000 kr.
2. — — — C. 16. Töluliðurinn falli burtu.
3. — — — — 29. Töluliðurinn falli burtu.
4. — — — — 34. Töluliðurinn falli burtu.

Ed. 464. **Breytingartillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 27. breyt. á þingskjali 438 síðari málsgrein. Fyrir »1/4« komi: 1/5.

Ed. 465. **Breytingartillaga**
við frumv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum (þingskj. 401).

Frá Hallgr. Sveinssyni.

Við 5. gr. Í stað orðanna: »Ef deild Odd-Fellow-reglunnar . . . . úr flokki reglunnar« komi: Stjórn Odd-Fellow-reglunnar í Danmörku skal hafa rjett til að skipa stjórn spítalans einum manni úr flokki reglunnar á Íslandi.

Ed. 466. **Breytingartillögur**
við Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (þingskj. 368).

Frá Hallgr. Sveinssyni.

1. Við 10. gr. B. 3. b. Fyrir: »miðdagsmat« komi: miðdegismat.
2. — — — — — — Fyrir: »bygginguna sjálfa« komi: húsið sjálft.
3. — — — C. 7. c. 2. 3. 4
d. 2 og 3
e. 2 og 3
} Fyrir orðin: »til að kaupa« á öllum stöðum, komi orðið: fyrir.
4. — 12. gr. C. 1. Fyrir orðin: »milli landa og kringum landið« komi: milli

Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland.

5. Við 12. gr. C. I. 1. Á undan orðunum »16—18« bætist inn: eigi færri en.
6. Við 13. gr. A. b. Á eptir 4. bætist inn nýr liður, svo hljóðandi: 5. Bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum 200—200; og tölurnar breytist samkvæmt því.
7. Við 13. gr. A. b. 7. Á eptir »P. H. Hjálmarssonar« bætist inn: á Helgastöðum í Suður-Þingeyjarsýslu.
8. Við 13. gr. A. Fyrir »500« komi: 750.
9. Við 13. gr. B. III. c. 13. Fyrir: »500« komi: 700.
10. Við 13. gr. B. V. a. Fyrir: »2000—2000« komi: 2500—3000.
11. Við 13. gr. B. b. 1. Fyrir: 1400 kr.—1400 kr. komi: 1000 kr.—1000 kr.
12. Við 13. gr. C. Röðin á töluliðunum 20—27 verði þannig:
    20. Til rektors Jóns Þorkelssonar o. s. frv.
    21. — skólakennara G. Zoëga o. s. frv.
    22. — cand. mag. Bjarna Sæmundssonar
    23. — cand. mag. Helga Jónssonar o. s. frv.
    24. — Einars Jónssonar o. s. frv.
    25. — Skúla Skúlasonar o. s. frv.
    26. — Þórarins B. Þorlákssonar o. s. frv.
    27. — Útgerðarmannafjelagsins o. s. frv.

Nd. 467. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og niðurfærslu á árgjaldi þess.

Frá Pjetri Jónssyni. Jóni Jónssyni þm. Eyf. Birni Sigfússyni. Þorláki Guðmundssyni. Sighv. Árnasyni. Guðjóni Guðlaugssyni.

2. gr. frumvarpsins falli burt.

Ed. 468. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá L. E. Sveinbjörnsson.

Í greininni um lán til þilskipakaupa á eptir orðinu »þilskipakaupa« í 1. línu greinarinnar bætist við: frá útlöndum.

Nd. 469. **Tillaga**

til þingsályktunar um póstmál. Frá Einari Jónssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á póststjórnina

1. að gefa póstafgreiðslumanninum á Seyðisfirði heimild til, að senda aukapóst

að Egilsstöðum, þegar fardagar Seyðisfjarðarpóstsins og Eskifjarðarpóstsins þaðan falla eigi saman.
2. að flytja brjefhirðinguna á Desjarmýri að Bakkagerði í Borgarfirði og láta Borgarfjarðar-aukapóstinn ganga þangað.
3. að stofna brjefhirðing á Sleðbrjót í Jökulsárhlíð.

Ed. 470. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 13. gr. VI. b. 2. orðin: »sýslunefnda og« falli burtu.

Ed. 471. **Nefndarálit**
í horfellismálinu.

Þótt nefndin áliti, að frumvarpi þessu hafi verið spillt í verulegum atriðum í hinni háttvirtu neðri deild, þá telur hún þó enn töluverða rjettarbót eptir í því, og þar sem líka tíminn er orðinn svo naumur, að búast má við, að frumvarpið nái ekki fram að ganga, verði því breytt, þá ræður nefndin eptir atvikum hinni háttvirtu efri deild til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi 18. ágúst 1897.

Þorkell Bjarnason, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.
Kristján Jónsson. Jón Jónsson. Þorleifur Jónsson.

Ed. 472. **Nefndarálit**
í kennsluskilyrðamálinu.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild skipaði í nefnd til að íhuga tillögur þessar, getum ekki fallizt á þær eins og þær liggja fyrir frá hinni háttvirtu neðri deild, og leyfum oss því að ráða deildinni til að samþykkja við þær eptirfylgjandi

BREYTINGATILLÖGUR.

1. Fyrir: »I. Alþingi ályktar« komi: Alþingi ályktar I.
2. Við I. Orðin »annarstaðar en í kaupstöðum« falli burtu.
3. — — 1. tl. Á eptir orðinu »þyngd« komi: allt.
4. — — 6. — Fyrir orðin »enda sjeu þeir . . . » til enda greinarinnar komi: kennari skal ráðinn af hreppsnefnd með samþykki sóknarnefndar, með missiris uppsagnarfresti að minnsta kosti af beggja hálfu.
5. — — 6. — Önnur málsgreinin orðist þannig: Styrkbænum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um fyrirkomulag og framkvæmd kennslunnar, sem og endurrit af síðasta ársreikningi yfir tekjur þeirra og gjöld.

6. — — 6. — Í staðinn fyrir »lok júnímánaðar ár hvert» komi: 15. ágúst.
7. — II. 1. Töluliðurinn orðist svo:
Að kennarinn sje ráðinn af hreppsnefnd eða sóknarnefnd með samþykki sóknarprests og hagi kennslunni eptir samkomulagi við nefndina; skal þess gætt, að hvert barn njóti kennslunnar eigi skemur en 4—6 vikur, ef unnt er.
8. — — 2. Töluliðurinn orðist þannig:
Að kennt sje kristindómur, lestur, skript, reikningur og rjettritun. Þó má prestur, ef honum þykir betur fara, undanskilja kristindóm að meiru eða minna leyti, og skal þess þá getið í skýrslunni.
9 — — 3. Töluliðurinn falli burtu.
10. — — 4. Töluliðurinn orðist svo:
Að kennarinn kenni að minnsta kosti 15 vikur á ári.
11. — — 6. Fyrsta málsgrein falli burtu.
12. — — — Í stað »fyrir lok júnímánaðar ár hvert« komi: 15. ágúst ár hvert

Efri deild alþingis 18. ágúst 1897.

Hallgr. Sveinsson, formaður og framsögum. Sigurður Stefánsson, skrifari.

Guttormur Vigfússon.

Nd. **474. Frumvarp**

til laga um einkarjett (eins og það var samþ. við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Allir menn geta öðlazt einkarjett til að flytja hingað til lands, útbreiða hjer á landi, selja eða á annan hátt nota sjer til hagsmuna nýjar uppfundningar, er þeir sjálfir hafa fundið upp og eigi hafa áður hagnýttar verið hjer á landi, og sem eru til verulegrar nytsemdar fyrir búnað eður iðnað. Slíkur einkarjettur nefnist aðaleinkarjettur.

2. gr. Einkarjett má og fá fyrir sjerhverja nytsama breyting, er einhver finnur upp að gjöra á uppfundning, er einkarjettur er fenginn á, ef breytingin er svo veruleg, að hún út af fyrir sig getur álitizt ný uppfundning. Slíkur einkarjettur nefnist aukaeinkarjettur.

Aukaeinkarjettur veitir enga heimild til að hagnýta frumuppfundninguna, nje skerðir á nokkurn hátt aðaleinkarjett.

3. gr. Enginn hefur rjettindi til einkarjettar samkv. 1. og 2. gr. annar en uppfundningarmaður sjálfur og sá, er eignazt hefur rjettindi hans til einkarjettar á löglegan hátt, samkvæmt almennum rjettarreglum um færslu eignar úr eigu eins manns til annars.

Lánardrottnar og skuldheimtumenn geta ekki leitað kröfum sínum fullnægju í rjettindum manns til einkarjettar, en þar á móti í einkarjettinum, eptir að hann er veittur.

Nú beiðast tveir menn eður fleiri einkarjettar á uppfundning, sem er í öll-

um verulegum atriðum ein og hin sama; hefur þá sá, er fyrstur beiddist, forgangsrjett til einkarjettarins.

4. gr. Aðaleinkarjettur gildir um 15 ár og telst frá þeim degi, er einkarjetturinn er veittur. Einkarjett má hvorki lengja fram úr 15 árum nje endurnýja.

Aukaeinkarjettur er í gildi frá því, er hann er veittur, og til þess er aðaleinkarjettur á frumuppfundningunni gengur úr gildi.

5. gr. Sá, er um einkarjett sækir, skal senda landshöfðingja:

a, umsóknarbrjef sitt í tveim samritum, og sje það stýlað til hans;

b, lýsing á uppfundning sinni í tveim samritum;

c, enn fremur ef með þarf lýsingunni til skýringar uppdrátt, eptirmynd eða sýnishorn í tvennu lagi.

Umsóknarbrjefið skal vera skráð á íslenzka tungu og bera með sjer nafn stöðu og heimili umsækjanda, svo og ákveðið nafn á uppfundningunni. — Umsækjandi skal skýra frá, hver sje uppfundningarmaðurinn, og sje hann það eigi sjálfur, skal hann með fullnægjandi skírteinum færa sönnur á, að hann sje á löglegan hátt orðinn eigandi að rjettindum uppfundningarmanns til einkarjettarins.

Hver sá, er sækja vill um einkarjett á tveim eða fleirum uppfundningum, sem hver er annari óháð og sjers æð, skal senda sjerstaka umsókn um einkarjett á hverri fyrir sig.

6. gr. Sje umsækjandi eigi heimilisfastur í landinu, skal umsókn hans fylgja yfirlýsing hans um að hann hafi veitt fullt umboð sitt hjerlendum manni til að gegna sem fulltrúi hans öllum þeim skyldum og gæta alls þess rjettar, er leiði af einkarjettar-umsókninni, og sjerstaklega að gegna lögsókn og svara til allrar þeirrar ábyrgðar, er hinum væntanlega einkarjetti fylgi samkvæmt lögum þessum. Á yfirlýsing þessa skal fulltrúinn fá viðurvist sýslumanns eða bæjarfógeta hafa ritað viðurkenning um, að hann takist umboðið á hendur.

7. gr. Nú er umsókn manns um einkarjett samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. góð og gild; skipar þá landshöfðingi nefnd þrem mönnum, þeim er hann telur vel fallna til að dæma um umsóknina, og úrskurðar nefndin, hvort einkaleyfið skuli veitt eður ekki.

Þyki nefndinni sjerstakt vandhæfi á, að kveða upp úrskurð sinn, tilnefnir hún tvo menn, þá er hún telur bezt skyn bera á málið, og skipar landshöfðingþá; taka þeir þá sæti í nefndinni og úrskurða með henni umsóknina. Úrskurður inn skal vera skriflegur og rökstuddur.

Nefndin fær borgun fyrir starf sitt úr landssjóði eptir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar.

8. gr. Ætli nefndin að uppfundning sú, er umsókn hljóðar um, ekki svari til ákvæða 1. og 2. gr., eður að rangt sje sagt til um uppfundningarmann eður að umsækjanda bresti heimild til að verða einkarjettarins aðnjótandi, skal hún gefa umsækjanda kost á að koma fram með brjeflega eður munnlega skýrslu um þau atriði, og fullvissist hún þá um, að gildir meinbugir sjeu á, synjar hún umsækjanda um einkarjettinn.

Að öðrum kosti gefur nefndin út um umsóknina opinbera auglýsingu, er bera skal með sjer nafn, stöðu og bústað umsækjanda, svo og nafnið á uppfundn-

ingunni. Jafnframt leggur nefndin umsóknina með fylgiskjölum fram til sýnis almenningi.

Sje þess beiðzt í umsókninni, má fresta bæði auglýsing hennar og framlagning um allt að 3 mánuði, frá því er nefndin hefir tilkynnt umsækjanda, að auglýsing og framlagning geti átt sjer stað.

9. gr. Í átta vikur, eptir að auglýsingin kemur út, er hverjum manni frjálst að bera fram fyrir nefndina mótmæli gegn því, að einkarjetturinn verði veittur, hvort sem mótmælin eru byggð á því, að almenn skilyrði sjeu ekki fyrir hendi, eður á því, að veiting einkarjettarins mundi ríða í bága við sjerstakleg rjettindi þess, er ber mótmælin fram. Þau skulu vera skrifleg og rökstudd. — Um sækjandi skal eiga kost á að svara mótmælunum.

Þyki nefndinni ástæða til, getur hún, eptir að auglýsingin er útgefin, leitað skýrslna og skýringa hjá embættismönnum og hverjum þeim opinberum starfsmönnum, er kynnu að bera sjerstök kennsl á uppfundning þá, sem einkarjettar er beiðst á.

10. gr. Þá er frestur sá, er getur um í 9. gr., er útrunninn, leggur nefndin úrskurð sinn á, hvort umsækjanda skuli veittur einkarjetturinn eður honum skuli synjað um hann. — Skal hún kveða upp úrskurðinn, áður en 16 vikur sjeu liðnar frá því, er hin opinbera auglýsing samkv. 8. gr. var birt.

11. gr. Nú synjar nefndin umsækjanda um einkarjett, og hyggur hann synjunarúrskurðinn styðjast við rangt álit, er valdið hafi villandi skýrslur, ógild mótmæli eður þekkingarbrestur, er honum þá rjett að fá nefndinni málið til nýrrar meðferðar og skal hún verða við áskorun hans um það, ef hún fram kemur innan 6 vikna frá því, er hann fjekk tilkynning um hinn fyrra úrskurð. Heimilt er honum jafnframt að leggja fram nýjar skýringar í málinu.

Leggur nefndin þá úrskurð af nýju á málið og er það fullnaðarúrskurður. Þá er einkarjettarumsókn hefir auglýst verið, og síðan verið tekin aptur eða synjað, og sje frestur sá, sem getur um í 11. gr., útrunninn, án þess að umsækjandi hafi skotið máli sínu til nýrrar meðferðar, eður og að ýtarlegri meðferð málsins hefir leitt til ítrekunar á synjun, skal nefndin birta það með opinberri auglýsingu.

12. gr. Þá er nefndin hefir úrskurðað, að einkarjett megi veita, gefur landshöfðingi út einkarjettarskírteinið.

Þá er einkarjettarskírteini er útgefið, skal það þegar auglýst.

13. gr. Öll einkarjettarskírteini skulu innfærð í löggilta bók og skal þar glögglega skráð, hver uppfundningin er, hvern dag einkarjettur er veittur, nafn, staða og heimili þess, er einkarjett hefur hlotið, eða fulltrúa hans, ef hann er erlendis.

Þá er einkarjettur er á enda, fellur niður eður er dæmdur úr gildi, skal þess getið í bókinni og auglýst almenningi.

Þá er landshöfðingja berst tilkynning um, að einkarjettur sje seldur í annars manns hendur, eður að einkarjettareigandi hafi skipt um fulltrúa, og fylgi tilkynningunni tilhlýðileg sönnunargögn, skal þess eins getið í bókinni og það birt almenningi með auglýsingu.

Meðan slík birting eigi hefir fram farið, má höfða mál þau, er af einkarjettinum rísa, gegn hinum fyrverandi einkarjettareiganda eður fulltrúa.

Hverjum manni er heimilt að kynna sjer einkarjettarbókina, svo og einkarjettar-umsóknir, lýsingar á uppfundningum og önnur skjöl, er fylgt hafa umsókn einkarjettar, er þegar er veittur.

14. gr. Auglýsingar samkvæmt lögum þessum skulu birtar á sama hátt, sem aðrar opinberar auglýsingar.

15. gr. Hver sá, er sækir um einkarjett, skal með umsókn sinni senda landshöfðingja 25 kr. Verði honum veittur einkarjettur, skal hann fyrir einkarjettarskírteinið enn fremur gjalda 25 kr. — Sá er aðaleinkarjett fær, skal enn fremur áður en 5. ár einkarjettar tímans er útrunnið greiða 100 kr. og áður en 10. árið er útrunnið greiða 250 kr. Gjöld þessi öll renna í landssjóð.

16. gr. Ef almenningsheill krefur, má með lögum svipta hvern mann einkarjetti þeim, er hann hefur hlotið samkvæmt lögum þessum, gegn fullu endurgjaldi úr landssjóði.

Náist eigi samkomulag um endurgjaldsupphæðina, ákveður hana 5 manna matsnefnd, er svo er skipuð, að sá er einkarjetti er sviptur, tilnefnir 2 nefndarmenn, landshöfðingi aðra 2, en yfirdómur landsins oddamann. Geti meiri hluti matsnefndar þessarar eigi orðið samdóma um upphæð endurgjaldsins, úrskurðar landsyfirdómur hana til fullnaðar.

17. gr. Einkarjettur fellur úr gildi:

a, ef gjöldin til landssjóðs ekki eru greidd á tilskildum tíma;

b, ef einkarjettareigandi sezt að erlendis eða selur einkarjettinn í hendur erlendum manni og landshöfðingi ekki innan 6 vikna fær tilkynningu um hjerlendan fulltrúa;

c, ef fulltrúi sá, er einkarjettareigandi segir til eður vísar á, ekki vill fara með umboð hans eða leggur það niður og einkarjettareigandi ekki hefur sent landshöfðingja tilkynningu um nýjan fulltrúa innan ákveðins tíma, er nefndin tiltekur, enda skal hún tilkynna einkarjettareiganda þann frest eður birta um hann opinbera auglýsingu, ef verustaður einkarjettareiganda er ókunnur;

d, ef það sannast, að uppfundning sú, sem einkarjettur er veittur á, hefur áður verið fundin upp af öðrum og hagnýtt hjer á landi;

e, ef einkarjettareigandi ekki er tekinn að hagnýta uppfundning sína með framkvæmd hennar, áður þrjú ár sjeu liðin frá því, er einkarjettarskrá hans var útgefin, nje hefur innan þess tíma sýnt viðleitni á að útbreiða hana með sölu í landinu, sje hún þess eðlis að verða seld, — eða ef útsala hennar í landinu fellur niður ári lengur í senn. Heimilt er þó landshöfðingja að lengja þennan frest, hvorn um sig, allt að ári, ef einkarjettareigandi beiðist þess fyrir fram og færir nægilegar sönnur á, að sjerstakar tálmanir eða forföll hafi átt sjer stað.

18. gr. Þann tíma, er einkarjettur er í gildi, má enginn flytja hingað til lands, nje búa til hjer á landi, nje selja, nje útbreiða, nje á annan hátt hagnýta sjer í atvinnu eða gróðaskyni uppfundning þá, sem einkarjettur er veittur á, nema eigandi þess einkarjettar leyfi.

Sá, er skerðir eður brýtur á einhvern hátt óviljandi og óvitandi einkarjett annars manns, er skyldur að gjalda einkarjettareiganda fullar skaðabætur, eptir almennum gildandi reglum um skaðabætur, og skulu hinir innfluttu, tilbúnu eða

falboðnu hlutir athendast þeim, er einkarjettur var brotinn á, gegn greiðslu andvirðis þeirra, eða tilsvarandi lækkun þeirrar skaðabótaupphæðar, er honum ber.

En sá, er viljandi og vísvitandi skerðir eða brýtur einkarjett manns, skal auk þess sekur um 1000 krónur og fyrir endurtekið brot um 2000 krónur eður fangelsi. Sektirnar renna í landssjóð.

Slíkri ábyrgð má koma fram á hendur manni, eptir að einkarjettartími er útrunninn, eða einkarjettur úr gildi fallinn, ef brotið hefur innan þess tíma verið framið.

19. gr. Kærumál út af brotum gegn 18. gr. skal með fara sem einkalögreglumál.

Sú málsvörn kærða, að einkarjettur kæranda sje úr gildi fallinn eða ógildur, skal því að eins tekin undir dómsúrskurð, að saknæmi eður sýkna kærða velti á því atriði.

Nú kærir einkarjettareigandi eigi brot gegn einkarjetti sínum innan árs, frá því er hann fjekk vitneskju um brotið, og hefir hann þá fyrirgjört rjetti sínum til skaðabóta, enda skal þá eigi refsað fyrir brotið; svo skulu og skaðabætur og refsing niðurfalla, ef þrjú ár eru liðin frá því að brotið var framið og til þess, er kært er yfir því.

Mál út af afbrigðum gegn lögum þessum eru einkamál, nema afbrigðin sjeu saknæm eptir almennum hegningarlögum.

Ed. 475. **Frumvarp**

til laga um skipun læknishjeraða á Íslandi og fl. (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr.

Íslandi skal skipt í 42 læknishjeruð, þau er hjer segir:

1. *Reykjavíkur hjerað:* Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfellshreppar.
2. *Keflavíkur hjerað:* hinir 6 hreppar Gullbringusýslu.
3. *Kjósar hjerað:* Þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg, og Kjósarsýsla nema Mosfellshreppur.
4. *Skipaskaga hjerað:* Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
5. *Borgarfjarðar hjerað:* hinn hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár.
6. *Mýra hjerað:* hinn hluti Mýrasýslu og Hnappadalssýsla.
7. *Ólafsvíkur hjerað:* syðri hluti Snæfellsness sýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða.
8. *Stykkishólms hjerað:* hinn hluti Snæfellsness sýslu; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og Skarðstrandarhreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, nema Rauðseyjar, Rúfeyjar og Akureyjar.
9. *Dala hjerað:* Dalasýsla nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
10. *Reykhóla hjerað:* Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar þess er leitað, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi.
11. *Flateyjar hjerað:* Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahrepp-

ur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals.

12. *Barðastrandar hjerað*: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá.
13. *Þingeyrar hjerað*: Vestur-Ísafjarðarsýsla.
14. *Ísafjarðar hjerað:* Ísafjarðar kaupstaður ásamt Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi.
15. *Nauteyrar hjerað*: Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar.
16. *Hesteyrar hjerað*: Grunnavíkur og Sljettuhreppar.
17. *Steingrímsfjarðar hjerað*: Nyrðri hluti Strandasýslu að Ennishöfða.
18. *Borðeyrar hjerað*: Óspakseyrar- og Bæjarhreppar í Strandasýslu, Staðar-, Torfastaða- (Fremri- og Ytri) og Kirkjuhvammshreppar í Húnavatnssýslu.
19. *Blönduóss hjerað:* Hinn hluti Húnavatnssýslu, nema Svartárdalur.
20. *Sauðárkróks hjerað*: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Rípur, Viðvíkur, Hóla og Hofs hreppar.
21. *Seilu hjerað*: Seilu, Lýtingsstaða og Akra hreppar í Skagafjarðarsýslu og Svartárdalur í Húnavatnssýslu.
22. *Siglufjarðar hjerað:* Fells og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu, og Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur til að vitja sjúklinga í Grímsey, þegar þess er leitað og því verður við komið.
23. *Höfðahverfis hjerað:* Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu.
24. *Akureyrar hjerað:* hinn hluti Eyjafjarðarsýslu, nema Grímsey, og Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfishjeraðs sem er að vestanverðu við Eyjafjörð.
25. *Reykdæla hjerað:* Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar.
26. *Húsavíkur hjerað*: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldæla og Húsavíkur hreppar.
27. *Axarfjarðar hjerað:* Kelduness-, Fjalla- og Skinnastaðahreppar og Presthólahreppu að Skinnalónsheiði.
28. *Þistilfjarðar hjerað:* Hinn hluti Norður-Þingeyjarsýslu.
29. *Vopnafjarðar hjerað:* Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í hjerað þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið.
30. *Hróarstungu hjerað*: Jökulsdalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar.
31. *Seyðisfjarðar hjerað:* Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppar.
32. *Fljótsdals hjerað:* Jökuldalshreppur fyrir beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar.
33. *Reyðarfjarðar jerað*: Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar.
34. *Fáskrúðsfjarðar hjerað*: Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals hreppar.
35. *Berufjarðar hjerað:* Beruness og Geithellna hreppar.
36. *Hornafjarðar jerað*: Austur-Skaptafellssýsla.
37. *Síðu hjerað*: Vestur-Skaptafellssýsla frá Skeiðarársandi að Mýrdalssandi.

38. *Mýrdals hjerað:* Hvamms og Dyrhóla hreppar í Skaptafellssýslu og báðir Eyjafjalla hreppar í Rangárvallasýslu.
39. *Vestmannaeyja hjerað:* Vestmannaeyjasýsla.
40. *Rangár hjerað:* Rangárvallasýsla nema Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar.
41. *Grímsness hjerað:* Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu.
42. *Eyrarbakka hjerað:* hinn hluti Árnessýslu nema Þingvallahreppur.

Landshöfðingi getur eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

Nú er hjeraðslæknis vitjað úr öðru hjeraði til konu í barnsnauð, eða í öðru jafnbrýnu tilfelli, fyrir þá sök, að hægra er til hans að ná en hlutaðeigandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur eins og hjeraðsbúi hans ætti í hlut.

2. grein.

Í hvert læknishjerað skal skipa hjeraðslækni, og er hann skyldur til að setjast að í þeim hluta hjeraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita um það álita hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda. Nú er lækni skylt að búa utan verzlunarstaðar, og skal hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir þegar útvega honum aðsetursstað.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað eða verzlunarstað, er hjeraðið er kennt við. Hjeraðslæknirinn í Reyðarfjarðarhjeraði skal vera búsettur á Eskifirði og hjeraðslæknirinn í Barðastrandarhjeraði á Patreksfirði.

Þessir læknar, svo og læknirinn í Vestmannaeyjum, skulu skyldir til, þegar komið verður upp á þessum stöðum sjúkrahúsum, að takast á hendur lækniseptirlit við hús þessi, án sjerstakrar þóknunar.

3. grein.

Að því er laun snertir, er læknishjeruðunum skipt í 4 flokka: í 1. flokki eru launin 1900 kr., í 2. 1700 kr., í 3. 1500 kr., og í 4. 1300 kr.

Í 1. flokki eru Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruð.

Í 2. flokki eru Keflavíkur, Barðastrandar, Blönduóss og Sauðárkróks hjeruð.

Í 4. flokki eru Kjósar, Mýra, Nauteyrar, Seilu, Fáskrúðsfjarðar, Berufjarðar, Flateyjar, Vestmannaeyja, Axarfjarðar og Þistilfjarðar hjeruð.

Í 3. flokki eru öll hin læknishjeruðin.

Launin greiðast úr landssjóði. Eptirlaun læknis skal þannig reikna, að hann fái $^1/_5$ þeirrar launaupphæðar, sem hann hafði þegar hann fjekk lausn frá embætti og auk þess 20 kr. fyrir hvert embættisár. Að öðru leyti skal farið eptir hinum almennu eptirlaunalögum.

Hafi nokkur hjeraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eptir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

Hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eptir lögum þessum.

4. grein.

Þegar ekki er samið fyrir fram við lækna um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber þeim, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn 25 a. til 1 kr.
Komi sjúklingurinn eptir umtali við lækninn þrisvar eða optar þar á eptir til hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða optar, færist borgunin niður um helming.
Sje læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.
2) Fyrir að gjöra lítils háttar skurði og binda um, draga út tönn, ná þvagi af manni eða því um líkt ..... 50 a. til 1 —
3) Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn ..... 4 —
4) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá ..... 1—2 —
5) Fyrir að binda um beinbrot ..... 2—4 —
6) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera því líkan meiri háttar líkamsskurð ... 4—8 —
7) Fyrir að hjálpa sængurkonum með verkfærum, eða án þeirra ..... 2—8 —

Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu við það, sem hjer er talið.

Þurfi læknir aðstoðar við hina meiri háttar líkamsskurði, skal að auki greiða sanngjarna borgun fyrir þá aðstoð.

5. grein.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun ..... 2 kr.
2) Fyrir uppskurð á líki ..... 8—16 —
Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiptist borgunin jafnt á milli þeirra.
3) Fyrir »kemiska« eða »mikroskopiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið ..... 4 —
Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sjerstaklega.
4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sje fullburða, eða því um líkt ..... 2—3 kr
Sjeu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó að eins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.
5) Fyrir að rannsaka sjóskemmdar vörur, meðul, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði ..... 3—5 —

6. grein.

Verði læknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eptir 4. og 5 gr. 4 kr. fyrir hverjar 12 stundir, sem hann er á ferð, eða að læknisstörfum, og að því skapi fyrir styttri tíma. Sjái hann sjer sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í því byggðarlagi.

7. grein.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Nd. **476. Breytingartillögur**

við frv. til laga um innleiðslu metrakerfisins fyrir mál og vog.

Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Skf.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Frumeining lengdarmálsins er stikan (þ: hinn franski metri). 10 stikur heita spölur, 100 stikur skeið og 1000 stikur röst. 1/10 stiku heitir spönn, 1/100 nögl og 1/1000 rák.

Frumeining flatarmálsins er ferhyrningsstikan. Einn reitur er 100 ferhyrningsstikur. Einn teigur er 100 reitir.

Frumeining rúmmálsins er teningsstikan. Ein kanna er 1/1000 teningsstiku. 10 könnur heita skjóla, 100 könnur ker og 1000 könnur áma. 1/10 könnu heitir staup og 1/100 seytill.

Frumeining vogarinnar er met (tvípund, kilogram). Eitt met er 10 þveiti, 100 örtugar og 1000 högl. Eitt hagl er 10 korn, 100 eifi og 1000 agnir. Ein smálest (ton) er 1000 met.

2. Við 2. gr. Fyrir: »nota metrakerfið fyrir mál og vog« (á tveim stöðum) komi: hafa tugamál og tugavog
3. — ——— Fyrir: »metrakerfið« komi: tugamál og tugavog
4. — 3. gr. Fyrir: »metrakerfisins fyrir máli og vog« komi: tugamáls og tugavogar
5. — —— Fyrir: »kílómetrar« komi: rastir
6. — —— Fyrir: »metrar« komi: stikur
7. — —— Fyrir: »ferhyrningsmetrar« komi: ferhyrningsstikur
8. — —— Fyrir: »arar« komi: reitir
9. — —— Fyrir: »litrar« komi: könnur
10. — —— Fyrir: »kílógrömm« komi: met
11. — —— Síðar í greininni breytist »litri« í »kanna« og »litrar« í »könnur«.
12. Fyrirsögnin verði: Frumvarp til laga um tugamál og tugavog.

Ed. **477. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Nefnd sú er kosin var í þessu máli hefur aptur tekið það til meðferðar, eins og það kom frá hinni hv. neðri deild, og komizt að þeirri niðurstöðu, að hinar lítilfjörlegu breytingar, sem gjörðar hafa verið við 2. gr. og 3. gr. 1. tölulið, sjeu eigi til skaða. Þá álítur meiri hluti nefndarinnar, að eptir atvikum sje eigi ástæða til að setja aptur inn í frumvarpið niðurlagsákvæðið í 3. gr., með því að sökum naumleika tímans geti það orðið því til fyrirstöðu, að frumv. nái fram að ganga, en það er álit nefndarinnar, að æskilegt sje, að frumvarp þetta geti orðið að lögum. Meiri hluti nefndarinnar ræður því til, að samþykkja frum-

varpið óbreytt. Minni hluti nefndarinnar (Jón Jakobsson) sjer aptur á móti eigi ástæðu til að fella niðurlagsákvæði 3. greinar og áskilur sjer rjett til að koma með breytingartillögu um að setja það ákvæði aptur inn í frumvarpið.

Alþingi 18. dag ágústm. 1897.

Kristján Jónsson	Jón Jakobsson	Sigurður Stefánsson
formaður og framsögumaður.	skrifari.	

Ed. 478. **Frumvarp**

til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Eptirlaun þau til uppgjafaprests, er greidd voru frá Hólmaprestakalli 1893—94 og 1894—95, skulu endurborgast úr landssjóði.

Nd. 473 **Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi, og sje annar þeirra jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 4000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

Til aukakennslu við skólann má árlega verja allt að 1000 kr. Öll útgjöld skólans greiðast úr landssjóði.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

6. gr. Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefir í fjárlögum veitt fje til skólans.

Nd. 479. **Viðaukatillögur**

við tillögu til þingsályktunar um póstmál. Frá Skúla Thoroddsen.

Aptan við þingsályktunartillöguna bætist:

4. að aukapóstar þeir, sem ganga frá Ísafirði að Botni í Súgandafirði og að Hóli í Bolungarvík, séu látnir fara eins margar ferðir, eins og aðalpóstferðir eru frá Hjarðarholti til Ísafjarðar.

5. að eptir komu aukapóstsins frá Ísafirði að Hesteyri sje aukapóstur sendur þaðan að Höfn í Sljettuhreppi.

6. að bæjefhirðing sé stofnuð að Höfn í Sljettuhreppi.
7. að aukapóstur verði látinn ganga frá Arngerðareyri, eptir komu aðalpóstsins þangað frá Hjarðarholti, um Melgraseyri að Snæfjöllum.

Ed. 480. **Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi.

Flutningsmenn: Jón Jakobsson, Guttormur Vigfússon, Þorleifur Jónsson.

1. Við 2. gr. Fyrir: »það, og skal hreppsnefndin síðan« komi: »það. Samþykki meiri hluti hreppsnefndarinnar beiðnina, skal hún«
2. — — — Orðin: »og auk þess samþykki meiri hluta hreppsnefndarinnar« falli burt.
3. — — — Á eptir orðunum: »Í kaupstöðum skal« komi: ef meiri hluti bæjarstjórnarinnar samþykkir beiðnina.
4. — — — Orðin: »og auk þess samþykki meiri hluta bæjarstjórnarinnar« falli burt.

Ed. 481. **Tillaga**

til þingsályktunar um landsspítala (eins og það var samþ. við eina umr. í nd.).

Alþingi skorar á stjórnina

að leitast fyrir hjá Reykjavíkurbæ, hvort og að hve miklu leyti bæjarsjóður vill styrkja byggingu spítala þessa og árlegan kostnað við hann.

Ed. 482. **Tillaga**

til þingsályktunar um sóttvarnarhús (eins og hún var samþ. við eina umr. í nd.).

Alþingi skorar á stjórnina að leggja fyrir alþingi 1899 áætlun um kostnað við bygging sóttvarnarhúsa í helztu kaupstöðum landsins samkvæmt lögum 17. des. 1875.

Nd. 483. **Tillaga**

til þingsályktunar um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags.

Frá samgöngumálanefndinni.

Alþingi skorar á stjórnina að sjá um að viðkomustaðir strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags verði ákveðnir sem hjer segir:

1. Vestur um land.

1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Búðir, 4. Ólafsvík, 5. Grundarfjörður, 6. Stykkishólmur, 7. Hvammstjörður, 8. Skarðstöð, 9. Flatey, 10. Patreksfjörður, 11. Tálknafjörður, 12. Arnarfjörður, 13. Dýrafjörður, 14. Önundarfjörður, 15. Súgandafjörður (Suðureyri), 16. Skálavík, 17. Ísafjörður, 18. Aðalvík, 19. Höfn í

Sljettuhlíð, 20. Þaralátursfjörður, 21. Reykjarfjörður, 22. Steingrímsfjörður, 23. Bitrufjörður, 24. Borðeyri, 25. Hvammstangi, 26. Sigríðarstaðaós (Lambhúsvík), 27. Blönduós, 28. Skagaströnd, 29. Sauðárkrókur, 30. Hofsós, 31. Haganesvík, 32. Siglufjörður, 33. Ólafsfjörður, 34. Dalvík, 35. Hjalteyri, 36. Akureyri.

II. Austur um land.

1. Reykjavík, 2. Keflavík, 3. Vestmannaeyjar, 4. Vík, 5. Hornafjörður, 6. Papós, 7. Djúpivogur, 8. Breiðdalsvík, 9. Stöðvarfjörður, 10. Fáskrúðsfjörður, 11. Reyðarfjörður, 12. Eskifjörður, 13. Norðfjörður, 14. Mjóifjörður, 15. Seyðisfjörður, 16. Loðmundarfjörður, 17. Borgarfjörður, 18. Vopnafjörður, 19. Bakkafjörður, 20. Þórshöfn, 21. Raufarhöfn, 22. Kópasker, 23. Húsavík, 24. Flatey, 25. Þorgeirsfjörður, 26. Grímsey, 27. Grenivík, 28. Svalbarðseyri, 29. Akureyri.

Á hvern þessara staða komi bátarnir svo opt sem því verður við komið, en þó á engan sjaldnar en í þremur ferðum fram og aptur, og skulu það einkum vera þeir staðir, er sjerstakir flóabátar annars koma við á. Í Vík í Mýrdal sje því að eins komið við, að veður og vindur leyfi.

Nd. 484. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1896 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Frá nefndinni.

Við 1. gr. Fyrir »þeirra umsækjenda« komi: kandídata þeirra og aðstoðarpresta.

Nd. 485. **Nefndarálit**

um fátækramálefni.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að kveða upp álit vort um tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálefnum. — Var svo tilætlazt, að vjer frestuðum þessu máli, þangað til frumvarp það til laga um fátækramálefni, sem þegar hafði verið borið upp í efri deild alþingis, kæmi til neðri deildar, enda hefir því frumvarpi nú fyrir skemstu verið vísað til nefndarinnar og tveim þingmönnum bætt við tölu nefndarmanna með samþykki hinnar háttvirtu deildar.

Þá er vjer nú eptir föngum höfum íhugað þessi verkefni nefndarinnar, verður álit vort um þau á þessa leið.

Að því er fyrst snertir ofangreint frumvarp frá háttvirtri efri deild, með fyrirsögn: frumvarp til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834 o. fl., þá er nefndin einhuga á því máli, að ótiltækilegt sje, að ráða til samþykktar á því án verulegra breytinga. Á hinn bóginn sá nefndin fram á, þar sem þingtíminn er þegar á enda, að hana skorti tíma til rækilegrar íhugunar á slíkum breytingum og málinu yfir höfuð, sem bæði er svo vandasamt og þýðingarmikið, enda virðist og áhorfsmál, hvort efni

frumvarpsins ekki er á einn veg of takmarkað, en á hinn bóginn aptur að nokkru leyti ósamkynja, þó nefndin viðurkenni, að frumvarpið hafi í sjer fólgnar góðar bendingar og ákvæði um ýms atriði, ef gjöra ætti skipun á þessu efni yfir höfuð með nýjum lögum.

Hvað aptur á móti snertir þingsályktunartillöguna, þá var öll nefndin samdóma um það, að efni það, sem tillagan ræðir um, fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf landsins, sje svo vandasamt og yfirgripsmikið mál, að ekki sje hugsandi til á þeim stutta tíma, sem alþingi á setu í hvert skipti, að semja nýja lagaskipun um það málefni, sem í lagi væri, án undangangandi rækilegs undirbúnings.

Verður nefndin því að álíta, að eina úrræðið til þess, að koma slíkri nýrri lagaskipun í kring, sem í sjálfu sjer virðist bæði nauðsynleg og er mikið áhugamál alþýðumanna hjer á landi, geti verið það, að skipa milliþinganefnd, eins og tillagan fer fram á, og vill nefndin sjerstaklega benda á, að nauðsynlegan kostnað til slíkrar nefndar mætti taka upp á fjáraukalög.

Af ástæðum þeim, sem vjer þannig í stuttu máli höfum bent á, leyfum vjer oss að leggja það til við hina háttvirtu deild:

1. að frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, verði felld, og
2. að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Neðri deild alþingis 19. ágúst 1897.

Sighvatur Árnason,	B. Sveinsson,	Kl. Jónsson.
formaður.	skrifari og framsögum.	
Eiríkur Gíslason.	Halldór Daníelsson.	

Nd. 486. **Viðaukatillögur**

við viðaukatillögur á þingskj. 479 við tillögur til þingsályktunar um póstmál á þingskj. 469.

Frá Guðjóni Guðlaugssyni og Jens Pálssyni.

Aptan við viðaukatillögurnar bætist:

8. að aukapósturinn frá Hjarðarholti í Dölum, sem gengur um Fellsströnd og Skarðsströnd, fari ekki lengra áleiðis en í Skarðsstöð, og snúi aptur þaðan sömu leið að Hjarðarholti; en að sjerstakur aukapóstur fari frá Skarðsstöð um Tjaldanes og Ólafsdal að Kleifum í Gilsfirði, fyrir komu vestanpóstsins þangað frá Ísafirði, — og tafarlaust sömu leið aptur til Skarðsstaðar.
9. að aukapósturinn frá Bæ í Króksfirði, sem fer um Tröllatungu og Kirkjuból að Stórafjarðarhorni, fari sömu leið aptur að Bæ, en að sjerstakur aukapóstur gangi frá Stórafjarðarhorni um Ljúfustaði að Kleifum í Gilsfirði fyrir komu vestanpóstsins þangað frá Ísafirði, — og tafarlaust sömu leið aptur að Stórafjarðarhorni.

Ed. 487. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lögaldur.

Þegar frumv. þetta fór frá hv. efri deild, eptir að hún hafði rætt það á

lögboðinn hátt og samþykkt það við 3. umr., voru í því þau ákvæði, að hver karlmaður og hver ógiptur kvennmaður skyldi verða fullráður fjár síns 20 ára að aldri, og skyldi þá einnig geta tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild væri, en fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni skyldi hver maður verða 16 ára að aldri. Ýtarleg rök fyrir þessum ákvæðum frv. voru færð í áliti nefndarinnar, þingskj. 309, og leyfum vjer oss að vísa til þessa álits. Af fyrirliggjandi frv., þingskj. 449, sjest, hvernig hv. neðri deild hefir breytt ákvæðum frv., en hverjar ástæður hafi verið færðar fyrir breytingunum, er nefndinni ókunnugt. Nefndin leggur því til, að frv. verði fært aptur í það horf, sem það var í, þegar það var samþykkt við 3. umr. hjer í deild í sumar, og leyfir sjer þar að lútandi að vísa til áðurnefnds álitsskjals (þskj. 309). Samkvæmt þessu stingur nefndin upp á þessari breytingu við frv.:

Í staðinn fyrir: »fullráður fjár síns 21 árs« komi: fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16 ára, en fullráður fjár síns 20 ára.

Efri deild alþingis, 19. ágúst 1897.

L. E. Sveinbjörnsson, form. Kristján Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Jón A. Hjaltalín.

Ed. 488. **Frumvarp**

til laga um dýraverndun (eins og það var samþykkt við 3. umr. í n. d.).

1. gr. Enginn má af ásettu ráði meiða nokkra skepnu eða misþyrma henni á á nokkurn hátt.

2. gr. Hver sem á hross, nautgripi eða sauðfje, er skyldur að sjá því fyrir nægilegu fóðri. Hann skal hafa peningshús svo mikil, að hann geti, þegar þörf er á, hýst allar skepnur sínar, svo og þann fóðurpening, sem hann hefir tekið að sjer fyrir að sjá.

3. gr. Hross, sem eru meidd, hölt eða á einhvern annan hátt vanfær, má alls ekki brúka, hvorki til reiðar, áburðar eða til annarar vinnu.

4. gr. Brúkunarhross og öll hross, sem af mörkuðum eru rekin, skulu tryggilega járnuð, ef sú leið, sem þau skulu rekin, er lengri en þingmannaleið.

5. gr. Nú eru hross í brúkun meidd eða hölt eða af öðrum orsökum ófær til vinnu, og skal sá, er hrossið hefir í brúkun, tafarlaust láta það laust, ef á hann er skorað af lögreglustjóra eða lögregluþjóni, enda sje því þegar komið til lækninga og hjúkrunar á kostnað eiganda eða umráðamanns, undir umsjón dýralæknis, en ef ekki næst til dýralæknis, þá til þess manns, sem lögreglustjóri eða lögregluþjónn álítur til þess hæfastan. Þó má afhenda hrossið eiganda, ef hann setur tryggingu fyrir því að farið sje með það eptir fyrirmælum lögreglustjóra eða dýralæknis, þegar til hans hefir náðst.

6. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 2 til 200 króna og skal farið með þau sem almenn lögreglumál, nema þyngri hegning liggi við.

Ed. 489. **Frumvarp**

til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Gagnfræðakennslu skal koma á í lærða skólanum í Reykjavík, og skal svo tilhagað, að hún sje neðra kennslustig í skólanum, en lærða kennslan hið efra. Í gagnfræðadeildinni, er nær yfir 3 neðstu bekki skólans, skulu kenndar þessar námsgreinir: Íslenzka, danska, enska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, eðlisfræði, landafræði, söngur, dráttlist og leikfimi. Í efri deildinni, er nær yfir 3 efstu bekki skólans, skulu þessar námsgreinir kenndar: Íslenzka, danska, enska, saga, eðlisfræði, latína, þýzka, frakkneska, stærðfræði, guðfræði, söngur og leikfimi.

2. gr. Við bekki þá, er nú eru í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, skal bætt einum bekk, svo að kennslan í þeim skóla samsvari að öllu leyti kennslunni í þrem neðstu bekkjum Reykjavíkur lærða skóla.

3. gr. Skipa skal kennara við Möðruvallaskóla sem verður annar kennari og hefur í árslaun 2000 kr.

4. gr. Kennslugreinir í Möðruvallaskólanum skulu vera hinar sömu, og taldar eru í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík í 1. gr.

5. gr. Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skóla þessa og sjer um, að sú breyting á þeim, sem lög þessi skipa fyrir um, komist á.

6. gr. Eptir að fyrirkomulag það, sem lög þessi skipa fyrir um, hefir staðið 3 ár, geta lærisveinar þeir, sem tekið hafa burtfararpróf úr Möðruvallaskóla, gengið próflaust í 4. bekk Reykjavíkur lærða skóla.

Nd. 490. **Nefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sbr. frumvarp samþykkt í efri deild við 3. umræðu.

Þegar nefnd sú, er kosin var af hinni háttvirtu neðri deild til þess að íhuga stjórnarskrármálið, fjekk málið til ítrekaðrar yfirvegunar, eptir að breytingar höfðu verið gjörðar í háttvirtri efri deild á stjórnarskipunarlagafrumvarpi því, er samþykkt var í neðri deild, aðgreindust skoðanir nefndarmanna á þann veg, er gjöra mátti ráð fyrir samkvæmt því, sem fram var komið í deildinni, og skulum vjer meiri hlutinn stuttlega skýra frá áliti voru og tillögum um málið, eins og það liggur nú fyrir.

Hin fyrsta og mikilvægasta breyting, er háttvirt efri deild hefir gjört á frumvarpi neðri deildar, er fólgin í því, að fella burtu 1. gr., þar sem ákveðið var, að sjermál Íslands skyldu ekki borin upp í ríkisráðinu, eða lögð undir atkvæði þess.

Samkvæmt nefndaráliti meiri hlutans í háttv. efri deild eru það einkum þær tvær ástæður, sem færðar eru fyrir þessari breyting, að þetta sje þegar ákveðið í hinni núverandi stjórnarskrá, þannig, að tilgangslaust sje, að taka það upp með nýju ákvæði, og að stjórnin á hinn bóginn haldi svo fast við sinn skilning á lögunum í þessu atriði, að viðbót neðri deildar við 1. gr. stjórnarskrárinnar muni verða því til hindrunar, að hinar aðrar breytingar, er farið er fram á, fáist samþykktar af stjórninni. — Auk þess er það einnig tekið fram í hinu sama nefndaráliti, að hægt sje með áskorun til stjórnarinnar og ávarpi til konungs, að fá allt hið sama fram, er 1. gr. neðri deildar frumvarpsins fer fram á.

Viðvíkjandi hinni fyrstu mótbáru skulum vjer að eins taka fram, að vjer erum enn að öllu leyti á sömu skoðun sem fyr um nauðsyn þessa skýlausa ákvæðis gagnvart framkvæmd stjórnarinnar, sem, eins og ráðgjafabrjefið til konungs 29. maí þ. á. sýnir, er byggð á því, að hin núverandi stjórnarskrá sje því ekki til hindrunar, að Íslands-ráðgjafinn sitji í ríkisráðinu. Þar er það sagt með skýrum orðum, að Ísland hafi þrátt fyrir það stjórn út af fyrir sig, »svo sem því beri«. Vjer verðum því að álíta það mjög villandi og fremur verðandi til þess, að vekja misskilning á þessu mikilvægasta atriði málsins, að hinn háttvirti meiri hluti nefndarinnar í efri deild á öðrum stað í áliti sínu segir, að »stjórnin hafi að sínu leyti aldrei dirfzt, að styðja afskipti ríkisráðsins af sjermálum vorum við ákvæði stjórnarskrárinnar«, þar sem þó liggur fyrir jafnskýlaus og ótvíræð yfirlýsing stjórnarinnar um það, að hún skilji svo stjórnarskrána, að þessi afskipti sjeu lögleg. En á hinn bóginn virðist það augljóst, að fyrir Íslendinga, sem eru svo settir í stjórnarmálsdeilunni, að þeir verða að byggja allar vonir sínar um árangur á viðurkenning hinnar erlendu stjórnar um hvað rjett er, geta ákvæði, sem hindra stjórnina frá því, að færa nokkuð fram til rjettlætingar slíkri framkvæmd á stjórnarskipunarlögunum, verið jafn nauðsynleg, eins og að setja reglu, sem ekki var til áður, með nýjum ákvæðum. — Og kemur þessi skoðun einnig skýrt fram í ágreiningsáliti hins háttvirta minni hluta nefndarinnar í efri deild.

En að það geti skilizt svo, sem viðbót neðri deildar frumvarpsins við 1. gr. stjórnarskrárinnar innihaldi nokkurs konar viðurkenning á því, að afskipti ríkisráðsins af sjermálunum hafi ekki áður riðið í bága við rjettan skilning stjórnarskrárinnar, er algerlega þýðingarlaus mótbára, og er í því efni nóg að benda á, að umræðurnar á alþingi sýna svo glöggt sem verða má, að ákvæðið er sett sem »authentisk« lagaþýðing, en, eins og allir vita, eru það umræðurnar um lagaboð, sem takast skulu til greina um þá spurning, í hverju skyni það sje samið. —

Hin næsta mótbára, sem sje að þetta ákvæði muni standa því í vegi, að hinar aðrar stjórnarskrárbreytingar öðlist staðfesting konungs, virðist oss nú fyrst og fremst lítt rökstudd af hálfu hins háttvirta meiri hluta nefndarinnar í efri deild. Þannig hefir hann algjörlega gengið fram hjá því, sem hæstvirtur landshöfðingi hefir bent á við umræðurnar um málið í neðri deild, að stjórnin hefir samkvæmt áðurnefndu ráðgjafabrjefi gjört ráð fyrir því, að jafnvel þessi breyting ásamt hinum öðrum, er hann hefir lagt til í brjefi sínu til stjórnarinnar 20. okt. f. á., mundi ekki geta nægt til samkomulags við alþingi. En ef frumvarp neðri deildar næði samþykkt þingsins, sæi stjórnin, að svo er þó eigi, og hefði hún þá annan nýjan grundvöll að byggja á framkomu sína gagnvart alþingi í stjórnarskrármálinu. Enn fremur virðist það í sjálfu sjer vera ótullnægjandi rökleiðsla frá sjónarmiði þingsins sjálfs í þrætu þess gegn stjórninni, að hún hafi ekki að fyrra bragði boðið eitt eða annað, því það getur ekki heitið samkomulag, að taka hverju, sem boðið er, án tillits til eigin hagsmuna. Og það er því mjög ólíklegt, að stjórnin hafi sjálf búizt við því, að alþingi gengi að frumvarpi því óbreyttu, er fyrst kom fram fyrir neðri deild. Það er miklu

sennilegra, að stjórnin hafi gjört ráð fyrir því, að þingið mundi skoða þetta erindi hennar sem vott um, að farandi væri fram á nokkra verulega stjórnarbót, og að hún því jafnvel hafi haft í hyggju, að slaka þá nokkuð til — helzt á þá leið, sem ráðgjafabrjefið gefur í skyn, þar sem það minnist á tillögur landshöfðingja. Það hefur og komið glöggt fram hjá alþingi um undanfarin ár, að það álítur ekki algjörlega loku skotið fyrir breyting á stjórnarfarinu, þótt stjórnin í samræmi við algenga aðferð manna í samningum, þar sem rjettarkröfur eru gjörðar á aðra hlið — hafi fyrir fram látið í ljósi, að hún ekki gæti gengið að einhverju kröfu-atriði Íslendinga í sjálfstjórnarmálinu, — enda hefði þá verið auðgjört, að verjast sókn þingsins, ef hinn aðili málsins hefði ekkert þurft annað en geta þess fyrir fram, að hann ekki mundi sinna kröfunum í eitt eða annað skipti.

En þó svo nú væri, að menn álitu víst að hinar aðrar umræddu breytingar kæmust eigi á að þessu sinni, ef tryggingarákvæðinu í 1. gr. yrði haldið, þá getum vjer alls eigi sjeð, að það sje fullnægjandi ástæða til þess, að ákvæðinu sje sleppt. Því án þess ákvæðis álítum vjer ekki, að hinar aðrar breytingar sje eptirsóknarverðar af alþingi, þegar tillit er tekið til þess, hvernig stjórnarbótarmál vort nú liggur fyrir, og þegar þess er gætt, á hvern hátt og með hverjum skilyrðum þetta erindi stjórnarinnar er komið fram, og sjer í lagi þegar skoðað er niður í kjölinn, hverja þýðingu hin önnur ákvæði hlytu að hafa, án aðgreiningar sjermálanna frá ríkisráðinu.

Meðan ráðgjafinn er látinn bera sjermál Íslands þar upp, ber að skoða hann sem danskan ráðgjafa, en ekki sem íslenzkan, og eptir því hlýtur að fara bæði um hina tilætluðu ábyrgð hans fyrir embættisfærsluna og um árangurinn af setu hans á alþingi. En eins og allir hljóta að játa, er það nú beinlínis á vitund alþingis, samkvæmt yfirlýsingum stjórnarinnar, og samkvæmt umræðunum um þetta mál á þinginu, að þessi afskipti ríkisráðsins af sjermálum vorum eigi að haldast eptir sem áður, og verðum vjer því að álíta, að samþykki þingsins á stjórnlagafrumvarpi, sem gerði ráð fyrir að það ástand hjeldist við, væri allsendis óaðgengilegt, hverjar sem helzt breytingar á stjórnarskránni að öðru leyti kynnu að verða settar á pappírinn. — Álítum vjer að vísu, að það, sem vjer nú höfum tekið fram, sje ærið nóg til að sýna, að hinar aðrar breytingar sjeu óaðgengilegar án ákvæðisins í 1. gr., en vjer viljum þó einnig minnast þess í þessu sambandi, að oss virðist stjórnarbarátta Íslendinga nú orðin helzt til löng, og of miklu verið varið til hennar til þess, að menn ljetu sjer nú nægja slíkt, sem hjer er í boði.

Hvað snertir hina þriðju mótbáru gegn ákvæðinu í 1. gr., að þingið geti með áskorun eða ávarpi komið hinu sama til leiðar, þá skulum vjer geta þess að vjer álítum þess konar yfirlýsingu frá þinginu við hliðina á frumvarpi, sem byggir á svokölluðu tilboði stjónarinnar, sem bundið var því skilyrði, að enginn fyrirvari skyldi fylgja frá alþingi — algjörlega þýðingarlausa, og enda ríða í bága við röksemdir sjálfs hins háttvirta meiri hluta nefndarinnar í efri deild.

Hin önnur helzta breyting, er gjörð hefir verið á frumvarpi neðri deildar, er sú, að báðum deildum í sameiningu er falið ákæruvaldið í ráðgjafa-ábyrgðarmálunum, í stað neðri deildar einnar, og verðum vjer að álíta þá breyting mjög óheppilega eptir skipun alþingis og heldur ekki í samræmi við stjórnskipulegar reglur. En sú ástæða til þessarar breytingar, að ákvæði neðri deildar frumvarpsins mundu ef til vill, verða til þess, að stjórnin samþykki ekki frumvarpið, getur að eins gilt gagnvart þeim, er vilja byggja á hinu svokallaða tilboði, er fylgdi stjórnarskipunarlagafrumvarpi eins þingmanns í neðri deild, sem var felld þar — en af því sem vjer þegar höfum sagt viðvíkjandi 1. gr. ætlum vjer að glögglega sjáist, að vjer stýlum ekki þessar tillögur vorar til hinnar háttvirtu neðri deildar, eptir þeim fyrirvara stjórnarinnar, er hinu fallna frumvarpi fylgdi um skilyrðislausa samþykkt alþingis á því. — Skulum vjer og geta þess, að með aðgreining sjermálanna frá ríkisráðinu mundu ábyrgðarákvæði þess frumvarps, er hjer liggur fyrir, fá alla þá þýðing og gildi, sem orðin taka til, og er því öll ástæða til þess, einnig að ákveða ákæruvaldið á venjulegan stjórnskipulegan hátt.

Viðvíkjandi breytingu þeirri, er gjörð hefir verið á frumvarpinu, að því er snertir 61. gr. stjórnarskrárinnar, sem að vísu hefir verið sett inn í 8. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem breytingin virðist ekki eiga vel heima, látum vjer nægja, að geta þess, að sú breyting ríður í bága við eindreginn vilja háttvirtrar neðri deildar, sem kom fram við atkvæðagreiðsluna þar, auk þess sem breyting þessi liggur algjörlega fyrir utan þann grundvöll, er frumvarp neðri deildar takmarkaðist við, og sem háttvirtur meiri hluti nefndarinnar í efri deild virðist af misskilningi blanda saman við þau skilaboð frá stjórninni, sem áður voru nefnd.

Sama er að segja um breytinguna á 19. gr. stjórnarskrárinnar, og sýnist hún jafnvel eptir stefnu sjálfs hins háttvirta meiri hluta nefndarinnar í efri deild liggja svo að segja fyrir utan efnið, þar sem það sýnist að hafa verið aðalmarkmiðið, samkvæmt álitsskjalinu, að semja stjórnarskipunarlagafrumvarp, er færi sem allra næst hinu fallna frumvarpi, er einskorðast átti eptir skilyrðum stjórnarinnar.

Hinar aðrar breytingar er vjer ráðum til að gjöra á frumvarpinu eru í samkvæmni við frumvarp það, sem áður var samþykkt í háttv. neðri deild, og álítum vjer ekki þörf að gjöra sjerstaka grein fyrir þeim.

Af framantöldum ástæðum ráðum vjer hinni háttvirtu neðri deild til eptirfylgjandi breytinga á frumvarpi efri deildar.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verði 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, 3. gr., varða Ísland sjerstaklega, hefir landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

Lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Islands, skulu ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess.

Samkvæmt 2. gr. í tjeðum lögum tekur Ísland aptur á móti engan þátt í löggjafarvaldinu að því leyti, er snertir hin almennu málefni ríkisins, á meðan það ekki hefir fulltrúa í ríkisþinginu, en á hinn bóginn verður þess heldur ekki krafizt á meðan, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins.

2. 1. gr. verði 2. gr. með fyrirsögninni: 2. gr. orðist svo.
3. Fyrir orðið í 2. gr.: »alþingi« komi:
»neðri deild alþingis«.
4. 2. gr. verði 3. gr. með fyrirsögninni: orðist svo.
5. 3. gr. falli burt.
6. 4. gr. falli burt.
7. 5. gr. verði 4. gr. með fyrirsögninni: 1. liður 25. gr. orðist svo.
8. 6. gr. verði 5. gr. með fyrirsögninni: orðist svo.
9. Orðin í 7. gr. »í 2. gr.« hljóði: »í 3. gr.«
10. Fyrir orðið: »alþingi« í sömu gr.
komi: »neðri deild alþingis«.
11. 7. gr. verði 6. gr. með fyrirsögninni: 2. ákvörðun um stundarsakir orðist svo.
12. Fyrirsögnin orðist þannig:

Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Islands 5. jan. 1874, 1. gr., 2. gr., 3. gr., 25. gr., 34. gr., og 2. ákvörðun um stundarsakir.

Neðri deild alþingis 19. ágúst 1897.

B. Sveinsson	Kl. Jónsson
formaður.	framsögumaður.
Pjetur Jónsson.	Sigurður Gunnarsson.

Álit minni hlutans.

Vjer undirritaðir getum eigi aðhyllzt tillögur meiri hlutans og ráðum vjer deildinni til að fella þær, en samþykkja óbreytt hið fyrirliggjandi frumvarp. Vjer teljum víst að það hljóti staðfesting konungs, eins og ákvæði þess nú liggja fyrir og vjer álítum það mjög mikinn ábyrgðarhluta, að spilla því, að þær umbætur á stjórnarhögunum fáist, er í frumvarpinu felast, og vjer teljum lítil líkindi þess, að þær verði af nýju boðnar fram af stjórninni, ef þeim nú verður hafnað. Sjerstaklega skulum vjer taka fram, að því er snertir það, að taka upp í frumvarpið breytingartillögu meiri hlutans undir tölul. 1, að það er nægilega skýrt komið fram í undanfarinni meðferð þessa máls nú, að þingið í heild sinni heldur fast við þá skoðun, að það sje eigi löglegt að bera sjermál Íslands upp í ríkisráði Dana, svo að það er augljóst, að þingið víkur eigi hið minnsta frá þessari skoðun sinni og þar á byggðri kröfu um leiðrjetting þessarar ólöglegu venju, þótt það samþykki hið fyrirliggjandi frumvarp, er alls engin ákvæði inniheldur í þá átt, að viðurkenna þessa »stjórnar praxis« löglega, hvorki beinlínis nje óbeinlínis.

Vjer álítum það mikið vanhyggjuráð, að hafna þessum umbótum, er geta haft mikla þýðing fyrir framtíð þjóðarinnar og nú geta fengizt, án þess nokkrum rjetti sje sleppt, og teljum allar horfur á, að árangurs af hinni langvinnu og þreytandi baráttu þjóðarinnar í þessu máli verði þá enn langt að bíða, og að vjer, til ómetanlegs hnekkis fyrir framfarir landsins, verðum þá enn um mörg ár að búa við það stjórnarfyrirkomulag, sem er orðið lítt þolandi og verður æ verrri og verri hemill á öllum framförum og þá sjerstaklega gagnvart alþingi sjálfu og störfum þess.

Vjer álítum allsendis tilgangslaust nú, eptir að þingið hefir einhljóða lýst skoðun sinni á atriði því, er felst í 1. breyt.till. meiri hlutans, að taka ákvæðið upp í frumvarpið, þar sem því er skýlaust yfir lýst, að það hindri staðfesting frumvarpsins. Að þjóðin hjer á landi muni almennt fallast á það, að hefja nýja baráttu á þeim grundvelli, látum vjer oss ekki detta í hug, því slíkt er fjarstætt öllum pólitiskum hyggindum.

Verði því hið fyrirliggjandi frumvarp fellt eða gjörðar á því þær breytingar, að það nái eigi konunglegri staðfesting, þegar meðferð þess er löglega lokið á þinginu, þá álítum vjer þessu velferðarmáli þjóðarinnar spillt, eigi að eins á þessu þingi, heldur og ef til vill um lengri framtíð, en að slíku viljum vjer eigi styðja með tillögum vorum.

Neðri deild alþingis 19. ágúst 1897.

Guðl. Guðmundsson skrifari, frams.m. minni hl. Skúli Thoroddsen. Valtýr Guðmundsson.

Ed. 491. **Frumvarp**

til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða (eins og það var samþ. við 3. umr. í nd.).

1. gr. Tilskipun um búnaðarskólagjald 12. febr. 1872, 3. og 4. gr., skal numin úr gildi.

Búnaðarskólar þeir, er nú eru stofnaðir, eiga rjett á, að fá árlega úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts jafna upphæð búnaðarskólagjaldi því, er þeim nú er greitt.

2. gr. Gjöldin til amts-jafnaðarsjóðanna, eptir niðurjöfnun amtsráðanna, skulu eptirleiðis greidd úr sjóðum sýslnanna. Gjöldin skiptast á sýslufjelögin eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða að tveim þriðjungum og eptir ölu verkfærra karlmanna að einum þriðjungi í hverju sýslufjelagi um sig.

3. gr. Gjöldum þeim til sýslusjóðanna, er sýslunefndirnar jafna niður, skal eptirleiðis skipt á hreppsfjelögin eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða að tveim þriðjungum og eptir tölu verkfærra karlmanna að einum þriðjungi í hverju hreppsfjelagi um sig.

4. gr. Rjett er að hreppsnefnd, ef hún óskar þess, feli hlutaðeigandi sýslumanni innheimtu á gjöldum hreppsbúa til sýslusjóðsins, eptir niðurjöfnun hreppsnefndar, er hún þá sendir sýslumanni fyrir þann tíma, er hann tekur til.

Ed. 492. **Frumvarp**

til laga um sjerstakt gjald til brúargjörða (eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Heimilt er hverri sýslunefnd, ef henni þykir ástæða til, að leggja á sýslubúa sjerstakt gjald til að gjöra brýr yfir ár í sýslunni og halda þeim við; en eigi má gjald þetta fara samtals fram úr 5 a. fyrir hvert lausafjárhundrað og hvern verkfæran mann í sýslunni, nema það sje samþykkt af $^2/_3$ nefndarmanna og amtsráðið veiti samþykki sitt.

2. gr. Gjaldi því, er sýslunefndin leggur á eptir 1. gr., skal skipt niður á hreppana í sýslunni eptir samtölu lausafjárhundraða og verkfærra manna í hverjum hreppi fyrir sig.

3. gr. Gjald það, er hverjum hreppi ber að reiða eptir 2. gr., skal greiðast úr sveitarsjóði til oddvita sýslunefndarinnar, og gilda um það sömu reglur sem um sýslusjóðsgjald.

Ed. 493. **Frumvarp**

til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Af smjörlíki (Margarine), sem flutt er til Íslands, skal greiða aðflutningsgjald í landsjóð, 10 aura af hverju pundi.
2. gr. Um greiðslu gjaldsins og innheimtu, um tollskýrslur og um sektir gilda öll hin sömu ákvæði og um aðflutning á kaffi og sykri, samkv. lögum 9. ágúst 1889.
3. gr. Um mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið samkvæmt þeim reglum, sem gilda um opinber lögreglumál.
4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1898.

Ed. 494. **Frumvarp**

til laga um stofnun búnaðarsjóðs (eins og það var samþ. við 3. umr. í nd.).

1. gr. Landsbankinn í Reykjavík skal stofna sjerstaka lánsdeild, er nefnist búnaðarsjóður landsbankans. Tilgangur hans er að styrkja landbúnaðinn með hagkvæmum lánveitingum til jarðabóta.

2. gr. Starfsfje búnaðarsjóðsins er 40000 kr. úr varasjóði bankans og 20000 kr, er landssjóður leggur til úr viðlagasjóði, svo og árlegir vextir af lán um eða öðrum eignum sjóðsins.

Næstu 25 árin eptir stofnun sjóðsins skal auka starfsfjeð með $^1/_5$ hluta þess, er landsbankanum greiðist árlega til varasjóðs. Um sama árabil skulu lagðar til sjóðsins þær 5000 kr., er landssjóði ber í ársvexti af láni sínu til bankans.

3. gr. Vextir af lánum úr búnaðarsjóði skulu vera $2^1/_2$ % um árið. Fyrstu

5 árin, eptir að lán er veitt, verður engin afborgun áskilin, en á næstu 20 árum skal lánið endurborgað að fullu með $^1/_{20}$ á ári.

4. gr. Lán má veita úr búnaðarsjóði gegn ábyrgð sýslufjelaga eða fasteign með fyrsta veðrjetti. Abyrgð sýslufjelags verður því að eins tekin gild, að hún sje samþykkt með $^2/_3$ atkvæða allra sýslunefndarmanna. Um tryggingu fyrir lánum úr búnaðarsjóði gilda að öðru leyti sömu reglur og um aðra lánveitingar úr landsbankanum.

5. gr. Til þess að menn geti fengið lán úr búnaðarsjóði útheimtist, að hlutaðeigandi sýslunefnd mæli með lánbeiðninni, og að lántakandi skuldbindi sig til að nota lánið til jarðabóta, er sje lokið eigi síðar en 2 árum eptir að lánið er veitt.

Helming lánsins fær lántakandi útborgaðan fyrirfram, en hinn hlutann eigi fyr en hinum áskildu jarðabótum er lokið, og sannað er með vottorði búfræðings, er stjórn búnaðarfjelags landsins nefnir til, að verkið sje vel af hendi leyst, enda sjeu jarðabætur þær, sem unnar eru, að minnsta kosti jafnmikils virði og upphæð lánsins.

Lánbeiðnum fylgi enn fremur skýrsla um það, til hvernig lagaðra jarðabóta lánum eigi að verja.

6. gr. Hverjar jarðabætur skulu teknar til greina við lánveitingar úr búnaðarsjóði, og hvernig þær skuli metnar til verðs, skal ákveða með reglugjörð, er stjórn búnaðarfjelags landsins semur og landshöfðingi staðfestir.

Í reglugjörðinni skal ennfremur ákveðið, hvernig sýslunefndin skuli haga meðmælum sínum og skilmálum þeim, er settir verða, að því er snertir ábyrgð sýslufjelaga fyrir lánum úr búnaðarsjóði.

Nd. **495. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags.

Frá Ólafi Briem.

Á eptir I. 29. komi nýr liður: 30. Kolkuós.

Ed. 496. **Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. kafli.
Tekjur.
1. gr.

Á árunum 1898 og 1899 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,308,400 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,045,600 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,800	4,800	9,600
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	25,000	25,000	50,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	8,500	8,500	17,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	45,000	45,000	90,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	75,000	75,000	150,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	150,000	150,000	300,000
12. tekjur af póstferðum	28,000	28,000	56,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
Samtals...	522,800	522,800	1045,600

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 48,600 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls 9,000 —	23,000	23,000	46,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
samtals...	24,300	24,300	48,600

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	34,000	34,000	68,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1898 25,854 kr. 02 a.			
- — 1899 23,095 — 40 —			
48,949 kr. 42 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.....	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 127,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag.....	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	4,500	2,500	7,000
samtals...	64,500	62,500	127,000

2. kafli.

Utgjöld.

7. gr.

Á árunum 1898 og 1899 veitast til útgjalda 1,439,583 kr. 67 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1898: 12,400 kr., og árið 1899: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 332,836 kr. 67 a.

A.			1898.	1899.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			kr.	kr.	kr. a.
1. laun embættismanna			17,866 67	17,900	35,766 60
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.			3,800	3,800	7,60 7
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2,500 kr.				
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður	800 —				
			3,300	3,300	6,600
			24,966 67	25,000	49,966 67
B.					
Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1. laun:					
a. til dómara og sýslumanna			68,100	68,100	
b. til hreppstjóra			8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík			1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:					
a. laun umsjónarmannsins	1898. 1,000 kr.	1899. 1.000 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —			
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
þóknun handa lækni	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
3 skammtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4,415 kr.	4,415 kr.			
arður af verkum talinn	615 —	615 —			
	3,800 kr.	3,800 kr.			
c. Til steingirðingar við gafla og suðurhlið hegningarhússins	1,600 —				
d. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,400 —	300 —			
			6,800	4,100	
		Flyt...	84,300	81,600	49,966 67

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...	84,300	81,600	49,966 67
4.	önnur útgjöld:			
a.	þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ... 1,600 kr.			
b.	laun sendiboðans við yfirrjettinn ... 50 —			
c.	til eldiviðar í yfirrjettarstofunum ... 40 —			
d.	til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl. ... 60 —			
e.	kostnaður við sakamál og lögreglumál ... 3,000 —			
f.	kostnaður við gjafsóknarmál ... 300 —			
g.	til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk ... 150 —			
h.	útgjöld við sáttamál ... 50 —	5,250	5,250	
i.	til að útvega eldtrausta járnskápa handa amtmannsembættinu í Norður- og Austuramtinu, sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum, sem þess þurfa, allt að	3,000		
		92,550	86,850	179,400
	C.			
	Ýmisleg útgjöld:			
1.	til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a.	þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
b.	til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin ... 2,580 —			
c.	til kostnaðar við sending með póstum ... 450 —			
d.	þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina ... 1,200 —	4,680	4,680	
2.	endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef ...	1,900	1,900	
3.	brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar	900	900	
4.	styrkur til eflingar búnaði:			
a.	til búnaðarskóla:			
1.	til skólans í Ólafsdal ... 2,500 —			
	Flyt... 2,500 kr.	7,480	7,480	229,366 67

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...		2,500 kr.	7,480	7,480	229,366 67
2. til skólans á Hólum		2,500 —			
3. til skólans á Eiðum		2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri		2,500 —			
		10,000 kr.			
b. til búnaðarfjelaga		18,000 —			
c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins... Verði stofnað allsherjarbúnaðarfjelag fyrir landið, fellur upphæðin síðara árið til þess.		2,000 —			
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240 —			
5. til búnaðarfjelags landsins, ef það verður stofnað á fjárhagstímabilinu			30,240	30,240	
6. laun handa tveim dýralæknum				4,000	
7. a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa		300 kr.	2,400	2,400	
b. til eptirlitsferða		100 —			
c. til vitans á Reykjanesi:					
1. til launa vitamannsins	1,200				
2. fyrir olíu	300				
3. — lampakveiki o.fl	100				
4. — steinkol	150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	200				
6. eptirgjald eptir lóðina	30				
		1,980 —			
d. til vita á Skagatá:					
1. til vitamanns	400				
2. fyrir olíu	150				
3. — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	200				
5. til að byggja íbúðarhús handa vitamanni, allt að .. Vitamaður viðhaldi húsinu, enda skili því, þegar hann fer frá, í gildu standi eða með fullu álagi.	1,500				
		2,300 —			
e. til vita við Gróttu:					
1. til vitamanns	400				
2. fyrir olíu	150				
3. — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160				
		760 —			
Flyt...		5440 kr.	40,020	44,020	229,366 67

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 5440 kr.	40,020	44,020	229,366 67
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð ..... 500 — Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
	5,940	4,440	
g. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	200	50	
h. til að undirbúa vitabygging fyrir Austurlandi, fyrra árið allt að	1,200		
8. Til að rannsaka hafnarstæði og lendingar við suðausturströnd landsins	600		
9. Til hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags.....	5,000		
10. Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000	1,000	
	53,960	49,510	103,470
Samtals.....	.....	.....	332,836 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 160,221 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,974	37,974	75,948
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
Flyt...	37,974	37,974	75,948

	1889.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,974	37,974	75,948
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu;			
o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið.....	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100	100	200
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.			
4. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minnsta kosti einu sinni í mánuði.....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi, hvort árið allt að 300 kr.....	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
6. Ársútgjöld við holdsveikraspítalann.....	5,025	21,000	26,025
7. Útgjöld við bólusetningar	500	500	1,000
8. Önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. — — —— á Ísafirði 400 —			
Flyt... 2000 kr.	62,899	78,874	141,773

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2000 kr.	62,899	78,874	141,773
d. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..... 24 —			
e. til náms yfirsetukvenna..... 2,000 —			
f. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 400 —			
	4,424	4,424	8,848
9. Styrkur til endurbyggingar spítalans á Akureyri.....	5,000		5,000
10. Styrkur til spítala á Seyðisfirði.....	1,200	400	1,600
11. Styrkur til spítalabyggingar á Patreksfirði 3000 kr. síðara árið.....		3,000	3,000
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að helmingi meira fje verði lagt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.			
Samtals.....	73,523	86,698	160,221

12. gr.

Til samgöngumála veitast 449,100 kr.:

	1898.	1899.	alls.
A.	kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... 2,400 kr.			
b. handa póstafgreiðslumönnum ..... 6,700 —			
c. handa brjefhirðingamönnum ..... 4,500 —			
	13,600	13,600	
2. póstflutningur	38,000	38,000	
3. önnur útgjöld: 1898. 1899.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... kr. 1,800 kr. 1,800			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um..... 200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama..... 200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu..... 800 800			
e. til áhalda 1,200 1,200			
f. 1 brjefberi í Reykjavík 50 50			
g. óviss gjöld 200 200			
	4,450	4,450	
samtals...	56,050	56,050	112,100
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:			
Flyt...	.....	.....	112,100

	1898. kr.	1899. kr.	alls. kr.
Flutt af...	.....	.....	112,100
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandskipum 500			
3,500	3,500	3,500	
2. til flutningabrauta	27,000	18,000	
3. til þjóðvega	60,000	40,000	
Þar af til akfærs þjóðvegar milli Þjórsár og ytri Rangár allt að 30,000 kr. fyrra árið.			
4. til fjallvega	5,000	5,000	
5. Styrkur til sýsluvega:			
Styrkur til sýsluvegagjörðar í Strandasýslu	5,000		
Styrkur þessi veitist með þeim skilyrðum, að sýslubúar leggi til fje, er nemi að minnsta kosti jafn-mikilli upphæð sem styrkurinn, auk þess, er sýsluvegasjóður leggur til, og að fyrir vegalagningunni standi verkstjóri, er ráðinn sje með samþykki landshöfðingja.			
Samtals	100,500	66,500	167,000
C.			
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags fyrstu 2 ársborganir af 5 ára styrk, er þó má eigi vera hærri þrjú síðari árin en 50,000 kr. á ári	55,000	55,000	
Veitist með þeim skilyrðum, að fjelagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, þannig:			
I.			
1. Ferðir milli landa sjeu eigi færri en 16—18 hvert ár.			
2. Hringferðir á millilandaskipum sje gerðar frá 1. marz til 31. október, og auk þess ein ferð til Vestfjarða í janúar eða febrúar.			
3. Hringferðir þær skulu vera að minnsta kosti 6 kringum landið fram og aptur (= 12 ferðir).			
Flyt.....	55,000	55,000	279,100

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	55,000	55,000	279,100
4. Í 3 hringferðunum fram og aptur skulu vera viðkomustaðir hinir sömu og í 7. og 12. ferðinni í frumvarpi til ferðaáætlunar, er fylgir stjórnarfrumvarpi til fjárlaga fyrir 1898 og 1899. — Tvær af þessum ferðum skulu vera önnur í marzmánuði og hin í októbermánuði. Í ferðunum til Vesturlandsins, sem skulu að minnsta kosti vera 3, skulu einnig vera sömu viðkomustaðir og í nefndu frumvarpi. Hinar aðrar hringferðir skulu vera hraðari, og skulu þá aðalviðkomustaðir vera í hverri ferð: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður, og mega skipin ekki koma við á fleiri stöðum auk þeirra en 3—5 til skiptis í hverri ferð.			
5. Fyrsta hringferð sje hafin 1. marz. Ein sje gerð um lok ágústmánaðar og framan af september og hin síðasta eptir miðjan október.			
II.			
1. Tveir strandbátar, yfirbyggðir, og nægilega stórir, eptir því sem stjórnin samþykkir, með farþegarúmi fyrir minnst 10—20 í 1. farrými og 30—40 í öðru farrými, gangi stöðugt kring um landið frá 15. apríl til 31. október, annar milli Reykjavíkur og Akureyrar austan um land, og hinn milli sömu staða vestan um land.			
2. Strandbátarnir sjeu settir í svo haganlegt samband við millilandaskipin, sem unnt er, helzt svo, að þeir í hverri ferð mæti einhverju þeirra í Reykjavík eða á einhverjum af hinum fjórum aðalviðkomustöðum.			
3. Viðkomustaðir strandbátanna sjeu þeir, er alþingi nánar tiltekur.			
4. Strandbátunum er skylt að flytja póstsendingar án sjerstaks endurgjalds; skal þeirra vitjað og þeim skilað á viðkomustöðum á kostnað útgerðarinnar.			
Flyt...	55,000	55,000	279,100

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	55,000	55,000	279,100
III.			
1. Landsstjórnin samþykkir ferðaáætlun allra skipanna og sjer um að hún sje haldin.			
2. Ferðunum sje hagað svo:			
a. Að alþingismenn geti komist til Reykjavíkur um lok júní, og þaðan aptur um mánaðamótin ágúst — september.			
b. Að skólapiltar komist heim úr skóla um byrjun júlímánaðar og til Reykjavíkur aptur um lok septbr.			
c. Að kaupafólk frá Suðurlandi fái fljóta ferð til Norðurlandsins í byrjun júlím. og þaðan aptur kring um 20. sept. I þessum ferðum koma skipin við á Blönduós.			
d. Sjómenn fái fljóta ferð frá Reykjavík til Austurlandsins um 20. maí, og þaðan aptur til Reykjavíkur um 20. septbr.			
3. Millilandaskipin komi ekki við í Færeyjum í 4 ferðum fram og aptur, þar á meðal í apríl og seinast í maí eða byrjun júní á leið frá Kaupmannahöfn, og seinast í ágúst eða í byrjun september og sömuleiðis í síðustu hringferð á leið frá Islandi.			
4. Farmeyrir og fargjald sje yfirleitt ekki hærra en nú með skipi eimskipsútgerðarinnar, og milli hafna með strandbátunum hjer um bil sama og er þetta ár með strandbátnum »Bremnæs«. Fargjald milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur verði sama og milli Stykkishólms og Reykjavíkur.			
5. Farmeyrir og fargjald milli tveggja ákveðinna staða verði hið sama, þótt skipta verði um skip. — Þó verða farþegar þá að nota það skip, er fyrst fer til staðar þess, er ætlað er til.			
6. Allt að 50 iðnaðar- og almúgamenn fái árlega í þeim ferðum, er fjelagið og stjórnin koma sjer saman um, ferðir milli landa í öðru farrými fram og aptur fyrir sama verð og annars er tekið fyrir aðra leið — gegn skírteini frá sýslumanni eða bæjarfógeta í því umdæmi, er þeir búa í.			
2. Til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að 7,500			
b. á Breiðafirði..... 2,500			
c. á Ísafjarðardjúpi 2,500			
	12,500	12,500	
Ferðaáætlun bátanna samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda. Styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát.			
Flyt...	67,500	67,500	279,100

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	67,500	67,500	279,100
Styrkurinn undir staflið a—c greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds. Styrkurinn undir staflið c. greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefndar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelag leggi til gufubátsferða $^1/_5$ á móti $^4/_5$ úr landssjóði.			
	67,500	67,500	
			135,000
D.			
Til frjettaþráðar milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, allt að.....	.....	35,000	35,000
samtals...	.....	.....	449,100

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 338,826 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins.....	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum ...	2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi.....	200	200	
5. bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum	200	200	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum...	3,000	3,000	
7. bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	100	100	
8. styrkur til síra P. H. Hjálmarssonar á Helgastöðum í Suður-Þingeyjarsýslu til að byggja upp staðinn	750		
9. styrkur til síra Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn	300		
10. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
Flyt...	24,150	23,600	47,750

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	47,750
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1898 og 16 1899, 80 kr. handa hverjum.....	1898. 960 kr.	1899. 1,280 kr.			
2. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800 —	1,000 —			
3. til tímakennslu.....	100 —	100 —			
4. til bókakaupa.....	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar.....	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld ..	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að.....	250 —	250 —			
			2,860	3,380	
			12,060	12,580	24,640
II. til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. námsstyrkur ..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	150 —	150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	800 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum 80 kr. handa hverjum	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og ann-					
Flyt...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,390

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,880 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,390
ars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —			
			4,130	3,830	
			7,330	7,030	14,360
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum.....		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan	7,500 —	1,400 —			
4. til tímakennslu	1,700 —	1,700 —			
5. námsstyrkur	5,000 —	5,000 —			
Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
7. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
8. ýmisleg útgjöld	800 —	800 —			
9. fyrir prestsverk.....	48 —	48 —			
10. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —			
11. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina.....	600 —	600 —			
12. til áhalda við leikfimiskennslu.....	200 —	200 —			
13. styrkur handa leikfimiskennaranum til					
Flyt...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,400	21,400	86,750

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,400	21,300	86,750
þess að fullkomnast í kennslugrein sinni Danmörku.....	500 —				
			19,688	13,088	
			41,388	34,788	
					76,176
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
			2,000	2,000	
			8,600	8,600	
					17,200
V. til stýrimannaskólans:					
a. laun			2,500	3,000	
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakennslu	1,000 kr.	1,000 kr.			
2. til áhaldakaupa o.fl ...	600 —	200 —			
3. til eldiviðar og ljósa ...	400 —	400 —			
4. til húsnæðis.....	200 —				
5. til að byggja skólahús...	20,000 —				
6. ýmisleg útgjöld	200 —	300 —			
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara, fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans	600 —				
			23,000	1,900	
			25,500	4,900	
					30,400
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... 2,500 kr. þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
Flyt...	2,500 —				210,526

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2,500 kr.	.....	.....	210,526
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ..... 1,200 —			
3. til kvennaskóla Eyfirðinga..... 1,200 —			
4. til kvennaskólans á Ytri-Ey og kvennaskóla Eyfirðinga ..... 2,000 — Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	6,900	6,900	
5. Styrkur til að byggja kvennaskóla í Norðurlandi..... Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að kvennaskólarnir í Eyjafirði og Ytri-Ey sameinist.		10,000	
6. Til hússtjórnarskólans í Reykjavík í eitt skipti fyrir öll	1,000		
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	5,500	5,500	
2. til sveitakennara allt að 80 kr. til hvers... Styrkur þessi veitist eptir tillögum stiptsyfirvaldanna.	5,500	5,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	2,200	2,200	
e. til skólaiðnaðar-kennslu.....	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....	300	300	
h. til kennslu heyrnar- og málleysingja.....	5,000	5,000	
i. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja...	150	150	
	30,550	39,550	70,100
Flyt...	.....	.....	280,626

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	280,626
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til sundkennslu annarsstaðar ..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,200	1,200	2,400
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	3,000	3,000	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins..... 500			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins..... 400			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins..... 400			
	1,300	1,300	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til Þjóðvinafjelagsins.....	750	750	
Flyt...	10,200	10,200	283,026

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,200	10,200	283,026
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
	1,400	1,400	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið..... Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	800	800	
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
8. styrkur til kennara Dr. phil. Þorv. Thoroddsen til að halda áfram safni til jarðfræðislýsingar Íslands og til að undirbúa ritið 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til fornleifafjelagsins .... Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300	300	
10. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	300	300	
11. til náttúrufræðisfjelagsins..... þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. *ári* Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.	500	500	
12. Styrkur til eins manns til að nema dýralækningar.....	600	600	
13. styrkur til cand. mag. Boga Melsteð til þess að semja sögu Íslands	600	600	
14. til sjera Matthíasar Jochumssonar.....	600	600	
15. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
Flyt...	17,600	17,600	283,026

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	17,900	17,600	283,026
16. Styrkur til cand. phil. Jóns Jónssonar til að rannsaka og rita um sögu Íslands á síðari tímum	600	600	
17. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
18. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
19. til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók	500	500	
20. til kand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
21. styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi og til vísindaiðkana	1,000	1,000	
22. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	600	600	
23. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði	600	600	
24. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	600	600	
25. styrkur til Otta Guðmundssonar til þess að kynnast erlendum skipasmíðum	1,000		
26. styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar til að safna og gefa út íslenzka þjóðsöngva	1,000		
27. Styrkur til Björns Þorlákssonar á Álafossi til kaupa nýjar vjelar. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að keyptar sjeu lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressa og þófaravjel.	1,000		
28. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	500	500	
Flyt...	26,900	23,900	283,026

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	26,900	23,900	283,026
29. Utanfararstyrkur til Bjarna Sæmundssonar, fiskifræðings, og annars manns eptir veitingu landshöfðingja, til að fara á fiskisýningu í Björgvin að sumri 500 kr. til hvors	1,000		
30. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar á Vöðlum, til að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins	300	300	
31. styrkur til tveggja manna til að fara á landbúnaðarsýningu í Björgvin að sumri, eptir veitingu landshöfðingja, 500 kr. til hvors.....	1,000		
32. til Jóns Ólafssonar til ritstarfa	1,200	1,200	
	30,400	25,400	55,800
samtals...	.....	.....	338,826

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fleira veitast 84,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Onnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjóhnsen 300 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Arnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 131,183 kr. 67 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Af viðlagasjóði má verja allt að 30000 kr. til pósthúsbyggingar úr steini í Reykjavík. Húsið má reisa annaðhvort sjerstakt eða í sambandi við væntanlegt landsbankahús, ef stjórnin telur það hagfelt.

19. gr.

Stjórninni veitist heimild til að verja, á fjárhagstímabilinu, allt að 75,000 kr. til brúargjörðar á Lagarfljóti.

20. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrári nar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30 þús. kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 5000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita lán, allt að 9000 kr., til að kaupa gufubát til flutninga í Lagarfljótsós. Lánið veitist til 10 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun greiðist ekki fyrsta árið, en lánið borgist að fullu á næstu 9 árum með jöfnum afborgunum. Það veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar til veð í bátnum sjálfum, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje hann í áreiðanlegri vátryggingu.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga eða einstakra manna, er hafa byggt ísgeymsluhús. Lán þessi ávaxtist með 3% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaus, en endurborgist síðan á 7 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar á meðal veð í húsunum sjálfum ásamt sjálfskuldarábyrgð, og sje eigi lánað meira en 3000 kr. í hvern stað.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 15000 kr. til hvers; ávaxtist lán þetta með $3^1/_2$% og sje vaxta- og afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja allt að 30000 kr. til lánveitinga til sveitarfjelaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega, og sje afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sje enn fremur settir þessir skilmálar:

1. að lánsfjenu sje varið eingöngu til samskonar jarðabóta og styrktar eru af landssjóði.
2. að þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfjelaganna, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin sem lánið stendur auk lánsupphæðarinnar $^1/_3$ á móti henni.
3. nefndar jarðabætur sje samkvæmt vitnisburði skynbærra og óvilhallra manna hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. að landshöfðingja sje send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sje fullnægt.
5. sje einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.

Ed. 497. **Tillaga**

til þingsályktunar um landsbankann, eins og hún var samþykkt við eina umr. í nd.

Alþingi ályktar að skora á landshöfðingja að hluta t til um:

Að bankinn setji á stofn aukabanka, eða framkvæmdarstofur, fyrir utan Reykjavík, einkum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði.

Ed. 498. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um lækkun á fjárgreiðslum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi.

Neðri deild hefir fellt 2. grein frumvarps þessa, er samþykkt var í háttvirtri efri deild, og fór fram á að árgjaldið frá prestakalli þessu væri úr 600 kr. fært niður í 300 kr. Vjer höfum í nefndaráliti voru um mál þetta, er það var fyrir efri deild, fært að voru áliti fullnægjandi rök fyrir þessari niðurfærslu, og getum ekki talið það rjett eða sanngjarnt að veita þessu prestakalli enga linun í þessari árgjaldsgreiðslu. Vjer viljum því ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingartillögu:

Aptan við meginmál frumvarpsins, er verður 1. gr., komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:

Gjald það til landssjóðs að upphæð 600 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Hólmaprestakalli, færist niður í 400 kr.

Alþingi, 20. ágúst 1897.

Hallgr. Sveinsson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.

Jón Jónsson.

Ed. 499. **Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar í kennsluskilyrðamálinu.

Frá Þork. Bjarnasyni.

1. Við 4. — — 6. Á eptir orðinu sóknarnefndar«, komi: og sóknarprests.
2. — 7. — II. 1. Á eptir orðin »við nefndina« komi: og sóknarprestinn.

Ed. 500. **Frumvarp**

til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Islandi (eins og það var samþykkt við 2. umr. í ed.).

1. gr. Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, ásamt hreppsnefndum í hreppunum og bæjarstjórn í kaupstöðum, hafa eptirlit með því, hvort vart verður við fjárkláða, eða önnur næm fjárveikindi, hver í sínu umdæmi. Heimilt er lögreglustjóra að fyrirskipa almenna skoðun á sauðfje, þegar honum virðist ástæða til og svo víða sem nauðsynlegt þykir.

Þyki vafi á, hvort um næm fjárveikindi sje að ræða, skal leita um það álita hlutaðeigandi dýralæknis.

2. gr. Lögreglustjóri skal kveðja til hæfilega menn til aðstoðar hreppstjóranum í hverjum hreppi bæði við rannsóknina á heilbrigðisástandi fjárins og við framkvæmdir á öðrum þeim ráðstöfunum, er nauðsynlegar eru. Kveðja má til þessa menn úr öðrum hreppi eða annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir, hreppstjórar og hreppsnefndarmenn, eiga tafarlaust að skýra lögreglustjóra frá, ef þeir verða einhvers þess varir, er vekur grun um fjárveikindi þau, sem um er getið í 1. gr., og skal lögreglustjóri þá þegar í stað gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að hepta sýkina.

3. gr. Nú verður vart við fjárkláða eða aðra næma veiki, og skulu þá hreppstjóri og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fje verði þegar í stað aðskilið frá heilbrigðu fje, og skulu þeir taka það til lækninga svo fljótt, sem auðið er. — Verði vart við kláða á tímabilinu frá byrjun rjetta til jólaföstu, skulu hinar sýktu kindur þegar í stað skornar, nema eigandi kjósi heldur, að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki sjálfir kindurnar til umsjónar og lækni þær, og borgar þá eigandi allan kostnað, er af því leiðir.

4. gr. Með reglugjörð, er amtsráðin semja, hvert fyrir sitt amt, má setja nánari fyrirskipanir um skoðanir og baðanir sauðfjár, hvert baðlyf skuli notað, um aðgreining á grunuðu fje og því, er eigi er kláðagrunur á, um sótthreinsun fjárhúsa og um aðrar þær ráðstafanir, er nauðsynlegar eru til að hepta útbreiðslu sýkinnar og útrýma henni. Veita má í reglugjörðinni amtmanni heimild til að fyrirskipa baðanir á stærra eða minna svæði í amtinu, þótt ekki hafi þar orðið vart við kláða.

5. gr. Eigandi fjár þess, er sýkt er eða grunað, skal skyldur til að aðstoða hreppstjóra og hina tilkvöddu menn við baðanir og skoðanir, og leggja til baðlyf, verkafólk og áhöld eptir þörfum, á eigin kostnað. — Svo er hann og skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, er honum verða settar, um aðskilnað hins sýkta fjár, lækning þess og aðra meðferð.

Allur annar kostnaður, er leiðir af ráðstöfunum hins opinbera samkvæmt þessum lögum, skal greiðast á þann hátt, er amtsráðin nánar ákveða í reglugjörð þeirri, er þau semja samkvæmt 4. gr. — Kostnaðinn má taka lögtaki, að því leyti er einstakir menn eiga að greiða hann.

6. gr. Allar þær ákvarðanir, sem teknar eru fram í 2.—5. gr. laga þessara, framkvæmir bæjarfógeti í kaupstöðum, eða sá, er hann skipar í sinn stað, með tilkvöddum skoðunarmönnum.

7. gr. Nú sýnir fjáreigandi annaðhvort óhlýðni eða hirðuleysi í því að gegna skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, og skal þá lögreglustjóri, nema eigandi kjósi heldur að skera hið sjúka fje þegar, láta á kostnað eigandans framkvæma það, er nauðsynlegt er, og má taka kostnaðinn lögtaki, og sæti eigandi að auki sektum frá 10—200 kr.

8. gr. Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri, hreppsnefnd, bæjarstjórn eða aðstoðarmenn af sjer óhlýðni eða hirðuleysi eða vanrækt á skyldum þeim, er lög þessi eða reglugjörð amtsráðsins leggur þeim á herðar, skulu þeir sæta sektum frá 20—500 kr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, að því leyti þau eigi

falla undir 1. lið þessarar greinar eða hina næstu á undan, varða sektum frá 5—500 króna. Sektir eptir þessum lögum renna í jafnaðarsjóð hlutaðeigandi amts, þar sem brotið er framið.

9. gr. Með lögum þessum er tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm veikindi á Íslandi úr gildi numin.

Ed. 501. **Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi.

Nefnd sú, sem h. háttv. efri deild alþingis kaus til að íhuga þetta mál, hefir eigi orðið á eitt sátt.

Meiri hluti nefndarinnar álítur — og um það er reyndar öll nefndin sammála, — að engin brýn þörf sje að setja lög um búsetu fastakaupmanna hjer á landi. Nefndin öll viðurkennir, að fyrir því nær hálfri öld síðan, þegar verzlunin var gefin frjáls, og öll verzlun hjer á landi var í höndum Dana, þá mundu lög um þetta efni hafa getað haft nokkra þýðingu, og flýtt fyrir því, að verzlunin kæmist í hendur innlendra manna. En síðan hefir hin eðlilega rás viðburðanna einmitt gengið í þá átt, sem Íslendingar hafa óskað í þessu efni, og því virðist það augljóst, að engin ástæða sje til að fara nú að þvinga fram með lögum það, sem þegar er komið þvingunarlaust á jafnvænlega framfaraleið og raun hefir á orðið.

Eins og nú er komið, álítur meiri hluti nefndarinnar enga ástæðu til að gjöra þetta frumvarp að lögum. Eptir því sem samgöngur við útlönd hafa aukizt, og menntun eflzt hjá landsmönnum, hefir hið óeðlilega ástand verzlunarinnar, sem áður var, meðan verzlunin var öll í höndum útlendra manna, horfið meir og meir. Hin gömlu dönsku verzlunarhús hafa smátýnt tölunni, en fleiri og fleiri innlendir menn risið upp, og stofnsett verzlanir, og reynslan sýnir, að þessir innlendu kaupmenn þurfa enga lagavernd til að standast samkeppnina við hina útlendu kaupmenn, enda væri að okkar áliti ómögulegt að gefa innlendum kaupmönnum veruleg forrjettindi fram yfir hina, án þess þá um leið að gjöra verzlunina óhagkvæmari fyrir landsmenn.

Meiri hlutanum getur heldur ekki dulizt, að með frumvarpi þessu er farið fram á að búa til bein hlunnindalög fyrir íslenzka þegna gegn hinum öðrum þegnum ríkisins, sem allir eiga jafnan rjett til að verzla, hvar sem þeir vilja innan takmarka ríkisins. Þar sem nú eru engar knýjandi ástæður til að gefa slík hlunnindalög, og við sjáum ekki, að þau geti að nokkru leyti orðið landinu til góðs, þá teljum vjer það mjög viðsjárvert, að gjörð sje tilraun til að takmarka rjett samþegna vorra til að reka verzlun hjer á landi. Sambandi voru við Dani er svo varið, að þeir verða að leggja fram talsvert fje í alíslenzkar þarfir, og þeir hafa ef til vill aldrei sýnt það betur en nú, að þeir viðurkenna, að sambandið við Ísland leggur þeim skyldur á herðar, og því órjettlátara virðist okkur, þegar þessa er gætt, að svipta danska menn þeim rjetti, sem þeir hafa til að reka verzlun hjer á landi sem meðborgarar vorir eða takmarka þenna rjett með því að leggja á þá ónauðsynleg og óeðlileg veruhöpt. Einnig virðist

það auðsætt, að þetta getur ekki haft hollar afleiðingar í tilliti til samkomulags við Dani í öðrum málum, sem oss er meir áríðandi að nái fram að ganga.

Af þessum ástæðum sjer meiri hluti nefndarinnar sjer eigi fært að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumv. þetta.

Alþingi, 19. júlímán. 1897.

Jón Jakobsson, skrifari og framsögumaður. Sigurður Jensson.

Jeg kannast við það, að svo mikil breyting hafi orðið á verzlun og viðskiptahögum þessa lands síðan 1855, þá er verzlun hjer varð al-frjáls, og sjerstaklega eptir 1880, er kaupfjelög og pöntunarfjelög hafa verið stofnuð víðsvegar, að nú sje eigi jafnrík ástæða og áður til þess að leiða í lög ákvæði þau, sem frumvarp þetta hefir. En allt að einu álít jeg, að ákvæði þess sjeu byggð á rjettum rökum, þegar verzlunarsaga landsins öll frá lokum 16. aldar er athuguð, og það jafnframt, að verzlunarlöggjöf landsins jafnan á tímabilinu frá 1600—1850 hefir verið einn þátturinn í stjórnarfarssögu landsins, þó að sumir nú vilji vefengja það. Ástæður fyrir frumv. hafa verið raktar og útskýrðar greinilega og ýtarlega hjer á þingi margopt áður, og ætla jeg að það sje óþarft, að jeg tilgreini þær í þessu ágreiningsáliti. — Jeg legg það því til, að frv. verði samþykkt, en af því að mjer virðast sektarákvæðin óviðurkvæmilega há, í samanburði við önnur skyld ákvæði í verzlunarlöggjöf vorri, legg jeg það til, að þessi breyting verði gjörð á frumv.

Við 3. gr.: Í staðinn fyrir »200—5000 kr.« komi: 20—2000 kr. sektum.

Alþingi, 20. júlí 1897.

Kristján Jónsson, formaður nefndarinnar.

Ed. 502. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsmenn: Hallgr. Sveinsson, Jón Jakobsson og Guttormur Vigfússon.

Á eptir síðustu málsgrein 3. greinar komi ný málsgrein, er þannig hljóðar:

Heimilt skal þó innlendum botnvörpuveiðiskipum að leita lands til að afferma afla sinn og til að afla sjer vatns og annara nauðsynja, hvernig sem á stendur, en veiðarfæri skulu þá og höfð í búlka.

Ed. 503. **Breytingartillaga**

við frv. til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi (eins og það er samþ. við 3. umr. í neðri deild).

Frá Sigurði Jenssyni, þm. Barðstrendinga.

Ný grein bætist aptan við frumvarpið, svohljóðandi:

1. Eptirlaun núverandi uppgjafaprests í Staðarprestakalli á Reykjanesi skulu frá fardögum 1897 greiðast að öllu leyti úr landssjóði.
2. Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og Staðarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi.

Nd. 504. **Viðaukatillaga**
við tillögu til þingsályktunar um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags.

Frá Einari Jónssyni.

A eptir II. 17. komi: 18. Lagarfljótsós eða Múlahöfn.

Ed. 505. **Tillaga**
til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálefnum (eins og hún var samþ. við 2. umr. í nd.).

1. Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 3 manna nefnd milli þinga, til að íhuga fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf landsins, og semja frumvarp til nýrra fátækra og sveitarstjórnarlaga, er lagt verði fyrir alþingi 1899.

2. Alþingi skorar á landsstjórnina að leggja fyrir embættismenn og sveitarstjórnarvöld landsins að láta nefndinni í tje allar þær skýrslur og upplýsingar, sem þeim er mögulegt og sem nefndin kynni að óska eptir.

Ed. 506. **Frumvarp**
til laga um ófriðun á sel (eins og það var samþ. við 3. umr. í nd.).

1. gr. Í ám, vötnum og lónum, ósum og fyrir ósamynnum, þar sem lax gengur, skal selur hvarvetna ófriðaður, og skal þar um seladráp farið eptir hinum gildandi almennu veiðilögum.

Á tímabilinu frá 15. apríl til 15. júlí má þó eigi skjóta sel nær löglega friðuðu æðarvarpi en einn fjórðung mílu.

2. gr. Hagi svo til eptir staðháttum og fjarlægð, að vafasamt er, hvort friðað selalátur, sem í nánd er, gjöri laxagöngu mein, skal sýslumaður sá, er í hlut á, kveðja 4 menn valinkunna og óhlutdræga í gjörðardóm, sem hann sjálfur skal vera oddviti í, og skal sá dómur kveða á um það til fullnustu, hvort friðun þess selaláturs skuli haldast við eða eigi.

3. gr. Nú vill maður, sem á land eða landsnytjar beggja megin við ár, vötn, lón eða ósa, þar sem selur fer um eða heldur sjer, eða fleiri vilja, sem land eiga eða landsnytjar sinn hvoru megin, viðhalda sel á þeim stöðvum, og skal hverjum manni, meti gjörðardómur, skipaður samkvæmt 2. gr., að laxaför sje hindruð með þeim hætti, vera heimilt að skjóta þar sel þannig, að sá, er

landsnytjar á, eignist tvo þriðju hluti sels þess, er drepinn er, en sá, er drepur þriðjung.

4. gr. Þá er gjörðardómur er skipaður samkvæmt 2. og 3. gr., skal þeim, er hlut eiga að máli eða umboðsmönnum þeirra, jafnan gefinn kostur á, að skýra frá málavöxtum á undan málsúrslitum. Um kostnað við gjörðardóminn fer á sama hátt og í landamerkjamálum.

Ed. 507. **Frumvarp**

til laga um einkarjett (eins og það var samþ. við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Allir menn geta öðlazt einkarjett til að flytja hingað til lands, útbreiða hjer á landi, selja eða á annan hátt nota sjer til hagsmuna nýjar uppfundningar, er þeir sjálfir hafa fundið upp og eigi hafa áður hagnýttar verið hjer á landi, og sem eru til verulegrar nytsemdar fyrir búnað eður iðnað. Slíkur einkarjettur nefnist aðaleinkarjettur.

2. gr. Einkarjett má og fá fyrir sjerhverja nytsama breyting, er einhver finnur upp að gjöra á uppfundning, er einkarjettur er fenginn á, ef breytingin er svo veruleg, að hún út af fyrir sig getur álitizt ný uppfundning. Slíkur einkarjettur nefnist aukaeinkarjettur.

Aukaeinkarjettur veitir enga heimild til að hagnýta frumuppfundninguna, nje skerðir á nokkurn hátt aðaleinkarjett.

3. gr. Enginn hefur rjettindi til einkarjettar samkv. 1. og 2. gr. annar en uppfundningarmaður sjálfur og sá, er eignazt hefur rjettindi hans til einkarjettar á löglegan hátt, samkvæmt almennum rjettarreglum um færslu eignar úr eigu eins manns til annars.

Lánardrottnar og skuldheimtumenn geta ekki leitað kröfum sínum fullnægju í rjettindum manns til einkarjettar, en þar á móti í einkarjettinum, eptir að hann er veittur.

Nú beiðast tveir menn eður fleiri einkarjettar á uppfundning, sem er í öllum verulegum atriðum ein og hin sama; hefur þá sá, er fyrstur beiddist, forgangsrjett til einkarjettarins.

4. gr. Aðaleinkarjettur gildir um 15 ár og telst frá þeim degi, er einkarjetturinn er veittur. Einkarjett má hvorki lengja fram úr 15 árum nje endurnýja.

Aukaeinkarjettur er í gildi frá því, er hann er veittur, og til þess er aðaleinkarjettur á frumuppfundningunni gengur úr gildi.

5. gr. Sá, er um einkarjett sækir, skal senda landshöfðingja:

a, umsóknarbrjef sitt í tveim samritum, og sje það stýlað til hans;

b, lýsing á uppfundning sinni í tveim samritum;

c, enn fremur ef með þarf lýsingunni til skýringar uppdrátt, eptirmynd eða sýnishorn í tvennu lagi.

Umsóknarbrjefið skal vera skráð á íslenzka tungu og bera með sjer nafn, stöðu og heimili umsækjanda, svo og ákveðið nafn á uppfundningunni. — Umsækjandi skal skýra frá, hver sje uppfundningarmaðurinn, og sje hann það eigi

sjálfur, skal hann með fullnægjandi skírteinum færa sönnur á, að hann sje á löglegan hátt orðinn eigandi að rjettindum uppfundningarmanns til einkarjettarins.

Hver sá, er sækja vill um einkarjett á tveim eða fleirum uppfundningum, sem hver er annari óháð og sjers æð, skal senda sjerstaka umsókn um einkarjett á hverri fyrir sig.

6. gr. Sje umsækjandi eigi heimilisfastur í landinu, skal umsókn hans fylgja yfirlýsing hans um að hann hafi veitt fullt umboð sitt hjerlendum manni til að gegna sem fulltrúi hans öllum þeim skyldum og gæta alls þess rjettar, er leiði af einkarjettar-umsókninni, og sjerstaklega að gegna lögsókn og svara til allrar þeirrar ábyrgðar, er hinum væntanlega einkarjetti fylgi samkvæmt lögum þessum. A yfirlýsing þessa skal fulltrúinn í viðurvist sýslumanns eða bæjarfógeta hafa ritað viðurkenning um, að hann takist umboðið á hendur.

7. gr. Nú er umsókn manns um einkarjett samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. góð og gild; skipar þá landshöfðingi nefnd þrem mönnum, þeim er hann telur vel fallna til að dæma um umsóknina, og úrskurðar nefndin, hvort einkaleyfið skuli veitt eður ekki.

Þyki nefndinni sjerstakt vandhæfi á, að kveða upp úrskurð sinn, tilnefnir hún tvo menn, þá er hún telur bezt skyn bera á málið, og skipar landshöfðingþá; taka þeir þá sæti í nefndinni og úrskurða með henni umsóknina. Úrskurðurinn skal vera skriflegur og rökstuddur.

Nefndin fær borgun fyrir starf sitt úr landssjóði eptir reikningi, er landshöfðingi úrskurðar.

8. gr. Ætli nefndin að uppfundning sú, er umsókn hljóðar um, ekki svari til ákvæða 1. og 2. gr., eður að rangt sje sagt til um uppfundningarmann eður að umsækjanda bresti heimild til að verða einkarjettarins aðnjótandi, skal hún gefa umsækjanda kost á að koma fram með brjeflega eður munnlega skýrslu um þau atriði, og fullvissist hún þá um, að gildir meinbugir sjeu á, synjar hún umsækjanda um einkarjettinn.

Að öðrum kosti gefur nefndin út um umsóknina opinbera auglýsingu, er bera skal með sjer nafn, stöðu og bústað umsækjanda, svo og nafnið á uppfundningunni. Jafnframt leggur nefndin umsóknina með fylgiskjölum fram til sýnis almenningi.

Sje þess beiðzt í umsókninni, má fresta bæði auglýsing hennar og framlagning um allt að 3 mánuði, frá því er nefndin hefir tilkynnt umsækjanda, að auglýsing og framlagning geti átt sjer stað.

9. gr. Í átta vikur, eptir að auglýsingin kemur út, er hverjum manni frjálst að bera fram fyrir nefndina mótmæli gegn því, að einkarjetturinn verði veittur, hvort sem mótmælin eru byggð á því, að almenn skilyrði sjeu ekki fyrir hendi, eður á því, að veiting einkarjettarins mundi ríða í bága við sjerstakleg rjettindi þess, er ber mótmælin fram. Þau skulu vera skrifleg og rökstudd. — Um sækjandi skal eiga kost á að svara mótmælunum.

Þyki nefndinni ástæða til, getur hún, eptir að auglýsingin er útgefin, leitað skýrslna og skýringa hjá embættismönnum og hverjum þeim opinberum starfsmönnum, er kynnu að bera sjerstök kennsl á uppfundning þá, sem einkarjettar er beiðst á.

10. gr. Þá er frestur sá, er getur um í 9. gr., er útrunninn, leggur nefndin úrskurð sinn á, hvort umsækjanda skuli veittur einkarjetturinn eður honum skuli synjað um hann. — Skal hún kveða upp úrskurðinn, áður en 16 vikur sjeu liðnar frá því, er hin opinbera auglýsing samkv. 8. gr. var birt.

11. gr. Nú synjar nefndin umsækjanda um einkarjett, og hyggur hann synjunarúrskurðinn styðjast við rangt álit, er valdið hafi villandi skýrslur, ógild mótmæli eður þekkingarbrestur, er honum þá rjett að fá nefndinni málið til nýrrar meðferðar og skal hún verða við áskorun hans um það, ef hún fram kemur innan 6 vikna frá því, er hann fjekk tilkynning um hinn fyrra úrskurð. Heimilt er honum jafnframt að leggja fram nýjar skýringar í málinu.

Leggur nefndin þá úrskurð af nýju á málið og er það fullnaðarúrskurður. Þá er einkarjettarumsókn hefir auglýst verið, og síðan verið tekin aptur eða synjað, og sje frestur sá, sem getur um í 11. gr., útrunninn, án þess að umsækjandi hafi skotið máli sínu til nýrrar meðferðar, eður og að ýtarlegri meðferð málsins hefir leitt til ítrekunar á synjun, skal nefndin birta það með opinberri auglýsingu.

12. gr. Þá er nefndin hefir úrskurðað, að einkarjett megi veita, gefur landshöfðingi út einkarjettarskírteinið.

Þá er einkarjettarskírteini er útgefið, skal það þegar auglýst.

13. gr. Öll einkarjettarskírteini skulu innfærð í lögkgilta bók og skal þar glögglega skráð, hver uppfundningin er, hvern dag einkarjettur er veittur, nafn, staða og heimili þess, er einkarjett hefur hlotið, eða fulltrúa hans, ef hann er erlendis.

Þá er einkarjettur er á enda, fellur niður eður er dæmdur úr gildi, skal þess getið í bókinni og auglýst almenningi.

Þá er landshöfðingja berst tilkynning um, að einkarjettur sje seldur í annars manns hendur, eður að einkarjettareigandi hafi skipt um fulltrúa, og fylgi tilkynningunni tilhlýðileg sönnunargögn, skal þess eins getið í bókinni og það birt almenningi með auglýsingu.

Meðan slík birting eigi hefir fram farið, má höfða mál þau, er af einkarjettinum rísa, gegn hinum fyrverandi einkarjettareiganda eður fulltrúa.

Hverjum manni er heimilt að kynna sjer einkarjettarbókina, svo og einkarjettar-umsóknir, lýsingar á uppfundningum og önnur skjöl, er fylgt hafa umsókn einkarjettar, er þegar er veittur.

14. gr. Auglýsingar samkvæmt lögum þessum skulu birtar á sama hátt, sem aðrar opinberar auglýsingar.

15. gr. Hver sá, er sækir um einkarjett, skal með umsókn sinni senda landshöfðingja 25 kr. Verði honum veittur einkarjettur, skal hann fyrir einkarjettarskírteinið enn fremur gjalda 25 kr. — Sá er aðaleinkarjett fær, skal enn fremur áður en 5. ár einkarjettar tímans er útrunnið greiða 100 kr. og áður en 10. árið er útrunnið greiða 250 kr. Gjöld þessi öll renna í landssjóð.

16. gr. Ef almenningsheill krefur, má með lögum svipta hvern mann einkarjetti þeim, er hann hefur hlotið samkvæmt lögum þessum, gegn fullu endurgjaldi úr landssjóði.

Náist eigi samkomulag um endurgjaldsupphæðina, ákveður hana 5 manna matsnefnd, er svo er skipuð, að sá er einkarjetti er sviptur, tilnefnir 2 nefndarmenn, landshöfðingi aðra 2, en yfirdómur landsins oddamann. Geti meiri hluti matsnefndar þessarar eigi orðið samdóma um upphæð endurgjaldsins, úrskurðar landsyfirdómur hana til fullnaðar.

17. gr. Einkarjettur fellur úr gildi:

a, ef gjöldin til landssjóðs ekki eru greidd á tilskildum tíma;

b, ef einkarjettareigandi sezt að erlendis eða selur einkarjettinn í hendur erlendum manni og landshöfðingi ekki innan 6 vikna fær tilkynningu um hjerlendan fulltrúa;

c, ef fulltrúi sá, er einkarjettareigandi segir til eður vísar á, ekki vill fara með umboð hans eða leggur það niður og einkarjettareigandi ekki hefur sent landshöfðingja tilkynningu um nýjan fulltrúa innan ákveðins tíma, er nefndin tiltekur, enda skal hún tilkynna einkarjettareiganda þann frest eður birta um hann opinbera auglýsingu, ef verustaður einkarjettareiganda er ókunnur;

d, ef það sannast, að uppfundning sú, sem einkarjettur er veittur á, hefur áður verið fundin upp af öðrum og hagnýtt hjer á landi;

e, ef einkarjettareigandi ekki er tekinn að hagnýta uppfundning sína með framkvæmd hennar, áður þrjú ár sjeu liðin frá því, er einkarjettarskrá hans var útgefin, nje hefur innan þess tíma sýnt viðleitni á að útbreiða hana með sölu í landinu, sje hún þess eðlis að verða seld, — eða ef útsala hennar í landinu fellur niður ári lengur í senn. Heimilt er þó landshöfðingja að lengja þennan frest, hvorn um sig, allt að ári, ef einkarjettareigandi beiðist þess fyrir fram og færir nægilegar sönnur á, að sjerstakar tálmanir eða forföll hafi átt sjer stað.

18. gr. Þann tíma, er einkarjettur er í gildi, má enginn flytja hingað til lands, nje búa til hjer á landi, nje selja. nje útbreiða, nje á annan hátt hagnýta sjer í atvinnu eða gróðaskyni uppfundning þá, sem einkarjettur er veittur á, nema eigandi þess einkarjettar leyfi.

Sá, er skerðir eður brýtur á einhvern hátt óviljandi og óvitandi einkarjett annars manns, er skyldur að gjalda einkarjettareiganda fullar skaðabætur, eptir almennum gildandi reglum um skaðabætur, og skulu hinir innfluttu, tilbúnu eða falboðnu hlutir athendast þeim, er einkarjettur var brotinn á, gegn greiðslu andvirðis þeirra, eða tilsvarandi lækkun þeirrar skaðabótaupphæðar, er honum ber.

En sá, er viljandi og vísvitandi skerðir eða brýtur einkarjett manns, skal auk þess sekur um 1000 krónur og fyrir endurtekið brot um 2000 krónur eður fangelsi. Sektirnar renna í landssjóð.

Slíkri ábyrgð má koma fram á hendur manni, eptir að einkarjettartími er útrunninn, eða einkarjettur úr gildi fallinn, ef brotið hefur innan þess tíma verið framið.

19. gr. Kærumál út af brotum gegn 18. gr. skal með fara sem einkalögreglumál.

Sú málsvörn kærða, að einkarjettur kæranda sje úr gildi fallinn eða ógildur, skal því að eins tekin undir dómsúrskurð, að saknæmi eður sýkna kærða velti á því atriði.

Nú kærir einkarjettareigandi eigi brot gegn einkarjetti sínum innan árs, frá því er hann fjekk vitneskju um brotið, og hefir hann þá fyrirgjört rjetti sínum til skaðabóta, enda skal þá eigi refsað fyrir brotið; svo skulu og skaðabætur og refsing niðurfalla, ef þrjú ár eru liðin frá því að brotið var framið og til þess, er kært er yfir því.

Mál út af afbrigðum gegn lögum þessum eru einkamál, nema afbrigðin sjeu saknæm eptir almennum hegningarlögum.

Nd. 508. **Tillaga**

til þingsályktunar um Hallormsstaðarskóg.

Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Skf., og Sigurði Gunnarssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landshöfðingja, að hann hlutist annaðhvort til um, að presturinn í Vallanesprestakalli láti ónotað skógarhögg það í Hallormsstaðarskógi, er tilheyrði hinu fyrverandi Þingmúlaprestakalli, eða gangist að öðrum kosti fyrir því, að það mál verði búið undir næsta alþingi, að jörðin Hallormsstaður ásamt ítaki þessu losni undan umráðum Vallanesprests og verði þjóðeign (umboðsjörð) gegn endurgjaldi frá landssjóðs hálfu, er samsvari þeim árlegu tekjum, er Vallanesprestur nýtur nú af jörð þessari.

Ed. 509. **Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Þó að vjer ekki sjáum, að bót sje að öllum breytingum hinnar háttv. neðri deildar á frumvarpinu, viljum vjer ráða hinni háttv. efri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt, þar eð nú er svo liðið á þingtímann, að enginn kostur er þess, að það geti gengið milli deilda.

Alþingi 20. ágúst 1897.

Hallgr. Sveinsson,	Jón A. Hjaltalín,	Jón Jakobsson,
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Sigurður Stefánsson. Sigurður Jensson.

Nd. 510. **Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags. Frá Halldóri Daníelssyni.

Á eptir »I. 2« komi tveir nýir liðir: 3. Borgarnes og 4. Straumfjörður.

Nd. 511. **Tillaga**

til þingsályktunar um fjárhald Vestmannaeyjakirkju. Frá Halldóri Daníelssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora enn af nýju á landsstjórnina, að leita samninga við Vestmannaeyja-söfnuð, samkvæmt lögum nr. 13 frá 12. maí

1882, um það, með hvaða kjörum hann vilji taka að sjer umsjón og fjárhald Vestmannaeyjakirkju, og sjeu undirtektir safnaðarins síðan lagðar fyrir alþingi 1899.

Ed. 512. **Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl.

Nefndin getur ekki fallizt á allar breytingar, sem hin háttvirta neðri deild hefir gert á frumv., og ræður því hinni háttvirtu efri deild til að samþ. frv. með þessum breytingum:

1. við 1. gr. 8. tl. Fyrir »Rauðseyjar... Akureyjar« komi: Rauðseyjum, Rúfeyjum og Akureyjum.
2. — — — 10. — Á eptir orðunum: »þess er leitað« bætist inn í: og því verður við komið.
3. — — — 18. — Fyrir »Borðeyrarhjerað« komi: Hrútafjarðarhjerað.
4. — — — 24. — Á eptir orðunum: »þegar þess er leitað« bætist inn í: og
6. — — — 27. — Fyrir »Presthólahreppu« komi: Presthólahreppur.
7. — — — 32. — Fyrir: »beggjamegin ... hreppar« komi: ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Valla hreppar.
8. — 2. gr. 1. málsgr.: Á eptir orðinu »aðsetursstað« bætist inn í: en ábýlisjörð svo fljótt sem unnt er, ef hann óskar þess. Landsstjórnin skal leggja til landssjóðsjarðir fyrir læknissetur, þar sem því verður við komið.
9. — 3. gr. 4. — Orðið: »Berufjarðar« falli burt.
10. — 4. gr. 1. tölul. Fyrir «læknisfyrirsögn 25 a. til 1 kr.« komi: læknisfyrirsögn, geri lítilsháttar skurði og bindi um, dragi út tönn, nái þvagi af manni eða því um líkt 35 a. til 1 kr.
11. — — — 2. — Töluliðurinn falli burtu og liðatalan breytist eptir því.
12. — — — 3. — Á eptir orðinu »höfn« bætist inn í: og læknishjálp á því.
13. — — — 5. — Fyrir «2—4 kr.« komi: 3 kr.
14. — — — 6. — Fyrir »4—8 kr.« komi: 6 kr.
15. — — — 7. — Töluliðurinn orðist þannig:
Fyrir að ná barni með töngum 4 kr.
16. — — — Á eptir þessum tl. bætist inn í nýr tölul. svo hljóðandi:
Fyrir að hjálpa sængurkonu án verkfæra 3 kr.
17. — 6. gr. Fyrir »4 kr.« komi: 3 kr.

Efri deild alþingis, 20. ágúst 1897.

Jón A. Hjaltalín, formaður. Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögum. Sigurður Jensson.

Guttormur Vigfússon. Þorkell Bjarnason.

Nd. 513. **Fjárlaganefndarálit.**

Nefndin hefir tekið breytingar þær, er efri deild hefir gert á frumv., til rækilegrar íhugunar og leggur til að þessar breytingar sje gerðar:

1. Við 11. gr. 11. Tölul. með aths. falli burtu.
2. — 12. — B. eptir 1. b. komi nýr tölul. er verður 2. þannig:
   Til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur allt að 1500.
3. — — — B. 2. bætist við svolátandi aths.:
   Þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð 14000 fyrra árið.
4. — — — B. 5. orðist svo:
   Styrkur til sýsluvega:
   a. Styrkur til sýsluvegagerðar í Strandasýslu 6000 fyrra árið.
   b. Styrkur til sýsluvegagerðar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 3000 f. á.
   Styrkir þessir veitist með þeim skilyrðum, að sýslubúar leggi til fje, er nemi að minnsta kosti helmingi styrksins, auk þess er sýsluvegasjóður leggur til, og að fyrir vegalagningunni standi verkstjóri, er ráðinn sje með samþykki landshöfðingja.
5. Við 13. gr. B. VI. a. 6. Liðurinn orðist svo:
   Til hússtjórnarskólans í Reykjavík 2000 kr. fyrra árið.
6. — — — C. komi nýr liður á eptir 26:
   Styrkur til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomnast í hljóðfæralist erlendis 600 kr. fyrra árið.
7. 18. gr. orðist svo:
   Af viðlagasjóði má verja allt að 80,000 kr. til þess að byggja steinhús í sambandi við landsbankann, þar sem sje nægilegt húsrúm fyrir landsbankann, aðalpóstafgreiðslu landsins, skrifstofu landfógeta, málverkasafnið og náttúrugripasafnið, og húsrúm til bráðabirgða fyrir forngripasafnið og hinar æðri menntastofnanir. Landsbankinn leggur til byggingarinnar einn þriðjung fjár móts við landssjóð.

Neðri deild alþingis 20. ágúst 1897.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Jón Jónsson, framsögum. Pjetur Jónsson.
Tryggvi Gunnarsson. Einar Jónsson. Þórður J. Thoroddsen.
Guðjón Guðlaugsson.

Nd. 514. **Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags.

Frá Halldóri Daníelssyni.

II. Báturinn, sem fer vestur um land, komi við á Straumfirði og í Borgarnesi, að minnsta kosti í tveim ferðum á suðurleið í maí og júní.

Nd. 515. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu meirihluta nefndarinnar í stjórnarskrármálinu (þingskj. 490).
Frá Sighvati Árnasyni.

Í staðinn fyrir orðin: „skulu ekki borin undir atkvæði þess“ í 1. tölulið komi: skulu ekki lögð undir samþykktar- eða synjunaratkvæði hins danska ríkisráðs, nema þegar svo sjerstaklega stendur á, að þau að einhverju leyti einnig snerta sameiginleg mál, en úr því sker konungur í ríkisráðinu, hvort svo er eða ekki.

Nd. 516. **Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).
Frá Halldóri Daníelssyni, Þorláki Guðmundssyni og Sk. Thoroddsen.
10. gr. C. 4. b. Í stað „18000“ komi: 20000.

Nd. 517. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1898—99 (þgsk. 496): Frá Guðl. Guðmundssyni.
Við 13. gr. A. 7. Í stað »100« fyrra árið komi: »600«

Nd. 518. **Breytingartillögur og viðaukatillögur**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild. —
Frá Jóni Þórarinssyni.

1. Við 10. gr. C. 7. g. Aptan við stafliðinn bætist nýir stafliðir:
h, Styrkur til vörðuvitans á Garðaholti . . 200—50
í, Styrkur til vörðuvitans á Brekku . . . . 50—50
Stafliður h. verði j.

2. Við 13. gr. C. 13. Stafliðurinn orðist þannig:
13. Styrkur til cand. mag. Boga Melsteds til þess að gefa út sögu Íslands 50 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið . . . . . 600—600

3. — — — Aptan við 13. gr. bætist nýr liður svo hljóðandi:
33. Til cand. Magnúsar Magnússonar frá Cambridge fyrir að kenna ókeypis leikfimi í Reykjavík . 1000—1000

Nd. 519. **Breytingartillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-Skf.

Við 4. lið (12. gr. B. 5) Eptir staflið b. bætist inn nýr stafliður, svo látandi:
c. Styrkur til vegagjörðar á sýsluveginum frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu 3000 kr.

Nd. 520. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 99 (eins og það var samþ. við 3. umr. í efri deild).

Frá Jens Pálssyni.

Á eptir 12. gr. B 5. komi nýr töluliður svo hljóðandi:

6. Styrkur til brúargjörðar á Bakkaá í Dalasýslu (— móts við 500 kr. tillag úr sýslusjóði og að minnsta kosti 500 kr. tillag frá einstökum mönnum —) fyrra árið 250 kr.

Nd. 521. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898—99 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Frá Þórði J. Thoroddsen.

Við 11. gr. 5. Fyrir »1000—1000« komi: 1200 - 1200, en til vara:
Orðin »til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og« falli burt.

— — — Á eptir 6. tölul. komi nýr tölul., er verði 7. og orðist svo: »Styrkur til utanfarar handa hjeraðslæknum 600—600.
Landshöfðingi veitir styrkinn eptir tillögum landlæknis«.

— 13. — c. Á eptir 17. tölul. komi nýr tölul. er verði 18., og orðist svo: »Til bindindisfjelags kvenna »Hvítabandið« 100—100«.

Sþ. 522. **Frumvarp**

til laga um lögaldur (eins og það var samþykkt við eina umr. í e. d.).

Hver karlmaður, og hver ógiptur kvennmaður, verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16 ára, en fullráður fjár síns 20 ára, og getur þá og tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Nd. 523. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsál. um fjárhald Vestmannaeyjakirkju.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Á eptir »Vestmannaeyja-söfnuð« bætist inn: »og söfnuð Reykjavíkur dómkirkju«.
2. Í stað »hann« í 3. línu komi: »þeir«.
3. Í stað »Vestmannaeyja-kirkju« komi: »söknarkirkjur sínar«.
4. Í stað »safnaðarins« í síðustu línu komi: »safnaðanna«.

Fyrirsögnin breytist samkvæmt þessu.

Nd. 524. **Frumvarp**

til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Islandi (eins og það var samþykkt við 3. umr. í ed.).

1. gr. Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, ásamt hreppsnefndum í hreppunum og bæjarstjórn í kaupstöðum, hafa eptirlit með því, hvort vart verður við fjárkláða, eða önnur næm fjárveikindi, hver í sínu umdæmi. Heimilt er lögreglustjóra að fyrirskipa almenna skoðun á sauðfje, þegar honum virðist ástæða til og svo víða sem nauðsynlegt þykir.

   Þyki vafi á, hvort um næm fjárveikindi sje að ræða, skal leita um það álita hlutaðeigandi dýralæknis.

2. gr. Lögreglustjóri skal kveðja til hæfilega menn til aðstoðar hreppstjóranum í hverjum hreppi bæði við rannsóknina á heilbrigðisástandi fjárins og við framkvæmdir á öðrum þeim ráðstöfunum, er nauðsynlegar eru. Kveðja má til þessa menn úr öðrum hreppi eða annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir, hreppstjórar og hreppsnefndarmenn, eiga tafarlaust að skýra lögreglustjóra frá, ef þeir verða einhvers þess varir, er vekur grun um fjárveikindi þau, sem um er getið í 1. gr., og skal lögreglustjóri þá þegar í stað gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að hepta sýkina.

3. gr. Nú verður vart við fjárkláða eða aðra næma veiki, og skulu þá hreppstjóri og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fje verði þegar í stað aðskilið frá heilbrigðu fje, og skulu þeir taka það til lækninga svo fljótt, sem auðið er. — Verði vart við kláða á tímabilinu frá byrjun rjetta til jólaföstu, skulu hinar sýktu kindur þegar í stað skornar, nema eigandi kjósi heldur, að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki sjálfir kindurnar til umsjónar og lækni þær, og borgar þá eigandi allan kostnað, er af því leiðir.

4. gr. Með reglugjörð, er amtsráðin semja, hvert fyrir sitt amt, má setja nánari fyrirskipanir um skoðanir og baðanir sauðfjár, hvert baðlyf skuli notað, um aðgreining á grunuðu fje og því, er eigi er kláðagrunur á, um sótthreinsun fjárhúsa og um aðrar þær ráðstafanir, er nauðsynlegar eru til að hepta útbreiðslu sýkinnar og útrýma henni. Veita má í reglugjörðinni amtmanni heimild til að fyrirskipa baðanir á stærra eða minna svæði í amtinu, þótt ekki hafi þar orðið vart við kláða.

5. gr. Eigandi fjár þess, er sýkt er eða grunað, skal skyldur til að aðstoða hreppstjóra og hina tilkvöddu menn við baðanir og skoðanir, og leggja til baðlyf, verkafólk og áhöld eptir þörfum, á eigin kostnað. — Svo er hann og skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, er honum verða settar, um aðskilnað hins sýkta fjár, lækning þess og aðra meðferð.

   Allur annar kostnaður, er leiðir af ráðstöfunum hins opinbera samkvæmt þessum lögum, skal greiðast á þann hátt, er amtsráðin nánar ákveða í reglugjörð þeirri, er þau semja samkvæmt 4. gr. — Kostnaðinn má taka lögtaki, að því leyti er einstakir menn eiga að greiða hann.

6. gr. Allar þær ákvarðanir, sem teknar eru fram í 2.—5. gr. laga þessara, framkvæmir bæjarfógeti í kaupstöðum, eða sá, er hann skipar í sinn stað, með tilkvöddum skoðunarmönnum.

7. gr. Nú sýnir fjáreigandi annaðhvort óhlýðni eða hirðuleysi í því að gegna skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, og skal þá lögreglustjóri, nema eigandi kjósi heldur að skera hið sjúka fje þegar, láta á kostnað eigandans framkvæma það, er nauðsynlegt er, og má taka kostnaðinn lögtaki, og sæti eigandi að auki sektum frá 10—200 kr.

8. gr. Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri, hreppsnefnd, bæjarstjórn eða aðstoðarmenn af sjer óhlýðni eða hirðuleysi eða vanrækt á skyldum þeim, er lög þessi eða reglugjörð amtsráðsins leggur þeim á herðar, skulu þeir sæta sektum frá 20—500 kr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugjörð amtsráðsins, að því leyti þau eigi falla undir 1. lið þessarar greinar eða hina næstu á undan, varða sektum frá 5—500 króna. Sektir eptir þessum lögum renna í jafnaðarsjóð hlutaðeigandi amts, þar sem brotið er framið.

9. gr. Með lögum þessum er tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm veikindi á Íslandi úr gildi numin.

Nd. 525. **Frumvarp**

til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim er hvíla á Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og Staðarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi.

(Eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild).

1. gr. Eptirlaun þau til uppgjafaprests, er greidd voru frá Hólmaprestakalli 1893—94 og 1894—95, skulu endurborgast úr landssjóði.

Gjald það til landssjóðs að upphæð 600 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febr. 1880 greiðist frá Hólmaprestakalli, færist niður í 400 kr.

2. gr. Eptirlaun núverandi uppgjafaprests í Staðarprestakalli á Reykjanesi skulu frá fardögum 1897 greiðast að öllu leyti úr landssjóði.

Nd. 526. **Frumvarp**

til laga um skipun læknishjeraða á Íslandi og fl. (eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild).

1. gr.

Íslandi skal skipt í 42 læknishjeruð, þau er hjer segir:

1. *Reykjavíkur hjerað:* Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfellshreppar.
2. *Keflavíkur hjerað:* hinir 6 hreppar Gullbringusýslu.
3. *Kjósar hjerað:* Þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg, og Kjósarsýsla nema Mosfellshreppur.
4. *Skipaskaga hjerað:* Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
5. *Borgarfjarðar hjerað:* hinn hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár.
6. *Mýra hjerað:* hinn hluti Mýrasýslu og Hnappadalssýsla.
7. *Ólafsvíkur hjerað:* syðri hluti Snæfellsness sýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða.
8. *Stykkishólms hjerað:* hinn hluti Snæfellsness sýslu; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í

Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og Skarðstrandarhreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, nema Rauðseyjum, Rúfeyjum og Akureyjum.

9. *Dala hjerað*: Dalasýsla nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
10. *Reykhóla hjerað*: Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi.
11. *Flateyjar hjerað:* Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals.
12. *Barðastrandar hjerað*: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá.
13. *Þingeyrar hjerað*: Vestur-Ísafjarðarsýsla.
14. *Ísafjarðar hjerað:* Ísafjarðar kaupstaður ásamt Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi.
15. *Nauteyrar hjerað*: Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar.
16. *Hesteyrar hjerað*: Grunnavíkur og Sljettuhreppar.
17. *Steingrímsfjarðar hjerað*: Nyrðri hluti Strandasýslu að Ennishöfða.
18. *Hrútafjarðar hjerað*: Óspakseyrar- og Bæjarhreppar í Strandasýslu, Staðar-, Torfastaða- (Fremri- og Ytri) og Kirkjuhvammshreppar í Húnavatnssýslu.
19. *Blönduóss hjerað:* Hinn hluti Húnavatnssýslu, nema Svartárdalur.
20. *Sauðárkróks hjerað*: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Rípur, Viðvíkur, Hóla og Hofs hreppar.
21. *Seilu hjerað*: Seilu, Lýtingsstaða og Akra hreppar í Skagafjarðarsýslu og Svartárdalur í Húnavatnssýslu.
22. *Siglufjarðar hjerað:* Fells og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu, og Hvanneyrar og Þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur til að vitja sjúklinga í Grímsey, þegar þess er leitað og því verður við komið.
23. *Höfðahverfis hjerað:* Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur norðan við Hálssókn í Þingeyjarsýslu.
24. *Akureyrar hjerað:* hinn hluti Eyjafjarðarsýslu, nema Grímsey, og Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfishjeraðs sem er að vestanverðu við Eyjafjörð.
25. *Reykdæla hjerað:* Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar.
26. *Húsavíkur hjerað*: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldæla og Húsavíkur hreppar.
27. *Axarfjarðar hjerað:* Kelduness-, Fjalla- og Skinnastaðahreppar og Presthólahreppur að Skinnalónsheiði.
28. *Þistilfjarðar hjerað:* Hinn hluti Norður-Þingeyjarsýslu.
29. *Vopnafjarðar hjerað:* Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í hjerað þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið.
30. *Hróarstungu hjerað*: Jökulsdalshreppur beggja meginu Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar.

31. *Seyðisfjarðar hjerað:* Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppar.
32. *Fljótsdals hjerað:* Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Valla hreppar.
33. *Reyðarfjarðar hjerað*: Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar.
34. *Fáskrúðsfjarðar hjerað*: Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals hreppar.
35. *Berufjarðar hjerað:* Beruness og Geithellna hreppar.
36. *Hornafjarðar hjerað*: Austur-Skaptafellssýsla.
37. *Síðu hjerað*: Vestur-Skaptafellssýsla frá Skeiðarársandi að Mýrdalssandi.
38. *Mýrdals hjerað:* Hvamms og Dyrhóla hreppar í Skaptafellssýslu og báðir Eyjafjalla hreppar í Rangárvallasýslu.
39. *Vestmannaeyja hjerað:* Vestmannaeyjasýsla.
40. *Rangár hjerað:* Rangárvallasýsla nema Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar.
41. *Grímsness hjerað:* Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnessýslu.
42. *Eyrarbakka hjerað:* hinn hluti Árnessýslu nema Þingvallahreppur.

Landshöfðingi getur eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

Nú er hjeraðslæknis vitjað úr öðru hjeraði til konu í barnsnauð, eða í öðru jafnbrýnu tilfelli, fyrir þá sök, að hægra er til hans að ná en hlutaðeigandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur eins og hjeraðsbúi hans sætti í hlut.

2. grein.

Í hvert læknishjerað skal skipa hjeraðslækni, og er hann skyldur til að setjast að í þeim hluta hjeraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita um það álita hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda. Nú er lækni skylt að búa utan verzlunarstaðar, og skal hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir þegar útvega honum aðsetursstað, en ábýlisjörð svo fljótt sem unnt er, ef hann óskar þess. Landsstjórnin skal leggja til landssjóðsjarðir fyrir læknissetur, þar sem því verður viðkomið.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað eða verzlunarstað, er hjeraðið er kennt við. Hjeraðslæknirinn í Reyðarfjarðarhjeraði skal vera búsettur á Eskifirði og hjeraðslæknirinn í Barðastrandarhjeraði á Patreksfirði.

Þessir læknar, svo og læknirinn í Vestmannaeyjum, skulu skyldir til, þegar komið verður upp á þessum stöðum sjúkrahúsum, að takast á hendur læknisepirlit við hús þessi, án sjerstakrar þóknunar.

3. grein.

Að því er laun snertir, er læknishjeruðunum skipt í 4 flokka: í 1. flokki eru launin 1900 kr., í 2. 1700 kr., í 3. 1500 kr., og í 4. 1300 kr.

Í 1. flokki eru Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruð.

Í 2. flokki eru Keflavíkur, Barðastrandar, Blönduóss og Sauðárkróks hjeruð.

Í 4. flokki eru Kjósar, Mýra, Nauteyrar, Seilu, Fáskrúðsfjarðar, Flateyjar, Vestmannaeyja, Axarfjarðar og Þistilfjarðar hjeruð.

Í 3. flokki eru öll hin læknishjeruðin.

Launin greiðast úr landssjóði. Eptirlaun læknis skal þannig reikna, að hann fái

1/5 þeirrar launaupphæðar, sem hann hafði þegar hann fjekk lausn frá embætti og auk þess 20 kr. fyrir hvert embættisár. Að öðru leyti skal farið eptir hinum almennu eptirlaunalögum.

Hafi nokkur hjeraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eptir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

Hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eptir lögum þessum.

4. grein.

Þegar ekki er samið fyrir fram við lækna um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber þeim, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en 1/10 úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn, geri lítils háttar skurði og bindi um, dragi út tönn, nái þvagi af manni eða því um líkt 35 a. til 1 kr.
   Komi sjúklingurinn eptir umtali við lækninn þrisvar eða optar þar á eptir til hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða optar, færist borgunin niður um helming.
   Sje læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.
2) Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn ..... 4 —
3) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá ..... 1—2 —
4) Fyrir að binda um beinbrot ..... 2—4 —
5) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera því líkan meiri háttar líkamsskurð ... 4—8 —
6) Fyrir að hjálpa sængurkonum með verkfærum, eða án þeirra ..... 2—8 —

Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu við það, sem hjer er talið.

Þurfi læknir aðstoðar við hina meiri háttar líkamsskurði, skal að auki greiða sanngjarna borgun fyrir þá aðstoð.

5. grein.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun ..... 2 kr.
2) Fyrir uppskurð á líki ..... 8—16 —
   Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiptist borgunin jafnt á milli þeirra.
3) Fyrir »kemiska» eða »mikroskopiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið ..... 4 —
   Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sjerstaklega.
4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sje fullburða, eða því um líkt ..... 2—3 kr
   Sjeu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó að eins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.
5) Fyrir að rannsaka sjóskemmdar vörur, meðul, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði ..... 3—5 —

6. grein.

Verði læknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eptir 4. og 5 gr. 3 kr. fyrir hverjar 12 stundir, sem hann er á ferð, eða að læknisstörfum, og að því skapi fyrir styttri tíma. Sjái hann sjer sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í því byggðarlagi.

7. grein.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Nd. 527. **Frumvarp**

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum. (Eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild).

1. gr. Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskiveiðar með botnvörpum (trawl).

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1,000—4,000 kr., er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Leggja má lögbald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

3. gr. Nú hittist fiskiveiðaskip í landhelgi með botnvörpu innanborðs, og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 200—2,000 kr. sekt til landssjóðs; hittist hið sama skip í annað sinn í landhelgi með þessi veiðarfæri innanborðs, fer um það eptir 2. gr.

Þessum ákvæðum skal þó eigi beitt:

1. Þegar skip eru í neyð, og eru þar með talin skip, er leita þurfa lands vegna skorts á vistum og kolum.
2. Þegar skip á leið til veiðistöðva eða frá einni stöð til annarar halda gegnum sundið milli Vestmannaeyja og meginlands eða milli Reykjaness og Fuglaskerja, þótt í landhelgi sje, ef þau nema þar eigi staðar.
3. Þegar skip, eptir því sem ætla má, eru í landhelgi komin án vilja þeirra eða vitundar, hvort sem veldur straumur eða veður eður þoka hefur bannað landsýn.

Nú leitar skip til lands til að afla sjer vista eða kola, eða heldur leið þá, er getur um í 2. lið, og gildir undanþágan þá því að eins, að veiðarfæri öll sjeu höfð í búlka innanborðs, meðan það er í landhelgi.

Heimilt skal þó innlendum botnvörpuveiðiskipum að leita lands til að afferma afla sinn og til að afla sjer vatns og annara nauðsynja, hvernig sem á stendur, en veiðarfæri skulu þá og höfð í búlka.

4. gr. Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

5. gr. Lög nr. 13, 9. ágúst 1889, og nr. 24, 10. nóvember 1894 eru úr gildi numin.

Nd. 528. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Hin háttv. efri deild hefir gjört þá eina breytingu í þessu frv., að hún

hefir bætt inn orðum þeim í niðurlagi 3. gr., sem úr voru felld við 3. umr. hjer í deildinni, og sem snertu rjett innlendra botnvörpuveiði-skipa til að leita hafna til að afferma afla, o. s. frv. Meiri hluti nefndarinnar álítur ekkert viðsjárvert, að láta þetta ákvæði halda sjer og telur það enda nauðsynlegt að halda þessu ákvæði, og leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Neðri deild alþingis 21. ágúst 1897.

B. Sveinsson form. Guðl. Guðmundsson skrifari, frams.m. Kl. Jónsson.

Nd. 529. **Nefndarálit**

um frumv. til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Islandi.

Hin háttvirta efri deild hefir aðeins breytt frumvarpinu í þá stefnu, að ákvæði þess skuli einnig ná til sauðfjáreigenda í kaupstöðum. Það var að vísu ætlun nefndarinnar, að frv., eins og það var samþ. í neðri deild, yrði skilið á þenna veg, en nefndin verður að álíta, að það sje betra, að taka þetta fram skýrum orðum, eins og gjört er í frumv. efri deildar. Hinar aðrar breytingar á frv., að undanskildu viðaukaákvæði við 1. gr. um álit dýralæknis, hvort veiki sje næm, sem nefndin hefir ekkert við að athuga, eru aðeins orðabreytingar, er eigi raska meiningu. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Neðri deild alþingis 21. ágúst 1897.

B. Sveinsson form. Guðl. Guðmundsson skrifari, framsögum. Jón Jónsson, þm. Eyf. Sighv. Árnason. Þorl. Guðmundsson.

Ed. 530. **Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um landsspítala (þingskj. 481).

Frá Sigurði Jenssyni, Hallgrími Sveinssyni og Þorkeli Bjarnasyni.

Tillagan orðist svo: Efri deild skorar á stjórnina

1. að leggja fyrir alþingi 1899 áætlun um kostnað við bygging landsspítala Reykjavík, er rúmi um 45 sjúklinga.
2. að leitast fyrir hjá Reykjavíkurbæ, hvort og að hve miklu leyti bæjarsjóður vill styrkja byggingu spítala þessa og árlegan kostnað við hann.

Nd. 531. **Tillaga**

til þingsályktunar um bygging á steinhúsi handa pósthúsi og banka m. m.

Frá fjárlaganefndinni.

Alþingi ályktar að kjósa 3 manna nefnd til þess að standa fyrir bygging á steinhúsi í Reykjavík handa aðalpósthúsi landsins, landsbankanum m. m., og útvega uppdrátt til hússins, efni og verkamenn, og hafa að öðru leyti eptirlit með byggingunni.

Nd. 532. **Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþ. við 3. umr. í efri deild).

Frá Halldóri Daníelssyni.

Við 13. gr. Á eptir C. 15. bætist nýr liður, sem verði 16. liður:

Til Þorsteins Erlingssonar 500 – 500.

Nd. 533. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 – 99.

(Við eina umr. í Nd.) Frá Kl. Jónssyni.

Orðin í 18. gr. »Húsið má reisa« — — — og til enda greinarinnar falli burt.

Nd. 534. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá B. Sveinssyni, Kl. Jónssyni, Þórði J. Thoroddsen.

Aptan við 13. gr. C. 5. bætist nýr liður er verði töluliður 6.

Styrkur til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará (fyrra árið) 2,500 kr.

Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að einstakir menn leggi fram að minnsta kosti jafnmikið fje til byggingarinnar og að hún sje ætluð bæði fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn.

Ed. 535. **Tillaga**

til þingsályktunar um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags (eins og hún var samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

Alþingi skorar á stjórnina að sjá um að viðkomustaðir strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags verði ákveðnir sem hjer segir:

I. Vestur um land.

1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Búðir, 4. Ólafsvík, 5. Grundarfjörður, 6. Stykkishólmur, 7. Hvammsfjörður, 8. Skarðstöð, 9. Flatey, 10. Patreksfjörður, 11. Tálknafjörður, 12. Arnarfjörður, 13. Dýrafjörður, 14. Onundarfjörður, 15. Súgandafjörður (Suðureyri), 16. Skálavík, 17. Isafjörður, 18. Aðalvík, 19. Höfn í Sljettuhreppi, 20. Reykjarfjörður, 21. Steingrímsfjörður, 22. Bitrufjörður, 23. Borðeyri, 24. Hvammstangi, 25. Sigríðarstaðaós (Lambhúsvík), 26. Blönduós, 27. Skagaströnd, 28. Sauðárkrókur, 29. Kolkuós, 30. Hofsós, 31. Haganesvík, 32. Siglufjörður, 33. Ólafsfjörður, 34. Dalvík, 35. Hjalteyri, 36. Akureyri.

II. Austur um land.

1. Reykjavík, 2. Keflavík, 3. Vestmannaeyjar, 4. Vík, 5. Hornafjörður, 6. Papós, 7. Djúpivogur, 8. Breiðdalsvík, 9. Stöðvarfjörður, 10. Fáskrúðsfjörður,

11. Reyðarfjörður, 12. Eskifjörður, 13. Norðfjörður, 14. Mjóifjörður, 15. Seyðisfjörður, 16. Loðmundarfjörður, 17. Borgarfjörður, 18. Vopnafjörður, 19. Bakkafjörður, 20. Þórshöfn, 21. Raufarhöfn, 22. Kópasker, 23. Húsavík, 24. Flatey, 25. Grímsey, 26. Grenivík, 27. Svalbarðseyri, 28. Akureyri.

Á hvern þessara staða komi bátarnir svo opt sem því verður við komið, en þó á engan sjaldnar en í þremur ferðum fram og aptur, og skulu það einkum vera þeir staðir, er sjerstakir flóabátar annars koma við á. Í Vík í Mýrdal sje því að eins komið við, að veður og vindur leyfi.

Báturinn, sem fer vestur um land, komi við á Straumfirði og í Borgarnesi að minnsta kosti í 2 ferðum á suðurleið í maí og júní.

Nd. 536. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (eins og það var samþ. við eina umræðu í efri deild).

Frá Þórði J. Thoroddsen, Jens Pálssyni og Skúla Thoroddsen.

Síðasta málsgrein 3. greinar: »Heimilt skal þó« o. s. frv. falli burt.

Nd. 537. **Viðaukatillögur**

við fjárlögin. Frá Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf. og Einari Jónssyni.

Við 12. gr. B. 5. bætist þessi liður.

6. Styrkur til brúargerðar á Hörgá við Staðarhyl allt að . 10,000 kr.
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það fje, er þarf, til að fullgera brúna, og nemi að minnsta kosti 1/3 alls kostnaðar við hana, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað.

Nd. 538. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Tryggva Gunnarssyni.

10. gr. C. 9. Fyrir aptan 9. lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Styrkur til Útgjörðarmannafjelagsins við Faxaflóa, helmingur kostnaðar við að gjöra skipakví, þó eigi yfir 10,000 kr.
Fje þetta veitist með því skilyrði, að landsböfðingi samþykki reglugjörð og gjaldaskrá fyrir notkun skipakvíarinnar.

12. gr. B. 1. b. Fyrir aptan liðinn komi nýr stafliður:
Til að ráða norskan æfðan verkfræðing (Ingeniör) til að kanna sumarið 1898 brúarstæði og gjöra teikningar og áætlun um kostnað við brúargjörð á Lagarfljóti, Jökulsá í Axarfirði, Fnjóská, Hjeraðsvötnum hjá Ökrum, og Norðurá í Mýrasýslu fyrra árið 4500 kr.

Nd. 539. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá B. Sveinssyni og Einari Jónssyni.

Við 13. gr. C. töluliður 32.
a. Í stað orðanna: »til ritstarfa« komi: fyrverandi ritstjóra.
b. Aptan við liðinn bætist: Styrkur þessi veitist til að gefa út alþýðlegt fræðandi tímarit ekki minna en 40 arkir í 8 blaða broti hvort árið, og borgist hálfur ársstyrkurinn eptir útkomu hverra 20 arka.

Ed. 540. **Tillaga**
til þingsályktunar. Frá Hallgr. Sveinssyni, Kristjáni Jónssyni og Jóni A. Hjaltalín.

Efri deild alþingis ályktar að kjósa 3 manna nefnd til þess að semja ávarp til konungs.

Nd. 541. **Breytingartillaga**
við fjárlögin. Frá Pjetri Jónssyni

Við athugasemdina aptast í frv. um lán til jarðabóta 1. lið: Í staðinn fyrir »samskonar jarðabóta og« komi: jarðabóta, og sjeu þær samskonar og þær sem

Nd. 542. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá Jóni Jenssyni.

Aptan við 12. gr. C. bætist nýr (3.) liður svo hljóðandi:
Til fastra flutningavagnferða einu sinni eða tvisvar í viku að sumrinu frá Reykjavík austur að Þjórsárbrú, og lengra, eptir því sem lagningu flutningabrautarinnar austur í Rangárvallasýslu miðar áfram, 1000—1000.

Nd. 543. **Tillaga**
til þingsályktunar. Frá Kl. Jónssyni. Sigurði Gunnarssyni. Einari Jónssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að kjósa nefnd þriggja manna til að semja ávarp til konungs.

Nd. 544. **Nefndarálit**
í málinu: Frumv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum frá Hólmaprestakalli o. s. frv.

Efri deild hefir bætt 2. grein við frumvarpið, eins og það fór hjeðan úr neðri deild, og getur meiri hluti nefndarinnar eptir atvikum fallizt á þær, en minni hlutinn (Jón Jónsson) ræður hinni h. n. d. til að fella þær burtu.

Alþingi, 23. d. ágúst 1897.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Einar Jónsson. Jón Jónsson, þm. A.-Skf., skrifari.

Breytingartillögur minni hlutans.
1. 2. gr. falli burtu.
2. 3. gr. falli burtu.
3. Fyrirsögnin breytist samkvæmt þessu.

Nd. 545. **Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá Valtý Guðmundssyni.
Við 11. gr. 11. Aptan við athugasemdina bætist:
og að spítalann megi einnig, ef þörf gjörist, nota sem sóttvarnarhús.
Við 19. gr. Greinin falli burt.

Nd. 546. **Viðaukatillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).
Frá Sk. Thoroddsen.
Á eptir 12. gr. B. 5. »Styrkur til sýsluvega« komi:
a, Styrkur til sýsluvegagjörðar í Strandasýslu (svo sem fjárlaganefndin leggur til).
b, Styrkur til sýsluvegagjörðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu 2000 kr. (fyrra árið).
Athugasemdin orðist svo: Styrkir þessir undir staflið a—b veitast o. s. frv., eins og í tillögum fjárlaganefndarinnar.

Nd. 547. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898—99 (þingskjal 496).
Frá Birni Sigfússyni og Jóni Jónssyni, þm. A-Sk.
1. Við 11. gr. C. II. 3. liður orðist svo:
Viðkomustaði strandbátanna tiltekur landshöfðingi eptir tillögum alþingis.
2. Við 11. gr. C. III. 4. Í stað orðanna: »hjer um bil sama og« komi: ekki hærra en.

Ed. 548. **Breytingartillaga**
við breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um landsspítala.
Frá Jóni Jónssyni, 2. þm. N.-Múlas.
2. töluliður orðist þannig: »að leitast fyrir hjá Reykjavíkurbæ og nærliggjandi sýslum, hvort og að hve miklu leyti bæjarsjóður og sýslusjóðir vilja styrkja byggingu spítala þessa og bera árlegan kostnað við hann«.

Nd. 549. **Framhaldsnefndarálit**
um frumvarp til laga um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. (eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild).
Enda þótt sumum nefndarmönnum geðjist ekki sem bezt að breytingum þeim, er hin háttv. efri deild hefur gjört á frumvarpi þessu, sjerstaklega þeirri breytingu, að borgun til lækna fyrir ferðir er lækkuð úr 4 kr. niður í 3 kr., vill nefndin þó ekki ráða til, að frumvarpinu sje breytt frá því sem það nú er, þar sem henni er umhugað um, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, en óvíst, hvort svo muni verða, ef nú verður farið að breyta því hjer í deildinni. Nefndin getur því fremur ráðið til að frumvarpið verði nú samþykkt, þar sem í því felast að öðru leyti ýmsar rjettarbætur, sem sumpart miða að því, að veita al-

menningi greiðari aðgöngu að læknishjálp, og sumpart að því, að bæta kjör margra lækna.

Neðri deild alþingis, 23. ágúst 1897.

Pjetur Jónsson, formaður. Guðjón Guðlaugsson. Þórður J. Thoroddsen, framsögumaður.

Sighvatur Árnason. Skúli Thoroddsen, skrifari. Einar Jónsson.

Jón Jónsson, þm. A.-Skf.

Ed. 550. **Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags (eins og hún var samþ. við eina umræðu í neðri deild).

(Frá Sigurði Jenssyni, Sigurði Stefánssyni og Guttormi Vigfússyni).

Tillagan orðist þannig: Alþingi skorar á stjórnina . . . . . sem hjer segir:

A. Vestur um land.

I. 1. Reykjavík. 2. Ólafsvík. 3. Stykkishólmur. 4. Flatey. 5. Patreksfjörður. 6. Bíldudalur. 7. Dýrafjörður. 8. Ísafjörður. 9. Reykjarfjörður. 10. Steingrímsfjörður. 11. Borðeyri. 12. Blönduós. 13. Sauðárkrókur. 14. Siglufjörður. 15. Akureyri.

II. 1. Akranes. 2. Búðir. 3. Grundarfjörður. 4. Hvammsfjörður. 5. Skarðsstöð. 6. Tálknafjörður. 7. Önundarfjörður. 8. Súgandafjörður (Suðureyri). 9. Aðalvík. 10. Bitrufjörður. 11. Hvammstangi. 12. Skagaströnd. 13. Hofsós. 14. Ólafsfjörður. 15. Hjalteyri.

III. 1. Fjörður í Múlahreppi. 2. Skálavík. 3. Höfn í Sljettuhreppi. 4. Sigríðarstaðaós (Lambhúsvík). 5. Kolkuós. 6. Haganesvík. 7. Dalvík.

B. Austur um land.

I. 1. Reykjavík. 2. Vestmannaeyjar. 3. Vík. 4. Hornafjörður. 5. Djúpivogur. 6. Breiðdalsvík. 7. Fáskrúðsfjörður. 8. Reyðarfjörður. 9. Eskifjörður. 10. Norðfjörður. 11. Mjóifjörður. 12. Seyðisfjörður. 13. Borgarfjörður. 14. Vopnafjörður. 15. Þórshöfn. 16. Raufarhöfn. 17. Kópasker. 18. Húsavík. 19. Akureyri.

II. 1. Keflavík. 2. Papós. 3. Stöðvarfjörður. 4. Loðmundarfjörður. 5. Bakkafjörður. 6. Flatey. 7. Grímsey. 8. Grenivík. 9. Svalbarðseyri.

III. Lagarfljótsós eða Múlahöfn.

Á hvern þeirra staða, sem nefndir eru undir I, komi bátarnir helzt í hverri ferð.

Á þá staði, sem nefndir eru undir II, komi bátarnir svo opt sem því verður við komið, en þó ekki sjaldnar en í tveimur ferðum fram og aptur.

Á þá staði, sem nefndir eru undir III, komi bátarnir því að eins, að beiðni um það komi til landsstjórnarinnar frá hjeraðsbúum þeim, sem hlut eiga að máli, með meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns.

Í Vík í Mýrdal sje því að eins komið, að veður og vindur leyfi.

Báturinn, sem fer vestur um land, komi við á Straumfirði eða Borgarnesi á suðurleið í maí eða júní.

Ed. 551. **Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við eina umr. í neðri deild).

1. kafli.
Tekjur.
1. gr.

Á árunum 1898 og 1899 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,308,400 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,045,600 kr.

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
	a) *á ábúð og afnotum jarða*	17,000	17,000	34,000
	b) *á lausafje*	25,000	25,000	50,000
2.	húsaskattur	4,800	4,800	9,600
3.	tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4.	aukatekjur	25,000	25,000	50,000
5.	erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6.	vitagjald	8,500	8,500	17,000
7.	gjöld fyrir leyfisbrjef. Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.	2,000	2,000	4,000
8.	útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	45,000	45,000	90,000
9.	aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10.	aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	75,000	75,000	150,000
11.	aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	150,000	150,000	300,000
12.	tekjur af póstferðum	28,000	28,000	56,000
13.	óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
	Samtals...	522,800	522,800	1045,600

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 48,600 kr.:

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls 9,000 —	23,000	23,000	46,000
2.	Tekjur af kirkjum	300	300	600
3.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
	samtals...	24,300	24,300	48,600

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	34,000	34,000	68,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1898 25,854 kr. 02 a.			
- — 1899 23,095 — 40 —			
48,949 kr. 42 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.....	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 127,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag.....	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	4,500	2,500	7,000
samtals...	64,500	62,500	127,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1898 og 1899 veitast til útgjalda 1,484,533 kr. 67 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar eru skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1898: 12,400 kr., og árið 1899: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 343,036 kr. 67 a.

A.			1898.	1899.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			kr.	kr.	kr. a.
1. laun embættismanna			17,866 67	17,900	35,766 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.			3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun		2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður		800 —			
			3,300	3,300	6,600
			24,966 67	25,000	49,966 67

B.						
Dómgæzla og lögreglustjórn:						
1. laun:						
a. til dómara og sýslumanna					68,100	68,100	
b. til hreppstjóra					8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík					1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:						
a. laun umsjónarmannsins	1898. 1,000 kr.	1899. 1,000 kr.				
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —				
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —				
þóknun handa lækni	60 —	60 —				
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —				
3 skammtar af miðdegismat handa fangaverði						
21 e	230 —	230 —				
þvottur	30 —	30 —				
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —				
útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —				
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —				
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —				
	4,415 kr.	4,415 kr.				
arður af verkum talinn	615 —	615 —				
	3,800 kr.	3,800 kr.				
c. Til steingirðingar við gafla og suðurhlið hegningarhússins	1,600 —					
d. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,400 —	300 —				
					6,800	4,100	
			Flyt...		84,300	81,600	49,96667

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...	84,300	81,600	49,966 67
4.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ... 1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ... 50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum ... 40 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl. ... 60 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál ... 3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál ... 300 —			
	g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk ... 150 —			
	h. útgjöld við sáttamál ... 50 —			
		5,250	5,250	
	i. til að útvega eldtrausta járnskápa handa amtmannsembættinu í Norður- og Austuramtinu, sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum, sem þess þurfa, allt að	3,000		
		92,550	86,850	179,400
	C.			
	Ýmisleg útgjöld:			
1.	til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 450 kr.			
	b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin ... 2,580 —			
	c. til kostnaðar við sending með póstum ... 450 —			
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina ... ... 1,200 —			
		4,680	4,680	
2.	endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef ...	1,900	1,900	
3.	brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar	900	900	
4.	styrkur til eflingar búnaði:			
	a. til búnaðarskóla:			
	1. til skólans í Ólafsdal ... 2,500 —			
	Flyt... 2,500 kr.	7,480	7,480	229,366 67

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...		2,500 kr.	7,480	7,480	229,366 67
2. til skólans á Hólum		2,500 —			
3. til skólans á Eiðum		2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri		2,500 —			
		10,000 kr.			
b. til búnaðarfjelaga		18,000 —			
c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins...		2,000 —			
Verði stofnað allsherjarbúnaðarfjelag fyrir landið, fellur upphæðin síðara árið til þess.					
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina.....		240 —			
			30,240	30,240	
5. til búnaðarfjelags landsins, ef það verður stofnað á fjárhagstímabilinu.....				4,000	
6. laun handa tveim dýralæknum.....			2,400	2,400	
7. a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa.....		300 kr.			
b. til eptirlitsferða.....		100 —			
c. til vitans á Reykjanesi:					
1. til launa vitamannsins.....	1,200				
2. fyrir olíu	300				
3. — lampakveiki o.fl	100				
4. — steinkol.....	150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	200				
6. eptirgjald eptir lóðina	30				
		1,980 —			
d. til vita á Skagatá:					
1. til vitamanns.....	400				
2. fyrir olíu.....	150				
3. — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum..	200				
5. til að byggja íbúðarhús handa vitamanni, allt að .. Vitamaður viðhaldi húsinu, enda skili því, þegar hann fer frá, í gildu standi eða með fullu álagi.	1,500				
		2,300 —			
e. til vita við Gróttu:					
1. til vitamanns.....	400				
2. fyrir olíu	150				
3. — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160				
		760 —			
	Flyt...	5440 kr.	40,120	44,120	229,366 67

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 5440 kr.	40,120	44,120	229,366 67
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð ..... 500 — Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.	5,940	4,440	
g. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	200	50	
h. til að undirbúa vitabygging fyrir Austurlandi, fyrra árið allt að	1,200		
8. Til að rannsaka hafnarstæði og lendingar við suðausturströnd landsins	600		
9. Til hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags.....	5,000		
10. Styrkur til Útgjörðarmannafjelagsins við Faxaflóa, helmingur kostnaðar við að gjöra skipakví, þó eigi yfir 10,000 kr. ..... Fje þetta veitist með því skilyrði, að landshöfðingi samþykki reglugjörð og gjaldaskrá fyrir notkun skipakvíarinnar.	10,000		
11. Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði.....	1,000	1,000	
	64,060	49,610	113,670
Samtals.....	.....	.....	343,036 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 161,421 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,974	37,974	75,948
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
Flyt...	37,974	37,974	75,948

	1889.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,974	37,974	75,948
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnesssýslu;			
o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið.....	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	100	100	200
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.			
4. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minnsta kosti einu sinni í mánuði.....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, *eptir reikningi*, hvort árið allt að 300 kr.....	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
6. Ársútgjöld við holdsveikraspítalann.....	5,025	21,000	26,025
7. Styrkur til utanfarar handa hjeraðslæknum	600	600	1,200
Landshöfðingi veitir styrkinn eptir tillögum landlæknis.			
8. Útgjöld við bólusetningar	500	500	1,000
9. Önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. — — —— á Ísafirði 400 —			
Flyt... 2000 kr.	63,499	79,474	142,973

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2000 kr.	63,499	79,474	142,973
d. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..... 24 —			
e. til náms yfirsetukvenna .,..... 2,000 —			
f. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 400 —			
	4,424	4,424	8,848
10. Styrkur til endurbyggingar spítalans á Akureyri			
11. Styrkur til spítala á Seyðisfirði	5,000		5,000
12. Styrkur til spítalabyggingar á Patreksfirði 3000 kr. síðara árið	1,200	400	1,600
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að helmingi meira fje verði lagt til fyrirtækisins annarsstaðar frá, og að spítalann megi einnig, ef þörf gjörist, nota sem sóttvarnarbús.		3,000	3,000
Samtals.....	74,123	87,298	161,421

12. gr.

Til samgöngumála veitast 475,850 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... 2,400 kr.			
b. handa póstafgreiðslumönnum ..... 6,700 —			
c. handa brjefhirðingamönnum ..... 4,500 —			
	13,600	13,600	
2. póstflutningur	38,000	38,000	
3. önnur útgjöld: 1898. 1899.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... kr. 1,800 kr. 1,800			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1% um..... 200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama..... 200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu..... 800 800			
e. til áhalda 1,200 1,200			
f. 1 brjefberi í Reykjavík 50 50			
g. óviss gjöld 200 200			
	4,450	4,450	
samtals...	56,050	56,050	112,100
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:			
Flyt...	.....	.....	112,100

	1898. kr.	1899. kr.	alls. kr.
Fluttar...	.....	.....	112,100
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandskipum 500			
3,500	3,500	3,500	
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur allt að	1,500	1,500	
3. Til að ráða æfðan norskan verkfræðing (Ingeniör) til að kanna sumarið 1898 brúarstæði og gjöra teikningar og áætlun um kostnað við brúargjörð á Lagarfljóti, Jökulsá í Axarfirði, Fnjóská, Hjeraðsvötnum hjá Ökrum, og Norðurá í Mýrasýslu fyrra árið	4,500		
4. til flutningabrauta ..... Þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð 14000 kr.	27,000	18,000	
5. til þjóðvega ..... Þar af til akfærs þjóðvegar milli Þjórsár og ytri Rangár allt að 30,000 kr. fyrra árið.	60,000	40,000	
6. til fjallvega	5,000	5,000	
7. Styrkur til sýsluvega:			
a. Styrkur til sýsluvegagjörðar í Strandasýslu 6000 kr. fyrra árið	6,000		
b. Styrkur til sýsluvegagerðar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 3000 kr. f. á.	3,000		
c. Styrkur til vegagjörðar á sýsluveginum frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu.....	3,000		
d. Styrkur til sýsluvegagjörðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu 2000 kr. (fyrra árið) ..... Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum, að sýslubúar leggi til fje, er nemi að minnsta kosti helmingi styrksins, auk þess, er sýsluvegasjóður leggur til, og að fyrir vegalagningunni standi verkstjóri, er ráðinn sje með samþykki landshöfðingja.	2,000		
8. styrkur til brúargjörðar á Bakkaá í Dalasýslu (— móts við 500 kr. tillag úr sýslusjóði og að minnsta kosti 500 kr. tillag frá einstökum mönnum—) fyrra árið 250 kr.	250		
9. Styrkur til brúargerðar á Hörgá við Staðarhyl allt að ..... Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það fje, er þarf, til að fullgera brúna, og nemi að minnsta kosti $^1/_3$ alls kostnaðar við hana, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað.	10,000		
Samtals	68,000	125,750	193,750
Flyt.....	.....	.....	305,850

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
C. Fluttar...	.....	.....	305,850
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags fyrstu 2 ársborganir af 5 ára styrk, er þó má eigi vera hærri þrjú síðari árin en 50,000 kr. á ári	55,000	55,000	
Veitist með þeim skilyrðum, að fjelagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, þannig:			
I.			
1. Ferðir milli landa sjeu eigi færri en 16—18 hvert ár.			
2. Hringferðir á millilandaskipum sje gerðar frá 1. marz til 31. október, og auk þess ein ferð til Vestfjarða í janúar eða febrúar.			
3. Hringferðir þær skulu vera að minnsta kosti 6 kringum landið fram og aptur (= 12 ferðir).			
4. Í 3 hringferðunum fram og aptur skulu vera viðkomustaðir hinir sömu og í 7. og 12. ferðinni í frumvarpi til ferðaáætlunar, er fylgir stjórnarfrumvarpi til fjárlaga fyrir 1898 og 1899. — Tvær af þessum ferðum skulu vera önnur í marzmánuði og hin í októbermánuði. Í ferðunum til Vesturlandsins, sem skulu að minnsta kosti vera 3, skulu einnig vera sömu viðkomustaðir og í nefndu frumvarpi. Hinar aðrar hringferðir skulu vera hraðari, og skulu þá aðalviðkomustaðir vera í hverri ferð: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður, og mega skipin ekki koma við á fleiri stöðum auk þeirra en 3—5 til skiptis í hverri ferð.			
5. Fyrsta hringferð sje hafin 1. marz. Ein sje gerð um lok ágústmánaðar og framan af september og hin síðasta eptir miðjan október.			
II.			
1. Tveir strandbátar, yfirbyggðir, og nægilega stórir, eptir því sem stjórnin samþykkir, með farþegarúmi fyrir minnst 10—20 í 1. farrými og 30—40 í öðru farrými, gangi stöðugt kring um landið frá 15. apríl til 31. október, annar milli Reykjavíkur og Akureyrar austan um land, og hinn milli sömu staða vestan um land.			
2. Strandbátarnir sjeu settir í svo haganlegt samband við millilandaskipin, sem unnt er, helzt svo, að þeir í hverri ferð mæti einhverju þeirra í Reykjavík eða á einhverjum af hinum fjórum aðalviðkomustöðum.			
3. Viðkomustaðir strandbátanna sjeu þeir, er alþingi nánar tiltekur.			
4. Strandbátunum er skylt að flytja póstsendingar án sjerstaks endurgjalds; skal þeirra vitjað og þeim skilað á viðkomustöðum á kostnað útgerðarinnar.			
Flyt...	55,000	55,000	305,850

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	55,000	55,000	305,850
III.			
1. Landsstjórnin samþykkir ferðaáætlun allra skipanna og sjer um að hún sje haldin.			
2. Ferðunum sje hagað svo:			
a. Að alþingismenn geti komist til Reykjavíkur um lok júní, og þaðan aptur um mánaðamótin ágúst — september.			
b. Að skólapiltar komist heim úr skóla um byrjun júlímánaðar og til Reykjavíkur aptur um lok septbr.			
c. Að kaupafólk frá Suðurlandi fái fljóta ferð til Norðurlandsins í byrjun júlím. og þaðan aptur kring um 20. sept. I þessum ferðum koma skipin við á Blönduós.			
d. Sjómenn fái fljóta ferð frá Reykjavík til Austurlandsins um 20. maí, og þaðan aptur til Reykjavíkur um 20. septbr.			
3. Millilandaskipin komi ekki við í Færeyjum í 4 ferðum fram og aptur, þar á meðal í apríl og seinast í maí eða byrjun júní á leið frá Kaupmannahöfn, og seinast í ágúst eða í byrjun september og sömuleiðis í síðustu hringferð á leið frá Islandi.			
4. Farmeyrir og fargjald sje yfirleitt ekki hærra en nú með skipi eimskipsútgerðarinnar, og milli hafna með strandbátunum ekki hærra en er þetta ár með strandbátnum »Breinnæs«. Fargjald milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur verði sama og milli Stykkishólms og Reykjavíkur.			
5. Farmeyrir og fargjald milli tveggja ákveðinna staða verði hið sama, þótt skipta verði um skip. — Þó verða farþegar þá að nota það skip, er fyrst fer til staðar þess, er ætlað er til.			
6. Allt að 50 iðnaðar- og almúgamenn fái árlega í þeim ferðum, er fjelagið og stjórnin koma sjer saman um, ferðir milli landa í öðru farrými fram og aptur fyrir sama verð og annars er tekið fyrir aðra leið — gegn skírteini frá sýslumanni eða bæjarfógeta í því umdæmi, er þeir búa í.			
2. Til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að 7,500			
b. á Breiðafirði..... 2,500			
c. á Ísafjarðardjúpi 2,500			
	12,500	12,500	
Ferðaáætlun bátanna samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda. Styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát.			
Flyt...	67,500	67,500	305,850

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	67,500	67,500	305,850
Styrkurinn undir staflið a—c greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds. Styrkurinn undir staflið c. greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefndar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelag leggi til gufubátsferða $^1/_5$ á móti $^4/_5$ úr landssjóði.			
	67,500	67,500	
			135,000
D.			
Til frjettaþráðar milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, allt að	.....	35,000	35,000
samtals...	.....	.....	475,850

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 345,626 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum ...	2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi.....	200	200	
5. bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum	200	200	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum...	3,000	3,000	
7. bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	600	100	
8. styrkur til síra P. H. Hjálmarssonar á Helgastöðum í Suður-Þingeyjarsýslu til að byggja upp staðinn	750		
9. styrkur til síra Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn	300		
10. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
Flyt...	24,650	23,600	48,250

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	48,250
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1898 og 16 1899, 80 kr. handa hverjum.....	1898. 960 kr.	1899. 1,280 kr.			
2. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800 —	1,000 —			
3. til tímakennslu.....	100 —	100 —			
4. til bókakaupa.....	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar.....	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld ..	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að.....	250 —	250 —			
			2,860	3,380	
II. til læknaskólans:			12,060	12,580	24,640
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. námsstyrkur ..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	150 —	150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	800 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum 80 kr. handa hverjum	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og ann-					
Flyt...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,890

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,890
ars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —			
			4,130	3,830	
			7,330	7,030	
III. til hins lærða skóla:					14,360
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum.....		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan	7,500 —	1,400 —			
4. til tímakennslu	1,700 —	1,700 —			
5. námsstyrkur	5,000 —	5,000 —			
Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
7. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
8. ýmisleg útgjöld	800 —	800 —			
9. fyrir prestsverk.....	48 —	48 —			
10. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —			
11. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina.....	600 —	600 —			
12. til áhalda við leikfimiskennslu.....	200 —	200 —			
13. styrkur handa leikfimiskennaranum til					
Flyt...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,700	21,700	87,250

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,700	21,700	87,250
þess að fullkomnast í kennslugrein sinni í Danmörku.....	500 —				
			19,688	13,088	
			41,388	34,788	
					76,176
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
			2,000	2,000	
			8,600	8,600	
					17,200
V. til stýrimannaskólans:					
a. laun			2,500	3,000	
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakennslu	1,000 kr.	1,000 kr.			
2. til áhaldakaupa o.fl ...	600 —	200 —			
3. til eldiviðar og ljósa ...	400 —	400 —			
4. til húsnæðis.....	200 —				
5. til að byggja skólahús ...	20,000 —				
6. ýmisleg útgjöld	200 —	300 —			
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara, fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans	600 —				
			23,000	1,900	
			25,500	4,900	
					30,400
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... 2,500 kr. þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
	Flyt...	2,500 —			211,026

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2,500 kr.	.....	.....	211,026
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ..... 1,200 —			
3. til kvennaskóla Eyfirðinga..... 1,200 —			
4. til kvennaskólans á Ytri-Ey og kvennaskóla Eyfirðinga ..... 2,000 — Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.			
	6,900	6,900	
5. Styrkur til að byggja kvennaskóla í Norðurlandi..... Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að kvennaskólarnir í Eyjafirði og Ytri-Ey sameinist.		10,000	
6. Til hússtjórnarskólans í Reykjavík 2,000 kr. fyrra árið	2,000		
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	5,500	5,500	
2. til sveitakennara allt að 80 kr. til hvers... Styrkur þessi veitist eptir tillögum stiptsyfirvaldanna.	5,500	5,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	2,200	2,200	
e. til skólaiðnaðar-kennslu.....	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....	300	300	
h. til kennslu heyrnar- og málleysingja.....	5,000	5,000	
i. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja...	150	150	
	31,550	39,550	71,100
Flyt...	.....	.....	282,126

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	282,126
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til sundkennslu annarsstaðar ..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,200	1,200	2,400
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	3,000	3,000	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins..... 500			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins..... 400			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins..... 400			
	1,300	1,300	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til Þjóðvinafjelagsins.....	750	750	
Flyt...	10,200	10,200	284,526

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,200	10,200	284,526
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
	1,400	1,400	
6. Styrkur til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará	2,500		
Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að einstakir menn leggi fram að minnsta kosti jafnmikið fje til byggingarinnar, og að hún sje ætluð bæði fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn.			
7. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið.....	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
8. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
9. styrkur til kennara Dr. phil. Þorv. Thoroddsen til að halda áfram safni til jarðfræðislýsingar Íslands og til að undirbúa ritið 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
10. til fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
11. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	300	300	
12. til náttúrufræðisfjelagsins.....	500	500	
þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. ári			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.			
13. Styrkur til eins manns til að nema dýralækningar.....	600	600	
14. styrkur til cand. mag. Boga Melsteð til þess að semja sögu Íslands	600	600	
15. til sjera Matthíasar Jochumssonar.....	600	600	
16. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
Flyt...	20,100	17,600	284,526

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	20,100	17,600	284,526
17. styrkur til cand. phil. Jóns Jónssonar til að rannsaka og rita um sögu Íslands á síðari tímum	600	600	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
19. til bindindisfjelags kvenna »Hvítabandið«	100	100	
20. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
21. til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók	500	500	
22. til kand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
23. styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi og til vísindaiðkana	1,000	1,000	
24. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	600	600	
25. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði	600	600	
26. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	600	600	
27. styrkur til Otta Guðmundssonar til þess að kynnast erlendum skipasmíðum	1,000		
28. styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar til að safna og gefa út íslenzka þjóðsöngva	1,000		
29. styrkur til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomast í hljóðfæralist erlendis	600		
30. styrkur til Björns Þorlákssonar á Álafossi til kaupa nýjar vjelar. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að keyptar sjeu lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressa og þófaravjel	1,000		
31. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	500	500	
Flyt...	30,100	24,000	284,526

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	30,100	24,000	284,526
32. Utanfararstyrkur til Bjarna Sæmundssonar, fiskifræðings, og annars manns eptir veitingu landshöfðingja, til að fara á fiskisýningu í Björgvin að sumri 500 kr. til hvors	1,000		
33. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar á Vöðlum, til að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins	300	300	
34. styrkur til tveggja manna til að fara á landbúnaðarsýningu í Björgvin að sumri, eptir veitingu landshöfðingja, 500 kr. til hvors.....	1,000		
35. til Jóns Ólafssonar fyrverandi ritstjóra ..... Styrkur þessi veitist til að gefa út alþýðlegt fræðandi tímarit ekki minna en 40 arkir í 8 blaða broti hvort árið, og borgist hálfur ársstyrkurinn eptir útkomu hverra 20 arka.	1,200	1,200	
36. Til kand. Magnúsar Magnússonar frá Cambridge fyrir að kenna ókeypis leikfimi í Reykjavík.....	1,000	1,000	
	34,600	26,500	61,100
samtals...	.....	.....	345,526

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fleira veitast 84,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Onnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjóhnsen 300 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Arnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 176,133 kr. 67 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Af viðlagasjóði má verja allt að 30000 kr. til pósthúsbyggingar úr steini í Reykjavík.

19. gr.

Stjórninni veitist heimild til að verja, á fjárhagstímabilinu, allt að 75,000 kr. til brúargjörðar á Lagarfljóti.

20. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30 þús. kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 5000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita lán, allt að 9000 kr., til að kaupa gufubát til flutninga í Lagarfljótsós. Lánið veitist til 10 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun greiðist ekki fyrsta árið, en lánið borgist að fullu á næstu 9 árum með jöfnum afborgunum. Það veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar til veð í bátnum sjálfum, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje hann í áreiðanlegri vátryggingu.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga eða einstakra manna, er hafa byggt ísgeymsluhús. Lán þessi ávaxtist með 3% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaus, en endurborgist síðan á 7 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar á meðal veð í húsunum sjálfum ásamt sjálfskuldarábyrgð, og sje eigi lánað meira en 3000 kr. í hvern stað.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 15000 kr. til hvers; ávaxtist lán þetta með $3^1/_2$% og sje vaxta- og afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja allt að 30000 kr. til lánveitinga til sveitarfjelaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega, og sje afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sje enn fremur settir þessir skilmálar:

1. að lánsfjenu sje varið eingöngu til jarðabóta og sjeu þær samskonar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. að þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfjelaganna, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin sem lánið stendur auk lánsupphæðarinnar $^1/_3$ á móti henni.
3. nefndar jarðabætur sje samkvæmt vitnisburði skynbærra og óvilhallra manna hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. að landshöfðingja sje send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sje fullnægt.
5. sje einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.

Nd. 552. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl.

Frá Tryggva Gunnarssyni og Jóni Jenssyni.

1. Á eptir 5. málsgrein 3. greinar frv. komi 2 nýjar málsgreinar svohljóðandi: Launin greiðast úr landssjóði. Konungur skipar lækna í 1., 2, og 3. flokki, en lækna í 4. flokki skipar landshöfðingi.

   Eptirlaun læknis í 1., 2. eða 3. flokki skal þannig reikna, að hann fái 1/5 þeirrar launaupphæðar, sem hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embætti og auk þess 20 kr. fyrir hvert embættisár. Að öðru leyti skal farið eptir hinum almennu eptirlaunalögum. Læknar í 4. flokki hafa eigi eptirlaunarjett.
2. 6. málsgrein 3. greinar í frv. (Launin greiðist . . . eptirlaunalögunum) falli burtu.

Ed. 553. **Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um Landsbankann.

Frá Þork. Bjarnasyni.

A eptir orðið »stofn« bætist inn í: ef því verður við komið.

Nd. 554. **Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá nefndinni um að þakka hinar erlendu gjafir til manna á jarðskjálftasvæðinu.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina að annast um, að þakklæti deildarinnar verði tjáð fyrir gjafir til manna á jarðskjálftasvæðinu á Íslandi 1896, bæði samskotanefndinni í Kaupmannahöfn, Dönum og gefendum utanríkis.

Nd. 555. **Nefndarálit**

frá landbúnaðarnefndinni.

Nefnd sú, er hin háttv. neðri deild alþingis kaus til þess að íhuga, hvað þetta þing gæti gjört fyrir landbúnaðinn, hefur íhugað það mál á allmörgum fundum, eptir því sem tíminn hefur getað leyft, og hefur komizt að þeirri niðurstöðu, sem hjer segir:

1. Nefndin hefði að vísu gjarnan viljað taka til athugunar hin gildandi lög, er snerta landbúnaðinn, svo sem ábúðarlögin, í því skyni að fá þau endurbætt, en með því að nefndin hafði mjög takmarkaðan tíma frá öðrum ákveðnari störfum og brátt sýndi sig, að málafjöldi mundi verða afarmikill á þinginu, varð hún að sleppa því. Sömuleiðis áleit hún rjett, að fara eigi að þessu sinni fram á breytingu á búnaðarskólunum eða búnaðarfjelögunum, nje á fjártillögum til þeirra, sakir þess, að nú er í ráði að stofna allsherjar-búnaðarfjelag fyrir landið, sem vjer álítum heppilegt fyrirtæki, og það virðist vera einhuga álit hinnar

háttv. deildar, að fá þessu fjelagi í hendur öll búnaðarmál landsins, og geyma því þess vegna að stinga upp á breytingum, ef því lízt svo. Vjer getum þess að eins, að vjer hefðum óskað, að verksvið skólanna væri einskorðað meira en nú á sjer stað, við það, að láta verklegar æfingar og verklega kennslu vera eindregið í fyrirrúmi á þeim öllum, og reglugjörðir þeirra gjörðar meira samhljóða. Sömuleiðis mundum vjer kjósa, að búnaðarfjelögin sýndu almennt meiri verklegar framkvæmdir í hlutfalli við styrkinn úr landssjóði. Annars álítum vjer rjett, að styrkja þau á sama hátt fyrst um sinn eins og að undanförnu, með því að sá styrkur hefur að vorri ætlun komið að hinum beztu notum.

2. Það var álit nefndarinnar, að það mundi verða mjög affarasælt, ef komið yrði á fót lánsstofnun, þar sem veittur væri kostur á lánum um lengri tíma með vægum kjörum til framkvæmdar jarðabóta. Í því skyni höfum vjer ritað frumvarp til laga um stofnun búnaðarsjóðs, sem þegar hefur verið rætt í hinni háttvirtu deild, og nú er til umræðu í hinni háttvirtu efri deild. Vjer höfðum hugsað oss, að láta því fylgja álit vort um nokkur atriði, er vjer teljum rjett, að ættu að takast til greina í reglugjörð þeirri, er vjer í nefndu frumv. gjörum ráð fyrir, að samin verði um verksvið sýslunefnda viðvíkjandi þeim lánum, er frumvarpið talar um. En þar eð vjer sjáum, að frumvarp þetta muni eigi geta orðið útrætt á þessu þingi, álítum vjer þýðingarlaust, að koma fram með þau atriði í ákveðnu formi, en viljum að eins geta þess, að hugsun vor var sú, að þær gengju í þá átt, að hinum efnaminni mönnum yrði gert hægra fyrir að fá lán til jarðabóta en nú á sjer stað. Í því tilliti viljum vjer geta þess, að vjer byggðum tillögu vora í nefndu frumvarpi um það, að allar lánbænir til búnaðarsjóðsins skyldu ganga í gegnum hendur sýslunefndanna, á þeirri hugsun, að þær skyldu meta gildi lánbænanna eptir ástæðum og raða þeim niður eptir því, sem þeim þætti bezt við eiga, um leið og þær sendu þær með meðmælum sínum til búnaðarsjóðsins, og að bankastjórnin væri síðan bundin við þá röð við útlánin, svo að sá fengi fyrst lán, er sýslunefnd teldi fyrstan, ef allur undirbúningur væri í rjettu horfi.

3. Enn fremur kom til tals í nefndinni, að reyna nú af nýju til að koma hjer upp lánsstofnun, líkt og rætt var um á þingum, áður en bankinn komst á, og hefur sá nefndarmaður, er máls vakti á því, komið fram með þingsályktun til stjórnarinnar um að undirbúa það mál. Nefndin telur vel borgið landbúnaðinum að því er lánskosti snertir, ef hvorttveggja kemst á, búnaðarsjóðurinn og þessi lánsstofnun; ætti þá stofnunin að gegna jarðarveðslánum, en búnaðarsjóðurinn ábyrgðarlánum.

4. Að síðustu hefir nefndin athugað það, að síðastliðinn vetur kom til umræðu á þingi Norðmanna, að leggja mjög háan toll á innflutt kjöt; og hefir oss eigi dulizt, að svo framarlega sem það kæmist á, þá mundi það verða landbúnaðinum til hins mesta hnekkis, með því að megnið af saltkjöti hjeðan hefir verið selt til Noregs. Það hefir því komið til tals í nefndinni, að koma fram með þingsályktun, þar sem skorað væri á stjórnina, að gera sitt ýtrasta til þess að fyrirbyggja, að tollur þessi verði lagður á kjöt hjeðan. En eptir að vjer höfum talað við landshöfðingja um þetta mál, og hann hefir fullvissað oss um,

að stjórnin hefði vakandi auga á því og mundi gera sitt bezta til að fyrirbyggja tollinn, höfum vjer álitið rjett, að sleppa tillögu til þingsályktunar í þá átt.

Það hefir í sambandi við þetta komið til tals í nefndinni, að koma fram með frumv. um háan útflutningstoll á afurðir hvala, sem veiddir eru hjer við land, með því að vjer verðum að álíta, að veiði sú sje Íslandi til hins mesta ógagns, þó að einstök hjeruð hafi hag af því í bráðina. Það er kunnugt, að í ísaárum verða hvalrekar opt til bjargar miklum hluta lands; en því meira sem hvölum fækkar hjer við land, því minni líkur verða fyrir þeirri björg, auk þess sem eyðing hvalanna spillir þeirri veiði fyrir Íslendingum sjálfum, ef þeir kynnu í framtíðinni að hafa dug til og efni á, að taka sjálfir upp hvalaveiðar. Þó hefir nefndin eigi viljað leggja til, að tollur væri að svo stöddu lagður á hvalaveiðendur hjer í landi, með því að þeir eru einmitt frá Noregi, og gæti slíkt mál, ef til vill, meðal annars orðið til þess, að herða á Norðmönnum með að leggja toll á kjöt, sem hjeðan flyzt þangað.

En aptur á móti virðist rjett, að fresta því máli eigi, svo framarlega sem hinn umræddi kjöttollur kemst á, og gæti þá jafnvel komið til tals að leggja toll á timbur það, er Norðmenn selja hjer, og sem veitir þeim ekki svo litla atvinnu.

Alþingi, 23. ágúst 1897.

Guðjón Guðlaugsson,	Einar Jónsson,
formaður og framsögumaður.	skrifari.
Ólafur Briem.	Jón Jónsson, þm. Eyf.
	Guðl. Guðmundsson.

Ed. 556. **Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Nefndin leggur til, að þessar breytingar verði gerðar á frumv., eins og það kom frá neðri deild:

1. við 10. gr. C. 10. Töluliðurinn með athugasemd falli burtu.
2. — 11. gr. 7. — Töluliðurinn með athugasemd falli burtu.
3. — — — 12. Orðin: »og að . . . sóttvarnarhús« í athugasemdinni, falli burtu.
4. — 12. gr. B. 3. Fyrir: »Lagarfljóti . . . 4500« komi: Jökulsá í Axarfirði og Hjeraðsvötnum hjá Ökrum fyrra árið allt að 3500 kr.
5. — — — — 4. Orðin: »þar af til flutningabrautar . . . 14000 kr.« falli burtu.
6. — — — — 7. a. Fyrir »6000« komi: 5000.
7. — — — — - b. Fyrir »3000« komi: 2000.
8. — — — — - c. Fyrir »3000« komi: 2000.
9. — — — — - d. Liðurinn falli burtu.
10. — — — — 9. Fyrir »10,000« komi: 7,500.
11. — — — — —. Fyrir »1/3« í athugasemdinni komi: helmingi.
12. — — — C. 1. III. 4. Fyrir »ekki hærri en« komi: hjer um bil sama og
13. — 13. gr. B. VI. d. Fyrir »2200—2200« komi: 3200—3200

14. Við 13. gr. C. 6. Liðurinn með athugasemd falli burtu.
15. — — — C. 35. Athugasemdin falli burtu.
16. — — — C. 35. A eptir »ritstjóra« komi: til ritstarfa.
17. — — — C. 36. Orðin: »í Reykjavík« falli burtu.
18. — 15. gr. Á eptir »þar af« bætist inn í: til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eptirlaun hans.

Efri deild alþingis, 24. ágúst 1897.

Sigurður Jensson, formaður. Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögumaður. Kristján Jónsson.

Jón Jónsson. Þorkell Bjarnason.

Nd. 557. **Tillaga**

til þingsályktunar um fátækra- og sveitarstjórnarmálefni.

Frá Halldóri Daníelssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að leggja fyrir alþingi 1899 frumvarp til laga um fátækraframfæri, og frumvarp til laga um sveitarstjórn á Íslandi.

Ed. 558. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1898—99 (eins og það var samþykkt við eina umr. í neðri deild). Frá Guttormi Vigfússyni.

Við 11. gr. Aptan við hana bætist nýr liður, er verður 13. og orðist svo: »Til undirbúnings landsspítala og sóttvarnarhúsa samkv. lögum 14. des. 1875 allt að 1500 kr«.

Ed. 559. **Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.

Frá Sigurði Stefánssyni.

1. Við 12. gr. C. III. 2. Á eptir »Ferðaáætlun bátanna« í upphafi athugasemdanna við gufubátastyrkina, komi: Undir staflið a—b.
2. — 13. gr. B. VI. a. 6. Fyrir »2000« innanstriks komi: 1000
3. — —— C. 36. Töluliðurinn falli burtu.

Ed. 560. **Ávarp til konungs**
frá meiri hluta nefndarinnar í Efri deild.

Mildasti herra konungur!

Þá er Efri deild alþingis að þessu sinni lýkur störfum sínum, finnum vjer hjá oss innilega hvöt til að senda Yðvarri Hátign vort þegnsamlegasta ávarp.

Vjer erum sannfærðir um, að vjer mælum það eitt, er býr öllum Íslendingum í brjósti, þá er vjer fyrir hönd lands vors vottum Yðvarri Hátign lotningarfyllstu og hjartanlegustu þakkir fyrir hina ríkulegu hjálp, sem fyrir mildilega forgöngu Yðvarrar Hátignar og konunglegt örlæti Yðvart og Yðar konunglegu ættar hefir með svo hlýjum bróðurhug verið sent frá Danmörku til líknar og viðreisnar þeim löndum vorum, sem urðu fyrir tilfinnanlegu tjóni í hinum skæðu landskjálftum á næstliðnu sumri, og höfum vjer hjer, eins og svo optlega áður, sjeð óræk an vott um landsföðurlega umhyggju Yðar Hátignar fyrir velfarnan þjóðar vorrar og Yðar konunglegu mildi oss til handa.

Mikillega hefir það hryggt oss, að Yðar Hátign hefir eigi sjeð sjer fært að taka til greina óskir alþingis um þær breytingar á stjórnarfyrirkomulagi landsins, sem vjer teljum oss nauðsynlegar. Og eigi hefir það síður hryggt oss, að tilraunir þær hafa að engu orðið, sem á þessu þingi voru gjörðar af þingmanna hálfu til að ná samkomulagi um hinar bráðnauðsynlegustu bætur á stjórnarhögum vorum, sem stjórn Yðv. Hátignar hafði með munnlegri yfirlýsingu fulltrúa síns tjáð sig fúsa til að ganga að.

En þótt frumvarp það í þessa átt, sem samþykkt var í vorri deild, fjelli með litlum atkvæðamun í neðri deild þingsins, sem vjer teljum óhappalega farið, þá ölum vjer þá öruggu von, að stjórn Yðar Hátignar muni eigi þar með láta þetta mikilvæga mál vera niður fallið, heldur sjái um, að það verði lagt á ný fyrir alþingi, eptir að þjóðinni við nýjar kosningar hefir gefizt færi á að láta í ljósi, hvort hún er fremur sinnandi þeim þingmönnum, sem vildu taka samkomulagi á hinum gefna nýja grundvelli, þótt ýmsar af óskum vorum og kröfum hlytu með því enn um hríð að verða óuppfylltar, eða þeim þingmönnum, sem í sumar höfnuðu slíku samkomulagi sem gjörsamlega ófullnægjandi. Vjer drögum engan efa á, að vilji alls þorra þjóðarinnar muni reynast að vera sá, að taka heldur þeim bótum á stjórnarhögunum, sem ríflegastar geta fengizt, heldur en að halda áfram að eyða kröptum sínum í árangurslausa baráttu, sem hlýtur að standa framförum landsins fyrir þrifum.

Vjer fulltreystum því, að frumvarp það til breytinga á stjórnarskrá vorri, sem vjer dirfumst að gjöra oss örugga von um, að stjórn Yðv. Hátignar muni eptir boði Yðar leggja fyrir næsta alþingi, verði svo aðgengilegt oss til handa, sem framast er unnt, og fullnægi þörfum vorum að minnsta kosti í sama mæli og það frumvarp, sem vjer á þessu þingi eptir atvikum vildum ganga að.

Vjer biðjum algóðan Guð að halda sinni verndarhendi yfir Yðvarri Hátign og allri Yðar konunglegu ætt.

Sþ. 561. **Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild).

1. kafli.
Tekjur.
1. gr.

Á árunum 1898 og 1899 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,308,400 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,045,600 kr.

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
	a) *á ábúð og afnotum jarða*	17,000	17,000	34,000
	b) *á lausafje*	25,000	25,000	50,000
2.	húsaskattur	4,800	4,800	9,600
3.	tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4.	aukatekjur	25,000	25,000	50,000
5.	erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6.	vitagjald	8,500	8,500	17,000
7.	gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
	Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8.	útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	45,000	45,000	90,000
9.	aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10.	aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	75,000	75,000	150,000
11.	aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	150,000	150,000	300,000
12.	tekjur af póstferðum	28,000	28,000	56,000
13.	óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
	Samtals...	522,800	522,800	1045,600

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 48,600 kr.:

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls 9,000 —	23,000	23,000	46,000
2.	Tekjur af kirkjum	300	300	600
3.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
	samtals...	24,300	24,300	48,600

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	34,000	34,000	68,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1898 25,854 kr. 02 a.			
- — 1899 23,095 — 40 —			
48,949 kr. 42 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.....	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 127,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag.....	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	4,500	2,500	7,000
samtals...	64,500	62,500	127,000

2. kafli.

Utgjöld.

7. gr.

Á árunum 1898 og 1899 veitast til útgjalda 1,462,833 kr. 67 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar eru skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1898: 12,400 kr., og árið 1899: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 333,036 kr. 67 a.

A.			1898.	1899.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			kr.	kr.	kr. a.
1. laun embættismanna			17,866 67	17,900	35,766 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.			3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun		2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður		800 —			
			3,300	3,300	6,600
			24,966 67	25,000	49,966 67
B.					
Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1. laun:					
a. til dómara og sýslumanna			68,100	68,100	
b. til hreppstjóra			8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík			1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:					
a. laun umsjónarmannsins	1898. 1,000 kr.	1899. 1,000 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —			
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
þóknun handa lækni	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
3 skammtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4,415 kr.	4,415 kr.			
arður af verkum talinn	615 —	615 —			
	3,800 kr.	3,800 kr.			
c. Til steingirðingar við gafla og suðurhlið hegningarhússins	1,600 —				
d. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,400 —	300 —			
			6,800	4,100	
		Flyt...	84,300	81,600	49,96667

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...	84,300	81,600	49,966 67
4. önnur útgjöld:				
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...	1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...	50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum ...	40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —			
h. útgjöld við sáttamál.....	50 —			
		5,250	5,250	
i. til að útvega eldtrausta járnskápa handa amtmannsembættinu í Norður- og Austuramtinu, sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum, sem þess þurfa, allt að		3,000		
		92,550	86,850	179,400
C. Ýmisleg útgjöld:				
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin	2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum	450 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina	1,200 —			
		4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,900	1,900	
3. brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar		900	900	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal.....	2,500 —			
Flyt...	2,500 kr.	7,480	7,480	229,366 67 80

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...	2,500 kr.		7,480	7,480	229,366 67
2. til skólans á Hólum	2,500 —				
3. til skólans á Eiðum	2,500 —				
4. til skólans á Hvanneyri	2,500 —				
	10,000 kr.				
b. til búnaðarfjelaga	18,000 —				
c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins...	2,000 —				
Verði stofnað allsherjarbúnaðarfjelag fyrir landið, fellur upphæðin síðara árið til þess.					
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina.....	240 —				
			30,240	30,240	
5. til búnaðarfjelags landsins, ef það verður stofnað á fjárhagstímabilinu.....				4,000	
6. laun handa tveim dýralæknum			2,400	2,400	
7. a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa.....	300 kr.				
b. til eptirlitsferða.....	100 —				
c. til vitans á Reykjanesi:					
1. til launa vitamannsins.....	1,200				
2. fyrir olíu	300				
3. — lampakveiki o.fl	100				
4. — steinkol.....	150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	200				
6. eptirgjald eptir lóðina	30				
		1,980 —			
d. til vita á Skagatá:					
1. til vitamanns.....	400				
2. fyrir olíu.....	150				
3. — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum..	200				
5. til að byggja íbúðarhús handa vitamanni, allt að .. Vitamaður viðhaldi húsinu, enda skili því, þegar hann fer frá, í gildu standi eða með fullu álagi.	1,500				
		2,300 —			
e. til vita við Gróttu:					
1. til vitamanns.....	400				
2. fyrir olíu	150				
3. — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160				
		760 —			
	Flyt...5440 kr.		40,120	44,120	229,366 67

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 5440 kr.	40,120	44,120	229,366 67
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð ..... 500 — Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.	5,940	4,440	
g. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	200	50	
h. til að undirbúa vitabygging fyrir Austurlandi, fyrra árið allt að	1,200		
8. Til að rannsaka hafnarstæði og lendingar við suðausturströnd landsins	600		
9. Til hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags.....	5,000		
10. Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000	1,000	
	54,060	49,610	103,670
Samtals.....	.....	.....	333,036 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 161,721 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,974	37,974	75,948
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
Flyt...	37,974	37,974	75,948

	1889.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,974	37,974	75,948
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnesssýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnesssýslu;			
o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið.....	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Örœfinga	100	100	200
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.			
4. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minnsta kosti einu sinni í mánuði.....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi, hvort árið allt að 300 kr.	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
6. Arsútgjöld við holdsveikraspítalann.....	5,025	21,000	26,025
7. Útgjöld við bólusetningar	500	500	1,000
8. Önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. — — —— á Ísafirði 400 —			
Flyt... 2000 kr.	62,899	78,874	141,773

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2000 kr.	62,899	78,874	141,773
d. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..... 24 —			
e. til náms yfirsetukvenna .,..... 2,000 —			
f. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 400 —			
	4,424	4,424	8,848
9. Styrkur til endurbyggingar spítalans á Akureyri	5,000		5,000
10. Styrkur til spítala á Seyðisfirði.....	1,200	400	1,600
11. Styrkur til spítalabyggingar á Patreksfirði 3000 kr. síðara árið ..... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að helmingi meira fje verði lagt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.		3,000	3,000
12. Til undirbúnings landsspítala og sóttvarnarhúsa samk. lögum 14. des. 1875 allt að 1500 kr.....	1,500		
Samtals.....	75,023	86,698	161,721

12. gr.

Til samgöngumála veitast 467,350 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... 2,400 kr.			
b. handa póstafgreiðslumönnum ..... 6,700 —			
c. handa brjefhirðingamönnum ..... 4,500 —			
	13,600	13,600	
2. póstflutningur	38,000	38,000	
3. önnur útgjöld: 1898. 1899.			
kr. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans 1,800 1,800			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um..... 200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama..... 200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu..... 800 800			
e. til áhalda 1,200 1,200			
f. 1 brjefberi í Reykjavík 50 50			
g. óviss gjöld 200 200			
	4,450	4,450	
samtals...	56,050	56,050	112,100
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:			
Flyt...	.....	.....	112,100

	1898. kr.	1899. kr.	alls. kr.
Fluttar...	.....	.....	112,100
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandskipum 500			
3,500	3,500	3,500	
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur allt að	1,500	1,500	
3. Til að ráða æfðan norskan verkfræðing (Ingeniör) til að kanna sumarið 1898 brúarstæði og gjöra teikningar og áætlun um kostnað við brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði og Hjeraðsvötnum hjá Ökrum, fyrra árið allt að	3,500		
4. til flutningabrauta	27,000	18,000	
5. til þjóðvega	60,000	40,000	
Þar af til akfærs þjóðvegar milli Þjórsár og ytri Rangár allt að 30,000 kr. fyrra árið.			
6. til fjallvega	5,000	5,000	
7. Styrkur til sýsluvega:			
a. Styrkur til sýsluvegagjörðar í Strandasýslu 5000 kr. fyrra árið	5,000		
b. Styrkur til sýsluvegagerðar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 2000 kr. f. á.	2,000		
c. Styrkur til vegagjörðar á sýsluveginum frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu.....	2,000		
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum, að sýslubúar leggi til fje, er nemi að minnsta kosti helmingi styrksins, auk þess, er sýsluvegasjóður leggur til, og að fyrir vegalagningunni standi verkstjóri, er ráðinn sje með samþykki landshöfðingja.			
8. styrkur til brúargjörðar á Bakkaá í Dalasýslu (— móts við 500 kr. tillag úr sýslusjóði og að minnsta kosti 500 kr. tillag frá einstökum mönnum—) fyrra árið 250 kr.	250		
9. Styrkur til brúargerðar á Hörgá við Staðarhyl allt að	7,500		
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það fje, er þarf, til að fullgera brúna, og nemi að minnsta kosti $^1/_2$ alls kostnaðar við hana, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað.			
Samtals	117,250	68,000	185,250
Flyt.....	.....	.....	297,350

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
C. Fluttar...	.....	.....	297,350
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags fyrstu 2 ársborganir af 5 ára styrk, er þó má eigi vera hærri þrjú síðari árin en 50,000 kr. á ári	55,000	55,000	
Veitist með þeim skilyrðum, að fjelagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Island, þannig:			
I.			
1. Ferðir millilanda sjeu eigi færri en 16—18 hvert ár.			
2. Hringferðir á millilandaskipum sje gerðar frá 1. marz til 31. október, og auk þess ein ferð til Vestfjarða í janúar eða febrúar.			
3. Hringferðir þær skulu vera að minnsta kosti 6 kringum landið fram og aptur (= 12 ferðir).			
4. I 3 hringferðunum fram og aptur skulu vera viðkomustaðir hinir sömu og í 7. og 12. ferðinni í frumvarpi til ferðaáætlunar, er fylgir stjórnarfrumvarpi til fjárlaga fyrir 1898 og 1899. — Tvær af þessum ferðum skulu vera önnur í marzmánuði og hin í októbermánuði. Í ferðunum til Vesturlandsins, sem skulu að minnsta kosti vera 3, skulu einnig vera sömu viðkomustaðir og í nefndu frumvarpi. Hinar aðrar hringferðir skulu vera hraðari, og skulu þá aðalviðkomustaðir vera í hverri ferð: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður, og mega skipin ekki koma við á fleiri stöðum auk þeirra en 3—5 til skiptis í hverri ferð.			
5. Fyrsta hringferð sje hafin 1. marz. Ein sje gerð um lok ágústmánaðar og framan af september og hin síðasta eptir miðjan október.			
II.			
1. Tveir strandbátar, yfirbyggðir, og nægilega stórir, eptir því sem stjórnin samþykkir, með farþegarúmi fyrir minnst 10—20 í 1. farrými og 30—40 í öðru farrými, gangi stöðugt kring um landið frá 15. apríl til 31. október, annar milli Reykjavíkur og Akureyrar austan um land, og hinn milli sömu staða vestan um land.			
2. Strandbátarnir sjeu settir í svo haganlegt samband við millilandaskipin, sem unnt er, helzt svo, að þeir í hverri ferð mæti einhverju þeirra í Reykjavík eða á einhverjum af hinum fjórum aðalviðkomustöðum.			
3. Viðkomustaðir strandbátanna sjeu þeir, er alþingi nánar tiltekur.			
4. Strandbátunum er skylt að flytja póstsendingar án sjerstaks endurgjalds; skal þeirra vitjað og þeim skilað á viðkomustöðum á kostnað útgerðarinnar.			
Flyt...	55,000	55,000	0,35972

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	55,000	55,000	297,350
III.			
1. Landsstjórnin samþykkir ferðaáætlun allra skipanna og sjer um að hún sje haldin.			
2. Ferðunum sje hagað svo:			
a. Að alþingismenn geti komist til Reykjavíkur um lok júní, og þaðan aptur um mánaðamótin ágúst — september.			
b. Að skólapiltar komist heim úr skóla um byrjun júlímánaðar og til Reykjavíkur aptur um lok septbr.			
c. Að kaupafólk frá Suðurlandi fái fljóta ferð til Norðurlandsins í byrjun júlím. og þaðan aptur kring um 20. sept. I þessum ferðum koma skipin við á Blönduós.			
d. Sjómenn fái fljóta ferð frá Reykjavík til Austurlandsins um 20. maí, og þaðan aptur til Reykjavíkur um 20. septbr.			
3. Millilandaskipin komi ekki við í Færeyjum í 4 ferðum fram og aptur, þar á meðal í apríl og seinast í maí eða byrjun júní á leið frá Kaupmannahöfn, og seinast í ágúst eða í byrjun september og sömuleiðis í síðustu hringferð á leið frá Íslandi.			
4. Farmeyrir og fargjald sje yfirleitt ekki hærra en nú með skipi eimskipsútgerðarinnar, og milli hafna með strandbátunum hjerumbil sama og er þetta ár með strandbátnum »Bremnæs«. Fargjald milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur verði sama og milli Stykkishólms og Reykjavíkur.			
5. Farmeyrir og fargjald milli tveggja ákveðinna staða verði hið sama, þótt skipta verði um skip. — Þó verða farþegar þá að nota það skip, er fyrst fer til staðar þess, er ætlað er til.			
6. Allt að 50 iðnaðar- og almúgamenn fái árlega í þeim ferðum, er fjelagið og stjórnin koma sjer saman um, ferðir milli landa í öðru farrými fram og aptur fyrir sama verð og annars er tekið fyrir aðra leið — gegn skírteini frá sýslumanni eða bæjarfógeta í því umdæmi, er þeir búa í.			
2. Til gufubátaferða: kr.			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að 7,500			
b. á Breiðafirði..... 2,500			
c. á Ísafjarðardjúpi 2,500			
	12,500	12,500	
Ferðaáætlun bátanna undir stafl. a. og b. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda. Styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát.			
Flyt...	67,500	67,500	297,350

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	67,500	67,500	297,350
Styrkurinn undir staflið a—c greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds. Styrkurinn undir staflið c. greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefndar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelag leggi til gufubátsferða $^1/_5$ á móti $^4/_5$ úr landssjóði.			
	67,500	67,500	135,000
D.			
Til frjettaþráðar milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, allt að	.....	35,000	35,000
samtals...	.....	.....	467,350

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 342,126 kr.

	1898.	1899.	alls.
A.	kr.	kr.	kr.
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum ..:	2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum	200	200	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum...	3,000	3,000	
7. bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi	600	100	
8. styrkur til síra P. H. Hjálmarssonar á Helgastöðum í Suður-Þingeyjarsýslu til að byggja upp staðinn	750		
9. styrkur til síra Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn	300		
10. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
Flyt...	24,650	23,600	48,250

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	48,250
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1898 og 16 1899, 80 kr. handa hverjum.....	1898. 960 kr.	1899. 1,280 kr.			
2. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800 —	1,000 —			
3. til tímakennslu.....	100 —	100 —			
4. til bókakaupa.....	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar.....	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld..	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að.....	250 —	250 —			
			2,860	3,380	
			12,060	12,580	24,640
II. til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. námsstyrkur ..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	150 —	150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	800 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum 80 kr. handa hverjum	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og ann-					
Flyt...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,890

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,890
ars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —			
			4,130	3,830	
			7,330	7,030	
III. til hins lærða skóla:					14,360
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum.....		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan	7,500 —	1,400 —			
4. til tímakennslu	1,700 —	1,700 —			
5. námsstyrkur ..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	5,000 —	5,000 —			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
7. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
8. ýmisleg útgjöld	800 —	800 —			
9. fyrir prestsverk.....	48 —	48 —			
10. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —			
11. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina.....	600 —	600 —			
12. til áhalda við leikfimiskennslu.....	200 —	200 —			
13. styrkur handa leikfimiskennaranum til					
Flyt...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,700	21,700	87,250

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,700	21,700	87,250
þess að fullkomnast í kennslugrein sinni í Danmörku.....	500 —				
			19,688	13,088	
			41,388	34,788	
					76,176
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
			2,000	2,000	
			8,600	8,600	
					17,200
V. til stýrimannaskólans:					
a. laun			2,500	3,000	
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakennslu	1,000 kr.	1,000 kr.			
2. til áhaldakaupa o.fl ...	600 —	200 —			
3. til eldiviðar og ljósa ...	400 —	400 —			
4. til húsnæðis.....	200 —				
5. til að byggja skólahús...	20,000 —				
6. ýmisleg útgjöld	200 —	300 —			
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara, fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans	600 —				
			23,000	1,900	
			25,500	4,900	
					30,400
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík ...	2,500 kr.				
þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
Flyt...	2,500 —				211,026

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2,500 kr.	.....	.....	211,026
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ..... 1,200 —			
3. til kvennaskóla Eyfirðinga..... 1,200 —			
4. til kvennaskólans á Ytri-Ey og kvennaskóla Eyfirðinga ..... 2,000 — Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	6,900	6,900	
5. Styrkur til að byggja kvennaskóla í Norðurlandi ..... Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að kvennaskólarnir í Eyjafirði og Ytri-Ey sameinist.		10,000	
6. Til hússtjórnarskólans í Reykjavík 1,000 kr. fyrra árið	1,000		
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	5,500	5,500	
2. til sveitakennara allt að 80 kr. til hvers... Styrkur þessi veitist eptir tillögum stiptsyfirvaldanna.	5,500	5,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	3,200	3,200	
e. til skólaiðnaðar-kennslu.....	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur.....	300	300	
h. til kennslu heyrnar- og málleysingja.....	5,000	5,000	
i. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja...	150	150	
	31,550	40,550	72,100
Flyt...	.....	.....	283,126

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	283,126
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til sundkennslu annarsstaðar ..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,200	1,200	2,400
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	3,000	3,000	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins..... 500			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins..... 400			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins..... 400			
	1,300	1,300	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til Þjóðvinafjelagsins.....	750	750	
Flyt...	10,200	10,200	285,526

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,200	10,200	285,526
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
	1,400	1,400	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið.....	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
8. styrkur til kennara Dr. phil. Þorv. Thoroddsen til að halda áfram safni til jarðfræðislýsingar Íslands og til að undirbúa ritið 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	300	300	
11. til náttúrufræðisfjelagsins.....	500	500	
þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. ári			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.			
12. Styrkur til eins manns til að nema dýralækningar.....	600	600	
13. styrkur til cand. mag. Boga Melsteð til þess að semja sögu Islands	600	600	
14. til sjera Matthíasar Jochumssonar.....	600	600	
15. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
Flyt...	17,600	17,600	285,526

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	17,600	17,600	285,526
17. styrkur til cand. phil. Jóns Jónssonar til að rannsaka og rita um sögu Íslands á síðari tímum	600	600	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
19. til bindindisfjelags kvenna »Hvítabandið«	100	100	
20. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
21. til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók	500	500	
22. til kand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
23. styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi og til vísindaiðkana	1,000	1,000	
24. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	600	600	
25. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði	600	600	
26. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	600	600	
27. styrkur til Otta Guðmundssonar til þess að kynnast erlendum skipasmíðum	1,000		
28. styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar til að safna og gefa út íslenzka þjóðsöngva	1,000		
29. styrkur til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomnast í hljóðfæralist erlendis	600		
30. styrkur til Björns Þorlákssonar á Álafossi til kaupa nýjar vjelar. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að keyptar sjeu lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressa og þófaravjel	1,000		
31. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	500	500	
Flyt...	27,600	24,000	285,526

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	27,600	24,000	285,526
32. Utanfararstyrkur til Bjarna Sæmundssonar, fiskifræðings, og annars manns eptir veitingu landshöfðingja, til að fara á fiskisýningu í Björgvin að sumri 500 kr. til hvors.....	1,000		
33. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar á Vöðlum, til að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins.....	300	300	
34. styrkur til tveggja manna til að fara á landbúnaðarsýningu í Björgvin að sumri, eptir veitingu landshöfðingja, 500 kr. til hvors.....	1,000		
35. til Jóns Ólafssonar fyrv. ritstjóra til ritstarfa...	1,200	1,200	
	31,100	25,500	56,600
samtals...	.....	.....	342,126

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fleira veitast 84,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eptirlaun hans, til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjóhnsen 300 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Arnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 154,433 kr. 67 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Af viðlagasjóði má verja allt að 30000 kr. til pósthúsbyggingar úr steini Reykjavík.

19. gr.

Stjórninni veitist heimild til að verja, á fjárhagstímabilinu, allt að 75,000 kr. til brúargjörðar á Lagarfljóti.

20. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30 þús. kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 5000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita lán, allt að 9000 kr., til að kaupa gufubát til flutninga í Lagarfljótsós. Lánið veitist til 10 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun greiðist ekki fyrsta árið, en lánið borgist að fullu á næstu 9 árum með jöfnum afborgunum. Það veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar til veð í bátnum sjálfum, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje hann í áreiðanlegri vátryggingu.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga eða einstakra manna, er hafa byggt ísgeymsluhús. Lán þessi ávaxtist með 3% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaus, en endurborgist síðan á 7 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar á meðal veð í húsunum sjálfum ásamt sjálfskuldarábyrgð, og sje eigi lánað meira en 3000 kr. í hvern stað.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 15000 kr. til hvers; ávaxtist lán þetta með $3^1/_2$% og sje vaxta- og afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja allt að 30000 kr. til lánveitinga til sveitarfjelaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega, og sje afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sje enn fremur settir þessir skilmálar:

1. að lánsfjenu sje varið eingöngu til jarðabóta og sjeu þær samskonar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. að þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfjelaganna, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin sem lánið stendur auk lánsupphæðarinnar $^1/_3$ á móti henni.
3. nefndar jarðabætur sje samkvæmt vitnisburði skynbærra og óvilhallra manna hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. að landshöfðingja sje send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sje fullnægt.
5. sje einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.

Nd. 562. **Ávarp til konungs**

Frá meiri hluta nefndarinnar í neðri deild.

Allramildasti herra Konungur!

Þegar vjer nú höfum lokið löggjafarstarfi voru á alþingi að þessu sinni, viljum vjer, neðri deild þingsins, allraþegnsamlegast ávarpa Yðar Hátign í nafni kjósenda vorra og allrar þjóðarinnar á Íslandi.

Vjer viljum fyrst tjá Yðar Hátign hjartanlegar þakkir vorar fyrir þá hluttekt, er Yðar Hátign og hennar Hátign drottningin með konunglegu örlæti hefur sýnt þjóð vorri, þá er hið mikla jarðskjálftatjón bar henni að höndum á síðastliðnu sumri, og erum vjer þess fullvissir, að velgjörðir Yðar Hátignar og hinnar konunglegu ættar á þessum erfiðu tímum muni jafnan verða geymdar í minni þegna Yðar Hátignar á Íslandi með innnilegustu þakklátssemi, og það því fremur, sem vjer megum jafnþakklátlega minnast þess, hversu mikla stoð og hjálp þjóð vor hefur jafnan áður átt í veglyndi Yðar Hátignar gagnvart oss.

En jafnframt því, sem vjer minnumst alls þessa, hljótum vjer einnig að snúa huga vorum að því pólitiska sambandi milli Konungsins og hinna íslenzku þegna, sem ræður meira en allt annað um velferð og blessun þjóðar vorrar. Vjer hljótum nú því fremur að taka þetta fram, sem vjer minnumst annars ávarps, er vjer sendum Yðar Hátign frá síðasta alþingi, þar sem vjer fyrir þjóðarinnar hönd bárum fram allraþegnsamlegastar óskir vorar um endurbætur á hinu núverandi stjórnarástandi, en sem að vísu því miður hafa ekki verið teknar til greina enn sem komið er af stjórn Yðar Hátignar.

Vjer verðum í þessu efni að líta á boðskap Yðar Hátignar til alþingis dagsettan 21. maí þ. á. og ástæðurnar til þar að lútandi tillögu ráðgjafa þess, er skipaður er fyrir Íslandsmál, í brjefi dags. 29. dag sama mánaðar. Tilkynning sú, er landshöfðingi samkvæmt fyrirmælum frá stjórn Yðar Hátignar bar fram fyrir alþingi um það, að stjórnin mundi leggja til, að tiltekið frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskránni 5. jan. 1874 næði allrahæstri staðfesting, svo framarlega sem það yrði samþykkt af alþingi, verðum vjer að álíta að liggi að öllu leyti fyrir utan þau beinu svör, er felast í boðskap Yðar Hátignar, því fremur, sem tilkynningin var sett í samband við væntanlegt frumvarp frá þjóðkjörnum þingmanni, en eptir skoðun vorri á hlutfallinu milli stjórnarinnar og einstakra þingmanna á alþingi hlaut frumvarp þetta, hvers efnis sem það annars hefði verið, að teljast stafa frá frumkvæði hlutaðeigandi þingmanns eins, og vera stjórninni að því leyti óviðkomandi, þangað til ef þingið hefði gjört frumvarpið að lögum.

En þegar vjer þá lítum á ástæður þær, er ráðgjafinn hefir fært fram fyrir tillögum sínum til Yðar Hátignar, verðum vjer allraþegnsamlegast að láta það í ljósi, að skoðanir vorar á stöðu Íslands að lögum í hinu danska ríki eru gagnólíkar því, sem haldið er fram í ráðgjafabrjefinu, enda hefir ekki neinn ágreiningur um það atriði komið fram á alþingi.

Hvað aptur viðvíkur áliti því, um hvað fyrst og fremst beri að gjöra til

þess að efla framfarir þjóðar vorrar sem skjótast og sem bezt, er virðist vera lagt til grundvallar í hinum konunglega boðskap, verðum vjer að taka það fram, að samkvæmt vorri samhuga skoðun er það einmitt endurbæturnar á stjórnarfari landsins, sem brýnasta nauðsyn ber til, og að hvert ár, sem líður, án þess að verulegar breytingar á því til bóta komist á, sje í rauninni dregið frá velferð og heill þjóðar vorrar, sem nú um mörg ár hefur fundið svo sárt til þess, hve ónóg hið ábyrgðarlausa erlendis ráðaneyti Yðar Hátignar er til þess, að leggja það til um ýms málefni þings og þjóðar á Íslandi, sem oss varða. Öll þesskonar málefni, sem nefnd eru í boðskap Yðar Hátignar, svo sem atvinnumál, samgöngumál og heilbrigðismál, eru einmitt komin undir því, ef vel á að vera, að þing vort hafi fullkomlegt stjórnskipulegt atkvæði um þau, svo sem því ber, eptir landsrjettindum Íslands frá elztu timum og skýlausri viðurkenning um þess rjettindi að því er hin svokölluðu sjermál landsins snertir, sem felst bæði í orðum og anda hinnar núverandi stjórnarskrár, eptir þeim skilningi, sem oss virðist hljóta að leggjast í þaraðlútandi ákvæði. Og það er ekki einungis hinn fullkomni atkvæðisrjettur um slík mál, sem alþingi þarf að hafa, heldur þarf þingið einnig að geta notið aðstoðar og samvinnu ráðgjafa, sem hafi venjulegt skilyrði til þess að geta undirbúið málin vel fyrir þingið, og sjeð síðan um góða framkvæmd á þeim. En slíkur ráðgjafi þarf þá einnig að bera sanna stjórnskipulega ábyrgð á gjörðum sínum fyrir fulltrúasamkomu landsins.

Það sem vjer nú höfum sagt um þýðing sannrar þingbundinnar stjórnar, að því er kemur við framförum þjóðarinnar í líkamlegum efnum, gildir engu síður um hinar andlegu framfarir hennar, sem vjer fyrir vort leyti leggjum að minnsta kosti jafnmikla áherzlu á, eins og hitt. En hvort sem er að ræða um opinberar ráðstafanir, er lúta að æðri eða lægri menningarstigum Íslendinga, er óhugsanlegt, að það fyrirkomulag, er vjer að framan höfum talið nauðsynlegt, komist á, svo lengi sem sjermál landsins eru borin upp í hinu danska ríkisráði, og meðan þannig standa aldönsk stjórnarvöld milli Yðar Hátignar og hinna íslenzku löggjafar- og stjórnarvalda einnig í hinum áðurnefndu sjermálum.

Kröfur þær um endurbætur á stjórnarfarinu, sem haldið hefur verið fram af undanförnum þingum, hafa allar falið í sjer það meginatriði, að sjermál þessi skyldu aðgreind frá afskiptum ríkisráðsins, og vjer ætlum að þeirri kröfu muni fyrst og fremst verða haldið fram, unz henni verður fullnægt. En auðvitað hlýtur það að álítast mjög æskilegt, að samfara þeirri aðalbreyting á hinu núverandi stjórnarástandi verði einnig aðrar breytingar, er miða að því, að gera stjórnina í sjermálunum alinnlenda. Verðum vjer og enn sem fyrri að álíta, að frumvörp undanfarandi þinga til fullkominnar endurskoðunar á stjórnarskránni samkvæmt fyrirvara alþingis 1873 fullnægi bezt þörfum og óskum þjóðarinnar í þessu efni. —En svo mikið mun þó mega segja, að hið áðurgreinda aðalatriði, leysing sjermálanna úr ríkisráðinu, muni verða skoðað sem mikilvæg og heillavænleg breyting til bótar, eins víst og vjer álítum, að engin breyting á stjórnarfyrirkomulaginu sje aðgengileg án þess.

Vjer viljum að lokum lýsa yfir þeirri hjartans ósk vorri, að alþingi Islendinga megi bera gæfu til þess, að öðlast staðfesting Yðar Hátignar á stjórnarskipunar-

lögum fyrir land vort, sem þjóðin getur unað við, og sem fullnægir rjettmætum kröfum hennar um óháða stjórn í sjerstaklegum málefnum hennar, hvort sem frumvarp til slíkra laga yrði samið af alþingi, eða af stjórn Yðar Hátignar. Það mun og mega ætla, að fljótt leiði til fullkomins samkomulags á þinginu sjálfu, eptir að ýmsar leiðir hafa nú verið reyndar um þá aðferð, er því beri að fylgja í þessu máli, eins og það er víst, að þingið í heild sinni er nú á sama máli, að hverju takmarki beri að stefna, þótt ekkert frumvarp til stjórnarskrárbreytingar frá þinginu liggi fyrir að þessu sinni. —

Vjer berum og þá öruggu von og traust til hinnar algóðu forsjónar, sem öllu ræður, að mál þetta, sem ræður mestu um það, hvort þjóðin getur unað hag sínum hjer á landi, verði bráðlega leitt til farsællegra lykta, Yðar Hátign til orðstírs, og til hamingju landi voru og lýð.

Almáttugur Guð blessi Yðar Hátign, hennar Hátign drottninguna, ætt Yðar Hátignar, lönd og þegna.

Sþ. 563. **Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild).

Frá Jóni Þórarinssyni.

Aptan við 13. gr. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

36. Til Magnúsar Magnússonar, candidats frá Cambridge, fyrir að kenna ókeypis leikfimi í Reykjavík . 1000 — 1000

Sþ. 564. **Breytingatillögur**

við frumv. til fjárlaga 1898 og 1899 (eins og það var samþ. við eina umr. í efri deild).

Frá Jóni Jónssyni, þm. Eyf. Sigurði Gunnarssyni. Guðjóni Guðlaugssyni. Einari Jónssyni. Tryggva Gunnarssyni. Þ. Thoroddsen.

1. 10. gr. C. Eptir 9. tölul. komi 10. tölul. svohljóðandi:
   Styrkur til útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa helmingur kostnaðar við að gjöra skipakví, þó eigi yfir 10000 kr.
   Fje þetta veitist með því skilyrði, að landshöfðingi samþykki reglugjörð og gjaldaskrá fyrir notkun skipakvíarinnar.
2. 11. gr. Eptir 6. komi nýr liður þannig:
   Styrkur til utanfarar handa hjeraðslæknum 600—600.
   Landshöfðingi veitir styrkinn eptir tillögum landlæknis.
3. 12. gr. B. 3. orðist svo:
   Til að ráða æfðan, norskan verkfræðing (Ingenieur), til að kanna sumarið 1898 brúarstæði og gera teikningar og áætlun um kostnað við brúagerð á Lagarfljóti, Jökulsá í Axarfirði, Fnjóská, Hjeraðsvötnum hjá Ökrum og Norðurá í Mýrasýslu fyrra árið 4500.

4. 12. gr. B. 4. Við töluliðinn bætist:
Þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð 14000 kr.
5. 12. gr. B. 7. a. Fyrir: 5000
komi: 6000
6. — — — — b. Fyrir: 2000
komi: 3000
7. — — — — c. Fyrir: 2000
komi: 3000
8. — — — — Nýr stafliður d. þannig:
Styrkur til sýsluvegagerðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu 2000 kr. (fyrra árið).
9. — — — 9. Fyrir: 7500
komi: 10000
10. — — — — Fyrir: helmingi
komi: 1/3
11. 13. gr. B. VI. a. 6. Fyrir: 1000 (innanstriks) komi: 2000
12. 13. gr. C. Eptir 5. komi nýr liður þannig:
Styrkur til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará 2500
Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að einstakir menn leggi fram að minnsta kosti jafnmikið fje til byggingarinnar, og að hún sje ætluð bæði fyrir þjóðlegar samkomur og útlenda ferðamenn.
13. 13. gr. C. Eptir 35. komi nýr liður þannig:
Til kand. Magnúsar Magnússonar frá Cambridge fyrir að kenna ókeypis leikfimi í Reykjavík . . 1000 — 1000

Sþ. 565. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Flutningsm. Jón Jónsson, þm. Eyf.
Við 11. gr. — 12.
Liðurinn með athugas. falli burtu.

Sþ. 566. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá Guðjóni Guðlaugssyni.
Við 13. gr. B. VI. d.
Fyrir: 3200 — 3200
komi: 2800 — 2800

Sþ. **567. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (eins og þau voru samþ. við eina umr. í Ed.).

Frá Valtý Guðmundssyni.

1. Við 11. gr. 6. Í staðinn fyrir »5,025—21,000—26,025» komi: 5,125—20,500 —25,625.
2. — 13. — A. b. Á eptir tölulið 9 komi nýr liður svohljóðandi: Til að útvega harmóníum í Vestmannaeyjakirkju 300 kr. (fyrra árið).
3. — 13. — C. Á eptir tölulið 15 bætist inn í nýr liður svo hljóðandi: Til Þorsteins Erlingsson 500 kr. — 500 kr.
4. — 13. — C. 16. Liðurinn falli burt.
5. — 15. — Orðin: »til præp. hon. Benidikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eptirlaun hans« falli burt.
6. — 19. — Greinin falli burt.

Sþ. **568. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild).

Frá B. Sveinssyni og Eiríki Gíslasyni.

1. Aptan við 13. gr. C. 5. b. bætist nýr liður sem verði stafliður 6.

   Styrkur til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará (fyrra árið) kr. 2500.

   Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að einstakir menn leggi fram að minnsta kosti jafnmikið fje til byggingarinnar, og að hún sje ætluð bæði fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn, og að trygging sje fyrir viðhaldi og hirðing hússins

2. Aptan við 13. gr. C. 35. komi:

   Styrkur þessi veitist til að gefa út alþýðlegt fræðandi tímarit, ekki minna en 40 arkir í 8 blaða broti hvort árið, og borgist hálfur ársstyrkurinn eptir útkomu hverra 20 arka.

Sþ. **569. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga 1898 og 1899 (eins og það var samþykkt við eina umr. efri deild).

Frá Þórði J. Thoroddsen.

Við 11. gr. 5. Í stað »1000—1000« komi: 1200—1200.

en til vara:

orðin: »til að veita stúdentum . . svo og« falli burt.

Við 13. gr. 35. »til Jóns Ólafssonar« o. s. frv., falli burt.

Sþ. **570. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga 1898 og 1899 (eins og það var samþ. við eina umr. í efri deild).

Frá Halldóri Daníelssyni.

13. gr. C. A eptir 15. tölul. komi nýr liður: til Þorsteins Erlingssonar 500—500.

Ed. 571. **Breytingartillögur**
við ávarp til konungs (560).
Frá Jóni A. Hjaltalín, Þorleifi Jónssyni, Jóni Jakobssyni, L. E. Sveinbjörnsson, Guttormi Vigfússyni og Jóni Jónssyni.

1. Seinni partur 3. málsgreinar frá: »Og—ganga að« orðist svo: Oss hefir og þótt það miður fara, að tilraunir þær hafa að engu orðið, sem fram hafa komið á þessu þingi til að ná samkomulagi um hinar bráðnauðsynlegustu bætur á stjórnarhögum vorum.

2. Í fjórðu málsgrein falli burtu orðin: »sem vjer teljum óhappalega farið«.

3. Sama grein. Í stað orðanna: »á ný fyrir alþingi—ófullnægjandi« komi: fyrir næsta alþingi, eptir að þjóðinni hefir gefizt kostur á að láta álit sitt uppi, að hve miklu leyti hún vill sinna samkomulagstilraunum þeim, er fram hafa komið á þessu þingi.

4. Orðin: »Vjer drögum — fyrir þrifum« falli burt.

Sþ. 572. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárjaga fyrir árin 1898 og 1899 (þgsk. 561). Frá Birni Sigfússyni.
Við 13. gr. B. VI. d. Fyrir: 3200—3200 komi 2200—2200.

Sþ. 573. **Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
Frá Jóni Jenssyni.

1. Við 12. gr. B. 4. Í stað 27000 kr. (fyrra árið) komi: 57000 kr.
2. Við 12. gr. B. 5. Í stað 60000 kr. (fyrra árið) komi: 30000 kr. og athugasemdin falli burtu.
3. Við 12. gr. B. 7. Stafliðirnir a og b falli burtu og orðalagið á töluliðnum með athugasemd breytist samkvæmt því.
4. Við 12. gr. B. 9. Töluliðurinn falli burtu.

Sþ. 574. **Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga árin 1898—99.
Frá Klemens Jónssyni.
Við 13. gr. C. 29. Fyrir »600 kr.« komi »800 kr.«

Sþ. 575. **Breytingartillaga**
við breytingartillögur á þingskjali 564.
Frá Sigurði Stefánssyni. L. E. Sveinbjörnsson. Jóni A. Hjaltalín.
Við 13. brt. Fyrir »1000 — 1000« komi: 600 — 600.

576. Fjárlög fyrir árin 1898 og 1899.

1. kafli.
Tekjur.
1. gr.

Á árunum 1898 og 1899 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,308,400 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,045,600 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,800	4,800	9,600
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	25,000	25,000	50,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. vitagjald	8,500	8,500	17,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	45,000	45,000	90,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	75,000	75,000	150,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	150,000	150,000	300,000
12. tekjur af póstferðum	28,000	28,000	56,000
13. óvissar tekjur	2,500	2,500	5,000
Samtals...	522,800	522,800	1045,600

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 48,600 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls 9,000 —	23,000	23,000	46,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,000	1,000	2,000
samtals...	24,300	24,300	48,600

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 78,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins.....	34,000	34,000	68,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1898 25,854 kr. 02 a.			
- — 1899 23,095 — 40 —			
48,949 kr. 42 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	5,000	5,000	10,000
samtals...	39,000	39,000	78,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.....	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 127,000 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag.....	60,000	60,000	120,000
Aukatillag.....	4,500	2,500	7,000
samtals...	64,500	62,500	127,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1898 og 1899 veitast til útgjalda 1,466,533 kr. 67 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1898: 12,400 kr., og árið 1899: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 38,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 39,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 333,036 kr. 67 a.

A.			1898.	1899.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			kr.	kr.	kr. a.
1. laun embættismanna			17,866 67	17,900	35,766 67
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.			3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun		2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda og skrifstofukostnaður		800 —			
			3,300	3,300	6,600
			24,966 67	25,000	49,966 67
B.					
Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1. laun:					
a. til dómara og sýslumanna			68,100	68,100	
b. til hreppstjóra			8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík			1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:					
a. laun umsjónarmannsins	1898. 1,000 kr.	1899. 1,000 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —			
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
þóknun handa lækni	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
3skammtar af miðdegismat handa fangaverði					
21 e	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við húsið sjálft og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4,415 kr.	4,415 kr.			
arður af verkum talinn	615 —	615 —			
	3,800 kr.	3,800 kr.			
c. Til steingirðingar við gafla og suðurhlið hegningarhússins	1,600 —				
d. kostnaður við viðhald fangelsanna	1,400 —	300 —			
			6,800	4,100	
		Flyt...	84,300	81,600	49,966 67

		1898.	1899.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
	Fluttar...	84,300	81,600	49,966 67
4. önnur útgjöld:				
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...	1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...	50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum ...	40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —			
h. útgjöld við sáttamál.....	50 —			
		5,250	5,250	
i. til að útvega eldtrausta járnskápa handa amtmannsembættinu í Norður- og Austuramtinu, sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum, sem þess þurfa, allt að		3,000		
		92,550	86,850	179,400
C. Ýmisleg útgjöld:				
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	450 kr.			
b. til pappírs og prentunar B-deildar stjórnartíðindanna (30 arkir) og landshagsskýrslna (30 arkir), 43 kr. örkin	2,580 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum	450 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina	1,200 —			
		4,680	4,680	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,900	1,900	
3. brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar		900	900	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Olafsdal.....	2,500 —			
Flyt...	2,500 kr.	7,480	7,480	229,366 67

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
Fluttar...		2,500 kr.	7,480	7,480	229,366 67
2. til skólans á Hólum		2,500 —			
3. til skólans á Eiðum		2,500 —			
4. til skólans á Hvanneyri		2,500 —			
		10,000 kr.			
b. til búnaðarfjelaga		18,000 —			
c. til búnaðarfjelags Suðuramtsins...		2,000 —			
Verði stofnað allsherjarbúnaðarfjelag fyrir landið, fellur upphæðin síðara árið til þess.					
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina.....		240 —			
			30,240	30,240	
5. til búnaðarfjelags landsins, ef það verður stofnað á fjárhagstímabilinu.....				4,000	
6. laun handa tveim dýralæknum			2,400	2,400	
7. a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa.....		300 kr.			
b. til eptirlitsferða.....		100 —			
c. til vitans á Reykjanesi:					
1. til launa vitamannsins.....	1,200				
2. fyrir olíu	300				
3. — lampakveiki o.fl	100				
4. — steinkol.....	150				
5. til viðhalds á húsum og áhöldum	200				
6. eptirgjald eptir lóðina	30				
		1,980 —			
d. til vita á Skagatá:					
1. til vitamanns.....	400				
2. fyrir olíu.....	150				
3. — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum..	200				
5. til að byggja íbúðarhús handa vitamanni, allt að ..	1,500				
Vitamaður viðhaldi húsinu, enda skili því, þegar hann fer frá, í gildu standi eða með fullu álagi.					
		2,300 —			
e. til vita við Gróttu:					
1. til vitamanns.....	400				
2. fyrir olíu	150				
3. — lampakveiki o.fl.	50				
4. til viðhalds á húsi og áhöldum	160				
		760 —			
Flyt...		5,440 kr.	40,120	44,120	229,366 67

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.
Fluttar... 5,440 kr.	40,120	44,120	229,366 67
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð ..... 500 — Þar af 300 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.	5,940	4,440	
g. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	200	50	
h. til að undirbúa vitabygging fyrir Austurlandi, fyrra árið allt að	1,200		
8. Til að rannsaka hafnarstæði og lendingar við suðausturströnd landsins	600		
9. Til hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags.....	5,000		
10. Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði	1,000	1,000	
	54,060	49,610	103,670
Samtals.....	.....	.....	333,036 67

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 161,321 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	37,974	37,974	75,948
2. Styrkur til 16 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
Flyt...	37,974	37,974	75,948

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,974	37,974	75,948
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnesssýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum;			
i. til læknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum;			
n. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnesssýslu;			
o. til læknis í Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar-, Vindhælis-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum í Húnavatnssýslu;			
p. til læknis í Skriðdals-, Valla- og Fljótsdalshreppum, Fellahreppi fyrir ofan Þórleifará og Jökuldalshreppi fyrir ofan Gilsá;			
til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið.....	16,000	16,000	32,000
3. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Óræfinga	100	100	200
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar sjeu auglýstar hlutaðeigandi hreppsbúum með nægilegum fyrirvara.			
4. a. styrkur til augnlæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minnsta kosti einu sinni í mánuði.....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi, hvort árið allt að 300 kr.....	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði.....	1,000	1,000	2,000
6. Arsútgjöld við holdsveikraspítalann.....	5,125	20,500	25,625
7. Útgjöld við bólusetningar	500	500	1,000
8. Önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. — — —— á Ísafirði 400 —			
Flyt... 2,000 kr.	62,999	78,374	141,373

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2,000 kr.	62,999	78,374	141,373
d. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..... 24 —			
e. til náms yfirsetukvenna..... 2,000 —			
f. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 400 —			
	4,424	4,424	8,848
9. Styrkur til endurbyggingar spítalans á Akureyri	5,000		5,000
10. Styrkur til spítala á Seyðisfirði.....	1,200	400	1,600
11. Styrkur til spítalabyggingar á Patreksfirði 3000 kr. síðara árið ..... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að helmingi meira fje verði lagt til fyrirtækisins annarsstaðar frá.		3,000	3,000
12. Til undirbúnings landsspítala og sóttvarnarhúsa samkv. lögum 17. des. 1875 allt að 1500 kr.....	1,500		
Samtals.....	75,123	86,198	161,321

12. gr.

Til samgöngumála veitast 467,350 kr.:

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum..... 2,400 kr.			
b. handa póstafgreiðslumönnum ..... 6,700 —			
c. handa brjefhirðingamönnum ..... 4,500 —			
	13,600	13,600	
2. póstflutningur	38,000	38,000	
3. önnur útgjöld: 1898. kr. / 1899. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... 1,800 / 1,800			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um..... 200 / 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama..... 200 / 200			
d. fyrir prentun á ýmsu..... 800 / 800			
e. til áhalda ..... 1,200 / 1,200			
f. 1 brjefberi í Reykjavík ..... 50 / 50			
g. óviss gjöld ..... 200 / 200			
	4,450	4,450	
samtals...	56,050	56,050	112,100
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum við hinar stærri samgöngubætur:			
Flyt...	.....	.....	112,100

	1898. kr.	1899. kr.	alls. kr.
Fluttar...	.....	.....	112,100
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandskipum 500			
3,500	3,500	3,500	
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur allt að	1,500	1,500	
3. Til að ráða æfðan norskan verkfræðing (Ingeniör) til að kanna sumarið 1898 brúarstæði og gjöra teikningar og áætlun um kostnað við brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði og Hjeraðsvötnum hjá Ökrum, fyrra árið allt að	3,500		
4. Til flutningabrauta	27,000	18,000	
Þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð 14000 kr.			
5. Til þjóðvega	60,000	40,000	
Þar af til akfærs þjóðvegar milli Þjórsár og ytri Rangár allt að 30,000 kr. fyrra árið.			
6. Til fjallvega	5,000	5,000	
7. Styrkur til sýsluvega:			
a. Styrkur til sýsluvegagjörðar í Strandasýslu 5000 kr. fyrra árið	5,000		
b. Styrkur til sýsluvegagjörðar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 2000 kr. f. á.	2,000		
c. Styrkur til vegagjörðar á sýsluveginum frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu.....	2,000		
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum, að sýslubúar leggi til fje, er nemi að minnsta kosti helmingi styrksins, auk þess, er sýsluvegasjóður leggur til, og að fyrir vegalagningunni standi verkstjóri, er ráðinn sje með samþykki landshöfðingja.			
8. Styrkur til brúargjörðar á Bakkaá í Dalasýslu (— móts við 500 kr. tillag úr sýslusjóði og að minnsta kosti 500 kr. tillag frá einstökum mönnum—) fyrra árið 250 kr.	250		
9. Styrkur til brúargjörðar á Hörgá við Staðarhyl allt að	7,500		
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að sýslubúar leggi fram það fje, er þarf, til að fullgjöra brúna, og nemi að minnsta kosti $^1/_2$ alls kostnaðar við hana, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað.			
Samtals	117,250	68,000	185,250
Flyt.....	.....	.....	297,350

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
C. Fluttar...	.....	.....	297,350
1. Til gufuskipaferða, til hins sameinaða gufuskipafjelags fyrstu 2 ársborganir af 5 ára styrk, er þó má eigi vera hærri þrjú síðari árin en 50,000 kr. á ári	55,000	55,000	
Veitist með þeim skilyrðum, að fjelagið haldi uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra-Bretlands á hina, og umhverfis Ísland, þannig:			
I.			
1. Ferðir millilanda sjeu eigi færri en 16—18 hvert ár.			
2. Hringferðir á millilandaskipum sje gerðar frá 1. marz til 31. október, og auk þess ein ferð til Vestfjarða í janúar eða febrúar.			
3. Hringferðir þær skulu vera að minnsta kosti 6 kringum landið fram og aptur (= 12 ferðir).			
4. Í 3 hringferðunum fram og aptur skulu vera viðkomustaðir hinir sömu og í 7. og 12. ferðinni í frumvarpi til ferðaáætlunar, er fylgir stjórnarfrumvarpi til fjárlaga fyrir 1898 og 1899. — Tvær af þessum ferðum skulu vera önnur í marzmánuði og hin í októbermánuði. Í ferðunum til Vesturlandsins, sem skulu að minnsta kosti vera 3, skulu einnig vera sömu viðkomustaðir og í nefndu frumvarpi. Hinar aðrar hringferðir skulu vera hraðari, og skulu þá aðalviðkomustaðir vera í hverri ferð: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður, og mega skipin ekki koma við á fleiri stöðum auk þeirra en 3—5 til skiptis í hverri ferð.			
5. Fyrsta hringferð sje hafin 1. marz. Ein sje gerð um lok ágústmánaðar og framan af september og hin síðasta eptir miðjan október.			
II.			
1. Tveir strandbátar, yfirbyggðir, og nægilega stórir, eptir því sem stjórnin samþykkir, með farþegarúmi fyrir minnst 10—20 í 1. farrými og 30—40 í öðru farrými, gangi stöðugt kring um landið frá 15. apríl til 31. október, annar milli Reykjavíkur og Akureyrar austan um land, og hinn milli sömu staða vestan um land.			
2. Strandbátarnir sjeu settir í svo haganlegt samband við millilandaskipin, sem unnt er, helzt svo, að þeir í hverri ferð mæti einhverju þeirra í Reykjavík eða á einhverjum af hinum fjórum aðalviðkomustöðum.			
3. Viðkomustaðir strandbátanna sjeu þeir, er alþingi nánar tiltekur.			
4. Strandbátunum er skylt að flytja póstsendingar án sjerstaks endurgjalds; skal þeirra vitjað og þeim skilað á viðkomustöðum á kostnað útgerðarinnar.			
Flyt...	55,000	55,000	297,350

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	55,000	55,000	297,350

III.

1. Landsstjórnin samþykkir ferðaáætlun allra skipanna og sjer um að hún sje haldin.
2. Ferðunum sje hagað svo:
   a. Að alþingismenn geti komist til Reykjavíkur um lok júní, og þaðan aptur um mánaðamótin ágúst — september.
   b. Að skólapiltar komist heim úr skóla um byrjun júlímánaðar og til Reykjavíkur aptur um lok septbr.
   c. Að kaupafólk frá Suðurlandi fái fljóta ferð til Norðurlandsins í byrjun júlím. og þaðan aptur kring um 20. sept. Í þessum ferðum koma skipin við á Blönduós.
   d. Sjómenn fái fljóta ferð frá Reykjavík til Austurlandsins um 20. maí, og þaðan aptur til Reykjavíkur um 20. septbr.
3. Millilandaskipin komi ekki við í Færeyjum í 4 ferðum fram og aptur, þar á meðal í apríl og seinast í maí eða byrjun júní á leið frá Kaupmannahöfn, og seinast í ágúst eða í byrjun september og sömuleiðis í síðustu hringferð á leið frá Íslandi.
4. Farmeyrir og fargjald sje yfirleitt ekki hærra en nú með skipi eimskipsútgerðarinnar, og milli hafna með strandbátunum hjerumbil sama og er þetta ár með strandbátnum »Bremnæs«. Fargjald milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur verði sama og milli Stykkishólms og Reykjavíkur.
5. Farmeyrir og fargjald milli tveggja ákveðinna staða verði hið sama, þótt skipta verði um skip. — Þó verða farþegar þá að nota það skip, er fyrst fer til staðar þess, er ætlað er til.
6. Allt að 50 iðnaðar- og almúgamenn fái árlega í þeim ferðum, er fjelagið og stjórnin koma sjer saman um, ferðir milli landa í öðru farrými fram og aptur fyrir sama verð og annars er tekið fyrir aðra leið — gegn skírteini frá sýslumanni eða bæjarfógeta í því umdæmi, er þeir búa í.

	kr.			
2. Til gufubátaferða:				
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, allt að	7,500			
b. á Breiðafirði	2,500			
c. á Ísafjarðardjúpi	2,500			
		12,500	12,500	
Ferðaáætlun bátanna undir stafl. a. og b. samþykkir landshöfðingi eftir að hafa fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda. Styrkina undir staflið a. og b. má sameina um einn og sama gufubát.				
Flyt...		67,500	67,500	297,350

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	67,500	67,500	297,350
Styrkurinn undir staflið a—c greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, er vitja skal og skila á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds. Styrkurinn undir staflið c. greiðist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi bæjarstjórnar og sýslunefndar, og með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelag leggi til gufubátsferða $^1/_5$ á móti $^4/_5$ úr landssjóði.			
	67,500	67,500	135,000
D.			
Til frjettaþráðar milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af 20 ára tillagi, allt að	.....	35,000	35,000
samtals...	.....	.....	467,350

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 346,226 kr.

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,000	9,500	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum ...	2,000	2,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi.....	200	200	
5. bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum	200	200	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum...	3,000	3,000	
7. bráðabirgðaruppbót til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi.....	600	100	
8. styrkur til síra P. H. Hjálmarssonar á Helgastöðum í Suður-Þingeyjarsýslu til að byggja upp staðinn	750		
9. styrkur til síra Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn.....	300		
10. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
	24,650	23,600	48,250
Flyt...	.....	.....	48,250

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	.....	.....	48,250
B.					
Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a. laun			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum 1898 og 16 1899, 80 kr. handa hverjum.....	1898. 960 kr.	1899. 1,280 kr.			
2. námsstyrkur..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	800 —	1,000 —			
3. til tímakennslu.....	100 —	100 —			
4. til bókakaupa.....	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —			
6. til umsjónar.....	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld..	250 —	250 —			
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að.....	250 —	250 —	2,860	3,380	
			12,060	12,580	24,640
II. til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. námsstyrkur ..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,200 kr.	1,200 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	150 —	150 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	800 —	500 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 16 lærisveinum 80 kr. handa hverjum	1,280 —	1,280 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og ann-					
Flyt...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,890

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	3,830 kr.	3,530 kr.	3,200	3,200	72,890
ars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —			
			4,130	3,830	
			7,330	7,030	14,360
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
— fimleikakennaranum.....		700 —			
— dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		200 —	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bókasafns skólans	720 kr.	720 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,200 —	1,200 —			
3. til skólahússins utan og innan	7,500 —	1,400 —			
4. til tímakennslu	1,700 —	1,700 —			
5. námsstyrkur	5,000 —	5,000 —			
Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 —	720 —			
7. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
8. ýmisleg útgjöld	800 —	800 —			
9. fyrir prestsverk.....	48 —	48 —			
10. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu.....	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði.....	400 —	400 —			
11. til þess að gefa út kennslubækur handa lærða skólanum, 25 kr. fyrir örkina.....	600 —	600 —			
12. til áhalda við leikfimiskennslu.....	200 —	200 —			
13. styrkur handa leikfimiskennaranum til					
Flyt...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,700	21,700	87,250

			1898.	1899.	alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar...	19,188 kr.	13,088 kr.	21,700	21,700	87,250
þess að fullkomnast í kennslugrein sinni í Danmörku.....	500 —				
			19,688	13,088	
			41,388	34,788	
					76,176
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1898.	1899.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa.....	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
			2,000	2,000	
			8,600	8,600	
					17,200
V. til stýrimannaskólans:					
a. laun			2,500	3,000	
b. önnur útgjöld:					
1. til tímakennslu	1,000 kr.	1,000 kr.			
2. til áhaldakaupa o.fl ...	600 —	200 —			
3. til eldiviðar og ljósa ...	400 —	400 —			
4. til húsnæðis.....	200 —				
5. til að byggja skólahús...	20,000 —				
6. ýmisleg útgjöld	200 —	300 —			
7. þóknun til hins núverandi fasta kennara, fyrir undangenginn byggingarkostnað í þarfir skólans	600 —				
			23,000	1,900	
			25,500	4,900	
					30,400
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík ...	2,500 kr.				
þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.					
Flyt...	2,500 —				211,026

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar... 2,500 kr.	.....	.....	211,026
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ..... 1,200 —			
3. til kvennaskóla Eyfirðinga..... 1,200 —			
4. til kvennaskólans á Ytri-Ey og kvennaskóla Eyfirðinga ..... 2,000 — Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	6,900	6,900	
5. styrkur til að byggja kvennaskóla í Norðurlandi..... Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að kvennaskólarnir í Eyjafirði og Ytri-Ey sameinist.		10,000	
6. til húsmæðrakennaraskólans í Reykjavík 2,000 kr. fyrra árið	2,000		
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	5,500	5,500	
2. til sveitakennara allt að 80 kr. til hvers... Styrkur þessi veitist eptir tillögum stiptsyfirvaldanna.	5,500	5,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg...	2,500	2,500	
d. til kennaraefnaskólans	2,800	2,800	
e. til skólaiðnaðar-kennslu.....	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
h. til kennslu heyrnar- og málleysingja.....	5,000	5,000	
i. til sjera Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja...	150	150	
	32,150	40,150	
			72,300
Flyt...	.....	.....	283,326

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	283,326
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til sundkennslu annarsstaðar ..... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,200	1,200	2,400
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins:			
a. laun bókavarðar	1,500	1,500	
b. til aðstoðarmanns við bókasafnið	900	900	
c. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	3,000	3,000	
d. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
e. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins..... 500			
b. til amtsbókasafns Austuramtsins..... 400			
c. til amtsbókasafns Vesturamtsins..... 400			
	1,300	1,300	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.			
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,500	1,500	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni eða sem því svarar af registri.	500	500	
4. til Þjóðvinafjelagsins.....	750	750	
Flyt...	10,200	10,200	285,726

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	10,200	10,200	285,726
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
	1,400	1,400	
6. styrkur til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará	2,500		
Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að einstakir menn leggi fram að minnsta kosti jafnmikið fje til byggingarinnar, og að hún sje ætluð bæði fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn og að trygging sje fyrir viðhaldi og hirðing hússins.			
7. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið.....	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
8. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur sem við fyrsta bindið komi út með hverju bindi um leið og það er útkomið	800	800	
9. styrkur til kennara Dr. phil. Þorv. Thoroddsen til að halda áfram safni til jarðfræðislýsingar Íslands og til að undirbúa ritið 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
10. til fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
11. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	300	300	
12. til náttúrufræðisfjelagsins.....	500	500	
þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 100 kr. á ári			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.			
13. styrkur til eins manns til að nema dýralækningar.....	600	600	
14. styrkur til cand. mag. Boga Melsteð til þess að semja sögu Íslands	600	600	
15. til sjera Matthíasar Jochumssonar.....	600	600	
16. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
Flyt...	20,100	17,600	285,726

	1898.	1899.	alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	20,100	17,600	285,726
17. styrkur til cand. phil. Jóns Jónssonar til að rannsaka og rita um sögu Íslands á síðari tímum	600	600	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	800	800	
19. til bindindisfjelags kvenna »Hvítabandið«	100	100	
20. til rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	300	300	
21. til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók	500	500	
22. til kand. mag. Bjarna Sæmundssonar til fiskiveiðarannsókna	800	800	
23. styrkur til cand. mag. Helga Jónssonar til jurtafræðisrannsókna á Íslandi og til vísindaiðkana	1,000	1,000	
24. til Einars Jónssonar frá Galtafelli til að læra myndasmíði	600	600	
25. til Skúla Skúlasonar til að læra myndasmíði	600	600	
26. til Þórarins B. Þorlákssonar til að fullkomna sig í málara-íþrótt	600	600	
27. styrkur til Otta Guðmundssonar til þess að kynnast erlendum skipasmíðum	1,000		
28. styrkur til sjera Bjarna Þorsteinssonar til að safna og gefa út íslenzka þjóðsöngva	1,000		
29. styrkur til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomnast í hljóðfæralist erlendis	800		
30. styrkur til Björns Þorlákssonar á Álafossi til að kaupa nýjar vjelar. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að keyptar sjeu lókembivjel, lóskurðarvjel, dúkapressa og þófaravjel	1,000		
31. til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, til að fullkomna sig í iðn sinni	500	500	
Flyt...	30,300	24,000	285,726

	1898.	1899.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	30,300	24,000	285,726
32. Utanfararstyrkur til Bjarna Sæmundssonar, fiskifræðings, og annars manns eptir veitingu landshöfðingja, til að fara á fiskisýningu í Björgvin að sumri 500 kr. til hvors.....	1,000		
33. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar á Vöðlum, til að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins.....	300	300	
34. styrkur til tveggja manna til að fara á landbúnaðarsýningu í Björgvin að sumri, eptir veitingu landshöfðingja, 500 kr. til hvors.....	1,000		
35. til Jóns Ólafssonar fyrv. ritstjóra til ritstarfa...	1,200	1,200	
36. til kand. Magnúsar Magnússonar frá Cambridge fyrir að kenna ókeypis leikfimi í Reykjavík.....	600	600	
	34,400	26,100	60,500
samtals...	.....	.....	346,226

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fleira veitast 84,000 kr.; þar af til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar 500 kr. sem viðbót við eptirlaun hans, til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr., til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjóhnsen 300 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr., til fröken Sigríðar Arnadóttur 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 158,133 kr. 67 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr.

Af viðlagasjóði má verja allt að 30,000 kr. til pósthúsbyggingar úr steini í Reykjavík.

19. gr.

Stjórninni veitist heimild til að verja, á fjárhagstímabilinu, allt að 75,000 kr. til brúargjörðar á Lagarfljóti.

20. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

21. gr.

Ef

1. frv. til laga um að sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12000 kr. úr sýsluvegasjóði til flutningabrautar,
2. frv. til laga um eptirlaun,
3. frv. til laga um að umsjón og fjárhald nokkurra landsskjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur,
4. frv. til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878,
5. frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi o. fl.,
6. frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala,
7. frv. til laga um stofnun lagaskóla,
8. frv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum,
9. frv. til laga um brúargjörð á Örnólfsdalsá,
10. frv. til laga um skipun læknishjeraða á Íslandi,
11. frv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum,
12. frv. til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum,
13. frv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti í Þingeyjarsýslu,
14. frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, sem hvíla á Hólmaprestakalli í Suður-Múlaprófastsdæmi

öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30 þús. kr. lán hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, er veitast einkum þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Lán þessi veitast til 8 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun þarf eigi að greiða fyrstu 3 árin, en lánið borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum. Þau veitast að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í áreiðanlegri vátryggingu. Eigi má lána meira en 5000 kr. til hvers skips.

Úr viðlagasjóði má veita lán, allt að 9000 kr., til að kaupa gufubát til flutninga í Lagarfljótsós. Lánið veitist til 10 ára og ávaxtist með 3%. Afborgun greiðist ekki fyrsta árið, en lánið borgist að fullu á næstu 9 árum með jöfnum afborgunum. Það

veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar til veð í bátnum sjálfum, allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje hann í áreiðanlegri vátryggingu.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til ísgeymslufjelaga eða einstakra manna, er hafa byggt ísgeymsluhús. Lán þessi ávaxtist með 3% og sje hið fyrsta ár afborgunarlaus, en endurborgist síðan á 7 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði; telst þar á meðal veð í húsunum sjálfum ásamt sjálfskuldarábyrgð, og sje eigi lánað meira en 3000 kr. í hvern stað.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 30,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 15000 kr. til hvers; ávaxtist lán þetta með $3^1/_2$% og sje vaxta- og afborgunarlaust fyrsta árið, en endurborgist síðan á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja allt að 30,000 kr. til lánveitinga til sveitarfjelaga, þó ekki yfir 2000 kr. til hvers. Lán þessi ávaxtast með 3% árlega, og sje afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en borgist síðan á 15 árum. Lánum þessum sje enn fremur settir þessir skilmálar:

1. að lánsfjenu sje varið eingöngu til jarðabóta og sjeu þær samskonar og þær, sem styrktar eru af landssjóði.
2. að þeir, sem lánin taka fyrir milligöngu sveitarfjelaganna, verji hver um sig til jarðabóta fyrstu 5 árin sem lánið stendur auk lánsupphæðarinnar $^1/_3$ á móti henni.
3. nefndar jarðabætur sje samkvæmt vitnisburði skynbærra og óvilhallra manna hyggilega stofnaðar og vel unnar.
4. að landshöfðingja sje send þau skírteini, er hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að framannefndum skilmálum sje fullnægt.
5. sje einhverjum af skilmálum þessum ekki fullnægt, er lánið þegar að sama skapi fallið í gjalddaga.

Þannig samþykkt af sameinuðu alþingi.

Alþingi 26. ágúst 1897.

Ed. 577. **Ávarp til konungs**

(eins og það var samþykt við eina umr. í efri deild).

Allramildasti herra konungur!

Þá er Efri deild alþingis að þessu sinni lýkur störfum sínum, finnum vjer hjá oss innilega hvöt til að senda Yðvarri Hátign vort þegnsamlegasta ávarp.

Vjer erum sannfærðir um, að vjer mælum það eitt, er býr öllum Íslendingum í brjósti, þá er vjer fyrir hönd lands vors vottum Yðvarri Hátign lotningarfyllstu og hjartanlegustu þakkir fyrir hina ríkulegu hjálp, sem fyrir mildilega forgöngu Yðvarrar Hátignar og konunglegt örlæti Yðvart og Yðar konunglegu ættar hefir með svo hlýjum bróðurhug verið sent frá Danmörku til líknar og viðreisnar þeim löndum vorum, sem urðu fyrir tilfinnanlegu tjóni í hinum skæðu landskjálftum á næstliðnu sumri, og höfum vjer hjer, eins og svo optlega áður, sjeð órækan vott um landsföðurlega umhyggju Yðar Hátignar fyrir velfarnan þjóðar vorrar og Yðar konunglegu mildi oss til handa.

Mikillega hefir það hryggt oss, að Yðar Hátign hefir eigi sjeð sjer fært að taka til greina óskir alþingis um þær breytingar á stjórnarfyrirkomulagi landsins, sem vjer teljum oss nauðsynlegar. Oss hefir og þótt það miður fara, að tilraunir þær hafa að engu orðið, sem fram hafa komið á þessu þingi til að ná samkomulagi um hinar bráðnauðsynlegustu bætur á stjórnarhögum vorum.

En þótt frumvarp það í þessa átt, sem samþykkt var í vorri deild, fjelli með litlum atkvæðamun í neðri deild þingsins, þá ölum vjer þá öruggu von, að stjórn Yðar Hátignar muni eigi þar með láta þetta mikilvæga mál vera niður fallið, heldur sjái um, að það verði lagt fyrir næsta alþingi, eptir að þjóðinni hefir gefizt kostur á að láta álit sitt uppi, að hve miklu leyti hún vill sinna samkomulagstilraunum þeim, er fram hafa komið á þessu þingi.

Vjer fullitreystum því, að frumvarp það til breytinga á stjórnarskrá vorri, sem vjer dirfumst að gjöra oss örugga von um, að stjórn Yðv. Hátignar muni eptir boði Yðar leggja fyrir næsta alþingi, verði svo aðgengilegt oss til handa, sem framast er unnt.

Vjer biðjum algóðan Guð að halda sinni verndarhendi yfir Yðvarri Hátign og allri Yðar konunglegu ætt.

Sþ. 578. **Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1898—99.

Frá Sigurði Stefánssyni.

1. Við 12. gr. B. 3. Töluliðurinn falli burt.
2. Við 13. gr. C. 15. Töluliðurinn falli burt.